ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 62

30. árgangur

31.8.2023

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2023/EES/62/01 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 1

2023/EES/62/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1768 frá 23. júní 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði í því skyni að laga I., II., III. og IV. viðauka við hana að tækniframförum 115

2023/EES/62/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2086 frá 5. júlí 2021 um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við útfelldum fosfatsöltum og afleiðum sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur 131

2023/EES/62/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2087 frá 6. júlí 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við efniviðum úr varmaoxun og afleiðum sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur 141

2023/EES/62/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2088 frá 7. júlí 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við hitasundrunar- og gösunarefniviðum sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur 151

2023/EES/62/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1171 frá 22. mars 2022 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við endurheimtum efniviðum af miklum hreinleika sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur 160

2023/EES/62/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1519 frá 5. maí 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar kröfur sem gilda um ESB-áburðarvörur sem innihalda hamlandi efnasambönd og um eftirvinnslu meltu 170

2023/EES/62/08 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/973 frá 14. mars 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 með því að mæla fyrir um viðmiðanir varðandi jarðræktarlega skilvirkni og öryggi við notkun á aukaafurðum í ESB-áburðarvörur 181

2023/EES/62/09 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 186

2023/EES/62/10 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/897 frá 12. mars 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar að fella inn í I. viðauka áhættumiðaða sannprófun á því að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og framkvæma kröfur um umhverfisvernd 308

2023/EES/62/11 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi 336

2023/EES/62/12 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/570 frá 28. janúar 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar samræmingu á reglum um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 376

2023/EES/62/13 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/723 frá 4. mars 2020 um ítarlegar reglur að því er varðar viðurkenningu á vottun flugmanna í þriðja landi og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 382

2023/EES/62/14 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1058 frá 27. apríl 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 að því er varðar innleiðingu tveggja nýrra flokka ómannaðra loftfarskerfa 390

2023/EES/62/15 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1234 frá 9. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar skilyrði og verklagsreglur fyrir yfirlýsingu frá fyrirtækjum sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu 417

2023/EES/62/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1974 frá 14. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 433

2023/EES/62/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1975 frá 14. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar flugrekstrarkröfur um sviffflugur og rafrænar flugtöskur 485

2023/EES/62/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 496

2023/EES/62/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/27 frá 19. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeð-ferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 508

2023/EES/62/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/133 frá 28. janúar 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/640 að því er varðar innleiðingu á nýjum viðbótarlofthæfiforskriftum 534

2023/EES/62/21 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/430 frá 18. mars 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út 539

2023/EES/62/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara 541

2023/EES/62/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1170 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið 568

2023/EES/62/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi 571

2023/EES/62/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1384 frá 24. júlí 2019 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 965/2012 og (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar notkun loftfara, sem eru skráð á flugrekandaskírteini, í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni og í sérstakri starfrækslu, ákvörðun rekstrarlegra krafna í tengslum við framkvæmd reynsluflugs vegna viðhalds, ákvörðun reglna um starfrækslu sem er ekki í ábataskyni þar sem öryggis- og þjónustuliðum um borð hefur verið fækkað og innleiðingu ritstjórnarlegra uppfærslna varðandi kröfur um flugrekstur 676

2023/EES/62/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1387 frá 1. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um útreikninga á afkastagetu flugvélar við lendingu og viðmiðin til að meta ástand yfirborðs flugbrautar, uppfærslu á tilteknum búnaði og kröfum sem varða öryggi loftfara sem og starfrækslu án þess að hafa undir höndum fjarflugsleyfi 711

2023/EES/62/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1747 frá 15. október 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar kröfur fyrir tiltekin vottorð og flugliðaskírteini, reglur um þjálfunarfyrirtæki og lögbær yfirvöld 734

2023/EES/62/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2153 frá 16. desember 2019 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 319/2014 764

2023/EES/62/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/208 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið 794

2023/EES/62/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/270 frá 25. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar umbreytingarráðstafanir fyrir fyrirtæki sem annast áframhaldandi lofthæfi fyrir almannaflug ásamt stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og um leiðréttingu á þeirri reglugerð 796

2023/EES/62/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/357 frá 4. mars 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/395 að því er varðar flugmannsskírteini fyrir loftbelgi 818

2023/EES/62/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/358 frá 4. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 að því er varðar flugmannsskírteini fyrir svifflugur 841

2023/EES/62/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/359 frá 4. mars 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 866

2023/EES/62/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/639 frá 12. maí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsýn 893

2023/EES/62/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/746 frá 4. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn 924

2023/EES/62/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1159 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) nr. 2015/640 að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna 926

2023/EES/62/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1176 frá 7. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1387 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn 941

2023/EES/62/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/664 frá 22. apríl 2021 um regluramma fyrir U-rými 943

2023/EES/62/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/665 frá 22. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í U-rýmis loftrými sem afmarkað hefur verið innan flugstjórnarrýmis 966

2023/EES/62/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/666 frá 22. apríl 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar kröfur fyrir mannað flug í U-rýmis loftrými 969

2023/EES/62/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1296 frá 4. ágúst um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar og að því er varðar kröfur um stuðningsáætlanir og sálrænt mat á flugáhöfn sem og skimanir fyrir geðvirkum efnum 971

2023/EES/62/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2237 frá 15. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur varðandi starfrækslu í skertu skyggni og varðandi þjálfun og próf fyrir flugliða 995

2023/EES/62/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1177 frá 7. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/469 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn 1031

2023/EES/62/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/97 frá 28. janúar 2021 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) 2015/640 að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna 1033

2023/EES/62/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1874 frá 25. október 2021 um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) 2018/395 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi og af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir svifflugur 1039

2023/EES/62/46 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 frá 10. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar stjórnunarkerfi og tilkynningarkerfi um atvik, sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki eiga að koma á fót, sem og um verklagsreglur sem Flugöryggisstofnunin skal beita og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar 1041

2023/EES/62/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1253 frá 19. júlí 2022 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar undanþágur frá tilteknum kröfum sem innleiddar voru með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201 1075

2023/EES/62/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/700 frá 26. mars 2021 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar viðhaldsgögn og ísetningu tiltekinna loftfarsíhluta meðan á viðhaldi stendur 1077

2023/EES/62/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1963 frá 8. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi í viðhaldsfyrirtækjum og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar 1094

2023/EES/62/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1338 frá 11. ágúst 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og leiðir til skýrslugjafar á milli stofnana eða fyrirtækja, og kröfur um veðurþjónustu 1128

2023/EES/62/51 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1087 frá 7. apríl 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar uppfærslu tilvísana í ákvæði Chicago-samningsins 1169

2023/EES/62/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1166 frá 15. júlí 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun á þeirri dagsetningu sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsýn fjarflugmanns koma til framkvæmda 1171

2023/EES/62/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/425 frá 14. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun umbreytingardagsetninga vegna notkunar tiltekinna ómannaðra loftfarskerfa í „opna“ flokknum og frestun þeirrar dagsetningar sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsýn fjarflugmanns koma til framkvæmda 1173

2023/EES/62/54 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/525 frá 1. apríl 2022 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara 1175

2023/EES/62/55 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/851 frá 22. mars 2022 um leiðréttingu á portúgölsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi 1177

2023/EES/62/56 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/844 frá 30. maí 2022 um leiðréttingu á sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 1179

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1009 **2023/EES/62/01**

frá 5. júní 2019

um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skilyrðin fyrir því að bjóða áburð fram á innri markaðinum voru samræmd að hluta til með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ([3]) sem nær yfir svo til eingöngu áburð sem er unninn með námuvinnslu eða úr ólífrænum efniviðum sem eru framleiddir á efnafræðilegan hátt. Einnig er þörf á að nýta endurunna eða lífræna efniviði sem áburð. Setja ætti samræmd skilyrði fyrir því að bjóða áburð, sem er gerður úr þess háttar endurunnum eða lífrænum efniviðum, fram á öllum innri markaðinum til þess að veita mikilvæga hvata til frekari notkunar hans. Það að stuðla að aukinni notkun endurunninna næringarefna myndi styðja enn frekar við þróun hringrásarhagkerfisins og auðvelda auðlindanýtnari almenna notkun næringarefna um leið og dregið er úr þörf Sambandsins fyrir að treysta á næringarefni frá þriðju löndum. Því ætti að rýmka gildissvið samræmingarinnar til þess að hún nái yfir endurunna og lífræna efniviði.

2) Tilteknar vörur eru notaðar í samsetningu með áburði, í þeim tilgangi að bæta næringarnýtni, með þeim jákvæðu áhrifum að minnka magn áburðar sem notað er og þar með umhverfisáhrif hans. Til að greiða fyrir frjálsum flutningum á innri markaðinum ætti ekki einungis áburður, þ.e. vörur sem eru ætlaðar til að veita plöntum næringarefni, heldur einnig vörur sem eru ætlaðar til að bæta næringarnýtni plantna að falla undir samræminguna.

3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([4]) er mælt fyrir um reglur varðandi faggildingu samræmismatsstofa, um ramma fyrir markaðseftirlit með vörum og fyrir eftirlit með vörum frá þriðju löndum og þar er

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 389, 21.10.2016, bls. 80.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 21. maí 2019.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

einnig mælt fyrir um almennar meginreglur varðandi CE-merki. Sú reglugerð ætti að gilda um vörur sem falla undir þessa reglugerð til að tryggja að vörur sem njóta góðs af frjálsum vöruflutningum innan Sambandsins uppfylli kröfur sem veita öfluga vernd að því er varðar hagsmuni almennings, s.s. heilbrigði manna, dýra og plantna, öryggi og umhverfi.

4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([5]) er mælt fyrir um sameiginlegar meginreglur og viðmiðunarákvæði sem á að beita í sérlögum til að skapa samræmdan grunn fyrir endurskoðun eða endurútgáfu þeirra laga. Þess vegna ætti þessi reglugerð, sem er samin að því marki sem mögulegt er í samræmi við þessar sameiginlegu meginreglur og viðmiðunarákvæði, að koma í stað reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

5) Andstætt flestum öðrum vörusamræmingarráðstöfunum í lögum Sambandsins kemur reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ekki í veg fyrir að áburður, sem er ekki samræmdur, sé boðinn fram á innri markaðinum í samræmi við landslög og almennar reglur sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um frjálsa flutninga. Í ljósi mjög staðbundins eðlis tiltekinna vörumarkaða ætti þessi möguleiki að vera áfram fyrir hendi. Þess vegna ætti fylgni við samræmdar reglur áfram að vera valkvæð og ætti einungis að vera krafist fyrir vörur, sem eru ætlaðar til að veita plöntum næringarefni eða til að bæta næringarnýtni plantna, sem eru CE-merktar þegar þær eru boðnar fram á markaði. Því ætti þessi reglugerð ekki að gilda um vörur sem eru ekki CE-merktar þegar þær eru boðnar fram á markaði.

6) Mismunandi virkni vara gefur tilefni til mismunandi vöruöryggis- og gæðakrafna sem eru lagaðar að mismunandi fyrirhugaðri notkun þeirra. Því ætti að skipta ESB-áburðarvörum í mismunandi vöruvirkniflokka (e. *product function category*) sem hver um sig ætti að falla undir sérstakar kröfur um öryggi og gæði.

7) ESB-áburðarvara getur haft fleira en eina af þeirri virkni sem lýst er í vöruvirkniflokkunum sem settir eru fram í þessari reglugerð. Ef fullyrt er að einungis sé um eina af þessari virkni að ræða ætti að vera nóg að ESB-áburðarvaran uppfylli kröfurnar í þeim vöruvirkniflokki þar sem fullyrtu virkninni er lýst. Ef fullyrt er að um fleiri en eina af þessari virkni sé að ræða ætti á hinn bóginn að líta á ESB-áburðarvöruna sem blöndu tveggja eða fleiri efnisþátta ESB-áburðarvara og gera ætti kröfu um að hver þessara efnisþátta ESB-áburðarvaranna sé í samræmi við tilskilin ákvæði að því er varðar virkni hans. Því ætti sérstakur vöruvirkniflokkur að ná yfir slíkar blöndur.

8) Framleiðandi sem notar eina ESB-áburðarvöru eða fleiri, sem viðkomandi framleiðandi eða annar framleiðandi hefur þegar sett í samræmismat, gæti óskað eftir því að reiða sig á þetta samræmismat. Í þeim tilgangi að draga úr stjórnsýslualagi þannig að það verði í lágmarki ætti einnig að líta á ESB-áburðarvöruna, sem af þessu leiðir, sem blöndu af tveimur eða fleiri efnisþáttum ESB-áburðarvara og viðbótarkröfur um samræmi blöndunnar ættu að takmarkast við þá þætti sem blandan gefur tilefni til.

9) Mismunandi efnisþáttaefniviðir gefa tilefni til mismunandi framleiðslukrafna og eftirlitskerfa sem eru aðlöguð að mismunandi, mögulegri áhættusemi og breytileika. Því ætti að skipta efnisþáttaefniviðum ESB-áburðarvara í mismunandi flokka sem hver um sig ætti að falla undir sérstakar vinnslukröfur og eftirlitskerfi. Það ætti að vera unnt að bjóða ESB-áburðarvöru, sem er samsett úr nokkrum efnisþáttaefniviðum úr mismunandi efnisþáttaefniviðaflokkum, fram á markaði ef hver efniviður er í samræmi við kröfurnar í þeim flokki sem efniviðurinn tilheyrir.

10) Aðskotaefni í ESB-áburðarvörum, s.s. kadmíum, gætu skapað áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið þar eð þau safnast upp í umhverfinu og fara inn í fæðukeðjuna. Því ætti að takmarka innihald þeirra í slíkum vörum. Enn fremur ætti annaðhvort að koma í veg fyrir óhreinindi úr lífúrgangi í ESB-áburðarvörum, einkum fjölliður en einnig málm og gler, eða takmarka þau að því marki sem er tæknilega mögulegt með greiningu á slíkum óhreinindum í lífúrgangi, sem er safnað á aðskildan hátt, fyrir vinnslu.

11) Nokkur aðildarríki eru með landsákvæði fyrir hendi sem takmarka kadmíuminnihald í fosfatáburði af ástæðum sem varða vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Ef aðildarríki telur nauðsynlegt að viðhalda slíkum landsákvæðum eftir samþykkt samræmdra viðmiðunarmarka samkvæmt þessari reglugerð og þangað til þessi samræmdu

([5]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

viðmiðunarmörk eru jöfn eða lægri en landsbundnu viðmiðunarmörkin, sem eru þegar fyrir hendi, ætti aðildarríkið að tilkynna framkvæmdastjórninni um þau í samræmi við 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ef aðildarríki telur nauðsynlegt að innleiða ný landsákvæði, s.s. ákvæði sem takmarka kadmíuminnihald í fosfatáburði, á grundvelli nýrrar vísindaþekkingar sem varðar vernd umhverfisins eða vinnuumhverfis á grundvelli vandkvæða sem eru sértæk fyrir það aðildarríki og komu upp eftir samþykkt þessarar reglugerðar ætti aðildarríkið enn fremur, í samræmi við 5. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirhuguð ákvæði sem og um ástæðurnar fyrir innleiðingu þeirra. Í báðum tilvikum ætti framkvæmdastjórnin að sannreyna, í samræmi við 6. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hvort tilkynntu landsákvæðin eru leið til handahófskenndar mismununar, duldar hömlur á viðskipti eða hindrun á starfsemi innri markaðarins.

12) Í ljósi þeirrar staðreyndar að tiltekin aðildarríki hafa fengið undanþágur frá 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003, í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, í tengslum við kadmíuminnihald í áburði, m.a. af ástæðum sem varða vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið í tengslum við tiltekin jarðvegs- og loftslagsskilyrði sem eru ríkjandi í þessum aðildarríkjum og þar eð raunverulegar ástæður, sem leiddu til þess að framkvæmdastjórnin veitti þessar undanþágur, eru enn í gildi ættu þessi aðildarríki að geta haldið áfram að beita landsbundnum viðmiðunarmörkum sínum fyrir kadmíuminnihald þangað til samræmd viðmiðunarmörk fyrir kadmíuminnihald í fosfatáburði, sem eru jöfn eða lægri en þessi viðmiðunarmörk, taka gildi á vettvangi Sambandsins.

13) Til að greiða fyrir því að fosfatáburður sé í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og til að ýta undir nýsköpun ætti að veita fullnægjandi hvata til að þróa viðeigandi tækni, einkum tækni til að fjarlægja kadmíum, og til að stjórna kadmíumauðugum hættulegum úrgangi, í formi viðeigandi fjármagns s.s. það sem er aðgengilegt samkvæmt Horizon-Evrópu (e. *Horizon Europe*), fjárstuðningsvettvangi fyrir hringrásarhagkerfið (e. *Circular Economy Finance Support Platform*) eða gegnum Fjárfestingarbanka Evrópu. Þessir hvatar ættu að beinast að lausnum til að fjarlægja kadmíum sem eru fjárhagslega hagkvæmar á iðnaðarmælikvarða og gera það kleift að meðhöndla á viðeigandi hátt þann úrgang sem myndast.

14) Það ætti að vera heimilt að flytja ESB-áburðarvörur, sem eru í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð, frjálst á innri markaðinum. Ef einn eða fleiri efnisþáttaefniviðir eru afleidd afurð í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([6]) en eru komnir á þann stað í framleiðsluferlinu að handan við hann skapa þeir ekki lengur neina umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið (endapunktur í framleiðsluferlinu) myndi það hafa í för með sér óþarfa stjórnsýsluálag að láta vöruna falla áfram undir ákvæði þeirrar reglugerðar. Því ættu slíkar áburðarvörur að vera undanþegnar kröfunum í þeirri reglugerð. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1069/2009 til samræmis við það.

15) Að því er varðar hvern efnisþáttaefniviðaflokk, sem nær yfir afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ætti að ákveða endapunktinn í framleiðsluferlinu í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Ef slíkum endapunkti er náð áður en ESB-áburðarvara er sett á markað en eftir að framleiðsluferlið, sem reglur eru settar um í þessari reglugerð, er hafið ættu vinnslukröfurnar í bæði reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og þessari reglugerð að gilda í einu um ESB-áburðarvörurnar sem þýðir beitingu strangari kröfunnar í ef reglur eru settar um sömu breytuna í báðum reglugerðunum.

16) Afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem þegar er búið að setja á markað og nota sem lífrænan áburð og jarðvegsbæta í Sambandinu í samræmi við þá reglugerð, teljast vera hráefni sem lofa góðu til framleiðslu á nýstárlegum áburðarvörum í hringrásarhagkerfi. Um leið og endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður fyrir hverja afleidda afurð fyrir sig ætti að mega setja ESB-áburðarvörur, sem innihalda slíkar afleiddar afurðir í samræmi við þessa reglugerð, í frjálsan flutning á innri markaðinum án þess að þær falli undir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að inna af hendi, án ástæðulausrar tafar, fyrsta mat til að kanna hvort hægt er að ákvarða endapunkt í framleiðsluferlinu.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

17) Ef um er að ræða áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra, sem stafar frá áburðarvörum úr aukaafurðum úr dýrum, ætti að vera unnt að grípa til verndarráðstafana í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([7]) eins og þegar um er að ræða aðra flokka vara sem fengnar eru úr aukaafurðum úr dýrum.

18) Það að bjóða fram á markaði aukaafurð úr dýrum eða afleidda afurð í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem ekki er búið að ákvarða endapunkt fyrir í framleiðsluferlinu eða sem ákvarðaður endapunktur fyrir hefur ekki náðst þegar hún er boðin fram á markaði, fellur undir kröfurnar í þeirri reglugerð. Þess vegna væri það villandi að kveða á um CE-merki fyrir afurðina samkvæmt þessari reglugerð. Sérhver afurð sem inniheldur eða samanstendur af slíkri aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð ætti því að vera undanskilin gildissviði þessarar reglugerðar. Ómeðhöndlaðar aukaafurðir úr dýrum ættu ekki að falla undir þessa reglugerð.

19) Að því er varðar tiltekinn endurnýttan úrgang, s.s. strúvít, lífkol (e. *biochar*) og vörur, að stofni til úr ösku, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([8]), hefur komið í ljós eftirspurn á markaði varðandi notkun þeirra sem áburðarvörur. Enn fremur er nauðsynlegt að gera tilteknar kröfur vegna úrgangs sem er notaður sem ílag í endurnýtingu og vegna meðhöndlunarferla og -tækni, sem og vegna áburðarvara sem verða til eftir endurnýtinguna, til að tryggja að notkun þessara áburðarvara leiði ekki til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna í heild. Að því er varðar ESB-áburðarvörur ætti að mæla fyrir um þessar kröfur í þessari reglugerð. Þegar slíkar vörur hafa náð því að vera í samræmi við allar kröfurnar í þessari reglugerð ætti þar af leiðandi að hætta að líta á þær sem úrgang í skilningi tilskipunar 2008/98/EB og þar af leiðandi ætti að vera unnt að senda áburðarvörur, sem innihalda eða samanstanda af endurnýttum úrgangsefnum af þessu tagi, á innri markaðinn. Til að tryggja réttarvissu, nýta tækniþróun og örva enn frekar hvata meðal framleiðenda til að nota verðmæta úrgangsstrauma í meira mæli ættu vísindalegar greiningar og setning krafna á vettvangi Sambandsins um endurnýtingu slíkra vara að hefjast tafarlaust eftir að þessi reglugerð öðlast gildi. Til samræmis við það ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar að skilgreina, án óþarfa tafar, stærri flokka eða viðbótarflokka efnisþáttaefniviða sem uppfylla kröfur til notkunar í framleiðslu á ESB-áburðarvörum.

20) Sem stendur nota framleiðendur tilteknar aukaafurðir, í skilningi tilskipunar 2008/98/EB, sem efnisþætti í áburðarvörur eða vænta má að þær verði notaðar á nýjum mörkuðum í framtíðinni. Að því er varðar slíka efnisþætti ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur í aðskildum efnisþáttaefniviðaflokki í II. viðauka við þessa reglugerð.

21) Tiltekin efni og blöndur, sem eru sameiginlega nefnd latar, bæta næringarefnalosunarmynstur næringarefnis í áburði með því að tefja eða stöðva virkni tiltekinna hópa örvera eða ensíma. Að því er varðar lata sem eru boðnir fram á markaði í þeim tilgangi að bæta þeim í áburðarvörur ætti framleiðandinn að vera ábyrgur fyrir því að tryggja að þessir latar uppfylli tilteknar viðmiðanir um verkun. Þess vegna ætti að líta á þessa lata sem ESB-áburðarvörur samkvæmt þessari reglugerð. Enn fremur ættu ESB-áburðarvörur, sem innihalda slíka lata, að falla undir tilteknar virkni-, öryggis- og umhverfisviðmiðanir. Því ætti einnig að setja reglur um slíka lata sem efnisþáttaefniviði í ESB-áburðarvörur.

22) Tiltekin efni, blöndur og örverur, sem eru nefnd plöntulíförvar (e. *plant biostimulants*), eru sem slík ekki næringarefnaílag en engu að síður örva þau náttúrulega næringarvinnslu plantna. Ef slíkar vörur miða einungis að því að bæta næringarnýtni plantna, þol gegn álagi án tilstillis lífvera, gæðaeiginleika eða auka aðgengileika næringarefna sem eru innilokuð í jarðveginum eða rótarhvolfinu eru þær í eðli sínu líkari áburðarvörum en flestum flokkum plöntuverndarvara. Þau verka sem viðbót við áburð með það að markmiði að hámarka skilvirkni þessara áburða og draga úr umfangi næringarefnanotkunar. Því ættu slíkar vörur að uppfylla kröfur vegna CE-merkisins samkvæmt þessari reglugerð og vera undanskildar gildissviði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([9]). Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1107/2009 til samræmis við það.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

23) Vörur sem hafa fleiri en eina virkni og ein þeirra fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eru plöntuverndarvörur sem falla undir gildissvið þeirrar reglugerðar. Þessar vörur ættu að vera áfram undir því eftirliti sem þróað hefur verið fyrir slíkar vörur og kveðið er á um í þeirri reglugerð. Ef slíkar vörur hafa einnig virkni sem áburðarvara væri það villandi að kveða á um CE-merki fyrir þær samkvæmt þessari reglugerð því það að bjóða plöntuverndarvöru fram á markaði er háð leyfi fyrir vörunni sem er í gildi í hlutaðeigandi aðildarríki. Þess vegna ættu slíkar vörur að vera undanskildar gildissviði þessarar reglugerðar.

24) Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir beitingu á löggjöf Sambandsins sem fyrir er í tengslum við þætti sem varða vernd fyrir heilbrigði manna, dýra og plantna, öryggi og umhverfi sem fellur ekki undir þessa reglugerð. Þessi reglugerð ætti því að gilda með fyrirvara um tilskipun ráðsins 86/278/EBE ([10]), tilskipun ráðsins 89/391/EBE ([11]), tilskipun ráðsins 91/676/EBE ([12]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([13]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([14]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ([15]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ([16]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([17]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([18]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([19]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([20]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 ([21]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 ([22]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 ([23]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 ([24]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([25]).

([10]) Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjtíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6).

([11]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

([12]) Tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([18]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

([19]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna (Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1).

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 frá 22. október 2014 um að fyrirbyggja og stjórna aðflutningi og útbreiðslu ágengra, framandi tegunda (Stjtíð. ESB L 317, 4.11.2014, bls. 35).

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB (Stjtíð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4).

([24]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr landsbundinni losun á tilteknum loftmengunarefnum, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og niðurfellingu á tilskipun 2001/81/EB (Stjtíð ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1).

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

25) Í samræmi við viðtekna venju ætti að vísa til köfnunarefnis, fosfórs og kalíums sem „aðalnæringarefni“ og kalsíums, magnesíums, natríums og brennisteins sem „aukanæringarefni“. Í samræmi við viðtekna venju ætti einnig að vísa til áburðar sem „eingildur“ þegar hann inniheldur annaðhvort einungis eitt meginnæringarefni, óháð því hvort það er aðalnæringarefni eða aukanæringarefni, eða einungis eitt aðalnæringarefni í samsetningu með einu aukanæringarefni eða fleiri. Í samræmi við sömu venju ætti að vísa til áburðar sem „fjölgildur“ ef hann inniheldur annaðhvort fleira en eitt meginnæringarefni, óháð því hvort hann inniheldur einnig eitt eða fleiri aukanæringarefni, eða inniheldur engin aðalnæringarefni en fleiri en eitt aukanæringarefni.

26) Ef ESB-áburðarvara inniheldur efni eða blöndu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ætti að ákvarða öryggi innihaldsefna þeirra m.t.t. fyrirhugaðrar notkunar með skráningu samkvæmt þeirri reglugerð. Upplýsingakröfurnar ættu að tryggja að sýnt sé fram á öryggi fyrirhugaðrar notkunar á ESB-áburðarvöru á sambærilegan hátt og gert er með öðrum reglukerfum fyrir vörur sem ætlunin er að nota á ræktanlegan jarðveg eða nytjaplöntur, þ.e.a.s. landsbundinni áburðarlöggjöf aðildarríkjanna og reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Ef raunverulegt magn sem sett er á markað er minna en 10 tonn á hvert fyrirtæki á ári ættu upplýsingakröfurnar, sem eru ákvarðaðar með reglugerð (EB) nr. 1907/2006 vegna skráningar efna í magni sem nemur 10 til 100 tonnum, þar af leiðandi að gilda í sérstökum undantekningartilvikum sem skilyrði fyrir notkun í ESB-áburðarvörur. Þessar upplýsingakröfur ættu að gilda um þau efni sem eru í ESB-áburðarvörum í raun og veru en ekki um forefnin sem eru notuð við framleiðslu á þessum efnum. Ekki ætti að setja reglur um forefnin sjálf sem efnisþáttaefniviði, s.s. brennisteinssýru sem er notuð sem forefni við framleiðslu á eingildu súperfosfati, að því er varðar þessa reglugerð þar eð efnaöryggi verður betur tryggt með því að setja reglur um efnin, sem verða til úr forefnunum og eru í ESB-áburðarvörum í raun og veru, sem efnisþáttaefniviði. Sú skylda að fara að öllum kröfum fyrir efnisþáttaefniviðaflokk ætti því að gilda um þessi efni.

27) Ef raunverulegt magn efna í ESB-áburðarvörum, sem reglur eru settar um í þessari reglugerð, er meira en 100 tonn ættu kröfur um viðbótarupplýsingar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, að gilda beint í krafti þeirrar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti ekki heldur að hafa áhrif á beitingu annarra ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

28) Markaðsaðilar ættu að bera ábyrgð á því að ESB-áburðarvörur séu í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð, í samræmi við það hlutverk sem hver þeirra gegnir í aðfangakeðjunni, til að tryggja öfluga vernd varðandi þá þætti sem varða hagsmuni almennings og falla undir þessa reglugerð og einnig til að tryggja sanngjarna samkeppni á innri markaðinum. Hvenær sem það á við ættu framleiðendur og innflytjendur að inna af hendi prófun á sýni af ESB-áburðarvörum, sem þeir hafa boðið fram á markaði, til að vernda heilbrigði og öryggi neytenda og umhverfið.

29) Nauðsynlegt er að kveða á um skýra og hóflega dreifingu skuldbindinga sem samsvara hlutverki hvers markaðsaðila í aðfanga- og dreifingarkeðjunni.

30) Þar eð framleiðandinn býr yfir ítarlegri þekkingu á hönnunar- og framleiðsluferlinu er hann sá aðili sem hæfastur er til að framkvæma samræmismatsaðferðina. Samræmismat á ESB-áburðarvörum ætti því áfram að vera eingöngu skylda framleiðandans.

31) Nauðsynlegt er að tryggja að ESB-áburðarvörur frá þriðju löndum, sem koma inn á innri markaðinn, séu í samræmi við þessa reglugerð og einkum að framleiðendur hafi fylgt viðeigandi samræmismatsaðferð að því er varðar þessar ESB-áburðarvörur Því ætti að setja ákvæði um að innflytjendur fullvissi sig um að ESB-áburðarvörur, sem þeir setja á markað, séu í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og að þeir setji ekki ESB-áburðarvörur á markað sem eru ekki í samræmi við slíkar kröfur eða sem áhætta stafar af fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið Einnig ætti að setja ákvæði um að slíkir innflytjendur fullvissi sig um að samræmismatsaðferðum hafi verið fylgt og að merkingar á ESB-áburðarvörum og gögn, sem framleiðendur taka saman, séu aðgengileg lögbærum landsyfirvöldum til skoðunar.

32) Þegar innflytjendur setja ESB-áburðarvörur á markað ættu þeir að tilgreina á umbúðum ESB-áburðarvaranna nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við þá til að unnt sé að viðhafa markaðseftirlit.

33) Þar er dreifingaraðilar bjóða ESB-áburðarvöru fram á markaði eftir að framleiðandi eða innflytjandi setur hana á markað ættu þeir að gæta þess vandlega að tryggja að meðhöndlun þeirra á ESB-áburðarvörunum hafi ekki neikvæð áhrif á það að vörurnar séu í samræmi við þessa reglugerð.

34) Markaðsaðilar, sem annaðhvort setja ESB-áburðarvöru á markað undir eigin nafni eða vörumerki eða gera breytingar á ESB-áburðarvöru þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort varan sé í samræmi við þessa reglugerð, ættu að teljast vera framleiðendur og ættu að takast á hendur skyldur framleiðenda. Í öðrum tilvikum ættu markaðsaðilar, sem einungis pakka eða endurpakka ESB-áburðarvörum sem aðrir markaðsaðilar hafa þegar sett á markað, að geta fært sönnur á að fylgni við kröfurnar í þessari reglugerð hafi ekki orðið fyrir áhrifum með því að tilgreina deili á sér á umbúðunum og með því að halda eftir afriti af upphaflegum merkingarupplýsingum.

35) Þar eð dreifingaraðilar og innflytjendur eru nátengdir markaðinum ættu þeir að taka þátt í markaðseftirlitsverkefnum sem lögbær landsyfirvöld annast og ættu að vera skyldugir til að taka virkan þátt og láta þessum yfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar sem varða ESB-áburðarvöruna.

36) Ef rekjanleiki ESB-áburðarvara er tryggður í allri aðfangakeðjunni stuðlar það að einfaldara og skilvirkara markaðseftirliti. Skilvirkt rekjanleikakerfi auðveldar markaðseftirlitsyfirvöldum það verkefni að rekja markaðsaðila, sem bjóða fram ESB-áburðarvörur á markaði, sem uppfylla ekki kröfur. Þegar markaðsaðilar geyma þær upplýsingar sem krafist er til að sanngreina aðra markaðsaðila ættu þeir ekki að þurfa að uppfæra slíkar upplýsingar, að því er varðar aðra markaðsaðila sem hafa annaðhvort afhent þeim ESB-áburðarvöru eða sem þeir hafa afhent ESB-áburðarvöru, þar eð slíkar uppfærðar upplýsingar eru alla jafna ekki tiltækar fyrir þá.

37) Til að greiða fyrir mati á samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð er nauðsynlegt að kveða á um fyrirframætlað samræmi fyrir ESB-áburðarvörur sem eru í samræmi við samhæfða staðla sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([26]) eða sameiginlegar forskriftir sem eru samþykktar í samræmi við þessa reglugerð.

38) Til að gera markaðsaðilum kleift að sýna fram á og lögbærum yfirvöldum kleift að sannreyna að ESB-áburðarvörur, sem boðnar eru fram á markaði, séu í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð er nauðsynlegt að kveða á um samræmismatsaðferðir. Í ákvörðun nr. 768/2008/EB er kveðið á um aðferðareiningar fyrir samræmismatsaðferðir með misströngum aðferðum í samræmi við þá áhættu sem um er að ræða og það öryggisstig sem nauðsynlegt er. Til að tryggja samræmi milli einstakra geira og forðast að upp komi frávik við tilteknar aðstæður ætti að velja samræmismatsaðferðirnar úr þessum aðferðareiningum. Það ætti að vera unnt fyrir framleiðendur að velja strangari samræmismatsaðferð til að meta ESB-áburðarvöru, sem uppfyllir kröfur fyrir mildari samræmismatsaðferð, þar eð þetta gæti gert framleiðendum kleift að hagræða í stjórnsýslu sinni án þess að tefla samræmi ESB-áburðarvöru í tvísýnu. Enn fremur er nauðsynlegt að aðlaga aðferðareiningarnar sem komið var á með ákvörðun nr. 768/2008/EB til að endurspegla tiltekna þætti áburðarvara. Einkum er nauðsynlegt að styrkja gæðakerfin og þátttöku tilkynntra stofa í samræmismati á tilteknum ESB-áburðarvörum úr endurnýttum úrgangi.

39) Til að tryggja að köfnunarefnisríkur ammóníumnítratáburður ógni ekki öryggi og að slíkur áburður sé ekki notaður í öðrum tilgangi en þeim sem hann er ætlaður til, t.d. sem sprengiefni, ætti slíkur áburður að falla undir sértækar kröfur sem varða prófun á sprengiþoli og rekjanleika.

([26]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

40) Til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingum vegna markaðseftirlits ættu upplýsingarnar varðandi samræmi við allar gerðir Sambandsins, sem gilda um ESB-áburðarvörur, að vera tiltækar í formi einnar ESB-samræmisyfirlýsingar. Til að draga úr stjórnsýsluálagi á markaðsaðila ætti þessi eina ESB-samræmisyfirlýsing að geta verið málsskjöl sem eru sett saman úr viðeigandi, einstökum samræmisyfirlýsingum.

41) CE-merkið, sem sýnir að ESB-áburðarvörur eru í samræmi við þessa reglugerð, er sýnileg afleiðing af heilu samræmismatsferli í víðtækum skilningi. Almennar meginreglur sem gilda um CE-merkið og tengsl þess við aðrar merkingar eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Ef um er að ræða ESB-áburðarvörur ætti að mæla fyrir um sértækar reglur sem gilda um áfestingu CE-merkisins.

42) Tilteknar samræmismatsaðferðir, sem settar eru fram í þessari reglugerð, útheimta afskipti samræmismatsstofa sem aðildarríkin tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar.

43) Afar mikilvægt er að allar tilkynntar stofur sinni hlutverki sínu á sama stigi og við sanngjörn samkeppnisskilyrði. Því er nauðsynlegt að setja skyldubundnar kröfur sem gilda um samræmismatsstofur sem óska eftir að verða tilkynntar svo þær geti veitt samræmismatsþjónustu.

44) Ef samræmismatsstofa sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í samhæfðu stöðlunum, ætti hún að teljast uppfylla samsvarandi kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

45) Til þess að tryggja samræmt gæðastig við framkvæmd samræmismats á ESB-áburðarvörum er einnig nauðsynlegt að setja kröfur fyrir tilkynningaryfirvöld og aðrar stofur sem eiga hlutdeild í mati, tilkynningu og vöktun með tilkynntum stofum.

46) Faggildingarkerfið, sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008, ætti að vera viðbót við kerfið sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Þar eð faggilding er nauðsynleg aðferð til að sannprófa hæfni samræmismatsstofa ætti einnig að nota hana að því er varðar tilkynningar.

47) Vegna breytilegs eðlis tiltekinna efnisþáttaefniviða í ESB-áburðarvörum og mögulegs eðlis sumra þeirra skemmda, sem ganga ekki til baka, sem váhrif frá óhreinindum geta valdið á jarðveg og nytjaplöntur ætti gagnsæ faggilding, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, sem tryggir nægilegt traust á samræmisvottorðum fyrir ESB-áburðarvörur, að vera eina leiðin til að sýna fram á tæknilega færni samræmismatsstofa.

48) Samræmismatsstofur fá oft undirverktaka til að annast hluta starfsemi sinnar er tengist samræmismati eða nýta sér dótturfyrirtæki. Til að tryggja nauðsynlegt verndarstig fyrir ESB-áburðarvörur sem á að setja á markað er nauðsynlegt að undirverktakar og dótturfyrirtæki, sem annast samræmismat, uppfylli sömu kröfur og tilkynntar stofur með tilliti til framkvæmdar samræmismatsverkefna. Því er mikilvægt að mat á hæfni og frammistöðu hjá þeim stofum sem á að tilkynna og vöktun með þeim stofum sem þegar hafa verið tilkynntar taki einnig til starfsemi undirverktaka og dótturfyrirtækja.

49) Nauðsynlegt er að kveða á um skilvirka og gagnsæja málsmeðferð um tilkynningar og einkum að laga hana að nýrri tækni þannig að tilkynning geti farið fram rafrænt.

50) Þar eð sú þjónusta sem tilkynntar stofur í aðildarríki bjóða upp á getur varðað ESB-áburðarvörur, sem eru boðnar fram á markaði í öllu Sambandinu, þykir rétt að gefa öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni kost á að hreyfa andmælum gegn tilkynntri stofu. Því er mikilvægt að kveða á um tímabil þar sem leysa má úr öllum vafaatriðum eða áhyggjuefnum um hæfni samræmismatsstofa áður en þær hefja starfsemi sem tilkynntar stofur.

51) Af ástæðum sem varða auðveldari markaðsaðgang er brýnt að tilkynntar stofur beiti samræmismatsaðferðum án þess að skapa óþarfa byrði fyrir markaðsaðila. Af sömu ástæðum, og til að tryggja jafna meðferð á markaðsaðilum, verður að tryggja samræmi í tæknilegri beitingu samræmismatsaðferðanna. Því verður best náð fram með viðeigandi samræmingu og samstarfi milli tilkynntra stofa.

52) Til þess að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að skýra nánar að reglur um innra markaðseftirlit og eftirlit með vörum sem koma inn á innri markaðinn, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, gilda um ESB-áburðarvörur sem falla undir þessa reglugerð. Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin velji hvaða lögbæru yfirvöld eigi að framkvæma þessi verkefni.

53) Einungis ætti að setja ESB-áburðarvörur á markað ef þær eru nægilega skilvirkar og valda ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið þegar þær eru geymdar á réttan hátt og notaðar í þeim tilgangi sem þær eru ætlaðar eða við sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.e. þegar slík notkun kann að leiða af löglegu mannlegu atferli sem auðveldlega má sjá fyrir.

54) Í reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er kveðið á um verndarráðstafanameðferð sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að rannsaka hvort ráðstöfun aðildarríkis gegn EB-áburði, sem talið er að skapi áhættu, sé réttmæt. Til að auka gagnsæi og stytta ferlið er nauðsynlegt að bæta verndarráðstafanameðferðina sem nú er til staðar í því skyni að gera hana skilvirkari og nýta þá sérþekkingu sem er að finna í aðildarríkjunum.

55) Við núverandi kerfi ætti að bæta málsmeðferð þar sem hagsmunaaðilar eru upplýstir um ráðstafanir sem ætlunin er að grípa til að því er varðar ESB-áburðarvörur sem skapa áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið. Hún ætti einnig að gera markaðseftirlitsyfirvöldum kleift, í samstarfi við viðkomandi markaðsaðila, að bregðast snemma við að því er varðar slíkar ESB-áburðarvörur.

56) Skyldur markaðseftirlitsyfirvalda samkvæmt þessari reglugerð um að krefjast þess að markaðsaðilar geri aðgerðir til úrbóta ættu einungis að gilda um áburðarvörur sem bera CE-merkið þegar þær eru boðnar fram á markaði. Þessar skyldur ættu því ekki að hafa áhrif á hugsanlegan möguleika, sem fyrir er samkvæmt landslögum, um að heimila markaðsaðila að fjarlægja CE-merkið og setja vöruna löglega á markað sem vöru sem fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

57) Til að ná markmiðum þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, einkum á sviði framleiðslu á áburðarvörum úr aukaafurðum úr dýrum og á sviði endurnýtingar úrgangs sem og í landbúnaðargeiranum og matvælaiðnaði í landbúnaðargeiranum.

58) Tækniframfarir, sem lofa góðu, hafa orðið á sviði úrgangsendurvinnslu, s.s. endurvinnsla fosfórs úr skólpeðju og framleiðsla á áburðarvörum úr aukaafurðum úr dýrum, s.s. lífkolum. Það ætti að vera mögulegt að vörur sem innihalda eða samanstanda af slíkum efniviðum fái aðgang að innri markaðinum án ónauðsynlegrar tafar þegar framleiðsluferlin hafa verið greind á vísindalegan hátt og vinnslukröfur verið ákvarðaðar á vettvangi Sambandsins. Í þeim tilgangi ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar að skilgreina og koma fram með efnisþáttaefniviði til viðbótar sem uppfylla kröfur um notkun við framleiðslu á ESB-áburðarvörum og samsvarandi viðmiðunarmörk fyrir aðskotaefni í slíkum vörum. Þessi veiting valds ætti einungis að gilda að því marki sem réttlætanlegt er með tækniframförum sem verða eftir að þessi reglugerð er samþykkt og ekki í því skyni að breyta neinum þáttum þessarar reglugerðar ef nýjar sannanir fyrir slíkum framförum eru ekki fyrir hendi. Til þess að fullt tillit verði tekið til beinna og óbeinna áhrifa á öryggi matvæla og fóðurs og á umhverfið við innleiðingu nýrra viðmiðunarmarka fyrir aðskotaefni í ESB-áburðarvörum ætti að taka tillit til vísindalegra álita Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, Efnastofnunar Evrópu eða sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á, áður en ný viðmiðunarmörk fyrir aðskotaefni eru samþykkt. Að því er varðar afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 ætti einungis að rýmka efnisþáttaefniviðaflokka

eða bæta við þá að því marki að endapunkturinn í framleiðsluferlinu hafi verið ákvarðaður í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð þar eð afleiddar afurðir, sem slíkir endapunktar hafa ekki verið ákvarðaðir fyrir, eru í öllum tilvikum undanskildir gildissviði þessarar reglugerðar.

59) Þar eð örverur falla ekki undir skráningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða neinni annarri láréttri löggjöf Sambandsins þar sem þess er krafist að framleiðendur sýni fram á að fyrirhuguð notkun sé örugg ættu þær einungis að uppfylla kröfur sem efnisþáttaefniviðir í ESB-áburðarvörur að því marki að þær hafi verið sanngreindar á skýran hátt og studdar gögnum þar sem sýnt er fram á að notkun þeirra sé örugg og tilgreindar í tæmandi skrá sem er samþykkt á þeim grundvelli. Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar að bæta nýjum örverum við þessa tæmandi skrá á sama grundvelli.

60) ESB-áburðarvörur geta innihaldið aðrar fjölliður en næringarefnafjölliður. Þetta ætti þó að takmarkast við tilvik þar sem tilgangurinn með fjölliðunni er að stjórna losun næringarefna eða auka vatnsheldnigetu eða vætunarhæfni ESB-áburðarvöru. Það ætti að vera mögulegt að nýsköpunarvörur sem innihalda slíkar fjölliður fái aðgang að innri markaðinum. Til að lágmarka áhættu fyrir heilbrigði manna, öryggi eða umhverfið sem getur stafað af fjölliðum, öðrum en næringarefnafjölliðum, ætti að fastsetja viðmiðanir um lífbrjótanleika þeirra þannig að þær geti brotnað niður á eðlisrænan og líffræðilegan hátt. Í þeim tilgangi ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar að skilgreina viðmiðanir fyrir umbreytingu fjölliðukolefnis yfir í koltvísýring og tengda prófunaraðferð. Banna ætti fjölliður, sem eru ekki í samræmi við þessar viðmiðanir, eftir umbreytingartímabil.

61) Enn fremur ætti að vera unnt að bregðast tafarlaust við nýrri vísindaþekkingu og nýju áhættumati sem varðar heilbrigði manna, dýra eða plantna, öryggi eða umhverfið. Í þeim tilgangi ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að breyta kröfum sem gilda um mismunandi flokka ESB-áburðarvara.

62) Við samþykkt framseldra gerða samkvæmt þessari reglugerð er einkum mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([27]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða skal Evrópuþingið og ráðið taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

63) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja gerðir í því skyni að ákvarða hvort ráðstafanir sem aðildarríkin hafa gripið til, að því er varðar ESB-áburðarvörur sem uppfylla ekki kröfur, eru réttlætanlegar eða ekki. Þar eð slíkar gerðir koma til með að tengjast þeirri spurningu hvort landsráðstafanir eru réttlætanlegar ættu slíkar gerðir ekki að falla undir yfirráð aðildarríkjanna.

64) Til að tryggja enn frekar samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([28]).

65) Nota ætti ráðgjafarnefndarmeðferðina til að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem þörf er á að tilkynningaraðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta að því er varðar tilkynntar stofur sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur kröfurnar varðandi tilkynningu þeirra.

([27]) Stjtíð. ESB. L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([28]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

66) Nota ætti rannsóknarmálsmeðferðina til að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um samræmd skilyrði í sameiginlegum forskriftum til að koma kröfunum í þessari reglugerð til framkvæmda ásamt prófunum til að sannreyna samræmi ESB-áburðarvara ef samhæfðir staðlar hafa ekki verið samþykktir eða uppfylla ekki kröfurnar í þessari reglugerð eða ef um er að ræða ástæðulausar tafir í ferlinu við að samþykkja eða uppfæra þessa staðla, til að breyta eða fella niður sameiginlegar forskriftir þegar unnt er að rekja ósamræmi ESB-áburðarvara við kröfur til annmarka á þessum sameiginlegu forskriftum, til að ákvarða hvort landsráðstöfun, sem gripið er til að því er varðar ESB-áburðarvöru sem uppfyllir kröfur en veldur áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið, er réttlætanleg eða ekki.

67) Framkvæmdastjórnin ætti tafarlaust að samþykkja viðeigandi framkvæmdargerðir til að ákvarða hvort landsráðstöfun sem gripið er til að því er varðar ESB-áburðarvöru, sem uppfyllir kröfur, sem veldur áhættu er réttlætanleg eða ekki ef brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem varða vernd fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, öryggi eða umhverfið.

68) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og tryggja að reglunum sé framfylgt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

69) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tryggja öfluga umhverfisvernd og að nauðsynlegt er að taka tillit til nýrrar þróunar, sem byggist á vísindalegum staðreyndum, ætti framkvæmdastjórnin að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem inniheldur endurskoðun á viðmiðunarmörkum fyrir kadmíuminnihald.

70) Nauðsynlegt er að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag sem gerir það kleift að bjóða EB-áburð, sem var settur á markað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2003/2003, fram á markaði fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda án þess að þessar vörur þurfi að uppfylla frekari vörukröfur. Því ættu dreifingaraðilar að geta afhent EB-áburð, sem hefur verið settur á markað, þ.e.a.s. birgðir sem eru þegar í dreifingarkeðjunni, fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

71) Nauðsynlegt er að kveða á um nægan tíma fyrir markaðsaðila til að fara að skuldbindingum sínum samkvæmt þessari reglugerð og fyrir aðildarríkin til að setja upp stjórnskipulag sem er nauðsynlegt vegna beitingar hennar. Því ætti að fresta beitingu fram að þeim degi þegar raunhæft er að ætla að þessum undirbúningi sé lokið.

72) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja starfsemi innri markaðarins en tryggja um leið að ESB-áburðarvörur á markaði uppfylli kröfur þar sem kveðið er á um öfluga vernd fyrir heilbrigði manna, dýra og plantna, fyrir öryggi og fyrir umhverfið, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um ESB-áburðarvörur.

Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem falla undir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 þegar þær eru boðnar fram á markaði,

b) plöntuverndarvörur sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu eftirfarandi réttargerða:

a) tilskipun 86/278/EBE,

b) tilskipun 89/391/EBE,

c) tilskipun 91/676/EBE,

d) tilskipun 2000/60/EB,

e) tilskipun 2001/18/EB,

f) reglugerð (EB) nr. 852/2004,

g) reglugerð (EB) nr. 882/2004,

h) reglugerð (EB) nr. 1881/2006,

i) reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

j) reglugerð (EB) nr. 834/2007,

k) reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

l) reglugerð (ESB) nr. 98/2013,

m) reglugerð (ESB) nr. 1143/2014,

n) reglugerð (ESB) 2016/2031,

o) tilskipun (ESB) 2016/2284,

p) reglugerð (ESB) 2017/625.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „áburðarvara“: efni, blanda, örvera eða annað efni sem er borið á eða ætlað til að bera á plöntur eða rótarhvolf þeirra eða á sveppi eða jarðveginn umhverfis sveppina (e. *mycosphere*) eða ætlað til að mynda rótarhvolfið eða jarðveginn umhverfis sveppina, annaðhvort ein og sér eða blönduð með öðru efni, í þeim tilgangi að veita plöntum eða sveppum næringu eða bæta næringarnýtni þeirra,

2) „ESB-áburðarvara“: áburðarvara sem er með CE-merki þegar hún er boðin fram á markaði,

3) „efni“: efni eins og það er skilgreint í 1. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

4) „blanda“: blanda eins og hún er skilgreind í 2. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

5) „örvera“: örvera eins og hún er skilgreind í 15. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,

6) „vökvaform“: sviflausn eða lausn þar sem sviflausnin er tveggja fasa dreifilausn þar sem heilum ögnum er haldið í sviflausn í vökvafasanum og lausn er vökvi sem er laus við heilar agnir, eða hlaup, og þ.m.t. deig,

7) „fast form“: form sem einkennist af skorti á sveigjanleika og viðnámi gegn breytingum á lögun eða umfangi og þar sem frumeindirnar eru fasttengdar hver annarri, annaðhvort í reglubundna rúmfræðilega grind (kristölluð þurrefni) eða á óreglulegan máta (myndlaust fast efni),

8) „% miðað við massa“: hundraðshluti af massa allrar ESB-áburðarvöru í því formi sem hún er boðin fram á markaði,

9) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending ESB-áburðarvöru til dreifingar eða notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

10) „setning á markað“: það að ESB-áburðarvara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

11) „framleiðandi“: sérhver einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir ESB-áburðarvöru eða lætur framleiða eða hanna ESB-áburðarvöru og setur þá ESB-áburðarvöru á markað undir sínu nafni eða vörumerki,

12) „viðurkenndur fulltrúi“: sérhver einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hönd hans eða hennar í tengslum við tilgreind verkefni,

13) „innflytjandi“: sérhver einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur ESB-áburðarvöru frá þriðja landi á markað Sambandsins,

14) „dreifingaraðili“: sérhver einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður ESB-áburðarvöru fram á markaði,

15) „markaðsaðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili,

16) „tækniforskrift“: skjal þar sem mælt er fyrir um tæknilegar kröfur sem ESB-áburðarvara, framleiðsluferli hennar eða aðferðir við sýnatöku úr henni og greiningu eiga að uppfylla,

17) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

18) „faggilding“: faggilding eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

19) „faggildingarstofa í aðildarríki“: faggildingarstofa í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

20) „samræmismat“: ferli sem sýnir fram á hvort kröfurnar í þessari reglugerð í tengslum við ESB-áburðarvöru hafi verið uppfylltar,

21) „samræmismatsstofa“: stofa sem annast samræmismat, þ.m.t. prófun, vottun og eftirlit,

22) „innköllun“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að ESB-áburðarvöru, sem hefur þegar verið boðin endanlegum notanda, sé skilað til baka,

23) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að ESB-áburðarvara í aðfangakeðjunni sé boðin fram á markaði,

24) „samhæfingarlöggjöf Sambandsins“: öll löggjöf Sambandsins þar sem skilyrði fyrir markaðssetningu á vörum eru samræmd,

25) „CE-merkið“: merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að ESB-áburðarvaran sé í samræmi við gildandi kröfur sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins.

3. gr.

Frjáls flutningur

1. Aðildarríki skulu ekki hindra að ESB-áburðarvörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, séu boðnar fram á markaði af ástæðum sem varða samsetningu, merkingu eða aðra þætti sem falla undir þessa reglugerð.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er aðildarríki sem nýtur hinn 14. júlí 2019 góðs af undanþágu frá 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003, í tengslum við kadmíuminnihald í áburði, sem var veitt í samræmi við 4. mgr. 144. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, heimilt að halda áfram að beita landsbundnum viðmiðunarmörkum fyrir kadmíuminnihald í áburði, sem eru í gildi í því aðildarríki 14. júlí 2019, að því er varðar ESB-áburðarvörur þangað til samræmd viðmiðunarmörk fyrir kadmíuminnihald í fosfatáburði, sem eru jöfn eða lægri en viðmiðunarmörkin sem gilda í hlutaðeigandi aðildarríki 14. júlí 2019, hafa tekið gildi á vettvangi Sambandsins.

3. Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða samþykki ákvæði, sem eru í samræmi við sáttmálana, í þeim tilgangi að vernda heilbrigði manna og umhverfið að því er varðar notkun á ESB-áburðarvörum að því tilskildu að þessi ákvæði útheimti ekki breytingar á ESB-áburðarvörum sem eru í samræmi við þessa reglugerð og hafi ekki áhrif á skilyrðin fyrir því að bjóða þær fram á markaði.

4. gr.

Vörukröfur

1. ESB-áburðarvara skal:

a) uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka fyrir viðkomandi vöruvirkniflokk,

b) uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka fyrir viðkomandi efnisþáttaefniviðaflokk eða -flokka og

c) merkt í samræmi við kröfur um merkingar sem settar eru fram í III. viðauka.

2. ESB-áburðarvörur skulu ekki valda áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið að því er varðar einhverja þætti sem falla ekki undir I. eða II. viðauka.

3. Eigi síðar en 16. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin birta leiðbeiningarskjal fyrir framleiðendur og markaðseftirlitsyfirvöld með skýrum upplýsingum og dæmum varðandi útlit merkimiðans sem um getur í III. viðauka.

5. gr.

Að bjóða fram á markaði

ESB-áburðarvörur skulu einungis boðnar fram á markaði ef þær eru í samræmi við þessa reglugerð.

II. KAFLI

SKYLDUR MARKAÐSAÐILA

6. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Þegar ESB-áburðarvörur eru settar á markað skulu framleiðendur tryggja að þær hafi verið hannaðar og framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í I. og II. viðauka.

2. Áður en ESB-áburðarvörur eru settar á markað skulu framleiðendur útbúa tæknigögn og framkvæma viðeigandi samræmismatsaðferð, sem um getur í 15. gr., eða láta framkvæma hana.

Ef sýnt hefur verið fram á með þessari samræmismatsaðferð að ESB-áburðarvara uppfylli viðeigandi kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu framleiðendur gera ESB-samræmisyfirlýsingu og festa CE-merkið á.

3. Framleiðendur skulu varðveita tæknigögnin og ESB-samræmisyfirlýsinguna í 5 ár eftir að ESB-áburðarvaran, sem fellur undir þessi gögn, hefur verið sett á markað.

Sé þess óskað skulu framleiðendur gera afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni aðgengilegt fyrir aðra markaðsaðila.

4. Framleiðendur skulu tryggja að aðferðir séu fyrir hendi til að ESB-áburðarvörur, sem eru hluti af raðframleiðslu, haldist í samræmi við þessa reglugerð. Taka skal nægilegt tillit til breytinga á framleiðsluferlinu eða á eiginleikum þessara ESB-áburðarvara og breytinga á samhæfðum stöðlum, sameiginlegum forskriftum, sem um getur í 14. gr., eða öðrum tækniforskriftum sem lýst er yfir að liggi til grundvallar samræmi ESB-áburðarvöru eða sem eru notuð til að sannreyna samræmi hennar.

Þegar það er talið viðeigandi, að því er varðar nothæfi ESB-áburðarvöru eða áhættu sem stafar af henni, skulu framleiðendur inna af hendi prófun á sýni af slíkum ESB-áburðarvörum sem eru boðnar fram á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, yfir ESB-áburðarvörur sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði og yfir innköllun slíkra ESB-áburðarvara og skulu halda dreifingaraðilum upplýstum um alla slíka vöktun.

5. Framleiðendur skulu tryggja að umbúðir ESB-áburðarvara, sem þeir hafa sett á markað, beri tegundarnúmer, framleiðslulotunúmer eða annars konar upplýsingar sem gera það kleift að sanngreina þær eða, ef ESB-áburðarvörur eru afhentar án umbúða, að tilskildar upplýsingar séu veittar í skjali sem fylgir hverri áburðarvöru.

6. Framleiðendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hægt er að hafa samband við þá, á umbúðum ESB-áburðarvörunnar eða, ef ESB-áburðarvaran er afhent án umbúða, í skjali sem fylgir ESB-áburðarvörunni. Heimilisfangið skal vera heimilisfang eins tiltekins staðar þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann. Slíkar upplýsingar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld og þær skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.

7. Framleiðendur skulu tryggja að með ESB-áburðarvörum fylgi þær upplýsingar sem krafist er skv III. viðauka. Ef ESB-áburðarvara er afhent í pakkningu skulu upplýsingarnar koma fram á merkimiða sem er festur á pakkninguna. Ef pakkningin er of lítil til að rúma allar upplýsingarnar skulu upplýsingar, sem ekki er hægt að gefa á merkimiðanum, látnar í té í aðskildum bæklingi sem fylgir pakkningunni Líta skal á slíkan bækling sem hluta af merkimiðanum. Ef ESB-áburðarvara er afhent án umbúða skal veita allar upplýsingar í bæklingi. Merkimiðinn og bæklingurinn skulu vera aðgengilegir til skoðunar þegar ESB-áburðarvara er boðin fram á markaði. Upplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem endanlegir notendur eiga auðvelt með að skilja, eins og hlutaðeigandi aðildarríki ákvarðar, og þær skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.

8. Framleiðendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara, sem þeir hafa sett á markað, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að ESB-áburðarvaran verði í samræmi við kröfur, taka hana af markaði eða innkalla hana, eins og við á. Ef framleiðendur telja eða hafa ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara, sem þeir hafa sett á markað, valdi áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið skulu þeir enn fremur upplýsa lögbær landsyfirvöld í aðildarríkjunum, þar sem þeir bjóða ESB-áburðarvöruna fram á markaði, um það án tafar og einkum veita nánari upplýsingar um ósamræmi við kröfur og um allar aðgerðir til úrbóta sem gripið hefur verið til.

9. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ESB-áburðarvaran sé í samræmi við þessa reglugerð, á tungumáli sem yfirvaldið á auðvelt með að skilja. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gerðar eru til að útiloka áhættu sem stafar af ESB-áburðarvöru sem þeir hafa sett á markað.

7. gr.

Viðurkenndur fulltrúi

1. Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði.

Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr., og skyldan um að útbúa tæknigögn, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., eru ekki hluti af umboði viðurkennda fulltrúans.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa viðurkennda fulltrúanum heimild til:

a) að varðveita ESB-samræmisyfirlýsinguna og tæknigögnin svo þau séu tiltæk fyrir landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvaran, sem fellur undir þessi gögn, hefur verið sett á markað,

b) að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ESB-áburðarvaran sé í samræmi við tilskilin ákvæði,

c) að hafa samvinnu við lögbær landsyfirvöld, að beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem gerðar eru til að útiloka áhættu sem stafar af ESB-áburðarvörum sem falla undir umboð viðurkennda fulltrúans.

8. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu einungis setja ESB-áburðarvörur, sem uppfylla kröfur, á markað.

2. Áður en ESB-áburðarvara er sett á markað skulu innflytjendur tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt viðeigandi samræmismatsaðferð sem um getur í 15. gr. Þeir skulu tryggja að framleiðandinn hafi útbúið tæknigögn, að ESB-áburðarvörunni fylgi þau skjöl sem krafist er og að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr.

Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skal innflytjandinn ekki setja ESB-áburðarvöruna á markað fyrr en hún hefur verið færð til samræmis við kröfur. Ef ESB-áburðarvara veldur áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið skal innflytjandinn enn fremur upplýsa framleiðandann og markaðseftirlitsyfirvöldin um það.

3. Innflytjendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hægt er að hafa samband við þá, á umbúðum ESB-áburðarvörunnar eða, ef ESB-áburðarvaran er afhent án umbúða, í skjali sem fylgir ESB-áburðarvörunni. Samskiptaupplýsingar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

4. Innflytjendur skulu tryggja að með ESB-áburðarvörum fylgi þær upplýsingar sem krafist er skv. III. viðauka. Ef ESB-áburðarvara er afhent í pakkningu skulu upplýsingarnar koma fram á merkimiða sem er festur á pakkninguna. Ef pakkningin er of lítil til að rúma allar upplýsingarnar skulu upplýsingar, sem ekki er hægt að gefa á merkimiðanum, látnar í té í aðskildum bæklingi sem fylgir pakkningunni Líta skal á slíkan bækling sem hluta af merkimiðanum. Ef ESB-áburðarvara er afhent án

umbúða skal veita allar upplýsingar í bæklingi. Merkimiðinn og bæklingurinn skulu vera aðgengilegir til skoðunar þegar ESB-áburðarvara er boðin fram á markaði. Upplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem endanlegir notendur eiga auðvelt með að skilja, eins og hlutaðeigandi aðildarríki ákvarðar.

5. Innflytjendur skulu tryggja að á meðan ESB-áburðarvara er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í I. eða III. viðauka.

6. Þegar það er talið viðeigandi, að því er varðar nothæfi ESB-áburðarvöru eða áhættu sem stafar af henni, skulu innflytjendur inna af hendi prófun á sýni af slíkum ESB-áburðarvörum sem eru boðnar fram á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, yfir ESB-áburðarvörur sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði og yfir innköllun slíkra ESB-áburðarvara og skulu halda dreifingaraðilum upplýstum um alla slíka vöktun.

7. Innflytjendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara, sem þeir hafa sett á markað, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að ESB-áburðarvaran verði í samræmi við kröfur, til að taka hana af markaði eða innkalla hana, eins og við á. Ef innflytjendur telja eða hafa ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara, sem þeir hafa sett á markað, valdi áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið skulu þeir enn fremur upplýsa lögbær landsyfirvöld í aðildarríkjunum, þar sem þeir bjóða ESB-áburðarvöruna fram á markaði, um það án tafar og einkum veita nánari upplýsingar um ósamræmi við kröfur og um allar aðgerðir til úrbóta sem gripið hefur verið til.

8. Innflytjendur skulu varðveita afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni í 5 ár eftir að ESB-áburðarvara hefur verið sett á markað, hafa það tiltækt fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og tryggja að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

Innflytjendur skulu gera afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni aðgengilegt fyrir aðra markaðsaðila, sé þess óskað.

9. Innflytjendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða rafrænu formi, sem eru nauðsynleg til að sýna fram á að ESB-áburðarvaran sé í samræmi við þessa reglugerð, á tungumáli sem yfirvaldið á auðvelt með að skilja. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gerðar eru til að útiloka áhættu sem stafar af ESB-áburðarvöru sem þeir hafa sett á markað.

9. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Þegar ESB-áburðarvara er boðin fram á markaði skulu dreifingaraðilar gæta þess vandlega að kröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar.

2. Áður en ESB-áburðarvara er boðin fram á markaði skulu dreifingaraðilar sannreyna að henni fylgi þau skjöl sem krafist er, þ.m.t. upplýsingarnar sem um getur í 7. mgr. 6. gr. eða 4. mgr. 8. gr., á þann hátt sem þar er tilgreindur, á tungumáli sem endanlegir notendur í aðildarríkinu, þar sem bjóða á ESB-áburðarvöruna fram á markaði, eiga auðvelt með að skilja og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr. annars vegar og 3. mgr. 8. gr. hins vegar.

Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skal dreifingaraðilinn ekki bjóða ESB-áburðarvöruna fram á markaði fyrr en hún hefur verið færð til samræmis við kröfur. Ef ESB-áburðarvara veldur áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið skal dreifingaraðilinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann um það sem og markaðseftirlitsyfirvöld.

3. Dreifingaraðilar skulu tryggja að á meðan ESB-áburðarvara er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í I. eða III. viðauka.

4. Dreifingaraðilar sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að ESB-áburðarvaran verði í samræmi við kröfur, til að taka hana af markaði eða innkalla hana, eins og við á. Ef dreifingaraðilar telja eða hafa ástæðu til að ætla að ESB-áburðarvara, sem þeir hafa boðið fram á markaði, valdi áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið skulu þeir enn fremur upplýsa lögbær landsyfirvöld í aðildarríkjunum, þar sem þeir bjóða ESB-áburðarvöruna fram á markaði, um það án tafar og einkum veita nánari upplýsingar um ósamræmi við kröfur og um allar aðgerðir til úrbóta sem gripið hefur verið til.

5. Dreifingaraðilar skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða á rafrænu formi, sem eru nauðsynleg til að sýna fram á að ESB-áburðarvaran sé í samræmi við þessa reglugerð. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gerðar eru til að útiloka áhættu sem stafar af ESB-áburðarvörum sem þeir hafa boðið fram á markaði.

10. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Að því er varðar þessa reglugerð telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og hann skal gegna sömu skyldum og framleiðandi skv. 6. gr. þegar hann setur ESB-áburðarvöru á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á ESB-áburðarvöru, sem þegar hefur verið sett á markað, þannig að breytingarnar kunna að hafa áhrif á það hvort hún er í samræmi við þessa reglugerð.

11. gr.

Pökkun og endurpökkun innflytjenda og dreifingaraðila

Ef innflytjandi eða dreifingaraðili pakkar eða endurpakkar ESB-áburðarvöru og telst ekki vera framleiðandi skv. 10. gr. skal innflytjandinn eða dreifingaraðilinn:

a) tryggja að á umbúðunum sé nafn hans eða hennar, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, á eftir orðunum „pökkunaraðili“ eða „endurpökkunaraðili“ og

b) varðveita sýnishorn af upprunalegu upplýsingunum, sem um getur í 7. mgr. 6. gr. eða 4. mgr. 8. gr., og hafa það tiltækt fyrir markaðseftirlitsyfirvöld í 5 ár eftir að hann býður ESB-áburðarvöruna fram á markaði.

12. gr.

Sanngreining markaðsaðila

1. Markaðsaðilar skulu, sé þess óskað, greina markaðseftirlitsyfirvöldum frá eftirfarandi:

a) öllum markaðsaðilum sem hafa afhent þeim ESB-áburðarvöru,

b) öllum markaðsaðilum sem þeir hafa afhent ESB-áburðarvöru.

2. Markaðsaðilar skulu geta lagt fram upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, í 5 ár eftir að þeim hefur verið afhent ESB-áburðarvara og í 5 ár eftir að þeir hafa afhent ESB-áburðarvöru.

III. KAFLI

SAMRÆMI ESB-ÁBURÐARVARA

13. gr.

Fyrirframætlað samræmi

1. Gera skal ráð fyrir því að ESB-áburðarvörur, sem eru í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra, sem tilvísanir í hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, séu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í I., II. og III. viðauka sem falla undir þessa staðla eða hluta þeirra.

2. Prófanir til að sannreyna samræmi ESB-áburðarvara við kröfurnar, sem settar eru fram í I., II. og III. viðauka, skulu framkvæmdar á áreiðanlegan og samanburðarnákvæman hátt. Gera skal ráð fyrir því að prófanir, sem eru í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra, sem tilvísanir í hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, séu áreiðanlegar og samanburðarnákvæmar að því marki sem prófanirnar falla undir þessa staðla eða hluta þeirra.

14. gr.

Sameiginlegar forskriftir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdagerðir þar sem mælt er fyrir um sameiginlegar forskriftir varðandi kröfurnar sem settar eru fram í I., II. eða III. viðauka eða prófanirnar sem um getur í 2. mgr. 13. gr. ef:

a) þessar kröfur eða prófanir falla ekki undir samhæfða staðla eða hluta þeirra, sem tilvísanir í hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*,

b) framkvæmdastjórnin tekur eftir ástæðulausum töfum við samþykkt umbeðinna samhæfðra staðla eða

c) framkvæmdastjórnin hefur ákveðið, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012, að viðhalda með takmörkunum eða afturkalla tilvísanir í samhæfða staðla eða hluta þeirra sem þessar kröfur eða prófanir falla undir.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

2. Gera skal ráð fyrir því að ESB-áburðarvörur, sem eru í samræmi við sameiginlegar forskriftir eða hluta þeirra, séu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í I., II. og III. viðauka sem falla undir þessar sameiginlegu forskriftir eða hluta þeirra.

3. Gera skal ráð fyrir því að prófanir til að sannreyna að ESB-áburðarvörur séu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í I., II. og III. viðauka, sem eru í samræmi við sameiginlegar forskriftir eða hluta þeirra, séu áreiðanlegar og samanburðarnákvæmar að því marki að prófanirnar falla undir þessar sameiginlegu forskriftir eða hluta þeirra.

15. gr.

Samræmismatsaðferðir

1. Mat á samræmi á ESB-áburðarvöru við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal framkvæmt samkvæmt viðeigandi samræmismatsaðferð í samræmi við IV. viðauka.

2. Skrár og bréfaskipti sem varða samræmismatsaðferðir skulu unnin á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem tilkynnta stofan sem framkvæmir samræmismatsaðferðirnar hefur staðfestu eða á tungumáli sem viðkomandi stofa samþykkir.

16. gr.

ESB-samræmisyfirlýsing

1. ESB-samræmisyfirlýsingin skal vera yfirlýsing um að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, hafi verið uppfylltar.

2. ESB-samræmisyfirlýsingin skal byggð upp eins og fyrirmyndin, sem sett er fram í V. viðauka, innihalda þá þætti sem eru tilgreindir í viðeigandi aðferðareiningum í IV. viðauka og skal stöðugt uppfærð. Hún skal þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem ESB-áburðarvaran er sett á markað eða boðin fram á markaði, gerir kröfu um.

3. Þegar ESB-áburðarvara fellur undir fleiri en eina gerð Sambandsins þar sem krafist er ESB-samræmisyfirlýsingar skal gera eina ESB-samræmisyfirlýsingu að því er varðar allar slíkar gerðir Sambandsins. Í þeirri yfirlýsingu skal tilgreina viðkomandi gerðir Sambandsins og tilvísanir í birtingu þeirra. Þetta mega vera málsskjöl sem eru sett saman úr viðeigandi einstökum ESB-samræmisyfirlýsingum.

4. Með því að taka saman ESB-samræmisyfirlýsingu skal framleiðandinn taka á sig ábyrgð á því að ESB-áburðarvaran samrýmist kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

17. gr.

Almennar meginreglur um CE-merkið

Um CE-merkið skulu gilda almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

18. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins

1. Festa skal CE-merkið þannig á umbúðir ESB-áburðarvörunnar að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt eða, ef ESB-áburðarvaran er afhent án umbúða, á skjal sem fylgir ESB-áburðarvörunni.

2. CE-merkið skal fest á áður en ESB-áburðarvaran er sett á markað.

3. Á eftir CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynntu stofunnar þegar þess er krafist skv. IV. viðauka.

Tilkynnta stofan skal sjálf sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá um það samkvæmt fyrirmælum hennar.

4. Aðildarríkin skulu byggja á fyrirliggjandi kerfum til að tryggja að reglunum um notkun CE-merkisins sé rétt framfylgt og grípa til viðeigandi ráðstafana ef um óviðeigandi notkun á merkinu er að ræða.

19. gr.

Lok úrgangsfasa

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um viðmiðanir um það hvenær efniviður sem telst til úrgangs, eins og skilgreint er í tilskipun 2008/98/EB, getur hætt að vera úrgangur ef hann er settur í ESB-áburðarvöru sem uppfyllir kröfur. í slíkum tilvikum skal endurnýting samkvæmt þessari reglugerð fara fram áður en efniviðurinn hættir að vera úrgangur og litið skal svo á að efniviðurinn uppfylli skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 6. gr. þeirrar tilskipunar, og að þess vegna hafi hann hætt að vera úrgangur frá þeirri stundu þegar ESB-samræmisyfirlýsingin var útbúin.

IV. KAFLI

TILKYNNING UM SAMRÆMISMATSSTOFUR

20. gr.

Tilkynning

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um stofur sem hafa leyfi til að leysa af hendi samræmismatsverkefni þriðja aðila í samræmi við þessa reglugerð.

21. gr.

Tilkynningaryfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald, sem ber ábyrgð á því að koma á fót og framfylgja nauðsynlegum aðferðum til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur og vakta tilkynntar stofur, þ.m.t. hvort farið sé að ákvæðum 26. gr.

2. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að faggildingarstofa í aðildarríki, í skilningi og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, annist matið og vöktunina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef tilkynningaryfirvaldið framselur til stofu sem er ekki stjórnvald það verkefni að sjá um mat, tilkynningar eða vöktun, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða felur það slíkri stofu með öðrum hætti skal þessi stofa vera lögaðili og skal, að breyttu breytanda, fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 22. gr. Að auki skal þessi stofa gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hennar.

4. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem stofan, sem um getur í 3. mgr., framkvæmir.

22. gr.

Kröfur sem gerðar eru til tilkynningaryfirvalda

1. Tilkynningaryfirvaldi skal komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við samræmismatsstofur eigi sér stað.

2. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt og starfrækt þannig að hlutlægni og óhlutdrægni starfseminnar sé tryggð.

3. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt með þeim hætti að allar ákvarðanir, sem tengjast tilkynningu um samræmismatsstofu, séu teknar af þar til bærum aðilum, öðrum en þeim sem unnu matið.

4. Tilkynningaryfirvald skal ekki bjóða eða sinna neinni starfsemi, sem samræmismatsstofur annast, eða sinna ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Tilkynningaryfirvald skal tryggja að upplýsingar, sem það fær, séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

6. Tilkynningaryfirvald skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af hæfu starfsfólki til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.

23. gr.

Upplýsingaskylda tilkynningaryfirvalda

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem þau beita til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur, vakta tilkynntar stofur og um allar breytingar þar á.

Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar öllum aðgengilegar.

24. gr.

Kröfur sem gerðar eru til tilkynntra stofa

1. Að því er varðar tilkynningar skal samræmismatsstofa uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. til 11. mgr.

2. Samræmismatsstofu skal komið á fót samkvæmt lögum aðildarríkis og skal hún hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Samræmismatsstofa skal vera þriðji aðili sem er óháður fyrirtækinu eða ESB-áburðarvörunum sem hún leggur mat á.

4. Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skulu hvorki vera hönnuður, framleiðandi, birgir, innkaupsaðili, eigandi eða notandi áburðarvaranna né heldur vera viðurkenndur fulltrúi neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka þá notkun á áburðarvörunum sem er nauðsynleg fyrir starfsemi samræmismatsstofunnar eða persónulega notkun á áburðarvörum.

Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skulu hvorki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu, markaðssetningu eða notkun áburðarvara né heldur vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau skulu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra eða heilindi að því er varðar þá samræmismatsstarfsemi sem þeim hefur verið falin. Þetta gildir einkum um ráðgjafarþjónustu.

Samræmismatsstofur skulu tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í samræmismatsstarfsemi þeirra.

5. Samræmismatsstofur og starfsfólk þeirra skulu annast starfsemi á sviði samræmismats af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismatsstarfsemi þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Samræmismatsstofa skal vera fær um að framkvæma þau samræmismatsverkefni sem henni hafa verið falin skv. IV. viðauka og sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hvort sem samræmismatsstofan framkvæmir verkefnin sjálf eða þau eru framkvæmd fyrir hönd hennar og á ábyrgð hennar.

Samræmismatsstofa skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund eða flokk ESB-áburðarvöru, sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

a) nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefnin,

b) nauðsynlegar lýsingar á aðferðunum, sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessar aðferðir. Hún skal vera með viðeigandi stefnur og aðferðir fyrir hendi til að gera greinarmun á verkefnum sem hún framkvæmir sem tilkynnt stofa og annarri starfsemi,

c) nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Samræmismatsstofa skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast samræmismatsstarfsemi og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

7. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skal búa yfir eftirfarandi:

a) traustri tækni- og starfsþjálfun sem nær til allrar samræmismatsstarfsemi sem samræmismatsstofan er tilkynnt stofa fyrir,

b) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið, sem það annast, og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,

c) viðeigandi þekkingu og skilningi á kröfunum, sem settar eru fram í I., II. og III. viðauka, á viðeigandi samhæfðum stöðlum sem um getur í 13. gr. og sameiginlegum forskriftum sem um getur í 14. gr. og á viðkomandi ákvæðum samhæfingarlöggjafar Sambandsins og landslöggjafar,

d) getu til þess að útbúa vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

8. Hlutleysi samræmismatsstofa, æðstu stjórnenda þeirra og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, verður að vera tryggt.

Laun æðstu stjórnenda og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna samræmismatsstofnunar, mega hvorki vera háð fjölda matsgerða, sem unnar eru, né niðurstöðum úr þessum matsgerðum.

9. Samræmismatstofur skulu hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á samræmismatinu.

10. Starfsfólk samræmismatsstofu skal bundið þagnarskyldu um allar upplýsingar, sem það aflar sér við framkvæmd verkefna sinna skv. IV. viðauka, nema gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Eignarréttur skal varinn.

11. Samræmismatsstofur skulu taka þátt í eða tryggja að það starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna sé upplýst um viðeigandi vinnu við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps tilkynntu stofunnar, sem komið er á fót skv. 36. gr. og að stjórnsýsluákvarðanir og skjöl, sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps, séu notuð sem almennar leiðbeiningar.

25. gr.

Fyrirframætlað samræmi tilkynntra stofa

Þegar samræmismatsstofa sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða hlutum þeirra, sem tilvísanir í hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skal gera ráð fyrir því að hún fari að kröfunum sem settar eru fram í 24. gr. að því marki sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þessar kröfur.

26. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakastarfsemi tilkynntra stofa

1. Ef tilkynnt stofa felur undirverktaka sérstök verkefni í tengslum við samræmismat eða leitar til dótturfyrirtækis, skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 24. gr., og skal upplýsa tilkynningaryfirvaldið um það.

2. Tilkynntar stofur skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma, án tillits til þess hvar þau hafa staðfestu.

3. Starfsemi má aðeins fela undirverktaka eða dótturfyrirtæki með samþykki viðskiptavinarins.

4. Tilkynntar stofur skulu hafa tiltæk fyrir tilkynningaryfirvaldið öll skjöl sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins og þau störf sem þau framkvæma skv. IV. viðauka.

27. gr.

Umsókn um tilkynningu

1. Samræmismatsstofa skal leggja fram umsókn um tilkynningu til tilkynningaryfirvalds aðildarríkisins þar sem hún hefur staðfestu.

2. Með umsókninni um tilkynningu skal fylgja lýsing á samræmismatsstarfsemi, aðferðareiningu eða -einingum samræmismats og ESB-áburðarvöru eða -vörum sem stofan fullyrðir að hæfi hennar nái til sem og faggildingarvottorð, sem faggildingarstofa í aðildarríki gefur út, þar sem staðfest er að samræmismatsstofan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. gr.

28. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Tilkynningaryfirvöld mega einungis tilkynna þær samræmismatsstofur sem hafa uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. gr.

2. Þau skulu tilkynna þær til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

3. Í tilkynningunni skulu vera ítarlegar upplýsingar um samræmismatsstarfsemina, aðferðareiningu eða -einingar samræmismats, ESB-áburðarvöruna eða -vörurnar sem um er að ræða og faggildingarvottorðið sem um getur í 2. mgr. 27. gr.

4. Hlutaðeigandi stofu er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynntrar stofu hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningunni.

Aðeins slík stofa skal teljast tilkynnt stofa að því er þessa reglugerð varðar.

5. Tilkynningaryfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

29. gr.

Kenninúmer og skrár yfir tilkynntar stofur

1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta tilkynntri stofu kenninúmeri.

Hún skal aðeins úthluta einu slíku númeri þó svo að stofan sé tilkynnt samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir stofurnar, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari reglugerð, aðgengilega öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að skránni sé haldið uppfærðri.

30. gr.

Breytingar á tilkynningum

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynnt stofa uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 24. gr., eða ræki ekki skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynninguna, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

2. Ef tilkynning er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða tilkynnta stofan hefur lagt niður starfsemi, skal tilkynningaraðildarríkið gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skjöl tilkynntu stofunnar verði annaðhvort unnin hjá annarri tilkynntri stofu eða höfð tiltæk þar til bærum tilkynningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum að þeirra beiðni.

31. gr.

Hæfi tilkynntra stofa vefengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynntrar stofu eða um að tilkynnt stofa uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Tilkynningaraðildarríkið skal, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi tilkynntrar stofu.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynnt stofa uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu hennar skal hún samþykkja framkvæmdargerð þar sem þess er krafist að tilkynningaraðildarríkið geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu ef nauðsyn krefur.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 45. gr.

32. gr.

Rekstrarlegar skyldur tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu framkvæma samræmismat í samræmi við samræmismatsaðferðirnar sem kveðið er á um í IV. viðauka.

2. Við framkvæmd samræmismats skal gæta meðalhófs til að forðast að leggja óþarfa byrðar á markaðsaðila. Tilkynntar stofur skulu, er þær sinna starfsemi sinni, taka tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Við það skulu þær, samt sem áður, virða það hversu strangar kröfur eru gerðar og það verndarstig sem krafist er til þess að ESB-áburðarvaran sé í samræmi við þessa reglugerð.

3. Ef tilkynnt stofa kemst að því að framleiðandi hafi ekki uppfyllt kröfur, sem settar eru fram í I., II. eða III. viðauka eða samsvarandi samhæfðum stöðlum, sameiginlegum forskriftum, sem um getur í 14. gr., eða öðrum tækniforskriftum, skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal hvorki gefa út vottorð né ákvörðun um samþykki.

4. Ef tilkynnt stofa kemst að því við vöktun á því að samræmis sé gætt í kjölfar útgáfu á vottorði eða ákvörðunar um samþykki að ESB-áburðarvara uppfylli ekki lengur tilskilin ákvæði skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal fella vottorðið eða ákvörðunina um samþykki tímabundið úr gildi eða afturkalla þau ef nauðsyn krefur.

5. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal tilkynnta stofan takmarka vottorðin eða ákvarðanir um samþykki, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau, eins og við á.

33. gr.

Kæruleið í tengslum við ákvarðanir sem tilkynntar stofur hafa tekið

Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hendi sé kærumeðferð vegna ákvarðana sem tilkynntar stofur hafa tekið.

34. gr.

Upplýsingaskylda tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu upplýsa tilkynningaryfirvaldið um:

a) synjun, takmörkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á vottorði eða ákvörðun um samþykki,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar eða skilyrði fyrir henni,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi samræmismatsstarfsemi,

d) sé þess óskað, samræmismatsstarfsemi, sem hefur farið fram innan gildissviðs tilkynningar þeirra, og alla aðra starfsemi, sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Tilkynntar stofur skulu veita öðrum stofum, sem eru tilkynntar samkvæmt þessari reglugerð og annast sambærilega samræmismatsstarfsemi sem tekur til sömu ESB-áburðarvara, viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

35. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skipulagningu á miðlun reynslu milli yfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar.

36. gr.

Samræming tilkynntra stofa

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli stofa, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari reglugerð, og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan sérsviðshóps tilkynntra stofa.

Tilkynntar stofur skulu taka þátt í vinnu þessa hóps, annaðhvort með beinum hætti eða fyrir tilstuðlan tilnefndra fulltrúa.

V. KAFLI

MARKAÐSEFTIRLIT EVRÓPUSAMBANDSINS, EFTIRLIT MEÐ ESB-ÁBURÐARVÖRUM SEM KOMA INN Á MARKAÐ SAMBANDSINS OG VERNDARRÁÐSTAFANAMEÐFERÐ SAMBANDSINS

37. gr.

Markaðseftirlit Evrópusambandsins og eftirlit með ESB-áburðarvörum sem koma inn á markað Sambandsins

Ákvæði 16. til 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda um ESB-áburðarvörur.

38. gr.

Málsmeðferð innan aðildarríkjanna vegna ESB-áburðarvara sem hætta stafar af

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa nægar ástæður til að ætla að ESB-áburðarvara valdi áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið skulu þau framkvæma mat í tengslum við viðkomandi ESB-áburðarvöru sem tekur til allra viðeigandi krafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Viðkomandi markaðsaðilar skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.

Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að því við matið, sem um getur í fyrstu undirgrein, að ESB-áburðarvara sé ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu þau tafarlaust krefjast þess að viðeigandi markaðsaðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta, innan hæfilegs tíma sem markaðseftirlitsyfirvöldin mæla fyrir um og er í réttu hlutfalli við eðli áhættunnar, til að ESB-áburðarvaran verði í samræmi við þessar kröfur, til að taka ESB-áburðarvöruna af markaði eða innkalla hana.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi tilkynnta stofu um það.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að ósamræmi við kröfur einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að markaðsaðilinn grípi til.

3. Markaðsaðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar allar ESB-áburðarvörur, sem um er að ræða, sem markaðsaðilinn hefur boðið fram á markaði í öllu Sambandinu.

4. Ef viðkomandi markaðsaðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að ESB-áburðarvaran sé boðin fram á landsbundnum markaði þeirra, taka ESB-áburðarvöruna af þeim markaði eða innkalla hana.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu, án tafar, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina ESB-áburðarvöruna sem ekki uppfyllir kröfur, uppruna ESB-áburðarvörunnar, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að kröfum og tilheyrandi áhættu, eðli og gildistíma landsráðstafana sem gerðar hafa verið ásamt rökstuðningi viðkomandi markaðsaðila. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu einkum tilgreina hvort ósamræmi við kröfur stafi af einhverju af eftirfarandi:

a) að ESB-áburðarvaran uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í I., II. eða III. viðauka,

b) annmörkum á samhæfðu stöðlunum sem um getur í 13. gr.,

c) annmörkum á sameiginlegu forskriftunum sem um getur í 14. gr.

6. Aðildarríki, önnur en aðildarríkið sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni samkvæmt þessari grein, skulu tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi ESB-áburðarvöru sem ekki uppfyllir kröfur og, komi upp ágreiningur um samþykkta landsráðstöfun, um andmæli sín.

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hefur ekki hreyft andmælum innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun sem aðildarríki hefur gert skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir, s.s. að ESB-áburðarvara sé tekin af markaði, séu gerðar án tafar að því er varðar viðkomandi ESB-áburðarvöru.

9. Skyldur markaðseftirlitsaðila samkvæmt þessari grein hafa ekki áhrif á þann möguleika aðildarríkja að setja reglur um áburðarvörur sem eru ekki ESB-áburðarvörur.

39. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef við lok málsmeðferðarinnar, sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 38. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun sem aðildarríki gerir eða ef framkvæmdastjórnin telur að landsráðstöfun stríði gegn lögum Sambandsins skal framkvæmdastjórnin án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi markaðsaðila og leggja mat á landsráðstöfunina. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð í formi ákvörðunar til að ákveða hvort landsráðstöfunin sé réttlætanleg eða ekki.

Teljist landsráðstöfunin réttlætanleg skal, með ákvörðuninni, fyrirskipa öllum aðildarríkjum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ESB-áburðarvara, sem ekki uppfyllir kröfur, sé tekin af mörkuðum þeirra og að tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Teljist landsráðstöfunin ekki réttlætanleg skal, með ákvörðuninni, fyrirskipa hlutaðeigandi aðildarríki að afturkalla ráðstöfunina.

Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi markaðsaðila eða -aðilum upplýsingar þar um.

2. Ef landsráðstöfunin telst réttlætanleg og ósamræmi ESB-áburðarvörunnar við kröfur er rakið til annmarka á samhæfðu stöðlunum, sem um getur í b-lið 5. mgr. 38. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

3. Ef landsráðstöfunin telst réttlætanleg og ósamræmi ESB-áburðarvörunnar við kröfur er rakið til annmarka á sameiginlegu forskriftunum, sem um getur í c-lið 5. mgr. 38. gr., skal framkvæmdastjórnin tafarlaust samþykkja framkvæmdargerðir til að breyta viðkomandi sameiginlegum forskriftum eða fella þær úr gildi.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

40. gr.

ESB-áburðarvörur sem uppfylla kröfur en sem áhætta stafar af

1. Ef aðildarríki kemst að því, eftir að það hefur framkvæmt mat skv. 1. mgr. 38. gr., að þó að ESB-áburðarvara sé í samræmi við þessa reglugerð veldur hún áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið skal það tafarlaust krefjast þess að viðeigandi markaðsaðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana, innan hæfilegs tíma sem markaðseftirlitsyfirvöldin mæla fyrir um og er í réttu hlutfalli við eðli áhættunnar, til að tryggja að þegar viðkomandi ESB-áburðarvara er boðin fram á markaði skapi hún ekki lengur þessa áhættu eða til að taka ESB-áburðarvöruna af markaði eða innkalla hana.

2. Markaðsaðilinn skal tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar allar ESB-áburðarvörur, sem um er að ræða, sem markaðsaðilinn hefur boðið fram á markaði í öllu Sambandinu.

3. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina viðkomandi ESB-áburðarvöru, uppruna og aðfangakeðju ESB-áburðarvörunnar, eðli áhættunnar sem henni fylgir og eðli og gildistíma landsráðstafana sem gerðar hafa verið.

4. Framkvæmdastjórnin skal án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi markaðsaðila og leggja mat á landsráðstafanir sem gerðar hafa verið. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð í formi ákvörðunar til að ákveða hvort landsráðstöfunin sé réttlætanleg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, fyrirskipa viðeigandi ráðstafanir.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem varða vernd fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, öryggi eða umhverfið skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem öðlast strax gildi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 45. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi markaðsaðila eða -aðilum upplýsingar þar um.

41. gr.

Formlegt ósamræmi við kröfur

1. Með fyrirvara um 38. gr. skal aðildarríki krefjast þess að viðkomandi markaðsaðili bæti úr eftirfarandi ósamræmi við kröfur komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum að því er varðar ESB-áburðarvörur:

a) að CE-merki hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða 18. gr. þessarar reglugerðar,

b) að kenninúmer tilkynntu stofunnar hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn 18. gr. eða að það hafi ekki verið fest á þegar þess er krafist skv. 18. gr.,

c) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin eða ekki útbúin með réttum hætti,

d) að tæknigögnin séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi,

e) að upplýsingarnar, sem um getur í 6. mgr. 6. gr. eða 3. mgr. 8. gr., vanti, séu rangar eða ófullnægjandi,

f) að ein eða fleiri af stjórnsýslukröfunum, sem kveðið er á um í 6. eða 8. gr., séu ekki uppfylltar.

2. Ef ósamræmi við kröfur, sem um getur í 1. mgr., heldur áfram skal hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að ESB-áburðarvaran sé boðin fram á markaði eða tryggja að hún sé afturkölluð eða tekin af markaði.

Skyldur aðildarríkja að því er þetta varðar hafa ekki áhrif á þann möguleika þeirra að setja reglur um áburðarvörur sem eru ekki ESB-áburðarvörur.

VI. KAFLI

FRAMSELT VALD OG NEFNDARMEÐFERÐ

42. gr.

Breytingar á viðaukum

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 44. gr., til að breyta I. viðauka, að undanskildum viðmiðunarmörkum fyrir kadmíum og skilgreiningum eða öðrum þáttum sem tengjast gildissviði vöruvirkniflokkanna, og til að breyta II., III. og IV. viðauka til að laga þessa viðauka að tækniframförum og til að auðvelda aðgang að innri markaðinum og frjálsan flutning á ESB-áburðarvörum:

a) sem mögulegt er að mikil viðskipti verði höfð með á innri markaðinum og

b) þar sem vísindaþekking liggur fyrir um að þær:

i. valdi ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið og

ii. tryggi jarðræktarlega skilvirkni.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerðir til að innleiða ný viðmiðunarmörk fyrir aðskotaefni í I. viðauka skal hún taka tillit til vísindalegra álita Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, Efnastofnunar Evrópu eða sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerðir til að bæta við eða endurskoða efnisþáttaefniviðaflokka til að bæta við efniviðum sem hægt er að líta svo á að sé endurnýttur úrgangur eða aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB skal, í þessum framseldu gerðum, undanskilja slík efni á ótvíræðan hátt frá efnisþáttaefniviðum í 1. og 11. flokki í II. viðauka við þessa reglugerð.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerðir samkvæmt þessari málsgrein skal hún einkum setja í forgang aukaafurðir úr dýrum, aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB og endurnýttan úrgang, einkum frá landbúnaðargeiranum og landbúnaðartengdum matvælaiðnaði, sem og efniviði og vörur sem þegar hafa verið sett á markað á lögmætan hátt í einu eða fleiri aðildarríkjum.

2. Eftir 15. júlí 2019 skal framkvæmdastjórnin meta, án ástæðulausrar tafar, strúvít, lífkol og vörur, að stofni til úr ösku. Ef komist er að þeirri niðurstöðu í þessu mati að viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. séu uppfylltar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir skv. 1. mgr. til að bæta þessum efniviðum við í II. viðauka.

3. Framkvæmdastjórninni er einungis heimilt að samþykkja framseldar gerðir skv. 1. mgr. til að breyta II. viðauka við þessa reglugerð til að fella efniviði inn í efnisþáttaefniviðaflokka sem hætta að vera úrgangur eftir endurnýtingu ef reglur um endurnýtingu í þeim viðauka, sem eru samþykktar eigi síðar en innfellingin, tryggja að efniviðirnir séu í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

4. Framkvæmdastjórninni er einungis heimilt að samþykkja framseldar gerðir skv. 1. mgr. til að breyta II. viðauka til að bæta við nýjum örverum eða stofnum örvera eða bæta viðbótarvinnsluaðferðum við efnisþáttaefniviðaflokk fyrir slíkar örverur eftir að hún hefur gengið úr skugga um hvaða stofnar viðbótarörveranna uppfylla viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. á grundvelli eftirfarandi gagna:

a) heiti örverunnar,

b) flokkunarfræðileg flokkun örverunnar: ættkvísl, tegund, stofn og aðferð við öflun,

c) birt vísindaskrif þar sem gerð er grein fyrir öruggri framleiðslu, varðveislu og notkun örverunnar,

d) flokkunarfræðileg tengsl við örverutegundir sem uppfylla kröfur fyrir fyrirvarabundið álit um öryggi sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu kom á,

e) upplýsingar um framleiðsluferlið, þ.m.t. ef við á, vinnsluaðferðir s.s. úðaþurrkun, þurrkun í vökvaundirstöðu, kyrrstöðuþurrkun, skiljun, óvirking með varma, síun og mölun,

f) upplýsingar um auðkenni á og leifar af milliefnum, eiturefnum eða örverufræðilegum umbrotsefnum í efnisþáttaefniviðnum og

g) náttúruleg fyrirkoma, lifun og hreyfanleiki í umhverfinu.

5. Framkvæmdastjórninni er einungis heimilt að samþykkja framseldar gerðir skv. 1. mgr. til að breyta II. viðauka til að bæta við afleiddum afurðum, í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, í efnisþáttaefniviðaflokka þar sem endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður í samræmi við 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin skal meta slíkar afleiddar afurðir, að því er varðar viðeigandi þætti sem ekki er tekið tillit til í þeim tilgangi að ákvarða endapunkt í framleiðsluferlinu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Ef komist er að þeirri niðurstöðu í þessu mati að viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. þessarar greinar séu uppfylltar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, skv. 1. mgr. þessarar greinar, til að bæta þessum efniviðum við í töfluna yfir efnisþáttaefniviðaflokk 10 í II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, án ástæðulausrar tafar, hvenær sem slíkur endapunktur er ákvarðaður.

6. Eigi síðar en 16. júlí 2024 skal framkvæmdastjórnin meta lífbrjótanleikaviðmiðanir fyrir fjölliður, sem um getur í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka, og prófunaraðferðir til að sannreyna að farið sé að þessum viðmiðunum og, eftir því sem við á, samþykkja framseldar gerðir skv. 1. mgr. þar sem mælt er fyrir um þessar viðmiðanir.

Slíkar viðmiðanir skulu tryggja að:

a) fjölliðan geti brotnað niður á eðlisrænan og líffræðilegan hátt við náttúruleg jarðvegsskilyrði og í vatnsumhverfi alls staðar í Sambandinu þannig að hún brotni að lokum einungis niður í koltvísýring, lífmassa og vatn,

b) að minnsta kosti 90% af lífrænu kolefni fjölliðunnar umbreytist í koltvísýring á 48 mánuðum hið mesta eftir að uppgefnu virknitímabili ESB-áburðarvörunnar, sem er tilgreint á merkimiðanum, lýkur og samanborið við viðeigandi staðal í prófun á lífniðurbroti og

c) notkun fjölliða leiði ekki til uppsöfnunar á plasti í umhverfinu.

7. Eigi síðar en 16. júlí 2022 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 44. gr., til að bæta við 3. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 11 í II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð með því að mæla fyrir um viðmiðanir varðandi jarðræktarlega skilvirkni og öryggi við notkun á aukaafurðum, í skilningi tilskipunar 2008/98/EB, í ESB-áburðarvörur. Slíkar viðmiðanir skulu endurspegla núgildandi framleiðsluhætti fyrir vöruna, tækniþróun og nýjustu vísindaþekkingu.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 44. gr., til að breyta I. viðauka, að undanskildum viðmiðunarmörkum fyrir kadmíum, og II., III. og IV. viðauka í ljósi nýrrar vísindaþekkingar. Framkvæmdastjórnin skal nota þetta vald þegar breytingar reynast nauðsynlegar, á grundvelli áhættumats, til að tryggja að engin ESB-áburðarvara, sem uppfyllir kröfurnar í þessari reglugerð, valdi áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið við eðlileg notkunarskilyrði.

43. gr.

Aðskildar framseldar gerðir fyrir aðskilda efnisþáttaefniviðaflokka

Þegar framkvæmdastjórnin beitir valdi sínu til að samþykkja framseldar gerðir skv. 42. gr. skal hún samþykkja aðskilda framselda gerð fyrir hvern efnisþáttaefniviðaflokk í II. viðauka. Þessar framseldu gerðir skulu innihalda allar þær breytingar á I., III. og IV. viðauka sem eru nauðsynlegar afleiðingar breytinga á II. viðauka.

44. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 42. gr., á fimm ára tímabili sem hefst 15. júlí 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 42. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 42. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

45. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um áburðarvörur. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 í tengslum við 5. gr. hennar.

VII. KAFLI

BREYTINGAR

46. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1069/2009

Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. og 3. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar afleiddar afurðir, sem um getur í 32., 35. og 36. gr., sem skapa ekki lengur neina umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra, má ákveða endapunkt þeirra í framleiðsluferlinu, en handan við hann falla þær ekki lengur undir kröfurnar í þessari reglugerð.

Eftir það má setja þessar afleiddu afurðir á markað án takmarkana samkvæmt þessari reglugerð og skulu þær ekki lengur falla undir opinbert eftirlit í samræmi við þessa reglugerð.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 51. gr. a, til að bæta við þessa reglugerð með því að ákvarða endapunkt í framleiðsluferlinu en handan við hann falla afleiddu afurðirnar, sem um getur í þessari málsgrein, ekki lengur undir kröfurnar í þessari reglugerð.

3. Ef um er að ræða áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra gilda ákvæði 53. og 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 um heilbrigðisneyðarráðstafanir að breyttu breytanda um afleiddu afurðirnar sem um getur í 32., 33. og 36. gr. þessarar reglugerðar.

4. Innan sex mánaða eftir 15. júlí 2019 skal framkvæmdastjórnin hefja fyrsta mat á afleiddum afurðum, sem um getur í 32. gr., sem þegar eru almennt notaðar sem lífrænn áburður og jarðvegsbætar í Sambandinu. Þetta mat skal a.m.k. taka til eftirfarandi afurða: kjötmjöls, beinamjöls, kjöt- og beinamjöls, vatnsrofinna prótína úr efnum í 3. flokki, unnins húsdýraáburðar, moltu, lífgassmeltunarleifa, fiðurmjöls, glýseríns og annarra afurða úr efnum í 2. eða 3. flokki úr framleiðslu á lífdísilolíu og endurnýjanlegu eldsneyti sem og gæludýrafóðurs, fóðurs og nagbeina fyrir hunda, sem hefur verið hafnað af viðskiptalegum ástæðum eða vegna bilunar í tæknibúnaði, og afleiddra afurða úr blóði, húð og skinnum, hófum, klaufum og hornum af dýrum, gúanói úr leðurblökum og fuglum, ull og hárum, fjöðrum og dún og svínsburstum. Þegar komist er að þeirri niðurstöðu í matinu að þessar afleiddu afurðir skapi ekki lengur neina verulega áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra skal framkvæmdastjórnin ákvarða endapunkt í framleiðsluferlinu skv. 2. mgr. þessarar greinar, án ástæðulausrar tafar, og í öllum tilvikum eigi síðar en sex mánuðum eftir að matinu er lokið.“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„51. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., í fimm ár frá 15. júlí 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 5. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stjtíð. ESB. L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

47. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1107/2009

Reglugerð (EB) nr. 1107/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„b) að hafa áhrif á lífsferli plantna, t.d. efni sem hafa áhrif á vöxt þeirra, á annan hátt en sem næringarefni eða plöntulíförvi“.

2) Eftirfarandi lið er bætt við 3. gr.:

„34. „plöntulíförvi“: vara sem örvar næringarvinnslu plantna, óháð næringarefnainnihaldi vörunnar, með það eitt að markmiði að bæta einn eða fleiri af eftirfarandi eiginleikum plöntunnar eða rótarhvolfs plöntunnar:

a) næringarefnanýtni,

b) þol gegn álagi án tilstillis lífvera,

c) gæðaeiginleika,

d) aðgengileika næringarefna sem eru innilokuð í jarðveginum eða rótarhvolfinu.“

3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 80. gr.:

„8. Að því er varðar vöru, sem leyfi var veitt fyrir skv. 1. mgr. 32. gr. á grundvelli umsóknar sem var lögð fram fyrir 15. júlí 2019 og sem fellur undir skilgreininguna í 34. lið 3. gr. eftir þá dagsetningu, skal þessi reglugerð gilda áfram á tímabilinu sem kveðið er á um í leyfinu.“

VIII. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

48. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríki skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur og þessar ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um alla síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

49. gr.

Skýrsla

Eigi síðar en 16. júlí 2026 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem beiting þessarar reglugerðar er metin svo og heildaráhrif hennar að því er varðar að ná markmiðunum í henni, þ.m.t. áhrifin á lítil og meðalstór fyrirtæki. Í þeirri skýrslu skal koma fram:

a) mat á starfsemi innri markaðarins fyrir áburðarvörur, þ.m.t. samræmismat og skilvirkni markaðseftirlits og greining á áhrifum valkvæðrar samræmingar á framleiðslu, markaðshlutdeild og viðskiptaflæði ESB-áburðarvara og áburðarvara sem settar eru á markað samkvæmt landsreglum,

b) endurskoðun á viðmiðunarmörkum fyrir kadmíuminnihald í fosfatáburði með það fyrir augum að meta hagkvæmni þess að lækka þessi viðmiðunarmörk niður í viðeigandi gildi á grundvelli fáanlegrar tækni og vísindaþekkingar á váhrifum frá kadmíumi og uppsöfnun í umhverfinu, að teknu tilliti til umhverfislegra þátta, einkum í tengslum við jarðvegs- og loftslagsskilyrði, ásamt heilbrigðisþáttum sem og félagslegum og hagrænum þáttum, þ.m.t. með hliðsjón af framboðsöryggi,

c) mat á beitingu takmarkana á innihald aðskotaefna, sem settar eru fram í I. viðauka, og mat á öllum nýjum vísindalegum upplýsingum sem skipta máli að því er varðar eiturhrif og krabbameinsvaldandi áhrif aðskotaefna sem verða tiltæk, þ.m.t. áhætta af úranmengun í áburðarvörum.

Í skýrslunni skal taka tilhlýðilegt tillit til tækniframfara og nýsköpunar sem og til stöðlunarferla sem hafa áhrif á framleiðslu og notkun á áburðarvörum. Henni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

50. gr.

Endurskoðun á lífbrjótanleika

Eigi síðar en 16. júlí 2024 skal framkvæmdastjórnin framkvæma endurskoðun til að meta möguleikann á því að ákvarða lífbrjótanleikaviðmiðanir fyrir jarðþakningarfilmur (e. *mulch film*) og möguleikann á því að fella þær inn í efnisþátta-efniviðaflokk 9 í II. hluta II. viðauka.

51. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 2003/2003

Reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er felld úr gildi frá og með 16. júlí 2022.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

52. gr.

Umbreytingarákvæði

Aðildarríki skulu ekki hindra að vörur, sem voru settar á markað sem áburður undir heitinu „EB-áburður“ í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 fyrir 16. júlí 2022, séu boðnar fram á markaði. Þó skal V. kafli þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda um slíkar vörur.

53. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Á hinn bóginn:

a) koma 4. gr. (3. mgr.), 14. gr., 42. gr., 43. gr., 44. gr., 45. gr., 46. gr. og 47. gr. til framkvæmda frá og með 15. júlí 2019 og

b) ákvæði 20. til 36. gr. koma til framkvæmda frá og með 16. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.

I. VIÐAUKI

Vöruvirkniflokkar ESB-áburðarvara

I. HLUTI

HEITI VÖRUVIRKNIFLOKKA

1. Áburður

A. Lífrænn áburður

I. Fastur lífrænn áburður

II. Fljótandi lífrænn áburður

B. Lífrænn jarðefnaáburður

I. Fastur lífrænn jarðefnaáburður

II. Fljótandi lífrænn jarðefnaáburður

C. Ólífrænn áburður

I. Ólífrænn áburður með meginnæringarefnum

a) Fastur ólífrænn áburður með meginnæringarefnum

i. Eingildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum

A) Eingildur, fastur, ólífrænn köfnunarefnisríkur ammóníumnítratáburður með meginnæringarefnum

ii. Fjölgildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum

A) Fjölgildur, fastur, ólífrænn köfnunarefnisríkur ammóníumnítratáburður með meginnæringarefnum

b) Fljótandi ólífrænn áburður með meginnæringarefnum

i. Eingildur, fljótandi, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum

ii. Fjölgildur, fljótandi, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum

II. Ólífrænn snefilefnaáburður

a) Eingildur, ólífrænn snefilefnaáburður

b) Fjölgildur, ólífrænn snefilefnaáburður

2. Kölkunarefni

3. Jarðvegsbætir

A. Lífrænn jarðvegsbætir

B. Ólífrænn jarðvegsbætir

4. Ræktunarefni

5. Lati

   A. Nítrunarlati

   B. Afnítrunarlati

   C. Úreasalati

6. Plöntulíförvi

   A. Örverufræðilegur plöntulíförvi

   B. Plöntulíförvi sem er ekki örverufræðilegur

7. Áburðarvörublanda

II. HLUTI

KRÖFUR Í TENGSLUM VIÐ VÖRUVIRKNIFLOKKA

1. Í þessum hluta eru settar fram kröfur í tengslum við þá vöruvirkniflokka sem ESB-áburðarvörur tilheyra í krafti fullyrtrar virkni þeirra.

2. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka fyrir tiltekinn vöruvirkniflokk gilda um ESB-áburðarvörur í öllum undirflokkum þess vöruvirkniflokks.

3. Sú fullyrðing að ESB-áburðarvara uppfylli þá virkni sem sett er fram í þessum viðauka fyrir viðkomandi vöruvirkniflokk skal studd með verkunarmáta vörunnar, hlutfallslegu innihaldi mismunandi efnisþátta hennar eða öðrum breytum sem skipta máli.

4. Þegar tiltekin krafa (s.s. að tiltekið aðskotaefni sé ekki fyrir hendi) er með vissu og óvéfengjanlega uppfyllt vegna eðlis eða vinnsluferlis ESB-áburðarvöru er unnt að ganga út frá því án staðfestingar (s.s. prófunar) í samræmismatsaðferðinni á ábyrgð framleiðandans.

5. Ef ESB-áburðarvara inniheldur efni sem hámarksgildi leifa hefur verið ákvarðað fyrir í matvælum og fóðri í samræmi við:

   a) reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 ([1]),

   b) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([2]),

   c) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([3]), eða

   d) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB ([4])

   má notkun ESB-áburðarvörunnar, eins og tilgreint er í notkunarleiðbeiningunum, ekki leiða til þess að farið sé yfir þessi viðmiðunarmörk í matvælum eða fóðri.

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).

6. Ekki skal bæta fosfónötum í neinar ESB-áburðarvörur af ásetningi. Tilvist fosfónata án ásetnings skal ekki fara yfir 0,5% miðað við massa.

7. Kröfurnar í þessum viðauka eru gefnar upp sem oxað form að því er varðar tiltekin næringarefni. Þegar samræmi er metið á grundvelli þess hvort umrætt næringarefni sé fyrir hendi í formi frumefnis skal nota eftirfarandi breytistuðla:

fosfór (P) = fosfórpentoxíð (P_2O_5) × 0,436,

kalíum (K) = kalíumoxíð (K_2O) × 0,830,

kalsíum (Ca) = kalsíumoxíð (CaO) × 0,715,

magnesíum (Mg) = magnesíumoxíð (MgO) × 0,603,

natríum (Na) = natríumoxíð (Na_2O) × 0,742,

brennisteinn (S) = brennisteinstríoxíð (SO_3) × 0,400.

8. Kröfurnar í þessum viðauka eru gefnar upp með tilvísun í lífrænt kolefni (C_{org}). Þegar fylgni við kröfur er metin á grundvelli lífræns efnis gildir eftirfarandi breytistuðull:

lífrænt kolefni (C_{org}) = lífrænt efni × 0,56.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1: ÁBURÐUR

Áburður er ESB-áburðarvara sem hefur það hlutverk að veita plöntum eða sveppum næringu.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.A: LÍFRÆNN ÁBURÐUR

1. Lífrænn áburður skal innihalda:

— lífrænt kolefni (C_{org}) og

— næringarefni sem eru eingöngu af líffræðilegum uppruna.

Lífrænn áburður má innihalda mó, leónardít og brúnkol en engin önnur efni sem eru steingerð eða greypt í jarðmyndanir.

2. Aðskotaefni í lífrænum áburði mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

a) kadmíum (Cd): 1,5 mg/kg þurrefnis,

b) sexgilt króm (Cr VI): 2 mg/kg þurrefnis,

c) kvikasilfur (Hg): 1 mg/kg þurrefnis,

d) nikkel (Ni): 50 mg/kg þurrefnis,

e) blý (Pb): 120 mg/kg þurrefnis og

f) ólífrænt arsen (As): 40 mg/kg þurrefnis.

Bíúret ($C_2H_5N_3O_2$) má ekki vera fyrir hendi í lífrænum áburði.

3. Koparinnihald (Cu) í lífrænum áburði má ekki fara yfir 300 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í lífrænum áburði má ekki fara yfir 800 mg/kg þurrefnis.

4. Sjúkdómsvaldar í lífrænum áburði mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.A.I: FASTUR LÍFRÆNN ÁBURÐUR

1. Fastur lífrænn áburður skal vera í föstu formi.

2. Fastur lífrænn áburður skal innihalda a.m.k. eitt af eftirfarandi aðalnæringarefnum sem gefið er upp: köfnunarefni (N), fosfórpentoxíð (P_2O_5) eða kalíumoxíð (K_2O).

Ef fastur lífrænn áburður inniheldur einungis eitt aðalnæringarefni sem gefið er upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

a) 2,5% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

b) 2% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

c) 2% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

Ef fastur lífrænn áburður inniheldur fleiri en eitt aðalnæringarefni sem gefin eru upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

a) 1% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

b) 1% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

c) 1% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

Summa þessa næringarefnainnihalds skal vera a.m.k. 4% miðað við massa.

3. Innihald lífræns kolefnis (C_{org}) í föstum lífrænum áburði skal vera a.m.k. 15% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.A.II: FLJÓTANDI LÍFRÆNN ÁBURÐUR

1. Fljótandi lífrænn áburður skal vera í fljótandi formi.

2. Fljótandi lífrænn áburður skal innihalda a.m.k. eitt af eftirfarandi aðalnæringarefnum sem gefið er upp: köfnunarefni (N), fosfórpentoxíð (P_2O_5) eða kalíumoxíð (K_2O).

   Ef fljótandi lífrænn áburður inniheldur einungis eitt aðalnæringarefni sem gefið er upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

   a) 2% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

   b) 1% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

   c) 2% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

   Ef fljótandi lífrænn áburður inniheldur fleiri en eitt aðalnæringarefni sem gefin eru upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

   a) 1% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

   b) 1% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

   c) 1% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

   Summa þessa næringarefnainnihalds skal vera a.m.k. 3% miðað við massa.

3. Innihald lífræns kolefnis (C_{org}) í fljótandi lífrænum áburði skal vera a.m.k. 5% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.B: LÍFRÆNN JARÐEFNAÁBURÐUR

1. Lífrænn jarðefnaáburður skal vera samsettur úr:

   a) einum ólífrænum áburði eða fleiri, eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 1.C og

   b) einum efnivið eða fleiri sem innihalda:

      — lífrænt kolefni (C_{org}) og

      — næringarefni

      sem eru eingöngu af líffræðilegum uppruna.

   Lífrænn jarðefnaáburður má innihalda mó, leónardít og brúnkol en engin önnur efni sem eru steingerð eða greypt í jarðmyndanir.

2. Ef einn ólífrænn áburður í samsetningunni, eða fleiri, er eingildur eða fjölgildur, fastur, ólífrænn, köfnunarefnisríkur ammóníumnítratáburður með meginnæringarefnum, eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A, skal lífrænn jarðefnaáburður ekki innihalda 16% eða meira af köfnunarefni (N) miðað við massa sem rekja má til ammóníumnítrats (NH_4NO_3).

3. Aðskotaefni í lífrænum jarðefnaáburði mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

   a) kadmíum (Cd):

      i. ef innihald fosfórpentoxíðjafngildis (P_2O_5) miðað við massa er minna en 5% í heildarmagni fosfórs (P) í lífrænum jarðefnaáburði: 3 mg/kg þurrefnis eða

      ii. ef innihald fosfórpentoxíðjafngildis (P_2O_5) miðað við massa er 5% eða meira í heildarmagni fosfórs (P) í lífrænum jarðefnaáburði (fosfatáburður): 60 mg/kg fosfórpentoxíðs (P_2O_5),

b) sexgilt króm (Cr VI): 2 mg/kg þurrefnis,

c) kvikasilfur (Hg): 1 mg/kg þurrefnis,

d) nikkel (Ni): 50 mg/kg þurrefnis,

e) blý (Pb): 120 mg/kg þurrefnis,

f) ólífrænt arsen (As): 40 mg/kg þurrefnis og

g) bíúret ($C_2H_5N_3O_2$): 12 g/kg þurrefnis.

4. Koparinnihald (Cu) í lífrænum jarðefnaáburði má ekki fara yfir 600 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í lífrænum jarðefnaáburði má ekki fara yfir 1 500 mg/kg þurrefnis. Þó skulu þessi viðmiðunarmörk ekki gilda þegar kopar (Cu) eða sinki (Zn) hefur af ásetningi verið bætt við lífrænan jarðefnaáburð í þeim tilgangi að lagfæra skort á snefilefnum í jarðvegi og er gefið upp í samræmi við III. viðauka.

5. Sjúkdómsvaldar í lífrænum jarðefnaáburði mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.B.I: FASTUR LÍFRÆNN JARÐEFNAÁBURÐUR

1. Fastur lífrænn jarðefnaáburður skal vera í föstu formi.

2. Fastur lífrænn jarðefnaáburður skal innihalda a.m.k. eitt af eftirfarandi aðalnæringarefnum sem gefið er upp: köfnunarefni (N), fosfórpentoxíð (P_2O_5) eða kalíumoxíð (K_2O).

Ef fastur lífrænn jarðefnaáburður inniheldur einungis eitt aðalnæringarefni sem gefið er upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

a) 2,5% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa, þar af skal 1% miðað við massa vera lífrænt köfnunarefni (N_{org}),

b) 2% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

c) 2% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

Ef fastur lífrænn jarðefnaáburður inniheldur fleiri en eitt aðalnæringarefni sem gefin eru upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

a) 2% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa, þar af skal 0,5% miðað við massa vera lífrænt köfnunarefni (N_{org}),

b) 2% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

c) 2% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

Summa þessa næringarefnainnihalds skal vera a.m.k. 8% miðað við massa.

3. Innihald lífræns kolefnis (C_{org}) í föstum lífrænum jarðefnaáburði skal vera a.m.k. 7,5% miðað við massa.

4. Í föstum lífrænum jarðefnaáburði skal hver efnisleg eining innihalda lífrænt kolefni (C_{org}) og öll næringarefnin í innihaldi hans sem gefin eru upp. Efnisleg eining vísar til eins efnisþáttahluta vöru, s.s. korn eða kögglar.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.B.II: FLJÓTANDI LÍFRÆNN JARÐEFNAÁBURÐUR

1. Fljótandi lífrænn jarðefnaáburður skal vera í fljótandi formi.

2. Fljótandi lífrænn jarðefnaáburður skal innihalda a.m.k. eitt af eftirfarandi aðalnæringarefnum sem gefið er upp: köfnunarefni (N), fosfórpentoxíð (P_2O_5) eða kalíumoxíð (K_2O).

Ef fljótandi lífrænn jarðefnaáburður inniheldur einungis eitt aðalnæringarefni sem gefið er upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

a) 2% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa, þar af skal 0,5% miðað við massa vera lífrænt köfnunarefni (N_{org}),

b) 2% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

c) 2% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

Ef fljótandi lífrænn jarðefnaáburður inniheldur fleiri en eitt aðalnæringarefni sem gefin eru upp skal næringarefnainnihaldið a.m.k. vera sem hér segir:

a) 2% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa, þar af skal 0,5% miðað við massa vera lífrænt köfnunarefni (N_{org}),

b) 2% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

c) 2% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa.

Summa þessa næringarefnainnihalds skal vera a.m.k. 6% miðað við massa.

3. Innihald lífræns kolefnis (C_{org}) í fljótandi lífrænum jarðefnaáburði skal vera a.m.k. 3% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C: ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR

1. Ólífrænn áburður skal vera áburður sem inniheldur eða losar næringarefni í formi steinefna, annar en lífrænn áburður eða lífrænn jarðefnaáburður.

2. Til viðbótar við kröfurnar í annaðhvort vöruvirkniflokki 1.C.I eða 1.C.II: ólífrænn áburður sem inniheldur meira en 1% af lífrænu kolefni (C_{org}) miðað við massa, öðru en lífrænu kolefni (C_{org}) úr:

— klóbindlum eða bindlum, sem um getur í 3. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka,

— nítrunarlötum, afnítrunarlötum eða úreasalötum, sem um getur í 4. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka,

— húðunarefnum, sem um getur í a-lið 1. liðar í efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka,

— þvagefni (CH_4N_2O) eða

— kalsíumsýanamíði ($CaCN_2$)

skal uppfylla þá kröfu að sjúkdómsvaldar í ólífrænum áburði mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I: ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal miða að því að veita plöntum eða sveppum eitt eða fleiri af eftirfarandi meginnæringarefnum:

   a) aðalnæringarefni: köfnunarefni (N), fosfór (P) eða kalíum (K),

   b) aukanæringarefni: kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na) eða brennisteinn (S).

2. Aðskotaefni í ólífrænum áburði með meginnæringarefnum mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

   a) kadmíum (Cd):

      i. ef innihald fosfórpentoxíðjafngildis (P_2O_5) miðað við massa er minna en 5% í heildarmagni fosfórs (P) í ólífrænum áburði með meginnæringarefnum: 3 mg/kg þurrefnis eða

      ii. ef innihald fosfórpentoxíðjafngildis (P_2O_5) miðað við massa er 5% eða meira í heildarmagni fosfórs (P) í ólífrænum áburði með meginnæringarefnum (fosfatáburður): 60 mg/kg fosfórpentoxíðs (P_2O_5),

   b) sexgilt króm (Cr VI): 2 mg/kg þurrefnis,

   c) kvikasilfur (Hg): 1 mg/kg þurrefnis,

   d) nikkel (Ni): 100 mg/kg þurrefnis,

   e) blý (Pb): 120 mg/kg þurrefnis,

   f) arsen (As): 40 mg/kg þurrefnis,

g) bíúret ($C_2H_5N_3O_2$): 12 g/kg þurrefnis,

h) perklórat (ClO_4-): 50 mg/kg þurrefnis.

3. Koparinnihald (Cu) í ólífrænum áburði með meginnæringarefnum má ekki fara yfir 600 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í ólífrænum áburði með meginnæringarefnum má ekki fara yfir 1 500 mg/kg þurrefnis. Þó skulu þessi viðmiðunarmörk ekki gilda þegar kopar (Cu) eða sinki (Zn) hefur af ásetningi verið bætt við ólífrænan áburð með meginnæringarefnum í þeim tilgangi að lagfæra skort á snefilefnum í jarðvegi og er gefið upp í samræmi við III. viðauka.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.a: FASTUR ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

Fastur ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal vera í föstu formi.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.a.i: EINGILDUR FASTUR ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Eingildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal vera með uppgefið innihald af:

a) einungis einu meginnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K), kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)) eða

b) einungis einu aðalnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)) og einu eða fleiri aukanæringarefnum (kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)).

2. Ef eingildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum inniheldur einungis eitt meginnæringarefni sem gefið er upp (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K), kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)) skal innihald þess meginnæringarefnis vera a.m.k. sem hér segir:

a) 10% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

b) 12% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa,

c) 6% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa,

d) 5% af heildarmagni magnesíumoxíðs (MgO) miðað við massa,

e) 12% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa,

f) 10% af heildarmagni brennisteinstríoxíðs (SO_3) miðað við massa eða

g) 1% af heildarmagni natríumoxíðs (Na_2O) miðað við massa.

Þó skal heildarmagn natríumoxíðinnihaldsins (Na_2O) ekki fara yfir 40% miðað við massa.

Ef eingildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum inniheldur einungis eitt aðalnæringarefni sem gefið er upp (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)) og eitt eða fleiri aukanæringarefni sem gefið er upp (kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)):

a) skal innihald þessa aðalnæringarefnis a.m.k. vera sem hér segir:

i. 3% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

ii. 3% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

iii. 3% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa,

b) skal innihald þess eða þeirra aukanæringarefna a.m.k. vera sem hér segir:

i. 1,5% af heildarmagni magnesíumoxíðs (MgO) miðað við massa,

ii. 1,5% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa,

iii. 1,5% af heildarmagni brennisteinstríoxíðs (SO_3) miðað við massa eða

iv. 1% af heildarmagni natríumoxíðs (Na_2O) miðað við massa.

Þó skal heildarmagn natríumoxíðinnihaldsins (Na_2O) ekki fara yfir 40% miðað við massa.

Summa allra aðal- og aukanæringarefna sem gefin eru upp skal vera a.m.k. 18% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.a.ii: FJÖLGILDUR, FASTUR, ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Fjölgildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal vera með uppgefið innihald af:

a) fleiri en einu aðalnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)) eða

b) fleiri en einu aukanæringarefni (kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)) og engin aðalnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)).

2. Fjölgildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal innihalda fleiri en eitt af eftirfarandi meginnæringarefnum sem gefin eru upp, í a.m.k. því magni sem hér segir:

a) 3% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

b) 3% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa,

c) 3% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa,

d) 1,5% af heildarmagni magnesíumoxíðs (MgO) miðað við massa,

e) 1,5% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa,

f) 1,5% af heildarmagni brennisteinstríoxíðs (SO_3) miðað við massa eða

g) 1% af heildarmagni natríumoxíðs (Na_2O) miðað við massa.

Þó skal heildarmagn natríumoxíðinnihaldsins (Na_2O) ekki fara yfir 40% miðað við massa.

Summa alls næringarefnainnihalds sem gefið er upp skal vera a.m.k. 18% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.a.i-ii.A: EINGILDUR EÐA FJÖLGILDUR FASTUR ÓLÍFRÆNN KÖFNUNAREFNISRÍKUR AMMÓNÍUMNÍTRATÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Eingildur eða fjölgildur fastur ólífrænn köfnunarefnisríkur ammóníumnítratáburður með meginnæringarefnum skal vera að stofni til úr ammóníumnítrati (NH_4NO_3) og innihalda 28% eða meira af köfnunarefni (N), miðað við massa, sem rekja má til ammóníumnítrats (NH_4NO_3).

2. Sérhvert efni, annað en ammóníumnítrat (NH_4NO_3), skal vera óhvarfgjarnt gagnvart ammóníumnítrati (NH_4NO_3).

3. Eingildur eða fjölgildur fastur ólífrænn köfnunarefnisríkur ammóníumnítratáburður með meginnæringarefnum skal einungis boðinn endanlegum notanda í umbúðum. Pakkningin skal lokuð á þann hátt eða með þannig búnaði að festingin, innsigli á festingu eða umbúðirnar sjálfar eyðileggist þegar þær eru opnaðar. Heimilt er að nota sekki með loka.

4. Olíuupptaka eingilds eða fjölgilds fasts ólífræns köfnunarefnisríks ammóníumnítratáburðar með meginnæringarefnum eftir tvær hitameðferðir, eins og lýst er í lið 4.1 í aðferðareiningu A1 í II. hluta IV. viðauka, má ekki fara yfir 4% miðað við massa.

5. Sprengiþol eingilds eða fjölgilds fasts ólífræns köfnunarefnisríks ammóníumnítratáburðar með meginnæringarefnum skal vera þannig að:

   — eftir fimm hitameðferðir, eins og lýst er í lið 4.3 í aðferðareiningu A1 í II. hluta IV. viðauka,

   — í tveimur prófunum á sprengiþoli, eins og lýst er í lið 4.4 í aðferðareiningu A1 í II. hluta IV. viðauka,

   aflagist einn eða fleiri undirstöðublýhólkar minna en 5%.

6. % miðað við massa af eldfimu efni, mælt sem kolefni (C), má ekki fara yfir:

   — 0,2% að því er varðar eingildan eða fjölgildan fastan ólífrænan köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð með meginnæringarefnum, sem inniheldur a.m.k. 31,5% af köfnunarefni (N) miðað við massa, og

   — 0,4% að því er varðar eingildan eða fjölgildan fastan ólífrænan köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð með meginnæringarefnum sem inniheldur a.m.k. 28% en minna en 31,5% af köfnunarefni miðað við massa.

7. Sýrustig lausnar með 10 g af eingildum eða fjölgildum föstum ólífrænum köfnunarefnisríkum ammóníumnítratáburði með meginnæringarefnum í 100 ml af vatni verður að nema a.m.k. 4,5.

8. Í mesta lagi 5% miðað við massa skal fara í gegnum sigti með 1 mm möskvum og ekki meira en 3% miðað við massa skal fara í gegnum sigti með 0,5 mm möskvum.

9. Koparinnihald (Cu) skal ekki fara yfir 10 mg/kg og klórinnihald (Cl) skal ekki fara yfir 200 mg/kg.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.b: FLJÓTANDI ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

Fljótandi ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal vera í fljótandi formi.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.b.i: EINGILDUR FLJÓTANDI ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Eingildur, fljótandi, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal vera með uppgefið innihald af:

   a) einungis einu meginnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K), kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)) eða

b) einungis einu aðalnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)) og einu eða fleiri aukanæringarefnum (kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)).

2. Ef eingildur, fljótandi, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum inniheldur einungis eitt meginnæringarefni sem gefið er upp (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K), kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)) skal innihald þess meginnæringarefnis vera a.m.k. sem hér segir:

a) 5% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

b) 5% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa,

c) 3% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa,

d) 2% af heildarmagni magnesíumoxíðs (MgO) miðað við massa,

e) 6% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa,

f) 5% af heildarmagni brennisteinstríoxíðs (SO_3) miðað við massa eða

g) 1% af heildarmagni natríumoxíðs (Na_2O) miðað við massa.

Þó skal heildarmagn natríumoxíðinnihaldsins (Na_2O) ekki fara yfir 40% miðað við massa.

Ef eingildur, fljótandi, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum inniheldur einungis eitt aðalnæringarefni sem gefið er upp (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)) og eitt eða fleiri aukanæringarefni sem gefin eru upp (kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennistein (S)):

a) skal innihald þessa aðalnæringarefnis a.m.k. vera sem hér segir:

i. 1,5% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

ii. 1,5% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa eða

iii. 1,5% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa og

b) skal innihald þess eða þeirra aukanæringarefna a.m.k. vera sem hér segir:

i. 0,75% af heildarmagni magnesíumoxíðs (MgO) miðað við massa,

ii. 0,75% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa,

iii. 0,75% af heildarmagni brennisteinstríoxíðs (SO_3) miðað við massa eða

iv. 0,5% af heildarmagni natríumoxíðs (Na_2O) miðað við massa.

Þó skal heildarmagn natríumoxíðinnihaldsins (Na_2O) ekki fara yfir 20% miðað við massa.

Summa allra aðal- og aukanæringarefna sem gefin eru upp skal vera a.m.k. 7% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.b.ii: FJÖLGILDUR, FLJÓTANDI ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Fjölgildur, fljótandi, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal vera með uppgefið innihald af:

a) fleiri en einu aðalnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)) eða

b) fleiri en einu aukanæringarefni (kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S)) og engin aðalnæringarefni (köfnunarefni (N), fosfór (P), kalíum (K)).

2. Fjölgildur, fljótandi, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal innihalda fleiri en eitt af eftirfarandi uppgefnum næringarefnum í a.m.k. því magni sem hér segir:

a) 1,5% af heildarmagni köfnunarefnis (N) miðað við massa,

b) 1,5% af heildarmagni fosfórpentoxíðs (P_2O_5) miðað við massa,

c) 1,5% af heildarmagni kalíumoxíðs (K_2O) miðað við massa,

d) 0,75% af heildarmagni magnesíumoxíðs (MgO) miðað við massa,

e) 0,75% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa,

f) 0,75% af heildarmagni brennisteinstríoxíðs (SO_3) miðað við massa eða

g) 0,5% af heildarmagni natríumoxíðs (Na_2O) miðað við massa.

Þó skal heildarmagn natríumoxíðinnihaldsins (Na_2O) ekki fara yfir 20% miðað við massa.

Summa alls næringarefnainnihalds sem gefið er upp skal vera a.m.k. 7% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.II: ÓLÍFRÆNN SNEFILEFNAÁBURÐUR

1. Ólífrænn snefilefnaáburður skal vera ólífrænn áburður, annar en ólífrænn áburður með meginnæringarefnum, sem miðar að því að veita plöntum eða sveppum eitt eða fleiri af eftirfarandi snefilefnum: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) eða sink (Zn).

2. Ólífrænn snefilefnaáburður skal einungis boðinn endanlegum notanda í umbúðum.

3. Aðskotaefni í ólífrænum snefilefnaáburði mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

Aðskotaefni	Viðmiðunarmörk fyrir aðskotaefni, gefin upp í mg, með tilliti til heildarinnihalds snefilefna, gefið upp í kg (mg/kg af heildarinnihaldi snefilefna sem merkir bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn))
Arsen (As)	1 000
Kadmíum (Cd)	200
Blý (Pb)	600
Kvikasilfur (Hg)	100
Nikkel (Ni)	2 000

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.II.a: EINGILDUR ÓLÍFRÆNN SNEFILEFNAÁBURÐUR

1. Í uppgefnu snefilefnainnihaldi í eingildum ólífrænum snefilefnaáburði skal ekki vera nema eitt snefilefni.

2. Eingildur, ólífrænn snefilefnaáburður skal tilheyra einni formgerðarflokkun og skal vera í samræmi við samsvarandi lýsingu og kröfur um lágmarksinnihald snefilefna í eftirfarandi töflu:

Formgerðarflokkun	Lýsing	Lágmarksinnihald snefilefna
Áburður með snefilefnasöltum	Eingildur, fastur, ólífrænn snefilefnaáburður, framleiddur á efnafræðilegan hátt, sem inniheldur ólífrænt jónasalt (e. *ion salt*) sem undirstöðuefni.	10%, miðað við massa, af áburði með snefilefnasöltum skulu samanstanda af vatnsleysanlegum snefilefnum.
Snefilefnaáburður með oxíði eða hýdroxíði	Eingildur, fastur, ólífrænn snefilefnaáburður, framleiddur á efnafræðilegan hátt, sem inniheldur oxíð eða hýdroxíð sem undirstöðuefni	10%, miðað við massa, af snefilefnaáburði með oxíði eða hýdroxíði skulu samanstanda af snefilefnum
Áburður að stofni til úr snefilefnum	Eingildur, ólífrænn snefilefnaáburður sem sameinar snefilefnaáburð með salti og einn annan eða fleiri snefilefnaáburði með salti og/eða með eingildu snefilefnaklósambandi	5%, miðað við massa, af áburði, að stofni til úr snefilefnum, skulu samanstanda af snefilefnum
Áburður með snefilefnalausn	Vatnslausn með mismunandi formum af eingildum ólífrænum snefilefnaáburði	2%, miðað við massa, af áburði með snefilefnalausn skulu samanstanda af vatnsleysanlegum snefilefnum
Snefilefnaáburðarsviflausn	Sviflausn með mismunandi formum af eingildum ólífrænum snefilefnaáburði	2%, miðað við massa, af snefilefnaáburðarsviflausn skulu samanstanda af snefilefnum
Klóbundinn snefilefnaáburður	Vatnsleysanlegur eingildur ólífrænn snefilefnaáburður þar sem snefilefnin, sem gefin eru upp, eru efnafræðilega tengd klóbindli eða -bindlum sem uppfylla kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka	— 5%, miðað við massa, af klóbundnum snefilefnaáburði skulu samanstanda af vatnsleysanlegum snefilefnum og — að minnsta kosti 80% af vatnsleysanlegum snefilefnum skulu klóbundin með klóbindli sem uppfyllir kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. Viðauka
UVCB ([1])-járnklósambönd	Vatnsleysanlegur eingildur ólífrænn snefilefnaáburður þar sem járn, sem gefið er upp, er efnafræðilega tengt klóbindli eða –bindlum sem uppfylla kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka	— 5%, miðað við massa, af UVCB-járnklósamböndum skulu samanstanda af vatnsleysanlegu járni og — að minnsta kosti 80% af vatnsleysanlegu járni skal vera klóbundið og a.m.k. 50% af vatnsleysanlegu járni skal klóbundið með klóbindli sem uppfyllir kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka
Samþættur snefilefnaáburður	Vatnsleysanlegur eingildur ólífrænn snefilefnaáburður þar sem snefilefnin, sem gefin eru upp, eru efnafræðilega tengd bindli eða bindlum sem uppfylla kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka	— 5%, miðað við massa, af samþættum snefilefnaáburði skulu samanstanda af vatnsleysanlegum snefilefnum og — að minnsta kosti 80% af vatnsleysanlegum snefilefnum skulu flókabundin með bindli sem uppfyllir kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka

([1]) UVCB-efni: Efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.II.b: FJÖLGILDUR ÓLÍFRÆNN SNEFILEFNAÁBURÐUR

1. Í uppgefnu innihaldi í fjölgildum, ólífrænum snefilefnaáburði skulu vera fleiri en eitt snefilefni.

2. Summan af öllu innihaldi snefilefna í fjölgildum ólífrænum snefilefnaáburði sem gefið er upp skal a.m.k. vera:

   a) 2%, miðað við massa, fyrir áburð í fljótandi formi,

   b) 5%, miðað við massa, fyrir áburð í föstu formi.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 2: KÖLKUNAREFNI

1. Kölkunarefni skal vera ESB-áburðarvara sem hefur það hlutverk að lagfæra sýrustig jarðvegs.

   Kölkunarefni skal innihalda oxíð, hýdroxíð, karbónöt eða sílíköt af næringarefnunum kalsíumi (Ca) eða magnesíumi (Mg).

2. Aðskotaefni í kölkunarefni mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

   (a) kadmíum (Cd): 2 mg/kg þurrefnis,

   (b) sexgilt króm (Cr VI): 2 mg/kg þurrefnis,

   (c) kvikasilfur (Hg): 1 mg/kg þurrefnis,

   (d) nikkel (Ni): 90 mg/kg þurrefnis,

   (e) blý (Pb): 120 mg/kg þurrefnis,

   (f) arsen (As): 40 mg/kg þurrefnis.

3. Koparinnihald (Cu) í kölkunarefni má ekki fara yfir 300 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í kölkunarefni má ekki fara yfir 800 mg/kg þurrefnis.

4. Eftirfarandi breytur, sem eru ákvarðaðar á grundvelli massa kölkunarefnis, skulu uppfylltar:

   a) lægsta hlutleysingargildi: 15 (jafngildi CaO) eða 9 (jafngildi HO-),

   b) hvarfgirni að lágmarki: 10% (saltsýruprófun) eða 50% eftir 6 mánuði (viðstöðuprófun) og

   c) lágmarkskornastærð: a.m.k. 70% < 1 mm, að undanskildu brenndu kalki, kornuðu kölkunarefni og kalksteini (a.m.k. 70% af kölkunarefni skal fara í gegnum sigti með 1 mm möskvum).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 3: JARÐVEGSBÆTIR

Jarðvegsbætir skal vera ESB-áburðarvara sem hefur það hlutverk að viðhalda, bæta eða vernda eðlisræna eða efnafræðilega eiginleika, byggingu eða lífvirkni jarðvegsins sem honum er bætt í.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 3.A: LÍFRÆNN JARÐVEGSBÆTIR

1. Lífrænn jarðvegsbætir skal samanstanda af efni; þar af eru 95% efnisins eingöngu af líffræðilegum uppruna.

   Lífrænn jarðvegsbætir má innihalda mó, leónardít og brúnkol en engin önnur efni sem eru steingerð eða greypt í jarðmyndanir.

2. Aðskotaefni í lífrænum jarðvegsbæti mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

(a) kadmíum (Cd): 2 mg/kg þurrefnis,

(b) sexgilt króm (Cr VI): 2 mg/kg þurrefnis,

(c) kvikasilfur (Hg): 1 mg/kg þurrefnis,

(d) nikkel (Ni): 50 mg/kg þurrefnis,

(e) blý (Pb): 120 mg/kg þurrefnis og

(f) ólífrænt arsen (As): 40 mg/kg þurrefnis.

3. Koparinnihald (Cu) í lífrænum jarðvegsbæti má ekki fara yfir 300 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í lífrænum jarðvegsbæti má ekki fara yfir 800 mg/kg þurrefnis.

4. Sjúkdómsvaldar í lífrænum jarðvegsbæti mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

5. Lífrænn jarðvegsbætir skal innihalda 20% af þurrefni eða meira.

6. Innihald lífræns kolefnis (C_{org}) í lífrænum jarðvegsbæti skal vera a.m.k. 7,5% miðað við massa.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 3.B: ÓLÍFRÆNN JARÐVEGSBÆTIR

1. Ólífrænn jarðvegsbætir skal vera annar jarðvegsbætir en lífrænn jarðvegsbætir.

2. Aðskotaefni í ólífrænum jarðvegsbæti mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

(a) kadmíum (Cd): 1,5 mg/kg þurrefnis,

(b) sexgilt króm (Cr VI): 2 mg/kg þurrefnis,

(c) kvikasilfur (Hg): 1 mg/kg þurrefnis,

(d) nikkel (Ni): 100 mg/kg þurrefnis,

(e) blý (Pb): 120 mg/kg þurrefnis,

(f) ólífrænt arsen (As): 40 mg/kg þurrefnis.

3. Koparinnihald (Cu) í ólífrænum jarðvegsbæti má ekki fara yfir 300 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í ólífrænum jarðvegsbæti má ekki fara yfir 800 mg/kg þurrefnis.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 4: RÆKTUNAREFNI

1. Ræktunarefni skal vera ESB-áburðarvara, önnur en jarðvegur á notkunarstað, sem hefur það hlutverk að plöntur eða sveppir vaxa í því.

   Að því er varðar þennan lið teljast þörungar með plöntum.

2. Aðskotaefni í ræktunarefni mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

   (a) kadmíum (Cd): 1,5 mg/kg þurrefnis,

   (b) sexgilt króm (Cr VI): 2 mg/kg þurrefnis,

   (c) kvikasilfur (Hg): 1 mg/kg þurrefnis,

   (d) nikkel (Ni): 50 mg/kg þurrefnis,

   (e) blý (Pb): 120 mg/kg þurrefnis og

   (f) ólífrænt arsen (As): 40 mg/kg þurrefnis.

3. Koparinnihald (Cu) í ræktunarefni má ekki fara yfir 200 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í ræktunarefni má ekki fara yfir 500 mg/kg þurrefnis.

4. Sjúkdómsvaldar í ræktunarefni mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

   þar sem:

   n = fjöldi sýna sem prófa skal,

   c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

   m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

   M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5: LATI

Lati skal vera ESB-áburðarvara sem hefur það hlutverk að bæta næringarefnalosunarmynstur vöru sem veitir plöntum næringu með því að tefja eða stöðva virkni tiltekinna hópa örvera eða ensíma.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5.A: NÍTRUNARLATI

1. Nítrunarlati skal letja líffræðilega oxun ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) í nítrítköfnunarefni (NO_2-) og hægja þannig á myndun nítrítköfnunarefnis (NO_3-).

2. Oxunarhraði ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) skal mældur með:

   a) hvarfi ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) eða

b) heildarframleiðslu á nítrítköfnunarefni og nítratköfnunarefni með hliðsjón af tíma.

Jarðvegssýni sem inniheldur nítrunarlata skal sýna 20% minnkun á oxunarhraða ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem nítrunarlata hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5.B: AFNÍTRUNARLATI

1. Afnítrunarlati skal letja myndun nituroxíðs (N_2O) með því að hægja á eða tálma umbreytingu nítrats (NO_3-) yfir í tvíköfnunarefni (N_2) án þess að hafa áhrif á nítrunarferlið eins og lýst er í vöruvirkniflokki 5.A.

2. Prófun í glasi sem inniheldur afnítrunarlata skal sýna 20% minnkun á losunarhraða nituroxíðs (N_2O) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem afnítrunarlata hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5.C: ÚREASALATI

1. Úreasalati skal letja vatnsrofsvirkni á þvagefni (CH_4N_2O) með úreasaensími sem beinist fyrst og fremst að því að minnka uppgufun ammoníaks.

2. Prófun í glasi sem inniheldur úreasalata skal sýna 20% minnkun á vatnsrofshraða þvagefnis (CH_4N_2O) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem úreasalata hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6: PLÖNTULÍFÖRVI

1. Plöntulíförvi skal vera ESB-áburðarvara sem hefur það hlutverk að örva næringarvinnslu plantna, óháð næringarefnainnihaldi vörunnar, með það eitt að markmiði að bæta einn eða fleiri af eftirfarandi eiginleikum plöntunnar eða rótarhvolfs plöntunnar:

   a) næringarefnanýtni,

   b) þol gegn álagi án tilstillis lífvera,

   c) gæðaeiginleika eða

   d) aðgengileika næringarefna sem eru innilokuð í jarðveginum eða rótarhvolfinu.

2. Aðskotaefni í plöntulíförva mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

(a)	kadmíum (Cd):	1,5 mg/kg þurrefnis,
(b)	sexgilt króm (Cr VI):	2 mg/kg þurrefnis,
(c)	blý (Pb):	120 mg/kg þurrefnis,
(d)	kvikasilfur (Hg):	1 mg/kg þurrefnis,
(e)	nikkel (Ni):	50 mg/kg þurrefnis og
(f)	ólífrænt arsen (As):	40 mg/kg þurrefnis.

3. Koparinnihald (Cu) í plöntulíförva má ekki fara yfir 600 mg/kg þurrefnis og sinkinnihald (Zn) í plöntulíförva má ekki fara yfir 1 500 mg/kg þurrefnis.

4. Plöntulíförvi skal hafa þau áhrif sem eru fullyrt á merkimiðanum varðandi þær plöntur sem þar eru tilgreindar.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6.A: ÖRVERUFRÆÐILEGUR PLÖNTULÍFÖRVI

1. Örverufræðilegur plöntulíförvi skal samanstanda af örveru eða hópi örvera sem um getur í efnisþáttaefniviðaflokki 7 í II. hluta II. viðauka.

2. Sjúkdómsvaldar í örverufræðilegum plöntulíförva mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur/eiturefni þeirra, umbrotsefni	Sýnatökuáætlanir		Viðmiðunarmörk
	n	c	
Salmonella spp.	5	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli	5	0	Finnst ekki í 1 g eða 1 ml
Listeria monocytogenes	5	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Vibrio spp.	5	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Shigella spp.	5	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Staphylococcus aureus	5	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Enterococcaceae	5	2	10 CFU/g
Fjöldi örvera við loftfirrð skilyrði nema örverufræðilegi plöntulíförvinn sé loftháð baktería	5	2	10^5 CFU/g eða ml
Gersveppir og myglusveppir teljast með nema örverufræðilegi plöntulíförvinn sé sveppur	5	2	1000 CFU/g eða ml

þar sem:

n = fjöldi eininga sem mynda sýnið,

c = fjöldi úrtakseininga með gildi sem eru yfir skilgreindum mörkum.

3. Ef örverufræðilegur plöntulíförvi er í fljótandi formi skal sýrustig plöntulíförvans vera ákjósanlegt fyrir örverurnar sem hann inniheldur og fyrir plöntur.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6.B: PLÖNTULÍFÖRVI SEM ER EKKI ÖRVERUFRÆÐILEGUR

1. Plöntulíförvi, sem er ekki örverufræðilegur, skal vera annar plöntulíförvi en örverufræðilegur plöntulíförvi.

2. Sjúkdómsvaldar í plöntulíförva, sem er ekki örverufræðilegur, mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 7: ÁBURÐARVÖRUBLANDA

1. Áburðarvörublanda skal vera ESB-áburðarvara sem er samsett úr tveimur eða fleiri ESB-áburðarvörum sem eru í vöruvirkniflokki 1 til 6, sem sýnt hefur verið fram á, að því er varðar hvern efnisþátt ESB-áburðarvöru í blöndunni, að uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð í samræmi við þá samræmismatsaðferð sem gildir fyrir þann efnisþátt ESB-áburðarvörunnar.
2. Blöndunin skal ekki breyta eðli neins efnisþáttar ESB-áburðarvörunnar og skal ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði manna, dýra eða plantna eða á öryggi eða á umhverfið við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði við geymslu eða notkun á áburðarvörublöndunni.
3. Framleiðandi blöndunnar skal meta samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. og 2. lið í þessum vöruvirkniflokki, tryggja að blandan samrýmist kröfum um merkingar sem mælt er fyrir um í III. viðauka og taka á sig ábyrgð skv. 4. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar að blandan samrýmist kröfunum í þessari reglugerð með því að:
   a) semja ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir áburðarvörublönduna í samræmi við 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar og
   b) hafa í vörslu sinni ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hvern efnisþátt ESB-áburðarvaranna.
4. Markaðsaðilar sem bjóða áburðarvörublöndur fram á markaði skulu fara að eftirfarandi ákvæðum þessarar reglugerðar að því er varðar ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hvern efnisþátt ESB-áburðarvöru sem og fyrir blönduna:
   a) ákvæðum 3. mgr. 6. gr. (skylda framleiðanda að geyma ESB-samræmisyfirlýsinguna),
   b) ákvæðum a-liðar 2. mgr. 7. gr. (skylda viðurkennds fulltrúa að geyma ESB-samræmisyfirlýsinguna),
   c) ákvæðum 8. mgr. 8. gr. (skylda innflytjenda að hafa afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni tiltækt fyrir markaðseftirlitsyfirvöld).

———

II. VIÐAUKI

Efnisþáttaefniviðaflokkar

ESB-áburðarvara skal eingöngu samanstanda af efnisþáttaefniviðum sem samrýmast kröfum fyrir einn efnisþáttaefniviðaflokk eða fleiri sem eru tilgreindir í þessum viðauka.

Efnisþáttaefniviðir og ílagsefniviðir sem eru notaðir til að framleiða þá skulu ekki innihalda nein þeirra efna sem hámarksgildi eru tilgreind fyrir í I. viðauka í því magni að það tefli í tvísýnu samræmi ESB-áburðarvörunnar við gildandi kröfur í þeim viðauka.

I. HLUTI

HEITI EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKA

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 1: Efni og blöndur úr nýjum efniviði

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 2: Plöntur, plöntuhlutar eða plöntuútdrættir

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 3: Molta

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 4: Melta úr nýjum nytjaplöntum

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 5: Melta, önnur en melta úr nýjum nytjaplöntum

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 6: Aukaafurðir úr matvælaiðnaðinum

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 7: Örverur

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 8: Næringarefnafjölliður

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 9: Fjölliður, aðrar en næringarefnafjölliður

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 10: Afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 11: Aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB

II. HLUTI

KRÖFUR Í TENGSLUM VIÐ EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKA

Í þessum hluta eru skilgreindir þeir efnisþáttaefniviðir sem ESB-áburðarvörur skulu eingöngu samsettar úr.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 1: EFNI OG BLÖNDUR ÚR NÝJUM EFNIVIÐI

1. ESB-áburðarvara má innihalda efni og blöndur, þó ekki ([1]):

   a) úrgang í skilningi tilskipunar 2008/98/EB,

   b) efni eða blöndur sem eru hættar að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

   c) efni sem eru mynduð úr forefnum sem eru hætt að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB eða blöndur sem innihalda slík efni,

([1]) Þó að efni sé undanskilið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 kemur það ekki í veg fyrir að efnið sé tækt sem efnisþáttaefniviður í krafti annars efnisþáttaefniviðaflokks þar sem mælt er fyrir um aðrar kröfur. Sjá t.d. efnisþáttaefniviðaflokk 3 um moltu, efnisþáttaefniviðaflokka 4 og 5 um meltu, efnisþáttaefniviðaflokka 8 og 9 um fjölliður, efnisþáttaefniviðaflokk 10 um afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða efnisþáttaefniviðaflokk 11 um aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB.

d) aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB,

e) aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

f) fjölliður,

g) moltu eða

h) meltu.

2. Öll efni sem eru sett í ESB-áburðarvöru, ein og sér eða í blöndu, skulu hafa verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([2]) ásamt málsskjölum sem innihalda:

a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema það falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð.

3. Ef efninu eða einu af efnunum í blöndunni er ætlað að bæta langtímaaðgengi plantna að snefilefnum í ESB-áburðarvöru skal þetta efni annaðhvort vera klóbindill eða bindill og eftirfarandi reglur skulu gilda:

a) Klóbindillinn skal vera lífrænt efni sem samanstendur af sameind sem:

i. er með tvö eða fleiri svæði sem gefa rafeindapör í miðlæga hliðarmálmplúsjón (sink (Zn), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), magnesíum (Mg), kalsíum (Ca) eða kóbalt (Co)) og

ii. er nógu stór til að mynda fimm- eða sexliða hringaða formgerð.

ESB-áburðarvaran skal haldast stöðug í staðlaðri Hoagland-lausn við pH-gildin 7 og 8 í a.m.k. 3 daga.

b) Bindillinn skal vera lífrænt efni sem myndar flata eða rúmlæga (e. *steric*) formgerð með ein-, tví- eða þrígildri hliðarmálmplúsjón (sink (Zn), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn) eða kóbalt (Co)).

ESB-áburðarvaran skal haldast stöðug í vatnslausn við pH-gildin 6 og 7 í a.m.k. 1 dag.

4. Ef efninu eða einu af efnunum í blöndunni er ætlað að bæta næringarefnalosunarmynstur ESB-áburðarvöru með því að tefja eða stöðva virkni tiltekinna hópa örvera eða ensíma skal þetta efni vera nítrunarlati, afnítrunarlati eða úreasalati og eftirfarandi reglur skulu gilda:

a) Nítrunarlatinn skal letja líffræðilega oxun ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) í nítrítköfnunarefni (NO_2-) og hægja þannig á myndun nítrítköfnunarefnis (NO_3-).

Oxunarhraði ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) skal annaðhvort mældur með:

i. hvarfi ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH3-N) eða

ii. heildarframleiðslu á nítrítköfnunarefni og nítratköfnunarefni með hliðsjón af tíma.

Jarðvegssýni sem inniheldur nítrunarlata skal sýna 20% minnkun á oxunarhraða ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem nítrunarlata hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

([2]) Ef um er að ræða efni sem er endurnýtt í Evrópusambandinu er þetta skilyrði uppfyllt ef efnið er það sama, í skilningi i. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og efni sem er skráð ásamt málsskjölum sem innihalda upplýsingarnar sem hér eru tilgreindar og ef upplýsingar eru tiltækar fyrir framleiðanda áburðarvörunnar í skilningi ii. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Að minnsta kosti 50% af heildarinnihaldi köfnunarefnis (N) í ESB-áburðarvöru skal samanstanda af köfnunarefnisformunum ammóníumi (NH_4^+) og þvagefni (CH_4N_2O).

b) Afnítrunarlatinn skal letja myndun nituroxíðs (N_2O) með því að hægja á eða tálma umbreytingu nítrats (NO_3-) yfir í tvíköfnunarefni (N_2) án þess að hafa áhrif á nítrunarferlið eins og lýst er í vöruvirkniflokki 5.A.

Prófun í glasi sem inniheldur afnítrunarlata skal sýna 20% minnkun á losunarhraða nituroxíðs (N_2O) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem afnítrunarlata hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

c) Úreasalatinn skal letja vatnsrofsvirkni á þvagefni (CH_4N_2O) með úreasaensími sem beinist fyrst og fremst að því að minnka uppgufun ammoníaks. Prófun í glasi sem inniheldur úreasalata skal sýna 20% minnkun á vatnsrofshraða þvagefnis (CH_4N_2O) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem úreasalata hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

Að minnsta kosti 50% af heildarinnihaldi köfnunarefnis (N) í ESB-áburðarvöru skal samanstanda af köfnunarefnisforminu þvagefni (CH_4N_2O).

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 2: PLÖNTUR, PLÖNTUHLUTAR EÐA PLÖNTUÚTDRÆTTIR

ESB-áburðarvara má innihalda plöntur, plöntuhluta eða plöntuútdrætti sem hafa ekki farið í gegnum í aðra vinnslu en skurð, mulning, mölun, sigtun, skiljun, pressun, þurrkun, frystimeðhöndlun, frostþurrkun eða útdrátt með vatni eða útdrátt með koltvísýringi (CO_2) í yfirmarksástandi.

Að því er varðar þennan lið teljast sveppir og þörungar til plantna en blágrænir þörungar (blábakteríur) eru undanskildir.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 3: MOLTA

1. ESB-áburðarvara má innihalda moltu sem fæst með loftháðri myltingu á einungis einum eða fleiri eftirtöldum ílagsefniviðum:

a) lífúrgangi í skilningi tilskipunar 2008/98/EB sem kemur úr aðskildri söfnun á lífúrgangi við upptök,

b) afleiddum afurðum, sem um getur í 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður fyrir í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar,

c) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki:

— lífrænum hluta af blönduðu húsasorpi sveitarfélaga, aðskilið með vélrænni, eðlisefnafræðilegi, lífrænni og/eða handvirkri meðhöndlun.

— skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni og

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem enginn endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður fyrir í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar,

d) myltingaraukefnum sem eru nauðsynleg til að bæta vinnsluafköst eða umhverfisárangur myltingarferlisins að því tilskildu að:

i. aukefnið er skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([3]) ásamt málsskjölum sem innihalda:

— upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

([3]) Ef um er að ræða aukefni sem er endurnýtt í Evrópusambandinu er þetta skilyrði uppfyllt ef aukefnið er það sama, í skilningi i. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og efni sem er skráð ásamt málsskjölum sem innihalda upplýsingarnar sem hér eru tilgreindar og ef upplýsingar eru tiltækar fyrir framleiðanda áburðarvörunnar í skilningi ii. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

— efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema það falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð og

ii. heildarstyrkur allra aukefna fari ekki yfir 5% af heildarþyngd ílagsefniviða eða

e) sérhverjum efniviði sem er tilgreindur í a-, b- eða c-lið sem:

i. hefur áður verið myltur eða meltur og

ii. inniheldur í mesta lagi 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} ([4]).

2. Myltingin skal fara fram í stöð:

a) þar sem framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. lið, eru greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum en þeim sem um getur í 1. lið og

b) þar sem komist er hjá beinni snertingu milli ílags- og frálagsefniviða, þ.m.t. meðan á geymslu stendur.

3. Loftháð mylting skal samanstanda af stýrðu niðurbroti lífbrjótanlegra efniviða sem er að mestu loftháð og sem gerir það kleift, með líffræðilega framleiddum varma, að ná hitastigi sem hentar fyrir hitakærar bakteríur. Annaðhvort skal færa til og snúa öllum hlutum hverrar framleiðslulotu reglulega og vandlega eða beita knúinni loftræstingu á þá til að tryggja rétt hreinlæti og einsleitni efniviðarins. Meðan myltingarferlið stendur yfir skal hver hluti hverrar framleiðslulotu vera samkvæmt einu af eftirfarandi hitastigs-/tímasniðum:

— 70 °C eða meira í a.m.k. 3 daga,

— 65 °C eða meira í a.m.k. 5 daga,

— 60 °C eða meira í a.m.k. 7 daga eða

— 55 °C eða meira í a.m.k. 14 daga.

4. Moltan skal innihalda:

a) í mesta lagi 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} ([5]),

b) í mesta lagi 3 g/kg þurrefnis af stórsæjum óhreinindum yfir 2 mm á einhverju af eftirfarandi formi: gler, málmur eða plast, og

c) í mesta lagi 5 g/kg þurrefnis af summu stórsæju óhreinindanna sem um getur í b-lið.

Frá og með 16. júlí 2026 má plast sem er yfir 2 mm innan hámarksgildisins sem um getur í b-lið ekki vera fyrir hendi í meira magni en sem nemur 2,5 g/kg þurrefnis. Eigi síðar en 16. júlí 2029 skal endurmeta viðmiðunarmörkin 2,5 g/kg þurrefnis fyrir plast sem er yfir 2 mm til að taka tillit til framfara sem orðið hafa að því er varðar aðgreinda söfnun lífúrgangs.

5. Moltan skal uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum um stöðugleika:

a) Hraði súrefnisupptöku:

— Skilgreining: mælikvarði á það að hvaða marki lífbrjótanlegt lífrænt efni brotnar niður á tilteknu tímabili. Aðferðin hentar ekki fyrir efni þar sem magn agna sem eru stærri en > 10 mm fer yfir 20%.

([4]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

([5]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

— Viðmiðun: að hámarki 25 mmól O_2/kg af lífrænu efni/klst eða

b) Sjálfhitunarstuðull:

— Skilgreining: hámarkshitastig sem næst í moltu við staðalskilyrði sem mælikvarði á loftháða lífvirkni hennar.

— Viðmiðun: að lágmarki rottegrad III.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 4: MELTA ÚR NÝJUM NYTJAPLÖNTUM

1. ESB-áburðarvara má innihalda meltu sem fæst með loftfirrðri meltun á einungis einum eða fleiri eftirtöldum ílagsefniviðum:

a) plöntum eða plöntuhlutum sem eru ræktaðir til að framleiða lífgas. Að því er varðar þennan lið teljast þörungar til plantna en blágrænir þörungar (blábakteríur) eru undanskildir,

b) meltunaraukefnum sem þörf er á til að bæta vinnsluafköst eða umhverfisárangur meltunarferlisins að því tilskildu að:

i. aukefnið er skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([6]) ásamt málsskjölum sem innihalda:

— upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

— efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema það falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð og

ii. heildarstyrkur allra aukefna fari ekki yfir 5% af heildarþyngd ílagsefniviða eða

c) sérhverju efni, sem um getur í a-lið, sem hefur áður verið melt.

2. Loftfirrð meltun skal fara fram í stöð:

a) þar sem framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. lið, eru greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum en þeim sem um getur í 1. lið og

b) þar sem komist er hjá beinni snertingu milli ílags- og frálagsefniviða, þ.m.t. meðan á geymslu stendur.

3. Loftfirrð meltun skal samanstanda af stýrðu niðurbroti lífbrjótanlegra efniviða sem er að mestu loftfirrt og við hitastig sem hentar fyrir miðsæknar eða hitakærar bakteríur. Öllum hlutum hverrar framleiðslulotu skal snúið reglulega og vandlega til að tryggja rétt hreinlæti og einsleitni efniviðarins. Meðan meltunarferlið stendur yfir skal hver hluti hverrar framleiðslulotu vera samkvæmt einu af eftirfarandi hitastigs-/tímasniðum:

a) hitakær loftfirrð meltun við 55 °C í a.m.k. 24 klst. og þar á eftir vökvarástími í a.m.k. 20 daga,

b) hitakær loftfirrð meltun við 55 °C með meðhöndlunarferli sem felur í sér gerilsneyðingu eins og lýst er í 1. lið 1. þáttar I. kafla V. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([7]),

c) hitakær loftfirrð meltun við 55 °C og þar á eftir mylting við:

— 70 °C eða meira í a.m.k. 3 daga,

([6]) Ef um er að ræða aukefni sem er endurnýtt í Evrópusambandinu er þetta skilyrði uppfyllt ef aukefnið er það sama, í skilningi i. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og efni sem er skráð ásamt málsskjölum sem innihalda upplýsingarnar sem hér eru tilgreindar og ef upplýsingar eru tiltækar fyrir framleiðanda áburðarvörunnar í skilningi ii. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

— 65 °C eða meira í a.m.k. 5 daga,

— 60 °C eða meira í a.m.k. 7 daga eða

— 55 °C eða meira í a.m.k. 14 daga,

d) miðsækin loftfirrð meltun við 37–40 °C með meðhöndlunarferli sem felur í sér gerilsneyðingu eins og lýst er í 1. lið 1. þáttar I. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eða

e) miðsækin loftfirrð meltun við 37–40 °C og síðan mylting við:

— 70 °C eða meira í a.m.k. 3 daga,

— 65 °C eða meira í a.m.k. 5 daga,

— 60 °C eða meira í a.m.k. 7 daga eða

— 55 °C eða meira í a.m.k. 14 daga.

4. Bæði fastur og fljótandi hluti meltunnar skal uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum um stöðugleika:

a) Hraði súrefnisupptöku:

— Skilgreining: mælikvarði á það að hvaða marki lífbrjótanlegt lífrænt efni brotnar niður á tilteknu tímabili. Aðferðin hentar ekki fyrir efni þar sem magn agna sem eru stærri en > 10 mm fer yfir 20%.

— Viðmiðun: að hámarki 25 mmól O_2/kg af lífrænu efni/klst eða

b) Lífgasleifamáttur:

— Skilgreining: mælikvarði á gas sem losnar frá meltu á 28 daga tímabili og er mælt með samanburði við rokgjörn föst efni sem eru í sýninu. Prófunin er gerð þrisvar og meðaltalsniðurstöður notaðar til að sýna fram á að farið sé að viðmiðuninni. Rokgjörn föst efni eru þau föstu efni í sýni af efniviði sem tapast við glæðingu fastra þurrefna við 550 °C.

— Viðmiðun: að hámarki 0,25 l lífgas/g af rokgjörnum föstum efnum.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 5: MELTA, ÖNNUR EN MELTA ÚR NÝJUM NYTJAPLÖNTUM

1. ESB-áburðarvara má innihalda meltu sem fæst með loftfirrðri meltun á einungis einum eða fleiri eftirtöldum ílagsefniviðum:

a) lífúrgangi í skilningi tilskipunar 2008/98/EB sem kemur úr aðskildri söfnun á lífúrgangi við upptök,

b) afleiddum afurðum, sem um getur í 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður fyrir í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar,

c) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki:

i. lífrænum hluta af blönduðu húsasorpi sveitarfélaga, aðskilið með vélrænni, eðlisefnafræðilegi, lífrænni og/eða handvirkri meðhöndlun.

ii. skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni,

iii. aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem enginn endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður fyrir í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar,

d) meltunaraukefnum sem eru nauðsynleg til að bæta vinnsluafköst eða umhverfisárangur meltunarferlisins að því tilskildu að:

i. aukefnið er skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([8]) ásamt málsskjölum sem innihalda:

— upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

— efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema það falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð og

ii. heildarstyrkur allra aukefna fari ekki yfir 5% af heildarþyngd ílagsefniviða eða

e) sérhverjum efniviði sem er tilgreindur í a-, b- eða c-lið sem:

i. hefur áður verið myltur eða meltur og

ii. inniheldur í mesta lagi 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} ([9]).

2. Loftfirrð meltun skal fara fram í stöð:

a) þar sem framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. lið, eru greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum en þeim sem um getur í 1. lið og

b) þar sem komist er hjá beinni snertingu milli ílags- og frálagsefniviða, þ.m.t. meðan á geymslu stendur.

3. Loftfirrð meltun skal samanstanda af stýrðu niðurbroti lífbrjótanlegra efniviða sem er að mestu loftfirrt og við hitastig sem hentar fyrir miðsæknar eða hitakærar bakteríur. Öllum hlutum hverrar framleiðslulotu skal snúið reglulega og vandlega til að tryggja rétt hreinlæti og einsleitni efniviðarins. Meðan meltunarferlið stendur yfir skal hver hluti hverrar framleiðslulotu vera samkvæmt einu af eftirfarandi hitastigs-/tímasniðum:

a) hitakær loftfirrð meltun við 55 °C í a.m.k. 24 klst. og þar á eftir vökvarástími í a.m.k. 20 daga,

b) hitakær loftfirrð meltun við 55 °C með meðhöndlunarferli sem felur í sér gerilsneyðingu eins og lýst er í 1. lið 1. þáttar I. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

c) hitakær loftfirrð meltun við 55 °C og þar á eftir mylting við:

— 70 °C eða meira í a.m.k. 3 daga,

— 65 °C eða meira í a.m.k. 5 daga,

— 60 °C eða meira í a.m.k. 7 daga eða

— 55 °C eða meira í a.m.k. 14 daga,

d) miðsækin loftfirrð meltun við 37–40 °C með meðhöndlunarferli sem felur í sér gerilsneyðingu eins og lýst er í 1. lið 1. þáttar I. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eða

e) miðsækin loftfirrð meltun við 37–40 °C og síðan mylting við:

— 70 °C eða meira í a.m.k. 3 daga,

([8]) Ef um er að ræða aukefni sem er endurnýtt í Evrópusambandinu er þetta skilyrði uppfyllt ef aukefnið er það sama, í skilningi i. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og efni sem er skráð ásamt málsskjölum sem innihalda upplýsingarnar sem hér eru tilgreindar og ef upplýsingar eru tiltækar fyrir framleiðanda áburðarvörunnar í skilningi ii. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

([9]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

— 65 °C eða meira í a.m.k. 5 daga,

— 60 °C eða meira í a.m.k. 7 daga eða

— 55 °C eða meira í a.m.k. 14 daga.

4. Hvorki fastur né fljótandi hluti meltunnar skal innihalda meira en 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} ([10]).

5. Meltan skal innihalda:

a) í mesta lagi 3 g/kg þurrefnis af stórsæjum óhreinindum yfir 2 mm á einhverju af eftirfarandi formi: gler, málmur eða plast, og

b) í mesta lagi 5 g/kg þurrefnis af summu stórsæju óhreinindanna sem um getur í a-lið.

Frá og með 16. júlí 2026 má plast sem er yfir 2 mm innan hámarksgildisins sem um getur í a-lið ekki vera fyrir hendi í meira magni en sem nemur 2,5 g/kg þurrefnis. Eigi síðar en 16. júlí 2029 skal endurmeta viðmiðunarmörkin 2,5 g/kg þurrefnis fyrir plast sem er yfir 2 mm til að taka tillit til framfara sem orðið hafa að því er varðar aðgreinda söfnun lífúrgangs.

6. Bæði fastur og fljótandi hluti meltunnar skal uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum um stöðugleika:

a) Hraði súrefnisupptöku:

— Skilgreining: mælikvarði á það að hvaða marki lífbrjótanlegt lífrænt efni brotnar niður á tilteknu tímabili. Aðferðin hentar ekki fyrir efni þar sem magn agna sem eru stærri en > 10 mm fer yfir 20%.

— Viðmiðun: að hámarki 25 mmól O_2/kg af lífrænu efni/klst eða

b) Lífgasleifamáttur:

— Skilgreining: mælikvarði á gas sem losnar frá meltu á 28 daga tímabili og er mælt með samanburði við rokgjörn föst efni sem eru í sýninu. Prófunin er gerð þrisvar og meðaltalsniðurstöður notaðar til að sýna fram á að farið sé að viðmiðuninni. Rokgjörn föst efni eru þau föstu efni í sýni af efniviði sem tapast við glæðingu fastra þurrefna við 550 °C.

— Viðmiðun: að hámarki 0,25 l lífgas/g af rokgjörnum föstum efnum.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 6: AUKAAFURÐIR ÚR MATVÆLAIÐNAÐINUM

1. ESB-áburðarvara má innihalda efnisþáttaefnivið sem samanstendur af einu af eftirtöldum efnum:

a) verksmiðjukalki úr matvælaiðnaðinum, þ.e. efniviður úr matvælavinnsluiðnaðinum sem fæst með kolsýringu á lífrænu efni þar sem eingöngu er notað brennt kalk frá náttúrulegum gjöfum,

b) melassa, þ.e. seig aukaafurð frá hreinsun sykurreyrs eða sykurrófa í sykur,

c) eimingardreggjum, þ.e. seig aukaafurð frá gerjunarferli melassa yfir í etanól, askorbínsýru eða aðrar vörur,

d) dreggjum, þ.e. aukaafurðir sem verða við framleiðslu á áfengum drykkjum,

e) plöntum, plöntuhlutum eða útdráttum úr plöntum sem hafa einungis farið í gegnum hitameðhöndlun eða hitameð-höndlun til viðbótar við vinnsluaðferðirnar sem um getur í efnisþáttaefniviðaflokki 2 eða

f) kalki frá drykkjarvatnsframleiðslu, þ.e. leifar sem losna við framleiðslu á drykkjarvatni úr grunnvatni eða yfirborðsvatni og samanstanda að mestu úr kalsíumkarbónati.

([10]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

2. Öll efni sem eru sett í ESB-áburðarvöru, ein og sér eða í blöndu, skulu hafa verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([11]) ásamt málsskjölum sem innihalda:

   a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

   b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

   nema það falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 7: ÖRVERUR

ESB-áburðarvara sem tilheyrir vöruvirkniflokki 6.A má innihalda örverur, þ.m.t. dauðar örverur eða örverur með tómar frumur, og óskaðlega leifaþætti miðilsins sem þær voru ræktaðar í, sem

— hafa ekki farið í gegnum aðra vinnslu en þurrkun eða frostþurrkun og

— eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

Azotobacter spp.
Mycorrhizal fungi
Rhizobium spp.
Azospirillum spp.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 8: NÆRINGAREFNAFJÖLLIÐUR

1. ESB-áburðarvara má innihalda fjölliður sem eru eingöngu gerðar úr einliðuefnum sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. og 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 ef tilgangurinn með fjölliðuninni er að stjórna losun næringarefna úr einu eða fleiri einliðuefnum.

2. Að minnsta kosti 60% af fjölliðunum skulu vera leysanlegar í fosfatjafnalausn með pH-gildið 7,5 við 100 °C.

3. Endanleg niðurbrotsefni skulu einungis vera ammoníak (NH_3), vatn og koltvísýringur (CO_2).

4. Fjölliðurnar skulu ekki innihalda meira en 600 ppm af óbundnu formaldehýði.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 9: FJÖLLIÐUR, AÐRAR EN NÆRINGAREFNAFJÖLLIÐUR

1. ESB-áburðarvara má einungis innihalda aðrar fjölliður en næringarefnafjölliður í tilvikum þar sem tilgangur fjölliðunnar er:

   a) að stjórna gegnþrengingu vatns inn í næringarefnaagnir og þar með losun næringarefna (í því tilviki er fjölliðan alla jafna kölluð „húðunarefni“),

   b) að auka vatnsheldnigetu eða vætunarhæfni ESB-áburðarvörunnar eða

   c) að binda efnivið í ESB-áburðarvörunni sem tilheyrir vöruvirkniflokki 4.

2. Frá og með 16. júlí 2026 skulu fjölliðurnar, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, uppfylla viðmiðanir um lífbrjótanleika sem eru fastsettar með framseldu gerðunum sem um getur í 6. mgr. 42. gr. Ef slíkar viðmiðanir eru ekki fyrir hendi skal ESB-áburðarvara, sem er sett á markað eftir þá dagsetningu, ekki innihalda slíkar fjölliður.

3. Að því er varðar fjölliðurnar, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, skulu hvorki fjölliðan né niðurbrotsaukaafurðir hennar sýna neikvæð heildaráhrif á heilbrigði dýra eða plantna eða á umhverfið við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði við notkun í ESB-

([11]) Ef um er að ræða efni sem er endurnýtt í Evrópusambandinu er þetta skilyrði uppfyllt ef efnið er það sama, í skilningi i. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og efni sem er skráð ásamt málsskjölum sem innihalda upplýsingarnar sem hér eru tilgreindar og ef upplýsingar eru tiltækar fyrir framleiðanda áburðarvörunnar í skilningi ii. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

áburðarvöruna. Fjölliðan skal standast prófun á bráðum eiturhrifum á vöxt plantna, prófun á bráðum eiturhrifum á ánamaðka og nítrunarlataprófun með örverum í jarðvegi sem hér segir:

a) Í prófun á bráðum eiturhrifum á vöxt plantna skal spírunarhlutfall og lífmassi plantna í prófuðum plöntutegundum, sem eru ræktaðar í jarðvegi sem kemst í snertingu við prófunarefnið, vera meira en 90% af spírunarhlutfalli og lífmassa plantna af sömu tegund sem eru ræktaðar í samsvarandi blankjarðvegi sem kemst ekki í snertingu við prófunarefnið.

   Niðurstöðurnar skulu því aðeins teljast gildar ef samanburðarsýnin (þ.e. blankjarðvegurinn) sýna að:

   — uppkoma ungplantna er a. m. k. 70%,

   — sýnileg eiturhrif er ekki að sjá á ungplöntunum (t.d. fölvasýki, drep, visnun, afmynduð lauf og stilkur) og sýnilegur breytileiki í vexti, formi og byggingu plantnanna er eðlilegur að því er varðar þá tilteknu tegund,

   — meðallifun uppkominna samanburðarungplantna er a.m.k. 90% meðan rannsóknin stendur yfir og

   — umhverfisaðstæður tiltekinnar tegundar eru nákvæmlega eins og ræktunarefni innihalda sama magn af jarðvegs-efniviði, burðarefni eða undirlagi frá sömu uppsprettu.

b) Í prófun á bráðum eiturhrifum á ánamaðka skal mismunur á merkjanlegri dánartíðni og lífmassa eftirlifandi ánamaðka í jarðvegi sem kemst í snertingu við prófunarefnið ekki vera meiri en 10% í samanburði við samsvarandi blankjarðveg sem kemst ekki í snertingu við prófunarefnið. Niðurstöðurnar skulu teljast gildar ef:

   — hundraðshlutfall dánartíðni sem kemur í ljós í samanburðarsýninu (þ.e. blankjarðveginum) er undir 10% og

   — meðaltal lífmassataps (meðalþyngd) hjá ánamöðkunum í blankjarðveginum fer ekki yfir 20%.

c) Í nítrunarlataprófun með örverum í jarðvegi skal nítrítmyndun í jarðvegi sem kemst í snertingu við prófunarefnið ekki vera meiri en 90% í samanburði við samsvarandi blankjarðveg sem kemst ekki í snertingu við prófunarefnið. Niðurstöðurnar skulu teljast gildar ef mismunurinn milli samhliða samanburðarsýna (blankjarðvegur) og prófunarsýna er minni en 20%.

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 10: AFLEIDDAR AFURÐIR Í SKILNINGI REGLUGERÐAR (EB) NR. 1069/2009

ESB-áburðarvara má innihalda afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 sem hafa náð endapunktinum í framleiðsluferlinu eins og ákvarðað er í samræmi við þá reglugerð og sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu og eins og tilgreint er í henni ([12]):

EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 11: AUKAAFURÐIR Í SKILNINGI TILSKIPUNAR 2008/98/EB

1. ESB-áburðarvara má innihalda aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB, að eftirfarandi undanskildu ([13]):

   a) aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

   b) fjölliður,

   c) moltu eða

   d) meltu.

([12]) Töflunni verður komið á fót með framseldu gerðunum sem um getur í 5. mgr. 42. gr.

([13]) Þó að efni sé undanskilið í efnisþáttaefniviðaflokki 11 kemur það ekki í veg fyrir að efnið sé tækt sem efnisþáttaefniviður í krafti annars efnisþáttaefniviðaflokks þar sem mælt er fyrir um aðrar kröfur. Sjá t.d. efnisþáttaefniviðaflokk 3 um moltu, efnisþáttaefniviðaflokka 4 og 5 um meltu, efnisþáttaefniviðaflokka 8 og 9 um fjölliður og efnisþáttaefniviðaflokk 10 um afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. Aukaafurðin skal hafa verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ásamt málsskjölum sem innihalda:

   a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

   b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

   nema það falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð.

3. Frá og með 16. júlí 2022 skulu aukaafurðir uppfylla viðmiðanir sem eru fastsettar með framseldri gerð sem um getur í 7. mgr. 42. gr. ESB-áburðarvara sem sett er á markað eftir þá dagsetningu skal ekki innihalda aukaafurðir, sem um getur í 1. lið, sem uppfylla ekki slíkar viðmiðanir.

———

III. VIÐAUKI

Kröfur um merkingar

Í þessum viðauka eru settar fram kröfur um merkingar á ESB-áburðarvörum. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í II. og III. hluta þessa viðauka fyrir tiltekinn vöruvirkniflokk, eins og tilgreint er í I. viðauka, gilda um ESB-áburðarvörur í öllum undirflokkum þess vöruvirkniflokks.

I. HLUTI

ALMENNAR KRÖFUR UM MERKINGAR

1. Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

   a) að því er varðar ESB-áburðarvörur í vöruvirkniflokki 1 til 6: heiti vöruvirkniflokksins, eins og það er tilgreint í I. hluta I. viðauka, sem svarar til fullyrtrar virkni vörunnar,

   b) að því er varðar ESB-áburðarvörur í vöruvirkniflokki 7: heiti allra vöruvirkniflokkanna, eins og þau eru tilgreind í I. hluta I. viðauka, sem svara til fullyrtrar virkni efnisþáttar ESB-áburðarvaranna,

   c) magn ESB-áburðarvöru, tilgreint miðað við massa eða rúmmál,

   d) leiðbeiningar um tilætlaða notkun, þ.m.t. notkunarmagn, tímasetning og tíðni, og markplöntur eða -sveppir,

   e) geymsluskilyrði sem mælt er með,

   f) að því er varðar vörur sem innihalda fjölliðu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka, tímabilið í kjölfar notkunar þegar næringarefnalosun er stýrt eða vatnsheldnigeta er aukin („virknitímabilið“) sem skal ekki vera lengra en tímabilið milli notkunar í tvö skipti í samræmi við notkunarleiðbeiningarnar sem um getur í d-lið,

   g) sérhverjar upplýsingar sem skipta máli um ráðstafanir sem mælt er með til að hafa stjórn á áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið og

   h) listi yfir öll innihaldsefni yfir 5% miðað við þyngd vöru í lækkandi röð eftir magni samkvæmt þurrvigt, þ.m.t. heiti viðkomandi efnisþáttaefniviðaflokka eins og um getur í I. hluta II. viðauka við þessa reglugerð; ef innihaldsefnið er efni eða blanda skal hún auðkennd eins og tilgreint er í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

2. Ef ESB-áburðarvara er með virkni sem er lýst í tveimur eða fleiri vöruvirkniflokkum, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, má einungis fullyrða um þá virkni sem samræmismat fyrir ESB-áburðarvöruna hefur verið gert fyrir með góðum árangri, í samræmi við þessa reglugerð, með því að nota samsvarandi heiti vöruvirkniflokks eins og tilgreint er í I. hluta I. viðauka.

3. Ef ESB-áburðarvara inniheldur efni sem hámarksgildi leifa í matvælum og fóðri hefur verið fastsett fyrir, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 315/93, reglugerð (EB) nr. 396/2005, reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða tilskipun 2002/32/EB, skulu leiðbeiningarnar, sem um getur í d-lið 1. liðar, tryggja að fyrirhuguð notkun ESB-áburðarvörunnar leiði ekki til þess að farið verði yfir þessi gildi í matvælum eða fóðri.

4. Ef ESB-áburðarvara inniheldur afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, aðrar en húsdýraáburð, skal gefa eftirfarandi leiðbeiningar á merkimiðanum: „Ekki skal fóðra alidýr, hvorki beint né með beit, á beitarjurtum af landi sem þessi vara hefur verið borin á nema sláttur eða beit fari fram eftir að biðtími sem nemur a.m.k. 21 degi er liðinn.“

5. Ef ESB-áburðarvara inniheldur rísín skal gefa eftirfarandi leiðbeiningar á merkimiðanum: „Hættulegt fyrir dýr við inntöku“.

6. Ef ESB-áburðarvara inniheldur óunnið eða unnið hýði úr kakóbaunum skal gefa eftirfarandi leiðbeiningar á merkimiðanum: „Eitrað hundum og köttum“

7. Ef ESB-áburðarvara inniheldur fjölliðu í þeim tilgangi að binda efnivið í vörunni, eins og um getur í c-lið 1. liðar í efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka, skal notandinn fá fyrirmæli um að nota ekki vöruna í snertingu við jarðveg og, í samstarfi við framleiðandann, sjá til þess að vörunni sé fargað á öruggan hátt eftir að notkun lýkur.

8. Upplýsingar, aðrar en upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. til 6. lið:

   a) skulu ekki villa um fyrir notandanum, t.d. með því að eigna vörunni eiginleika sem hún býr ekki yfir eða með því að gefa í skyn að varan búi yfir einstæðum eiginleikum sem svipaðar vörur búa einnig yfir,

   b) skulu eiga við um sannreynanlega þætti,

   c) skulu ekki innihalda fullyrðingar, s.s. „sjálfbær“ eða „umhverfisvæn“, nema slíkar fullyrðingar vísi til löggjafar eða skýrt skilgreindra leiðbeininga, staðla eða kerfa sem ESB-áburðarvaran er í samræmi við og

   d) skulu ekki innihalda fullyrðingar með yfirlýsingum eða myndrænum framsetningum um að ESB-áburðarvaran komi í veg fyrir eða meðhöndli plöntusjúkdóma eða verji plöntur gegn skaðlegum lífverum.

9. Einungis má nota setninguna „inniheldur lítið af klóríði“ eða svipað því ef klóríðinnihaldið (Cl-) er minna en 30 g/kg af þurrefni.

10. Ef kröfur um upplýsingar í þessum viðauka er varða næringarefnainnihald eru gefnar upp á oxuðu formi má gefa næringarefnainnihaldið upp á formi frumefnis í staðinn fyrir eða til viðbótar við oxaða formið í samræmi við eftirfarandi breytistuðla:

    fosfór (P) =fosfórpentoxíð (P_2O_5) × 0,436,

    kalíum (K) = kalíumoxíð (K_2O) × 0,830,

    kalsíum (Ca) = kalsíumoxíð (CaO) × 0,715,

    magnesíum (Mg) = magnesíumoxíð (MgO) × 0,603,

    natríum (Na) = natríumoxíð (Na_2O) × 0,742,

    brennisteinn (S) = brennisteinstríoxíð (SO_3) × 0,400.

11. Ef kröfur um upplýsingar í þessum viðauka vísa til lífræns kolefnis (C_{org}) mega upplýsingarnar vísa til lífræns efnis í staðinn fyrir eða til viðbótar við lífrænt kolefni (C_{org}) í samræmi við eftirfarandi breytistuðla:

    lífrænt kolefni (C_{org}) = lífrænt efni × 0,56.

II. HLUTI

VÖRUSÉRTÆKAR KRÖFUR UM MERKINGAR

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1: ÁBURÐUR

1. Einungis má gefa upp innihald næringarefna þegar þau eru fyrir hendi í ESB-áburðarvöru í því lágmarksmagni sem gefið er upp í I. viðauka fyrir viðkomandi vöruvirkniflokk.

2. Ef köfnunarefni (N) eða fosfór (P) eru ekki gefin upp sem næringarefni skal samt sem áður tilgreina innihald köfnunarefnis (N) eða fosfórpentoxíðs (P_2O_5) ef það fer yfir 0,5% miðað við massa. Sú merking skal vera aðgreind frá uppgefnum næringarefnum.

3. Eftirfarandi reglur gilda um áburð sem inniheldur lata eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka:

   a) á merkimiða skal koma fram orðið „nítrunarlati“, „afnítrunarlati“ eða „úreasalati“, eins og við á,

   b) innihald nítrunarlata skal gefið upp sem % miðað við massa af heildarmagni köfnunarefnis (N) sem er fyrir hendi sem ammóníumköfnunarefni (NH_4^+) og þvagefnisbundið köfnunarefni (CH_4N_2O),

   c) innihald afnítrunarlata skal gefið upp sem % miðað við massa af nítrati (NO_3-) sem er fyrir hendi,

   d) innihald úreasalata skal gefið upp sem % miðað við massa af heildarmagni köfnunarefnis (N) sem er fyrir hendi sem þvagefnisbundið köfnunarefni (CH_4N_2O).

4. Einungis má nota heitið „jarðefnaáburður“ ef áburðurinn tilheyrir vöruvirkniflokki 1.C og uppfyllir eftirfarandi viðbótarskilyrði:

   a) jarðefnaáburðurinn skal ekki innihalda meira en 1% af lífrænu kolefni (C_{org}) miðað við massa, öðru en lífrænu kolefni úr:

      i. klóbindlum eða bindlum, sem um getur í 3. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka,

      ii. nítrunarlötum, afnítrunarlötum eða úreasalötum, sem um getur í 4. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka,

      iii. húðunarefnum, sem um getur í a-lið 1. liðar í efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka,

      iv. þvagefni (CH_4N_2O) eða

      v. kalsíumsýanamíði ($CaCN_2$),

   b) ef fosfór (P) er uppgefið næringarefni skal uppgefið fosfórinnihald einungis samsett úr fosfór í formi fosfats og jarðefnaáburðurinn skal uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum um leysni:

      i. vatnsleysni: að lágmarki 40% af heildarmagni fosfórs (P),

      ii. leysni í hlutlausu ammóníumsítrati: að lágmarki 75% af heildarmagni fosfórs (P) eða

      iii. leysni í maurasýru (einungis fyrir mjúkt hráfosfat): að lágmarki 55% af heildarmagni fosfórs (P),

   c) ef köfnunarefni (N) er uppgefið næringarefni skal uppgefið köfnunarefnisinnihald einungis samsett úr summu nítratsbundins köfnunarefnis, ammoníaksbundins köfnunarefnis, þvagefnisbundins köfnunarefnis og köfnunarefnis úr metýlenþvagefni, úr ísóbútýlídendíúrea og úr krótónýlídendíúrea.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.A: LÍFRÆNN ÁBURÐUR

Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

a) uppgefnu aðalnæringarefnin köfnunarefni (N), fosfór (P) eða kalíum (K) með efnatáknum sínum í röðinni N-P-K,

b) uppgefnu aukanæringarefnin kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na) eða brennisteinn (S) með efnatáknum sínum í röðinni Ca-Mg-Na-S,

c) innihald uppgefnu næringarefnanna, heildarmagn köfnunarefnis (N), heildarmagn fosfórs í formi fosfórpentoxíðs (P_2O_5) eða heildarmagn kalíums í formi kalíumoxíðs (K_2O), í tölustöfum og þar á eftir tölustafir í sviga þar sem gefið er upp heildarinnihald kalsíumoxíðs (CaO), magnesíumoxíðs (MgO), natríumoxíðs (Na_2O) eða brennisteinstríoxíðs (SO_3),

d) innihald eftirfarandi uppgefinna næringarefna og aðrar breytur í eftirfarandi röð og í % miðað við massa:

   i. köfnunarefni (N):

      — heildarmagn köfnunarefnis (N),

      — lágmarksmagn lífræns köfnunarefnis (N_{org}) og þar á eftir lýsing á uppruna lífræna efnisins sem er notað,

      — köfnunarefni í formi ammoníaksbundins köfnunarefnis,

   ii. heildarmagn fosfórpentoxíðs (P_2O_5),

   iii. heildarmagn kalíumoxíðs (K_2O),

   iv. kalsíumoxíð (CaO), magnesíumoxíð (MgO), natríumoxíð (Na_2O) og brennisteinstríoxíð (SO_3), gefið upp sem:

      — ef þessi næringarefni eru algerlega vatnsleysanleg: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

      — ef leysanlegt innihald þessara næringarefna er a.m.k. fjórðungur af heildarinnihaldi þessara næringarefna: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

      — í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald,

   v. lífrænt kolefni (C_{org}),

   vi. þurrefni,

e) hlutfall lífræns kolefnis á móti heildarmagni köfnunarefnis (C_{org}/N),

f) framleiðsludagur,

g) form efnislegrar einingar vörunnar, s.s. duft eða kögglar, ef við á.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.B: LÍFRÆNN JARÐEFNAÁBURÐUR

1. Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

   a) uppgefnu aðalnæringarefnin köfnunarefni (N), fosfór (P) eða kalíum (K) með efnatáknum sínum í röðinni N-P-K,

b) eftir atvikum, uppgefnu aukanæringarefnin kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na) eða brennisteinn (S) með efnatáknum sínum í röðinni Ca-Mg-Na-S,

c) innihald uppgefnu næringarefnanna, heildarmagn köfnunarefni (N), heildarmagn fosfórs í formi fosfórpentoxíðs (P_2O_5) eða heildarmagn kalíums í formi kalíumoxíðs (K_2O), í tölustöfum og þar á eftir tölustafir í sviga þar sem gefið er upp heildarinnihald kalsíumoxíðs (CaO), magnesíumoxíðs (MgO), natríumoxíðs (Na_2O) eða brennisteinstríoxíðs (SO_3),

d) innihald eftirfarandi uppgefinna næringarefna og aðrar breytur í eftirfarandi röð og í % miðað við massa:

i. köfnunarefni (N):

— heildarmagn köfnunarefnis (N),

— lágmarksmagn lífræns köfnunarefnis (N_{org}) og þar á eftir lýsing á uppruna lífræna efnisins sem er notað,

— köfnunarefni í formi nítratbundins köfnunarefnis,

— köfnunarefni í formi ammoníaksbundins köfnunarefnis,

— köfnunarefni í formi þvagefnisbundins köfnunarefnis,

ii. fosfórpentoxíð (P_2O_5),

— heildarmagn fosfórpentoxíðs (P_2O_5),

— vatnsleysanlegt fosfórpentoxíð (P_2O_5),

— fosfórpentoxíð (P_2O_5) leysanlegt í hlutlausu ammóníumsítrati,

— ef lint, mulið fosfat er fyrir hendi, fosfórpentoxíð (P_2O_5) leysanlegt í maurasýru,

iii. kalíumoxíð (K_2O):

— heildarmagn kalíumoxíðs (K_2O),

— vatnsleysanlegt kalíumoxíð (K_2O),

iv. kalsíumoxíð (CaO), magnesíumoxíð (MgO), natríumoxíð (Na_2O) og brennisteinstríoxíð (SO_3), gefið upp sem:

— ef þessi næringarefni eru algerlega vatnsleysanleg: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

— ef leysanlegt innihald þessara næringarefna er a.m.k. fjórðungur af heildarinnihaldi þessara næringarefna: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

— í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald,

v. lífrænt kolefni (C_{org}),

vi. þurrefni,

e) ef þvagefni (CH_4N_2O) er fyrir hendi: upplýsingar um möguleg áhrif ammoníaklosunar frá notkun áburðarins á loftgæði og hvatning til notenda um að beita viðeigandi ráðstöfunum til að ráða bót á því.

2. Ef eitt eða fleiri af snefilefnunum bór (B), kóbalt (Co), járn (Fe), mangan (Mn) og mólýbden (Mo) eru fyrir hendi í lágmarksinnihaldinu, tilgreint í % miðað við massa í eftirfarandi töflu:

— skal gefa þau upp ef þeim er af ásetningi bætt við í lífrænan jarðefnaáburð og

— heimilt er að gefa þau upp í öðrum tilvikum:

Snefilefni	Innihald snefilefna (% miðað við massa)		
	Fastur lífrænn jarðefnaáburður		Fljótandi lífrænn jarðefnaáburður
	Ætlaður til notkunar á nytjaplöntur eða graslendi	Ætlaður til notkunar í garðyrkju	
Bór (B)	0,01	0,01	0,01
Kóbalt (Co)	0,002	á.e.v.	0,002
Járn (Fe)	0,5	0,02	0,02
Mangan (Mn)	0,1	0,01	0,01
Mólýbden (Mo)	0,001	0,001	0,001

3. Ef annað hvort snefilefnið kopar (Cu) eða sink (Zn) eða bæði eru fyrir hendi án þess að hafa verið bætt við af ásetningi má gefa þau upp á eftirfarandi hátt í lágmarksinnihaldinu sem er tilgreint í % miðað við massa í eftirfarandi töflu:

Snefilefni	Innihald snefilefna (% miðað við massa)		
	Fastur lífrænn jarðefnaáburður		Fljótandi lífrænn jarðefnaáburður
	Ætlaður til notkunar á nytjaplöntur eða graslendi	Ætlaður til notkunar í garðyrkju	
Kopar (Cu)	0,01	0,002	0,002
Sink (Zn)	0,01	0,002	0,002

4. Ef kopar (Cu) eða sinki (Zn) er af ásetningi bætt í lífrænan jarðefnaáburð skal gefa upp heildarinnihald kopars (Cu) eða sinks (Zn).

5. Snefilefnin, sem um getur í 2., 3. og 4. lið, skulu gefin upp samkvæmt upplýsingunum um snefilefni. Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra,

b) heildarinnihald snefilefna, gefið upp í % miðað við massa:

— ef þessi snefilefni eru algerlega vatnsleysanleg: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

— ef leysanlegt innihald þessara snefilefna er a.m.k. fjórðungur af heildarinnihaldi þessara snefilefna: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

— í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald,

c) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindlum, eftirfarandi skýring á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „klóbundið með ... (heiti klóbindils eða skammstöfun hans)“ og magn klóbundins snefilefnis í % miðað við massa,

d) ef lífrænn jarðefnaáburður inniheldur snefilefni sem eru flókabundin með bindlum, eftirfarandi skýring á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „flókabundið með ... (heiti bindils eða skammstöfun hans)“ og magn flókabundins snefilefnis í % miðað við massa,

e) ef snefilefnum er bætt við af ásetningi, eftirfarandi fullyrðing: „Aðeins til notkunar þar sem viðurkennd þörf er fyrir hendi. Ekki skal fara yfir notkunarmagn.“

6. Ef innihald kadmíums (Cd) í lífrænum jarðefnaáburði er jafnt eða minna en 20 mg/kg af fosfórpentoxíði (P_2O_5) má bæta við fullyrðingunni „inniheldur lítið af kadmíumi (Cd)“ eða svipað því eða myndrænni framsetningu þess efnis.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C: ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I: ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

a) eftir atvikum, uppgefnu aðalnæringarefnin köfnunarefni (N), fosfór (P) eða kalíum (K) með efnatáknum sínum í röðinni N-P-K,

b) eftir atvikum, uppgefnu aukanæringarefnin kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na) eða brennisteinn (S) með efnatáknum sínum í röðinni Ca-Mg-Na-S,

c) innihald uppgefnu næringarefnanna, heildarmagn köfnunarefni (N), heildarmagn fosfórs í formi fosfórpentoxíðs (P_2O_5) eða heildarmagn kalíums í formi kalíumoxíðs (K_2O), í tölustöfum og þar á eftir tölustafir í sviga þar sem gefið er upp heildarinnihald kalsíumoxíðs (CaO), magnesíumoxíðs (MgO), natríumoxíðs (Na_2O) eða brennisteinstríoxíðs (SO_3),

d) innihald eftirfarandi uppgefinna næringarefna í eftirfarandi röð og í % miðað við massa:

i. köfnunarefni (N):

— heildarmagn köfnunarefnis (N),

— köfnunarefni í formi nítratbundins köfnunarefnis,

— köfnunarefni í formi ammoníaksbundins köfnunarefnis,

— köfnunarefni í formi þvagefnisbundins köfnunarefnis,

— köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði, ísóbútýlídendíúrea og krótónýlídendíúrea,

— köfnunarefni úr sýanamíðköfnunarefni,

ii. fosfórpentoxíð (P_2O_5),

— heildarmagn fosfórpentoxíðs (P_2O_5),

— vatnsleysanlegt fosfórpentoxíð (P_2O_5),

— fosfórpentoxíð (P_2O_5) leysanlegt í hlutlausu ammóníumsítrati,

— ef lint, mulið fosfat er fyrir hendi, fosfórpentoxíð (P_2O_5) leysanlegt í maurasýru,

iii. vatnsleysanlegt kalíumoxíð (K_2O),

iv. kalsíumoxíð (CaO), magnesíumoxíð (MgO), natríumoxíð (Na_2O) og brennisteinstríoxíð (SO_3), gefið upp sem:

— ef þessi næringarefni eru algerlega vatnsleysanleg: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

— ef leysanlegt innihald þessara næringarefna er a.m.k. fjórðungur af heildarinnihaldi þessara næringarefna: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

— í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald,

e) ef þvagefni (CH_4N_2O) er fyrir hendi: upplýsingar um möguleg áhrif ammoníaklosunar frá notkun áburðarins á loftgæði og hvatning til notenda um að beita viðeigandi ráðstöfunum til að ráða bót á því.

2. Ef innihald kadmíums (Cd) í ólífrænum áburði með meginnæringarefnum er jafnt eða minna en 20 mg/kg af fosfórpentoxíði (P_2O_5) má bæta við fullyrðingunni „inniheldur lítið af kadmíumi (Cd)“ eða svipað því eða myndrænni framsetningu þess efnis.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.a: FASTUR ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Einungis má merkja fastan, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum sem „fjölgildur“ ef hver efnisleg eining inniheldur öll uppgefin næringarefni í uppgefnu innihaldi þeirra.

2. Kornastærðarmælingar á föstum, ólífrænum áburði með meginnæringarefnum skulu tilgreindar, gefnar upp sem % miðað við massa vöru sem fer í gegnum tiltekið sigti.

3. Form efnislegrar einingar í vörunni skal tilgreint með einum af eftirfarandi hætti:

a) korn,

b) kögglar,

c) duft ef a.m.k. 90% af vörunni, miðað við massa, getur farið í gegnum sigti með 1 mm möskvum eða

d) perlur.

4. Að því er varðar húðaðan, fastan, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum skulu heiti húðunarefna og hundraðshluti áburðar, sem er húðaður með hverju húðunarefni, tilgreind og þar á eftir koma:

a) að því er varðar fjölliðuhúðaðan, fastan, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum, eftirfarandi merking: „Losunarhraði næringarefna getur verið breytilegur eftir hitastigi undirlagsins. Það getur reynst nauðsynlegt að aðlaga áburðargjöfina“ og

b) að því er varðar brennisteinshúðaðan, fastan, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum og brennisteinsfjölliðuhúðaðan, fastan, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum, eftirfarandi merking: „Losunarhraði næringarefna getur verið breytilegur eftir hitastigi undirlagsins og lífvirkni. Það getur reynst nauðsynlegt að aðlaga áburðargjöfina“.

5. Ef eitt eða fleiri af snefilefnunum bór (B), kóbalt (Co), járn (Fe), mangan (Mn) og mólýbden (Mo) eru fyrir hendi í lágmarksinnihaldinu, sem er tilgreint sem % miðað við massa í eftirfarandi töflu:

— skulu þau tilgreind ef þeim er af ásetningi bætt við í fastan, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum og

— heimilt er að gefa þau upp í öðrum tilvikum:

Snefilefni	Innihald snefilefnis (% miðað við massa)	
	Ætlaður til notkunar á nytjaplöntur eða graslendi	Ætlaður til notkunar í garðyrkju
Bór (B)	0,01	0,01
Kóbalt (Co)	0,002	á.e.v.
Járn (Fe)	0,5	0,02
Mangan (Mn)	0,1	0,01
Mólýbden (Mo)	0,001	0,001

6. Ef annað hvort snefilefnið kopar (Cu) eða sink (Zn) eða bæði eru fyrir hendi án þess að hafa verið bætt við af ásetningi má gefa þau upp á eftirfarandi hátt í lágmarksinnihaldinu sem er tilgreint í % miðað við massa í eftirfarandi töflu:

Snefilefni	Innihald snefilefnis (% miðað við massa)	
	Ætlaður til notkunar á nytjaplöntur eða graslendi	Ætlaður til notkunar í garðyrkju
Kopar (Cu)	0,01	0,002
Sink (Zn)	0,01	0,002

7. Ef kopar (Cu) eða sinki (Zn) er af ásetningi bætt í fastan, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum skal gefa upp heildarinnihald kopars (Cu) eða sinks (Zn).

8. Snefilefnin, sem um getur í 5., 6. og 7. lið, skulu gefin upp samkvæmt upplýsingunum um snefilefni. Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra,

b) heildarinnihald snefilefna, gefið upp í % miðað við massa:

— ef þessi snefilefni eru algerlega vatnsleysanleg: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

— ef leysanlegt innihald þessara snefilefna er a.m.k. fjórðungur af heildarinnihaldi þessara snefilefna: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

— í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald,

c) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindlum, eftirfarandi skýring á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „klóbundið með ... (heiti klóbindils eða skammstöfun hans)“ og magn klóbundins snefilefnis í % miðað við massa,

d) ef fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum inniheldur snefilefni sem eru flókabundin með bindlum, eftirfarandi skýring á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „flókabundið með ... (heiti bindils eða skammstöfun hans)“ og magn flókabundins snefilefnis í % miðað við massa,

e) ef snefilefnum er bætt við af ásetningi, eftirfarandi fullyrðing: „Aðeins til notkunar þar sem viðurkennd þörf er fyrir hendi. Ekki skal fara yfir notkunarmagn.“

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.I.b: FLJÓTANDI ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR MEÐ MEGINNÆRINGAREFNUM

1. Á merkimiðanum skal tilgreina hvort fljótandi ólífrænn áburður með meginnæringarefnum er í sviflausn eða í lausn.

2. Tilgreina má næringarefnainnihaldið í % miðað við massa eða rúmmál.

3. Ef eitt eða fleiri af snefilefnunum bór (B), kóbalt (Co), járn (Fe), mangan (Mn) og mólýbden (Mo) eru fyrir hendi í lágmarksinnihaldinu, sem er tilgreint í % miðað við massa í eftirfarandi töflu:

— skal gefa þau upp ef þeim er af ásetningi bætt við í fljótandi, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum og

— heimilt er að gefa þau upp í öðrum tilvikum:

Snefilefni	Innihald snefilefna (% miðað við massa)
Bór (B)	0,01
Kóbalt (Co)	0,002
Járn (Fe)	0,02
Mangan (Mn)	0,01
Mólýbden (Mo)	0,001

4. Ef annað hvort snefilefnið kopar (Cu) eða sink (Zn) eða bæði eru fyrir hendi án þess að hafa verið bætt við af ásetningi, í magni sem nemur a.m.k. 0,002% miðað við massa, má gefa þau upp.

5. Ef kopar (Cu) eða sinki (Zn) er af ásetningi bætt í fljótandi, ólífrænan áburð með meginnæringarefnum skal gefa upp heildarinnihald kopars (Cu) eða sinks (Zn).

6. Snefilefnin, sem um getur í 3., 4. og 5. lið, skulu gefin upp samkvæmt upplýsingunum um snefilefni. Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra,

b) heildarinnihald snefilefna, gefið upp í % miðað við massa eða rúmmál:

— ef þessi snefilefni eru algerlega vatnsleysanleg: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

— ef leysanlegt innihald þessara snefilefna er a.m.k. fjórðungur af heildarinnihaldi þessara snefilefna: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

— í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald,

c) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindlum, eftirfarandi skýring á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „klóbundið með ... (heiti klóbindils eða skammstöfun hans)“ og magn klóbundins snefilefnis í % miðað við massa,

d) ef fljótandi ólífrænn áburður með meginnæringarefnum inniheldur snefilefni sem eru flókabundin með bindlum, eftirfarandi skýring á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „flókabundið með ... (heiti bindils eða skammstöfun hans)“ og magn flókabundins snefilefnis í % miðað við massa,

e) ef snefilefnum er bætt við af ásetningi, eftirfarandi fullyrðing: „Aðeins til notkunar þar sem viðurkennd þörf er fyrir hendi. Ekki skal fara yfir notkunarmagn.“

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.II: ÓLÍFRÆNN SNEFILEFNAÁBURÐUR

1. Uppgefin snefilefni í ólífrænum snefilefnaáburði skulu gefin upp eftir heiti og efnatákni í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra,

2. Ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindlum og hægt er að sanngreina og magngreina hvern klóbindil og hann klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu snefilefni skal bæta við eftirfarandi skýringu á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „klóbundið með ... (heiti klóbindils eða skammstöfun hans)“ og magn klóbundins snefilefnis í % miðað við massa.

3. Ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindlum skal bæta við eftirfarandi skýringu á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „flókabundið með ... (heiti bindils eða skammstöfun hans)“ og magn flókabundins snefilefnis í % miðað við massa.

4. Eftirfarandi fullyrðing skal koma fram: „Aðeins til notkunar þar sem viðurkennd þörf er fyrir hendi. Ekki skal fara yfir notkunarmagn.“

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.II.a: EINGILDUR ÓLÍFRÆNN SNEFILEFNAÁBURÐUR

1. Á merkimiða skal tilgreina viðkomandi formgerðarflokkun, eins og um getur í töflunni í vöruvirkniflokki 1.C.II.a í II. hluta I. viðauka.

2. Heildarinnihald snefilefna skal gefið upp í % miðað við massa:

— ef snefilefnið er algerlega vatnsleysanlegt: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

— ef leysanlegt innihald snefilefnisins er a.m.k. fjórðungur af heildarinnihaldi þessa snefilefnis: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

— í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C.II.b: FJÖLGILDUR ÓLÍFRÆNN SNEFILEFNAÁBURÐUR

1. Einungis má gefa upp snefilefni ef þau eru fyrir hendi í því lágmarksmagni, í % miðað við massa, sem er tilgreint í eftirfarandi töflu:

Snefilefni	Innihald snefilefna (% miðað við massa)	
	Ekki klóbundið, ekki flókabundið	Klóbundið eða flókabundið
Bór (B)	0,2	á.e.v.
Kóbalt (Co)	0,02	0,02
Kopar (Cu)	0,5	0,1
Járn (Fe)	2	0,3
Mangan (Mn)	0,5	0,1
Mólýbden (Mo)	0,02	á.e.v.
Sink (Zn)	0,5	0,1

2. Ef fjölgildur, ólífrænn snefilefnaáburður er í sviflausn eða í lausn skal tilgreina á merkimiðanum „í sviflausn“ eða „í lausn“ eins og við á.

3. Heildarinnihald snefilefna skal gefið upp í % miðað við massa:

— ef snefilefnin eru algerlega vatnsleysanleg: einungis sem vatnsleysanlegt innihald,

— ef leysanlegt innihald snefilefnanna er a.m.k. helmingur af heildarinnihaldi þessara snefilefna: sem heildarinnihald og sem vatnsleysanlegt innihald,

— í öðrum tilvikum: sem heildarinnihald.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 2: KÖLKUNAREFNI

Eftirfarandi breytur skulu gefnar upp í eftirfarandi röð:

— hlutleysingargildi,

— kornastærðarmælingar, gefnar upp sem % miðað við massa vöru sem fer í gegnum sigti með 1,0 mm möskvum,

— heildarmagn kalsíumoxíðs (CaO), gefið upp í % miðað við massa,

— heildarmagn magnesíumoxíðs (MgO), gefið upp í % miðað við massa,

— hvarfgirni og aðferð við að ákvarða hvarfgirni, þó ekki fyrir oxíð- og hýdroxíðkalk.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 3: JARÐVEGSBÆTIR

1. Gefa skal upp þurrefnisinnihald, gefið upp í % miðað við massa.

2. Gefa skal upp eftirfarandi næringarefni, gefin upp í % miðað við massa, ef þau fara yfir 0,5% miðað við massa: köfnunarefni (N), fosfórpentoxíð (P_2O_5) og kalíumoxíð (K_2O).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 3.A: LÍFRÆNN JARÐVEGSBÆTIR

Eftirfarandi breytur skulu gefnar upp:

— sýrustig,

— rafleiðni, gefin upp í mS/m,

— innihald lífræns kolefnis (C_{org}), gefið upp í % miðað við massa,

— lágmarksmagn lífræns köfnunarefnis (N_{org}), gefið upp í % miðað við massa, og þar á eftir lýsing á uppruna lífræna efnisins sem er notað,

— hlutfall lífræns kolefnis á móti heildarmagni köfnunarefnis (C_{org}/N).

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 4: RÆKTUNAREFNI

Eftirfarandi breytur skulu gefnar upp í eftirfarandi röð:

— rafleiðni, gefin upp í mS/m, þó ekki fyrir steinull,

— sýrustig,

— magn:

  — að því er varðar steinull, gefið upp sem fjöldi stykkja og með þrenns konar máli: lengd, hæð og breidd,

  — að því er varðar önnur formótuð ræktunarefni, gefið upp í stærð með a.m.k. tvenns konar máli,

  — að því er varðar önnur ræktunarefni, gefið upp sem heildarrúmmál,

  — magn, gefið upp sem rúmmál efna með agnastærð sem er yfir 60 mm, þegar þær eru fyrir hendi, nema ef um er að ræða formótuð ræktunarefni,

— köfnunarefni (N) útdraganlegt með $CaCl_2$/DTPA (kalsíumklóríð/díetýlentríamínpentaediksýra, „CAT-leysanlegt“), ef það er yfir 150 mg/l,

— fosfórpentoxíð (P_2O_5) útdraganlegt með $CaCl_2$/DTPA (kalsíumklóríð/díetýlentríamínpentaediksýra „CAT-leysanlegt“), ef það er yfir 20 mg/l,

— kalíumoxíð (K_2O) útdraganlegt með $CaCl_2$/DTPA (kalsíumklóríð/díetýlentríamínpentaediksýra „CAT-leysanlegt“), ef það er yfir 150 mg/l,

— framleiðsludagur.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5: LATI

Öll innihaldsefni skulu gefin upp eftir framleiðsluþyngd eða -rúmmáli í lækkandi röð eftir magni.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6: PLÖNTULÍFÖRVI

Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

a) eðlisástand,

b) framleiðslu- og fyrningardagsetning,

c) notkunaraðferð(ir),

d) áhrif sem eru fullyrt fyrir hverja markplöntu og

e) allar viðeigandi leiðbeiningar sem varða verkun vörunnar, þ.m.t. jarðvegsstjórnunaraðferðir, efnafræðileg áburðargjöf, ósamrýmanleiki við plöntuverndarvörur, stærð úðunarstúta sem mælt er með, úðunarþrýstingur og aðrar ráðstafanir gegn reki.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6.A: ÖRVERUFRÆÐILEGUR PLÖNTULÍFÖRVI

Tilgreina skal allar örverur sem bætt er við af ásetningi. Ef örvera er með nokkra stofna skal tilgreina þá stofna sem bætt er við af ásetningi. Gefa skal þéttni þeirra upp sem fjölda virkra eininga í rúmmáli eða þyngd eða á þann hátt sem hæfir örverunni, t.d. í þyrpingamyndandi einingum á hvert gramm (cfu/g),

Á merkimiðanum skal koma fram eftirfarandi setning: „Örverur geta framkallað næmandi svörun“.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 7: ÁBURÐARVÖRUBLANDA

Allar kröfur um merkingar sem gilda um alla efnisþætti ESB-áburðarvara eiga við um áburðarvörublöndur og skulu gefnar upp í tengslum við endanlega áburðarvörublöndu.

Ef áburðarvörublanda inniheldur einn eða fleiri plöntulíförva sem tilheyra vöruvirkniflokki 6 skal tilgreina styrk hvers plöntulíförva í blöndunni í g/kg eða g/l við 20 °C.

III. HLUTI

REGLUR UM VIKMÖRK

1. Uppgefið næringarefnainnihald eða eðlisefnafræðilegir eiginleikar ESB-áburðarvöru mega einungis víkja frá raunverulegu gildi í samræmi við vikmörkin sem eru fastsett í þessum hluta fyrir viðkomandi vöruvirkniflokk. Vikmörkin eru ætluð til að gefa svigrúm fyrir frávik í framleiðslu, í dreifingarkeðjunni og meðan á sýnatöku og greiningu stendur.

2. Vikmörk sem eru leyfð, að því er varðar uppgefnar breytur sem eru tilgreindar í þessum hluta, eru neikvæð og jákvæð gildi.

3. Þrátt fyrir 1. lið má raunverulegt innihald efnisþáttar í ESB-áburðarvöru, sem lágmarks- eða hámarksinnihald er tilgreint fyrir í I. eða II. viðauka, aldrei vera minna en lágmarksinnihaldið eða fara yfir hámarksinnihaldið.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1: ÁBURÐUR

Eftirfarandi reglur um vikmörk gilda um áburð sem inniheldur nítrunarlata, afnítrunarlata eða úreasalata eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka:

Latar	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald lata
Styrkur sem er 2% eða minni	± 20% af uppgefnu gildi
Styrkur sem er meiri en 2%	± 0,3 prósentustig að raungildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.A: LÍFRÆNN ÁBURÐUR

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið næringarefnainnihald og aðrar uppgefnar breytur
Lífrænt kolefni (C_{org})	± 20% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2,0 prósentustigum að raungildi
Þurrefnisinnihald	± 5,0 prósentustig að raungildi
Heildarmagn köfnunarefnis (N)	± 50% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Lífrænt köfnunarefni (N_{org})	± 50% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Heildarmagn fosfórpentoxíðs (P_2O_5)	± 50% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Heildarmagn kalíumoxíðs (K_2O)	± 50% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Heildarmagn og vatnsleysanlegt magnesíumoxíð (MgO), kalsíumoxíð (CaO), brennisteinstríoxíð (SO_3) eða natríumoxíð (Na_2O)	± 25% af uppgefnu innihaldi þessara næringarefna að hámarki upp að 1,5 prósentustigum að raungildi
Lífrænt kolefni (C_{org})/heildarmagn köfnunarefnis (N)	± 20% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2,0 prósentustigum að raungildi
Magn	± 1,5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.B: LÍFRÆNN JARÐEFNAÁBURÐUR

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið snefilefnainnihald og aðrar uppgefnar breytur
Lífrænt kolefni (C_{org})	± 20% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2,0 prósentustigum að raungildi
Þurrefnisinnihald	± 5,0 prósentustig að raungildi
Uppgefin form ólífræns köfnunarefnis (N)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2,0 prósentustigum að raungildi
Lífrænt köfnunarefni (N_{org})	± 50% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið snefilefnainnihald og aðrar uppgefnar breytur
Uppgefin form fosfórpentoxíðs (P_2O_5)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,5 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form kalíumoxíðs (K_2O)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,5 prósentustigum að raungildi
Heildarmagn og vatnsleysanlegt magnesíumoxíð (MgO), kalsíumoxíð (CaO), brennisteinstríoxíð (SO_3)	± 25% af uppgefnu innihaldi þessara næringarefna að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Heildarmagn og vatnsleysanlegt natríumoxíð (Na_2O)	± 25% af uppgefnu innihaldi að hámarki upp að 0,9 prósentustigum að raungildi
Magn	± 1,5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

Snefilefni	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald snefilefnaforma
Styrkur sem er 2% eða minni	± 20% af uppgefnu gildi
Styrkur sem er meiri en 2% og 10% eða minni	± 20% af uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Styrkur sem er meiri en 10%	± 1,0 prósentustig að raungildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1.C: ÓLÍFRÆNN ÁBURÐUR

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið snefilefnainnihald og aðrar uppgefnar breytur
Uppgefin form köfnunarefnis (N)	± 20% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,5 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form fosfórpentoxíðs (P_2O_5)	± 20% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,5 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form kalíumoxíðs (K_2O)	± 20% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,5 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form köfnunarefnis (N), fosfórpentoxíðs (P_2O_5) eða kalíumoxíðs (K_2O) í tvígildum áburði	± 1,5 prósentustig að raungildi
Uppgefin form köfnunarefnis (N), fosfórpentoxíðs (P_2O_5) eða kalíumoxíðs (K_2O) í þrígildum áburði	± 1,9 prósentustig að raungildi
Heildarmagn og vatnsleysanlegt magnesíumoxíð (MgO), kalsíumoxíð (CaO), brennisteinstríoxíð (SO_3)	± 25% af uppgefnu innihaldi þessara næringarefna að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið snefilefnainnihald og aðrar uppgefnar breytur
Heildarmagn og vatnsleysanlegt natríumoxíð (Na_2O)	– 25% af uppgefnu innihaldi að hámarki upp að 0,9 prósentustigum að raungildi + 50% af uppgefnu innihaldi að hámarki upp að 1,8 prósentustigum að raungildi
Kornastærðarmælingar	± 10% hlutfallslegt frávik uppgefins hundraðshluta efnis sem fer í gegnum tiltekið sigti
Magn	± 1% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

Snefilefni	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald snefilefnaforma
Styrkur sem er 2% eða minni	± 20% af uppgefnu gildi
Styrkur sem er meiri en 2% og 10% eða minni	± 20% af uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Styrkur sem er meiri en 10%	± 1,0 prósentustig að raungildi

Magn: ± 5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 2: KÖLKUNAREFNI

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefna breytu
Hlutleysingargildi	± 3
Kornastærðarmælingar	± 10% hlutfallslegt frávik uppgefins hundraðshluta efnis sem fer í gegnum tiltekið sigti
Heildarmagn kalsíumoxíðs (CaO)	± 3,0 prósentustig að raungildi
Heildarmagn magnesíumoxíðs (MgO)	
Styrkur sem er undir 8%	± 1,0 prósentustig að raungildi
Styrkur á bilinu 8 til 16%	± 2,0 prósentustig að raungildi
Styrkur sem nemur 16% eða meira	± 3,0 prósentustig að raungildi
Hvarfgirni (saltsýruprófun og viðstöðuprófun)	± 5,0 prósentustig að raungildi
Magn	± 1% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 3: JARÐVEGSBÆTIR

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefna breytu
Sýrustig	± 1,0 af uppgefnu gildi
Lífrænt kolefni (C_{org})	± 10% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Lífrænt köfnunarefni (N_{org})	± 50% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefna breytu
Heildarmagn köfnunarefnis (N)	± 20% hlutfallslegt frávik að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Heildarmagn fosfórpentoxíðs (P_2O_5)	± 20% hlutfallslegt frávik að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Heildarmagn kalíumoxíðs (K_2O)	± 20% hlutfallslegt frávik að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Þurrefnisinnihald	± 10% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Magn	± 5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Rafleiðni	± 75% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 4: RÆKTUNAREFNI

Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefna breytu
Rafleiðni	± 75% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Sýrustig	± 1,0 af uppgefnu gildi
Magn miðað við rúmmál (lítrar eða m^3)	± 5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Magnákvörðun (rúmmál) á efnum með agnastærð sem er yfir 60 mm	± 5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Magnákvörðun (rúmmál) á formótuðu ræktunarefni	± 5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Köfnunarefni (N) útdraganlegt með $CaCl_2$/DTPA (kalsíumklóríð/díetýlentríamínpentaediksýra, „CAT-leysanlegt“)	± 75% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Fosfórpentoxíð (P_2O_5) útdraganlegt með $CaCl_2$/DTPA (kalsíumklóríð/díetýlentríamín-pentaediksýra, „CAT-leysanlegt“)	± 75% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi
Kalíumoxíð (K_2O) útdraganlegt með $CaCl_2$/DTPA (kalsíumklóríð/díetýlentríamín-pentaediksýra, „CAT-leysanleg“)	± 75% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5: LATI

Hamlandi efnasamband	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald hamlandi efnasambands
Styrkur sem er 2% eða minni	± 20% af uppgefnu gildi
Styrkur sem er meiri en 2%	± 0,3 prósentustig að raungildi

Magn: ± 5% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6.A: ÖRVERUFRÆÐILEGUR PLÖNTULÍFÖRVI

Raunveruleg þéttni örvera má ekki víkja meira en 15% frá uppgefnu gildi eða gildum.

VÖRUVIRKNIFLOKKUR 7: ÁBURÐARVÖRUBLANDA

Ef áburðarvörublanda inniheldur einn eða fleiri plöntulíförva sem tilheyra vöruvirkniflokki 6 skulu eftirfarandi vikmörk gilda um uppgefinn styrk hvers plöntulíförva:

Uppgefinn styrkur í g/kg eða g/l við 20 °C	Leyfileg vikmörk
Allt að 25	± 15% hlutfallslegt frávik
Meira en 25 og allt að 100	± 10% hlutfallslegt frávik
Meira en 100 og allt að 250	± 6% hlutfallslegt frávik
Meira en 250 og allt að 500	± 5% hlutfallslegt frávik
Meira en 500	± 25 g/kg eða ± 25 g/l

IV. VIÐAUKI

Samræmismatsaðferðir

I. HLUTI

NOTKUNARSVIÐ SAMRÆMISMATSAÐFERÐA

Í þessum hluta er sett fram notkunarsvið fyrir aðferðareiningar samræmismatsaðferða, eins og tilgreint er í II. hluta þessa viðauka, fyrir ESB-áburðarvörur, með hliðsjón af efnisþáttaefniviðaflokkum þeirra eins og tilgreint er í II. viðauka og vöruvirkniflokkum þeirra eins og tilgreint er í I. viðauka.

1. NOTKUNARSVIÐ INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITS (AÐFERÐAREINING A)

1.1. Nota má aðferðareiningu A fyrir ESB-áburðarvöru sem er eingöngu samsett úr einum eða fleiri af eftirfarandi efnisþáttaefniviðum:

a) efnum eða blöndum úr nýjum efniviði eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka, að undanskildum nítrunarlata, afnítrunarlata eða úreasalata,

b) meltu úr nýjum nytjaplöntum eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 4 í II. hluta II. viðauka,

c) aukaafurðum úr matvælaiðnaðinum eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 6 í II. hluta II. viðauka,

d) örverum eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 7 í II. hluta II. viðauka,

e) næringarefnafjölliðum eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 8 í II. hluta II. viðauka,

f) aukaafurðum í skilningi tilskipunar 2008/98/EB eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 11 í II. hluta II. viðauka.

1.2. Einnig má nota aðferðareiningu A fyrir áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7.

1.3. Þrátt fyrir liði 1.1 og 1.2 má ekki nota aðferðareiningu A fyrir:

a) eingildan eða fjölgildan fastan ólífrænan köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð með meginnæringarefnum, eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A, eða áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7, sem inniheldur 28% af köfnunarefni eða meira, miðað við massa, úr ESB-áburðarvöru sem tilheyrir vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A,

b) lata eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 5 eða

c) plöntulíförva eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 6.

2. NOTKUNARSVIÐ INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITS ÁSAMT VÖRUPRÓFUN UNDIR EFTIRLITI (AÐFERÐAREINING A1)

Nota skal aðferðareiningu A1 fyrir eingildan eða fjölgildan fastan, ólífrænan, köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð með meginnæringarefnum eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A og fyrir áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7 sem inniheldur 28% af köfnunarefni eða meira, miðað við massa, úr ESB-áburðarvöru sem tilheyrir vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A.

3. NOTKUNARSVIÐ ESB-GERÐARPRÓFUNAR (AÐFERÐAREINING B) OG ÞAR Á EFTIR GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI (AÐFERÐAREINING C)

3.1. Nota má aðferðareiningu B og þar á eftir aðferðareiningu C fyrir ESB-áburðarvöru sem er eingöngu samsett úr einum eða fleiri af eftirfarandi efnisþáttaefniviðum:

a) nítrunarlata, afnítrunarlata eða úreasalata eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka,

b) plöntum, plöntuhlutum eða plöntuútdráttum eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 2 í II. hluta II. viðauka,

c) fjölliðum, öðrum en næringarefnafjölliðum, eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka,

d) afleiddum afurðum í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 10 í II. hluta II. viðauka,

e) efnisþáttaefniviðaflokkum sem um getur í lið 1.1 í þessum hluta.

3.2. Einnig má nota aðferðareiningu B og þar á eftir aðferðareiningu C fyrir:

a) lata eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 5,

b) plöntulíförva eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 6 og

c) áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7.

3.3. Þrátt fyrir liði 3.1 og 3.2 má ekki nota aðferðareiningu B og þar á eftir aðferðareiningu C fyrir eingildan eða fjölgildan fastan, ólífrænan, köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð með meginnæringarefnum eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A eða áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7 sem inniheldur 28% af köfnunarefni eða meira, miðað við massa, úr ESB-áburðarvöru sem tilheyrir vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A.

4. NOTKUNARSVIÐ GÆÐATRYGGINGAR FYRIR FRAMLEIÐSLUFERLI (AÐFERÐAREINING D1)

4.1. Nota má aðferðareiningu D1 fyrir hvaða ESB-áburðarvöru sem er.

4.2. Þrátt fyrir lið 4.1 má ekki nota aðferðareiningu D1 fyrir eingildan eða fjölgildan fastan, ólífrænan, köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð með meginnæringarefnum eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A eða áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7 sem inniheldur 28% af köfnunarefni eða meira, miðað við massa, úr ESB-áburðarvöru sem tilheyrir vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A.

II. HLUTI

LÝSING Á SAMRÆMISMATSAÐFERÐUM

AÐFERÐAREINING A – INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT

1. LÝSING Á AÐFERÐAREININGUNNI

Innra framleiðslueftirlit er samræmismatsaðferð þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um skv. 2., 3. og 4. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að ESB-áburðarvörurnar, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð sem gilda um þær.

2. Tæknigögn

2.1. Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu gera það kleift að meta hvort ESB-áburðarvara samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu.

2.2. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og fyrirhugaða notkun ESB-áburðarvöru. Tæknigögnin skulu, eftir atvikum, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) almenna lýsingu á ESB-áburðarvörunni, vöruvirkniflokkinn sem svarar til fullyrtrar virkni ESB-áburðarvörunnar og lýsingu á fyrirhugaðri notkun,

b) skrá yfir efnisþáttaefniviði sem eru notaðir, efnisþáttaefniviðaflokkinn sem þeir tilheyra, eins og um getur í II. viðauka, og upplýsingar um uppruna þeirra eða framleiðsluferli,

c) ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir efnisþætti ESB-áburðarvara í áburðarvörublöndu,

d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar,

e) sýnishorn af merkimiða eða bæklingi, eða hvoru tveggja, sem um getur í 7. mgr. 6. gr., sem inniheldur upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við III. viðauka,

f) skrá yfir samhæfða staðla, sem um getur í 13. gr., sameiginlegar forskriftir sem um getur í 14. gr. og/eða aðrar viðeigandi tækniforskriftir sem eru notaðar. Ef samhæfðum stöðlum eða sameiginlegum forskriftum hefur verið beitt að hluta til skal tilgreina í tæknigögnunum þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, þ.m.t. útreikningar til að sýna fram á samræmi við 5. lið II. hluta I. viðauka, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,

h) prófunarskýrslur,

i) ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum í skilningi tilskipunar 2008/98/EB: tæknilegar og stjórnsýslulegar sannanir fyrir því að aukaafurðirnar séu í samræmi við viðmiðanir sem komið er á með framseldri gerð, sem um getur í 7. mgr. 42. gr. þessarar reglugerðar, og við landsráðstafanir sem lögleiða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/98/EB og, eftir atvikum, framkvæmdargerðir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. eða landsráðstafanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 5. gr. þeirra tilskipunar,

j) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg: upplýsingar um hámarksmagn og nákvæman uppruna heildarkrómmagnsins (Cr).

3. Framleiðsla

Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar ESB-áburðarvörur séu í samræmi við tæknigögnin sem um getur í 2. lið og við þær kröfur í þessari reglugerð sem gilda um þær.

4. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

4.1. Framleiðandi skal festa CE-merkið á hverjar umbúðir ESB-áburðarvöru fyrir sig, sem uppfyllir gildandi kröfur í þessari reglugerð, eða, ef varan er afhent án umbúða, á skjal sem fylgir ESB-áburðarvörunni.

4.2. Framleiðandi skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir ESB-áburðarvöru eða gerðareintak og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvara er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá ESB-áburðarvöru eða gerðareintak sem hún á við.

4.3. Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum, sé þess óskað.

5. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í 4. lið, fyrir hönd hans eða hennar og á ábyrgð hans eða hennar, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

AÐFERÐAREINING A1 – INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT ÁSAMT VÖRUPRÓFUN UNDIR EFTIRLITI

1. LÝSING Á AÐFERÐAREININGUNNI

Innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti er samræmismatsaðferð þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um skv. 2., 3., 4 og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að ESB-áburðarvörurnar, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð sem gilda um þær.

2. Tæknigögn

2.1. Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu gera það kleift að meta hvort ESB-áburðarvara samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu.

2.2. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og fyrirhugaða notkun ESB-áburðarvöru. Tæknigögnin skulu, eftir atvikum, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) almenna lýsingu á ESB-áburðarvörunni, vöruvirkniflokkinn sem svarar til fullyrtrar virkni ESB-áburðarvörunnar og lýsingu á fyrirhugaðri notkun,

b) skrá yfir efnisþáttaefniviði sem eru notaðir, efnisþáttaefniviðaflokkinn sem þeir tilheyra, eins og um getur í II. viðauka, og upplýsingar um uppruna þeirra eða framleiðsluferli,

c) ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir efnisþætti ESB-áburðarvara í áburðarvörublöndu,

d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar,

e) sýnishorn af merkimiða eða bæklingi, eða hvoru tveggja, sem um getur í 7. mgr. 6. gr., sem inniheldur upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við III. viðauka,

f) heiti og heimilisföng staða og hjá rekstraraðilum staðanna þar sem varan og helstu efnisþættir hennar voru framleidd,

g) skrá yfir samhæfða staðla, sem um getur í 13. gr., sameiginlegar forskriftir sem um getur í 14. gr. og/eða aðrar viðeigandi tækniforskriftir sem eru notaðar. Ef samhæfðum stöðlum eða sameiginlegum forskriftum hefur verið beitt að hluta til skal tilgreina í tæknigögnunum þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

h) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, þ.m.t. útreikningar til að sýna fram á samræmi við 5. lið II. hluta I. viðauka, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,

i) prófunarskýrslur, þ.m.t. skýrslur um vöruathuganir m.t.t. olíuupptöku og sprengiþols sem um getur í 4. lið, og

j) ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum í skilningi tilskipunar 2008/98/EB: tæknilegar og stjórnsýslulegar sannanir fyrir því að aukaafurðirnar séu í samræmi við viðmiðanir sem komið er á með framseldum gerðum, sem um getur í 7. mgr. 42. gr. þessarar reglugerðar, og við landsráðstafanir sem lögleiða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/98/EB og, eftir atvikum, framkvæmdargerðir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. eða landsráðstafanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 5. gr. þeirra tilskipunar,

3. Framleiðsla

Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar ESB-áburðarvörur séu í samræmi við tæknigögnin sem um getur í 2. lið og við þær kröfur í þessari reglugerð sem gilda um þær.

4. Vöruathuganir m.t.t. olíuupptöku og sprengiþols

Hitameðferðir og prófanir, sem um getur í liðum 4.1 til 4.4, skulu framkvæmdar, fyrir hönd framleiðandans, á þriggja mánaða fresti á dæmigerðu sýni af ESB-áburðarvöru til að sannreyna samræmi við:

a) kröfuna um olíuupptöku, sem um getur í 4. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A í I. viðauka, og

b) kröfuna um sprengiþol sem um getur í 5. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A í I. viðauka.

Hitameðferðir og prófanir skulu framkvæmdar á ábyrgð tilkynntrar stofu sem framleiðandinn velur.

4.1. Hitameðferðir á undan prófun á samræmi við kröfu um olíuupptöku sem um getur í 4. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A í I. viðauka.

4.1.1. Meginregla og skilgreining

Sýnið er hitað í hentugri, lokaðri rannsóknarstofuflösku frá stofuhita upp í 50 °C og því haldið við það hitastig í tvær klukkustundir (fasi við 50 °C). Sýnið er síðan kælt niður í 25 °C og haldið við það hitastig í tvær klukkustundir (fasi við 25 °C). Samsetning fasanna í röð við 50 °C og 25 °C myndar eina hitameðferð. Eftir að prófunarsýnið hefur tvisvar sinnum fengið hitameðferð er því haldið við 20 ± 3 °C til að ákvarða olíuupptöku þess.

4.1.2. Búnaður

Venjulegur búnaður á rannsóknarstofu, einkum

a) vatnsböð eða hitaskápar sem eru annars vegar stilltir á 25 ± 1 °C og hins vegar á 50 ± 1 °C,

b) hentugar rannsóknarstofuflöskur sem hver um sig rúmar 150 ml.

4.1.3. Verklagsreglur

4.1.3.1. Hvert 70 ± 5 g prófunarsýni er sett í hentuga rannsóknarstofuflösku sem síðan er lokað.

4.1.3.2. Eftir að hitastiginu 50 °C hefur verið náð og viðhaldið í tvær klukkustundir er hitastigi flöskunnar breytt í 25 °C í baðinu eða hitaskápnum og haldið áfram eins og lýst er í 4.1.1.

4.1.3.3. Ef vatnsbað er notað er vatninu í hverju baði haldið við stöðugan hita og haldið á hreyfingu með því að hræra hratt. Það skal tryggt að vatnsborðið nái upp fyrir sýnið. Tappinn er varinn gegn rakaþéttingu með svamp-gúmmíhettu.

4.2. Prófun á olíuupptöku sem um getur í 4. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A í I. viðauka

4.2.1. Lýsing

Olíuupptaka ESB-áburðarvöru skal vera það magn olíu sem ESB-áburðarvaran tekur upp, ákvarðað við tilgreindar notkunaraðstæður og gefið upp í % miðað við massa.

Prófunin skal framkvæmd á dæmigerðu sýni af ESB-áburðarvörunni. Áður en sýnið er prófað skal allur massi þess fara í gegnum hitaferli tvisvar sinnum í samræmi við lið 4.1.

Aðferðin á bæði við fyrir perlaðan og kornaðan áburð sem inniheldur ekki olíuleysanleg efni.

4.2.2. Meginregla

Prófunarsýninu er sökkt á kaf í gasolíu í tilgreindan tíma, síðan er afgangsolían látin hripa af við tilgreind skilyrði. Massaaukning sýnishlutans er mæld.

4.2.3. Prófefni

Gasolía með eftirfarandi eiginleika:

a) seigja að hámarki: 5 mPas við 40 °C,

b) eðlismassi: 0,8 g/ml til 0,85 g/ml við 20 °C,

c) brennisteinsinnihald, ≤ 1,0% (miðað við massa),

d) aska: ≤ 0,1% (miðað við massa).

4.2.4. Búnaður

Venjulegur rannsóknarstofubúnaður og:

a) vog, með nákvæmni upp á 0,01 g,

b) 500 ml bikarglös,

c) trekt úr plasti, helst keilulöguð efst, u.þ.b. 200 mm í þvermál,

d) prófunarsigti með 0,5 mm möskvum sem passar í trektina,

Athugasemd: Stærð trektar og sigtis er þannig að tryggt er að einungis örfá korn liggi ofan á öðrum kornum og olían geti hripað auðveldlega af.

e) síupappír sem síast hratt í gegnum, krepaður, mjúkur, massi 150 g/m^2,

f) ídrægur pappír (ætlaður fyrir rannsóknarstofur).

4.2.5. Verklagsreglur

4.2.5.1. Tvær ákvarðanir eru gerðar með stuttu millibili á aðskildum sýnishlutum af sama prófunarsýni.

4.2.5.2. Allar agnir, sem eru undir 0,5 mm að stærð, eru fjarlægðar með því að nota prófunarsigtið. Um það bil 50 g af sýninu eru vegin í bikarglasið með 0,01 g nákvæmni. Svo mikil gasolía er látin í bikarglasið að hún fljóti yfir perlurnar eða kornin og hrært varlega til að tryggja að yfirborð allra perlnanna eða kornanna blotni alveg. Úrgler er sett ofan á bikarglasið og það látið standa í eina klukkustund við 25 (± 2) °C.

4.2.5.3. Allt innihald bikarglassins er síað í gegnum trektina sem prófunarsigtið er í. Sýnishlutinn sem sigtið tók upp er látinn standa í eina klukkustund til að mestöll umframolía geti hripað af.

4.2.5.4. Tvær síupappírsarkir (u.þ.b. 500 x 500 mm) eru lagðar saman ofan á sléttan flöt, brotið er upp á allar fjórar hliðarnar á báðum örkunum með u.þ.b. 40 mm uppbroti til að koma í veg fyrir að perlurnar eða kornin velti burt. Tvö lög af ídrægum pappír eru lögð á miðjan síupappírinn. Öllu innihaldi sigtisins er hellt yfir ídræga pappírinn og dreift jafnt úr perlunum eða kornunum með mjúkum, flötum pensli. Eftir tvær mínútur er einni hliðinni á þurrkunum lyft upp til að færa perlurnar eða kornin yfir á síupappírinn fyrir neðan og þar er dreift jafnt úr þeim með penslinum. Önnur örk af síupappír, einnig með uppbrettum hliðum, er lögð ofan á sýnið og perlunum eða kornunum velt í hringi á milli síupappírsarkanna undir dálitlum þrýstingi. Gert er hlé eftir hverja átta hringi til að lyfta upp gagnstæðum hornum síupappírsins og velta perlunum eða kornunum, sem hafa oltið út að jöðrunum, aftur inn að miðju. Eftirfarandi aðferð er haldið áfram: velt er í fjóra heila hringi, fyrst réttsælis og síðan rangsælis. Síðan er perlunum eða kornunum velt aftur inn að miðju eins og lýst var hér að ofan. Þetta er endurtekið þrisvar sinnum (24 hringir, hornunum lyft tvisvar). Nýrri síupappírsörk er smeygt varlega á milli neðstu og næstneðstu arkanna, brúnum þeirrar efri er lyft upp og perlurnar eða kornin látin velta yfir á nýju örkina. Ný síupappírsörk er lögð ofan á perlurnar eða kornin og aðgerðin, sem lýst er hér að ofan, er endurtekin. Strax eftir að perlunum eða kornunum er velt er þeim hellt í taraða skál og vegin á ný með 0,01 g nákvæmni til að ákvarða massa gasolíumagnsins sem tekið var upp.

4.2.5.5. Veltiaðgerð og endurvigtun eru endurteknar

Reynist magn gasolíunnar, sem sýnishlutinn hefur tekið upp, vera meira en 2,00 g er sýnishlutinn settur á tvær nýjar síupappírsarkir og veltingurinn endurtekinn, hornunum er lyft í samræmi við lið 4.2.5.4 (tvisvar sinnum átta hringir, lyft einu sinni). Síðan er sýnishlutinn vigtaður á ný.

4.2.5.6. Gera skal tvær olíuupptökuprófanir á hverju sýni.

4.2.6. Prófunarskýrsla

4.2.6.1. Framsetning niðurstaðna

4.2.6.1.1. Reikniaðferð og formúla

Olíuupptakan úr hverri ákvörðun (liður 4.2.5.1), gefin upp í % miðað við massa sigtaðs sýnishluta, er gefin upp með jöfnunni:

$$\text{Olíuupptaka} = \frac{m_2 - m_1}{m_1} \times 100$$

þar sem:

m_1 er massi sigtaða sýnishlutans í grömmum (liður 4.2.5.2),

m_2 er massi sýnishlutans í grömmum samkvæmt liðum 4.2.5.4 og 4.2.5.5, eftir því sem við á, sem niðurstaða síðustu vigtunar.

4.2.6.1.2. Niðurstaða er fengin með því að taka meðaltal ákvarðananna tveggja.

4.2.6.2. Prófunarskýrslan skal vera hluti af tæknigögnunum.

4.3. Hitameðferðir á undan prófun á sprengiþoli sem um getur í 5. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A í I. viðauka.

4.3.1. Meginregla og skilgreining

Sýnið er hitað, í þéttum kassa, úr stofuhita upp í 50 °C og haldið við það hitastig í eina klukkustund (fasi við 50 °C). Sýnið er síðan kælt niður í 25 °C og haldið við það hitastig í eina klukkustund (fasi við 25 °C). Samsetning fasanna í röð við 50 °C og 25 °C myndar eina hitameðferð. Eftir að prófunarsýni hefur farið í gegnum tilskilinn fjölda hitameðferða er því haldið við 20 ± 3 °C meðan beðið er eftir að prófun á sprengiþoli sé framkvæmd.

4.3.2. Búnaður

Aðferð 1

a) Vatnsbað er stillt á hitastig á bilinu frá 20 til 51 °C með lágmarkshitunar- og kólnunarhraða sem nemur 10 °C/klst., eða tvö vatnsböð, annað stillt á hitastigið 20 °C og hitt á 51 °C. Hrært er stöðugt í vatnsbaðinu eða -böðunum; rúmmál baðsins skal vera nægilega mikið til að nægileg hreyfing vatnsins sé tryggð.

b) Kassi úr ryðfríu stáli, algerlega vatnsþéttur og með hitaskráningarbúnaði í miðjunni. Utanmál kassans er 45 (± 2) mm og þykkt veggja er 1,5 mm (sjá mynd 1 sem dæmi). Hægt er að velja hæð og lengd kassans þannig að hún henti stærð vatnsbaðsins, t.d. lengd 600 mm, hæð 400 mm.

Aðferð 2


a) Hentugur hitaskápur, stilltur á hitastig á bilinu frá 20 °C til 51 °C með lágmarkshitunar- og kólnunarhraða sem nemur 10 °C/klst.

b) Hentugir loftþéttir plastkassar eða pokar með hentugum hitaskráningarbúnaði í miðju sýninu eða kassi úr ryðfríu stáli eins og lýst er í b-lið í aðferð 1 í lið 4.3.2. Þegar kassinn eða pokinn hefur verið fylltur skal þykkt hans utanverð vera að hámarki 45 mm.

4.3.3. Verklagsreglur

Áburðarmagn sem nægir til prófunar á sprengiþoli er sett í kassana eða pokana og þeim lokað. Kassarnir úr ryðfría stálinu eru settir í vatnsbað (aðferð 1) eða kassarnir eða pokarnir settir í hitaskápinn (aðferð 2). Vatnið eða hitaskápurinn er hitaður í 51 °C og hitinn í miðju áburðarins mældur. Einni klukkustund eftir að hitinn í miðjunni hefur náð 50 °C hefst kæling. Einni klukkustund eftir að hitinn í miðjunni hefur náð 25 °C hefst hitun aftur fyrir aðra umferð. Ef um er að ræða tvö vatnsböð eða hitaskápa eru kassarnir eða pokarnir fluttir yfir í hitt baðið eða hinn skápinn eftir hvert hitunar-/kælingartímabil.

Mynd 1



A: O-laga hringþétti

B: Lok

C: Bolti

D: Kassi

4.4. Prófun á sprengiþoli sem um getur í 5. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A í I. viðauka

4.4.1. Lýsing

4.4.1.1. Prófunin skal framkvæmd á dæmigerðu sýni af ESB-áburðarvörunni. Áður en sýnið er prófað m.t.t. sprengiþols skal allur massi þess fara í gegnum hitaferli fimm sinnum í samræmi við lið 4.3.

4.4.1.2. ESB-áburðarvaran skal sett í prófun á sprengiþoli í láréttu stálröri við eftirfarandi skilyrði (nánari upplýsingar um efniviðina eru í lið 4.4.3):

a) heildregið stálrör:

i. Lengd rörs: a.m.k. 1 000 mm

ii. Uppgefið ytra þvermál: a.m.k. 114 mm

iii. uppgefin þykkt rörveggs: a.m.k. 5 mm

b) forsprengja: tegund og massi forsprengju sem er valin skal vera þannig að mesti mögulegi sprengiþrýstingur sé notaður á sýnið til að ákveða næmleika þess m.t.t. útbreiðslu sprengingarinnar,

c) hitastig sýnisins: 15 °C til 25 °C,

d) hólkar úr blýi til að mæla sprengikraftinn: 50 mm að þvermáli og 100 mm á hæð,

e) komið fyrir með 150 mm millibili til að þeir styðji lárétt undir rörið.

ATHUGASEMD: Prófun skal gerð tvisvar. Prófunin telst afgerandi ef einn eða fleiri undirstöðublýhólkanna aflagast minna en 5% í báðum prófununum.

4.4.2. Meginregla

Prófunarsýninu er komið fyrir í stálröri og látið verða fyrir sprengingarhöggi frá forsprengihleðslu. Útbreiðsla sprengingarinnar er mæld með því að athuga hversu mikið blýhólkar aflagast sem rörið hvílir lárétt á meðan á prófuninni stendur.

4.4.3. Efniviðir

a) Plastsprengiefni sem inniheldur 83 til 86% penþrít

— eðlismassi: 1 500 kg/m^3 til 1 600 kg/m^3

— sprengihraði: 7 300 m/s til 7 700 m/s

— massi: (500 ± 1) g,

eða hvaða plastsprengiefni annað sem er með svipaða sprengieiginleika.

b) Sjö bútar af sveigjanlegum sprengiþræði með slíf sem er ekki úr málmi

— fyllimassi: 11 g/m til 13 g/m

— lengd hvers þráðar: (400 ± 2) mm.

c) Þjappaður köggull úr viðbótarsprengiefni með dæld fyrir hvellhettu

— sprengiefni: hexógen/vax 95/5 eða svipað viðbótarsprengiefni, með eða án viðbætts grafíts

— eðlismassi: 1 500 kg/m^3 til 1 600 kg/m^3

— þvermál: 19 til 21 mm

— hæð: 19 til 23 mm

— massi þjappaðs kögguls: að hámarki 10 g

— dæld í miðju fyrir hvellhettu: hámarksþvermál 7,0 til 7,3 mm, dýpt u.þ.b. 12 mm. Ef um er að ræða sverar hvellhettur skal þvermál dældarinnar vera örlítið stærra (t.d. 0,5 mm) en þvermál hvellhettunnar.

d) Heildregið stálrör eins og tilgreint er í ISO 65 – 1981 – Heavy Series, með nafnmálið DN 100 (4")

— ytra þvermál: 113,1 til 115,0 mm

— þykkt rörveggs: 5,0 til 6,5 mm

— lengd: 1 005 ± 2 mm.

e) Botnplata

— efni: stál sem auðvelt er að sjóða

— mál: 160 × 160 mm

— þykkt: 5 til 6 mm.

f) Sex blýhólkar

— þvermál: 50 ± 1 mm

— hæð: 100 til 101 mm

— efni: mjúkt blý með a.m.k. 99,5% hreinleika.

g) Stálblokk

— lengd: a.m.k. 1 000 mm

— breidd: a.m.k. 150 mm

— hæð: a.m.k. 150 mm (að öðrum kosti er hægt að ná þessari hæð með stafla af nokkrum bitum)

— Massi: a.m.k. 300 kg ef engin föst undirstaða er fyrir stálblokkina.

h) Hólkur úr plasti eða pappa fyrir forsprengihleðsluna

— þykkt rörveggs: 1,5 til 2,5 mm

— þvermál: 92 til 96 mm

— hæð: 64 til 67 mm.

i) Hvellhetta (rafknúin eða ekki rafknúin) með kveikikrafti 8 til10

j) Tré- eða plastskífa

— þvermál: 92 til 96 mm. Þvermálið skal passa við innra þvermál plast- eða pappahólksins (h-liður)

— þykkt: 20 mm.

k) Tré- eða plastteinn með sama þvermál og hvellhettan (i-liður)

l) Lítil splitti (hámarkslengd 20 mm)

m) Splitti (lengd u.þ.b. 20 mm)

4.4.4. Verklagsreglur

4.4.4.1. Forsprengihleðsla undirbúin áður en henni er komið fyrir í stálrörinu

Með hliðsjón af tiltækileika búnaðar er hægt að kveikja í sprengiefninu í forsprengihleðslunni annaðhvort

— með sjö punkta samtímakveikingu, eins og um getur í lið 4.4.4.1.1, eða

— með miðlægri kveikingu með þjöppuðum köggli eins og um getur í lið 4.4.4.1.2.

4.4.4.1.1. Sjö punkta samtímakveiking

Forsprengihleðsla, tilbúin til notkunar, er sýnd á mynd 2.

4.4.4.1.1.1. Boruð eru göt í tré- eða plastskífuna (j-liður í lið 4.4.3), samsíða ási hennar, í miðjuna og gegnum sex punkta sem dreifast samhverft á sammiðja hring sem er 55 mm að þvermáli. Þvermál gatanna skal vera 6 til 7 mm (sjá lið A–B á mynd 2), eftir því hversu sver sprengiþráðurinn er sem er notaður (b-liður í lið 4.4.3).

4.4.4.1.1.2. Klipptir eru sjö bútar af sveigjanlegum sprengiþræði (b-liður í lið 4.4.3), hver um sig 400 mm, og komið er í veg fyrir að sprengiefni fari til spillis til endanna með hreinum skurði og með því að loka endunum strax með límí. Bútunum sjö er þrýst í gegnum götin sjö í tré- eða plastskífunni (j-liður í lið 4.4.3) þar til endarnir standa nokkra sentimetra út hinum megin á skífunni. Síðan er litlu splitti (l-liður í lið 4.4.3) stungið þvert í textílslíf hvers kveikiþráðar, 5 til 6 mm frá endanum, og lím borið á 2 cm breitt svæði hjá splittunum á ytra borði kveikiþráðanna. Að lokum er lengri endi hvers þráðar dreginn til baka þar til splittið snertir tré- eða plastskífuna.

4.4.4.1.1.3. Plastsprengiefni (a-liður í lið 4.4.3) er mótað í hólk, 92 til 96 mm í þvermál, allt eftir því hversu víður hólkurinn (h-liður í lið 4.4.3) er. Mótaða sprengiefnið er síðan látið ofan í hólkinn sem komið hefur verið fyrir í lóðréttri stöðu á sléttum fleti. Síðan er tré- eða plastskífan ([1]) með kveikiþráðunum sjö sett inn í hólkinn að ofanverðu og þrýst niður í sprengiefnið. Hæð hólksins (64 til 67 mm) er stillt af þannig að efri brúnin nái ekki upp fyrir tré- eða plastskífuna. Að lokum er hólkurinn festur við tré- eða plastskífuna meðfram allri röndinni, t.d. með heftum eða litlum nöglum.

4.4.4.1.1.4. Lausu endarnir á kveikiþráðunum sjö eru dregnir saman utan um tré- eða plastpinnann (k-liður í lið 4.3.3) þannig að allir endarnir séu í sama fleti sem er hornréttur á pinnann. Þeir eru festir saman í knippi utan um pinnann með límbandi ([2]).

4.4.4.1.2. Miðlæg kveiking með þjöppuðum köggli

Forsprengihleðsla, tilbúin til notkunar, er sýnd á mynd 3.

4.4.4.1.2.1. Þjappaður köggull undirbúinn

Þegar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar eru að hámarki 10 g af viðbótarsprengiefni (c-liður í lið 4.4.3) sett í mót sem er 19 til 21 mm að innra þvermáli og þjappað saman í viðeigandi form og þéttleika (hlutfall þvermáls og hæðar ætti að vera u.þ.b. 1:1.). Í miðjum botni mótsins er pinni, 12 mm á hæð og 7,0 til 7,3 mm í þvermál (allt eftir þvermáli hvellhettunnar sem er notuð), sem myndar sívalningslagaða dæld í þjöppuðu sprengihleðslunni þar sem hvellhettunni verður síðan komið fyrir.

([1]) Þvermál skífunnar verður ætíð að samsvara innra þvermáli hólksins.

([2]) ATH.: Þegar strekkt er á sex ystu þráðunum eftir samsetningu skal miðþráðurinn vera örlítið slakur áfram.

4.4.4.1.2.2. Forsprengihleðsla undirbúin

Sprengiefninu (a-liður í lið 4.4.3) er komið fyrir í hólknum (h-liður í lið 4.4.3) sem stendur lóðrétt á sléttum fleti, síðan er því þrýst niður með tré- eða plaststimpli til að það verði sívalningslaga með dæld í miðjunni. Þjappaða kögglinum er komið fyrir í þessari dæld. Ofan á sívalningslagaða sprengiefnið með þjappaða kögglinum er látin tré- eða plastskífa (j-liður í lið 4.4.3) með gati, 7,0 til 7,3 mm í þvermál, í miðjunni til að koma hvellhettunni fyrir í. Tré- eða plastskífan og sprengiefnissívalningurinn eru fest saman með límbandi í kross. Tryggt er að gatið sem er borað í skífuna og dældin í þjappaða kögglinum standist á með því að reka tré- eða plastpinna í gegnum gatið (k-liður í lið 4.4.3).

4.4.4.2. Stálrörin undirbúin fyrir sprengiprófanir

Við annan enda stálrörsins (d-liður í lið 4.4.3) eru boruð tvö gagnstæð göt, 4 mm í þvermál, hornrétt á rörvegginn 4 mm frá brúninni. Botnplatan (e-liður í lið 4.4.3) er logsoðin saman við hinn enda rörsins þannig að rétta hornið milli botnplötunnar og rörveggsins er fyllt með suðumálmi allan hringinn um rörið.

4.4.4.3. Stálrörið fyllt og hlaðið

Sjá myndir 2 og 3.

4.4.4.3.1. Prófunarsýnið, stálrörið og forsprengihleðslan skulu vera við hitastig sem nemur (20 ± 5) °C. Um það bil 20 kg af prófunarsýni ættu að vera til reiðu fyrir tvær prófanir á sprengiþoli.

4.4.4.3.2.1 Rörið er látið standa upprétt á botnplötunni á föstum, sléttum fleti, helst steinsteypu. Rörið er fyllt að u.þ.b. einum þriðja með prófunarsýni og látið falla fimm sinnum á flatt yfirborðið úr 10 cm hæð til að þjappa perlunum eða kornunum eins þétt saman í rörinu og unnt er. Til að flýta fyrir samþjöppun er rörið hrist með því að berja það utan með 750 til 1 000 g hamri milli falla, alls tíu sinnum.

4.4.4.3.2.2. Þessi hleðsluaðferð er endurtekin með öðrum sýnishluta af prófunarsýninu. Að lokum er bætt við svo stórum skammti að hleðslan fylli rörið að 70 mm frá opi þegar henni hefur verið þjappað saman með því að láta rörið falla tíu sinnum og slá það með hamri tuttugu sinnum þess á milli.

4.4.4.3.2.3 Yfirborðshæð sýnisins skal aðlöguð þannig í stálrörinu að forsprengihleðslan (sem um getur í lið 4.4.4.1.1 eða 4.4.4.1.2), sem síðar er sett í rörið, verði í náinni snertingu við allt yfirborð sýnisins.

4.4.4.3.3. Forsprengihleðslunni er komið fyrir í rörinu þannig að hún sé í snertingu við sýnið; efra borð tré- eða plastskífunnar skal vera 6 mm fyrir neðan endann á rörinu. Náin snerting milli sprengiefnis og prófunarsýnisins er tryggð með því að taka forsprengihleðsluna úr og bæta við eða fjarlægja lítið magn af sýninu. Eins og sýnt er á myndum 2 og 3 ætti að stinga splittum gegnum götin við opna endann á rörinu og beygja splittisendana aftur að rörveggnum.

4.4.4.4. Staðsetning stálrörsins og blýhólkanna (sjá mynd 4)

4.4.4.4.1. Botnfletir blýhólkanna (f-liður í lið 4.4.3) eru númeraðir með 1, 2, 3, 4, 5 og 6. Sex strik eru mörkuð með 150 mm millibili eftir línu á stálblokk (g-liður í lið 4.4.3) sem hvílir á láréttri undirstöðu og hvert strik er a.m.k. 75 mm frá sérhverri brún blokkarinnar. Blýhólk er komið fyrir í lóðréttri stöðu á hverju þessara strika þannig að botnflötur hvers hólks sé á miðju strikinu (sjá mynd 4).

4.4.4.4.2. Stálrörið, sem hefur verið undirbúið eins og lýst er í lið 4.4.4.3, er lagt lárétt ofan á blýhólkana þannig að ás rörsins sé samsíða miðlínu blýhólkanna og soðni endinn á rörinu nái 50 mm út fyrir blýhólk nr. 6. Til að koma í veg fyrir að rörið velti eru litlir tré- eða plastfleygar reknir á milli endaflatar blýhólkanna og rörveggsins (einn á hvorri hlið) eða trékrossi komið fyrir milli rörsins og stálblokkarinnar eða stafli af bitum. (sjá mynd 4).

Athugasemd: Gengið er úr skugga um að rörið snerti alla blýhólkana sex; ef rörið er lítillega sveigt er hægt að bæta það upp með því að snúa rörinu um lengdarás sinn; ef einhver blýhólkanna er of hár er slegið varlega á hann með hamri þar til réttri hæð er náð.

4.4.4.5. Sprenging undirbúin

4.4.4.5.1. Búnaðurinn, sem lýst er í lið 4.4.4.4, er settur upp í byrgi eða á stað neðanjarðar sem hefur verið undirbúinn til þess eða á hentugum stað. Áður en sprengt er skal tryggja að hita stálrörsins sé haldið við 20 (± 5) °C.

Athugasemd: Sprenging getur valdið því að stálbrot þeytist af miklum krafti og þess vegna skal framkvæma sprengingar í hæfilegri fjarlægð frá byggð eða umferðaræðum.

4.4.4.5.2. Ef forsprengihleðsla með sjö punkta kveikingu er notuð skal tryggja að kveikiþræðirnir séu strekktir eins og lýst er í neðanmálsgreininni við lið 4.4.4.1.1.4 og hafðir eins láréttir og unnt er.

4.4.4.5.3. Að lokum er tré- eða plastpinninn fjarlægður og hvellhettunni komið fyrir í hans stað. Áður en sprengt er skal hættusvæðið yfirgefið og prófunarstarfsfólk leita skjóls.

4.4.4.5.4. Sprengiefnið sprengt.

4.4.4.6.1. Þegar nægur tími er liðinn til að reykurinn (loftkennd og stundum eitruð niðurbrotsefni, s.s. köfnunarefnisgas-tegundir) nái að dreifast er blýhólkunum safnað saman og hæð þeirra mæld með brotmæli.

4.4.4.6.2. Að því er varðar hvern merktan blýhólk skal skrá hversu mikið þeir aflagast, gefið upp sem hundraðshluti af upprunalegri hæð sem var 100 mm. Ef hólkarnir hafa lagst skáhallt saman skal skrá hæstu og lægstu gildin og reikna út meðaltalið.

4.4.4.7. Einnig er hægt að mæla sprengihraðann.

4.4.4.8. Gera skal tvær sprengiprófanir á hverju sýni.

4.4.5. Prófunarskýrsla

Gildi fyrir eftirfarandi breytur skulu gefin í prófunarskýrslu fyrir hverja prófun á sprengiþoli:

— gildi sem eru mæld í raun fyrir ytra þvermál stálrörsins og veggþykkt rörsins,

— Brinell-harka stálrörsins,

— hitastig rörsins og sýnisins skömmu áður en sprengt er,

— troðsluþéttleiki (kg/m^3) sýnisins í stálrörinu,

— hæð hvers blýhólks eftir sprengingu og tilgreina skal númer hans,


— kveikingaraðferð sem er notuð fyrir forsprengihleðsluna.

4.4.6. Mat á niðurstöðum prófunar

Ef aflögun a.m.k. eins blýhólks í hverri sprengingu er minni en 5% skal prófunin teljast afgerandi og litið skal svo á að sýnið, sem lagt er fram, sé sprengiþolið.

4.4.7. Prófunarskýrslan skal vera hluti af tæknigögnunum.

Mynd 2



Forsprengihleðsla með sjö punkta kveikingu

1: Stálrör

2: Tré- eða plastskífa með sjö götum

3: Hólkur úr plasti eða pappa

4: Sprengiþræðir

5: Plastsprengiefni

6: Prófunarsýni


7: 4 mm gat borað fyrir splitti

8: Splitti

9: Tré- eða plastpinni umlukinn nr. 4

10: Límband til að festa nr. 4 utan um nr. 9

Mynd 3



1: Stálrör

2: Tré- eða plastskífa

3: Hólkur úr plasti eða pappa

4: Tré- eða plastpinni

5: Plastsprengiefni

6: Þjappaður köggull


7: Prófunarsýni

8: 4 mm gat borað fyrir splitti

9: Splitti

10: Tré- eða plaststimpill fyrir nr. 5

Mynd 4



Tölurnar í hringjunum:

1: Stálrör

2: Blýhólkar

3: Stálblokk eða stafli af bitum

4: Botnplata

5: Forsprengihleðsla

Tölurnar í ferningunum:

Blýhólkar 1 til 6

5. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merkið og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í 4. lið, kenninúmer hinnar síðarnefndu á hverjar umbúðir ESB-áburðarvöru fyrir sig, sem uppfyllir gildandi kröfur í þessari reglugerð, eða, ef varan er afhent án umbúða, á skjal sem fylgir ESB-áburðarvörunni.

5.2. Framleiðandi skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð ESB-áburðarvöru og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvara er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá gerð ESB-áburðarvöru sem hún á við.

5.3. Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum, sé þess óskað.

6. Upplýsingaskylda og rekstrarlegar skyldur tilkynntra stofa

6.1. Hver tilkynnt stofa skal, án ástæðulausrar tafar, upplýsa tilkynningaryfirvald sitt og aðrar stofur, sem eru tilkynntar samkvæmt þessari reglugerð og annast sambærilega samræmismatsstarfsemi sem tekur til sömu ESB-áburðarvara, um eftirfarandi:

a) sérhvert tilvik þar sem framleiðandi hefur ekki farið að kröfum um þriggja mánaða tímabil til að framkvæma prófanir sem krafist er skv. 4. lið,

b) sérhverjar prófunarniðurstöður sem sýna fram á að ekki sé farið að kröfu um sprengiþol sem um getur í 5. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i-ii.A í I. viðauka.

6.2. Í tilvikinu sem um getur í b-lið í lið 6.1 skal tilkynnta stofan fara þess á leit að framleiðandinn geri nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við 8. mgr. 6. gr.

7. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í lið 4.4.7 og 5. lið, fyrir hönd hans eða hennar og á ábyrgð hans eða hennar, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

AÐFERÐAREINING B – ESB-GERÐARPRÓFUN

1. LÝSING Á AÐFERÐAREININGUNNI

1.1. ESB-gerðarprófun er hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun ESB-áburðarvöru og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun ESB-áburðarvörunnar uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

1.2. Mat á því hversu fullnægjandi tæknileg hönnun ESB-áburðarvöru er er framkvæmt með athugun á tæknigögnum og stoðgögnum ásamt athugun á sýnum sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu.

2. Tæknigögn

2.1. Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu gera það kleift að meta hvort ESB-áburðarvara samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu.

2.2. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og fyrirhugaða notkun ESB-áburðarvöru. Tæknigögnin skulu, eftir atvikum, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) almenna lýsingu á ESB-áburðarvörunni, vöruvirkniflokkinn sem svarar til fullyrtrar virkni ESB-áburðarvörunnar og lýsingu á fyrirhugaðri notkun,

b) skrá yfir efnisþáttaefniviði sem eru notaðir, efnisþáttaefniviðaflokkinn sem þeir tilheyra, eins og um getur í II. viðauka, og upplýsingar um uppruna þeirra eða framleiðsluferli,

c) ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir efnisþætti ESB-áburðarvara í áburðarvörublöndu,

d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar,

e) sýnishorn af merkimiða eða bæklingi, eða hvoru tveggja, sem um getur í 7. mgr. 6. gr., sem inniheldur upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við III. viðauka,

f) skrá yfir samhæfða staðla, sem um getur í 13. gr., sameiginlegar forskriftir sem um getur í 14. gr. og/eða aðrar viðeigandi tækniforskriftir sem eru notaðar. Ef samhæfðum stöðlum eða sameiginlegum forskriftum hefur verið beitt að hluta til skal tilgreina í tæknigögnunum þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, þ.m.t. útreikningar til að sýna fram á samræmi við 5. lið II. hluta I. viðauka, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,

h) prófunarskýrslur,

i) ef ESB-áburðarvaran inniheldur eða samanstendur af afleiddum afurðum í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009: viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð sem krafist er samkvæmt þeirri reglugerð og sannanir fyrir því að afleiddu afurðirnar hafi náð endapunktinum í framleiðsluferlinu í skilningi þeirrar reglugerðar,

j) ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum í skilningi tilskipunar 2008/98/EB: tæknilegar og stjórnsýslulegar sannanir fyrir því að aukaafurðirnar séu í samræmi við viðmiðanir sem komið er á með framseldri gerð, sem um getur í 7. mgr. 42. gr. þessarar reglugerðar, og við landsráðstafanir sem lögleiða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/98/EB og, eftir atvikum, framkvæmdargerðir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. eða landsráðstafanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 5. gr. þeirra tilskipunar og

k) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg: upplýsingar um hámarksmagn og nákvæman uppruna heildarkrómmagnsins (Cr).

3. Umsókn um ESB-gerðarprófun

3.1. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarprófun hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

3.2. Umsóknin skal innihalda:

a) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans eða hennar og heimilisfang,

b) skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

c) tæknigögnin sem um getur í 2. lið,

d) sýni sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu. Tilkynnta stofan getur farið fram á að fá fleiri sýni sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir,

e) stoðgögn sem sýna að tæknihönnun sé fullnægjandi. Í þessum stoðgögnum skal tilgreina öll gögn sem hafa verið notuð, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum eða sameiginlegum forskriftum hefur ekki verið beitt í heild sinni. Ef nauðsyn krefur skulu stoðgögnin innihalda niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við aðrar viðeigandi tækniforskriftir af hálfu viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða af hálfu annarrar prófunarstofu fyrir hönd hans eða hennar og á ábyrgð hans eða hennar.

4. Mat á því hversu fullnægjandi tæknileg hönnun er

Tilkynnt stofa skal:

a) athuga tæknigögnin og stoðgögnin til að meta hversu fullnægjandi tæknileg hönnun ESB-áburðarvörunnar er,

b) sannprófa að sýnið eða sýnin hafi verið framleidd í samræmi við tæknigögnin og auðkenna þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við gildandi ákvæði viðeigandi samhæfðra staðla eða sameiginlegra forskrifta sem og þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við aðrar viðeigandi tækniforskriftir,

c) inna af hendi viðeigandi athuganir og prófanir á sýninu eða sýnum, eða láta inna þær af hendi, til að athuga, ef framleiðandinn valdi að beita lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða sameiginlegum forskriftum, hvort lausnunum hefur verið beitt með réttum hætti,

d) framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir á sýninu eða sýnunum til að ganga úr skugga um hvort, ef lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða sameiginlegum forskriftum var ekki beitt eða, ef samhæfðir staðlar eða sameiginlegar forskriftir eru ekki fyrir hendi, þær lausnir sem framleiðandinn tók upp uppfylli samsvarandi kröfur í þessari reglugerð,

e) semja við framleiðandann um hvar athuganir og prófanir skuli fara fram.

5. Matsskýrsla

Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráð er starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við 4. lið og niðurstaða hennar. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur sínar gagnvart tilkynningaryfirvöldum, einungis birta efni þeirrar skýrslu, að hluta til eða í heild sinni, með samþykki framleiðandans.

6. ESB-gerðarprófunarvottorð

6.1. Ef gerðareintakið uppfyllir þær kröfur í þessari reglugerð sem eiga við um viðkomandi ESB-áburðarvöru skal tilkynnta stofan gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð handa framleiðandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að vottorðið sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykktu gerðina. ESB-gerðarprófunarvottorðinu getur fylgt einn viðauki eða fleiri.

6.2. ESB-gerðarprófunarvottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera það kleift að meta samræmi framleiddrar ESB-áburðarvöru við gerðareintakið til skoðunar

6.3. Ef gerðareintakið uppfyllir ekki kröfurnar í þessari reglugerð skal tilkynnta stofan synja um útgáfu ESB-gerðarprófunarvottorðs og skal upplýsa umsækjanda þar um og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

7. Breytingar sem geta haft áhrif á samræmi ESB-áburðarvöru við kröfur

7.1. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á nýjustu tækni, sem almennt er viðurkennd, sem benda til þess að samþykkta gerðareintakið uppfylli ekki lengur kröfurnar í þessari reglugerð og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

7.2. Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða ESB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktu gerðareintaki sem geta haft áhrif á hvort ESB-áburðarvaran uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð eða skilyrðin fyrir gildi ESB-gerðarprófunarvottorðsins. Fyrir slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflega ESB-gerðarprófunarvottorðið.

8. Upplýsingaskylda tilkynntra stofa

8.1. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvald sitt um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau, sem hún hefur gefið út eða afturkallað, og hún skal einnig, reglulega eða ef óskað er eftir því, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir ESB-gerðarprófunarvottorð, og/eða viðbætur við þau, sem hefur verið synjað um, felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

8.2. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur synjað um, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt og einnig, ef óskað er eftir því, um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

8.3. Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðunum og/eða viðbótum við þau, sé þess óskað. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta fengið afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum úr athugunum sem tilkynnta stofan hefur framkvæmt, sé þess óskað.

9. Tiltækileiki ESB-gerðarprófunarvottorðs

9.1. Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tækniskjalinu, þ.m.t. þau skjöl sem framleiðandinn leggur fram, þar til gildistími ESB-gerðarprófunarvottorðsins rennur út.

9.2. Framleiðandi skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvaran er sett á markað.

10. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans má leggja fram umsóknina, sem um getur í 3. lið og uppfylla skyldurnar, sem settar eru fram í 7. lið og í lið 9.2, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

AÐFERÐAREINING C – GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI

1. LÝSING Á AÐFERÐAREININGUNNI

Gerðarsamræmi, sem er byggt á innra framleiðslueftirliti, er sá hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið, og tryggir og lýsir því yfir, á eigin ábyrgð, að ESB-áburðarvörurnar, sem um er að ræða, séu í samræmi við gerðareintakið, sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli þær kröfur í þessari reglugerð sem gilda um þær.

2. Framleiðsla

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar ESB-áburðarvörur séu í samræmi við samþykkta gerðareintakið, sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli þær kröfur í þessari reglugerð sem gilda um þær.

3. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

3.1 Framleiðandi skal festa CE-merkið á hverjar umbúðir ESB-áburðarvöru fyrir sig sem er í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir gildandi kröfur í þessari reglugerð eða, ef varan er afhent án umbúða, á skjal sem fylgir ESB-áburðarvörunni.

3.2 Framleiðandi skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð ESB-áburðarvöru og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvara er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá gerð ESB-áburðarvöru sem hún á við.

3.3. Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum, sé þess óskað.

4. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í 3. lið, fyrir hönd hans eða hennar og á ábyrgð hans eða hennar, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

AÐFERÐAREINING D1 – GÆÐATRYGGING FYRIR FRAMLEIÐSLUFERLI

1. LÝSING Á AÐFERÐAREININGUNNI

Gæðatrygging fyrir framleiðsluferlið er samræmismatsaðferð þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2., 4. og 7. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að ESB-áburðarvörurnar, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð sem gilda um þær.

2. Tæknigögn

2.1. Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu gera það kleift að meta hvort ESB-áburðarvara samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu.

2.2. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og fyrirhugaða notkun ESB-áburðarvöru. Tæknigögnin skulu, eftir atvikum, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) almenna lýsingu á ESB-áburðarvörunni, vöruvirkniflokkinn sem svarar til fullyrtrar virkni ESB-áburðarvörunnar og lýsingu á fyrirhugaðri notkun,

b) skrá yfir efnisþáttaefniviði sem eru notaðir, efnisþáttaefniviðaflokkinn sem þeir tilheyra, eins og um getur í II. viðauka, og upplýsingar um uppruna þeirra eða framleiðsluferli,

c) ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir efnisþætti ESB-áburðarvara í áburðarvörublöndu,

d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar og, í tengslum við moltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 3 eða meltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 5, eins og skilgreint er í II. viðauka, skriflega lýsingu og skýringarmynd af framleiðsluferlinu þar sem hver meðhöndlun, geymsluker og svæði er auðkennt á skýran hátt,

e) sýnishorn af merkimiða eða bæklingi, eða hvoru tveggja, sem um getur í 7. mgr. 6. gr., sem inniheldur upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við III. viðauka,

f) skrá yfir samhæfða staðla, sem um getur í 13. gr., sameiginlegar forskriftir sem um getur í 14. gr. og/eða aðrar viðeigandi tækniforskriftir sem eru notaðar. Ef samhæfðum stöðlum eða sameiginlegum forskriftum hefur verið beitt að hluta til skal tilgreina í tæknigögnunum þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, þ.m.t. útreikningar til að sýna fram á samræmi við 5. lið II. hluta I. viðauka, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,

h) prófunarskýrslur,

i) ef ESB-áburðarvaran inniheldur eða samanstendur af afleiddum afurðum í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009: viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð sem krafist er samkvæmt þeirri reglugerð og sannanir fyrir því að afleiddu afurðirnar hafi náð endapunktinum í framleiðsluferlinu í skilningi þeirrar reglugerðar,

j) ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum í skilningi tilskipunar 2008/98/EB: tæknilegar og stjórnsýslulegar sannanir fyrir því að aukaafurðirnar séu í samræmi við viðmiðanir sem komið er á með framseldri gerð, sem um getur í 7. mgr. 42. gr. þessarar reglugerðar, og við landsráðstafanir sem lögleiða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2008/98/EB og, eftir atvikum, framkvæmdargerðir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. eða landsráðstafanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 5. gr. þeirra tilskipunar og

k) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg: upplýsingar um hámarksmagn og nákvæman uppruna heildarkrómmagnsins (Cr).

3. Tiltækileiki tæknigagna

Framleiðandi skal varðveita tæknigögnin þannig að þau séu tiltæk fyrir viðkomandi landsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvaran er sett á markað.

4. Framleiðsla

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, vörueftirlit með fullunnum vörum og prófanir á ESB-áburðarvörum, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 5. lið, og skal háður eftirliti eins og tilgreint er í 6. lið.

5. Gæðakerfi

5.1. Framleiðandi skal innleiða gæðakerfi sem skal tryggja að ESB-áburðarvörur uppfylli þær kröfur í þessari reglugerð sem gilda um þær.

5.1.1. Gæðakerfið skal taka til gæðamarkmiða og til stjórnskipulags með ábyrgð og vald stjórnenda að því er varðar vörugæði.

5.1.1.1. Að því er varðar moltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 3 og meltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 5, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framkvæmdastjórn innan fyrirtækis framleiðandans:

a) tryggja að næg tilföng (fólk, innviðir, búnaður) séu til reiðu til að taka gæðakerfið upp og koma því í framkvæmd,

b) tilnefna aðila í stjórn fyrirtækisins sem skal vera ábyrgur fyrir eftirfarandi:

— að tryggja að gæðastjórnunarferlum sé komið á, þau samþykkt, þeim komið í framkvæmd og viðhaldið,

— að gefa framkvæmdastjórn framleiðandans skýrslu um nothæfi gæðastjórnunarinnar og sérhverja þörf fyrir umbætur,

— að tryggja að stuðlað sé að vitundarvakningu að því er varðar þarfir viðskiptavina og lagakröfur innan fyrirtækis framleiðandans og að starfsfólki sé gerð grein fyrir gildi og mikilvægi krafna um gæðastjórnun til að uppfylla lagakröfurnar í þessari reglugerð,

— að tryggja að hver einstaklingur, sem gegnir skyldustörfum sem hafa áhrif á vörugæði, fái fullnægjandi þjálfun og leiðbeiningar og

— að tryggja flokkun gæðastjórnunargagnanna sem getið er í lið 5.1.4,

c) að inna af hendi innri úttekt á hverju ári eða fyrr en áætlað er ef veruleg breyting, sem getur haft áhrif á gæði ESB-áburðarvöru, hrindir því af stað og

d) að tryggja að viðeigandi samskiptaferlum sé komið á fót innan og utan fyrirtækisins og að samskipti sem varða skilvirkni gæðastjórnunarinnar eigi sér stað.

5.1.2. Gæðakerfið skal taka til framleiðslu, gæðaeftirlits og aðferðar við gæðatryggingu, ferla og kerfisbundinna aðgerða.

5.1.2.1. Að því er varðar moltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 3 og meltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 5, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal gæðakerfið tryggja samræmi við viðmiðanir um myltingar- og meltunarferli sem eru tilgreindar í þeim viðauka.

5.1.3. Gæðakerfið skal taka til athugana og prófana sem skulu framkvæmdar fyrir framleiðslu, á meðan á henni stendur og eftir framleiðslu samkvæmt tilgreindri tíðni.

5.1.3.1. Að því er varðar moltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 3 og meltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 5, eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu athuganir og prófanir innihalda eftirfarandi þætti:

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar fyrir sérhverja framleiðslulotu ílagsefniviða:

i) afhendingardagur,

ii) magn eftir þyngd (eða mat byggt á rúmmáli og eðlismassa),

iii) auðkenni ílagsefniviðabirgis,

iv) tegund ílagsefniviðar,

v) auðkenning á hverri framleiðslulotu og hvar hún er afhent á staðnum. Úthluta skal einkvæmum auðkenniskóða fyrir allt framleiðsluferlið, af ástæðum sem varða gæðastjórnun, og

vi) ef um er að ræða synjun, ástæðurnar fyrir því að framleiðslulotunni var hafnað og hvert hún var send.

b) Sérmenntað starfsfólk skal annast sjónræna skoðun á hverri sendingu ílagsefniviða og sannreyna samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar fyrir ílagsefniviði sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 í II. viðauka.

c) Framleiðandi skal hafna sendingum af hvaða ílagsefniviði sem er ef sjónræn skoðun vekur einhverjar grunsemdir um:

— að fyrir hendi séu hættuleg efni eða efni sem geta skemmt myltingar- eða meltunarferlið eða gæði endanlegrar ESB-áburðarvöru eða

— ósamrýmanleika við nákvæmu skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 í II. viðauka, einkum ef fyrir hendi er plast sem leiðir til þess að farið verði yfir viðmiðunarmörk fyrir stórsæ óhreinindi.

d) Starfsfólk skal hafa fengið þjálfun varðandi:

— mögulega hættulega eiginleika sem geta tengst ílagsefniviðum og

— einkenni sem gera það kleift að bera kennsl á hættulega eiginleika og hvort plast er fyrir hendi.

e) Taka skal sýni úr frálagsefniviðum til að sannreyna að þeir séu í samræmi við nákvæmar skilgreiningar fyrir efnisþætti í moltu og meltu, sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 í II. viðauka, og að eiginleikar frálagsefniviðanna tefli ekki í tvísýnu samræmi ESB-áburðarvöru við viðeigandi kröfur í I. viðauka.

f) Taka skal sýnin úr frálagsefniviðnum reglubundið og a.m.k. með eftirfarandi tíðni:

Árlegt ílag (tonn)	Sýni/ár
≤ 3 000	1
3 001–10 000	2
10 001–20 000	3
20 001–40 000	4
40 001–60 000	5
60 001–80 000	6
80 001–100 000	7
100 001–120 000	8
120 001–140 000	9
140 001–160 000	10
160 001–180 000	11
> 180 000	12

g) Ef sýni úr einhverjum frálagsefniviðum sem eru prófaðir eru ekki í samræmi við ein eða fleiri viðeigandi mörk, sem eru tilgreind í viðkomandi liðum í I. og II. viðauka, skal aðilinn sem ber ábyrgð á gæðastjórnuninni sem um getur í b-lið í lið 5.1.1.1:

i. auðkenna á skýran hátt þá frálagsefniviði sem eru ekki í samræmi við kröfur og geymslustað þeirra,

ii. greina ástæðurnar fyrir þessu ósamræmi við kröfur og grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að komast hjá því að þetta endurtaki sig,

iii. skrá í gæðaskýrslurnar, sem um getur í lið 5.1.4, hvort endurvinnsla á sér stað eða hvort frálagsefniviðnum er eytt.

5.1.4. Gæðakerfið skal taka til gæðaskýrslna framleiðandans, s.s. skoðunarskýrslna og prófunargagna, kvörðunargagna, skýrslna um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

5.1.4.1. Að því er varðar moltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 3 og meltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 5, eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu gæðaskýrslurnar sýna fram á skilvirkt eftirlit með ílagsefniviðum, framleiðslu, geymslu og samræmi ílags- og frálagsefniviða við viðeigandi kröfur í þessari reglugerð. Hvert skjal skal vera læsilegt og tiltækt á viðeigandi notkunarstað eða -stöðum og allar úreltar útgáfur skulu tafarlaust fjarlægðar af öllum stöðum þar sem þær eru notaðar eða a.m.k. merktar sem úreltar. Gæðastjórnunargögnin skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) fyrirsögn,

b) útgáfunúmer,

c) útgáfudag,

d) nafn aðilans sem gaf þau út,

e) skrár yfir skilvirkt eftirlit með ílagsefniviðum,

f) skrár yfir skilvirkt eftirlit með framleiðsluferlinu,

g) skrár yfir skilvirkt eftirlit með frálagsefniviðum,

h) skrár yfir ósamræmi við kröfur,

i) skýrslur um öll slys og atvik sem verða á staðnum, þekktar orsakir eða grunsemdir um orsakir og aðgerðir sem gripið var til,

j) skrár yfir kvartanir frá þriðju aðilum og hvernig fjallað var um þær,

k) skrár yfir dagsetningu, tegund og viðfangsefni þjálfunar sem aðilar, sem bera ábyrgð á gæðum vörunnar, hlutu,

l) niðurstöður úr innri úttekt og aðgerðir sem gripið var til og

m) niðurstöður úr endurskoðun á ytri úttekt og aðgerðir sem gripið var til.

5.1.5. Gæðakerfið skal taka til aðferða til að fylgjast með því að tilskildum vörugæðum sé náð og að gæðakerfið sé skilvirkt.

5.1.5.1. Að því er varðar moltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 3 og meltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 5, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framleiðandinn koma á fót áætlun um árlega innri úttekt til að sannprófa samræmi gæðakerfisins við eftirfarandi þætti:

a) koma skal á fót og skjalfesta tilhögun til að skilgreina ábyrgð og kröfur vegna skipulagningar og framkvæmdar á innri úttektum, til að taka saman skrár og gefa skýrslur um niðurstöðurnar. Taka skal saman skýrslu þar sem frávik frá gæðakerfinu eru tilgreind og greina skal frá öllum ráðstöfunum til úrbóta. Skrár yfir innri úttektir skulu festar við gæðastjórnunargögnin,

b) ósamræmi við kröfur, sem kemur í ljós við ytri úttektir, skal njóta forgangs,

c) enginn úttektarmaður skal gera úttekt á eigin starfi,

d) stjórn sem ber ábyrgð á svæðinu sem úttektin er gerð á skal tryggja að gripið sé til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta án ástæðulausrar tafar,

e) hægt er að taka tillit til innri úttektar sem gerð er innan ramma annars gæðastjórnunarkerfis að því tilskildu að því fylgi úttekt á kröfunum í þessu gæðastjórnunarkerfi.

5.1.6. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur er varða gæði séu alltaf túlkuð á sama hátt. Þau skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á öllum þáttum gæðastjórnunar sem settir eru fram í liðum 5.1.1 til 5.1.5.

5.2. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi ESB-áburðarvörur hjá tilkynntri stofu að eigin vali. Umsóknin skal innihalda:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans eða hennar og heimilisfang,

— skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

— allar upplýsingar sem skipta máli fyrir fyrirhugaðan ESB-áburðarvöruflokk,

— gögn sem varða gæðakerfið sem innihalda alla þættina sem settir eru fram í lið 5.1,

— tæknigögnin sem um getur í 2. lið.

5.3.1. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 5.1.

5.3.2. Hún skal ganga út frá því að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þá þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir í viðeigandi samhæfðum staðli.

5.3.3. Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á viðkomandi vörusviði og á viðkomandi framleiðslutækni og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum í þessari reglugerð. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda. Úttektarhópurinn skal endurskoða tækniskjölin sem um getur í 2. lið til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðkomandi kröfur í þessari reglugerð og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að ESB-áburðarvaran uppfylli þessar kröfur.

5.3.4. Tilkynna skal framleiðandanum um ákvörðunina. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður úttektarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

5.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

5.5.1. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

5.5.2. Tilkynnta stofan skal meta allar tillagðar breytingar og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram uppfylla kröfurnar, sem um getur í lið 5.1, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

5.5.3. Stofan skal tilkynna framleiðandanum um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

6. Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar

6.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki, með tilhlýðilegum hætti, þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

6.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— tæknigögnin sem um getur í 2. lið,

— gæðaskýrslur, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn og skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks.

6.3.1. Tilkynnta stofan skal reglulega gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda úttektarskýrslu.

6.3.2. Að því er varðar moltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 3 og meltu sem tilheyrir efnisþáttaefniviðaflokki 5, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal tilkynnta stofan taka og greina sýni af frálagsefniviði við hverja úttekt og úttektirnar skulu framkvæmdar með eftirfarandi tíðni:

a) á fyrsta árinu sem tilkynnta stofan hefur eftirlit með stöðinni sem á í hlut: með sömu tíðni og sýnatökutíðnin sem er tilgreind í töflunni í f-lið í lið 5.1.3.1 og

b) á næstu árum eftirlits: eftir helmingaðri sýnatökutíðni sem er tilgreind í töflunni í f-lið í lið 5.1.3.1.

6.4 Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt að gera, eða láta gera, prófanir á vörum til sannprófa að gæðakerfið virki sem skyldi, ef með þarf. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

7. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

7.1. Framleiðandi skal festa CE-merkið og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 5.2, kenninúmer hinnar síðarnefndu á hverjar umbúðir ESB-áburðarvöru fyrir sig, sem uppfyllir gildandi kröfur í þessari reglugerð, eða, ef varan er afhent án umbúða, á skjal sem fylgir ESB-áburðarvörunni.

7.2. Framleiðandi skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir ESB-áburðarvöru eða gerðareintak og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvara er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá ESB-áburðarvöru eða gerðareintak sem hún á við.

7.3. Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum, sé þess óskað.

8. Tiltækileiki gagna um gæðakerfið

Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í 5 ár eftir að ESB-áburðarvara hefur verið sett á markað:

— gögnin sem um getur í lið 5.1.6,

— upplýsingar um breytingarnar sem um getur í liðum 5.5.1 og 5.5.2, í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 5.5.3, 6.3.1 og 6.4.

9. Upplýsingaskylda tilkynntra stofa

9.1. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið gefin út eða afturkölluð, og skal, reglulega eða þegar óskað er eftir því, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, þar sem samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt.

9.2. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur synjað um, fellt tímabundið úr gildi, afturkallað eða takmarkað á annan hátt og einnig, sé þess óskað, um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

10. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans eða hennar, sem settar eru fram í 3. lið, í liðum 5.2 og 5.5.1 og í 7. og 8. lið, fyrir hönd hans eða hennar og á ábyrgð hans eða hennar, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

———

V. VIÐAUKI

ESB-samræmisyfirlýsing (nr. XXX) (1)

1. ESB-áburðarvara (vöru-, framleiðslulotu- eða tegundarnúmer):
2. Nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef við á, viðurkennds fulltrúa hans:
3. Útgáfa þessarar ESB-samræmisyfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans.
4. Viðfangsefni yfirlýsingarinnar (sanngreining á ESB-áburðarvöru til að unnt sé að rekja hana; í henni má vera mynd ef það er nauðsynlegt til að sanngreina ESB-áburðarvöru):
5. Viðfangsefni yfirlýsingarinnar, sem lýst er hér að ofan, er í samræmi við:
   — reglugerð (ESB) 2019/1009 (2),
   — aðra samræmingarlöggjöf Sambandsins, eftir atvikum:
6. Tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla eða í sameiginlegar forskriftir sem eru notaðar eða tilvísanir í aðrar tækniforskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við:
7. Eftir atvikum, tilkynnt stofa ... (nafn, númer) ... framkvæmdi ... (lýsing á afskiptum) ... og gaf út vottorðið eða ákvörðunina um samþykki ... (númer):
8. Með þessari ESB-samræmisyfirlýsingu fylgir, eftir atvikum, ESB-samræmisyfirlýsingar fyrir efnisþætti ESB-áburðarvörunnar í áburðarvörublöndunni.
9. Viðbótarupplýsingar:

   Undirritað fyrir og fyrir hönd:

   (útgáfustaður og -dagsetning):

   (nafn, stöðuheiti) (undirritun):

———————

(1) Það er valfrjálst hvort framleiðandinn úthlutar ESB-samræmisyfirlýsingunni númeri.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 (Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1768 **2023/EES/62/02**

frá 23. júní 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði í því skyni að laga I., II., III. og IV. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Áburðarvöru sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir viðkomandi vöruvirkniflokk (PFC) og efnisþáttaefniviðaflokk (CMC), eftir því sem við á, sem er merkt í samræmi við III. viðauka við þá reglugerð og hefur staðist, með fullnægjandi hætti, samræmismatsaðferð sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er þá unnt að CE-merkja og flytja frjálst á innri markaðinum sem ESB-áburðarvöru.

2) Með reglugerð (ESB) 2019/1009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta I. viðauka (að hluta til), II., III. og IV. viðauka við hana.

3) Meðan verið var að undirbúa umskiptin yfir í nýju samræmingarreglurnar upplýstu bæði aðildarríkin og áhugasamir hagsmunaaðilar framkvæmdastjórnina um þörfina á að aðlaga nokkur af tæknilegu ákvæðunum í viðaukunum við reglugerð (ESB) 2019/1009. Sumar þessara breytinga eru nauðsynlegar til að bæta samræmi við aðra hluta af löggjöf Sambandsins sem mun auðvelda aðgang að innri markaðnum og frjálsan flutning öruggra og ræktunarfræðilega hagkvæmra áburðarvara. Vissar breytingar eru nauðsynlegar til að tryggja þá öflugu vernd sem miðað er við að ná með reglugerð (ESB) 2019/1009 og tryggja þannig að ESB-áburðarvörur, sem hafa aðgang að innri markaðnum í krafti þeirrar reglugerðar, skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði, öryggi eða umhverfið. Aðrar breytingar eru nauðsynlegar til að forðast aðstæður þar sem mikilvægir flokkar áburðarvara væru í ógáti undanskildir frá samræmingarreglunum. Þessar breytingar munu tryggja aðgang að innri markaðnum fyrir áburðarvörur sem eru ræktunarfræðilega hagkvæmar, öruggar og sem mikil viðskipti eru þegar höfð með á markaðnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 356, 8.10.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

4) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur fyrir ESB-áburðarvörur sem innihalda efni með hámarksgildi leifa fyrir matvæli og fóður sem mælt er fyrir um í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 ([2]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([4]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB ([5]). Framleiðanda ber skylda til að láta í té notkunarleiðbeiningar til að tryggja að tilætluð notkun ESB-áburðarvöru leiði ekki til þess að farið sé yfir hámarksgildin fyrir matvæli og fóður. Til viðbótar skal framleiðandinn láta niðurstöður útreikninga sem sanna fylgni við þessa kröfu koma fram í tæknigögnunum. Í umfjöllun um hvernig á að koma þessari skuldbindingu til framkvæmda hefur orðið ljóst að það er ómögulegt fyrir framleiðendur að fara að þessu sem kemur þannig í veg fyrir að áburðarvörur, sem eru ræktunarfræðilega hagkvæmar, öruggar og sem mikil viðskipti eru þegar höfð með á markaðnum, standist samræmismat og fái aðgang að innri markaðnum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009. Því ætti að skipta þessum skuldbindingum út fyrir skuldbindingar sem eru hóflegri og framkvæmanlegri á tvennan hátt.

5) Í fyrsta lagi er hægt að koma í veg fyrir að farið sé yfir þessi hámarksgildi eða styrk í nytjaplöntum með því að veita endanlegum notanda réttar upplýsingar á merkimiðanum. Af þessum sökum ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til að leggja þá skyldu á framleiðandann að upplýsa endanlegan notanda um það þegar ESB-áburðarvara inniheldur efnisþáttaefnivið sem, ef hann er settur er á markað sem matvæli eða fóður, fer yfir hámarksmörkin eða styrkinn sem eru fastsett í reglugerðum (EB) nr. 470/2009 eða (EB) nr. 396/2005, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 315/93, eða í tilskipun 2002/32/EB. Til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið í tengslum við fóðuraukefni ætti ennfremur að bæta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([6]) við. Á þennan hátt verður endanlegi notandinn í aðstöðu til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að nytjaplönturnar séu í samræmi við reglur um matvæli og fóður.

6) Í öðru lagi er þörf á viðbótarráðstöfunum varðandi sum lyfjafræðilega virk efni sem falla nú þegar undir reglugerð (EB) nr. 470/2009. Nálgunin ætti að vera mismunandi, allt eftir því hvort um leyft efni er að ræða sem er tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([7]) og sem hámarksgildi leifa hafa e.t.v. verið fastsett fyrir, eða hvort um óleyfilegt efni er að ræða sem er með viðmiðunarpunkt fyrir aðgerð sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 ([8]). Leifar af leyfðu efni mega einungis vera fyrir hendi í ESB-áburðarvöru ef viðkomandi efni er tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010. Óleyfilegt lyfjafræðilega virkt efni, sem er hættulegra fyrir heilbrigði neytenda þegar það er fyrir hendi í matvælum, ætti þó ekki heldur að vera til staðar í ESB-áburðarvöru í styrk sem er yfir viðmiðunarpunkti þess fyrir aðgerðir.

7) ESB-áburðarvara má einnig innihalda virk efni í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([9]). Þar eð reglugerð (ESB) 2019/1009 nær ekki yfir plöntuverndarvörur ætti að taka það skýrt fram í texta þeirrar reglugerðar að ESB-áburðarvara sem inniheldur virkt efni má ekki hafa plöntuverndarvirkni í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Þessi nánari útlistun er nauðsynleg til að tryggja samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 sem mun auðvelda bæði rekstraraðilum og landsyfirvöldum að koma samræmingarreglunum til framkvæmda og greiða þannig fyrir aðgangi að innri markaðnum á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009.

8) Reglugerð (ESB) 2019/1009 inniheldur tæmandi skrá yfir formgerðarflokkanir fyrir eingildan ólífrænan snefilefnaáburð sem og samsvarandi lýsingar og lágmarksinnihald snefilefna. Að því er varðar áburð með snefilefnasöltum samanstanda 10% miðað við massa af áburði af vatnsleysanlegum snefilefnum. Þó er til áburður, að stofni til úr karbónat- eða fosfatsöltum, sem inniheldur snefilefni sem eru ekki vatnsleysanleg. Þetta hefur ekki áhrif á nothæfi hans sem áburðar eða upptöku nytjaplantna á næringarefnum. Því ætti að heimila að slíkur áburður með snefilefnasöltum fái aðgang

([2]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 frá 7. nóvember 2019 um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna óleyfilegra lyfjafræðilegra virkra efna sem eru fyrir hendi í matvælum úr dýraríkinu og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/34/EB (Stjtíð. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 41).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

að innri markaðnum með því að fjarlægja skilyrðið um vatnsleysnina. Að því er varðar UVCB ([10])-klósambönd eru eingöngu járnklósambönd tilgreind. Önnur snefilefni geta þó einnig verið UVCB-klósambönd og geta losnað hægt til plantna. Hæglosandi áburður er gagnlegur til að koma í veg fyrir næringarefnamengun í jarðvegi með því að losa snefilefnin hægt og auka þannig möguleika plantnanna á að frásoga þau. Því er viðeigandi að fella slíkar sérhæfðar vörur undir gildissvið samræmingarreglnanna og stuðla að frjálsum flutningi þeirra á innri markaðinum.

9) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um viðmiðunarmörk fyrir aðskotaefni, þ.m.t. nikkel, í ræktunarefni sem er ESB-áburðarvara, önnur en jarðvegur á notkunarstað, sem hefur það hlutverk að plöntur eða sveppir vaxa í því. Með reglugerð (ESB) 2019/1009 eru settar samræmingarreglur fyrir þessa tegund af áburðarvöru. Nú þegar eru fjölmargar tegundir ræktunarefna á markaðnum, sem grundvallast á landsbundnum reglum og eru með mjög mismunandi eiginleika, sem gætu komið til greina sem ESB-áburðarvara. Viðmiðunarmörkin fyrir nikkel, sem eru sett fram í reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir allar tegundir ræktunarefna, skapa þó erfiðleika fyrir sum ræktunarefni sem innihalda eingöngu innihaldsefni úr steinefnum. Slíkar vörur eru sérhæfðar vörur sem uppfylla meginreglur hringrásarhagkerfisins og uppfylla nú þegar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB sem voru fastsett fyrir ræktunarefni með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2099 ([11]). Í þeirri ákvörðun er gerður greinarmunur á milli ólífrænna ræktunarefna og annarra flokka ræktunarefna að því er varðar aðferðir til að ákvarða innihald aðskotaefna, þ.m.t. nikkel. Þess vegna skal ákvarða heildarinnihald aðskotaefnis fyrir öll ræktunarefni að undanskildum ólífrænum ræktunarefnum en fyrir ólífræn ræktunarefni þarf einungis að ákvarða lífaðgengilegt innihald. Þessi greinarmunur er rökstuddur með því að ólífræn ræktunarefni er alla jafna framleidd við hátt hitastig svo til verður sterk efnafræðileg tenging aðskotaefna við uppbyggingu ólífrænu efnisþáttanna sem takmarkar að hvaða marki slík aðskotaefni eru lífaðgengileg Slíkur greinarmunur er þó ekki gerður í reglugerð (ESB) 2019/1009. Á grundvelli upplýsinga sem eru fyrir hendi samræmast ólífræn ræktunarefni, sem eru tiltæk á markaðnum, viðmiðunarmörkunum sem eru fastsett fyrir nikkel í reglugerð (ESB) 2019/1009 ef einungis á að ákvarða lífaðgengilegt innihald aðskotaefnisins en ef ákvarða á heildarinnihaldið, eins og sem stendur er krafist, geta þau ekki samræmst sömu viðmiðunarmörkunum. Því er mikilvægt að tryggja samræmi milli krafnanna viðvíkjandi CE-merkingu þessara vara á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009 og notkunar umhverfismerkisins til að komast hjá ófyrirséðum aðstæðum þar sem vörur, sem eru öruggar fyrir umhverfið og bera því umhverfismerki, falla utan gildissviðs samræmingarreglnanna. Þess vegna ættu viðmiðunarmörkin fyrir nikkel, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009, einungis að gilda um lífaðgengilegt innihald ólífrænna ræktunarefna.

10) Sem verndarráðstöfun ætti þessi regla einungis að gilda ef notkun þessara vara er takmörkuð við notkun í garðyrkju í atvinnuskyni, á þökum sem eru þakin gróðri eða veggjum sem eru þaktir gróðri. Þetta mun tryggja betri meðhöndlun og hærra endurheimtarhlutfall notaðs ræktunarefnis með raunverulegum möguleika á endurvinnslu efniviðanna eftir notkun. Að auki ætti framleiðandinn einnig að eiga samstarf við notandann til að tryggja örugga förgun varanna þegar þær eru ekki lengur í notkun. Enn fremur ætti varan ekki að komast í beina snertingu við jarðveginn til að stuðla ekki að uppsöfnun aðskotaefna þar í.

11) ESB-áburðarvörur mega einungis innihalda efnisþáttaefniviði sem samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um fyrir einn af efnisþáttaefniviðaflokkunum í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009. Áburðarvörur, einkum áburður, innihalda oft tæknileg aukefni, að stofni til úr fjölliðu, sem eru mikilvæg til að tryggja skilvirkni þeirra og örugga notkun. Þessi aukefni falla ekki undir neinn af þeim efnisþáttaefniviðaflokkum sem fyrir eru. Áburður sem inniheldur þau fellur þó undir samræmingarreglurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ([12]). Slík tæknileg aukefni eru t.d. kekkjavarnarefni sem koma í veg fyrir að kekkir myndist og rykvarnarefni sem koma í veg fyrir ryklosun frá áburðarvöru þegar hún er notuð. Kekkjavarnarefni eru afar mikilvæg fyrir næringarnýtnina því án slíkra efna myndi áburðurinn ekki dreifast jafnt og því myndi endanlegur notandi hans nota meiri áburð til að tryggja að hann nái til allra plantna. Rykvarnarefni eru einnig mjög mikilvæg til að vernda heilbrigði notandans. Fjölliður sem valda ekki áhyggjum af umhverfinu ættu því að vera meðal þeirra efnisþáttaefniviða sem eru leyfðir í áburðarvörur samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009. Þetta mun tryggja að mikilvægir flokkar vara með bætta jarðræktarlega skilvirkni og öryggi hafi áfram aðgang að innri markaðnum.

([10]) UVCB-efni: Efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni.

([11]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2099 frá 18. nóvember 2015 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ræktunarefni, jarðvegsbæta og efni sem eru notuð til að þekja jarðveg (Stjtíð. ESB L 303, 20.11. 2015, bls. 75).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

12) Til að greina hvaða fjölliður valda ekki áhyggjum af umhverfinu þykir rétt að vísa til vísindalegra álita sem áhættumatsnefndin ([13]) og nefnd Efnastofnunar Evrópu um félagshagfræðilega greiningu, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([14]), gáfu út um örplastagnir (e. *microplastic particles*) sem bætt er við af ásetningi í alls konar vörur til notkunar fyrir neytendur eða í atvinnuskyni.

13) Með því að taka þessa flokka fjölliða með í efnisþáttaefniviðaflokk 1 (efni og blöndur úr nýjum efniviði) og efnisþátta-efniviðaflokk 11 (aukaafurðir í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([15])) er einnig tryggt að þessar fjölliður verði skráðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 með málsskjali sem inniheldur öryggisskýrslu um notkun þeirra sem áburðarvöru. Þetta mun tryggja að framkvæmt verður nákvæmt mat á hvers konar áhættu af notkun þessara aukefna í áburðarvörur og að áburðarvörur, sem hafa fengið aðgang að innri markaðnum samkvæmt þessari breytingu, séu af þeim sökum öruggar fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið.

14) Áburður með snefilefnum má innihalda klóbindla eða bindla sem eru efni sem eru ætluð til að auka aðgengileika snefilefna til plantna til langs tíma.

15) Með reglugerð (ESB) 2019/1009 er þess krafist að áburðarvörur sem innihalda klóbindla haldist stöðugar í staðlaðri Hoagland-lausn við pH-gildin 7 og 8 í a.m.k. þrjá daga til að tryggja að snefilefnin losni hægt til plantnanna. Samsetning nytjajarðvegs og breytileiki sýrustigs getur truflað stöðugleika þessara vara. Nýjar tækniframfarir gera það kleift að meta mögulegar truflanir og að fastsetja sýrustig þar sem vörur eru stöðugar til notkunar í landbúnaði. Á grundvelli framangreinds getur vara verið stöðug við annað sýrustigsbil en við pH-gildið 7 og 8 og samt uppfyllt þann tilgang sinn að tryggja aðgengileika snefilefna til langs tíma. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til að heimila að slíkar vörur séu stöðugar á öðru sýrustigsbili. Á þennan hátt munu samræmingarreglurnar gilda um fleiri vörur sem losa snefilefni hægt til plantna og draga þannig úr útskolun næringarefna í jarðveg. Sem viðbótarráðstöfun ætti að tilgreina sýrustigsbilið, þar sem ESB-áburðarvörur eru stöðugar, á merkimiðanum til að tryggja að endanlegi notandinn fái réttar upplýsingar.

16) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009 er gerð krafa um yfirlýsingu um hundraðshluta hvers snefilefnis sem er klóbundið með hverjum klóbindli og hvers snefilefnis sem er flókabundið með hverjum bindli, eftir því sem við á. Vörur með snefilefnum mega innihalda blöndu af klóbindlum eða bindla eða hvort tveggja. Í slíkum tilvikum er ekki hægt að nota tiltækar greiningaraðferðir til að ákvarða nákvæman hundraðshluta hvers snefilefnis sem er klóbundið eða flókabundið með hverjum bindli fyrir sig. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til að gera framleiðandanum kleift að fara að þessum kröfum um merkingar og greiða þannig fyrir aðganginum að innri markaðnum.

17) Í sumum áburðarvörum, s.s. ræktunarefnum, er mór notaður sem aðalefnisþáttur. Mikilvægt er að hvetja til notkunar á staðgöngukostum fyrir mó í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, einkum til að koma í veg fyrir kolefnislosun og losun gróðurhúsalofttegunda sem og til að varðveita viðkvæm vistkerfi. Unnt er að skipta mó í ræktunarefni út að hluta til með plöntutrefjum. Til að bæta möguleika ómeðhöndlaðra plöntutrefja þarf þó að umbreyta þeim í trefjar með fingerðari agnir þar eð þetta bætir lífbrjótanleika þeirra, víxlverkun þeirra við næringarefni og vatnsheldni. Fella ætti formeðhöndlun á óunnum plöntutrefjum, með notkun mismunandi eðlisrænna formeðhöndlana til trefjamyndunar (e. *fiberisation*), inn í tæmandi skrá yfir meðhöndlanir í efnisþáttaefniviðaflokki 2 (plöntur, plöntuhlutar eða plöntuút-drættir). Sem verndarráðstöfun ætti að bæta tilteknum takmörkunum við vinnsluaðferðirnar, s.s. hámarkshita og banni við aukefnum að undanskildu vatni.

18) Í efnisþáttaefniviðaflokki 3 (molta) og efnisþáttaefniviðaflokki 5 (melta, önnur en melta úr nýjum nytjaplöntum) er mælt fyrir um tæmandi skrá yfir ílagsefniviði sem hægt er að nota. Sú skrá inniheldur afleiddar afurðir, sem um getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([16]), og aukaafurðir úr dýrum sem hægt er að líta svo á að séu dauðar lífverur í tilvikum þar sem endapunktur í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

([13]) Áhættunefnd Efnastofnunar Evrópu (RAC ECHA). 2020. „Opinion on an Annex XV dossier proposing restrictions on intentionally added microplastics“ (álit um málsskjöl skv. XV. viðauka þar sem lagðar eru til takmarkanir varðandi örplastagnir sem bætt er við af ásetningi) (ECHA/RAC/RES-O -0000006790-71-01/F).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

19) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 var í fyrsta skipti mælt fyrir um samræmingarreglur fyrir moltu og meltu sem efnisþáttaefniviði í ESB-áburðarvörum. Þessir efniviðir eru samt sem áður fyrir hendi á markaðnum á grundvelli landsbundinna reglna. Sem stendur eru aukaafurðir úr dýrum sem ekki er hægt að líta svo á að séu dauðar lífverur (einkum óunninn húsdýraáburður) oft notaðar sem ílagsefniviðir fyrir moltu og meltu. Á þennan hátt er slíkum efniviðum umbreytt í áburðarvörur með hreinan efnahagslegan og umhverfislegan virðisauka. Notkun á moltuðum dýraskít, þ.m.t. alifuglaáburður og moltaður húsdýraáburður, svo og meltu sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum sem hafa verið brotnar niður með efniviðum úr jurta- og dýraríkinu er tekin með í tæmandi skrá yfir áburð, jarðvegsbætandi efni og næringarefni sem eru leyfð í lífrænum búskap í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([17]). Því er rétt að veita áburðarvörum, sem innihalda moltu eða meltu með slíkum aukaafurðum úr dýrum sem ílagsefnivið, aðgang að innri markaðnum. Þetta mun einnig tryggja samræmi við ílagsefniviði sem eru leyfðir í efnisþáttaefniviðaflokki 12 (útfellt fosfatsölt og afleiður), efnisþáttaefniviðaflokki 13 (efniviðir úr varmaoxun og afleiður) sem og efnisþáttaefniviðaflokki 14 (hitasundrunar- og gösunarefniviðir) sem voru teknir upp nýlega.

20) Í efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 eru einnig undanskildar sem ílagsefniviður lifandi eða dauðar lífverur úr lífrænum hluta af blönduðu húsasorpi sveitarfélaga. Í efnisþáttaefniviðarflokkum 12, 13 og 14 eru aftur á móti undanskildar sem ílagsefniviður lifandi eða dauðar lífverur úr efniviðum úr blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi en ekki einungis úr húsasorpi. Markmiðið með þessum ákvæðum er að hvetja til sérstakrar söfnunar á úrgangi í sveitarfélögum með því að gefa ekki færi á notkun blandaðs úrgangs. Röksemdarfærslan er sú sama hvort sem úrgangurinn myndast á heimilum eða á veitingastöðum eða hjá öðrum rekstraraðilum í sveitarfélögum. Það er engin ástæða til að banna notkun á blönduðu húsasorpi einu og sér sem ílagsefniviði í moltu og meltu. Til að tryggja samræmda og stranga nálgun við endurheimt á blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi og efla þannig vernd umhverfisins er því nauðsynlegt að aðlaga ákvæðin í efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 að þeim sem eru í efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13 og 14 sem voru teknir upp nýlega.

21) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009 ber framleiðandanum skylda til að setja á merkimiðann lista yfir öll innihaldsefni yfir 5% miðað við þyngd vöru. Þó ætti að laga þáttinn sem 5% mörkin gilda um að eðliseiginleikum hlutaðeigandi áburðarvöru og því ætti yfirlýsing um innihaldsefni sem svara til 5% af rúmmálinu að vera leyfð. Ef um er að ræða vörur þar sem magnið er tilgreint miðað við rúmmál er einkum æskilegra að tilgreina þau innihaldsefni sem svara til 5 % af rúmmálinu þar eð hlutfallsleg þyngd innihaldsefna miðað við þyngd vöru er ekki alltaf þekkt. Þetta mun auðvelda aðgang slíkra vara að innri markaðnum. Að því er varðar ESB-áburðarvöru í fljótandi formi þykir rétt að tilgreina þau innihaldsefni sem eru yfir 5% miðað við þurrvigt þar eð að öðrum kosti gætu komið upp aðstæður þar sem einungis vatn væri tilgreint sem innihaldsefni. Þetta mun tryggja að vörur hafi einungis aðgang að innri markaðnum á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009 ef notendur eru upplýstir á tilhlýðilegan hátt um innihaldsefni þeirra þannig að þeir geti notað vörurnar á öruggan hátt.

22) Á merkimiða lífræns jarðefnaáburðar, fasts eða fljótandi ólífræns áburðar með meginnæringarefnum og ólífræns snefilefnaáburðar skal tilgreina heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna og þar á eftir heiti mótjóna þeirra. Í sumum tilvikum getur magn snefilefna sem skylt er að gefa upp verið til staðar frá náttúrunnar hendi í efnisþáttaefniviðum ESB-áburðarvara. Þetta á einkum við um áburð úr efniviðum sem eru unnir með námuvinnslu. Ekki er alltaf unnt, vegna náttúrulegs uppruna þeirra, að ákvarða heiti mótjóna fyrir þessi snefilefni vegna greiningarlegra eða tæknilegra takmarkana. Því ætti yfirlýsing um snefilefni, sem er ekki bætt við ESB-áburðarvöru af ásetningi, að vera leyfð jafnvel þó að ekki sé unnt að ákvarða samsvarandi mótjónir. Annars væri ekki unnt að setja á markað ólífrænan snefilefnaáburð úr efniviðum sem eru unnir með námuvinnslu samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009 þar eð framleiðandinn gæti ekki uppfyllt þessa kröfu um merkingar. Að auki er það bæði gagnlegt fyrir endanlegan notanda, sem getur aðlagað áburðaráætlun með því að taka einnig tillit til snefilefnainnihaldsins, og fyrir umhverfið að tilgreina snefilefnainnihald í lífrænum jarðefnaáburði og ólífrænum meginnæringarefnaáburði án samsvarandi mótjóna þar eð það getur komið í veg fyrir of mikla áburðargjöf. Skilvirkni eða öryggi áburðarins verður ekki fyrir áhrifum af því þó að mótjónir séu ekki gefnar upp á merkimiðanum.

23) Framleiðanda fasts ólífræns áburðar með meginnæringarefnum ber skylda til að geta um form efnislegrar einingar á merkimiðanum með tilvísun í eitt af fjórum mismunandi formum sem eru tilgreind í reglugerðinni, þ.e. duft, korn, perlur og kögglar. Í sumum tilvikum er þó ekki mögulegt, ef eðlisástand vörunnar er sambland af tveimur af fjórum formum, að nota einungis eitt af framangreindum tilteknum formum. Til að gera framleiðandanum kleift að fara að þessari kröfu um merkingar ætti lýsing á efnislegri einingu því ekki að takmarkast við einungis eitt mögulegt form heldur ætti einnig að leyfa notkun á samsetningu af formum. Skilgreiningar á efnislegum einingum ættu að ná yfir allar tegundir áburðar og ættu ekki að takmarka setningu vara á markað sem uppfylla að öðru leyti kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/1009.

([17]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

24) Með reglugerð (ESB) 2019/1009 eru fastsettar reglur um vikmörk fyrir hvern vöruvirkniflokk fyrir mismunandi gildi sem eru uppgefin á merkimiðanum. Með reglugerð (ESB) 2019/1009 eru fastsett bæði neikvæð vikmörk (raungildið ætti ekki að fara undir uppgefið gildi að frádregnum neikvæðum vikmörkum) og jákvæð vikmörk (sem merkir að raungildið getur ekki verið hærra en uppgefna gildið að viðbættum viðeigandi vikmörkum). Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir yfirlýsinguna um næringarefnin þar sem framleiðandinn, til að komast hjá of mikilli eða of lítilli áburðargjöf, verður að tryggja að uppgefið næringarefnainnihald sé hvorki undir né yfir uppgefnu gildi að viðbættum vikmörkum.

25) Nokkur af þeim vikmörkum sem eru fastsett fyrir ólífrænan áburð eru mjög þröng miðað við núverandi tæknigetu. Þetta á sérstaklega við um uppgefin næringarefni ef innihald næringarefnisins er e.t.v. hlutfallslega lítið þegar það er borið saman við alla vöruna. Lítið næringarefnainnihald merkir að frávik frá uppgefnu gildi er einnig lítið þar eð það er uppgefið sem hundraðshluti af næringarefnainnihaldi. Þess vegna ætti að útvíkka vikmörkin fyrir tilteknar kröfur viðvíkjandi ólífrænum áburði til að tryggja sanngjarnt jafnvægi milli tæknigetu framleiðandans og þarfarinnar til að veita endanlegum notanda réttar upplýsingar.

26) Enn fremur ætti að útvíkka vikmörkin að raungildi fyrir innihald lífræns kolefnis í jarðvegsbæti. Jarðvegsbætar geta innihaldið umtalsvert magn af lífrænu kolefni sem er í sjálfu sér ekki vandamál þar eð lífrænt kolefni bætir í raun gæði jarðvegs með því að auðga innihald lífræns efnis í honum. Í slíkum tilvikum er mjög takmarkandi að leyfa frávik sem er einungis eitt prósentustig að raungildi. Því er viðeigandi að leyfa meira frávik að raungildi en viðhalda um leið núverandi hlutfallslegu fráviki.

27) Bæta ætti við vikmörkum fyrir magn plöntulíförva og áburðarvörublöndu þar eð gerð er krafa um að þessar upplýsingar séu gefnar á merkimiðanum. Að því er varðar áburðarvörublöndu ætti að gera greinarmun á blöndu af tveimur ESB-áburðarvörum þar sem unnt er að ákvarða hlutfall hvorrar fyrir sig í blöndunni og þess vegna er hægt að reikna út meðaltal þegar fastsettra vikmarka fyrir hvora um sig, með hliðsjón af hlutfalli þeirra í blöndunni, og nota á alla blönduna og virkri blöndu þar sem einn og sami efniviðurinn stenst samræmismat fyrir tvær ESB-áburðarvörur sem tilheyra tveimur mismunandi vöruvirkniflokkum og ekki er hægt að ákvarða á hlutlægan hátt hlutfall hvorrar fyrir sig í blöndunni. Í síðara tilvikinu ættu strangari magnvikmörkin fyrir þá vöruvirkniflokka sem eru í blöndunni að gilda um alla blönduna. Framleiðandinn þarf í raun að sanna að kröfurnar fyrir hvern vöruvirkniflokk séu uppfylltar og það felur í sér að tilgreina magn hvers vöruvirkniflokks í samræmi við samsvarandi vikmörk. Þar eð hver vöruvirkniflokkur nemur 100% af blöndunni í þessu tiltekna tilviki verður blandan í heild sinni að fylgja strangari vikmörkunum.

28) Á grundvelli reglugerðar (ESB) 2019/1009 gilda fjórar samræmismatsaðferðir um ESB-áburðarvörur þar sem flækjustigin eru mismunandi með hliðsjón af efnisþáttaefniviðaflokki eða -flokkum þeirra og vöruvirkniflokki: Aðferðareiningar A, A1, B+C og D1.

29) Aðferðareining D1 hefur verið aðlöguð til að endurspegla tiltekna þætti ESB-áburðarvara úr úrgangi. Framleiðandi getur beitt aðferðareiningum B+C við mat á samræmi lata (vöruvirkniflokkur 5) eða plöntulíförva (vöruvirkniflokkur 6) án tillits til efnisþáttaefniviðanna. Við samningu IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 urðu áhrifin því í ógáti þannig að ekkert getur komið í veg fyrir beitingu aðferðareininga B+C, jafnvel þegar um er að ræða mat á lata eða plöntulíförva sem inniheldur efnisþáttaefniviði sem strangari aðferðareiningin D1 er skyldubundin fyrir. Því þykir rétt að beita strangri samræmismatsaðferð þegar ESB-áburðarvara inniheldur efnisþáttaefniviði úr úrgangi, án tillits til vöruvirkniflokks hennar. Til að tryggja öfluga og samræmda vernd ætti því einungis að leyfa aðferðareiningar B+C fyrir lata og plöntulíförva þegar þeir innihalda ekki slíka efnisþáttaefniviði.

30) Þegar framleiðandinn fylgir samræmismatsaðferðunum skal hann veita upplýsingar í tæknigögnum sem varða m.a. heildarmagn króms þegar það er yfir 200 mg/kg. Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er ekki tilgreint hvort nota á þessi mörk um þurrefni eða ferskt efni. Þessa skyldu er ekki hægt að uppfylla á samræmdan hátt í Sambandinu ef ekki er ljóst hvernig á að reikna þessi 200 mg/kg út. Þegar viðmiðunarmörk eru fastsett fyrir aðskotaefni, þ.m.t. sexgilt króm (Cr VI), er það þurrefnið sem tekið er tillit til í reglugerð 2019/1009. Af ástæðum sem varða samræmingu ætti því að reikna út innihald heildarmagns króms með tilvísun í þurrefnið.

31) Samráð um breytingar á reglugerð (ESB) 2019/1009 fóru fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([18]). Haft var samráð við sérfræðingahóp framkvæmdastjórnarinnar um áburðarvörur.

([18]) Samstarfssamningur milli stofnana Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnarinnar um betri lagasetningu (Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1).

32) Þar eð kröfurnar sem settar eru fram í I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 eiga að koma til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022 er nauðsynlegt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til sömu dagsetningar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 23. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. Leifar lyfjafræðilega virks efnis, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 (*), mega einungis vera fyrir hendi í ESB-áburðarvöru ef þetta efni er annaðhvort:

— tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 (**) eða

— með viðmiðunarpunkt fyrir aðgerð sem var fastsettur í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 (***) og efnið eða leifar þess eru fyrir hendi í ESB-áburðarvörunni í styrk sem er undir þessum viðmiðunarpunkti.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

(***) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 frá 7. nóvember 2019 um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna óleyfilegra lyfjafræðilegra virkra efna sem eru fyrir hendi í matvælum úr dýraríkinu og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/34/EB (Stjtíð. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 41).“

2) Eftirfarandi lið 5a er bætt við:

„5a. ESB-áburðarvara má einungis innihalda virkt efni í skilningi 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ef þessi ESB-áburðarvara er ekki með plöntuverndarvirkni í skilningi 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.“

3) Í 2. lið í töflunni í vöruvirkniflokki 1.C.II.a:

a) Í stað línunnar sem varðar formgerðarflokkunina „Áburður með snefilefnasöltum“ kemur eftirfarandi:

„Áburður með snefilefnasöltum	Eingildur, fastur, ólífrænn snefilefnaáburður, framleiddur á efnafræðilegan hátt, sem inniheldur ólífrænt jónasalt (e. *ion salt*) sem undirstöðuefni.	10%, miðað við massa, af áburði með snefilefnasöltum, skulu samanstanda af snefilefnum“

b) Í stað línunnar sem varðar formgerðarflokkunina „UVCB-járnklósambönd“ kemur eftirfarandi:

„UVCB ([5])-snefilefnaklósambönd	Vatnsleysanlegur eingildur ólífrænn snefilefnaáburður þar sem snefilefnið, sem gefið er upp, er efnafræðilega tengt klóbindli eða -bindlum sem uppfylla kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka	— 5% miðað við massa af UVCB-snefilefnaklósamböndum skulu samanstanda af vatnsleysanlegu snefilefni og a.m.k. 80% af vatnsleysanlegu snefilefni skal klóbundið (klóbundinn hluti) og a.m.k. 50% af vatnsleysanlegu snefilefni skal klóbundið með klóbindli sem uppfyllir kröfurnar í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka

([5]) UVCB-efni: Efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni.“

4) Í vöruvirkniflokki 3.B er eftirfarandi 4. lið bætt við:

„4. Sjúkdómsvaldar í ólífrænum jarðvegsbæti, sem inniheldur meira en 1% miðað við massa af lífrænu kolefni (C_{org}), mega ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	**Sýnatökuáætlanir**			**Viðmiðunarmörk**
	n	**c**	**m**	**M**
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).“

5) Í vöruvirkniflokki 4 er eftirfarandi lið 2a bætt við:

„2a. Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 2. liðar skulu viðmiðunarmörkin fyrir nikkel (Ni) í ræktunarefnum, sem eru eingöngu samsett úr ólífrænum efnisþáttum og boðin fram til nota í atvinnuskyni í garðyrkju, á þökum sem eru þakin gróðri eða veggjum sem eru þaktir gróðri, gilda um lífaðgengilegt innihald aðskotaefnisins.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Efnisþáttaefniviðaflokki 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„f) fjölliður, aðrar en:

— fjölliður sem eru afleiðing fjölliðunarferlis sem fór fram í náttúrunni, óháð útdráttaraðferðinni sem þær voru útdregnar með, og sem var ekki efnafræðilega umbreytt í skilningi 40. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

— lífbrjótanlegar fjölliður eða

— fjölliður með vatnsleysni sem er meiri en 2 g/L við eftirfarandi skilyrði:

— hitastig 20 °C

— pH-gildi 7

— hleðsla: 10 g/1 000 mL

— prófunartími: 24 klst.“

b) Í stað síðasta málsliðar í a-lið 3. liðar kemur eftirfarandi:

„ESB-áburðarvaran skal haldast stöðug í a.m.k. 3 daga í lausn með sýrustig innan þess bils sem uppgefið er að tryggi ásættanlegan stöðugleika.“

2) Í stað fyrstu málsgreinar í efnisþáttaefniviðaflokki 2 kemur eftirfarandi:

„ESB-áburðarvara má innihalda plöntur, plöntuhluta eða plöntuútdrætti sem hafa ekki farið í gegnum aðra vinnslu en skurð, mulning, mölun, sigtun, skiljun, pressun, þurrkun, frystimeðhöndlun, frostþurrkun eða útdrátt með vatni eða útdrátt með koltvísýringi (CO_2) í yfirmarksástandi eða trefjamyndun við hitastig sem er ekki hærra en 100 °C og án allra íblöndunarefna að undanskildu vatni.“

3) Efnisþáttaefniviðaflokki 3 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði b-liðar 1. liðar falla brott.

b) Í stað c-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„c) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki:

i. efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,

ii. skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni og

iii. aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

c) Í stað inngangsorðanna í e-lið 1. liðar kemur eftirfarandi:

„e) sérhverjum efniviði sem er tilgreindur í a- eða c-lið eða í lið 1a sem:“

d) Eftirfarandi lið 1a er bætt við:

„1a. Þrátt fyrir 1. lið má ESB-áburðarvara innihalda moltu sem fæst með loftháðri myltingu á efnum í 2 eða 3 flokki eða afleiddum afurðum úr þeim, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. og ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eina og sér eða blandaða með ílagsefniviðum sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að:

a) endapunkur í framleiðsluferlinu hafi verið ákvarðaður í samræmi við þriðja undirlið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og

b) skilyrðin í 2. og 3. lið séu uppfyllt.“

e) Í stað a-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„a) þar sem framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. lið og lið 1a, eru greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum en þeim sem um getur í 1. lið og lið 1a og“,

4) Efnisþáttaefniviðaflokki 5 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði b-liðar 1. liðar falla brott.

b) Í stað c-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„c) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki:

i. efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,

ii. skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni,

iii. aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

c) Í stað inngangsorðanna í e-lið 1. liðar kemur eftirfarandi:

„e) sérhverjum efniviði sem er tilgreindur í a- eða c-lið eða í lið 1a sem:“

d) Eftirfarandi lið 1a er bætt við:

„1a. Þrátt fyrir 1. lið má ESB-áburðarvara innihalda meltu sem fæst með loftfirrðri meltun á efnum í 2. eða 3. flokki eða afleiddum afurðum úr þeim, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. og 2. mgr. 32. gr. og ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eina og sér eða blandaða með ílagsefniviðum sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að:

a) endapunkur í framleiðsluferlinu hafi verið ákvarðaður í samræmi við þriðja undirlið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og

b) skilyrðin í 2. og 3. lið séu uppfyllt.“

e) Í stað a-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„a) þar sem framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. lið og lið 1a, eru greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum en þeim sem um getur í 1. lið og lið 1a og“,

5) Í stað b-liðar 1. liðar í efnisþáttaefniviðaflokki 11 kemur eftirfarandi:

„b) fjölliður, aðrar en:

— fjölliður sem eru afleiðing fjölliðunarferlis sem fór fram í náttúrunni, óháð útdráttaraðferðinni sem þær voru útdregnar með, og sem var ekki efnafræðilega umbreytt í skilningi 40. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

— lífbrjótanlegar fjölliður eða

— fjölliður með vatnsleysni sem er meiri en 2 g/L við eftirfarandi skilyrði:

— hitastig 20 °C

— pH-gildi 7

— hleðsla: 10 g/1 000 mL

— prófunartími: 24 klst.“

———

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað h-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„h) listi yfir öll innihaldsefni yfir 5% miðað við þyngd eða magn vöru eða, ef um að ræða vörur í fljótandi formi, miðað við þurrvigt, í lækkandi röð eftir magni þ.m.t. heiti viðkomandi efnisþáttaefniviðaflokka eins og um getur í I. hluta II. viðauka við þessa reglugerð. Ef innihaldsefnið er efni eða blanda skal hún auðkennd í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Efni sem koma fyrir frá náttúrunnar hendi má auðkenna með steinefnaheitum þeirra.“

b) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Ef ESB-áburðarvara inniheldur efnisþáttaefnivið sem, ef hann væri settur á markað sem matvæli eða fóður, hefði fallið undir hámarksgildi leifa sem voru fastsett samkvæmt reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1831/2003 (*), hámarksgildi leifa sem eru fastsett í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (**) eða hámarksgildi sem voru fastsett samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 (***) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (****) og sá efnisþáttaefniviður inniheldur efni sem er yfir (einum af) samsvarandi viðmiðunarmörkum skal tilgreina hámarksstyrk þessa efnis í ESB-áburðarvörunni ásamt viðvörun um að ekki skuli nota ESB-áburðarvöruna á þann hátt að hætta verði á að farið verði yfir þessi mörk í matvælum eða fóðri.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(***) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1).

(****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).“

c) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. Ef ESB-áburðarvara er ræktunarefni, eins og um getur í lið 2a í vöruvirkniflokki 4 í II. hluta I. viðauka, eða inniheldur fjölliður í þeim tilgangi að binda efnivið í vörunni, eins og um getur í c-lið 1. liðar í efnisþáttaefniviðaflokki 9 í II. hluta II. viðauka, skal notandinn fá fyrirmæli um að nota ekki vöruna í snertingu við jarðveg og, í samstarfi við framleiðandann, sjá til þess að vörunni sé fargað á öruggan hátt eftir að notkun lýkur.“

2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í 5. lið vöruvirkniflokks 1B:

i. Í stað a-undirliðar kemur eftirfarandi:

„a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra þegar uppgefnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

ii. Í stað c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„c) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum eða flókabundin með bindli eða -bindlum:

— eftirfarandi skýring, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra)]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“,

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

iii. Eftirfarandi ca-undirlið er bætt við:

„ca) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal sýrustigsbilið tryggja ásættanlegan stöðugleika,“

iv. Ákvæði d-undirliðar falla brott.

b) Í vöruvirkniflokki 1.C.I.a:

i. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Form efnislegrar einingar í vörunni skal tilgreint með einum, eða samsetningu tveggja eða fleiri, af eftirfarandi hætti:

a) korn,

b) kögglar,

c) duft ef a.m.k. 90% af vörunni, miðað við massa, getur farið í gegnum sigti með 1 mm möskvum eða

d) perlur,“.

ii. Í 8. lið:

— Í stað a-undirliðar kemur eftirfarandi:

„a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra þegar uppgefnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

— Í stað c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„c) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum eða flókabundin með bindli eða bindlum:

— eftirfarandi skýring, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra)]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“,

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

— Eftirfarandi ca-undirlið er bætt við:

„ca) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal sýrustigsbilið tryggja ásættanlegan stöðugleika,“

— Ákvæði d-undirliðar falla brott.

c) Í 6. lið í vöruvirkniflokki 1.C.I.b:

i. Í stað a-undirliðar kemur eftirfarandi:

„a) upplýsingar um heiti og efnatákn uppgefinna snefilefna sem eru tilgreind í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra þegar uppgefnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

ii. Í stað c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„c) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum eða flókabundin með bindli eða bindlum:

— eftirfarandi skýring, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra)]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“,

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

iii. Eftirfarandi ca-undirlið er bætt við:

„ca) ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal sýrustigsbilið tryggja ásættanlegan stöðugleika,“

iv. Ákvæði d-undirliðar falla brott.

d) Í vöruvirkniflokki 1.C.II:

i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Uppgefin snefilefni í ólífrænum snefilefnaáburði skulu gefin upp eftir heiti og efnatákni uppgefinna snefilefna í eftirfarandi röð: bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn) og þar á eftir heiti mótjóna þeirra þegar uppgefnum snefilefnum er bætt við af ásetningi,“

ii. Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum og hægt er að sanngreina og magngreina hvern klóbindil og hann klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu snefilefni, eða uppgefin snefilefni eru flókabundin með bindli eða -bindlum, skal bæta við eftirfarandi skýringu, eftir því sem við á, á eftir heiti og efnafræðilegri táknun snefilefnisins:

— „klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra)]“/„flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“/„klóbundið með [heiti klóbindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra] og flókabundið með [heiti bindils eða -bindla eða skammstöfun hans/þeirra]“,

— magn klóbundins/flókabundins snefilefnis eða klóbundinna/flókabundinna snefilefna í % miðað við massa,“

iii. Eftirfarandi lið 2a er bætt við:

„2a. Ef uppgefin snefilefni eru klóbundin með klóbindli eða -bindlum skal tilgreina sýrustigsbil sem tryggir ásættanlegan stöðugleika.“

iv. Ákvæði 3. liðar falla brott.

3) Ákvæðum III. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í vöruvirkniflokki 1.C:

i. Í stað fyrstu töflunnar kemur eftirfarandi:

„Form uppgefins næringarefnis og aðrar uppgefnar breytur	**Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið snefilefnainnihald og aðrar uppgefnar breytur**
Uppgefin form köfnunarefnis (N)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form fosfórpentoxíðs (P_2O_5)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form kalíumoxíðs (K_2O)	± 25% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 2 prósentustigum að raungildi
Uppgefin form köfnunarefnis (N), fosfórpentoxíðs (P_2O_5) eða kalíumoxíðs (K_2O) í tvígildum áburði	± 1,5 prósentustig að raungildi
Uppgefin form köfnunarefnis (N), fosfórpentoxíðs (P_2O_5) eða kalíumoxíðs (K_2O) í þrígildum áburði	± 1,9 prósentustig að raungildi

Heildarmagn og vatnsleysanlegt magnesíumoxíð (MgO), kalsíumoxíð (CaO), brennisteinstríoxíð (SO_3)	-50 og +100% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu innihaldi þessara næringarefna að hámarki upp að -2 og +4 prósentustigum að raungildi
Heildarmagn og vatnsleysanlegt natríumoxíð (Na_2O)	-25% af uppgefnu innihaldi að hámarki upp að 0,9 prósentustigum að raungildi + 50% af uppgefnu innihaldi að hámarki upp að 1,8 prósentustigum að raungildi
Kornastærðarmælingar	± 20% hlutfallslegt frávik uppgefins hundraðshluta efnis sem fer í gegnum tiltekið sigti
Magn	± 1% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi“

ii. Í stað annarrar töflu kemur eftirfarandi:

„Snefilefni	**Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald snefilefnaforma**
Styrkur sem er 2% eða minni	± 50% af uppgefnu gildi
Styrkur sem er meiri en 2% og 10% eða minni	± 50% af uppgefnu gildi að hámarki upp að 1,0 prósentustigi að raungildi
Styrkur sem er meiri en 10%	± 1,0 prósentustig að raungildi“

b) Í stað annarrar línu í vöruvirkniflokki 3, þar sem vikmörkin fyrir lífrænt kolefni eru sett fram, kemur eftirfarandi:

„Lífrænt kolefni (C_{org})	± 10% hlutfallslegt frávik frá uppgefnu gildi að hámarki upp að 3,0 prósentustigum að raungildi“

c) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir „VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5: LATI“:

„**VÖRUVIRKNIFLOKKUR 6: PLÖNTULÍFÖRVI**

Magn plöntulíförva má víkja sem nemur ± 5% frá uppgefnu gildi.“

d) Eftirfarandi töflu er bætt við í byrjun vöruvirkniflokks 7:

„Uppgefin breyta	**Leyfileg vikmörk fyrir uppgefna breytu**
Magn	Vikmörkin eru summan af innbyrðis hlutfalli hvers efnisþáttar ESB-áburðarvöru margfölduð með vikmörkunum fyrir vöruvirkniflokkinn fyrir þá áburðarvöru. Ef ekki er unnt að ákvarða hlutfall hverrar ESB-áburðarvöru í áburðarvörublöndunni eru vikmörkin þau sem gilda um þann vöruvirkniflokk sem er með strangasta vikmarkamagngildið.“

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 3.2 í I. hluta kemur eftirfarandi:

„3.2 Einnig má nota aðferðareiningu B og þar á eftir aðferðareiningu C fyrir áburðarvörublöndu eins og tilgreint er í vöruvirkniflokki 7.“

2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í lið 2.2 í aðferðareiningu A:

i. Í stað g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,“

ii. Í stað j-undirliðar kemur eftirfarandi:

„j) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg þurrefnis, upplýsingar um hámarksmagn og nákvæman uppruna heildarkrómmagnsins (Cr).“

b) Í stað h-liðar í undirlið 2.2 í aðferðareiningu A1 kemur eftirfarandi:

„h) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,“

c) Í lið 2.2 í aðferðareiningu B:

i. Í stað g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,“

ii. Í stað k-undirliðar kemur eftirfarandi:

„k) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg þurrefnis, upplýsingar um hámarksmagn og nákvæman uppruna heildarkrómmagnsins (Cr).“

d) Í lið 2.2 í aðferðareiningu D1:

i. Í stað g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„g) niðurstöður útreikninga sem hafa verið gerðir, athuganir sem gerðar voru o.s.frv.,“

ii. Í stað k-undirliðar kemur eftirfarandi:

„k) ef ESB-áburðarvara inniheldur meira heildarmagn króms (Cr) en 200 mg/kg þurrefnis, upplýsingar um hámarksmagn og nákvæman uppruna heildarkrómmagnsins (Cr).“

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2086 **2023/EES/62/03**

frá 5. júlí 2021

um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við útfelldum fosfatsöltum og afleiðum sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. ESB-áburðarvörur innihalda efnisþáttaefniviði í einum eða fleiri af þeim flokkum sem eru tilgreindir í II. viðauka við þá reglugerð.

2) Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, með hliðsjón af b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar, er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin meti strúvít, án ástæðulausrar tafar, eftir 15. júlí 2019 og felli það inn í II. viðauka við þá reglugerð ef komist er að þeirri niðurstöðu í matinu að ESB-áburðarvörur sem innihalda þennan efnivið valdi ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið og tryggi jarðræktarlega skilvirkni.

3) Strúvít getur verið úrgangur og getur, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, hætt að vera úrgangur ef það er sett í ESB-áburðarvöru sem uppfyllir kröfur. Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar, með hliðsjón af 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]), er framkvæmdastjórninni því einungis heimilt að fella strúvít inn í í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 ef reglur um endurnýtingu í þeim viðauka tryggja að efniviðurinn verði notaður í sérstökum tilgangi, að markaður sé fyrir hann eða eftirspurn eftir honum og að notkun hans muni ekki leiða til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna í heild.

4) Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar hóf mat sitt á strúvíti fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) 2019/1009 og lauk við það á árinu 2019. Meðan á matinu stóð var gildissviðið rýmkað til að ná yfir breitt svið útfelldra fosfatsalta sem og afleiður þeirra.

5) Í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar ([3]) var komist að þeirri niðurstöðu að útfelld fosfatsölt og afleiður, ef þau eru framleidd með því að fylgja reglum um endurnýtingu sem lagðar eru til í skýrslunni, veiti plöntum næringarefni eða bæti næringarnýtni þeirra og tryggi því jarðræktarlega skilvirkni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 120. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([3]) Huygens D, Saveyn HGM, Tonini D, Eder P, Delgado Sancho L, „Technical proposals for selected new fertilising materials under the Fertilising Products Regulation (Regulation (EU) 2019/1009) – Process and quality criteria, and assessment of environmental and market impacts for precipitated phosphate salts & derivates, thermal oxidation materials & derivates and pyrolysis & gasification materials“, EUR 29841 EN, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, ISBN 978-92-76-09888-1, doi:10.2760/186684, JRC117856.

6) Í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar er þar að auki komist að þeirri niðurstöðu að markaðseftirspurn eftir útfelldum fosfatsöltum og afleiðum sé fyrir hendi og fari vaxandi og að þessir efniviðir séu líklegir til að verða notaðir til að veita næringarefnaílag í evrópskum landbúnaði. Í henni er enn fremur komist að þeirri niðurstöðu að notkun á útfelldum fosfatsöltum og afleiðum, sem voru framleidd með því að fylgja reglum um endurnýtingu sem lagðar eru til í skýrslunni, leiði ekki til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna í heild.

7) Reglur um endurnýtingu sem lagðar eru til í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar fela í sér ráðstafanir til að takmarka áhættuna á að endurvinna eða framleiða aðskotaefni, s.s. að útbúa tæmandi skrá yfir ílagsefniviði sem uppfylla kröfur og útiloka t.d. blandaðan heimilis- og rekstrarúrgang og mæla fyrir um sérstök vinnsluskilyrði og kröfur um vörugæði. Í matsskýrslunni er einnig komist að þeirri niðurstöðu að samræmismatsreglur sem gilda um áburðarvörur sem innihalda útfelld fosfatsölt og afleiður ættu að innihalda gæðakerfi sem tilkynnt stofa metur og samþykkir.

8) Á grundvelli framangreinds komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að útfelld fosfatsölt og afleiður, ef þau eru framleidd í samræmi við reglur um endurnýtingu sem lagðar eru til í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar, tryggi jarðræktarlega skilvirkni í skilningi ii. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Enn fremur uppfylla þau viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Að lokum, ef þau uppfylla aðrar kröfur sem almennt er mælt fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009 og einkum í I. viðauka við þá reglugerð, valda þau ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið í skilningi i. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Því ætti að fella útfelld fosfatsölt og afleiður inn í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 með fyrirvara um þessar reglur um endurnýtingu.

9) Einkum ætti einungis að leyfa aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([4]) sem ílagsefniviði fyrir útfelld fosfatsölt og afleiður, sem falla undir reglugerð (ESB) 2019/1009, ef og þegar endapunktar þeirra í framleiðsluferlinu hafa verið ákvarðaðir í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og verður náð í síðasta lagi við lok framleiðsluferlis ESB-áburðarvöru sem inniheldur útfelld fosfatsölt eða afleiður.

10) Í ljósi þess að unnt er að líta svo á að útfellt fosfatsalt og afleiður séu endurnýttur úrgangur eða aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB ætti enn fremur að útiloka slíka efniviði frá efnisþáttaefniviðaflokkum 1 og 11 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar.

11) Mikilvægt er að tryggja að þegar áburðarvörur innihalda útfelld fosfatsölt og afleiður falli þær undir viðeigandi samræmismatsaðferð, þ.m.t. gæðakerfi sem tilkynnt stofa metur og samræmir. Því er nauðsynlegt að breyta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 til að kveða á um samræmismat sem er viðeigandi fyrir slíkar áburðarvörur.

12) Þar eð kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 og samræmismatsaðferðirnar sem settar eru fram í IV. viðauka við þá reglugerð eigi að gilda frá og með 16. júlí 2022 er nauðsynlegt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til sömu dagsetningar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við í I. hluta:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 12: Útfelld fosfatsölt og afleiður“.

2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í efnisþáttaefniviðaflokki 1 er 1. lið breytt sem hér segir:

i. Í g-undirlið er „eða“ fellt brott.

ii. Í stað „.“ í h-undirlið kemur „eða“.

iii. Eftirfarandi i-undirlið er bætt við:

“i) útfelld fosfatsölt eða afleiður, sem eru endurnýtt úr úrgangi eða eru aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB,“.

b) Í efnisþáttaefniviðaflokki 11 er 1. lið breytt sem hér segir:

i. Í c-undirlið er „eða“ fellt brott.

ii. Í stað „.“ í d-undirlið kemur „eða“.

iii. Eftirfarandi e-undirlið er bætt við:

“e) útfelld fosfatsölt eða afleiður, sem eru endurnýtt úr úrgangi eða eru aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB.“

c) Eftirfarandi efnisþáttaefniviðaflokki 12 er bætt við:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 12: ÚTFELLD FOSFATSÖLT OG AFLEIÐUR

1. ESB-áburðarvara má innihalda útfelld fosfatsölt sem fást með útfellingu á einungis einum eða fleiri eftirtöldum ílagsefniviðum:

a) skólpi og skólpseyru frá skólphreinsistöðvum sveitarfélaga, öðrum en aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

b) skólpi og seyru frá vinnslu matvæla, drykkjarvara, gæludýrafóðurs, fóðurs eða mjólkurafurða, annarra en aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, nema vinnsluþrep hafi falið í sér snertingu við sæfivörur í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*), aðrar en þær sem eru skilgreindar sem vöruflokkur 4 í aðalflokki 1 í V. viðauka við þá reglugerð,

c) lífúrgangi í skilningi 4. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB sem kemur úr aðskildri söfnun á lífúrgangi við upptök, öðrum en aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

d) leifum frá vinnslu í skilningi t-liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (**) frá framleiðslu á lífetanóli og lífdísilolíu úr efniviðum sem um getur í b-, c- og e-undirlið þessa liðar,

e) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki (***):

— efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,

— skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni,

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

f) efnum og blöndum, öðrum en (***):

— þeim sem um getur í a- til e-undirlið,

— úrgangi í skilningi 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

— efnum eða blöndum sem eru hættar að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

— efnum sem eru mynduð úr forefnum sem eru hætt að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB eða blöndur sem innihalda slík efni,

— ólífbrjótanlegum fjölliðum,

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Að auki skulu útfelld fosfatsölt fást með útfellingu á hvaða ílagsefniviði sem er sem um getur í a- til f-undirlið, eða samsetningu þeirra, unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með þættingu á föstum og fljótandi efnum með því að nota lífbrjótanlegar fjölliður, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, með vatnsrofi við hita (e. *thermal hydrolysis*), loftfirrðri meltun eða myltingu. Hitastig við slíka vinnslu skal ekki fara yfir 275 °C.

2. Útfellingarferlið skal fara fram við stýrð skilyrði í hvarftanki. Að auki skal einungis nota ílagsefniviði sem eru ekki mengaðir af öðrum efnisstraumum eða ílagsefniviði, aðra en aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem hafa óvart mengast af öðrum efnisstraumum í einangruðu tilviki sem leiddi einungis til útrænna efnasambanda í snefilmagni.

Í stöðinni þar sem útfellingin fer fram skal forðast beina snertingu milli ílags- og frálagsefniviða eftir útfellingarferlið, þ.m.t. við geymslu.

3. Útfelld fosfatsölt skulu innihalda:

a) lágmarksinnihald fosfórpentoxíðs (P_2O_5) sem nemur 16% af þurrefnisinnihaldi,

b) hámarksinnihald lífræns kolefnis (C_{org}) sem nemur 3% af þurrefnisinnihaldi,

c) í mesta lagi 3 g/kg þurrefnis af stórsæjum óhreinindum yfir 2 mm á einhverju af eftirfarandi formi: lífrænt efni, gler, steinar, málmur og plast,

d) í mesta lagi 5 g/kg þurrefnis af summu stórsæju óhreinindanna sem um getur í c-undirlið.

4. ESB-áburðarvara má innihalda afleiður útfelldra fosfatsalta sem eru framleidd með einu eða fleiri efnaframleiðsluþrepum þar sem útfelldu fosfatsöltin hvarfast við efniviði, sem um getur í f-undirlið 1. liðar, sem eru nýttir í eða notaðir til efnavinnslu.

Framleiðsluferli afleiða skal framkvæmt þannig að efnasamsetningu útfelldra fosfatsalta sé breytt af ásetningi.

5. Útfelld fosfatsölt, sem eru notuð fyrir afleiðurnar, skulu vera í samræmi við 1., 2. og 3. lið.

6. Þrátt fyrir 1. lið má ESB-áburðarvara innihalda útfelld fosfatsölt sem fást með útfellingu efna í 2. eða 3. flokki eða afleiddum afurðum úr þeim, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. þeirrar reglugerðar, ein og sér eða blönduð með ílagsefniviðum sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) endapunkturinn í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

b) skilyrðin í 2. og 3. lið eru uppfyllt.

ESB-áburðarvara má einnig innihalda afleiður slíkra útfelldra fosfatsalta sem fást í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 4. lið.

7. Í stöðinni þar sem útfellingin fer fram skulu framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem eru leyfðir fyrir útfelld fosfatsölt og afleiður sem um getur í 1., 4. og 6. lið, vera greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum.

8. Ef engar kröfur varðandi *Salmonella* spp., *Escherichia coli* eða *Enterococcaceae* eru fastsettar í I. viðauka að því er varðar vöruvirkniflokk ESB-áburðarvöru sem inniheldur eða samanstendur af útfelldum fosfatsöltum eða afleiðum, eða hvoru tveggja, skulu þessir sjúkdómsvaldar ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

9. Sjúkdómsvaldar í ESB-áburðarvöru sem inniheldur eða samanstendur af útfelldum fosfatsöltum sem fást úr efniviðum sem um getur í a-undirlið 1. liðar eða afleiður slíkra útfelldra fosfatsalta, eða hvort tveggja, skulu ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Clostridium perfringens	5	5	0	100 þyrpingamyndandi einingar í 1 g eða 1 ml
Ascaris sp. (iðraþráðormar) lífvænleg egg	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml

Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

10. Kröfurnar sem settar eru fram í 8. og 9. lið, sem og kröfurnar fyrir *Salmonella* spp., *Escherichia coli* eða *Enterococcaceae* sem eru fastsettar í samsvarandi vöruvirkniflokki ESB-áburðarvöru sem samanstendur einungis af útfelldum fosfatsöltum eða afleiðum, eða hvoru tveggja, skulu ekki gilda þegar þessi útfelldu fosfatsölt eða allir ílagsefniviðir af lífrænum uppruna, sem eru notaður í útfellingarferlinu, hafa farið í gegnum aðra af eftirfarandi vinnslum:

a) þrýstisæfingu með hitun í kjarnahita yfir 133 °C í a.m.k. 20 mínútur við a.m.k. 3 bara raunþrýsting þar sem þrýstingurinn skal framkallaður með algerri lofttæmingu í sæfingarklefanum og í stað lofts komi gufa („mettuð gufa“),

b) vinnslu í gerilsneyðingar- eða sótthreinsunareiningu sem nær hitastiginu 70 °C í a.m.k. eina klukkustund.

11. Útfelld fosfatsölt úr efniviðum sem um getur í a-undirlið 1. liðar og afleiður sem fást úr slíkum útfelldum fosfatsöltum skulu ekki innihalda meira en 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} (****)

12. Summa áls (Al) og járns (Fe) í útfelldum fosfatsöltum eða afleiðum skal ekki fara yfir 10% af þurrefni í útfelldu fosfatsöltunum eða afleiðunum.

13. Útfelld fosfatsölt eða afleiður skulu hafa verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ásamt málsskjölum sem innihalda:

a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara, nema þau falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð.

14. Að því er varðar 3., 11. og 12. lið skal þurrefni í útfelldum fosfatsöltum og afleiðum mælt með því að nota þurrkun í lofttæmi við 40 °C uns stöðugri þyngd er náð til að koma í veg fyrir tap á kristalbundnu vatni.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

(***) Þó að ílagsefniviður sé undanskilinn í undirlið kemur það ekki í veg fyrir að hann sé tækur sem ílagsefniviður í krafti annars undirliðar.

(****) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.“

II. VIÐAUKI

Í II. hluta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er aðferðareiningu D1 (gæðatrygging fyrir framleiðsluferli) breytt sem hér segir:

1) Í stað d-undirliðar í lið 2.2. kemur eftirfarandi:

„d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar og, í tengslum við efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12, eins og skilgreint er í II. viðauka, skriflega lýsingu og skýringarmynd af framleiðsluferlinu þar sem hver meðhöndlun, geymsluker og svæði er auðkennt á skýran hátt,“.

2) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.1.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.1.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framkvæmdastjórn innan fyrirtækis framleiðandans:“.

3) Í stað liðar 5.1.2.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.2.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12 eins og skilgreint er í II. viðauka, skal gæðakerfið tryggja samræmi við kröfurnar sem eru tilgreindar í þeim viðauka.“

4) Lið 5.1.3.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„5.1.3.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12 eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu athuganir og prófanir innihalda eftirfarandi þætti:“.

b) Í stað b- og c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„b) Sérmenntað starfsfólk skal annast sjónræna skoðun á hverri sendingu ílagsefniviða og sannreyna samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar fyrir ílagsefniviði í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12 sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

c) Framleiðandi skal hafna sendingum af hvaða ílagsefniviði sem er ef sjónræn skoðun vekur einhverjar grunsemdir um eitthvert af eftirfarandi:

— að fyrir hendi séu hættuleg efni eða efni sem geta skemmt ferlið eða gæði endanlegrar ESB-áburðarvöru,

— ósamrýmanleika við nákvæmu skilgreiningarnar í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12 í II. viðauka, einkum ef fyrir hendi er plast sem leiðir til þess að farið verði yfir viðmiðunarmörk fyrir stórsæ óhreinindi.“

c) Í stað e-undirliðar kemur eftirfarandi:

“e) Taka skal sýni úr frálagsefniviðum til að sannreyna að þeir séu í samræmi við nákvæmar skilgreiningar sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12, eins og skilgreint er í II. viðauka, og að eiginleikar frálagsefniviðanna tefli ekki í tvísýnu samræmi ESB-áburðarvöru við viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

d) Í stað inngangsorðanna í f-undirlið kemur eftirfarandi:

„f) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3 og 5 skal taka sýnin úr frálagsefniviðnum reglubundið og a.m.k. með eftirfarandi tíðni:“.

e) Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„fa) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 12 skal taka sýnin úr frálagsefniviðnum a.m.k. með eftirfarandi sjálfgefinni tíðni, eða fyrr en áætlað er ef veruleg breyting, sem getur haft áhrif á gæði ESB-áburðarvöru, hrindir því af stað:

Árlegt frálag (tonn)	Sýni/ár
≤ 3 000	4
3 001–10 000	8
10 001–20 000	12
20 001–40 000	16
40 001–60 000	20
60 001–80 000	24
80 001–100 000	28
100 001–120 000	32
120 001–140 000	36
140 001–160 000	40
160 001–180 000	44
> 180 000	48

Framleiðendum er heimilt að draga úr sjálfgefinni tíðni prófana vegna aðskotaefna, eins og tilgreint er hér að framan, með því að taka tillit til dreifingar sögulegra sýna. Eftir vöktunartíma sem nemur a.m.k. einu ári og að lágmarki 10 sýni sem sýna að farið sé að kröfunum í I. og II. viðauka er framleiðandanum heimilt að helminga sjálfgefna sýnatökutíðni fyrir þá breytu ef hæsta gildi aðskotaefna sem er skráð í síðustu 10 sýnunum er lægra en helmingurinn af viðmiðunarmörkunum fyrir þá breytu sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka.

fb) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 12 skal úthluta hverri framleiðslulotu eða framleiðsluhluta einkvæmum kóða vegna gæðastjórnunar. Að minnsta kosti eitt sýni á hver 3000 tonn af þessum efniviðum eða eitt sýni á tveggja mánaða fresti, hvort sem verður á undan, skal geymt í góðu ástandi í a.m.k. 2 ár.“

f) Í stað „.“ í iii. undirlið g-undirliðar kemur „;“ og eftirfarandi iv. undirlið er bætt við:

„iv. að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 12, mæla varðveitt sýni sem um getur í fb-undirlið og grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að koma í veg fyrir mögulega frekari flutninga á þessum efniviði og notkun hans.“

5) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.4.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.4.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12, eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu gæðaskýrslurnar sýna fram á skilvirkt eftirlit með ílagsefniviðum, framleiðslu, geymslu og samræmi ílags- og frálagsefniviða við viðeigandi kröfur í þessari reglugerð. Hvert skjal skal vera læsilegt og tiltækt á viðeigandi notkunarstað eða -stöðum og allar úreltar útgáfur skulu tafarlaust fjarlægðar af öllum stöðum þar sem þær eru notaðar eða a.m.k. merktar sem úreltar. Gæðastjórnunargögnin skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:“.

6) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.5.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.5.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framleiðandinn koma á fót áætlun um árlega innri úttekt til að sannprófa samræmi gæðakerfisins við eftirfarandi þætti:“.

7) Í stað liðar 6.3.2 kemur eftirfarandi:

„6.3.2. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5 og 12, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal tilkynnta stofan taka og greina sýni af frálagsefniviði við hverja úttekt og úttektirnar skulu framkvæmdar með eftirfarandi tíðni:

a) á fyrsta árinu sem tilkynnta stofan hefur eftirlit með stöðinni sem á í hlut: með sömu tíðni og sýnatökutíðnin sem er tilgreind í töflunni í f-lið í lið 5.1.3.1 og, eftir því sem við á, í fa-lið í lið 5.1.3.1 og

b) á næstu árum eftirlits: eftir helmingaðri sýnatökutíðni sem er tilgreind í töflunni í f-lið í lið 5.1.3.1. og, eftir því sem við á, í fa-lið í lið 5.1.3.1.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2087 **2023/EES/62/04**

frá 6. júlí 2021

um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við efniviðum úr varmaoxun og afleiðum sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. ESB-áburðarvörur innihalda efnisþáttaefniviði í einum eða fleiri af þeim flokkum sem eru tilgreindir í II. viðauka við þá reglugerð.

2) Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, með hliðsjón af b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar, er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin meti vörur, að stofni til úr ösku, án ástæðulausrar tafar, eftir 15. júlí 2019 og felli þær inn í II. viðauka við þá reglugerð ef komist er að þeirri niðurstöðu í matinu að ESB-áburðarvörur sem innihalda þessa efniviði valdi ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið og tryggi jarðræktarlega skilvirkni.

3) Vörur, að stofni til úr ösku geta verið úrgangur og geta, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, hætt að vera úrgangur ef þær eru settar í ESB-áburðarvöru sem uppfyllir kröfur. Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, með hliðsjón af 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]), er framkvæmdastjórninni því einungis heimilt að fella vörur, að stofni til úr ösku, inn í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 ef reglur um endurnýtingu í þeim viðauka tryggja að efniviðirnir verði notaðir í sérstökum tilgangi, að markaður sé fyrir þá eða eftirspurn eftir þeim og að notkun þeirra muni ekki leiða til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna í heild.

4) Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar hóf mat sitt á vörum, að stofni til úr ösku, fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) 2019/1009 og lauk við það á árinu 2019. Meðan á matinu stóð var gildissviðið rýmkað til að ná yfir breitt svið efniviða úr varmaoxun sem og afleiður þeirra.

5) Í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar ([3]) var komist að þeirri niðurstöðu að efniviðir úr varmaoxun og afleiður, ef þau eru framleidd með því að fylgja reglum um endurnýtingu sem lagðar eru til í skýrslunni, veiti plöntum næringarefni eða bæti næringarnýtni þeirra og tryggi því jarðræktarlega skilvirkni.

6) Í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar er þar að auki komist að þeirri niðurstöðu að markaðseftirspurn eftir efniviðum úr varmaoxun og afleiðum sé fyrir hendi og fari vaxandi og að þessir efniviðir séu líklegir til að verða notaðir til að veita næringarefnaílag í evrópskum landbúnaði. Í henni er enn fremur komist að þeirri niðurstöðu að notkun á efniviðum úr varmaoxun og afleiðum, sem voru framleidd með því að fylgja reglum um endurnýtingu sem lagðar eru til í skýrslunni, leiði ekki til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna í heild.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 130. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([3]) Huygens D, Saveyn HGM, Tonini D, Eder P, Delgado Sancho L, „Technical proposals for selected new fertilising materials under the Fertilising Products Regulation (Regulation (EU) 2019/1009) – Process and quality criteria, and assessment of environmental and market impacts for precipitated phosphate salts & derivates, thermal oxidation materials & derivates and pyrolysis & gasification materials“, EUR 29841 EN, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, ISBN 978-92-76-09888-1, doi:10.2760/186684, JRC117856.

7) Reglur um endurnýtingu sem lagðar eru til í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar fela í sér ráðstafanir til að takmarka áhættuna á að endurvinna eða framleiða aðskotaefni, s.s. að útbúa tæmandi skrá yfir ílagsefniviði sem uppfylla kröfur og útiloka t.d. blandaðan heimilis- og rekstrarúrgang og mæla fyrir um sérstök vinnsluskilyrði og kröfur um vörugæði. Í matsskýrslunni er einnig komist að þeirri niðurstöðu að áburðarvörur sem innihalda efniviði úr varmaoxun og afleiður ættu að fylgja sértækum reglum um merkingar og að samræmismatsreglur sem gilda um slíkar vörur ættu að innihalda gæðakerfi sem tilkynnt stofa metur og samþykkir.

8) Á grundvelli framangreinds komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að efniviðir úr varmaoxun og afleiður, ef þau eru framleidd í samræmi við reglur um endurnýtingu sem lagðar eru til í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar, tryggi jarðræktarlega skilvirkni í skilningi ii. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Enn fremur uppfylla þau viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Að lokum, ef þau uppfylla aðrar kröfur sem almennt er mælt fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009 og einkum í I. viðauka við þá reglugerð, valda þau ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið í skilningi i. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Því ætti að fella efniviði úr varmaoxun og afleiður inn í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 með fyrirvara um þessar reglur um endurnýtingu.

9) Einkum ætti einungis að leyfa aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([4]) sem ílagsefniviði fyrir efniviði úr varmaoxun og afleiður, sem falla undir reglugerð (ESB) 2019/1009, ef og þegar endapunktar þeirra í framleiðsluferlinu hafa verið ákvarðaðir í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og verður náð í síðasta lagi við lok framleiðsluferlis ESB-áburðarvöru sem inniheldur efniviði úr varmaoxun eða afleiður.

10) Í ljósi þess að unnt er að líta svo á að efniviðir úr varmaoxun og afleiður séu endurnýttur úrgangur eða aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB ætti enn fremur að útiloka slíka efniviði frá efnisþáttaefniviðaflokkum 1 og 11 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar.

11) Mikilvægt er að tryggja að áburðarvörur sem innihalda efniviði úr varmaoxun og afleiður fylgi sértækum viðbótarreglum um merkingar og falli undir samræmismatsaðferð, þ.m.t. gæðakerfi sem tilkynnt stofa metur og samþykkir. Því er nauðsynlegt að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 til að kveða á um kröfur um merkingar og um samræmismat sem er viðeigandi fyrir slíkar áburðarvörur.

12) Þar eð kröfurnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 og samræmismatsaðferðirnar sem settar eru fram í IV. viðauka við þá reglugerð eigi að gilda frá og með 16. júlí 2022 er nauðsynlegt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til sömu dagsetningar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við í I. hluta:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 13: Efniviðir úr varmaoxun og afleiður“.

2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í efnisþáttaefniviðaflokki 1 er eftirfarandi j-undirlið bætt við í 1. lið:

„j) efniviði úr varmaoxun eða afleiður, sem eru endurnýtt úr úrgangi eða eru aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB, eða“

b) Í efnisþáttaefniviðaflokki 11 er eftirfarandi f-undirlið bætt við í 1. lið:

„f) efniviðir úr varmaoxun eða afleiður, sem eru endurnýtt úr úrgangi eða eru aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB, eða“.

c) Eftirfarandi efnisþáttaefniviðaflokki 13 er bætt við:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 13: EFNIVIÐIR ÚR VARMAOXUN EÐA AFLEIÐUR

1. ESB-áburðarvara má innihalda efniviði úr varmaoxun sem fást með varmaefnafræðilegri umbreytingu (e. *thermochemical conversion*) við skilyrði án súrefnistakmörkunar á einungis einum eða fleiri eftirtöldum ílags-efniviðum:

a) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki (*):

— efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,

— skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni og

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

b) jurtaúrgangi frá matvælavinnsluiðnaði og trefjóttum jurtaúrgangi frá framleiðslu á mauki úr nýjum trefjum og frá framleiðslu á pappír úr mauki úr nýjum trefjum, ef hann er ekki efnafræðilega umbreyttur,

c) lífúrgangi sem verður til eftir síðari meðhöndlun lífúrgangs sem er safnað sérstaklega til endurvinnslu í skilningi tilskipunar (EB) nr. 2008/98/EB, sem brennsla er besta umhverfislega niðurstaðan fyrir í samræmi við 4. gr. þeirrar tilskipunar annar en aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

d) efniviðum sem verða til eftir stýrt örverufræðilegt eða varmaefnafræðilegt umbreytingarferli þar sem einungis ílagsefniviðirnir sem um getur í a-, b- og c-undirlið eru notaðir,

e) skólpseyru frá skólphreinsistöðvum sveitarfélaga, annarri en aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

f) efniviðum úr einkarekinni meðhöndlun á skólpi, sem fellur ekki undir tilskipun ráðsins 91/271/EBE (**), frá matvælavinnslu-, gæludýrafóður-, fóður-, mjólkur- og drykkjarvöruiðnaðinum, öðrum en aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

g) úrgangi í skilningi tilskipunar 2008/98/EB, að undanskildum (*):

— ílagsefniviðum sem um getur í a- til f-undirlið,

— hættulegum úrgangi í skilningi 2. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

— efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,

— lífúrgangi í skilningi 4. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB sem kemur úr aðskildri söfnun á lífúrgangi við upptök, og

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

h) viðbótareldsneyti (jarðgas, fljótandi gas, jarðgasþéttir, vinnslugas og efnisþættir þess, jarðolía, kol, koks sem og afleiddir efniviðir þeirra), þegar það er notað til að vinna ílagsefniviðina sem um getur í a- til g-undirlið,

i) efnum sem eru notuð í framleiðsluferlum járn- og stáliðnaðar eða

j) efnum og blöndum, að undanskildum (*):

— ílagsefniviðum sem um getur í a- til i-undirlið,

— úrgangi í skilningi 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

— efnum eða blöndum sem eru hættar að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

— efnum sem eru mynduð úr forefnum sem eru hætt að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB eða blöndur sem innihalda slík efni og

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. Þrátt fyrir 1. lið má ESB-áburðarvara innihalda efniviði úr varmaoxun sem fást með varmaefnafræðilegri umbreytingu efna í 2. eða 3. flokki eða afleiddum afurðum úr þeim við skilyrði án súrefnistakmörkunar, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. þeirrar reglugerðar, ein og sér eða blönduð með ílagsefniviðum sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) endapunkturinn í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

b) skilyrðin í 3., 4. og 5. lið eru uppfyllt.

3. Varmaoxunin skal fara fram við skilyrði án súrefnistakmörkunar með þeim hætti að lofttegundirnar, sem verða til eftir varmaefnafræðilegt umbreytingarferli, eru hitaðar, eftir síðustu inndælingu brunalofts, á stýrðan og einsleitan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, upp í a.m.k. 850 °C í tvær sekúndur hið minnsta. Þessi skilyrði skulu gilda um alla ílagsefniviði, að undanskildum:

a) ílagsefniviðum sem um getur í a-, b- og h-lið 1. liðar eða sem verða til eftir stýrt örverufræðilegt eða varmaefnafræðilegt umbreytingarferli með því að nota einungis þessa efniviði og

b) ílagsefniviðum sem um getur í 2. lið þar sem hitastig sem nemur a.m.k. 450 °C verður að nást í 0,2 sekúndur hið minnsta.

4. Varmaoxunin skal fara fram í brennslu- eða brunahólfi. Í hólfinu má einungis vinna ílagsefniviði sem eru ekki mengaðir af öðrum efnisstraumum eða ílagsefniviðum, aðra en aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem hafa óvart mengast af öðrum efnisstraumum í einangruðu tilviki sem leiddi einungis til útrænna efnasambanda í snefilmagni.

Öll eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt í stöðinni þar sem varmaoxunin fer fram:

a) framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum, sem um getur í 1. og 2. lið, skulu vera greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum,

b) ílagsefniviðurinn skal oxaður með þeim hætti að hámarksinnihald lífræns kolefnis (C_{org}) í gjalli sem verður til og botnösku sé minna en 3% af þurrefni efniviðarins,

c) komast skal hjá beinni snertingu milli ílags- og frálagsefniviða eftir varmaefnafræðilegt umbreytingarferli, þ.m.t. meðan á geymslu stendur.

5. Efniviðir úr varmaoxun skulu vera aska eða gjall og ekki innihalda meira en:

a) 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} (***),

b) 20 ng WHO-eiturjafngildi (****) af PCDD/F-efnum (*****)/kg þurrefnis.

6. ESB-áburðarvara má innihalda afleiður efniviða úr varmaoxun sem voru framleiddir úr ílagsefniviðum, sem um getur í 1. og 2. lið, sem uppfylla skilyrðin í 5. lið og sem voru framleiddir með varmaefnafræðilegu umbreytingarferli í samræmi við 3. og 4. lið.

Framleiðsluferli afleiða skal framkvæmt þannig að efnasamsetningu efniviða úr varmaoxun sé breytt af ásetningi.

Framleiðsluferli afleiða skal vera með eftirfarandi hætti:

a) efnaframleiðsla: afleiður eru framleiddar með einu eða fleiri efnaframleiðsluþrepum þar sem efniviðir úr varmaoxun hvarfast við ílagsefniviði, sem um getur í j-undirlið 1. liðar, sem eru nýttir í eða notaðir til efnavinnslu en ekki skal nota ólífbrjótanlegar fjölliður,

b) varmaefnafræðileg framleiðsla: afleiður eru framleiddar með einu eða fleiri framleiðsluþrepum þar sem efniviðir úr varmaoxun hvarfast varmafræðilega með hvarfefnum, sem um getur í 1. og 2. lið, sem eru nýtt í eða notuð til efnavinnslu.

Efniviði úr varmaoxun, sem búa yfir einum eða fleiri þeirra hættulegu eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, skal hvorki blanda við né láta hvarfast við úrgang, efni eða efniviði með það fyrir augum að draga úr magni hættulegra efna svo það verði undir viðmiðunarmörkunum fyrir hættulega eiginleikann eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við þá tilskipun. Framleiðendur sem nota efniviði úr varmaoxun með hættulega eiginleika verða að sýna fram á, með því að nota massajöfnuðaraðferð, að aðskotaefnin hafi verið fjarlægð eða þeim umbreytt þannig að þau séu undir viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB.

7. Aðskotaefni í ESB-áburðarvöru, sem inniheldur eða samanstendur af efniviðum úr varmaoxun eða afleiðum, mega ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

a) heildarmagn króms (Cr): 400 mg/kg þurrefnis, ef efniviðir úr varmaoxun eða afleiður eru úr ílagsefniviðum sem um getur í e-, g- eða i-undirliðum 1. liðar,

b) þallíum (TI): 2 mg/kg þurrefnis, ef efniviðir úr varmaoxun eða afleiður eru úr ílagsefniviðum sem um getur í e-, g-, h- eða i-undirlið 1. liðar.

Klórinnihald (Cl^-) skal ekki fara yfir 30 g/kg þurrefnis. Þó skulu þessi viðmiðunarmörk ekki gilda um ESB-áburðarvörur sem voru framleiddar með framleiðsluferli þar sem efnasambandi sem inniheldur klór (Cl^-) var bætt við í þeim tilgangi að framleiða alkalímálmsölt eða basísk jarðmálmsölt og er gefið upp í samræmi við III. viðauka.

Vanadíuminnihald (V) skal ekki fara yfir 600 mg/kg þurrefnis, ef efniviðir úr varmaoxun eða afleiður eru úr ílagsefniviðum sem um getur í g- eða i-undirlið 1. liðar.

8. Efniviðir úr varmaoxun eða afleiður skulu hafa verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í málsskjölum sem innihalda:

a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema þau falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð.

(*) Þó að ílagsefniviður sé undanskilinn í undirlið kemur það ekki í veg fyrir að hann sé tækur sem ílagsefniviður í krafti annars undirliðar.

(**) Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

(***) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

(****) van den Berg M., L.S. Birnbaum, M. Denison, M. De Vito, W. Farland, et al. (2006) The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds. Toxicological sciences: an official journal of the Society of Toxicology 93:223-241. doi:10.1093/toxsci/kfl055.

(*****) Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön.“

———

II. VIÐAUKI

Í I. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er eftirfarandi lið bætt við:

„7a Ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af efniviðum úr varmaoxun eða afleiðum eins og um getur í efnisþáttaefniviðaflokki 13 í II. hluta II. viðauka og inniheldur meira en 3,5% af mangani (Mn) miðað við massa skal gefa upp manganinnihald.“

———

III. VIÐAUKI

Í II. hluta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er aðferðareiningu D1 (gæðatrygging fyrir framleiðsluferli) breytt sem hér segir:

1) Lið 2.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-undirliðar kemur eftirfarandi:

„d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar og, í tengslum við efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 eða 13, eins og skilgreint er í II. viðauka, skriflega lýsingu og skýringarmynd af framleiðsluferlinu þar sem hver meðhöndlun, geymsluker og svæði er auðkennt á skýran hátt,“.

b) Eftirfarandi ga-undirlið er bætt við:

„ga) útreikninga á hættulegum úrgangi fyrir ESB-áburðarvörur sem innihalda eða samanstanda af efnisþátta-efniviðaflokki 13; prófunin sem um getur í 6. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 13 í II. hluta II. viðauka skal framkvæmd a.m.k. einu sinni á ári, eða fyrr en áætlað er ef um er að ræða verulega breytingu sem getur haft áhrif á öryggi eða gæði ESB-áburðarvöru (t.d. vinnsla á framleiðslulotum ílagsefniviðar með mismunandi samsetningu, breyting á vinnsluskilyrðum). Að því er varðar dæmigerða framleiðslulotu ílagsefniviðar sem er unnin í stöðinni skulu hættulegur eiginleiki sem borin eru kennsl á (í samræmi við lið 5.1.3.1) og heildarmassi mældir í mismunandi ílagsefniviðum (1, ..., n) og í frálagsefniviðnum sem verður settur í ESB-áburðarvöruna. Íblöndunarhlutfall hættulega eiginleikans í frálagsefniviðnum skal reiknað út sem hér segir:

$$incorporation\ rate\ (\%) = \frac{HPC_{output\ material} \times M_{output\ material}}{\sum_{i=1}^{n}(HPC_{input\ material,i} \times M_{input\ material,i})}$$

Þar sem:

HPC = styrkur hættulega eiginleikans (mg/kg),

M = heildarmassi (kg) og

i (1-n) = mismunandi ílagsefniviðir sem eru notaðir í framleiðsluferlinu.

Hættulegi eiginleikinn skal fjarlægður meðan á framleiðsluferlinu stendur þannig að íblöndunarhlutfallið, margfaldað með styrk hættulegs eiginleika fyrir hvern einstakan ílagsefnivið, verði undir viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um fyrir þann hættulega eiginleika í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB.“

2) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.1.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.1.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framkvæmdastjórn innan fyrirtækis framleiðandans:“.

3) Í stað liðar 5.1.2.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.2.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13 eins og skilgreint er í II. viðauka, skal gæðakerfið tryggja samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.“.

4) Lið 5.1.3.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„5.1.3.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13 eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu athuganir og prófanir innihalda eftirfarandi þætti:“.

b) Í stað b- og c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„b) Sérmenntað starfsfólk skal annast sjónræna skoðun á hverri sendingu ílagsefniviða og sannreyna samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar fyrir ílagsefniviði í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13 sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

c) Framleiðandi skal hafna sendingum af hvaða ílagsefniviði sem er ef sjónræn skoðun vekur einhverjar grunsemdir um eitthvert af eftirfarandi:

i. að fyrir hendi séu hættuleg efni eða efni sem geta skemmt ferlið eða gæði endanlegrar ESB-áburðarvöru,

ii. ósamrýmanleika við nákvæmu skilgreiningarnar í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13 í II. viðauka, einkum ef fyrir hendi er plast sem leiðir til þess að farið verði yfir viðmiðunarmörk fyrir stórsæ óhreinindi.“

c) Í stað e-undirliðar kemur eftirfarandi:

„e) Taka skal sýni úr frálagsefniviðum til að sannreyna að þeir séu í samræmi við nákvæmar skilgreiningar sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13, eins og skilgreint er í II. viðauka, og að eiginleikar frálagsefniviðanna tefli ekki í tvísýnu samræmi ESB-áburðarvöru við viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

d) Í stað inngangsorðanna í fa.-undirlið kemur eftirfarandi:

„fa) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12 og 13 skal taka sýnin úr frálagsefniviðnum a.m.k. með eftirfarandi sjálfgefinni tíðni, eða fyrr en áætlað er ef um er að ræða verulega breytingu sem getur haft áhrif á gæði ESB-áburðarvöru:“.

e) Í stað fb-undirliðar kemur eftirfarandi:

„fb) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12 og 13 skal úthluta hverri framleiðslulotu eða framleiðsluhluta einkvæmum kóða vegna gæðastjórnunar; að minnsta kosti eitt sýni á hver 3000 tonn af þessum efniviðum eða eitt sýni á tveggja mánaða fresti, hvort sem verður á undan, skal geymt í góðu ástandi í a.m.k. 2 ár.“

f) Í stað iv.-liðar g.-undirliðar kemur eftirfarandi:

„iv. að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12 og 13, mæla varðveitt sýni sem um getur í fb-undirlið og grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að koma í veg fyrir mögulega frekari flutninga á þessum efniviði og notkun hans.“

5) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.4.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.4.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13, eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu gæðaskýrslurnar sýna fram á skilvirkt eftirlit með ílagsefniviðum, framleiðslu, geymslu og samræmi ílags- og frálagsefniviða við viðeigandi kröfur í þessari reglugerð. Hvert skjal skal vera læsilegt og tiltækt á viðeigandi notkunarstað eða -stöðum og allar úreltar útgáfur skulu tafarlaust fjarlægðar af öllum stöðum þar sem þær eru notaðar eða a.m.k. merktar sem úreltar. Gæðastjórnunargögnin skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:“.

6) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.5.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.5.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framleiðandinn koma á fót áætlun um árlega innri úttekt til að sannprófa samræmi gæðakerfisins við eftirfarandi þætti:“.

7) Í stað inngangsorðanna í lið 6.3.2 kemur eftirfarandi:

„6.3.2. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12 og 13, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal tilkynnta stofan taka og greina sýni af frálagsefniviði við hverja úttekt og úttektirnar skulu framkvæmdar með eftirfarandi tíðni:“.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2088 **2023/EES/62/05**

frá 7. júlí 2021

um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við hitasundrunar- og gösunarefniviðum sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. ESB-áburðarvörur innihalda efnisþáttaefniviði í einum eða fleiri af þeim flokkum sem eru tilgreindir í II. viðauka við þá reglugerð.

2) Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, með hliðsjón af b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar, er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin meti líkur, án ástæðulausrar tafar, eftir 15. júlí 2019 og felli þau inn í II. viðauka við þá reglugerð ef komist er að þeirri niðurstöðu í matinu að ESB-áburðarvörur sem innihalda þennan efnivið valdi ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið og tryggi jarðræktarlega skilvirkni.

3) Líkur geta verið úrgangur og geta, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, hætt að vera úrgangur ef þau eru sett í ESB-áburðarvöru sem uppfyllir kröfur. Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, með hliðsjón af 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]), er framkvæmdastjórninni því einungis heimilt að fella líkur inn í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 ef reglur um endurnýtingu í þeim viðauka tryggja að efniviðurinn verði notaður í sérstökum tilgangi, að markaður sé fyrir hann eða eftirspurn eftir honum og að notkun hans muni ekki leiða til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna í heild.

4) Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar hóf mat sitt á líkum fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) 2019/1009 og lauk við það á árinu 2019. Meðan á matinu stóð var gildissviðið rýmkað til að ná yfir breitt svið hitasundrunar- og gösunarefniviða.

5) Í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar ([3]) var komist að þeirri niðurstöðu að hitasundrunar- og gösunarefniviðir, ef þeir eru framleiddir með því að fylgja reglum um endurnýtingu sem lagðar eru til í skýrslunni, veiti plöntum næringarefni eða bæti næringarnýtni þeirra og tryggi því jarðræktarlega skilvirkni.

6) Í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar er þar að auki komist að þeirri niðurstöðu að markaðseftirspurn eftir hitasundrunar- og gösunarefniviðum sé fyrir hendi og fari vaxandi og að þessir efniviðir séu líklegir til að verða notaðir til að veita næringarefnaílag í evrópskum landbúnaði. Í henni er ennfremur komist að þeirri niðurstöðu að notkun hitasundrunar- og gösunarefniviða, sem voru framleiddir með því að fylgja reglum um endurnýtingu sem lagðar eru til í skýrslunni, leiði ekki til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna í heild.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 140. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([3]) Huygens D, Saveyn HGM, Tonini D, Eder P, Delgado Sancho L, „Technical proposals for selected new fertilising materials under the Fertilising Products Regulation (Regulation (EU) 2019/1009) – Process and quality criteria, and assessment of environmental and market impacts for precipitated phosphate salts & derivates, thermal oxidation materials & derivates and pyrolysis & gasification materials“, EUR 29841 EN, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, ISBN 978-92-76-09888-1, doi:10.2760/186684, JRC117856.

7) Reglur um endurnýtingu sem lagðar eru til í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar fela í sér ráðstafanir til að takmarka áhættuna á að endurvinna eða framleiða aðskotaefni, s.s. að útbúa tæmandi skrá yfir ílagsefniviði sem uppfylla kröfur og útiloka t.d. blandaðan heimilis- og rekstrarúrgang og mæla fyrir um sérstök vinnsluskilyrði og kröfur um vörugæði. Í matsskýrslunni var einnig komist að þeirri niðurstöðu að áburðarvörur sem innihalda hitasundrunar- og gösunarefniviði ættu að fylgja sértækum reglum um merkingar og að samræmismatsreglur sem gilda um slíkar vörur ættu að innihalda gæðakerfi sem tilkynnt stofa metur og samþykkir.

8) Á grundvelli framangreinds komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að hitasundrunar- og gösunarefniviðir, ef þeir eru framleiddir í samræmi við reglur um endurnýtingu sem lagðar eru til í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar, tryggi jarðræktarlega skilvirkni í skilningi ii. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Enn fremur uppfylla þeir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Að lokum, ef þeir uppfylla aðrar kröfur sem almennt er mælt fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009 og einkum í I. viðauka við þá reglugerð, valda þeir ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið í skilningi i. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Því ætti að fella hitasundrunar- og gösunarefniviði inn í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 með fyrirvara um þessar reglur um endurnýtingu.

9) Einkum ætti einungis að leyfa aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([4]) sem ílagsefniviði fyrir hitasundrunar- og gösunarefniviði, sem falla undir reglugerð (ESB) 2019/1009, ef og þegar endapunktar þeirra í framleiðsluferlinu hafa verið ákvarðaðir í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og verður náð í síðasta lagi við lok framleiðsluferlis ESB-áburðarvöru sem inniheldur hitasundrunar- eða gösunarefniviði.

10) Í ljósi þess að unnt er að líta svo á að hitasundrunar- og gösunarefniviðir séu endurnýttur úrgangur eða aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB ætti enn fremur að útiloka slíka efniviði frá efnisþáttaefniviðaflokkum 1 og 11 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar.

11) Mikilvægt er að tryggja að áburðarvörur sem innihalda hitasundrunar- og gösunarefniviði fylgi sértækum reglum um merkingar og falli undir samræmismatsaðferð, þ.m.t. gæðakerfi sem tilkynnt stofa metur og samþykkir. Því er nauðsynlegt að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 til að kveða á um kröfur um merkingar og um samræmismat sem er viðeigandi fyrir slíkar áburðarvörur.

12) Þar eð kröfurnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 og samræmismatsaðferðirnar sem settar eru fram í IV. viðauka við þá reglugerð eiga að gilda frá og með 16. júlí 2022 er nauðsynlegt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til sömu dagsetningar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við í I. hluta:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 14: Hitasundrunar- og gösunarefniviðir“

2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í efnisþáttaefniviðaflokki 1 er eftirfarandi k-undirlið bætt við í 1. lið:

„k) hitasundrunar- og gösunarefniviðir sem eru endurnýttir úr úrgangi eða eru aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB.“

b) Í efnisþáttaefniviðaflokki 11 er eftirfarandi g-undirlið bætt við í 1. lið:

„g) hitasundrunar- og gösunarefniviðir sem eru endurnýttir úr úrgangi eða eru aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB.“

c) Eftirfarandi efnisþáttaefniviðaflokki 14 er bætt við:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 14: HITASUNDRUNAR- OG GÖSUNAREFNIVIÐIR

1. ESB-áburðarvara má innihalda hitasundrunar- eða gösunarefniviði sem fást með varmaefnafræðilegri umbreytingu við skilyrði með súrefnistakmörkun á einungis einum eða fleiri eftirtöldum ílagsefniviðum:

a) lifandi eða dauðum lífverum eða hlutum þeirra sem eru óunnir eða eingöngu unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er, þó ekki:

— efniviðum sem eiga uppruna sinn í blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi,

— skólpeðju, eðju frá iðnaði eða dýpkunarefni og

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

b) jurtaúrgangi frá matvælavinnsluiðnaði og trefjóttum jurtaúrgangi frá framleiðslu á mauki úr nýjum trefjum og frá framleiðslu á pappír úr mauki úr nýjum trefjum, ef hann er ekki efnafræðilega umbreyttur,

c) leifum frá vinnslu í skilningi t-liðar 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB frá framleiðslu á lífetanóli og lífdísilolíu úr efniviðum sem um getur í a-, b- og d-undirlið þessa liðar,

d) lífúrgangi í skilningi 4. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB sem kemur úr aðskildri söfnun á lífúrgangi við upptök, öðrum en aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða

e) hitasundrunar- eða gösunaraukefnum sem eru nauðsynleg til að bæta vinnsluafköst eða umhverfisárangur hitasundrunar- eða gösunarferlisins, að því tilskildu að þessi aukefni séu nýtt í efnavinnslu eða notuð til slíkrar vinnslu og að heildarstyrkur allra aukefnanna fari ekki yfir 25% af fersku efni í heildarílagsefniviðnum, að undanskildum (*):

— ílagsefniviðum sem um getur í a- til d-undirlið,

— úrgangi í skilningi 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

— efnum eða blöndum sem eru hættar að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

— efnum sem eru mynduð úr forefnum sem eru hætt að vera úrgangur í einu eða fleiri aðildarríkjum í krafti landsráðstafana sem lögleiða 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB eða blöndur sem innihalda slík efni,

— ólífbrjótanlegum fjölliðum og

— aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

ESB-áburðarvara má innihalda hitasundrunar- eða gösunarefniviði sem fást með varmaefnafræðilegri umbreytingu við skilyrði með súrefnistakmörkun á hvaða ílagsefniviði sem er sem um getur í a- til e-undirlið, eða samsetningu þeirra, unnir með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með þættingu á föstum og fljótandi efnum með því að nota lífbrjótanlegar fjölliður, með því að leysa þá upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, með loftfirrðri meltun eða myltingu.

2. Varmaefnafræðilegt umbreytingarferli skal fara fram við skilyrði með súrefnistakmörkun með þeim hætti að a.m.k. 180 °C hiti náist í hvarftankinum í a.m.k. tvær sekúndur.

   Í hitasundrunar- eða gösunarhvarftanki má einungis vinna ílagsefniviði sem eru ekki mengaðir af öðrum efnisstraumum eða ílagsefniviðum, aðra en aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem hafa óvart mengast af öðrum efnisstraumum í einangruðu tilviki sem leiddi einungis til útrænna efnasambanda í snefilmagni.

   Í stöðinni þar sem hitasundrunin eða gösunin fer fram skal forðast beina snertingu milli ílags- og frálagsefniviða eftir varmaefnafræðilega ferlið, þ.m.t. við geymslu.

3. Mólhlutfall vetnis (H) og lífræns kolefnis (H/C_{org}) í hitasundrunar- og gösunarefniviðum skal vera undir 0,7 og prófun á efniviðum sem innihalda minna en 50% af lífrænu kolefni skal framkvæmd á þurrum og öskufríum hluta þeirra. Þeir skulu ekki innihalda meira en:

   a) 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} (**),

   b) 20 ng WHO-eiturjafngildi (***) af PCDD/F-efnum (****)/kg þurrefnis,

   c) 0,8 mg/kg þurrefnis af ódíoxínlíkum PCB-efnum (*****).

4. Þrátt fyrir 1. lið má ESB-áburðarvara innihalda hitasundrunar- eða gösunarefniviði sem fást með varmaefnafræðilegri umbreytingu efna í 2. eða 3. flokki eða afleiddum afurðum úr þeim við skilyrði með súrefnistakmörkun, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 32. gr. þeirrar reglugerðar, ein og sér eða blönduð með ílagsefniviðum sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   a) endapunkturinn í framleiðsluferlinu hefur verið ákvarðaður í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

   b) skilyrðin í 2. og 3. lið eru uppfyllt.

5. Í stöðinni þar sem hitasundrunin eða gösunin fer fram skulu framleiðslulínur fyrir vinnslu á ílagsefniviðum sem um getur í 1. og 4. lið vera greinilega aðgreindar frá framleiðslulínum fyrir vinnslu á öðrum ílagsefniviðum.

6. Í ESB-áburðarvöru sem inniheldur eða samanstendur af hitasundrunar- og gösunarefniviðum:

   a) skal klórinnihald (Cl^-) ekki fara yfir 30 g/kg þurrefnis og

   b) þallíuminnihald (TI) skal ekki fara yfir 2 mg/kg þurrefnis ef hitasundrunar- eða gösunaraukefnin sem eru notuð nema meira en 5% af votvigt heildarílagsefniviðarins.

7. Hitasundrunar- og gösunarefniviður skal hafa verið skráður samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í málsskjölum sem innihalda:

   a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

   b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema hann falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð.

(*) Þó að ílagsefniviður sé undanskilinn í undirlið kemur það ekki í veg fyrir að hann sé tækur sem ílagsefniviður í krafti annars undirliðar.

(**) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

(***) van den Berg M., L.S. Birnbaum, M. Denison, M. De Vito, W. Farland, et al. (2006) The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds. Toxicological sciences: an official journal of the Society of Toxicology 93:223-241. doi:10.1093/toxsci/kfl055.

(****) Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön.

(*****) Summa PCB-efnamynda 28, 52, 101, 138, 153, 180.“

II. VIÐAUKI

Í I. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er eftirfarandi lið bætt við:

„7a Ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af efniviðum úr varmaoxun eða afleiðum eins og um getur í efnisþáttaefniviðaflokki 13 í II. hluta II. viðauka eða hitasundrunar- eða gösunarefniviðum eins og um getur í efnisþátta-efniviðaflokki 14 í II. hluta þess viðauka og inniheldur meira en 3,5% af mangani (Mn) miðað við massa skal gefa upp manganinnihald.“

———

III. VIÐAUKI

Í II. hluta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er aðferðareiningu D1 (gæðatrygging fyrir framleiðsluferli) breytt sem hér segir:

1) Í stað d-undirliðar í lið 2.2. kemur eftirfarandi:

„d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar og, í tengslum við efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 eða 14, eins og skilgreint er í II. viðauka, skriflega lýsingu og skýringarmynd af framleiðsluferlinu þar sem hver meðhöndlun, geymsluker og svæði er auðkennt á skýran hátt,“.

2) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.1.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.1.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framkvæmdastjórn innan fyrirtækis framleiðandans:“.

3) Í stað liðar 5.1.2.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.2.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14 eins og skilgreint er í II. viðauka, skal gæðakerfið tryggja samræmi við kröfurnar sem eru tilgreindar í þeim viðauka.“

4) Lið 5.1.3.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„5.1.3.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14 eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu athuganir og prófanir innihalda eftirfarandi þætti:“.

b) Í stað b- og c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„b) Sérmenntað starfsfólk skal annast sjónræna skoðun á hverri sendingu ílagsefniviða og sannreyna samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar fyrir ílagsefniviði í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14 sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

c) Framleiðandi skal hafna sendingum af hvaða ílagsefniviði sem er ef sjónræn skoðun vekur einhverjar grunsemdir um eitthvert af eftirfarandi:

— að fyrir hendi séu hættuleg efni eða efni sem geta skemmt ferlið eða gæði endanlegrar ESB-áburðarvöru,

— ósamrýmanleika við nákvæmu skilgreiningarnar í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14 í II. viðauka, einkum ef fyrir hendi er plast sem leiðir til þess að farið verði yfir viðmiðunarmörk fyrir stórsæ óhreinindi.“

c) Í stað e-undirliðar kemur eftirfarandi:

„e) Taka skal sýni úr frálagsefniviðum til að sannreyna að þeir séu í samræmi við nákvæmar skilgreiningar sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14, eins og skilgreint er í II. viðauka, og að eiginleikar frálagsefniviðanna tefli ekki í tvísýnu samræmi ESB-áburðarvöru við viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

d) Í stað inngangsorðanna í fa.-undirlið kemur eftirfarandi:

„fa) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13 og 14 skal taka sýnin úr frálags-efniviðnum a.m.k. með eftirfarandi sjálfgefinni tíðni, eða fyrr en áætlað er ef um er að ræða verulega breytingu sem getur haft áhrif á gæði ESB-áburðarvöru:“.

e) Í stað fb-undirliðar kemur eftirfarandi:

„fb) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13 og 14 skal úthluta hverri framleiðslulotu eða framleiðsluhluta einkvæmum kóða vegna gæðastjórnunar. Að minnsta kosti eitt sýni á hver 3000 tonn af þessum efniviðum eða eitt sýni á tveggja mánaða fresti, hvort sem verður á undan, skal geymt í góðu ástandi í a.m.k. 2 ár.“

f) Í stað iv. liðar g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„iv. að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13 og 14, mæla varðveitt sýni sem um getur í fb-undirlið og grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að koma í veg fyrir mögulega frekari flutninga á þessum efniviði og notkun hans.“

5) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.4.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.4.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14, eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu gæðaskýrslurnar sýna fram á skilvirkt eftirlit með ílagsefniviðum, framleiðslu, geymslu og samræmi ílags- og frálagsefniviða við viðeigandi kröfur í þessari reglugerð. Hvert skjal skal vera læsilegt og tiltækt á viðeigandi notkunarstað eða -stöðum og allar úreltar útgáfur skulu tafarlaust fjarlægðar af öllum stöðum þar sem þær eru notaðar eða a.m.k. merktar sem úreltar. Gæðastjórnunargögnin skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:“.

6) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.5.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.5.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framleiðandinn koma á fót áætlun um árlega innri úttekt til að sannprófa samræmi gæðakerfisins við eftirfarandi þætti:“.

7) Í stað inngangsorðanna í lið 6.3.2 kemur eftirfarandi:

„6.3.2. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13 og 14, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal tilkynnta stofan taka og greina sýni af frálagsefniviði við hverja úttekt og úttektirnar skulu framkvæmdar með eftirfarandi tíðni:“.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1171 **2023/EES/62/06**

frá 22. mars 2022

um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við endurheimtum efniviðum af miklum hreinleika sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. ESB-áburðarvörur innihalda efnisþáttaefniviði í einum eða fleiri af þeim flokkum sem eru tilgreindir í II. viðauka við þá reglugerð.

2) Í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009 er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 44. gr., í þeim tilgangi að laga II. viðauka að tækniframförum. Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009, með hliðsjón af 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]), getur framkvæmdastjórnin fellt efniviði, sem hætta að vera úrgangur eftir endurheimtaraðgerðir, inn í efnisþáttaefniviðaflokka ef nota á slíka efniviði í sérstökum tilgangi, fyrirliggjandi markaður er fyrir þá eða eftirspurn eftir þeim og notkun þeirra leiðir ekki til neikvæðra heildaráhrifa á umhverfið eða heilbrigði manna.

3) Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar hefur tilgreint tiltekna efniviði af miklum hreinleika sem hægt er að endurheimta úr úrgangi og nota sem efnisþáttaefniviði í ESB-áburðarvörur ([3]).

4) Þeir efniviðir af miklum hreinleika sem sameiginlega rannsóknarmiðstöðin hefur tilgreint eru ammóníumsölt, súlfatsölt, fosfatsölt, brennisteinn sem frumefni, kalsíumkarbónat og kalsíumoxíð. Allir þessir efniviðir falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ([4]), umtalsverð eftirspurn er eftir þeim á markaði og löng reynsla af notkun á vettvangi hefur sannað jarðræktarlegt gildi þeirra.

5) Sem fyrstu ráðstöfun til að tryggja bæði öryggi og jarðræktarlega skilvirkni ætti að mæla fyrir um kröfu um lágmarkshreinleika efniviða af miklum hreinleika. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar mun 95% hreinleiki, gefinn upp sem þurrefni efniviðarins, tryggja mikla jarðræktarlega skilvirkni með lítilli áhættu fyrir umhverfi, heilbrigði og öryggi. Fyrir suma efniviði er þessi mikli hreinleiki fastsettur við metnaðarfyllri mörk en þau sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2003/2003 en þó er áætlað að þessi mikli hreinleiki geti náðst á grundvelli núverandi starfsvenja.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 8.7.2022, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([3]) Huygens D, Saveyn HGM, „Technical proposals for by-products and high purity materials as component materials for EU Fertilising Products“, JRC128459, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2022.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

6) Enn fremur er rétt að taka fram að efniviðir af miklum hreinleika eru endurheimtir úr úrgangi í kjölfar tvenns konar ferla: ferlis þar sem sölt eða önnur efni eru einangruð með (samsetningu af) háþróuðum hreinsunaraðferðum, s.s. kristöllun, skiljun eða útdrætti vökva úr vökva, sem oft er beitt í (olíu)-efnaiðnaði, og ferli til að hreinsa jarðgas eða stjórna losun sem ætlað er að fjarlægja næringarefni úr afgasi.

7) Því ætti að takmarka innihald tiltekinna óhreininda, sjúkdómsvalda eða aðskotaefna, sem eru sértæk fyrir þessa efniviði, eða innihald lífræns kolefnis á grundvelli matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar. Slíkar viðmiðanir ættu að gilda til viðbótar við þær öryggisviðmiðanir sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir samsvarandi vöruvirkniflokk og með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 ([5]).

8) Af þessum sökum ætti að mæla fyrir um viðbótarviðmiðunarmörk fyrir aðskotaefnin króm (heildarinnihald) og þallíum. Sumir þessara efniviða af miklum hreinleika geta innihaldið slík aðskotaefni vegna ílagsefniviða og vinnsluferla sem þeir eru fengnir úr. Tillögð viðmiðunarmörk fyrir þessi aðskotaefni ættu að tryggja að notkun á ESB-áburðarvörum, sem innihalda efniviði af miklum hreinleika með slíkum aðskotaefnum, leiði ekki til uppsöfnunar þeirra í jarðvegi. Að auki ætti að innleiða kröfur um innihald sjúkdómsvalda fyrir allar ESB-áburðarvörur sem innihalda eða samanstanda af efniviðum af miklum hreinleika í ljósi þeirra mörgu og mismunandi vinnsluferla sem hægt er að fá þá úr og úrgangs-strauma sem eru leyfðir sem ílagsefniviðir. Viðmiðunarmörk, bæði fyrir aðskotaefnin og sjúkdómsvaldana, ætti að ákvarða sem styrkleika í fullunnu vörunni á svipaðan hátt og í kröfunum sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009. Rökin fyrir því er sú staðreynd að öryggisviðmiðanir, sem eru innleiddar til að bregðast við tilteknum áhættum sem greinast, varða almennt fullunnu vöruna en ekki efnisþáttaefnivið. Þetta ætti einnig að auðvelda markaðs-eftirlit með slíkum vörum þar eð einungis ætti að framkvæma prófanir á fullunnu vörunni.

9) Ennfremur ætti að mæla fyrir um viðbótaröryggisviðmiðanir til að takmarka innihald 16 fjölhringa, arómatískra vetniskolefna (PAH_{16}) ([6]) og fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana (PCDD-/PCDF-efni) ([7]). Í reglugerð (ESB) 2019/1021 er mælt fyrir um leiðir til að draga úr losun PAH_{16} og PCDD-/PCDF-efna sem efna sem eru framleidd án ásetnings í framleiðsluferlinu en ekki eru innleidd viðmiðunarmörk í slíkum tilvikum. Í ljósi þeirrar miklu áhættu sem skapast við tilvist slíkra mengunarefna í áburðarvörum þykir rétt að innleiða strangari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Mæla ætti fyrir um slík viðmiðunarmörk fyrir efnisþáttaefnivið en ekki sem styrk í fullunnu vörunni til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1021.

10) Þessi viðmiðunarmörk eiga ef til vill ekki við fyrir alla efniviði af miklum hreinleika sem bæta á við sem nýjum efnisþáttaefniviðaflokki. Því ættu framleiðendur að eiga þess kost að ganga út frá því að áburðarvaran uppfylli tiltekna kröfu án sannprófunar, s.s. prófunar, þegar samræmi við fyrrnefnda kröfu er með vissu og óumdeilanlega uppfyllt vegna eðlis eða endurheimtarferlis viðkomandi efniviðar af miklum hreinleika eða framleiðsluferlis ESB-áburðarvörunnar.

11) Sem viðbótaröryggisráðstöfun ætti að skrá efniviði af miklum hreinleika á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([8]) samkvæmt víðtækum skilyrðum sem þegar er mælt fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir hrein efni í öðrum efnisþáttaefniviðaflokkum. Þetta ætti að tryggja að framleiðendurnir taki tillit til notkunar sem áburðarvara við framkvæmd áhættumatsins samkvæmt þeirri reglugerð og að skráningin sé einnig gerð fyrir efniviði í litlu magni.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45).

([6]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]-flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

([7]) Summa 2,3,7,8-TCDD, 1,2,3,7,8-PeCDD, 1,2,3,4,7,8-HxCDD, 1,2,3,6,7,8-HxCDD, 1,2,3,7,8,9-HxCDD, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDD, OCDD; 2,3,7,8-TCDF, 1,2,3,7,8-PeCDF, 2,3,4,7,8-PeCDF, 1,2,3,4,7,8-HxCDF, 1,2,3,6,7,8-HxCDF, 1,2,3,7,8,9-HxCDF, 2,3,4,6,7,8-HxCDF, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDF, 1,2,3,4,7,8,9-HpCDF og OCDF.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

12) Enn fremur geta sumir efniviðir af miklum hreinleika verið fáanlegir á staðbundnum mörkuðum í magni sem er umfram eftirspurn. Til að tryggja að markaðseftirspurn eftir efniviðum af miklum hreinleika sé fyrir hendi og að langtímageymsla þeirra við ófullnægjandi skilyrði leiði ekki til skaðlegra áhrifa á umhverfið þykir rétt þykir að takmarka þann tíma sem unnt er að nota þá sem efnisþáttaefniviði fyrir ESB-áburðarvörur eftir að þeir eru búnir til. Gera ætti þá kröfu að framleiðendur undirriti ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir ESB-áburðarvöru sem inniheldur fyrrgreindan efnivið innan þess tímabils.

13) Á grundvelli framangreinds komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að efniviðir af miklum hreinleika, ef þeir eru endurheimtir í samræmi við reglur um endurnýtingu sem lagðar eru til í matsskýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar, tryggi jarðræktarlega skilvirkni í skilningi ii. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Enn fremur uppfylla þeir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Að lokum, ef þeir uppfylla almennt aðrar kröfur í reglugerð (ESB) 2019/1009 og einkum í I. viðauka við þá reglugerð, valda þeir ekki áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, fyrir öryggi eða fyrir umhverfið í skilningi i. liðar b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009. Slíkir efniviðir eru einnig gagnlegir þar eð þeir koma í stað annarra hráefna sem eru notuð við framleiðslu á ESB-áburðarvörum. Því ætti að skrá endurheimta efniviði af miklum hreinleika í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009.

14) Í ljósi þess að efniviðir af miklum hreinleika eru endurnýttur úrgangur í skilningi tilskipunar 2008/98/EB ætti enn fremur að útiloka þá frá efnisþáttaefniviðaflokkum 1 og 11 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar.

15) Sumir efniviðanna af miklum hreinleika geta innihaldið selen sem getur verið eitrað ef það er fyrir hendi í miklum styrk. Sumir geta einnig innihaldið klóríð sem getur gefið tilefni til áhyggna að því er varðar seltu í jarðvegi. Þegar þessi efni eru fyrir hendi í styrk sem fer yfir tiltekin mörk ætti að tilgreina innihald þeirra á merkimiðanum þannig að notendur áburðarvörunnar fái viðeigandi upplýsingar. Breyta ætti III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 til samræmis við það.

16) Mikilvægt er að tryggja að áburðarvörur sem innihalda efniviði af miklum hreinleika falli undir viðeigandi samræmismatsaðferð, þ.m.t. gæðakerfi sem tilkynnt stofa metur og samþykkir. Því er nauðsynlegt að breyta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 til að kveða á um samræmismat sem er viðeigandi fyrir slíkar áburðarvörur.

17) Þar eð kröfurnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 og samræmismatsaðferðirnar sem settar eru fram í IV. viðauka við þá reglugerð eiga að gilda frá og með 16. júlí 2022 er nauðsynlegt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til sömu dagsetningar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við í I. hluta:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 15: Endurheimtir efniviðir af miklum hreinleika“.

2) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í efnisþáttaefniviðaflokki 1 er 1. lið breytt sem hér segir:

i. Í lok j-undirliðar fellur orðið „eða“ brott.

ii. Í stað „.“ í k-undirlið kemur „eða“.

iii. Eftirfarandi l-undirlið er bætt við:

„l) ammóníumsölt, súlfatsölt, fosfatsölt, brennistein sem frumefni, kalsíumkarbónat eða kalsíumoxíð sem eru endurnýtt úr úrgangi í skilningi 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.“

b) Í efnisþáttaefniviðaflokki 11 er 1. lið breytt sem hér segir:

i. Í lok f-undirliðar fellur orðið „eða“ brott.

ii. Í stað „.“ í g-undirlið kemur „eða“.

iii. Eftirfarandi h-undirlið er bætt við:

„h) ammóníumsölt, súlfatsölt, fosfatsölt, brennistein sem frumefni, kalsíumkarbónat eða kalsíumoxíð sem eru endurnýtt úr úrgangi í skilningi 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.“

c) Eftirfarandi efnisþáttaefniviðaflokki 15 er bætt við:

„EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 15: ENDURHEIMTIR EFNIVIÐIR AF MIKLUM HREINLEIKA

1) ESB-áburðarvara má innihalda endurheimtan efnivið af miklum hreinleika sem er ammóníumsalt, súlfatsalt, fosfatsalt, brennisteinn sem frumefni, kalsíumkarbónat eða kalsíumoxíð, eða blöndur þeirra, af hreinleika sem nemur a.m.k. 95% af þurrefni efniviðarins.

2) Efniviðurinn af miklum hreinleika skal endurheimtur úr úrgangi frá:

a) framleiðsluferli þar sem önnur efni og blöndur en aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eru notuð sem ílagsefniviðir ([1]), eða

b) ferli til að hreinsa jarðgas eða stjórna losun sem ætlað er að fjarlægja næringarefni úr afgasi sem kemur úr einni eða fleiri af eftirfarandi tegundum ílagsefniviða og aðstöðu:

i. efnum og blöndum, öðrum en úrgangi í skilningi 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

ii. plöntum eða plöntuhlutum,

iii. lífúrgangi í skilningi 4. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB sem kemur úr aðskilinni söfnun á lífúrgangi við upptök,

iv. skólpi frá þéttbýli og húsaskólpi í skilningi 1. og 2. liðar, eftir því sem við á, í tilskipun 91/271/EBE ([2]),

v. seyru í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 86/278/EBE ([3]) sem býr ekki yfir neinum þeirra hættulegu eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB,

vi. úrgangi í skilningi 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB og eldsneytisílagi til sambrennslustöðvar úrgangs, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([4]) og starfrækt samkvæmt skilyrðunum í þeirri tilskipun, með því skilyrði að þetta ílag búi ekki yfir neinum þeirra hættulegu eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB,

vii. efnum í 2. eða 3. flokki eða afleiddum afurðum úr þeim í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. og í ráðstöfununum sem um getur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, að því tilskildu að afgösin verði til við myltingar- eða meltunarferli í samræmi við efnisþáttaefni-viðaflokka 3 og 5, eftir því sem við á, í II. viðauka við þessa reglugerð,

viii. húsdýraáburði í skilningi 20. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1069/2009 eða afleiddum afurðum úr honum eða

ix. aðstöðu fyrir búfé.

Ílagsefnin, sem um getur í i. til vi. lið, skulu ekki innihalda aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

3) Efniviðurinn af miklum hreinleika skal ekki innihalda meira lífrænt kolefni (C_{org}) en sem nemur 0,5% af þurrefni efniviðarins.

4) Efniviðurinn af miklum hreinleika skal ekki innihalda meira en:

a) 6 mg/kg þurrefnis af fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum (PAH_{16}) ([5]),

b) 20 ng WHO-eiturjafngildi ([6])/kg þurrefnis af fjölklóruðum díbensó-para-díoxínum og díbensófúrönum (PCDD-/PCDF-efni) ([7]).

5) ESB-áburðarvara sem inniheldur eða samanstendur af efniviðum af miklum hreinleika skal ekki innihalda meira en:

a) 400 mg/kg þurrefnis af heildarinnihaldi króms og

b) 2 mg/kg þurrefnis af þallíum (TI).

6) Þegar samræmi við tiltekna kröfu, sem mælt er fyrir um í 4. og 5. lið, (s.s. að tiltekið aðskotaefni sé ekki fyrir hendi) er með vissu og óvéfengjanlega uppfyllt vegna eðlis eða endurheimtarferlis efniviðar af miklum hreinleika eða vinnsluferlis ESB-áburðarvöru er heimilt að ganga út frá þessu samræmi án sannprófunar (s.s. prófunar) í samræmismatsaðferðinni á ábyrgð framleiðandans.

7) Ef ekki hefur verið mælt fyrir um neinar kröfur varðandi *Salmonella* spp., *Escherichia coli* eða *Enterococcaceae* í I. viðauka að því er varðar vöruvirkniflokk ESB-áburðarvöru sem inniheldur eða samanstendur af efniviðum af miklum hreinleika, sem um getur í b-lið 2. liðar, skulu þessir sjúkdómsvaldar í ESB-áburðarvörunni ekki fara yfir mörkin sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Örverur til prófunar	Sýnatökuáætlanir			Viðmiðunarmörk
	n	c	m	M
Salmonella spp.	5	0	0	Finnst ekki í 25 g eða 25 ml
Escherichia coli eða *Enterococcaceae*	5	5	0	1 000 í 1 g eða 1 ml

Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), er milli m og M,

m = þröskuldsgildi fyrir fjölda baktería, sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU), sem telst fullnægjandi,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería sem er gefinn upp sem þyrpingamyndandi einingar (CFU).

8) Samræmi ESB-áburðarvöru, sem inniheldur eða samanstendur af efniviðum af miklum hreinleika sem um getur í b-lið 2. liðar, við kröfurnar í 7. lið eða við kröfurnar varðandi *Salmonella* spp., *Escherichia coli* eða *Enterococcaceae*, sem eru settar fram í I. viðauka fyrir samsvarandi vöruvirkniflokk ESB-áburðarvörunnar, skal sannprófað með prófun í samræmi við lið 5.1.3.1 í aðferðareiningu D1 (gæðatrygging fyrir framleiðsluferli) í II. hluta IV. viðauka.

Kröfurnar í 7. lið sem og kröfurnar varðandi *Salmonella* spp., *Escherichia coli* eða *Enterococcaceae* sem eru settar fram í I. viðauka fyrir samsvarandi vöruvirkniflokk ESB-áburðarvöru sem samanstendur einungis af efniviðum af miklum hreinleika, sem um getur í b-lið 2. liðar, skulu ekki gilda þegar efniviðirnir af miklum hreinleika eða allir ílagsefniviðir af lífrænum uppruna, sem eru notaðir, hafa farið í gegnum aðra af eftirfarandi vinnslum:

a) þrýstisæfingu með hitun í kjarnahita yfir 133 °C í a.m.k. 20 mínútur við a.m.k. 3 bara raunþrýsting þar sem þrýstingurinn skal framkallaður með algerri lofttæmingu í sæfingarklefanum og í stað lofts komi gufa („mettuð gufa“),

b) vinnslu í gerilsneyðingar- eða sótthreinsunareiningu sem nær hitastiginu 70 °C í a.m.k. eina klukkustund.

Kröfurnar í 7. lið sem og kröfurnar varðandi *Salmonella* spp., *Escherichia coli* eða *Enterococcaceae* sem eru settar fram í I. viðauka fyrir samsvarandi vöruvirkniflokk ESB-áburðarvöru sem samanstendur einungis af efniviðum af miklum hreinleika, sem um getur í b-lið 2. liðar, skulu ekki gilda ef afgösin verða til við brennsluferli eins og skilgreint er í tilskipun 2010/75/ESB.

9) Einungis er heimilt að bæta efniviðum af miklum hreinleika, sem eru geymdir þannig að þeir eru ekki varðir gegn úrkomu og beinu sólarljósi, við ESB-áburðarvöru ef þeir voru framleiddir að hámarki 36 mánuðum fyrir undirritun ESB-samræmisyfirlýsingar fyrir viðkomandi ESB-áburðarvöru.

10) Efniviðurinn af miklum hreinleika skal hafa verið skráður samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ásamt málsskjölum sem innihalda:

a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og

b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema hann falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 9. lið V. viðauka við þá reglugerð.

---

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

(2) Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

(3) Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjtíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

(5) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

(6) van den Berg M., L.S. Birnbaum, M. Denison, M. De Vito, W. Farland, et al. (2006) „The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds“. Toxicological sciences: an official journal of the Society of Toxicology 93:223-241. doi:10.1093/toxsci/kfl055.

(7) Summa 2,3,7,8-TCDD, 1,2,3,7,8-PeCDD, 1,2,3,4,7,8-HxCDD, 1,2,3,6,7,8-HxCDD, 1,2,3,7,8,9-HxCDD, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDD, OCDD; 2,3,7,8-TCDF, 1,2,3,7,8-PeCDF, 2,3,4,7,8-PeCDF, 1,2,3,4,7,8-HxCDF, 1,2,3,6,7, 8-HxCDF, 1,2,3,7,8,9-HxCDF, 2,3,4,6,7,8-HxCDF, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDF, 1,2,3,4,7,8,9-HpCDF og OCDF.“

II. VIÐAUKI

Í I. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er eftirfarandi 7. lið b bætt við:

„7b Ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af efniviðum af miklum hreinleika sem um getur í II. hluta, efnisþáttaefniviðaflokki 15, í II. viðauka og:

a) þar sem seleninnihald er yfir 10 mg/kg þurrefnis skal tilgreina seleninnihaldið,

b) þar sem klóríðinnihald er yfir 30 g/kg þurrefnis skal tilgreina klóríðinnihaldið nema ESB-áburðarvaran sé framleidd með framleiðsluferli þar sem klóríð, sem inniheldur efni eða blöndur, hefur verið notað í þeim tilgangi að framleiða eða bæta við alkalímálmsöltum eða basískum jarðmálmsöltum og veittar eru upplýsingar um þessi sölt í samræmi við III. viðauka.

Þegar innihald selens eða klóríðs er tilgreint í samræmi við a- og b-lið skal það skýrt aðgreint frá uppgefnum næringarefnum og heimilt er að gefa það upp sem svið gilda.

Ef sú staðreynd að slík ESB-áburðarvara inniheldur selen eða klóríð undir viðmiðunarmörkunum í a- og b-lið er með vissu og óvéfengjanlega uppfyllt vegna eðlis eða endurheimtarferli efniviðarins af miklum hreinleika eða framleiðsluferlis ESB-áburðarvörunnar sem inniheldur slíkan efnivið, eftir því sem við á, mega ekki vera neinar upplýsingar á merkimiðanum um þessar breytur án sannprófunar (s.s. prófunar) á ábyrgð framleiðandans.“

———

III. VIÐAUKI

Í II. hluta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er aðferðareiningu D1 (gæðatrygging fyrir framleiðsluferli) breytt sem hér segir:

1) Í stað d-undirliðar í lið 2.2. kemur eftirfarandi:

„d) teikningar, kerfi, lýsingar og skýringar sem eru nauðsynleg til að skilja framleiðsluferli ESB-áburðarvörunnar og, í tengslum við efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 eða 15, eins og skilgreint er í II. viðauka, skriflega lýsingu og skýringarmynd af framleiðslu- eða endurheimtarferlinu þar sem hver meðhöndlun, geymsluker og svæði er auðkennt á skýran hátt,“.

2) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.1.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.1.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framkvæmdastjórn innan fyrirtækis framleiðandans:“.

3) Í stað liðar 5.1.2.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.2.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15 eins og skilgreint er í II. viðauka, skal gæðakerfið tryggja samræmi við kröfurnar sem eru tilgreindar í þeim viðauka.“

4) Lið 5.1.3.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„5.1.3.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15 eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu athuganir og prófanir innihalda eftirfarandi þætti:“.

b) Í stað b- og c-undirliðar kemur eftirfarandi:

„b) Sérmenntað starfsfólk skal annast sjónræna skoðun á hverri sendingu ílagsefniviða og sannreyna samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar fyrir ílagsefniviði sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13,14 og 15 í II. viðauka [EÐA: eins og skilgreint er í II. viðauka].

c) Framleiðandi skal hafna sendingum af hvaða ílagsefniviði sem er ef sjónræn skoðun vekur grunsemdir um eitthvert af eftirfarandi:

— að fyrir hendi séu hættuleg efni eða efni sem geta skemmt ferlið eða gæði endanlegrar ESB-áburðarvöru,

— ósamrýmanleika við nákvæmu skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15 í II. viðauka [EÐA: eins og skilgreint er í II. viðauka], einkum ef fyrir hendi er plast sem leiðir til þess að farið verði yfir viðmiðunarmörk fyrir stórsæ óhreinindi.“

c) Í stað e-undirliðar kemur eftirfarandi:

„e) Taka skal sýni úr frálagsefniviðum til að sannreyna að þeir séu í samræmi við nákvæmar skilgreiningar sem mælt er fyrir um í efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15, eins og skilgreint er í II. viðauka, og að eiginleikar frálagsefniviðanna tefli ekki í tvísýnu samræmi ESB-áburðarvöru við viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka“.

d) Í stað inngangsorðanna í fa-undirlið kemur eftirfarandi:

„fa) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13, 14 og 15 skal taka sýnin úr frálagsefniviðnum a.m.k. með eftirfarandi sjálfgefinni tíðni, eða fyrr en áætlað er ef um er að ræða verulega breytingu sem getur haft áhrif á gæði ESB-áburðarvöru:“.

e) Í stað fb-undirliðar kemur eftirfarandi:

„fb) Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13, 14 og 15 skal úthluta hverri framleiðslulotu eða framleiðsluhluta einkvæmum kóða vegna gæðastjórnunar. Að minnsta kosti eitt sýni á hver 3000 tonn af þessum efniviðum eða eitt sýni á tveggja mánaða fresti, hvort sem verður á undan, skal geymt í góðu ástandi í a.m.k. 2 ár.“

f) Í stað iv. liðar g-undirliðar kemur eftirfarandi:

„iv. að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 12, 13, 14 og 15, mæla varðveitt sýni sem um getur í fb-undirlið og grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að koma í veg fyrir mögulega frekari flutninga á þessum efniviði og notkun hans.“

5) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.4.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.4.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15, eins og skilgreint er í II. viðauka, skulu gæðaskýrslurnar sýna fram á skilvirkt eftirlit með ílagsefniviðum, framleiðslu, geymslu og samræmi ílags- og frálagsefniviða við viðeigandi kröfur í þessari reglugerð. Hvert skjal skal vera læsilegt og tiltækt á viðeigandi notkunarstað eða -stöðum og allar úreltar útgáfur skulu tafarlaust fjarlægðar af öllum stöðum þar sem þær eru notaðar eða a.m.k. merktar sem úreltar. Gæðastjórnunargögnin skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:“.

6) Í stað inngangsorðanna í lið 5.1.5.1 kemur eftirfarandi:

„5.1.5.1. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal framleiðandinn koma á fót áætlun um árlega innri úttekt til að sannprófa samræmi gæðakerfisins við eftirfarandi þætti:“.

7) Í stað inngangsorðanna í lið 6.3.2 kemur eftirfarandi:

„6.3.2. Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15, eins og skilgreint er í II. viðauka, skal tilkynnta stofan taka og greina sýni af frálagsefniviði við hverja úttekt og úttektirnar skulu framkvæmdar með eftirfarandi tíðni:“.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1519 **2023/EES/62/07**

frá 5. maí 2022

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar kröfur sem gilda um ESB-áburðarvörur sem innihalda hamlandi efnasambönd og um eftirvinnslu meltu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Áburðarvöru sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir viðkomandi vöruvirkniflokk (PFC) og efnisþáttaefniviðaflokk (CMC), eftir því sem við á, sem er merkt í samræmi við III. viðauka við þá reglugerð og hefur staðist, með fullnægjandi hætti, samræmismatsaðferð sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er þá unnt að CE-merkja og flytja frjálst á innri markaðinum sem ESB-áburðarvöru.

2) Meðan verið var að undirbúa umskiptin yfir í nýju samræmingarreglurnar upplýstu bæði aðildarríkin og áhugasamir hagsmunaaðilar framkvæmdastjórnina um þörfina á að aðlaga nokkur af tæknilegu ákvæðunum í viðaukunum við reglugerð (ESB) 2019/1009. Þessar aðlaganir eru nauðsynlegar til að auðvelda aðgang að innri markaðnum fyrir áburðarvörur sem eru ræktunarfræðilega hagkvæmar, öruggar og sem mikil viðskipti eru þegar höfð með á markaðnum. Sumar af þessum breytingum stuðla að frjálsum flutningi á slíkum vörum, þ.e. öruggum og ræktunarfræðilega hagkvæmum áburðarvörum, með því að bæta samræmi við aðrar réttargerðir og stefnumarkmið Sambandsins. Aðrar breytingar eru nauðsynlegar til að forðast aðstæður þar sem mikilvægir flokkar áburðarvara væru í ógáti undanskildir frá samræmingarreglunum.

3) Með reglugerð (ESB) 2019/1009, eins og henni var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1768 ([2]), er framleiðendum heimilað að nota tilteknar tegundir af fjölliðum í ESB-áburðarvörur ef þær eru í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um fyrir efnisþáttaefniviðaflokk 1 og efnisþáttaefniviðaflokk 11 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009. Eitt af skilyrðunum er að fjölliðan sé skráð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]). Í orðsendingu með heitinu „Chemicals Strategy for Sustainability, towards a Toxic-Free Environment“ ([4]) (sjálfbærnistefna í íðefnamálum í áttina að eiturefnalausu umhverfi) tilkynnti framkvæmdastjórnin um endurskoðun á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 þar sem skráningarskyldan verður rýmkuð þannig að hún nái til tiltekinna fjölliða. Af þessum sökum, af ástæðum sem varða samfellu og samræmi, ætti það að vera fyrsta skrefið í skyldunni til að skrá fjölliður að setja reglur um þær samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 vegna þess að umfjöllun um endurskoðun hennar veitir víðara samhengi og möguleikann á að beita heildrænni nálgun áður en hún kemur til framkvæmda samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 236, 13.9.2022, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1768 frá 23. júní 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði í því skyni að laga I., II., III. og IV. viðauka við hana að tækniframförum (Stjtíð. ESB L 356, 8.10.2021, bls. 8).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: „Chemicals Strategy for Sustainability, towards a Toxic-Free Environment“, COM(2020) 667 lokaútgáfa frá 14. október 2020.

4) Með reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um þá skyldu að skrá magnesíu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er þó veitt undanþága fyrir magnesíu, sem er ekki efnafræðilega umbreytt, frá skráningarskyldunni sökum þess að skráningin telst óviðeigandi eða óþörf fyrir þetta efni og undanþága þess frá skráningarskyldunni stofnar markmiðunum með þeirri reglugerð ekki í hættu. Magnesía á sér langa sögu um notkun í áburð og hefur ekki fengið samræmda flokkun í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([5]). Að teknu tilliti til þess og í því skyni að auðvelda aðgang áburðar, sem inniheldur magnesíu, sem ESB-áburðarvöru að innri markaðinum ætti skráningarskyldan, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009, ekki lengur að gilda um magnesíu sem er notuð í áburð.

5) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um kröfur varðandi lata sem ESB-áburðarvörur sem tilheyra vöruvirkniflokki 5 og varðandi ESB-áburðarvörur sem innihalda lata sem efnisþáttaefnivið sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 1. Til að komast hjá ruglingi ætti að breyta hugtökunum sem eru notuð í þeirri reglugerð til að endurspegla greinarmun milli þessara tvenns konar aðstæðna. Þar af leiðandi ætti alltaf að nota hugtakið „hamlandi efnasamband“ þegar það varðar efni eða blöndu sem bætir næringarefnalosunarmynstur næringarefnis með því að tefja eða stöðva virkni tiltekinna hópa örvera eða ensíma. Einungis ætti að nota hugtakið „lati“ þegar það vísar til ESB-áburðarvöru sem tilheyrir vöruvirkniflokki 5. Þessi greinarmunur er mikilvægur vegna þess að latar geta verið blöndur sem innihalda önnur efni, s.s. bindiefni, til viðbótar við hamlandi efnasambönd. Rétt notkun á þessum hugtökum er nauðsynleg til að stuðla að frjálsum flutningi á ESB-áburðarvörum með því að mæla skýrt fyrir um þær reglur sem gilda við hvorar aðstæður fyrir sig.

6) Reglugerð (ESB) 2019/1009 inniheldur kröfur sem tryggja að hamlandi efnasambönd séu skilvirk en í henni er ekki mælt fyrir um kröfur um skilvirkni áburðar eða blöndu sem inniheldur slík hamlandi efnasambönd. Notkun á skilvirkum vörum sem innihalda slík efni hjálpar til við að komast hjá umhverfismengun sem stafar af útskolun köfnunarefnis. Í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar með heitunum „Pathway to a Healthy Planet for All EU Action Plan: Towards Zero Pollution for Air, Water and Soil“ ([6]) (Leiðin til heilbrigðrar plánetu fyrir alla – Aðgerðaáætlun ESB: í áttina að núllmengun fyrir loft, vatn og jarðveg) og „Áætlunin frá bóndanum á borðið fyrir sanngjarnt, heilbrigt og umhverfisvænt matvælakerfi“ ([7]) er getið um áhyggjur af umhverfinu og metnaðarfull markmið um að draga úr tapi næringarefna um 50% fram til 2030. Því er mikilvægt að tryggja að ESB-áburðarvörur, sem innihalda hamlandi efnasambönd, séu skilvirkar. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 þannig að hún innihaldi kröfu um að hamlandi efnasambönd séu fyrir hendi í áburði (vöruvirkniflokkur 1) eða í áburðarvörublöndu (vöruvirkniflokkur 7) í styrk sem er innan þess styrkbils sem tryggir skilvirkni hamlandi efnasambandsins. Enn fremur ættu viðbótarkröfur um merkingu að tryggja að framleiðendur lata sem um getur í vöruvirkniflokki 5 láti í té skýrar leiðbeiningar um hvernig eigi að blanda slíkum vörum saman við áburð til að tryggja skilvirkni þeirra.

7) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um notkun á meltu úr nýjum nytjaplöntum og á annarri meltu en úr nýjum nytjaplöntum, hér á eftir almennt nefnd melta, sem efnisþáttaefniviðum í ESB-áburðarvörur. Í þeirri reglugerð er mælt fyrir um reglur um meltunarferli. Í henni er þó ekki kveðið á um neinar aðrar reglur um eftirvinnslu meltunnar.

8) Í skýrslu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar með heitinu „End-of-waste criteria for biodegradable waste subjected to biological treatment (compost & digestate): Technical proposals“ ([8]) kemur fram að melta er oft notuð í landbúnaði, annaðhvort í heild sinni eða eftir aðskilnað í fasta og fljótandi hluta. Þessi aðskilnaður auðveldar geymslu efniviða og flutninga þeirra um langar vegalengdir sem er einkum mikilvægt fyrir CE-merkta vöru. Vélrænn aðskilnaður meltu í fasta og fljótandi hluta er almennt notuð aðferð í sumum aðildarríkjum og virðist vera viðtekin aðferð samkvæmt

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([6]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: „Pathway to a Healthy Planet for All EU Action Plan: ‘Towards Zero Pollution for Air, Water and Soil’“, COM(2021) 400 lokaútgáfa frá 12. maí 2021.

([7]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: „A Farm to Fork Strategy for a fair, healthy and environmentally-friendly food system“, COM(2020) 381 lokaútgáfa frá 20. maí 2020.

([8]) Saveyn H, Eder P. „End-of-waste criteria for biodegradable waste subjected to biological treatment (compost and digestate): Technical proposals“, EUR 26425, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2013. JRC87124.

nýlegri rannsókn með heitinu „Digestate and compost as fertilisers: Risk assessment and risk management options“ ([9]). Aðskilnaður meltu í fasta og fljótandi hluta gæti skapað takmarkaða áhættu ef mælt er fyrir um skilyrði varðandi ferli eftir meltun og aukefni sem skal nota. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 þannig að hún innihaldi þetta ferli eftir meltun með þeim skilyrðum að aukefnin sem eru notuð fari ekki yfir tiltekinn styrkleika og séu skráð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Til að auðvelda aðgengi ESB-áburðarvara sem innihalda meltu að innri markaðinum og til að aðlaga kröfurnar, sem mælt er fyrir um varðandi þessa efnisþáttaefniviðaflokka, að tækniframförum er nauðsynlegt að heimila þessi ferli í reglugerð (ESB) 2019/1009. Það mun einnig skapa ný tækifæri til að endurheimta lífúrgang sem er í samræmi við metnaðarfullar heildaráætlanir fyrir hringrásarhagkerfi.

9) Auk vélræns aðskilnaðar meltu í fasta og fljótandi hluta eru almennt notaðir aðrir ferlar til að losna við vatn úr meltu eða hlutum hennar. Reglugerð (ESB) 2019/1009 ætti að gera framleiðendum kleift að vinna meltuna eða hluta hennar enn frekar til að draga út vatn án þess að ætlunin sé að umbreyta efnisþáttaefniviðunum efnafræðilega á annan hátt. Enn fremur er unnt að endurheimta köfnunarefni eða fosfór úr meltu með strípun eða útfellingu. Til að loka hringrásinni er mikilvægt að skapa ekki einungis möguleikann á því að endurheimta þessi næringarefni úr meltu heldur einnig að heimila notkun meltunnar sem eftir verður í ESB-áburðarvörur þar eð hún inniheldur ýmis önnur næringarefni og lífrænt efni. Að auki ætti að mæla fyrir um kröfur um notkun aukefna sem þörf er á fyrir slík ferli.

10) Reglugerð (ESB) 2019/1009 gildir með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 ([10]) en í henni er mælt fyrir um almennar reglur sem gilda um þrávirk, lífræn mengunarefni. Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um viðmiðunarmörk sem nema 0,8 mg/kg þurrefnis af ódíoxínlíkum PCB-efnum fyrir hitasundrunar- og gösunarefniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 14. Í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2021 eiga PCB-efni þó ekki að vera fyrir hendi í efnum eða blöndum sem eru settar á markað í ESB. Til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1021 og skýrleika að því er varðar þá staðreynd að engin ódíoxínlík PCB-efni mega vera í ESB-áburðarvörum með hitasundrunar- eða gösunarefniviðum ætti að fella þessi viðmiðunarmörk brott úr reglugerð (ESB) 2019/1009.

11) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([9]) „Digestate and compost as fertilisers: Risk assessment and risk management options“, 2019, 40039CL003i3.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annars undirliðar 2. liðar í vöruvirkniflokki 1.C kemur eftirfarandi:

„- nítrunar-, afnítrunar- eða úreasahamlandi efnasamböndum sem um getur í 4. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka“.

2) Liðnum vöruvirkniflokki 7 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið 2a er bætt við:

„2a. Hamlandi efnasamband í blöndu skal vera fyrir hendi í styrk sem er innan þess styrkbils sem tryggir að skerðingarhlutföllin samkvæmt skilyrðunum sem um getur í vöruvirkniflokki 5 í II. hluta þessa viðauka og, eftir því sem við á, í 4. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka nást á blöndunarstigi.“

b) Í stað inngangsmálsliðar í 3. lið kemur eftirfarandi:

„Framleiðandi blöndunnar skal meta samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. og 2. lið og í lið 2a í þessum vöruvirkniflokki, tryggja að blandan samrýmist kröfum um merkingar sem mælt er fyrir um í III. viðauka og taka á sig ábyrgð skv. 4. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar að blandan samrýmist kröfunum í þessari reglugerð með því að:“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Liðnum efnisþáttaefniviðaflokki 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Öll efni sem eru sett í ESB-áburðarvöru, ein og sér eða í blöndu, að undanskildum fjölliðum, skulu hafa verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (*) ásamt málsskjölum sem innihalda:

a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

b) efnaöryggisskýrslu skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tekur til notkunar sem áburðarvara,

nema það falli á ótvíræðan hátt undir eina af undanþágunum frá skráningarskyldunni sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða í 6., 7., 8. eða 10. lið (einungis fyrir magnesíu) V. viðauka við þá reglugerð.

(*) Ef um er að ræða efni sem er endurnýtt í Evrópusambandinu er þetta skilyrði uppfyllt ef efnið er það sama, í skilningi i. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og efni sem er skráð ásamt málsskjölum sem innihalda upplýsingarnar sem hér eru tilgreindar og ef upplýsingar eru tiltækar fyrir framleiðanda áburðarvörunnar í skilningi ii. liðar í d-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.“

b) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Ef efninu eða einu af efnunum í blöndunni er ætlað að bæta næringarefnalosunarmynstur ESB-áburðarvöru með því að tefja eða stöðva virkni tiltekinna hópa örvera eða ensíma skal þetta efni vera nítrunar-, afnítrunar- eða úreasahamlandi efnasamband og eftirfarandi reglur skulu gilda:

a) Nítrunarhamlandi efnasambandið skal letja líffræðilega oxun ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N), sem er í ESB-áburðarvörunni, í nítrítköfnunarefni (NO_2^-) og hægja þannig á myndun nítratköfnunarefnis (NO_3^-).

Oxunarhraði ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) skal mældur með einu af eftirfarandi:

i. hvarfi ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N),

ii. heildarframleiðslu á nítrítköfnunarefni (NO_2^-) og nítratköfnunarefni (NO_3^-) með hliðsjón af tíma.

Jarðvegssýni sem inniheldur nítrunarhamlandi efnasamband skal sýna 20% minnkun á oxunarhraða ammoníaksbundins köfnunarefnis (NH_3-N) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem nítrunarhamlandi efnasambandi hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

Nítrunarhamlandi efnasambandið skal vera fyrir hendi í ESB-áburðarvörunni í styrk sem er innan þess styrkbils sem tryggir að slík minnkun náist.

Að minnsta kosti 50% af heildarinnihaldi köfnunarefnis (N) í ESB-áburðarvöru skal samanstanda af köfnunarefnisformunum ammóníumi (NH_4^+) og þvagefni (CH_4N_2O).

b) Afnítrunarhamlandi efnasamband skal letja myndun nituroxíðs (N_2O) sem er í ESB-áburðarvörunni með því að hægja á eða tálma umbreytingu nítrats (NO_3^-) yfir í tvíköfnunarefni (N_2) án þess að hafa áhrif á nítrunarferlið eins og lýst er í vöruvirkniflokki 5.A.

Prófun í glasi sem inniheldur afnítrunarhamlandi efnasamband skal sýna 20% minnkun á losunarhraða nituroxíðs (N_2O) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem afnítrunarhamlandi efnasambandi hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

Afnítrunarhamlandi efnasambandið skal vera fyrir hendi í ESB-áburðarvörunni í styrk sem er innan þess styrkbils sem tryggir að slík minnkun náist.

c) Úreasahamlandi efnasambandið skal letja vatnsrofsvirkni á þvagefni (CH_4N_2O) sem er í ESB-áburðarvörunni með úreasaensími sem beinist fyrst og fremst að því að minnka uppgufun ammoníaks.

Prófun í glasi sem inniheldur úreasahamlandi efnasamband skal sýna 20% minnkun á vatnsrofshraða þvagefnis (CH_4N_2O) við 95% öryggisstig, samanborið við samanburðarsýni sem úreasahamlandi efnasambandi hefur ekki verið bætt í, byggt á greiningu sem er gerð 14 dögum eftir ísetningu.

Úreasahamlandi efnasambandið skal vera fyrir hendi í ESB-áburðarvörunni í styrk sem er innan þess styrkbils sem tryggir að slík minnkun náist.

Að minnsta kosti 50% af heildarinnihaldi köfnunarefnis (N) í ESB-áburðarvöru skal samanstanda af köfnunarefnisforminu þvagefni (CH_4N_2O).“

2) Í stað i. undirliðar d-liðar í 1. lið í liðnum efnisþáttaefniviðaflokkur 3 kemur eftirfarandi:

„i. aukefnið uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 og“.

3) Liðnum efnisþáttaefniviðaflokki 4 er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. undirliðar b-liðar í 1. lið kemur eftirfarandi:

„i. aukefnið uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 og“.

b) Eftirfarandi liðum 3a, 3b, 3c og 3d er bætt við:

„3a. ESB-áburðarvara má innihalda fastan eða fljótandi hluta sem fæst með vélrænum aðskilnaði á meltu sem uppfyllir kröfur í 1. til 3. lið.

3b. ESB-áburðarvara má innihalda meltu sem uppfyllir kröfur í 1. til 3. lið, eða hluta sem uppfyllir kröfur í lið 3a, sem búið er að fjarlægja úr leysanlegt ammóníum og/eða fosfat, allt eða að hluta til, til að endurheimta köfnunarefni og/eða fosfór án þess að ætlunin sé að umbreyta meltunni eða hlutanum á annan hátt.

3c. ESB-áburðarvara má innihalda meltu sem uppfyllir kröfur í 1. til 3. lið eða lið 3b, sem og hluta sem uppfyllir kröfur í lið 3a, sem hefur einungis farið í gegnum eðlisræna meðhöndlun til að losna við vatn án þess að ætlunin sé að umbreyta meltunni eða hlutanum á annan hátt.

3d. Heimilt er að nota aukefni sem þörf er á við eftirvinnslu meltu eða hluta í samræmi við liði 3a, 3b og 3c að því tilskildu að:

a) aukefnið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1,

b) styrkur aukefna sem þörf er á í sérhverju ferli fari ekki yfir 5% af þyngd meltunnar eða hlutans sem er notaður sem ílag í viðkomandi ferli.“

c) Í stað inngangsmálsliðarins í 4. lið kemur eftirfarandi:

„Meltan eða hlutinn sem um getur í liðum 3a, 3b og 3c skal uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum um stöðugleika:“

4) Liðnum efnisþáttaefniviðaflokki 5 er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. undirliðar d-liðar í 1. lið kemur eftirfarandi:

„i. aukefnið uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 og“.

b) Eftirfarandi liðum 3a, 3b, 3c og 3d er bætt við:

„3a. ESB-áburðarvara má innihalda fastan eða fljótandi hluta sem fæst með vélrænum aðskilnaði á meltu sem uppfyllir kröfur í 1. til 3. lið.

3b. ESB-áburðarvara má innihalda meltu sem uppfyllir kröfur í 1. til 3. lið, eða hluta sem uppfyllir kröfur í lið 3a, sem búið er að fjarlægja úr leysanlegt ammóníum og/eða fosfat, allt eða að hluta til, til að endurheimta köfnunarefni og/eða fosfór án þess að ætlunin sé að umbreyta meltunni eða hlutanum á annan hátt.

3c. ESB-áburðarvara má innihalda meltu sem uppfyllir kröfur í 1. til 3. lið eða lið 3b, sem og hluta sem uppfyllir kröfur í lið 3a, sem hefur einungis farið í gegnum eðlisræna meðhöndlun til að losna við vatn án þess að ætlunin sé að umbreyta meltunni eða hlutanum á annan hátt.

3d. Heimilt er að nota aukefni sem þörf er á við eftirvinnslu meltu eða hluta í samræmi við liði 3a, 3b og 3c að því tilskildu að:

a) aukefnið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1,

b) styrkur aukefna sem þörf er á í sérhverju ferli fari ekki yfir 5% af þyngd meltunnar eða hlutans sem er notaður sem ílag í viðkomandi ferli.“

c) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Meltan eða hlutinn sem um getur í liðum 3a, 3b og 3c skal ekki innihalda meira en 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} (**).

(**) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.“

d) Í stað inngangsmálsliðarins í 5. lið kemur eftirfarandi:

„Meltan eða hlutinn sem um getur í liðum 3a, 3b og 3c skal innihalda:“

e) Í stað inngangsmálsliðarins í 6. lið kemur eftirfarandi:

„Meltan eða hlutinn sem um getur í liðum 3a, 3b og 3c skal uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum um stöðugleika:“

5) Í stað 2. liðar í liðnum efnisþáttaefniviðaflokkur 6 kemur eftirfarandi:

„2. Öll efni sem eru sett í ESB-áburðarvöru, ein og sér eða í blöndu, skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1.“

6) Í stað 2. liðar í liðnum efnisþáttaefniviðaflokkur 11 kemur eftirfarandi:

„2. Aukaafurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1.“

7) Í stað 13. liðar í liðnum efnisþáttaefniviðaflokkur 12 kemur eftirfarandi:

„13. Útfelld fosfatsölt eða afleiður skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1.“

8) Í stað 8. liðar í liðnum efnisþáttaefniviðaflokkur 13 kemur eftirfarandi:

„8. Efniviðir úr varmaoxun eða afleiður skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1.“

9) Liðnum efnisþáttaefniviðaflokki 14 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði c-liðar 3 liðar falla brott.

b) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. Hitasundrunar- og gösunarefniviðir skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1.“

10) Í stað 10. liðar í liðnum efnisþáttaefniviðaflokkur 15 kemur eftirfarandi:

„10. Efniviður af miklum hreinleika skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum II. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Liðnum vöruvirkniflokki 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Eftirfarandi reglur gilda um áburð sem inniheldur hamlandi efnasambönd eins og tilgreint er í efnisþátta-efniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka:

a) á merkimiða skal koma fram orðið „nítrunarlati“, „afnítrunarlati“ eða „úreasalati“, eins og við á,

b) innihald nítrunarhamlandi efnasambands skal gefið upp sem % miðað við massa af heildarmagni köfnunarefnis (N) sem er fyrir hendi sem ammóníumköfnunarefni (NH_4^+) og þvagefnisbundið köfnunarefni (CH_4N_2O),

c) innihald afnítrunarhamlandi efnasambands skal gefið upp sem % miðað við massa af nítrati (NO_3^-) sem er fyrir hendi,

d) innihald úreasahamlandi efnasambands skal gefið upp sem % miðað við massa af heildarmagni köfnunarefnis (N) sem er fyrir hendi sem þvagefnisbundið köfnunarefni (CH_4N_2O).“

b) Í stað ii. undirliðar í a-lið 4. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. nítrunar-, afnítrunar- eða úreasahamlandi efnasamböndum sem um getur í 4. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka“.

2) Í stað liðarins VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5: LATI kemur eftirfarandi: „VÖRUVIRKNIFLOKKUR 5:

LATI

1. Öll innihaldsefni skulu gefin upp eftir framleiðsluþyngd eða -rúmmáli í lækkandi röð eftir magni.

2. Innihald hamlandi efnasambands eða hamlandi efnasambanda skal gefið upp sem % miðað við massa eða rúmmál.

3. Notkunarleiðbeiningar sem um getur í d-lið 1. liðar í I. hluta þessa viðauka skulu innihalda upplýsingar um:

a) tegundir ESB-áburðarvara sem blanda má latanum í, einkum:

i. að því er varðar nítrunarlata sem um getur í vöruvirkniflokki 5.A í II. hluta I. viðauka, ESB-áburðarvöru þar sem a.m.k. 50% af heildarinnihaldi köfnunarefnis (N) samanstendur af köfnunarefnisformunum ammóníumi (NH_4^+) og þvagefni (CH_4N_2O),

ii. að því er varðar úreasalata sem um getur í vöruvirkniflokki 5.C í II. hluta I. viðauka, ESB-áburðarvöru þar sem a.m.k. 50% af heildarinnihaldi köfnunarefnis (N) samanstendur af köfnunarefnisforminu þvagefni (CH_4N_2O),

b) lágmarks- og hámarksstyrk hamlandi efnasambands eða hamlandi efnasambanda sem mælt er með þegar þeim er blandað við áburð áður en hann er notaður:

i. að því er varðar nítrunarlatann sem um getur í vöruvirkniflokki 5.A í II. hluta I. viðauka, sem % miðað við massa af heildarmagni köfnunarefnis (N) sem er fyrir hendi sem ammóníumköfnunarefni (NH_4^+) og þvagefnisbundið köfnunarefni (CH_4N_2O),

ii. að því er varðar afnítrunarlatann sem um getur í vöruvirkniflokki 5.B í II. hluta I. viðauka, sem % miðað við massa af nítrati (NO_3^-) sem er fyrir hendi,

iii. að því er varðar úreasalatann sem um getur í vöruvirkniflokki 5.C í II. hluta I. viðauka, sem % miðað við massa af heildarmagni köfnunarefnis (N) sem er fyrir hendi sem þvagefnisbundið köfnunarefni (CH_4N_2O).“

3) Í liðnum VÖRUVIRKNIFLOKKUR 7: ÁBURÐARVÖRUBLANDA er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Ef áburðarvörublanda inniheldur einn eða fleiri lata sem tilheyra vöruvirkniflokki 5 skal ekki bæta við notkunar-leiðbeiningunum sem um getur í 3. lið í vöruvirkniflokki 5 í II. hluta þessa viðauka.“

Í stað liðarins VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1: ÁBURÐUR í III. hluta III: viðauka kemur eftirfarandi:

„VÖRUVIRKNIFLOKKUR 1: ÁBURÐUR

Eftirfarandi reglur um vikmörk gilda um áburð sem inniheldur nítrunar-, afnítrunar- eða úreasahamlandi efnasambönd eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka:

Hamlandi efnasambönd	Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald hamlandi efnasambanda
Styrkur sem er 2% eða minni	± 20% af uppgefnu gildi
Styrkur sem er meiri en 2%	± 0,3 prósentustig að raungildi“

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum I. hluta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-undirliðar í lið 1.1. kemur eftirfarandi:

„a) efnum eða blöndum úr nýjum efniviði eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka, að undanskildu nítrunar-, afnítrunar- eða úreasahamlandi efnasambandi“.

2) Í stað a-undirliðar í lið 3.1. kemur eftirfarandi:

„a) nítrunar-, afnítrunar- eða úreasahamlandi efnasamböndum eins og tilgreint er í efnisþáttaefniviðaflokki 1 í II. hluta II. viðauka“.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/973 2023/EES/62/08

frá 14. mars 2022

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 með því að mæla fyrir um viðmiðanir varðandi jarðræktarlega skilvirkni og öryggi við notkun á aukaafurðum í ESB-áburðarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 7. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. ESB-áburðarvörur innihalda efnisþáttaefniviði í einum eða fleiri af þeim flokkum sem eru tilgreindir í II. viðauka við þá reglugerð. Í samræmi við efnisþáttaefniviðaflokk 11 í þeim viðauka mega ESB-áburðarvörur, með nokkrum undantekningum, innihalda aukaafurðir í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]) sem skal skrá í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]).

2) Í 7. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009 er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin bæti við 3. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 11 í II. hluta II. viðauka við með því að mæla fyrir um viðmiðanir varðandi jarðræktarlega skilvirkni og öryggi við notkun á aukaafurðum, í skilningi tilskipunar 2008/98/EB, í ESB-áburðarvörur. Í því skyni veitti framkvæmdastjórnin Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð sinni umboð til að veita vísindalega ráðgjöf ([4]).

3) Aukaafurðir í skilningi tilskipunar 2008/98/EB eru mjög misleitur flokkur efna. Þessi efni eru með mismunandi eðlis- og efnafræðilega eiginleika og geta fengist með ýmsum framleiðsluferlum. Að því er varðar þessa reglugerð er aukaafurðunum skipt í tvo flokka með hliðsjón af jarðræktarlegri skilvirkni þeirra. Fyrsti flokkur varðar aukaafurðir sem veita plöntum eða sveppum næringu eða bæta næringarnýtni þeirra. Annar flokkur varðar aukaafurðir sem eru notaðar sem tæknileg aukefni í minni styrkleikum. Þó að þær tengist ekki beint næringu eða næringarnýtni bæta þær gæði áburðarvörunnar eða öryggi við meðhöndlun hennar.

4) Að því er varðar fyrsta flokk hefur Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin tilgreint aukaafurðir, sem verða til í mismunandi framleiðsluferlum, sem innihalda ammóníumsölt, súlfatsölt, fosfatsölt, brennistein sem frumefni, kalsíumkarbónat og kalsíumoxíð. Til að tryggja að þessar aukaafurðir hafi skýrt jarðræktarlegri gildi og skapi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið ætti að mæla fyrir um stranga kröfu um hreinleika.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Huygens D, Saveyn HGM, „*Technical proposals for by-products and high purity materials as component materials for EU Fertilising Products*“, JRC128459, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2022.

5) Að því er varðar annan flokk lagði Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin til að leyft yrði að nota aukaafurðir sem tæknileg aukefni, s.s. sem herðandi efni, bindiefni eða fylliefni, eða rykvarnarefni til að bæta vernd fyrir heilbrigði notenda. Til að tryggja að notkun slíkra aukaafurða stofni ekki jarðræktarlegri heildarskilvirkni ESB-áburðarvörunnar í hættu og hafi engin skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið ætti að mæla fyrir um hámarksstyrk í endanlegri ESB-áburðarvöru.

6) Til viðbótar lagði Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin mat á þær aukaafurðir sem eru mest notaðar samkvæmt gildandi starfsvenjum. Þessar aukaafurðir voru valdar á grundvelli markaðsmöguleika þeirra, tiltækra gagna, núverandi lagalegrar stöðu þeirra, notkunarsögu þeirra og skýrs jarðræktarlegs gildis sem og á grundvelli þess hversu auðvelt það var að þróa öryggisviðmiðanir miðað við tímatakmarkanir við að framkvæma matið. Aukaafurðirnar sem voru tilgreindar voru móðurvökvi frá efnahvarfi 5(β-metýlþíóetýl)-hýdantóíns við kalíumkarbónat í meþíónínframleiðsluferli, leifar frá vinnslu og hreinsun jarðefna og málmgrýtis, vökvi eftir eimingu í Solvay-ferli, karbíðkalk frá asetýlen-framleiðslu, járngjall, málmsölt frá vinnslu á hreinsuðu málmgrýti og yfirborðsmeðferð málms og húmínsýra og fúlvínsýra vegna litabreytinga á drykkjarvatni (e. *drinking water discolouration*). Þessar tilteknu aukaafurðir ætti að nota í ESB-áburðarvörur án þess að það þurfi að uppfylla takmarkandi hreinleikastig þegar um er að ræða fyrsta flokk aukaafurðanna eða tilgang og leyfilegan hámarksstyrk þegar um er að ræða annan flokk aukaafurðanna. Ástæðan er sú að slíkar aukaafurðir eru greinilega auðkenndar sem gerði Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðinni kleift að leggja ítarlegt mat á jarðræktarlegt gildi þeirra og allar þær sértæku áhættur sem þær geta haft í för með sér.

7) Enn fremur ætti að mæla fyrir um samsvarandi viðbótaröryggisviðmiðanir við notkun á aukaafurðum.

8) Sumar þessara aukaafurða ættu að vera í samræmi við öryggisviðmiðanir sem takmarka innihald aðskotaefna og annarra efna sem gefa tilefni til áhyggna sem er beitt til viðbótar við þær sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir samsvarandi vöruvirkniflokk og með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 ([5]).

9) Mæla ætti fyrir um viðbótarviðmiðunarmörk fyrir aðskotaefnin króm (heildarinnihald), þallíum og vanadíum. Sumar aukaafurðirnar geta innihaldið slík aðskotaefni sem eru til komin vegna sérstaks framleiðsluferlis þeirra. Tillögð viðmiðunarmörk fyrir þessi aðskotaefni ættu að tryggja að notkun á ESB-áburðarvörum sem innihalda aukaafurðir með slíkum aðskotaefnum leiði ekki til uppsöfnunar þeirra í jarðvegi. Viðmiðunarmörk fyrir slík aðskotaefni ætti að ákvarða sem styrkleika í fullunnu vörunni á svipaðan hátt og í kröfunum sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009. Rökin fyrir því er sú staðreynd að öryggisviðmiðanir, sem eru innleiddar til að bregðast við tilteknum áhættum sem greinast, varða almennt fullunnu vöruna en ekki efnisþáttaefnivið. Þetta ætti að auðvelda samræmismat og markaðseftirlit með slíkum vörum þar eð einungis skal framkvæma prófanir á fullunnu vörunni.

10) Vitað er að leifar úr vinnslu eða hreinsun á fosfatmálmgrýti úr seti innihalda frá náttúrunnar hendi geislavirkar kjarnategundir. Til að tryggja örugga notkun á slíkum aukaafurðum í ESB-áburðarvörur þykir rétt að mæla fyrir um leyfileg hámarksgildi fyrir virknistyrk (e. *activity concentration value*) geislavirkra kjarnategunda frá náttúrunnar hendi úr úranröðinni og þórínröðinni í ESB-áburðarvörum sem innihalda slíka efniviði.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45).

11) Ennfremur ætti að mæla fyrir um viðbótaröryggisviðmiðanir til að takmarka innihald 16 fjölhringa, arómatískra vetniskolefna (PAH_{16}) ([6]) og fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana (PCDD-/PCDF-efni) ([7]). Í reglugerð (ESB) 2019/1021 er mælt fyrir um leiðir til að draga úr losun PAH_{16} og PCDD-/PCDF-efna sem efna sem eru framleidd án ásetnings í framleiðsluferlinu en ekki eru innleidd viðmiðunarmörk í slíkum tilvikum. Í ljósi þeirrar miklu áhættu sem skapast við tilvist slíkra mengunarefna í áburðarvörum þykir rétt að innleiða strangari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Mæla ætti fyrir um slík viðmiðunarmörk fyrir efnisþáttaefnivið en ekki sem styrk í fullunnu vörunni til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1021.

12) Viðmiðunarmörkin fyrir aðskotaefnin PAH_{16} og PCDD-/PCDF-efni eiga ef til vill ekki við í öllum tilvikum. Því ættu framleiðendur að eiga þess kost að ganga út frá því að áburðarvaran uppfylli tiltekna kröfu án sannprófunar, s.s. prófunar, þegar samræmi við fyrrnefnda kröfu er með vissu og óumdeilanlega uppfyllt vegna eðlis eða framleiðsluferlis aukaafurðanna sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 11 eða ESB-áburðarvörunnar sem inniheldur slíka aukaafurð.

13) Sumar aukaafurðirnar geta innihaldið selen sem getur verið eitrað ef það er til staðar í miklum styrk. Sumar geta einnig innihaldið klóríð sem getur gefið tilefni til áhyggja varðandi seltu í jarðvegi. Þegar þessi efni eru fyrir hendi í styrk sem fer yfir tiltekin mörk ætti að tilgreina innihald þeirra á merkimiðanum þannig að notendur áburðarvörunnar fái viðeigandi upplýsingar.

14) Þar eð reglugerð (ESB) 2019/1009 kemur til framkvæmda að fullu frá og með 16. júlí 2022 er nauðsynlegt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til sömu dagsetningar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Aukaafurðir sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 11 sem um getur í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009, sem veita plöntum eða sveppum næringu eða bæta næringarnýtni þeirra, skulu uppfylla eftirfarandi viðmiðanir varðandi jarðræktarlega skilvirkni og öryggi:

a) innihalda miðað við þurrefni a.m.k. 95% af ammóníumsöltum, súlfatsöltum, fosfatsöltum, brennisteini sem frumefni, kalsíumkarbónati eða kalsíumoxíði eða blöndur þeirra,

b) vera framleiddar sem óaðskiljanlegur hluti af framleiðsluferli þar sem önnur efni og blöndur en aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 ([8]) eru notuð sem ílagsefniviðir,

c) innihalda ekki meira lífrænt kolefni (C_{org}) en sem nemur 0,5% af þurrefni aukaafurðarinnar,

d) innihalda ekki meira en 6 mg/kg þurrefnis af fjölhringa, arómatísku vetniskolefni (PAH_{16}) ([9]),

([6]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

([7]) Summa 2,3,7,8-TCDD, 1,2,3,7,8-PeCDD, 1,2,3,4,7,8-HxCDD, 1,2,3,6,7,8-HxCDD, 1,2,3,7,8,9-HxCDD, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDD, OCDD; 2,3,7,8-TCDF, 1,2,3,7,8-PeCDF, 2,3,4,7,8-PeCDF, 1,2,3,4,7,8-HxCDF, 1,2,3,6,7,8-HxCDF, 1,2,3,7,8,9-HxCDF, 2,3,4,6,7,8-HxCDF, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDF, 1,2,3,4,7,8,9-HpCDF og OCDF.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

([9]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

e) innihalda ekki meira en 20 ng WHO-eiturjafngildi ([10])/kg þurrefnis af fjölklóruðum díbensó-para-díoxínum og díbensófúrönum (PCDD-/PCDF-efni) ([11]).

ESB-áburðarvara sem inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum sem veita plöntum eða sveppum næringu eða bæta næringarnýtni þeirra skal ekki innihalda meira en:

a) 400 mg/kg þurrefnis af heildarmagni króms,

b) 2 mg/kg þurrefnis af þallíumi.

2. Aukaafurðir sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 11 sem um getur í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009, sem eru notaðar sem tæknileg aukefni, skulu uppfylla eftirfarandi viðmiðanir varðandi jarðræktarlega skilvirkni og öryggi:

a) hafa það hlutverk að bæta öryggi eða jarðræktarlega skilvirkni ESB-áburðarvörunnar,

b) vera fyrir hendi í ESB-áburðarvörunni í heildarstyrk sem nemur að hámarki 5% miðað við massa,

c) innihalda ekki meira en 6 mg/kg þurrefnis af fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum (PAH_{16}),

d) innihalda ekki meira en 20 ng WHO-eiturjafngildi ([12])/kg þurrefnis af fjölklóruðum díbensó-para-díoxínum og díbensófúrönum (PCDD-/PCDF-efni).

2. gr.

1. Viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. gr. gilda ekki um aukaafurðir sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokki 11, sem um getur í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009, sem eru eitt af eftirfarandi:

a) móðurvökvi frá efnahvarfi 5(β-metýlþíóetýl)-hýdantóíns við kalíumkarbónat í meþíónínframleiðsluferli,

b) leifar frá vinnslu og hreinsun jarðefna og málmgrýtis ef þær innihalda kalsíumkarbónöt, magnesíumkarbónöt, kalsíumsúlföt, magnesíumoxíð, fosfatsölt og/eða vatnsleysanleg kalíum-, magnesíum- eða natríumsölt, með heildarinnihald sem er yfir 60% af þurrefninu í leifunum,

c) vökvi eftir eimingu í Solvay-ferli,

d) karbíðkalk frá asetýlenframleiðslu,

e) járngjall,

f) efni sem fást við vinnslu á hreinsuðu málmgrýti og yfirborðsmeðferð málms, sem innihalda a.m.k. 2%, miðað við massa, af tví- eða þrígildum hliðarmálmplúsjónum (sink (Zn), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn) eða kóbalt (Co)) í lausn,

g) húmínsýra og fúlvínsýra vegna litabreytinga á drykkjarvatni.

2. Virknistyrkur geislavirkra kjarnategunda frá náttúrunnar hendi úr U-238-röðinni og Th-232-röðinni í ESB-áburðarvöru, sem inniheldur eða samanstendur af leifum úr vinnslu eða hreinsun á fosfatmálmgrýti úr seti, í samræmi við b-lið 1. mgr., skal ekki fara yfir 1 kBq/kg af vöru.

([10]) van den Berg M., L.S. Birnbaum, M. Denison, M. De Vito, W. Farland, et al. (2006) „The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds“. Toxicological sciences: an official journal of the Society of Toxicology 93:223-241. doi:10.1093/toxsci/kfl055.

([11]) Summa 2,3,7,8-TCDD, 1,2,3,7,8-PeCDD, 1,2,3,4,7,8-HxCDD, 1,2,3,6,7,8-HxCDD, 1,2,3,7,8,9-HxCDD, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDD, OCDD; 2,3,7,8-TCDF, 1,2,3,7,8-PeCDF, 2,3,4,7,8-PeCDF, 1,2,3,4,7,8-HxCDF, 1,2,3,6,7,8-HxCDF, 1,2,3,7,8,9-HxCDF, 2,3,4,6,7,8-HxCDF, 1,2,3,4,6,7,8-HpCDF, 1,2,3,4,7,8,9-HpCDF og OCDF.

([12]) van den Berg M., L.S. Birnbaum, M. Denison, M. De Vito, W. Farland, et al. (2006) „The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds“. Toxicological sciences: an official journal of the Society of Toxicology 93:223-241. doi:10.1093/toxsci/kfl055.

3. ESB-áburðarvara sem inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum sem um getur í e- og f-lið fyrstu málsgreinar skal ekki innihalda meira en:

a) 400 mg/kg þurrefnis af heildarmagni króms,

b) 2 mg/kg þurrefnis af þallíumi,

c) 600 mg/kg þurrefnis af vanadíumi.

3. gr.

Þegar samræmi við tiltekna kröfu, sem mælt er fyrir um í 1. gr. (d- og e-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.),1. gr. (annarri undirgrein 1. mgr.), 1. gr. (c- og d-lið 2. mgr.) og 2. gr. (2. og 3. mgr.), er með vissu og óvéfengjanlega uppfyllt vegna eðlis eða framleiðsluferlis aukaafurðar eða ESB-áburðarvöru sem inniheldur slíka aukaafurð, eftir því sem við á, er heimilt að ganga út frá þessu samræmi án sannprófunar (s.s. prófunar) í samræmismatsaðferðinni á ábyrgð framleiðandans.

4. gr.

1. Ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 1. gr. og í b- til f-lið 1. mgr. 2. gr. og inniheldur meira en 10 mg/kg þurrefnis af seleni skal tilgreina seleninnihaldið.

2. Ef ESB-áburðarvara inniheldur eða samanstendur af aukaafurðum sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 1. gr. og í b-, c- og g-lið fyrstu undirgreinar 2. gr. og inniheldur meira en 30 g/kg þurrefnis af klóríði skal tilgreina klóríðinnihaldið, nema ESB-áburðarvaran sé framleidd með framleiðsluferli þar sem klóríð, sem inniheldur efni eða blöndur, hefur verið notað í þeim tilgangi að framleiða eða bæta við alkalímálmsöltum eða basískum jarðmálmsöltum og veittar eru upplýsingar um þessi sölt í samræmi við III. viðauka.

3. Þegar innihald selens eða klóríðs er tilgreint í samræmi við 1. og 2. mgr. skal það skýrt aðgreint frá uppgefnum næringarefnum og heimilt er að gefa það upp sem svið gilda.

4. Ef sú staðreynd að slík ESB-áburðarvara inniheldur selen eða klóríð undir viðmiðunarmörkunum í 1. og 2. mgr. er með vissu og óvéfengjanlega uppfyllt vegna eðlis eða framleiðsluferlis aukaafurðarinnar eða ESB-áburðarvörunnar sem inniheldur slíka aukaafurð, eftir því sem við á, mega ekki vera neinar upplýsingar á merkimiðanum um þessar breytur án sannprófunar (s.s. prófunar) á ábyrgð framleiðandans.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1139 **2023/EES/62/09**

frá 4. júlí 2018

um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Það ætti ávallt að tryggja samræmt öryggisstig á háu stigi í almenningsflugi með því að samþykkja sameiginlegar öryggisreglur og með ráðstöfunum sem tryggja að allar vörur, aðilar og fyrirtæki sem koma að rekstri almenningsflugs í Sambandinu uppfylli slíkar reglur.

2) Þar að auki ætti ætíð að tryggja öfluga og samræmda umhverfisvernd með ráðstöfunum sem tryggja að allar vörur, aðilar og fyrirtæki sem koma að rekstri almenningsflugs í Sambandinu uppfylli viðeigandi lög Sambandsins og alþjóðlegar kröfur og ráðlagðar starfsvenjur.

3) Auk þess ættu loftför frá þriðja landi, sem flogið er til yfirráðasvæðis, innan þess eða frá því, þar sem viðeigandi ákvæði sáttmálans um Evrópusambandið og sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda, að sæta viðeigandi eftirliti á vettvangi Sambandsins innan þeirra marka sem sett eru í samningnum um alþjóðaflugmál, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn) og öll aðildarríkin eru aðilar að.

4) Ekki er rétt að sameiginlegu reglurnar gildi um öll loftför. Í ljósi þess að loftför, sem eru einföld í hönnun eða sem starfrækt eru aðallega staðbundið, og þau sem eru heimasmíðuð, afar sjaldgæf eða aðeins til í fáum eintökum, hafa afar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 75, 10.3.2017, bls. 111.

([2]) Stjtíð. ESB C 88, 21.3.2017, bls. 69.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. júní 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 26. júní 2018.

litla hættu í för með sér fyrir öryggi í almenningsflugi ætti lögbundið eftirlit því áfram að vera í höndum aðildarríkjanna og án nokkurrar skuldbindingar, samkvæmt þessari reglugerð, fyrir önnur aðildarríki til að viðurkenna slíkt landsbundið fyrirkomulag. Þó getur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins („Flugöryggisstofnunin“) samþykkt leiðbeiningar til að greiða fyrir þróun landsreglna fyrir loftför sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar.

5) Hins vegar ætti að setja ákvæði um möguleikann á því að beita tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar á tilteknar gerðir loftfara, sem eru að öðrum kosti undanskilin frá gildissviði þessarar reglugerðar, einkum þeirra sem eru iðnaðarframleiðsla og gætu notið góðs af frjálsu flæði innan Sambandsins. Því ætti að leyfa fyrirtækjum, sem taka þátt í hönnun slíkra loftfara, að sækja um tegundarvottorð til Flugöryggisstofnunarinnar eða, ef við á, gefa út yfirlýsingu til Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar tegund loftfars sem slík fyrirtæki hyggjast setja á markað.

6) Í þessari reglugerð ætti að kveða á um nokkur ný úrræði sem ættu að styðja við framkvæmd einfaldra og hóflegra reglna fyrir sport- og tómstundaflug. Þær ráðstafanir sem eru gerðar í samræmi við þessa reglugerð til að hafa stjórn á þessum hluta fluggeirans ættu að vera hóflegar, kostnaðarhagkvæmar, sveigjanlegar og grundvallast á fyrirliggjandi bestu starfsvenjum í aðildarríkjunum. Þessar ráðstafanir ætti að móta tímanlega, í nánu samstarfi við aðildarríkin og það ætti að koma í veg fyrir að þær hafi í för með sér óþarfa stjórnsýsluálag og fjárhagslegt álag fyrir framleiðendur og flugrekendur/umráðendur.

7) Ekki er viðeigandi að setja sameiginlegar reglur um alla flugvelli. Flugvellir, sem eru ekki til afnota fyrir almenning, eða flugvellir, sem þjónusta ekki flutningaflug, eða flugvellir, sem eru með yfir 800 metra langar blindflugsbrautir án slitlags og þjónusta ekki eingöngu þyrlum sem notast við blindaðflugs- eða blindbrottflugsverklag, ættu að falla áfram undir reglubundið eftirlit aðildarríkjanna, án þess þó að þessi reglugerð leggi þær kvaðir á önnur aðildarríki að þau viðurkenni slíkt landsbundið fyrirkomulag.

8) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að veita flugvöllum með litla umferð undanþágu frá þessari reglugerð, að því tilskildu að viðkomandi flugvellir uppfylli sameiginlegu lágmarksöryggismarkmiðin, sem mælt er fyrir um í viðeigandi grunnkröfum sem settar eru fram í þessari reglugerð. Þegar aðildarríki veitir slíkar undanþágur ættu undanþágurnar einnig að gilda um búnaðinn, sem er notaður á viðkomandi flugvelli, og um veitendur flugafgreiðslu og hlaðstjórnunarþjónustu, sem sinna starfsemi sinni á þeim flugvöllum sem eru undanþegnir þessari reglugerð. Undanþágur, sem aðildarríki veita flugvöllum fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, ættu að vera áfram í gildi og gera ætti upplýsingar um þessar undanþágur aðgengilegar almenningi.

9) Það ætti að undanþiggja flugvelli, sem falla undir stjórn og rekstur hersins, sem og rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu (ATM/ANS), sem herinn veitir eða veitir aðgang að, frá gildissviði þessarar reglugerðar. Aðildarríki ættu þó að tryggja, í samræmi við landslög þeirra, að slíkir flugvellir, þegar þeir eru opnir almenningi, og slík rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónusta, þegar hún er veitt flugumferð sem fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ([1]), bjóði upp á öryggisstig og rekstrarsamhæfi við borgaraleg kerfi sem eru jafn virk og það sem krafist er samkvæmt grunnkröfunum fyrir flugvelli og rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu sem settar eru fram í þessari reglugerð.

10) Ef aðildarríki telja það æskilegra, einkum í því skyni að tryggja öryggi, rekstrarsamhæfi eða aukna skilvirkni, ætti þeim að vera heimilt að beita þessari reglugerð, í staðinn fyrir að beita eigin landslögum, á loftför sem notuð eru fyrir aðgerðir eða þjónustu af hálfu hers, tolls, lögreglu, leitar- og björgunarsveita, slökkviliðs, strandgæslu eða fyrir svipaðar aðgerðir og þjónustu í almannaþágu. Aðildarríki, sem nýta sér þennan möguleika, ættu að starfa með Flugöryggisstofnuninni, einkum með því að leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar sem staðfesta að viðkomandi loftför og aðgerðir uppfylli viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar.

11) Í því skyni að taka tillit til hagsmuna og sjónarmiða flugiðnaðarins og flugrekenda/umráðenda loftfara ætti aðildarríkjum að vera heimilt að veita hönnun, framleiðslu, viðhaldi og rekstri, með tilliti til tiltekinna, lítilla loftfara annarra en ómannaðra loftfara, undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar nema, að því er þessi loftför varðar, vottorð hafi verið gefið út eða vottorð telst hafa verið gefið út samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([2]) eða yfirlýsing lögð fram í samræmi við þessa reglugerð. Slíkar undanþágur ættu ekki að skapa skyldu

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

samkvæmt þessari reglugerð um að önnur aðildarríki viðurkenni slíkt landsbundið fyrirkomulag. Slíkar undanþágur ættu þó ekki að koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem er með höfuðstöðvar á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem hefur veitt undanþáguna, ákveði að halda áfram hönnunar- og framleiðslustörfum sínum að því er varðar loftför sem falla undir þá ákvörðun í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

12) Ráðstafanirnar, sem eru teknar í samræmi við þessa reglugerð til að koma reglu á almenningsflug í Sambandinu, og framseldu gerðirnar og framkvæmdargerðirnar, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, ættu að svara til og vera í réttu hlutfalli við eðli mismunandi tegunda loftfara, tegund starfrækslu og tegund starfsemi sem þær fjalla um og þá áhættu sem þeim tengist. Að því marki sem hægt er ætti einnig að setja slíkar ráðstafanir fram með áherslu á þau markmið sem stefnt er að á sama tíma og þær gefa færi á mismunandi leiðum til að ná þessum markmiðum og ættu ráðstafanirnar einnig að fela í sér kerfisbundna nálgun að almenningsflugi, að teknu tilliti til víxltengsla á milli öryggis og annarra tæknisviða flugreglugerða, þ.m.t. netöryggi. Þetta ætti að stuðla að því að tilskildu öryggisstigi verði náð með kostnaðarhagkvæmari hætti og örvun nýsköpunar á sviði tækni og starfrækslu. Nýta ætti viðurkennda iðnaðarstaðla og starfsvenjur atvinnugreinarinnar ef sýnt hefur verið fram á að það tryggi að farið verði að grunnkröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð.

13) Nauðsynlegt er að beita traustum meginreglum fyrir öryggisstjórnun til að stuðla að stöðugum úrbótum á öryggi í almenningsflugi í Sambandinu, til að sjá fyrir nýrri öryggisáhættu og til að nýta takmörkuð tæknileg úrræði sem best. Því er nauðsynlegt að koma á sameiginlegum ramma fyrir skipulagningu og framkvæmd aðgerða á sviði öryggisendurbóta. Í þessu skyni ætti að semja aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu (e. *European Plan for Aviation Safety*) og flugöryggisáætlun Evrópu (e. *European Aviation Safety Programme*) á vettvangi Sambandsins. Auk þess ætti hvert aðildarríki að semja eigin flugöryggisáætlun (SSP) í samræmi við kröfurnar í 19. viðauka við Chicago-samninginn. Þessari áætlun ætti að fylgja aðgerðaáætlun sem lýsir aðgerðunum sem aðildarríki skal grípa til í því skyni að draga úr auðkenndri öryggisáhættu.

14) Í samræmi við 19. viðauka við Chicago-samninginn skulu aðildarríkin ákvarða viðunandi öryggisstig í tengslum við flugstarfsemina sem er á þeirra ábyrgð. Í aðgerðaáætluninni um flugöryggi í Evrópu ætti að mæla fyrir um viðunandi öryggisstig í Sambandinu, með tilliti til mismunandi flokka flugstarfsemi, til að aðstoða aðildarríkin við að uppfylla þessa kröfu. Þetta öryggisstig ætti ekki að vera bindandi en ætti þess í stað að vera lýsandi fyrir metnað Sambandsins og aðildarríkjanna að því er varðar öryggi í almenningsflugi.

15) Í Chicago-samningnum er kveðið á um lágmarkskröfur til að tryggja öryggi í almenningsflugi ásamt þar að lútandi umhverfisvernd. Grunnkröfur Sambandsins og frekari reglur um framkvæmd þeirra, sem komið er á með þessari reglugerð, ættu að tryggja að aðildarríkin uppfylli, á samræmdan hátt, skyldurnar sem mælt er fyrir um í Chicago-samningnum, þ.m.t. gagnvart þriðju löndum. Ef reglur Sambandsins eru frábrugðnar lágmarkskröfunum, sem settar voru með Chicago-samningnum, hefur það ekki áhrif á skyldur aðildarríkjanna að tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni um það.

16) Í samræmi við alþjóðlegar kröfur og ráðlagðar starfsvenjur, sem settar eru fram í Chicago-samningnum, ætti að ákvarða grunnkröfur sem gilda um framleiðsluvörur til flugs, hluta, óuppsettan búnað, flugvelli og veitingu ATM-/ANS-þjónustu. Enn fremur ætti að ákvarða grunnkröfur, sem gilda um aðila og fyrirtæki, sem taka þátt í starfrækslu loftfars, rekstri flugvalla og veitingu ATM-/ANS-þjónustu, og grunnkröfur, sem gilda um aðila sem taka þátt í þjálfun og læknisskoðun flugáhafnar og flugumferðarstjóra og framleiðsluvörur sem notaðar eru í tengslum við það.

17) Mikilvægt er að starfsfólk, sem veitendur ATM-/ANS-þjónustu nota, s.s. tæknifólk sem sinnir öryggistengdum verkefnum (ATSEP), hafi viðeigandi starfsréttindi og þjálfun til gegna skyldustörfum sínum. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu ættu einnig að hrinda í framkvæmd þjálfunar- og matsáætlunum, með hliðsjón af mismunandi gerðum öryggistengdra verkefna sem starfsfólk þeirra sinnir. Í framkvæmdargerðunum, sem eru samþykktar samkvæmt þessari reglugerð og varða ábyrgðir veitenda ATM-/ANS-þjónustu, ætti að mæla fyrir um frekari nákvæmar og samræmdar reglur fyrir þess háttar starfsfólk, þ.m.t. tæknifólk sem sinnir öryggistengdum verkefnum til þess að tryggja nauðsynlegt öryggisstig.

18) Grunnkröfurnar varðandi samrýmanleika við umhverfið að því er varðar hönnun framleiðsluvara til flugs ættu, ef nauðsyn krefur, að taka bæði á hávaða af völdum loftfara sem og losun frá loftförum í því skyni að vernda umhverfið og heilbrigði manna gegn skaðlegum áhrifum af völdum þessara vara. Þær ættu að samsvara þeim kröfum sem innleiddar hafa verið á alþjóðavísu í þessu samhengi, eins og mælt er fyrir um í Chicago-samningnum. Til þess að tryggja fullt samræmi þykir rétt að vísa í þessari reglugerð til viðeigandi ákvæða þessa samnings. Framleiðsluvörur, hlutar og

óuppsettur búnaður ættu þó að falla undir grunnkröfurnar um samrýmanleika við umhverfið, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð, að því marki sem ákvæði Chicago-samningsins fela ekki í sér kröfur um umhverfisvernd. Að því er varðar framangreindar framleiðsluvörur, hluta og óuppsettan búnað ætti einnig að setja ákvæði um möguleika á því að mæla fyrir um ítarlegar kröfur um umhverfisvernd.

19) Það ætti einnig að mæla fyrir um grunnkröfur um örugga veitingu flugafgreiðslu og hlaðstjórnunarþjónustu.

20) Í ljósi þess að almenningsflug er í auknum mæli háð nútímalegri upplýsinga- og fjarskiptatækni ætti að mæla fyrir um grunnkröfur til að tryggja öryggi upplýsinga sem notaðar eru í almenningsflugi.

21) Skyldur rekstraraðila flugvallar geta verið uppfylltar af rekstraraðilanum sjálfum eða, í sumum tilvikum, af þriðja aðila. Í slíkum tilvikum ætti rekstraraðili flugvallar að hafa gert samkomulag við þennan þriðja aðila til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

22) Það ætti að mæla fyrir um grunnkröfur varðandi skýrslugjöf og greiningu á öryggisatvikum. Nákvæmu reglurnar, sem samþykktar eru til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þessar grunnkröfur, ættu að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ([1]).

23) Framleiðsluvörur til flugs, hlutar og óuppsettur búnaður, flugvellir og öryggistengdur búnaður þeirra, flugrekendur/umráðendur loftfara og rekstraraðilar flugvalla, ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishlutir og veitendur ATM-/ANS-þjónustu, sem og flugmenn, flugumferðarstjórar og aðilar, framleiðsluvörur og fyrirtæki, sem taka þátt í eða eru notuð við þjálfun þeirra og læknisskoðun, ættu fá vottun eða leyfi þegar staðfest hefur verið að þau uppfylla viðeigandi grunnkröfur eða, ef við á, aðrar kröfur sem kveðið er á um í eða samkvæmt þessari reglugerð. Til að greiða fyrir vottunarferlinu ætti að samþykkja nauðsynlegar, nákvæmar reglur um útgáfu þessara vottorða/skírteina/starfsleyfa og, ef við á, gefa út yfirlýsingar þess efnis, með tilliti til markmiða þessarar reglugerðar og til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst.

24) Öryggis- og þjónustuliðar sem taka þátt í flutningaflugi ættu að falla undir kröfuna um vottun og ættu, af þeim sökum, að fá útgefið staðfestingarvottorð þess efnis. Til að tryggja samræmdar reglur um útgáfu á þessu staðfestingarvottorði ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að ákvarða nákvæmar reglur og verklagsreglur að því er varðar starfsréttindi öryggis- og þjónustuliða. Að teknu tilliti til eðlis starfseminnar og áhættunnar sem í henni felst ætti framkvæmdastjórnin einnig að geta krafist þess í þessum framkvæmdargerðum að öryggis- og þjónustuliðar, sem taka þátt í annars konar starfrækslu, verði látnir gangast undir vottun og hafi undir höndum staðfestingarvottorð. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([2]).

25) Ef það er talið tryggja viðunandi öryggisstig ættu fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun og framleiðslu á framleiðsluvörum til flugs, hlutum og óuppsettum búnaði, að fá möguleika til að lýsa því yfir að hönnun framleiðsluvara, hluta og óuppsetts búnaðar uppfylli viðeigandi iðnaðarstaðla. Til að tryggja öryggi ætti þessi möguleiki að einskorðast við vörur sem eru notaðar í sport- og tómstundaflugi og með viðeigandi takmörkunum og skilyrðum.

26) Þar sem ómönnuðum loftförum er flogið í loftrýminu samhliða mönnuðum loftförum ætti þessi reglugerð að ná yfir ómönnuð loftför, óháð rekstrarmassa þeirra. Tæknin sem fáanleg er fyrir ómönnuð loftför gefur nú möguleikann á margs konar starfrækslu og ætti sú starfræksla að falla undir reglur, sem eru í réttu hlutfalli við þá áhættu sem stafar af viðkomandi starfrækslu eða tegund starfrækslu.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

27) Í því skyni að hrinda áhættumiðaðri nálgun og meginreglunni um meðalhóf í framkvæmd ætti að veita aðildarríkjum tiltekinn sveigjanleika að því er varðar starfrækslu með ómönnuð loftför að teknu tilliti til ýmissa staðbundinna einkenna innan einstakra aðildarríkja, s.s. þéttleika byggðar, á sama tíma og fullnægjandi öryggisstig er tryggt.

28) Reglur varðandi ómönnuð loftför ættu að stuðla að því að viðeigandi réttindi, sem eru tryggð samkvæmt lögum Sambandsins, séu virt, einkum rétturinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sem settur er fram í 7. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og rétturinn til verndar persónuupplýsinga, sem settur er fram í 8. gr. þess sáttmála og í 16. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og sem settar hafa verið reglur um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([1]).

29) Grunnkröfurnar, sem gilda um ómönnuð loftför og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta og óuppsettan búnað, ættu einnig að ná yfir þætti sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðniróf til að tryggja að þau noti fjarskiptatíðniróf á skilvirkan hátt og styðji skilvirka notkun fjarskiptatíðnirófs til þess að forðast skaðlegar truflanir. Hins vegar eru margar tegundir af flugbúnaði sem eru ekki endilega ætlaðar sérstaklega til notkunar í annaðhvort ómönnuðum eða mönnuðum loftförum heldur væri hægt að nota búnaðinn í öllum loftförum. Því ættu þær kröfur sem tengjast rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðnirófi eingöngu að gilda frá þeirri stundu þegar, og svo framarlega sem, hönnun ómönnuðu loftfaranna og hreyfla þeirra, loftskrúfna, hluta og óuppsetts búnaðar hefur verið vottuð í samræmi við þessa reglugerð. Tilgangur þessa er að tryggja að það fyrirkomulag sem gildir um slíkan flugbúnað sé lagað að því fyrirkomulagi sem gildir um önnur loftför og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta og óuppsettan búnað, sem slíkrar vottunar er einnig krafist fyrir samkvæmt þessari reglugerð. Til að tryggja samræmi ættu þessar kröfur, efnislega séð, að vera jafngildar þeim sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB ([2]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ([3]).

30) Fyrir sumar tegundir ómannaðra loftfara er ekki nauðsynlegt að beita ákvæðum þessarar reglugerðar um skráningu, vottun, auðkenningu, eftirlit og framfylgd, sem og ákvæðum sem tengjast Flugöryggisstofnuninni, til að tryggja fullnægjandi öryggisstig. Þau markaðseftirlitskerfi sem sett eru í samhæfingarlöggjöf Sambandsins um vörur ættu að gilda í þessum tilvikum.

31) Í ljósi þeirrar áhættu sem ómönnuð loftför geta haft í för með sér fyrir öryggi, einkalíf, vernd persónuupplýsinga, flugvernd eða umhverfið ætti að mæla fyrir um kröfur varðandi skráningu ómannaðra loftfara og umráðenda þeirra. Einnig er nauðsynlegt að koma á stafrænum, samræmdum og rekstrarsamhæfðum landsbundnum skráningarkerfum þar sem geyma ætti upplýsingar, þ.m.t. sömu grunngögn, um ómönnuð loftför og umráðendur þeirra, sem skráðar eru í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdargerðirnar sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Þessi landsbundnu skráningarkerfi ættu að fara að viðeigandi Sambandslögum og landslögum um friðhelgi einkalífs og vinnslu persónuupplýsinga og það ætti að vera greiður aðgangur að upplýsingunum sem eru geymdar í þessum skráningarkerfum.

32) Í skilyrðunum, reglunum og verklagsreglunum fyrir aðstæður þar sem krafist er vottunar fyrir hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu ómannaðra loftfara, sem og fyrir starfsfólk og fyrirtæki, sem taka þátt í þessari starfsemi, ætti að taka tillit til eðlis viðkomandi tegundar starfrækslu og áhættunnar sem í henni felst. Í þessum skilyrðum, reglum og verklagsreglum ætti einkum að taka tillit til tegundar, stærðar og flækjustigs starfrækslunnar, þ.m.t. þar sem við á, til umfangs og tegundar umferðarinnar, sem ábyrg stofnun eða einstaklingur sér um, til þess hvort starfsemin er aðgengileg almenningi, að hvaða marki starfsemin getur stofnað einstaklingum eða eignum á jörðu niðri í hættu, til tilgangs flugsins og tegundar loftrýmis sem notast er við, auk flækjustigs og afkastagetu viðkomandi ómannaðs loftfars.

33) Í þágu öryggis í almenningsflugi ætti að vera mögulegt að banna, takmarka eða setja sérstök skilyrði um þá starfsemi sem um getur í III. kafla þessarar reglugerðar. Þennan möguleika ætti að nýta í samræmi við framseldu gerðirnar og framkvæmdargerðirnar sem framkvæmdastjórnin samþykkti í þeim tilgangi. Vegna ástæðna á borð við almannaöryggi, vernd réttar til friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga eiga aðildarríki möguleika á að gera ráðstafanir, í samræmi við lög Sambandsins, sem falla utan gildissvið þessarar reglugerðar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

34) Að því er varðar þessa reglugerð teljast flugmódel til ómannaðra loftfara og eru einkum notuð við tómstundastarf. Í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum um ómönnuð loftför, sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar, ætti að taka tillit til þess að öryggisframmistaða svona flugmódela hefur hingað til verið góð, sérstaklega þeim sem flogið er af meðlimum flugmódelsamtaka eða -félaga, sem hafa þróað sérstakar hátternisreglur fyrir slíkar aðgerðir. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar framseldu gerðir og framkvæmdargerðir ætti hún þar að auki að taka til greina þörfina á snurðulausum umskiptum frá ýmsum landsbundnum kerfum yfir í nýja regluramma Sambandsins til að stýra megi flugmódelum á sama hátt og gert er í dag, sem og að taka tillit til fyrirliggjandi bestu starfsvenja í aðildarríkjunum.

35) Til þess að ná markmiðum þessarar reglugerðar ættu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna að starfa sem eitt evrópskt flugöryggiskerfi með því að deila tilföngum og starfa sameiginlega. Flugöryggisstofnunin ætti með virkum hætti að stuðla að sameiginlegri vottunar- og eftirlitsmenningu og miðlun bestu stjórnsýsluvenja, þ.m.t. með því að greiða fyrir starfsmannaskiptum milli lögbærra yfirvalda, til að stuðla að því að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð, með hliðsjón af endurgjöf frá hagsmunaaðilum. Vöktunarstarfsemi Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar beitingu aðildarríkjanna á þessari reglugerð ætti einnig að miða að því að efla getu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til að uppfylla skyldur sínar á sviði vottunar og eftirlits og að yfirfæra þekkingu á milli þessara yfirvalda.

36) Nauðsynlegt er að styðja aðildarríkin við að sinna verkefnum sínum á sviði vottunar, eftirlits – einkum í tengslum við sameiginlegt eftirlit og eftirlit yfir landamæri – og framfylgdar, með því að koma á skilvirkum regluramma fyrir samnýtingu á eftirlitsmönnum á sviði flugs (e. *aviation inspectors*) og öðrum sérfræðingum með viðeigandi sérfræðikunnáttu. Í þessu tilliti og í því skyni að greiða fyrir slíkum starfsmannaskiptum milli lögbærra landsyfirvalda ætti að fela Flugöryggisstofnuninni samræmingarhlutverk.

37) Flugöryggisstofnunin og lögbæru landsyfirvöldin ættu í sameiningu að vinna að því að bæta greiningu á ótryggu ástandi og gera ráðstafanir til úrbóta, eftir því sem við á. Aðildarríkin ættu einkum að geta framselt, til hver annarra eða til Flugöryggisstofnunarinnar, þau ábyrgðarsvið í þessari reglugerð sem varða vottun, eftirlit og framfylgd, sérstaklega ef það er nauðsynlegt til að auka öryggi eða skilvirkari notkun á tilföngum. Slíkt framsal ætti að vera valfrjálst, ætti aðeins fara fram þegar fullnægjandi vissa er fyrir því að hægt sé að framkvæma þessi verkefni með skilvirkum hætti og, að teknu tilliti til náinna tengsla milli vottunar, eftirlits og framfylgdar, ætti óhjákvæmilega að ná yfir öll þessi ábyrgðarsvið að því er varðar lögaðila eða einstakling, loftfar, búnað, flugvöll, ATM-/ANS-kerfi eða ATM-/ANS-kerfishluta sem framsalið varðar. Framsal ábyrgðar ætti að vera með gagnkvæmu samþykki, það ætti að vera hægt að afturkalla framsalið og gera samkomulag þar sem kveðið er á um nauðsynleg smáatriði til að tryggja snurðulaus umskipti og áframhaldandi skilvirka framkvæmd viðkomandi verkefna. Við gerð þessa ítarlega samkomulags ætti að taka tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða og lögmætra hagsmuna lögaðilans eða einstaklinganna sem málið varðar og, eftir atvikum, sjónarmiða Flugöryggisstofnunarinnar.

38) Við slíkt framsal ábyrgðar til annars aðildarríkis ætti lögbært landsyfirvald þess aðildarríkis sem samþykkti beiðnina um framsal að verða lögbært yfirvald og í kjölfarið hafa yfir að ráða öllum valdheimildum og bera alla ábyrgð að því er varðar viðkomandi lögaðila eða einstaklinga, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, og í landslögum þess aðildarríkis sem samþykkti beiðnina. Að því er varðar framfylgd ætti framsal eingöngu að varða ákvarðanir og ráðstafanir sem tengjast verkefnum á sviði vottunar og eftirlits sem eru framseld til lögbærs landsyfirvalds aðildarríkisins sem samþykkti beiðnina. Þessar ákvarðanir og ráðstafanir ættu að vera háðar endurskoðun landsdómstóla aðildarríkisins sem samþykkti beiðnina í samræmi við landslög þess aðildarríkis. Mögulegt er að aðildarríkið, sem samþykkti beiðnina, muni bera ábyrgð á framkvæmd umræddra verkefna. Framsalið ætti ekki að hafa áhrif á annars konar ábyrgð á framfylgd sem á aðildarríkinu, sem lagði fram beiðnina, hvílir.

39) Möguleikinn á að framselja ábyrgð á þeim verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, til Flugöryggisstofnunarinnar eða annarra aðildarríkja, ætti ekki að hafa áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Chicago-samningnum. Þar af leiðir að þótt slíkt framsal gefi til kynna yfirfærslu ábyrgðar í hendur Flugöryggisstofnunarinnar eða annarra aðildarríkja að því er varðar lög Sambandsins, hefur það ekki áhrif á ábyrgð aðildarríkisins, sem lagði fram beiðnina, samkvæmt Chicago-samningnum.

40) Þar sem samvinna milli Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda er nauðsynleg til að tryggja samræmt flugöryggi á háu stigi í Sambandinu ætti framsal verkefna á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar frá lögbærum

landsyfirvöldum til Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar fyrirtæki, sem eru með verulega aðstöðu og starfsfólk sem eru staðsett í fleiri en einu aðildarríki, ekki að stofna í hættu sjálfbærni lögbærra landsyfirvalda, með tilliti til þekkingar þeirra, færni, tilfanga og fjárhagslegrar getu, ætti ekki að leiða til neins konar samkeppni milli Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda og ætti ekki að hafa áhrif á sjálfstæði Flugöryggisstofnunarinnar þegar hún annast eftirlit með stöðlun í þeim tilgangi að staðfesta samræmda framkvæmd þessarar reglugerðar.

41) Koma ætti á fót stuðningskerfi fyrir eftirlit við aðstæður þar sem staðfest öryggistengd sönnunargögn úr skoðunum og annarri vöktunarstarfsemi, sem framkvæmd er af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar, gefa til kynna alvarlega og viðvarandi vangetu aðildarríkis til að framkvæma með skilvirkum hætti tiltekin eða öll verkefni sín á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar samkvæmt þessari reglugerð, og ef slíkar aðstæður stofna öryggi í almenningsflugi í hættu. Í slíkum tilvikum ætti Flugöryggisstofnunin og hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, að koma á fót tímabundinni áætlun um tækniaðstoð til þess að aðstoða viðkomandi aðildarríki við að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós. Slík áætlun um tækniaðstoð gæti einkum falið í sér þjálfun skoðunarmanna og annars hlutaðeigandi starfsfólks, aðstoð við að taka saman eftirlitsgögn og verklagsreglur um eftirlit, sem og annan raunhæfan og efnislegan stuðning sem er nauðsynlegur til að endurheimta öryggi. Við hönnun áætlunarinnar um tækniaðstoð og framkvæmd hennar ætti að taka tillit til þarfa og sjónarmiða Flugöryggisstofnunarinnar og viðkomandi aðildarríkis. Ef hlutaðeigandi aðildarríki viðurkennir að ekki er hægt að hrinda áætluninni í framkvæmd eins og áætlað var ætti það þó að tilkynna framkvæmdastjórninni um það og annaðhvort framselja ábyrgðina á viðkomandi verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar til Flugöryggisstofnunarinnar eða annars aðildarríkis, eða gera aðrar ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum.

42) Til þess að ná meginmarkmiðum þessarar reglugerðar, auk markmiða sem tengjast frjálsu flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns, ættu vottorð/skírteini/starfsleyfi, sem gefin eru út, og yfirlýsingar, sem lagðar eru fram í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, að vera í gildi og viðurkennd í öllum aðildarríkjum, án frekari krafna eða mats.

43) Við útgáfu vottorða/skírteina/starfsleyfa samkvæmt þessari reglugerð, gæti verið nauðsynlegt að taka mið af vottorðum/skírteinum/starfsleyfum, eða öðrum viðeigandi gögnum sem staðfesta reglufylgni, sem eru gefin út í samræmi við lög þriðju landa. Þetta skal gert ef kveðið er á um það í viðeigandi alþjóðasamningum, sem Sambandið gerir við þriðju lönd, eða framseldum gerðum, sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð, og í samræmi við þessa samninga eða framseldar gerðir.

44) Með tilliti til þeirra reglna sem kveðið er á um í þessari reglugerð um viðurkenningu á vottorðum/skírteinum/starfsleyfum og öðrum viðeigandi gögnum sem staðfesta reglufylgni, sem eru gefin út í samræmi við lög þriðju landa, ætti að segja upp eða uppfæra alla alþjóðasamninga milli aðildarríkis og þriðja lands ef slíkir samningar samrýmast ekki þessum reglum.

45) Veita ætti tiltekinn sveigjanleika að því er varðar beitingu þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð eða í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar voru á grundvelli hennar, til að gera aðildarríkjum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast tafarlaust við vandamálum sem tengjast öryggi í almenningsflugi eða til að veita undanþágur vegna ófyrirséðra, brýnna aðstæðna eða þarfa við starfrækslu, með fyrirvara um viðeigandi aðstæður einkum til að tryggja meðalhóf, hlutlæga stjórnun og gagnsæi. Af ástæðum er varða meðalhóf ættu Flugöryggisstofnunin og framkvæmdastjórnin eingöngu að meta umræddar undanþágur með það fyrir augum að gefa út tilmæli eða taka ákvörðun, eftir því sem við á, ef tímalengd þeirra er lengra en eitt áætlunartímabil flugrekanda, þ.e. átta mánuðir, sbr. þó valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ef Flugöryggisstofnunin er það lögbæra yfirvald sem gefur út tiltekin vottorð/skírteini/starfsleyfi í samræmi við þessa reglugerð ætti hún einnig að hafa valdheimildir til að veita slíkar undanþágur við sömu aðstæður og með sömu skilyrðum og gilda fyrir aðildarríkin. Í þessu sambandi ætti einnig, eftir því sem við á, að setja ákvæði um mögulegar breytingar á viðeigandi reglum, eins og mælt er fyrir um í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar, einkum til að heimila aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en tryggja á sama tíma viðunandi öryggisstig í almenningsflugi í Sambandinu.

46) Með það fyrir augum að tryggja rétta beitingu þessarar reglugerðar og með hliðsjón af nauðsyn þess að auðkenna, meta og draga úr öryggisáhættu í almenningsflugi, ættu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld að skiptast á öllum upplýsingum sem þau hafa undir höndum og varða beitingu þessarar reglugerðar. Í því skyni ætti Flugöryggisstofnuninni að vera heimilt að koma á skipulegu samstarfi um söfnun, greiningu og skipti á viðeigandi

öryggistengdum upplýsingum með því að notast við fyrirliggjandi upplýsingakerfi, ef hægt er. Með þetta að markmiði ætti Flugöryggisstofnuninni að vera heimilt að gera nauðsynlegt samkomulag við einstaklinga og lögaðila, sem heyra undir þessa reglugerð, eða við samtök slíkra aðila. Rétt er að taka fram að þegar Flugöryggisstofnunin framkvæmir samræmingarverkefni sem tengjast söfnun, greiningu og skipti á upplýsingum er hún áfram bundin af þeim takmörkunum um aðgengi að upplýsingum úr hljóðritunum eða myndupptökum í stjórnklefa og úr flugritum, sem eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([1]) og einkum 8. gr. (d-lið 2. mgr.), 14. gr. (g-lið 1. mgr.) og 14. gr. (2. mgr.).

47) Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að tryggja viðeigandi vernd upplýsinga sem framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld safna, skiptast á og greina samkvæmt þessari reglugerð, sem og að tryggja vernd heimilda fyrir slíkum upplýsingum. Þessar ráðstafanir ættu ekki að óþörfu að stangast á við réttarkerfi aðildarríkjanna. Þær ættu því ekki að hafa áhrif á gildandi efnislegar og réttarfarslegar reglur í sakamálum í hverju ríki fyrir sig, þ.m.t. notkun á upplýsingum sem sönnunargögn. Þessar ráðstafanir ættu enn fremur ekki að hafa áhrif á réttindi þriðju aðila til að höfða einkamál og ættu eingöngu að falla undir landslög.

48) Til að greiða fyrir upplýsingaskiptum milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar og aðildarríkjanna, þ.m.t. gagnaskiptum, sem skipta máli fyrir vottun, eftirlit og framfylgd, ætti Flugöryggisstofnunin, í samstarfi við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, að koma á fót og hafa umsjón með rafrænu gagnasafni fyrir slíkar upplýsingar.

49) Reglugerð (ESB) 2016/679 gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer við beitingu þessarar reglugerðar. Samkvæmt þeirri reglugerð er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um undanþágur og takmarkanir í tengslum við sum þau réttindi og skyldur sem kveðið er á um þar, þ.m.t. að því er varðar vinnslu læknisfræðilegra gagna og heilbrigðisgagna. Vinnsla persónuupplýsinga, einkum læknisfræðilegra gagna og heilbrigðisgagna, sem eru í gagnasafninu sem komið var á fót samkvæmt þessari reglugerð, er nauðsynleg til að koma á skilvirkri samvinnu milli aðildarríkjanna í tengslum við vottun og eftirlit með heilbrigði flugmanna. Skipti á persónuupplýsingum ætti að vera með fyrirvara um ströng skilyrði og takmarkast við það sem er algerlega nauðsynlegt til að ná markimiðum þessarar reglugerðar. Ef nauðsyn krefur ætti því að bæta við eða skýra meginreglur reglugerðar (ESB) 2016/679 í þessari reglugerð.

50) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([2]), einkum þau ákvæði hennar sem varða trúnaðarkvöð og öryggi við vinnslu, gildir um vinnslu Flugöryggisstofnunarinnar á persónuupplýsingum þegar hún sinnir ábyrgðarstörfum sínum í samræmi við þessa reglugerð og þá einkum við stjórnun gagnasafnsins sem komið var á fót samkvæmt þessari reglugerð. Ef nauðsyn krefur ætti því að bæta við eða skýra meginreglur reglugerðar (EB) nr. 45/2001 í þessari reglugerð.

51) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 ([3]) var Flugöryggisstofnuninni komið á fót, innan núverandi stofnana- og valdskiptingarkerfis Sambandsins, og er hún óháð í málum er varða tæknileg atriði og hefur sjálfræði í lagalegu, stjórnunarlegu og fjárhagslegu tilliti. Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 hefur starfssvið Flugöryggisstofnunarinnar verið rýmkað. Gera ætti tilteknar breytingar á skipulagi og starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar svo að hún sé betur í stakk búin til að sinna þeim nýju verkefnum sem henni eru falin með þessari reglugerð.

52) Samkvæmt stofnanakerfi Sambandsins er framkvæmd laga Sambandsins fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkjanna. Verkefni á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð og samkvæmt framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar voru á grundvelli hennar, ættu því að jafnaði að fara fram á landsvísu af hálfu eins eða fleiri lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Í tilteknum, skýrt skilgreindum tilvikum skal Flugöryggisstofnunin einnig hafa heimild til að annast þessi verkefni. Í þessum tilvikum skal Flugöryggisstofnuninni einnig vera heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við starfrækslu loftfars, starfsréttindi flugáhafnar eða notkun loftfars frá þriðja landi, þegar það er besta leiðin til að tryggja samræmi og greiða fyrir starfsemi innri markaðarins.

53) Flugöryggisstofnunin ætti að veita framkvæmdastjórninni tæknilega sérþekkingu við undirbúning nauðsynlegrar löggjafar og aðstoða, eftir því sem við á, aðildarríkin og atvinnugreinina við framkvæmd hennar. Hún skal vera fær um að gefa út vottunarforskriftir og leiðbeiningar, sem og aðrar ítarlegar forskriftir og leiðbeiningar, og að framkvæma tæknilegar rannsóknir og gefa út vottorð/skírteini/starfsleyfi eða skrá yfirlýsingar, eftir því sem þörf krefur.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (Stjtíð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1).

54) Hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS), einkum Galíleóáætlun Sambandsins, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 ([1]), munu gegna lykilhlutverki við að hrinda í framkvæmd evrópsku kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Í þessu tilliti ætti að koma skýrt fram að þjónusta, sem styrkir merki frá gervihnöttum í grunnklasa hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa til notkunar við flugleiðsögu, á borð við þá þjónustu sem rekstraraðili evrópska, víðfeðma leiðréttingakerfisins (EGNOS) og aðrir þjónustuveitendur veita, ætti að teljast til rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu (ATM-/ANS-þjónustu). Flugöryggisstofnunin ætti einnig að hafa valdheimildir til að þróa nauðsynlegar tækniforskriftir og til að votta fyrirtæki sem veita samevrópska ATM-/ANS-þjónustu, s.s. þjónustuveitanda EGNOS-kerfis, í því skyni að tryggja hátt, samræmt öryggisstig, rekstrarsamhæfi og skilvirka starfrækslu

55) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 ([2]) er lögð sú skylda á Flugöryggisstofnunina að tilkynna allar upplýsingar sem kunna að skipta máli vegna uppfærslu á skrá yfir flugrekendur sem af öryggisástæðum er bannað að stunda flugrekstur í Sambandinu. Flugöryggisstofnunin ætti einnig að aðstoða framkvæmdastjórnina við framkvæmd þeirrar reglugerðar með því að framkvæma nauðsynlegt mat á flugrekendum í þriðja landi og yfirvöldum sem eru ábyrg fyrir eftirliti með þeim, sem og við að koma viðeigandi tilmælum til framkvæmdastjórnarinnar.

56) Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar ætti að vera mögulegt að leggja sektir eða févíti, eða hvoru tveggja, á handhafa vottorða/skírteina/starfsleyfa, sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út, og á fyrirtæki, sem hafa lagt fram yfirlýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar, ef þau brjóta í bága við reglurnar sem gilda um þau samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja á slíkar sektir og févíti á grundvelli tilmæla Flugöryggisstofnunarinnar. Hvað þetta varðar ætti framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig, að bregðast við slíkum brotum með hóflegum og viðhlítandi hætti að teknu tilliti til annarra mögulegra ráðstafana á borð við afturköllun vottorðs/skírteinis/starfsleyfis.

57) Í því skyni að stuðla að samræmdri beitingu þessarar reglugerðar ætti Flugöryggisstofnunin að hafa heimild til að vakta beitingu aðildarríkjanna, m.a. með því að framkvæma skoðanir.

58) Á grundvelli tæknilegrar sérþekkingar sinnar ætti Flugöryggisstofnunin að aðstoða framkvæmdastjórnina við að ákvarða rannsóknarstefnu og við að hrinda rannsóknaráætlunum Sambandsins í framkvæmd. Henni ætti að vera heimilt að framkvæma rannsóknir, sem þörf er á þegar í stað, og að taka þátt í sérstökum rannsóknarverkefnum samkvæmt rammaáætlun Sambandsins um rannsóknir og nýsköpun eða öðrum opinberum eða einkareknum fjármögnunaráætlunum innan og utan Sambandsins.

59) Með hliðsjón af víxltengslum milli flugöryggis og flugverndar í almenningsflugi ætti Flugöryggisstofnunin að taka þátt í samvinnunni á sviði flugverndar, þ.m.t. netöryggi. Hún ætti að leggja til sérfræðiþekkingu sína til að styðja framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við framkvæmd reglna Sambandsins á þessu sviði.

60) Ef óskað er eftir því ætti Flugöryggisstofnunin að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina á sviði alþjóðasamskipta varðandi málefni sem falla undir þessa reglugerð, einkum að því er varðar samræmingu reglna og gagnkvæma viðurkenningu vottorða/skírteina/starfsleyfa. Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina ætti Flugöryggisstofnunin að hafa heimild, á grundvelli samkomulags um vinnutilhögun, til að koma á viðeigandi samskiptum við yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir sem eru lögbær í málefnum sem falla undir þessa reglugerð. Í því skyni að stuðla að öryggi á heimsvísu og í ljósi strangra krafna, sem beitt er innan Sambandsins, ætti Flugöryggisstofnuninni að vera heimilt að taka þátt, innan valdsviðs síns, í sérstakri tæknisamvinnu, rannsóknar- og stuðningsverkefnum með þriðju löndum og alþjóðastofnunum. Flugöryggisstofnunin ætti einnig að aðstoða framkvæmdastjórnina við framkvæmd laga Sambandsins á öðrum tæknisviðum reglugerða um almenningsflug, s.s. flugvernd eða samevrópska loftrýmið, ef Flugöryggisstofnunin býr yfir viðeigandi sérfræðikunnáttu.

61) Í því skyni að stuðla að bestu starfsvenjum og samræmdri framkvæmd á löggjöf Sambandsins um flugöryggi ætti Flugöryggisstofnunin að geta samþykkt aðila sem annast flugþjálfun og boðið upp á slíka þjálfun.

62) Um stjórnun og rekstur Flugöryggisstofnunarinnar gilda meginreglur sameiginlegrar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um sjálfstæðar stofnanir frá 19. júlí 2012.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 frá 11. desember 2013 um framkvæmd og nýtingu evrópskra leiðsögukerfa um gervihnött og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 876/2002 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).

63) Til að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geti haft eftirlit með starfi Flugöryggisstofnunarinnar ættu þau að eiga fulltrúa í stjórn hennar. Stjórnin skal hafa nauðsynlegar heimildir, einkum til að skipa forstjóra og samþykkja samsteypta ársskýrslu um starfsemi stofnunarinnar, áætlunarskjalið, árlegu fjárhagsáætlunina og fjárhagsreglurnar sem gilda um Flugöryggisstofnunina.

64) Til að tryggja gagnsæi ættu hagsmunaaðilar að eiga áheyrnarfulltrúa í stjórn Flugöryggisstofnunarinnar.

65) Í þágu almannaheilla skal Flugöryggisstofnunin styðjast eingöngu við sérþekkingu óháðra aðila í tengslum við öryggisaðgerðir sínar og styðjast mjög nákvæmlega við þessa reglugerð og við framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Allar ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar sem tengjast öryggismálum ættu því að vera í höndum forstjórans og skal hann fá mikið svigrúm til að leita ráðgjafar og skipuleggja innra starf Flugöryggisstofnunarinnar.

66) Tryggja þarf að aðilar, sem ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar hafa áhrif á, hafi aðgang að nauðsynlegum úrræðum sem ættu að vera í samræmi við sérstöðu flugsins. Því ætti að skilgreina viðeigandi kæruleiðir til að unnt sé að kæra ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar til kærunefndar en ákvarðanir hennar skal síðan vera unnt að kæra til Dómstóls Evrópusambandsins í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

67) Allar ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin tekur samkvæmt þessari reglugerð eru háðar endurskoðun Evrópudómstólsins í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins. Í samræmi við 261. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti Dómstóllinn að fá ótakmarkaða lögsögu að því er varðar ákvarðanir, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið, til að leggja á sektir eða févíti.

68) Þegar Flugöryggisstofnunin semur drög að almennum reglum, sem landsbundin yfirvöld eiga að hrinda í framkvæmd, ætti að hafa samráð við aðildarríkin. Í tilvikum þar sem slík drög gætu haft töluverð félagsleg áhrif ætti Flugöryggisstofnunin enn fremur að hafa samráð við hagsmunaaðila, þ.m.t. aðila vinnumarkaðarins í Sambandinu.

69) Í því skyni að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð með skilvirkum hætti ætti Flugöryggisstofnunin að starfa eftir þörfum með stofnunum, aðilum, skrifstofum og sérstofnunum Sambandsins á sviðum þar sem starfsemi þeirra hefur áhrif á tæknilega þætti almenningsflugs. Flugöryggisstofnunin ætti einkum að skiptast á upplýsingum við Efnastofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([1]), um öryggi efna, áhrif efna á flugöryggi og tilheyrandi vísindalega og tæknilega þætti. Ef þörf er á samráði í tengslum við hernaðarlega þætti ætti Flugöryggisstofnunin að hafa samráð, til viðbótar við aðildarríkin, við Varnarmálastofnun Evrópu, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1835 ([2]), og sérfræðinga á sviði hernaðar sem aðildarríkin tilnefna.

70) Nauðsynlegt er að veita almenningi fullnægjandi upplýsingar um öryggi í almenningsflugi og þar að lútandi umhverfisvernd, að teknu tilliti til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ([3]) og viðeigandi landslöggjafa.

71) Til að tryggja fullt sjálfræði og sjálfstæði Flugöryggisstofnunarinnar skal hún hafa sjálfstæðan fjárhag og tekjur hennar fyrst og fremst vera framlag Sambandsins og þóknanir og gjöld sem notendur evrópska flugöryggiskerfisins greiða. Engin fjárframlög, sem Flugöryggisstofnunin fær frá aðildarríkjunum, þriðju löndum eða öðrum aðilum, skulu stofna sjálfstæði og óhlutdrægni hennar í hættu. Fjárlagagerð Sambandsins gildir að því er varðar fjárframlag Sambandsins og aðra styrki sem veittir eru af fjárlögum Sambandsins en Endurskoðunarrétturinn ætti að annast endurskoðun reikningsskila. Til þess að gera Flugöryggisstofnuninni kleift að taka þátt í öllum viðeigandi framtíðarverkefnum ætti hún að hafa möguleika á að taka á móti styrkjum.

72) Til að tryggja að Flugöryggisstofnunin geti brugðist tímanlega og með skilvirkum hætti við beiðnum sem tengjast verkefnum sem hún annast, einkum verkefnum er varða vottun og verkefnum er varða hugsanlegt framsal á ábyrgð af hálfu aðildarríkjanna, og virða um leið trausta fjármálastjórnun, ætti yfirlitið um stöðugildi að taka mið af þeim auðlindum sem þörf er á til að bregðast við slíkum beiðnum tímanlega og með skilvirkum hætti, þ.m.t. verkefni sem

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([2]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1835 frá 12. október 2015 um ákvörðun á stofnsamþykkt, aðsetri og starfsreglum Varnarmálastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 266, 13.10.2015, bls. 55).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

framsal á ábyrgð hefur í för með sér. Í þessu skyni ætti að ákveða safn vísa til að mæla vinnuálag og skilvirkni Flugöryggisstofnunarinnar í tengslum við verkefni sem eru fjármögnuð með þóknunum og gjöldum. Með hliðsjón af þessum vísum ætti Flugöryggisstofnunin að aðlaga starfsmannaskipulag sitt og auðlindastjórnun sem tengjast þóknunum og gjöldum svo hún geti með fullnægjandi hætti brugðist við slíkum beiðnum og hvers kyns sveiflum í tekjum frá þóknunum og gjöldum.

73) Nauðsynlegt er að ákvarða viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nauðsynlega vernd viðkvæmra öryggistengdra upplýsinga.

74) Gjöld og þóknanir, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, ætti að ákveða með gagnsæjum, sanngjörnum og samræmdum hætti og án mismununar. Þau ættu ekki stofna samkeppnishæfni viðkomandi atvinnugreinar í Sambandinu í hættu. Það ætti enn fremur að ákvarða þessi gjöld og þóknanir á grundvelli viðmiðana þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til greiðslugetu viðkomandi lögaðila eða einstaklinga, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

75) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu framkvæmdarvaldi, einkum þeim hlutum sem snúa að ákvörðun ítarlegra ákvæða varðandi reglur og málsmeðferðarreglur, ætti að mestu leyti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

76) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlast þegar í stað gildi í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, sem varða aðgerðir til úrbóta og verndarráðstafanir ef brýna nauðsyn ber til.

77) Í því skyni að taka tillit til tæknilegra, vísindalegra eða rekstrarlegra þarfa eða öryggisþarfa ætti að fela framkvæmdastjórninni valdheimildir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingu á, eða, ef við á, viðbætur við þau ákvæði um lofthæfi sem varða hönnun og framleiðslu, fartímamörk, rekstraraðila flugvallar, ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta og hönnun, framleiðslu og viðhald á ómönnuðum loftförum og á hreyflum þess, loftskrúfum, hlutum, óuppsettum búnaði og búnaði til að fjarstýra loftfarinu, auk þeirra ákvæða um starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi og flugrekendur frá þriðja landi, ákvæði um tiltekna þætti eftirlits og framfylgdar, um viðurkenningu á vottun þriðja lands, um sektir og févíti, um kærunefndina og um kröfurnar sem settar eru fram í II.–IX. viðauka við þessa reglugerð.

Að auki ætti að veita framkvæmdastjórninni valdheimildir til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingu á tilvísuninni í þessari reglugerð í kröfurnar um umhverfisvernd, sem eru settar fram í 12. breytingu I. bindis, 9. breytingu II. bindis og fyrstu útgáfu III. bindis, sem gilda öll frá og með 1. janúar 2018, í 16. viðauka við Chicago-samninginn, í því skyni að uppfæra þær í ljósi síðari breytinga við 16. viðauka við þann samning.

78) Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldu gerðirnar sem breyta II.–IX. viðauka við þessa reglugerð ætti hún taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja og einkum til alþjóðlegra krafna sem settar eru fram í öllum viðaukunum við Chicago-samninginn.

79) Við samþykkt framseldra gerða samkvæmt þessari reglugerð er einkum mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([1]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða ættu Evrópuþingið og ráðið m.a. að taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra að hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

80) Veitendur flugleiðsöguþjónustu ættu koma á og framkvæma viðbragðsáætlun vegna röskunar á þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar.

81) Nauðsynlegt er að leita eftir aukinni þátttöku þriðju landa innan Evrópu til að tryggja aukið öryggi í almenningsflugi í allri Evrópu. Þriðju lönd innan Evrópu, sem hafa gert alþjóðasamninga við Sambandið um að samþykkja og beita réttarreglum Sambandsins á því sviði sem reglugerð þessi tekur til, ættu að taka þátt í þessu starfi Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við reglur og málsmeðferðarreglur sem settar eru innan ramma þessara samninga.

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

82) Í þessari reglugerð eru settar sameiginlegar reglur um almenningsflug og stofnun Flugöryggisstofnunarinnar viðhaldið. Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 216/2008 úr gildi.

83) Þar sem reglurnar, sem eru nauðsynlegar fyrir rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, er annaðhvort að finna í þessari reglugerð eða munu vera í framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, ætti að fella reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 ([1]) úr gildi. Hins vegar mun það taka einhvern tíma áður en hægt er að undirbúa og samþykkja nauðsynlegar framseldar gerðir og framkvæmdargerðir og áður en þær geta komið til framkvæmda.

Framkvæmdarreglurnar sem samþykktar eru á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 552/2004 ættu því að gilda áfram enn um sinn, nánar tiltekið reglugerðir (EB) nr. 1033/2006 ([2]), (EB) nr. 1032/2006 ([3]), (EB) nr. 633/2007 ([4]), (EB) nr. 262/2009 ([5]), (EB) nr. 29/2009 ([6]), (EB) nr. 73/2010 ([7]) og framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011 ([8]), (ESB) nr. 1207/2011 ([9]), og (ESB) nr. 1079/2012 ([10]). Því ættu tilteknar greinar reglugerðar (EB) nr. 552/2004 og þeir viðaukar hennar, sem vísað er til í hlutaðeigandi greinum, að gilda áfram að því er varðar viðfangsefnið sem fellur undir hana, fram að þeim degi þegar viðkomandi framkvæmdargerðir og framseldar gerðir koma til framkvæmda.

84) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 breytir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([11]) með því að fella brott III. viðauka við hana frá og með þeim degi er samsvarandi ráðstafanir, sem um getur í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, öðlast gildi. Slíkar ráðstafanir, sem enn bíða samþykktar, varða fartímamörk og reglur um hvíldartíma að því er varðar þjónustuflug, sjúkraflug og flutningaflug flugvéla með einn flugmann í áhöfn. Önnur ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3922/91 eru orðin úrelt. Því ber að fella reglugerð (EBE) nr. 3922/91 úr gildi frá og með þeim degi sem þessar ráðstafanir, sem enn bíða samþykktar, koma til framkvæmda. Með reglugerð (EBE) nr. 3922/91 var þó einnig komið á fót flugöryggisnefnd, í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, og sú nefnd aðstoðar einnig framkvæmdastjórnina innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2111/2005 til að tryggja að nefndin haldi áfram að aðstoða framkvæmdastjórnina, að því er varðar viðkomandi reglugerð, jafnvel eftir að búið er að fella reglugerð (EBE) nr. 3922/91 úr gildi.

85) Breytingarnar, sem þessi reglugerð hefur í för með sér, hefur áhrif á framkvæmd annarrar löggjafar Sambandsins. Því ætti að breyta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ([12]) og reglugerðum (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og (EB) nr. 2111/2005 til samræmis við það. Það ætti einkum að vera mögulegt fyrir ábyrg öryggisrannsóknaryfirvöld að ákveða að hefja ekki öryggisrannsókn að teknu tilliti til þess lærdóms sem gera má ráð fyrir að draga megi af slíkri rannsókn til að bæta flugöryggi, ef slys eða alvarlegt flugatvik ber að í tengslum við ómannað loftfar þar sem ekki er krafist vottorðs eða yfirlýsingar samkvæmt þessari reglugerð, og ef enginn einstaklingur lætur lífið eða slasast alvarlega. Rétt er að taka fram að í slíku tilviki eru framangreind vottorð og yfirlýsingar þau sem staðfesta að hönnun ómannaðra loftfara samrýmist gildandi kröfum og sem Flugöryggisstofnunin hefur eftirlit með. Öryggisrannsóknaryfirvöldin ættu að hafa þennan sveigjanleika frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins (Stjtíð. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 46).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1032/2006 frá 6. júlí 2006 um kröfur um sjálfvirk kerfi til að skiptast á fluggögnum að því er varðar tilkynningu, samræmingu og yfirfærslu upplýsinga um flug milli flugstjórnardeilda (Stjtíð. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 27).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 633/2007 frá 7. júní 2007 um kröfur vegna beitingar samskiptareglna skeytasendinga vegna flugs sem eru notaðar við tilkynningu, samræmingu og yfirfærslu upplýsinga um flug milli flugstjórnardeilda (Stjtíð. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 7).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009 frá 30. mars 2009 um kröfur um samræmda úthlutun og notkun á spurnarkóðum kögunarsvarratsjár (Mode S) fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð ESB L 84. 31.3.2009, bls. 20).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð. ESB L 13, 17.1.2009. bls. 3).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010 frá 26. janúar 2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 6).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um auðkenningu loftfars í tengslum við kögun í samevrópska loftrýminu (Stjtíð. ESB L 305, 23.11.2011. bls. 23).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1207/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu (Stjtíð. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 35).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2012 frá 16. nóvember 2012 um kröfur um bil milli talrása í samevrópska loftrýminu (Stjtíð. ESB L 320, 17.11.2012. bls. 14).

([11]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

86) Breyta ætti reglugerð (EB) nr. 1008/2008 til að taka tilhlýðilegt tillit til þess möguleika, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að Flugöryggisstofnunin geti orðið lögbært yfirvald vegna útgáfu flugrekandaskírteina og eftirlits með þeim. Auk þess er nauðsynlegt að styrkja skilvirkt eftirlit með flugrekendum því sífellt fleiri flugrekendur eru með fastar starfsstöðvar í nokkrum aðildarríkjum, sem leiðir til þess að lögbæra yfirvaldið, sem veitir flugrekstrarleyfin, og lögbæra yfirvaldið, sem veitir flugrekandaskírteini, er ekki endilega það sama lengur. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1008/2008 til að tryggja náið samstarf milli þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með flugrekandaskírteinum annars vegar og flugrekstrarleyfum hins vegar.

87) Í ljósi breytinga á reglukerfi Sambandsins, einkum fyrir ómönnuð loftför, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, ætti að breyta tilskipununum 2014/30/ESB og 2014/53/ESB. Einkum ætti að tryggja að flugbúnaður, sem varðar loftför önnur en ómönnuð loftför, sem og hreyfla, loftskrúfur, hluta og óuppsettan búnað sem tengist loftförum öðrum en ómönnuðum loftförum, falli áfram utan gildissviðs þessara tilskipana. Ómönnuð loftför og hreyflar þeirra, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður ættu einnig að falla utan gildissviðs þessara tilskipana en eingöngu frá þeirri stundu og svo framarlega sem hönnun þeirra hefur verið vottuð af Flugöryggisstofnuninni í samræmi við þessa reglugerð, þar sem þau falla í því tilviki og samkvæmt þessari reglugerð undir grunnkröfur sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðniróf og að það verði, sem hluti af þeim reglum um vottun, eftirlit og framfylgd sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að meta og tryggja samræmi þeirra við þessar kröfur. Hins vegar ætti undanþága slíks flugbúnaðar frá gildissviði tilskipunar 2014/30/ESB og 2014/53/ESB eingöngu að varða flugbúnað, sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar og er eingöngu ætlaður til notkunar í lofti á vernduðum flugfjarskiptatíðnum. Af þessum sökum er búnaður til að fjarstýra ómönnuðum loftförum, sem og búnaður sem er ætlaður til notkunar á flugi og einnig við tiltekna aðra notkun, ekki undanþeginn frá gildissviði tilskipunar 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og getur því fallið bæði undir reglur þessarar reglugerðar og þessara tilskipana.

88) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi og á sama tíma að tryggja öfluga og samræmda umhverfisvernd, vegna þess að flugsamgöngur eru almennt fjölþjóðlegs eðlis og flóknar, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess að þau ná til alls Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR

1. gr.

Viðfangsefni og markmið

1. Meginmarkmiðið með þessari reglugerð er að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu.

2. Markmið þessarar reglugerðar er enn fremur:

a) að stuðla að víðtækari flugmálastefnu á vettvangi Sambandsins og bæta heildarframmistöðu á sviði almenningsflugs,

b) að greiða fyrir frjálsum flutningi á vörum, fólki, þjónustu og fjármagni á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til, að veita öllum aðilum á innri loftflutningamarkaðinum jöfn samkeppnisskilyrði og að bæta samkeppnishæfni flugiðnaðarins í Sambandinu,

c) að stuðla að mikilli og samræmdri umhverfisvernd,

d) að greiða fyrir flutningi á heimsvísu á vörum, fólki, þjónustu og fjármagni á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til með því að koma á viðeigandi samvinnu við þriðju lönd og flugmálayfirvöld þeirra og stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum/skírteinum/starfsleyfum og öðrum viðeigandi gögnum,

e) að stuðla að kostnaðarhagkvæmni, m.a. með því að forðast tvíverknað, og að stuðla að skilvirkni í tengslum við reglusetningu, vottun og eftirlit sem og að nýta fjármagn með skilvirkum hætti á vettvangi Sambandsins og á landsvísu,

f) að stuðla að því að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til,

g) að aðstoða aðildarríkin við að nýta réttindi sín og rækja skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til með því að tryggja sameiginlega túlkun og samræmda og tímanlega framkvæmd ákvæða hans, eftir því sem við á,

h) að kynna sjónarmið Sambandsins varðandi kröfur og reglur um almenningsflug um heim allan með því að koma á viðeigandi samstarfi við þriðju lönd og alþjóðastofnanir,

i) að efla rannsóknir og nýsköpun, m.a. í tengslum við reglusetningu, vottun, og eftirlit,

j) að stuðla að tæknilegu og rekstrarlegu samhæfi á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til og að miðla bestu stjórnsýsluvenjum,

k) að efla traust farþega á almenningsflugi.

3. Markmiðunum, sem sett eru fram í 1. og 2. mgr., skal m.a. náð með því:

a) að semja og samþykkja öll nauðsynleg lög og beita þeim á samræmdan hátt,

b) að grípa til ráðstafana til að bæta öryggiskröfur,

c) að tryggja að þær yfirlýsingar og þau vottorð/skírteini/starfsleyfi, sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð og í samræmi við framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar, séu í gildi og viðurkennd í öllu Sambandinu án nokkurra viðbótarkrafna,

d) að þróa ítarlega tæknistaðla með aðkomu staðlastofnana og annarra atvinnugreinastofnana, sem skulu notaðir til að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, eftir því sem við á,

e) að stofna sjálfstæða Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“),

f) að lögbær landsyfirvöld og Flugöryggisstofnunin komi öllum nauðsynlegum lögum í framkvæmd á samræmdan hátt, hver á sínu ábyrgðarsviði,

g) að safna, greina og skiptast á upplýsingum til að styðja gagnreynda ákvarðanatöku,

h) að hrinda í framkvæmd framtaksverkefnum á sviði vitundarvakningar og kynninga, þ.m.t. þjálfun, samskipti og dreifingu viðkomandi upplýsinga.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir:

a) um hönnun og framleiðslu á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem einstaklingur eða lögaðili notar til að fjarstýra loftförum undir eftirliti Flugöryggisstofnunarinnar eða aðildarríkis, að því marki sem það fellur ekki undir b-lið,

b) um hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu loftfara, sem og hreyfla þeirra, loftskrúfa, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra loftförum, ef loftfarið er eða mun verða:

   i. skráð í aðildarríki, nema og að því marki sem aðildarríkið hefur falið þriðja landi ábyrgð sína samkvæmt Chicago-samningnum og loftfarið er starfrækt af flugrekanda/umráðanda frá þriðja landi,

   ii. skráð í þriðja landi og starfrækt af flugrekanda/umráðanda sem hefur staðfestu, búsetu eða höfuðstöðvar sínar á því yfirráðasvæði sem sáttmálarnir gilda um,

   iii. ómannað loftfar sem er hvorki skráð í aðildarríki né í þriðja landi og sem er starfrækt innan þess yfirráðasvæðis sem sáttmálarnir gilda um af umráðanda sem hefur staðfestu, búsetu eða höfuðstöðvar sínar innan þessa yfirráðasvæðis,

c) um starfrækslu flugrekanda/umráðanda í þriðja landi á loftförum til, innan eða frá því yfirráðasvæði sem sáttmálarnir gilda um,

d) um hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu öryggistengds flugvallarbúnaðar sem er notaður eða ætlaður til notkunar við þá flugvelli sem um getur í e-lið og veitingu flugafgreiðslu og hlaðstjórnunarþjónustu á þessum flugvöllum,

e) um hönnun, viðhald og rekstur flugvalla, þ.m.t. öryggistengdi búnaðurinn sem er notaður við þessa flugvelli, sem eru staðsettir á því yfirráðasvæði sem sáttmálarnir gilda um, sem:

i. eru opnir til afnota fyrir almenning,

ii. veita þjónusta fyrir flutningaflug og

iii. eru með blindflugsbraut lagða slitlagi sem er a.m.k. 800 metrar að lengd eða þjóna eingöngu þyrlum, sem notast við blindaðflugs- eða blindbrottflugsverklag,

f) um vöktun öryggis í nágrenni þeirra flugvalla sem um getur í e-lið, með fyrirvara um lög Sambandsins og landslög um umhverfismál og skipulag landnotkunar,

g) um veitingu ATM-/ANS-þjónustu í samevrópska loftrýminu og um hönnun, framleiðslu, viðhald og rekstur kerfa og kerfishluta sem notuð eru við veitingu þessarar þjónustu,

h) um hönnun á skipulagi loftrýmis í samevrópska loftrýminu, með fyrirvara um ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 ([1]) og ábyrgðir aðildarríkja að því er varðar loftrými sem heyra undir þeirra lögsögu.

2. Þessi reglugerð gildir einnig um það starfsfólk og þau fyrirtæki sem taka þátt í þeirri starfsemi sem um getur í 1. mgr.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) loftför og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta, óuppsettan búnað og búnað til að fjarstýra loftförum, þegar um er að ræða aðgerðir eða þjónustu af hálfu hers, tolls, lögreglu, leitar- og björgunarsveita, slökkviliðs, landamæravörslu strandgæslu eða svipaðar aðgerðir og þjónustu undir eftirliti og ábyrgð aðildarríkis, í þágu almannahagsmuna af hálfu eða fyrir hönd aðila sem fer með vald opinbers yfirvalds, auk starfsfólks og fyrirtækja sem taka þátt í þeirri starfsemi og þjónustu sem þessi loftför framkvæma eða veita,

b) flugvelli eða flugvallarhluta, sem og búnað, starfsfólk og fyrirtæki sem falla undir stjórn og rekstur hersins,

c) rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. kerfi og kerfishlutar, starfsfólk og fyrirtæki sem herinn lætur í té,

d) hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu loftfars sem felur í sér litla áhættu fyrir flugöryggi, eins og tilgreint er í I. viðauka, og fyrir starfsfólk og fyrirtæki sem koma að starfrækslunni, nema ef loftfarið hefur fengið, eða telst hafa fengið, útgefið vottorð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

Að því er varðar ákvæði a-liðar skulu aðildarríkin tryggja að starfsemi og þjónusta, sem loftförin, sem um getur í þeim lið, framkvæma eða veita, sé framkvæmd að teknu tilhlýðilegu tilliti til öryggismarkmiða þessarar reglugerðar. Aðildarríkin skulu einnig tryggja, eftir því sem við á, að þessi loftför séu aðskilin frá öðrum loftförum á öruggan hátt.

Með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Chicago-samningnum, er leyfilegt að starfrækja loftför, sem falla undir ákvæði I. viðauka við þessa reglugerð, í öðrum aðildarríkjum en því sem þau eru skráð í, með fyrirvara um samþykki aðildarríkisins á því yfirráðasvæði þar sem starfsemin fer fram. Viðhald þessara loftfara og breytingar á hönnun þeirra mega einnig fara fram í öðrum aðildarríkjum að því tilskildu að slíkar breytingar og viðhaldsaðgerðir séu framkvæmdar undir eftirliti aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð og í samræmi við málsmeðferðarreglur, sem komið hefur verið á fót með landslögum þess aðildarríkis.

4. Þrátt fyrir d-lið fyrstu undirgreinar 3. gr. gildir þessi reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, um hönnun, framleiðslu og viðhald loftfarstegundar, sem fellur undir gildissvið e-, f-, g-, h- eða i-liðar 1. liðar I. viðauka, og um starfsfólkið og fyrirtækin sem taka þátt í þessari starfsemi, ef:

a) fyrirtækið, sem ber ábyrgð á hönnun þessarar loftfarstegundar, hefur sótt um tegundarvottorð til Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við 11. gr. eða, ef við á, lagt fram yfirlýsingu hjá Flugöryggisstofnuninni í samræmi við a-lið 1. mgr. 18. gr. að því er varðar þá tegund loftfars,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20).

b) þessi tegund loftfars er ætluð til raðframleiðslu, og

c) hönnun þessarar loftfarstegundar hefur ekki verið samþykkt áður í samræmi við landslög aðildarríkis.

Þessi reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu gilda að því er varðar viðkomandi tegund loftfars frá útgáfudagsetningu tegundarvottorðsins eða, ef við á, frá deginum sem yfirlýsingin var gerð. Ákvæðin varðandi matið á umsókninni um tegundarvottorð og útgáfa Flugöryggisstofnunarinnar á tegundarvottorðinu skulu þó gilda frá þeim degi sem umsókninni er veitt móttaka.

5. Með fyrirvara um kröfur er varða þjóðaröryggi og landvarnir og 5. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 ([1]), skulu aðildarríkin tryggja að:

a) aðstaðan, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. þessar greinar, sem er aðgengileg almenningi, og

b) rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónusta, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. þessarar greinar, sem veitt er flugumferð sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 549/2004,

bjóði upp á öryggisstig og rekstrarsamhæfi við borgaraleg kerfi, sem eru jafn virk og það sem krafist er samkvæmt grunnkröfunum sem settar eru fram í VII. og VIII. viðauka við þessa reglugerð.

6. Aðildarríki getur ákveðið að beita ákvæðum I., II., III. eða VII. þáttar III. kafla, eða samsetningu þeirra, á hluta af starfseminni eða alla starfsemina sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr., og á það starfsfólk og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi ef aðildarríkið telur að hægt sé að beita þessum ákvæðum með skilvirkum hætti með hliðsjón af sérkennum hlutaðeigandi starfsemi, starfsfólks og fyrirtækja sem og með hliðsjón af tilgangi og innihaldi viðkomandi ákvæða.

Frá þeirri dagsetningu sem tiltekin er í þeirri ákvörðun skulu hlutaðeigandi starfsemi, starfsfólk og fyrirtæki eingöngu lúta ákvæðum viðkomandi þáttar eða þátta og ákvæðum þessarar reglugerðar sem tengjast beitingu þessara þátta.

Viðkomandi aðildarríki skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um ákvörðun sína og veita þeim allar viðeigandi upplýsingar, einkum:

a) um þann þátt eða þá þætti sem um er að ræða,

b) um viðkomandi aðgerðir, starfsfólk og fyrirtæki,

c) um ástæðu ákvörðunar sinnar, og

d) frá hvaða degi þessi ákvörðun gildir.

Ef framkvæmdastjórnin telur, að höfðu samráði við Flugöryggisstofnunina, að skilyrðið sem tilgreint er í fyrstu undirgrein hafi ekki verið uppfyllt, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem hún setur fram ákvörðun sína. Við tilkynningu um slíkar framkvæmdargerðir til hlutaðeigandi aðildarríkis skal það aðildarríki tafarlaust taka ákvörðun um að breyta eða afturkalla fyrri ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, og tilkynna það framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni.

Með fyrirvara um ákvæði fjórðu undirgreinar getur aðildarríki einnig hvenær sem er ákveðið að breyta eða afturkalla fyrri ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Í slíkum tilvikum skal aðildarríkið tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni.

Flugöryggisstofnunin skal setja allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, sem hafa verið tilkynntar samkvæmt þessari málsgrein, í gagnasafnið sem um getur í 74. gr.

Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis skulu vinna saman við beitingu ákvæða þessarar málsgreinar.

7. Aðildarríki geta ákveðið að undanskilja frá ákvæðum þessarar reglugerðar hönnun, viðhald og rekstur flugvallar og öryggistengdan búnað sem notaður er við þann flugvöll, ef ekki fleiri en 10 000 farþegar í flutningaflugi fara um flugvöllinn á ári og ekki eiga sér stað fleiri en 850 flughreyfingar í tengslum við farm á ári, og að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki tryggi að slík undanþága leiði ekki til þess að grunnkröfunum, sem um getur í 33. gr., verði ekki fylgt.

Frá dagsetningunni sem er tilgreind í þessari ákvörðun um undanþágu skal hönnun, viðhald og rekstur viðkomandi flugvallar og öryggistengdur búnaður, flugafgreiðsla og hlaðstjórnunarþjónusta á þeim flugvelli hvorki lengur falla undir þessa reglugerð né framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10).

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um ákvörðun sína um undanþágu og ástæður fyrir samþykkt hennar.

Ef framkvæmdastjórnin telur, að höfðu samráði við Flugöryggisstofnunina, að slík undanþága aðildarríkis uppfylli ekki skilyrðin sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem hún setur fram ákvörðun sína. Við tilkynningu um slíkar framkvæmdargerðir til hlutaðeigandi aðildarríkis skal það aðildarríki tafarlaust taka ákvörðun um að breyta eða afturkalla ákvörðun sína um undanþágu og tilkynna það framkvæmdastjórninni og Flugöryggis-stofnuninni.

Aðildarríkin skulu einnig tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um undanþágurnar sem þær hafa veitt skv. 3. mgr. b 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

Aðildarríki skulu árlega skoða tölurnar yfir umferð á flugvöllum, sem þau hafa veitt undanþágur samkvæmt þessari málsgrein eða 3. mgr. b 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Ef í ljós kemur við þessa skoðun að í þrjú ár samfellt hafi einhver þessara flugvalla tekið á móti yfir 10 000 farþegum í flutningaflugi eða að þar hafi átt sér stað fleiri en 850 flughreyfingar á ári í tengslum við farmflutninga, skulu hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla undanþáguna fyrir þann flugvöll. Í slíku tilviki skal það aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það.

Flugöryggisstofnunin skal setja allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, sem hafa verið tilkynntar samkvæmt þessari málsgrein, í gagnasafnið sem um getur í 74. gr.

8. Aðildarríki getur ákveðið að undanskilja frá þessari reglugerð hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu eins eða fleiri eftirfarandi gerða loftfara:

a) flugvélar, aðrar en ómannaðar flugvélar, sem hafa ekki fleiri en tvö sæti, hafa mælanlegan ofrishraða eða minnsta stöðuga hraða í lendingarham, sem er að hámarki 45 hnúta sýndur flughraði, og með hámarksflugtaksmassa, eins og hann er skráður af aðildarríkinu, sem er að hámarki 600 kg í flugvélum sem ekki eru ætlaðar til starfrækslu á vatni eða 650 kg í flugvélum sem eru ætlaðar til starfrækslu á vatni,

b) þyrlur, aðrar en ómannaðar þyrlur, sem hafa ekki fleiri en tvö sæti og eru með hámarksflugtaksmassa, eins og hann er skráður af aðildarríkinu, sem er að hámarki 600 kg í þyrlum sem ekki eru ætlaðar til starfrækslu á vatni eða 650 kg fyrir þyrlur sem eru ætlaðar til starfrækslu á vatni,

c) svifflugur, aðrar en ómannaðar svifflugur, og vélsvifflugur, aðrar en ómannaðar vélsvifflugur, sem hafa ekki fleiri en tvö sæti og eru með hámarksflugtaksmassa, eins og hann er skráður af aðildarríkinu, sem er að hámarki 600 kg.

Að því er varðar þær gerðir loftfara sem um getur í fyrstu undirgrein er aðildarríkjunum þó ekki heimilt að taka slíka ákvörðun varðandi loftför, sem hafa fengið, eða teljast hafa fengið, útgefið vottorð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða í samræmi við þessa reglugerð eða sem yfirlýsing hefur verið lögð fram fyrir í samræmi við þessa reglugerð.

9. Ákvörðun aðildarríkis um undanþágu skv. 8. mgr. skal ekki að koma í veg fyrir að fyrirtæki með höfuðstöðvar á yfirráðasvæði þessa aðildarríkis ákveði að halda áfram hönnunar- og framleiðslustörfum sínum að því er varðar loftför sem falla undir þessa ákvörðun, í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Ef slíkt fyrirtæki tekur slíka ákvörðun skal það upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki um það. Í slíkum tilvikum skal ákvörðunin um undanþágu sem aðildarríkið tekur skv. 8. mgr. ekki gilda um þessi hönnunar- eða framleiðslustörf eða um þau loftför sem eru hönnuð eða framleidd sem hluti af þessari starfsemi.

10. Án þess að hafa áhrif á skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Chicago-samningnum er leyfilegt að starfrækja loftför, sem falla undir ákvörðunina um undanþágu skv. 8. mgr. og eru skráð í aðildarríkinu sem tók ákvörðunina, í öðrum aðildarríkjum með fyrirvara um samþykki aðildarríkisins á því yfirráðasvæði þar sem starfsemin fer fram. Viðhald þessara loftfara, eða breyting á hönnun þeirra, má einnig fara fram í öðrum aðildarríkjum, að því tilskildu að slíkar viðhaldsaðgerðir og breytingar á hönnun séu framkvæmdar undir eftirliti aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð og í samræmi við málsmeðferðarreglur sem komið hefur verið á fót með landslögum þess aðildarríkis.

Í vottorði sem er gefið út vegna loftfars sem fellur undir ákvörðun um undanþágu, sem er tekin skv. 8. mgr., skal greinilega tekið fram að vottorðið sé ekki gefið út samkvæmt þessari reglugerð heldur samkvæmt landslögum þess aðildarríkis sem gefur út vottorðið. Önnur aðildarríki geta aðeins samþykkt slík landsbundin vottorð ef þau hafa sjálf tekið samsvarandi ákvörðun skv. 8. mgr.

11. Ákvæði landslaga í því aðildarríki sem tekið hefur ákvörðun um undanþágu í samræmi við 8. mgr. um störf er varða hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu loftfarsins, sem þessi undanþága gildir um, skulu vera í réttu hlutfalli við eðli viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst og skulu taka mið af markmiðunum og meginreglunum sem eru sett fram í 1. og 4. gr. eftir því sem við á.

Það aðildarríki sem hefur tekið ákvörðun um undanþágu skv. 8. mgr. skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um þessa ákvörðun og veita þeim allar viðeigandi upplýsingar, einkum dagsetninguna sem ákvörðunin tekur gildi og þá gerð loftfars sem hún varðar.

Aðildarríki getur ákveðið að breyta eða afturkalla ákvörðun um undanþágu sem það hefur tekið skv. 8. mgr. Í slíkum tilvikum skal aðildarríkið tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni.

Flugöryggisstofnunin skal setja allar ákvarðanir aðildarríkjanna, sem hafa verið tilkynntar samkvæmt þessari málsgrein, í gagnasafnið sem um getur í 74. gr.

Ákvörðun aðildarríkis um undanþágu skv. 8. mgr. gildir einnig um þau fyrirtæki og það starfsfólk sem tekur þátt í þeim störfum er varða hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu, sem viðkomandi ákvörðun gildir um.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „eftirlit“: sannprófun, sem lögbæra yfirvaldið eða einhver fyrir þess hönd, framkvæmir með samfelldum hætti, á því hvort kröfur þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar og sem liggja til grundvallar útgáfu vottorðs/skírteinis/starfsleyfis eða útgáfu yfirlýsingar, séu áfram uppfylltar,

2) „Chicago-samningurinn“: samningurinn um alþjóðaflugmál, ásamt viðaukum hans, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944,

3) „framleiðsluvara“: loftfar, hreyfill eða loftskrúfa,

4) „hluti“: allir hlutar framleiðsluvöru, eins og skilgreint er í tegundarhönnun framleiðsluvörunnar,

5) „rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta“ (ATM/ANS): rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónusta sem nær yfir allt eftirfarandi: aðgerðir og þjónustu á sviði flugleiðsöguþjónustu, eins og hún er skilgreind í 10. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, flugleiðsöguþjónustu, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, þ.m.t. þau netstjórnunarverkefni og -þjónustu sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004, sem og þjónustu sem styrkir merki frá gervihnöttum í grunnklasa hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa (e. *core constellations of GNSS*) til notkunar við flugleiðsögu, flugferlahönnun sem og þjónustu sem samanstendur af því að búa til og vinna gögn ásamt því að sníða þau og afhenda þau til notkunar fyrir almenna flugumferð í tengslum við flugleiðsögu,

6) „kerfishlutar rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu“ (ATM-/ANS-kerfishlutar): áþreifanlegir hlutir eins og vélbúnaður og óáþreifanlegir hlutir eins og hugbúnaður sem rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar byggist á,

7) „kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu“ (ATM-/ANS-kerfi): safn af kerfishlutum í lofti og á jörðu niðri svo og búnaður í geimnum sem veitir stuðning fyrir flugleiðsöguþjónustu á öllum stigum flugs,

8) „mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar“: áætlun sem ráðið samþykkti með ákvörðun ráðsins 2009/320/EB ([1]), í samræmi við 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 219/2007 ([2]),

9) „vottun“: hvers konar viðurkenning í samræmi við þessa reglugerð, sem byggist á viðeigandi mati á því hvort lögaðili eða einstaklingur, framleiðsluvara, hluti, óuppsettur búnaður, búnaður til að fjarstýra ómönnuðu loftfari, flugvöllur, öryggistengdur flugvallarbúnaður, ATM-/ANS-kerfi, ATM-/ANS-kerfishlutar eða flughermisþjálfi uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, með útgáfu viðeigandi vottorðs/skírteinis/starfsleyfis til staðfestingar á slíkri reglufylgni,

10) „yfirlýsing“: skrifuð yfirlýsing, sem lögaðili eða einstaklingur, sem heyrir undir þessa reglugerð, leggur fram á eigin ábyrgð í samræmi við þessa reglugerð, sem staðfestir að viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdaðgerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, varðandi lögaðila eða einstakling, framleiðsluvöru, hluta, óuppsettan búnað, búnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari, öryggistengdan flugvallarbúnað, ATM-/ANS-kerfi, ATM-/ANS-kerfishluta eða flughermisþjálfa, séu uppfylltar,

([1]) Ákvörðun ráðsins 2009/320/EB frá 30. mars 2009 um samþykki evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar á grunni rannsóknarverkefnis á vegum rekstrarstjórnunar flugumferðar í tengslum við samevrópskt loftrými (SESAR) (Stjtíð. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 41).

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) (Stjtíð. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1).

11) „hæfur aðili“: viðurkenndur lögaðili eða einstaklingur sem Flugöryggisstofnunin eða lögbært landsyfirvald kann að fela tiltekin vottunar- eða eftirlitsverkefni samkvæmt þessari reglugerð, undir stjórn og ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar eða lögbæra landsyfirvaldsins,

12) „vottorð/skírteini/starfsleyfi“ (e. *certificate*): vottorð, samþykki, skírteini, heimild, staðfestingarvottorð eða annað skjal sem gefið er út í framhaldi af vottun sem staðfestir samræmi við viðeigandi kröfur,

13) „flugrekandi/umráðandi“ (e. *aircraft operator*): lögaðili eða einstaklingur sem starfrækir eða hefur í hyggju að starfrækja eitt eða fleiri loftför,

14) „rekstraraðili flugvallar“: lögaðili eða einstaklingur sem starfrækir eða hefur í hyggju að starfrækja einn eða fleiri flugvelli,

15) „flughermisþjálfi“: allar gerðir tækja þar sem hermt er á jörðu niðri eftir flugskilyrðum, þ.m.t. flughermar, flugþjálfunartæki, flug- og leiðsöguferlaþjálfar (FNPT) og grunnþjálfunartæki fyrir blindflug,

16) „flugvöllur“: tiltekið svæði á landi eða á vatni, á föstu eða fljótandi mannvirki á landi eða úti fyrir strönd, þ.m.t. allar byggingar, mannvirki og búnaður, sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komur og brottfarir loftfara og hreyfingar þeirra á jörðu niðri,

17) „öryggistengdur flugvallabúnaður“: hvers konar mælar, búnaður, kerfi, tækjabúnaður, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukabúnaður, sem er notaður eða ætlaður til notkunar til að styðja við örugga starfrækslu loftfara á flugvelli,

18) „hlað“: skilgreint svæði sem ætlað er fyrir loftför í því skyni að hleypa farþegum um borð eða frá borði, við hleðslu eða affermingu pósts, farangurs eða farms, til eldsneytisáfyllingar eða viðhalds eða sem stæði fyrir loftför,

19) „hlaðstjórnunarþjónusta“: þjónusta sem veitt er til að stjórna aðgerðum og hreyfingum loftfara og ökutækja á hlaði,

20) „flugupplýsingaþjónusta“: þjónusta sem veitt er í þeim tilgangi að veita ráð og upplýsingar sem nýtast til öruggrar og skilvirkrar framkvæmdar flugs,

21) „almenn flugumferð“: allar hreyfingar almennings- og ríkisloftfara sem fara fram í samræmi við verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO),

22) „alþjóðlegar kröfur og ráðlagðar starfsvenjur“: alþjóðlegar kröfur og ráðlagðar starfsvenjur sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt í samræmi við 37. gr. Chicago-samningsins,

23) „flugafgreiðsla“: öll þjónusta sem veitt er á flugvöllum sem samanstendur af öryggistengdum aðgerðum á sviði eftirlits á jörðu niðri, flugumsjónar og hleðslueftirlits, farþegaafgreiðslu, farangursafgreiðslu, fragt- og póstafgreiðslu, afgreiðslu loftfara á hlaði, þjónustu loftfara, áfyllingu eldsneytis, olíu og flugvista, þ.m.t. tilvik þar sem flugrekendur/umráðendur loftfara veita sjálfum sér þessa flugafgreiðslu (eigin afgreiðsla),

24) „flutningaflug“: starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, farmi eða pósti gegn greiðslu eða annars konar gjaldi,

25) „öryggisframmistaða“: öryggisárangur Sambandsins, aðildarríkis eða fyrirtækis, samkvæmt frammistöðumarkmiðum þeirra um öryggi og frammistöðuvísum öryggis,

26) „frammistöðuvísir öryggis“: mæliþáttur sem er notaður við vöktun og mat á öryggisframmistöðu,

27) „frammistöðumarkmið um öryggi“: áætlað eða fyrirhugað markmið um að fara að frammistöðuvísum öryggis á tilteknu tímabili,

28) „loftfar“: sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar,

29) „óuppsettur búnaður“ (e. *non-installed equipment*): hvers konar mælar, búnaður, kerfi, tækjabúnaður, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukabúnaður, sem flugrekandi/umráðandi tekur með um borð í loftfar, sem er ekki hluti og sem er notaður eða ætlaður til notkunar við starfrækslu eða stjórn loftfars, sem eykur líkurnar á því að farþegar komist lífs af, eða sem gæti haft áhrif á örugga starfrækslu loftfarsins,

30) „ómannað loftfar“: hvers kyns loftfar sem er starfrækt eða hannað fyrir flug með sjálfstýringu eða fjarstýribúnaði án flugmanns um borð,

31) „fjarflugmaður“ (e. *remote pilot*): einstaklingur sem ber ábyrgð á öruggu flugi ómannaðs loftfars með því að stjórna stýrakerfi loftfarsins, annaðhvort handvirkt eða, ef ómannaða loftfarið flýgur sjálfvirkt, með því að fylgjast með stefnu þess og vera reiðubúinn að grípa inn í og breyta stefnunni hvenær sem er,

32) „búnaður til að fjarstýra ómönnuðu loftfari“ (e. *equipment to control unmanned aircraft remotely*): hvers konar mælar, búnaður, kerfi, tækjabúnaður, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukabúnaður, sem er nauðsynlegur fyrir örugga starfrækslu ómannaðs loftfars, sem er ekki hluti og sem er ekki hafður um borð í ómannaða loftfarinu,

33) „samevrópskt loftrými“: loftrýmið yfir því yfirráðasvæði sem sáttmálinn gildir um, auk hvers konar annars loftrýmis þar sem aðildarríki beita reglugerð (EB) nr. 551/2004 í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar,

34) „lögbært landsyfirvald“: einn eða fleiri aðilar sem eru tilnefndir af aðildarríki og hafa nauðsynlegar heimildir og er falin ábyrgð á vottun, eftirliti og framfylgd í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 549/2004.

4. gr.

Meginreglur fyrir ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð

1. Þegar framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin grípa til ráðstafana samkvæmt þessari reglugerð skulu þau:

a) taka mið af nýjustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjum á sviði flugs og taka tillit til reynslu á sviði flugs um heim allan og framfara á sviði vísinda og tækni á viðkomandi sviðum,

b) byggja á bestu tiltækum gögnum og greiningum,

c) gefa svigrúm til að bregðast tafarlaust við staðfestum orsökum slysa, alvarlegra flugatvika og flugverndarbrota af ásetningi.

d) taka tillit til vixltengsla milli mismunandi sviða flugöryggis, og milli flugöryggis, netöryggis og annarra tæknisviða í flugreglugerðum,

e) ef það er hægt, mæla fyrir um kröfur og málsmeðferðarreglur á grundvelli frammistöðu með áherslu á þau markmið sem stefnt er að, jafnframt því að gefa færi á mismunandi leiðum til að ná þessum frammistöðumiðuðu markmiðum,

f) stuðla að samvinnu og skilvirkri notkun á tilföngum meðal yfirvalda á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna,

g) grípa til ráðstafana sem eru ekki bindandi, þ.m.t. aðgerða sem efla öryggi, þegar kostur er,

h) taka tillit til alþjóðlegra réttinda og skuldbindinga Sambandsins og aðildarríkjanna á sviði almenningsflugs, þ.m.t. þeirra sem kveðið er á um í Chicago-samningnum.

2. Ráðstafanirnar, sem eru gerðar samkvæmt þessari reglugerð, skulu vera í samræmi við og í réttu hlutfalli við eðli starfseminnar sem þær tengjast og tilheyrandi áhættunnar sem í henni felst. Við undirbúning og framfylgd slíkra ráðstafana skulu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin taka tillit til eftirfarandi atriða, eftir því sem við á fyrir viðkomandi starfsemi:

a) hvort aðrir en flugáhöfnin séu um borð og einkum hvort flugið sé opið almenningi eða ekki,

b) að hvaða marki starfsemin gæti stofnað þriðju aðilum eða eignum á jörðu niðri í hættu,

c) hversu flókin viðkomandi loftför eru, afkastagetu þeirra og rekstrareiginleika,

d) tilgangi flugsins, tegundar loftfars og tegundar loftrýmis sem notast er við,

e) gerðar, stærðar og flækjustigs starfrækslunnar eða starfseminnar, þ.m.t. ef við á, magns og tegundar umferðarinnar sem ábyrg stofnun eða einstaklingur sér um,

f) að hvaða marki þeir einstaklingar sem verða fyrir áhrifum af áhættunni, sem í starfrækslunni felst, eru færir um að meta og hafa stjórn á þessari áhættu,

g) niðurstaðna úr fyrri vottunar- og eftirlitsstarfsemi.

II. KAFLI

FLUGÖRYGGISSTJÓRNUN

5. gr.

Flugöryggisáætlun Evrópu (e. *European Aviation Safety Programme*)

1. Að höfðu samráði við Flugöryggisstofnunina og aðildarríkin skal framkvæmdastjórnin samþykkja, birta og uppfæra eftir þörfum skjal sem lýsir virkni evrópska flugöryggiskerfisins, sem inniheldur þær reglur, aðgerðir og verklagsreglur sem eru notaðar við öryggisstjórnun í almenningsflugi í Sambandinu í samræmi við þessa reglugerð (hér á eftir nefnd „flugöryggisáætlun Evrópu“).

2. Flugöryggisáætlun Evrópu skal a.m.k. innihalda þá þætti sem varða ábyrgð ríkis á öryggisstjórnun, sem lýst er í alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum.

Í flugöryggisáætlun Evrópu skal að auki gefa lýsingu á ferlinu við þróun, samþykkt, uppfærslu og framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar um flugöryggi í Evrópu, sem um getur í 6. gr., sem skal fela í sér nána aðkomu aðildarríkjanna og viðkomandi hagsmunaaðila.

6. gr.

Aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu (e. *European Plan for Aviation Safety*)

1. Flugöryggisstofnunin, í nánu samstarfi við aðildarríkin og viðkomandi hagsmunaaðila sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr., skal þróa, samþykkja og birta aðgerðaætlun um flugöryggi í Evrópu og uppfæra hana síðan a.m.k. árlega. Á grundvelli mats á viðeigandi öryggisupplýsingum skal aðgerðaáætlunin um flugöryggi í Evrópu innihalda lýsingu á helstu öryggisáhættuþáttum, sem hafa áhrif á evrópska flugöryggiskerfið, og lýsingu á þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að draga úr slíkri áhættu.

2. Flugöryggisstofnunin skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin og viðkomandi hagsmunaaðila sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr., skrá í sérstaka skjalamöppu þá öryggisáhættuþætti, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og fylgjast með framkvæmd aðgerða, sem viðkomandi aðilar grípa til í því skyni að draga úr þessum áhættuþáttum, þ.m.t. með því að ákvarða frammistöðuvísa öryggis, eftir því sem við á.

3. Með hliðsjón af markmiðunum, sem sett eru fram í 1. gr., skal í aðgerðaáætluninni um flugöryggi í Evrópu tilgreina frammistöðustig í öryggismálum í Sambandinu. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu í sameiningu miða að því að ná þessu frammistöðustigi í öryggismálum.

7. gr.

Flugöryggisáætlun ríkis (e. *State Safety Programme*)

1. Hvert aðildarríki skal, í samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, koma á fót og viðhalda flugöryggisáætlun ríkis í tengslum við öryggisstjórnun í almenningsflugi með tilliti til þeirrar flugstarfsemi sem heyrir undir ábyrgðarsvið þess (hér á eftir nefnd „flugöryggisáætlun ríkis“). Áætlunin skal vera í réttu hlutfalli við umfang og flækjustig þessarar starfsemi og skal samræmast flugöryggisáætlun Evrópu.

2. Flugöryggisáætlun ríkis skal innihalda a.m.k. þá þætti sem varða ábyrgð ríkis á öryggisstjórnun, sem lýst er í alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum.

3. Með hliðsjón af markmiðunum, sem sett eru fram í 1. gr., og frammistöðustigs í öryggismálum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., skal í flugöryggisáætlun ríkis tilgreina það frammistöðustig í öryggismálum sem stefnt er að á landsvísu með tilliti til þeirrar flugstarfsemi sem heyrir undir ábyrgðarsvið hlutaðeigandi aðildarríkis.

8. gr.

Aðgerðaáætlun ríkis um flugöryggi (e. *State Plan for Aviation Safety*)

1. Flugöryggisáætlun ríkis skal innihalda eða með henni fylgja aðgerðaáætlun ríkis um flugöryggi. Á grundvelli mats á viðeigandi öryggisupplýsingum skal hvert aðildarríki, í samráði við viðeigandi hagsmunaaðila, tilgreina í þessari áætlun helstu öryggisáhættuþætti sem hafa áhrif á flugöryggiskerfi þess og gera grein fyrir þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að draga úr slíkum áhættuþáttum.

2. Aðgerðaáætlun ríkis um flugöryggi skal innihalda þá áhættuþætti og þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðaáætluninni um flugöryggi í Evrópu sem skipta máli fyrir hlutaðeigandi aðildarríki. Aðildarríkið skal greina Flugöryggisstofnuninni frá þeim áhættuþáttum og aðgerðum sem tilgreindar eru í aðgerðaáætluninni um flugöryggi í Evrópu sem það telur ekki skipta máli fyrir flugöryggiskerfi þess og skal greina frá ástæðum þess.

III. KAFLI

EFNISLEGAR KRÖFUR

I. ÞÁTTUR

Lofthæfi og umhverfisvernd

9. gr.

Grunnkröfur

1. Þau loftför sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., að undanskildum ómönnuðum loftförum, og hreyflar þeirra, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður skulu uppfylla grunnkröfurnar um lofthæfi, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Að því er varðar hávaða og losun skulu þessi loftför og hreyflar þeirra, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður uppfylla kröfurnar um umhverfisvernd, sem settar eru fram í 12. breytingu á I. bindi, í 9. breytingu á II. bindi og í fyrstu útgáfu af III. bindi, sem gilda öll frá og með 1. janúar 2018, í 16. viðauka við Chicago-samninginn.

Grunnkröfurnar um samrýmanleika við umhverfið, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð, gilda um framleiðsluvörur, hluta og óuppsettan búnað að því marki sem ákvæði Chicago-samningsins, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, feli ekki í sér kröfur um umhverfisvernd.

Fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun, framleiðslu og viðhaldi á þeim framleiðsluvörum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., skulu uppfylla kröfurnar í 8. lið í III. viðauka við þessa reglugerð.

10. gr.

Reglufylgni

1. Að því er varðar þau loftför sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr., að undanskildum ómönnuðum loftförum, og hreyfla þeirra, loftskrúfur og hluta skal tryggja að farið sé að ákvæðum 9. gr. í samræmi við 11. og 12. gr. og 1. mgr. 15. gr.

2. Að því er varðar þau loftför sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr., að undanskildum ómönnuðum loftförum, og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta og óuppsettan búnað skal tryggja að farið sé að ákvæðum 9. gr. í samræmi við 11. til 16. gr.

11. gr.

Hönnun framleiðsluvara

Hönnun framleiðsluvöru skal háð vottun og á grundvelli hennar skal tegundarvottorð gefið út. Breyting á hönnuninni skal einnig háð vottun og í kjölfar breytingar skal vottorð um breytingar gefið út, þ.m.t. viðbótartegundarvottorð. Hönnun viðgerðar skal háð vottun og á grundvelli hennar skal tilheyrandi samþykki gefið út.

Samþykki skal gefið út fyrir þau gögn um örugga starfrækslu sem tengjast tegundarhönnun. Samþykkið skal koma fram í tegundarvottorðinu eða takmarkaða tegundarvottorðinu, sem um getur í b-lið 1. mgr. 18. gr., eftir því sem við á.

Tegundarvottorðið, vottorðið um breytingu, samþykkið fyrir hönnun viðgerðar og samþykkið fyrir gögn um örugga starfrækslu skulu gefin út að fram kominni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hönnun vörunnar sé í samræmi við vottunargrunninn, sem er settur saman samkvæmt framseldu gerðunum sem um getur í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr., eftir því sem við á, og að hönnun framleiðsluvörunnar hafi ekki nein sérkenni eða eiginleika sem samrýmast ekki umhverfissjónarmiðum eða geri notkun hennar ótrygga.

Fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. og sem hefur verið veitt réttindi til að gefa út þessi vottorð eða samþykki í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í k-lið 1. mgr. 19. gr., má einnig gefa út tegundarvottorðið, vottorðið um breytingu, samþykkið fyrir hönnun viðgerðar og samþykkið fyrir gögn um örugga starfrækslu ef þetta fyrirtæki hefur ákvarðað að hönnun framleiðsluvörunnar uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Ekki er þörf á aðskildu tegundarvottorði fyrir hönnun hreyfla og loftskrúfa sem eru vottuð sem hluti af hönnun loftfars í samræmi við þessa grein.

12. gr.

Hönnun hluta

Nema annað sé ákvarðað í framseldum gerðunum sem um getur í 19. gr. skal hönnun hluta háð vottun og á grundvelli hennar skal vottorð gefið út.

Vottorðið skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hönnun hlutans sé í samræmi við vottunargrunninn sem er settur saman samkvæmt framseldu gerðunum sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr.

Fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. og sem hefur verið veitt réttindi til að gefa út þessi vottorð í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í k-lið 1. mgr. 19. gr., má einnig gefa út slíkt vottorð án slíkrar beiðni ef þetta fyrirtæki hefur ákvarðað að hönnun hlutans samræmist vottunargrunninum sem er settur saman samkvæmt framseldu gerðunum sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr.

Ekki er þörf á aðskildu vottorði fyrir hönnun hluta sem eru vottaðir sem hluti af hönnun framleiðsluvöru í samræmi við 11. gr.

13. gr.

Hönnun óuppsetts búnaðar

Ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum, sem um getur í 19. gr., skal hönnun óuppsetts búnaðar háð vottun og á grundvelli hennar skal vottorð gefið út.

Vottorðið skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að hönnun óuppsetts búnaðar sé í samræmi við vottunargrunninn, sem er settur saman samkvæmt framseldu gerðunum sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr.

Fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við 15. gr. og sem hefur verið veitt réttindi til að gefa út þessi vottorð í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í k-lið 1. mgr. 19. gr., má einnig gefa út slíkt vottorð án slíkrar beiðni ef þetta fyrirtæki hefur ákvarðað að hönnun óuppsetta búnaðarins samræmist vottunargrunninum sem er settur saman samkvæmt framseldu gerðunum sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr.

14. gr.

Loftför

1. Hvert loftfar skal háð vottun og á grundvelli hennar skal gefa út lofthæfivottorð og, ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum sem um getur í 19. gr., hljóðstigsvottorð.

Þessi vottorð skulu gefin út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að loftfarið sé í samræmi við þá hönnun sem er vottuð í samræmi við 11. gr. og að unnt sé að starfrækja loftfarið á öruggan hátt og í samræmi við umhverfissjónarmið.

2. Vottorðin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu halda gildi sínu svo framarlega sem loftfarið og tilheyrandi hreyflar, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður fái viðhald í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem varða áframhaldandi lofthæfi sem um getur í 17. gr. og að unnt sé að starfrækja loftförin á öruggan hátt og í samræmi við umhverfissjónarmið.

15. gr.

Fyrirtæki

1. Nema annað sé ákvarðað í framseldu gerðunum sem um getur í 19. gr., skulu fyrirtæki, sem bera ábyrgð á hönnun og framleiðslu á framleiðsluvörum, hlutum og óuppsettum búnaði, háð vottun og á grundvelli hennar skal samþykki gefið út. Samþykkið skal gefið út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fari að reglunum sem komið var á fót með framseldu gerðunum sem um getur í 19. gr. til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 9. gr. Í samþykkinu skal tilgreina þau réttindi sem veitt eru fyrirtækinu og gildissvið samþykkisins.

2. Einnig er krafist samþykkis fyrir:

a) fyrirtæki sem bera ábyrgð á viðhaldi og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi fyrir framleiðsluvörur, hluta og óuppsettan búnað og

b) fyrirtæki sem taka þátt í þjálfun þess starfsfólks sem ber ábyrgð á að gefa út viðhaldsvottorð fyrir framleiðsluvöru, hluta eða óuppsettan búnað að viðhaldi loknu.

Þó skal ekki beita fyrstu undirgrein þegar um er að ræða aðstæður þar sem slíks samþykkis er ekki krafist í kjölfar samþykktar á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í b-lið 1. mgr. 17. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr., og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst.

Þau samþykki sem um getur í þessari málsgrein skulu gefin út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann uppfylli ákvæði þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 17. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 9. gr.

3. Í þeim samþykkjum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal tilgreina þau réttindi sem fyrirtækinu er veitt. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 17. gr. má breyta þessum samþykkjum til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 17. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla samþykkin, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, ef handhafi fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks samþykkis.

5. Þegar ekki er krafist samþykkis, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, í kjölfar samþykktar á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í b-lið 1. mgr. 17. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr., og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, getur þess samt verið krafist í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 17. gr. að viðkomandi fyrirtæki gefi út yfirlýsingu um að það hafi getu og úrræði til að inna af hendi þau skyldustörf sem tengjast þeirri starfsemi sem það stundar í samræmi við þessar framkvæmdargerðir.

16. gr.

Starfsfólk

1. Gerð skal krafa um að starfsfólk, sem ber ábyrgð á að gefa út viðhaldsvottorð fyrir framleiðsluvöru, hluta eða óuppsettan búnað að viðhaldi loknu, séu handhafar skírteinis, nema við aðstæður þar sem slíkra skírteina er ekki krafist eftir samþykkt á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í b-lið 1. mgr. 17. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr., og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst.

Skírteinið skal gefið út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann eða hún uppfylli ákvæði þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 17. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 9. gr.

2. Í skírteininu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal tilgreina þau réttindi sem starfsfólkinu er veitt. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 17. gr. má breyta skírteininu til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

3. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 17. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar ef handhafi fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks skírteinis.

17. gr.

Framkvæmdargerðir um lofthæfi

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 9. gr. og að því er varðar þau loftför sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., að ómönnuðum loftförum undanskildum, og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta og óuppsettan búnað, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) reglur og verklagsreglur um viðhald þeirra vottorða sem um getur í 14. gr. og í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr.,

b) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á þeim samþykkjum sem um getur í 2. mgr. 15. gr. og um aðstæður þar sem slíkra samþykkja skal ekki krafist,

c) reglur og verklagsreglur um yfirlýsingar sem um getur í 5. mgr. 15. gr. og um aðstæður þar sem krefjast skal slíkra yfirlýsinga,

d) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á þeim skírteinum sem um getur í 16. gr. og um aðstæður þar sem ekki skal krefjast slíkra skírteina,

e) réttindi og ábyrgðir handhafa þeirra samþykkja og skírteina, sem eru gefin út skv. 2. mgr. 15. gr. og 16. gr., og fyrirtækjanna sem gefa út yfirlýsingar í samræmi við 5. mgr. 15. gr.,

f) reglur og verklagsreglur um viðhald á framleiðsluvörum, hlutum og óuppsettum búnaði,

g) reglur og verklagsreglur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars,

h) viðbótarlofthæfikröfur fyrir framleiðsluvörur, hluta og óuppsettan búnað, sem eru með vottaða hönnun, sem þörf er á til að styðja við áframhaldandi lofthæfi og öryggisumbætur.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 9. gr. og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 1., 6. og 8. viðauka við Chicago-samninginn.

18. gr.

Undanþágur

1. Þrátt fyrir ákvæði 9. til 13. gr. gildir eftirfarandi, eins og við á:

a) Leyfilegt er að meta, án þess að gefa út vottorð, hvort hönnun framleiðsluvara, hluta og óuppsetts búnaðar uppfylli viðeigandi grunnkröfur sem um getur í 9. gr., ef framseldu gerðirnar sem um getur í i. lið d-liðar 1. mgr. 19. gr. kveða svo á um. Í því tilviki skal tilgreina skilyrðin og verklagsreglurnar fyrir slíku mati í framseldu gerðunum sem um getur í j-lið 1. mgr. 19. gr. Í framseldu gerðunum, sem um getur í i. lið d-liðar 1. mgr. 19. gr., gæti verið kveðið á um að leyfa skuli fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á hönnun og framleiðslu á framleiðsluvörum, hlutum og óuppsettum búnaði, að lýsa því yfir að hönnun þess uppfyllir þessar grunnkröfur og ítarlegu forskriftirnar, sem komið var á í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í i-lið 1. mgr. 19. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að þessi hönnun uppfylli þessar grunnkröfur.

b) Ef hönnun loftfars uppfyllir ekki grunnkröfurnar sem um getur í 9. gr. er heimilt að gefa út takmarkað tegundarvottorð. Í því tilviki skal vottorðið gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hönnun loftfarsins samræmist vottunargrunninum, sem er settur saman samkvæmt framseldu gerðunum sem um getur i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr., og að hönnun loftfarsins sé fullnægjandi með tilliti til áætlaðrar notkunar loftfarsins að því er varðar lofthæfi og samrýmanleika loftfarsins við umhverfið.

2. Þrátt fyrir ákvæði 9., 10. og 14. gr. gildir eftirfarandi, eins og við á:

a) Í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 19. gr. skal gefa út takmarkað lofthæfivottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð fyrir loftfar, þar sem annaðhvort hefur verið gefin út yfirlýsing um hönnun loftfarsins í samræmi við a-lið 1. mgr. eða þar sem hönnun loftfarsins hefur fengið útgefið takmarkað tegundarvottorð í samræmi við b-lið 1. mgr. Í því tilviki skulu þessi vottorð gefin út að fenginni beiðni þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að loftfarið sé í samræmi við þá hönnun og að unnt sé að starfrækja loftfarið á öruggan hátt og í samræmi við umhverfissjónarmið.

b) Í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 19. gr. má gefa út flugleyfi til að heimila starfrækslu loftfars sem ekki er með gilt lofthæfivottorð eða gilt takmarkað lofthæfivottorð. Í því tilviki skal slíkt flugleyfi gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að unnt sé að fljúga loftfarinu á öruggan hátt við eðlilegar aðstæður.

Fyrirtæki, sem er með samþykki í samræmi við 15. gr. og sem hefur verið veittur réttur til að gefa út þessi flugleyfi í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í k-lið 1. mgr. 19. gr. eða framkvæmdagerðirnar sem um getur í e-lið 1. mgr. 17. gr., má gefa út slíkt flugleyfi án slíkrar beiðni að því tilskildu að fyrirtækið hafi ákvarðað að unnt sé að fljúga loftfarinu á öruggan hátt við eðlilegar aðstæður.

Flugleyfið skal háð viðeigandi takmörkunum, sem kveðið er á um í framseldu gerðunum sem um getur í f-lið 1. mgr. 19. gr., einkum takmörkunum til að vernda öryggi þriðju aðila.

19. gr.

Framseldar valdheimildir

1. Að því er varðar loftförin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., að undanskildum ómönnuðum loftförum, og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta og óuppsettan búnað, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr., þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) ítarlegar kröfur um umhverfisvernd fyrir framleiðsluvörur, hluta og óuppsettan búnað við aðstæður þær sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 9. gr.,

b) skilyrði Flugöryggisstofnunarinnar fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um eftirfarandi í samræmi við 77. gr.:

i. þann tegundarvottunargrunn sem gildir fyrir framleiðsluvöru í tengslum við tegundarvottunina sem um getur í 11. gr. og b-lið 1. mgr. 18. gr.,

ii. þann vottunargrunn sem gildir fyrir framleiðsluvöru í tengslum við samþykki á gögnum um örugga starfrækslu, sem um getur í 11. gr., þ.m.t.:

— lágmarksnámsefnið fyrir þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda,

— lágmarksnámsefnið fyrir tegundarréttindi flugmanna og viðmiðunargögnin fyrir hlutlausa viðurkenningu tengdra flugherma,

— grunnlistann yfir lágmarksbúnað, eins og við á,

— gögn um tegund loftfars sem skipta máli fyrir öryggis- og þjónustuliða,

— viðbótarforskriftir til að tryggja samræmi við III. þátt,

iii. þann vottunargrunn sem gildir fyrir hluta eða óuppsettan búnað, þ.m.t. öryggistengdan búnað og mælitæki sem um getur í 7. mgr. 30. gr., að því er varðar vottunina sem um getur í 12. og 13. gr.,

c) sérstöku skilyrðin fyrir því að loftförin, sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr., uppfylli grunnkröfurnar sem um getur í 9. gr.,

d) skilyrðin fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingu, takmörkun, tímabundinni ógildingu eða afturköllun á þeim vottorðum sem um getur í 11., 12., 13. gr. og í b-lið 1. mgr. 18. gr., þ.m.t.:

i. skilyrðin sem gilda við aðstæður þar sem slíkra vottorða skal krafist eða ekki krafist eða þar sem leyfa skal útgáfu yfirlýsingar, eftir því sem við á, með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr. á sama tíma og tekið er tillit til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst,

ii. skilyrðin sem gilda um gildistíma þessara vottorða og endurnýjun þeirra ef gildistíminn er takmarkaður,

e) skilyrðin fyrir útgáfu, breytingu, takmörkun, tímabundinni ógildingu eða afturköllun á lofthæfisvottorðunum og hljóðstigsvottorðunum sem um getur í 1. mgr. 14. gr., sem og takmörkuðu lofthæfisvottorðunum og takmörkuðu hljóðstigsvottorðunum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr.,

f) skilyrðin fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingu, takmörkun, tímabundinni ógildingu, afturköllun og notkun flugleyfanna sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr.,

g) skilyrðin fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingu, takmörkun, tímabundinni ógildingu eða afturköllun á þeim samþykkjum sem um getur í 1. mgr. 15. gr. og fyrir þær aðstæður þar sem slíkra vottorða skal krafist eða ekki krafist eða þar sem leyfa skal útgáfu yfirlýsingar, eftir því sem við á, með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr. á sama tíma og tekið er tillit til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst,

h) réttindi og ábyrgðir handhafa þeirra vottorða sem gefin eru út skv. 11., 12., og 13. gr., 14. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr. og 2. mgr.) og fyrirtækjanna sem hafa gefið út yfirlýsingar í samræmi við a-lið 1. mgr. 18. gr. og g-lið þessarar málsgreinar,

i) skilyrðin fyrir ákvörðun á ítarlegum forskriftum sem gilda um hönnun framleiðsluvara, hluta og óuppsetts búnaðar sem gefa þarf út yfirlýsingu fyrir í samræmi við a-lið 1. mgr. 18. gr.,

j) skilyrðin og verklagsreglurnar til að meta lofthæfi og samrýmanleika hönnunar framleiðsluvara, hluta og óuppsetts búnaðar við umhverfið í samræmi við a-lið 1. mgr. 18. gr. án þess að gefa þurfi út vottorð, þ.m.t. þau skilyrði og takmarkanir sem gilda um starfrækslu,

k) skilyrðin fyrir því að fyrirtækjum, sem hafa fengið útgefið samþykki í samræmi við 1. mgr. 15. gr., verði veitt réttindi til að gefa út vottorðin sem um getur í 11., 12. og 13. gr. og 18. gr. (b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.).

2. Að því er varðar lofthæfi og samrýmanleika þeirra loftfara sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., að ómönnuðum loftförum undanskildum, og hreyfla þeirra, loftskrúfa, hluta og óuppsetts búnaðar, við umhverfið, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr. til að breyta II. og III. viðauka ef nauðsyn krefur af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum eða vegna vísindalegrar þróunar eða vegna þróunar á sviði lofthæfis eða samrýmanleika við umhverfið, í því skyni og að því marki sem þörf er á til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

3. Að því er varðar samrýmanleika þeirra loftfara sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., að ómönnuðum loftförum undanskildum, og hreyfla þeirra, loftskrúfa, hluta og óuppsetts búnaðar, við umhverfið, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við ákvæði 128. gr. til þess að breyta tilvísunum í þau ákvæði Chicago-samningsins sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 9. gr. í því skyni að uppfæra þær í ljósi síðari breytinga á þessum ákvæðum, sem öðlast gildi eftir 4. júlí 2018 og koma til framkvæmda í öllum aðildarríkjum, svo fremi að slíkar breytingar rýmki ekki gildissvið þessarar reglugerðar.

II. ÞÁTTUR

Flugáhöfn

20. gr.

Grunnkröfur

Flugmenn og öryggis- og þjónustuliðar, sem taka þátt í starfrækslu loftfara, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., að undanskildum ómönnuðum loftförum, og starfrækslu flughermisþjálfa, og aðilar og fyrirtæki, sem taka þátt í þjálfun, prófum, mati eða heilbrigðismati á þessum flugmönnum og öryggis- og þjónustuliðum, skulu uppfylla grunnkröfurnar sem eru settar fram í IV. viðauka.

21. gr.

Flugmenn

1. Gerð skal krafa um að flugmenn séu handhafar flugmannsskírteinis og heilbrigðisvottorðs flugmanna sem eiga við fyrirhugaða starfrækslu, nema við aðstæður þar sem ekki er gerð krafa um slíkt skírteini eða heilbrigðisvottorð eftir samþykkt á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 23. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst.

2. Flugmannsskírteinið, sem um getur í 1. mgr., skal gefið út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann eða hún uppfylli ákvæði þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 23. gr. sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 20. gr.

3. Heilbrigðisvottorð flugmanna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann eða hún uppfylli ákvæði þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 23. gr. sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 20. gr.

4. Þau réttindi sem flugmanni eru veitt skulu tilgreind í flugmannsskírteininu og heilbrigðisvottorði flugmanna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Í samræmi við framkvæmdargerðirnar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr., má breyta flugmannsskírteininu og heilbrigðisvottorði flugmanna til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

5. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugmannsskírteinið eða heilbrigðisvottorð flugmanna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks skírteinis eða heilbrigðisvottorðs.

6. Þjálfun og reynsla af tegundum loftfara sem ekki falla undir þessa reglugerð má viðurkenna í því skyni að fá flugmannsskírteinið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í iv. lið c-liðar 1. mgr. 23. gr.

22. gr.

Öryggis- og þjónustuliðar

1. Öryggis- og þjónustuliðar sem taka þátt í flutningaflugi er skylt að hafa undir höndum staðfestingarvottorð.

2. Að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna, sem sett eru fram í 1. og 4. gr., og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst má einnig krefjast þess að öryggis- og þjónustuliðar, sem taka þátt í flugi öðru en flutningaflugi, hafi undir höndum staðfestingarvottorð í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 23. gr.

3. Staðfestingarvottorðin, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu gefin út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann eða hún uppfylli ákvæði þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 23. gr. sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 20. gr.

4. Réttindin, sem veitt eru öryggis- og þjónustuliðum, skulu tilgreind í staðfestingarvottorðunum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 23. gr. er leyfilegt að breyta staðfestingarvottorðunum til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

5. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 23. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla staðfestingarvottorðin sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef handhafi fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks staðfestingarvottorðs.

6. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 23. gr. skulu öryggis- og þjónustuliðar gangast undir heilbrigðismat áður en þeir neyta réttinda sinna, og með reglulegu millibili eftir það, til að tryggja að grunnkröfurnar um heilbrigði, sem um getur í 20. gr., séu uppfylltar.

23. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar flugmenn og öryggis- og þjónustuliða

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 20. gr. að því er varðar flugmenn sem taka þátt í starfrækslu loftfara, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2.gr., annarra en ómannaðra loftfara, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) mismunandi flokka flugmannsskírteina og heilbrigðisvottorða flugmanna, sem um getur í 21. gr., sem og mismunandi áritanir fyrir slík flugmannsskírteini sem eru viðeigandi fyrir mismunandi tegundir starfsemi sem framkvæmd er,

b) réttindi og ábyrgðir handhafa flugmannsskírteina, áritana og heilbrigðisvottorða flugmanna,

c) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á flugmannsskírteinum, áritunum og heilbrigðisvottorðum flugmanna, þ.m.t.:

   i. reglur og verklagsreglur fyrir aðstæður þar sem slíkra skírteina, áritana og heilbrigðisvottorða er ekki krafist,

   ii. reglur og verklagsreglur vegna breytingar á þjóðarskírteinum flugmanna og þjóðarheilbrigðisvottorðum flugmanna í þau flugmannsskírteini og heilbrigðisvottorð flugmanna sem um getur í 1. mgr. 21. gr.,

   iii. reglur og verklagsreglur vegna breytingar á þjóðarskírteinum flugvélstjóra í þau flugmannsskírteini sem um getur í 1. mgr. 21. gr.,

   iv. reglur og verklagsreglur fyrir viðurkenningu á þjálfun og reynslu á tegund loftfara sem ekki falla undir þessa reglugerð í því skyni að fá flugmannsskírteini sem um getur í 1. mgr. 21. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 20. gr. þessarar reglugerðar og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 1. viðauka við Chicago-samninginn.

Þessar framkvæmdargerðir skulu innihalda, eftir því sem við á, ákvæði að því er varðar útgáfu allra gerða flugmannsskírteina og áritana sem krafist er skv. 1. viðauka við Chicago-samninginn. Þessar framkvæmdargerðir geta einnig innihaldið ákvæði að því er varðar útgáfu annarra flugmannsskírteina og áritana.

2. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 20. gr. að því er varðar öryggis- og þjónustuliða sem taka þátt í starfrækslu loftfara sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., að ómönnuðum loftförum undanskildum, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á staðfestingarvottorðum fyrir öryggis- og þjónustuliða og um aðstæður þar sem slíkra staðfestingarvottorða skal krafist fyrir öryggis- og þjónustuliða sem taka þátt í öðru flugi en flutningaflugi,

b) reglur og verklagsreglur um heilbrigðismatið á öryggis- og þjónustuliðum sem um getur í 22. gr.,

c) réttindi og ábyrgðir handhafa staðfestingarvottorða fyrir öryggis- og þjónustuliða sem um getur í 22. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

24. gr.

Þjálfunarfyrirtæki og fluglæknasetur

1. Samþykkis er krafist að því er varðar fluglæknasetur.

2. Samþykkis er krafist að því er varðar þjálfunarfyrirtæki, sem annast þjálfun flugmanna og öryggis- og þjónustuliða, nema við aðstæður þar sem ekki er gerð krafa um slíkt samþykki eftir samþykkt á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst.

3. Þau samþykki sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu gefin út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann uppfylli ákvæði þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 27. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 20. gr.

4. Þau réttindi sem fyrirtækinu eru veitt skulu tilgreind í þeim samþykkjum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. er leyfilegt að breyta þessum samþykkjum til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

5. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla samþykkin, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, ef handhafi þeirra fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks samþykkis.

6. Þegar ekki er krafist samþykkis, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, fyrir þjálfunarfyrirtæki, sem annast þjálfun flugmanna eða öryggis- og þjónustuliða, eftir samþykkt á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, getur þess samt verið krafist í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í b-lið 1. mgr. 27. gr. að viðkomandi fyrirtæki gefi út yfirlýsingu um að það hafi getu og úrræði til að inna af hendi þau skyldustörf sem tengjast þeirri starfsemi sem það stundar í samræmi við þessar framkvæmdargerðir.

25. gr.

Flughermisþjálfar (FSTD)

1. Þess skal krafist að þeir flughermisþjálfar sem eru notaðir við þjálfun flugmanna hafi fengið útgefið viðurkenningarvottorð nema við aðstæður þar sem ekki er gerð krafa um slíkt vottorð eftir samþykkt á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst.

2. Vottorðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann og flughermisþjálfinn uppfylli kröfur þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 27. gr., sem eru samþykktar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 20. gr.

3. Í vottorðinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina virkni flughermisþjálfans. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. má breyta vottorðinu til að endurspegla breytingar á þessari virkni.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. má takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi þess eða flughermisþjálfinn uppfyllir ekki lengur þær reglur og verklagsreglur sem gilda um útgáfu og viðhald slíks vottorðs.

5. Ef kveðið er á um það í framkvæmdargerðunum, sem um getur í 27. gr., er fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á starfrækslu flughermisþjálfans, skylt að leggja fram yfirlýsingu um að flughermisþjálfinn uppfyllir grunnkröfurnar, sem um getur í 20. gr., og ítarlegu forskriftirnar, sem komið var á í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 27. gr.

26. gr.

Kennarar og prófdómarar

1. Einstaklingar, sem bera ábyrgð á að veita flugþjálfun eða þjálfun í flughermi eða að meta færni flugmanns, og fluglæknar skulu vera handhafar vottorðs, nema við aðstæður þar sem ekki er gerð krafa um slíkt vottorð eftir samþykkt á þeim framkvæmdargerðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr., að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna, sem sett eru fram í 1. og 4. gr., og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst.

2. Með tilliti til þeirra markmiða og meginreglna, sem sett eru fram í 1. og 4. gr., og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, kann þess að vera krafist að aðilar, sem bera ábyrgð á þjálfun öryggis- og þjónustuliða eða á mati á færni öryggis- og þjónustuliða, hafi undir höndum vottorð í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr.

3. Vottorðin, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu gefin út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann eða hún uppfylli ákvæði þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 27. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 20. gr.

4. Þau réttindi sem veitt eru skulu tilgreind í vottorðunum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. má breyta þessum vottorðum til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

5. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðin sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef handhafi þeirra fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíkra vottorða.

27. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar þjálfun, próf, mat og heilbrigðismat

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 20. gr. að því er varðar flughermisþjálfa, og að því er varðar einstaklinga og fyrirtæki sem taka þátt í þjálfun, prófum, mati eða heilbrigðismati á flugmönnum og öryggis- og þjónustuliðum, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á þeim samþykkjum og vottorðum sem um getur í 24., 25. og 26. gr. og um aðstæður þar sem slíkra samþykkja eða vottorða er krafist eða ekki krafist,

b) reglur og verklagsreglur varðandi yfirlýsingar frá þjálfunarfyrirtækjum, sem annast þjálfun flugmanna og öryggis- og þjónustuliða, sem um getur í 6. mgr. 24. gr., og yfirlýsingar frá rekstraraðilum flughermisþjálfa, sem um getur í 5. mgr. 25. gr., og varðandi aðstæður þar sem slíkra yfirlýsinga skal krafist,

c) réttindi og ábyrgðir þeirra sem eru handhafar samþykkja og vottorða, sem um getur í 24., 25. og 26. gr., og þeirra fyrirtækja sem gefa út yfirlýsingar í samræmi við 6. mgr. 24. gr. og 5. mgr. 25. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að þeim grunnkröfum sem um getur í 20. gr. og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 1. og 6. viðauka við Chicago-samninginn.

28. gr.

Framseldar valdheimildir

1. Að því er varðar flugmenn og öryggis- og þjónustuliða, sem taka þátt í starfrækslu loftfara, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., að undanskildum ómönnuðum loftförum, og starfrækslu flughermisþjálfa, sem og aðilar og fyrirtæki, sem taka þátt í þjálfun, prófum, mati eða heilbrigðismati á þessum flugmönnum og öryggis- og þjónustuliðum, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 128. gr., til að breyta ákvæðum IV. viðauka ef nauðsyn krefur af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum eða vegna vísindalegrar þróunar eða skjalfestra öryggisskilyrða, sem varða öryggis- og þjónustuliða, í því skyni og að því marki sem nauðsyn krefur til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

2. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu, eftir því sem við á, innihalda ákvæði um útgáfu allra gerða flugmannsskírteina og áritana sem krafist er samkvæmt Chicago-samningnum. Þessar reglur geta einnig innihaldið ákvæði um útgáfu annarra skírteina og áritana.

III. ÞÁTTUR

Flugrekstur

29. gr.

Grunnkröfur

Starfræksla loftfara, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., annarra en ómannaðra loftfara, skal vera í samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka og, ef við á, í VII. og VIII. viðauka.

30. gr.

Flugrekendur/umráðendur

1. Til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 29. gr. og með tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, má, í samræmi við framkvæmdargerðirnar, sem um getur í b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 31. gr., krefjast þess að flugrekendur/umráðendur, sem hafa staðfestu, búsetu eða höfuðstöðvar sínar á því yfirráðasvæði sem sáttmálinn gildir:

a) gefi út yfirlýsingu um að þeir hafi getu og úrræði til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu loftfara í samræmi við þessar framkvæmdargerðir eða

b) hafi undir höndum skírteini.

2. Skírteinið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fari að ákvæðum þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 31. gr., sem eru samþykktar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 29. gr.

3. Þau réttindi sem flugrekanda/umráðanda eru veitt skulu tilgreind í skírteininu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 31. gr. má breyta þessu skírteini til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 31. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi þess fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks skírteinis.

5. Með tilliti til þeirra markmiða og meginreglna, sem sett eru fram í 1. og 4. gr., og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, og í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 31. gr. má gera þá kröfu að þeir flugrekendur/umráðendur sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar:

a) uppfylli sértækar kröfur þegar gerðir eru samningar um sameiginleg flugnúmer eða leigusamningar,

b) uppfylli sértækar kröfur þegar þeir starfrækja loftfar sem er skráð í þriðja landi,

c) setji saman lista yfir lágmarksbúnað eða sambærilegt skjal þar sem kveðið er á um starfrækslu loftfarsins við tilgreind skilyrði þar sem tilteknir mælar, búnaður eða virkni er í ólagi við upphaf flugs.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að starfræksla loftfara til, innan eða frá því yfirráðasvæði sem sáttmálinn gildir um, sem er framkvæmd af flugrekanda/umráðanda sem hefur staðfestu, búsetu eða höfuðstöðvar sínar utan þessa yfirráðasvæðis en þar sem aðildarríkin gegna störfum og uppfylla skyldur ríkis flugrekanda samkvæmt Chicago-samningnum, sem og það starfsfólk og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfrækslu, uppfylli öryggisstig sem jafngildir því sem er ákvarðað með þessari reglugerð.

7. Ef kveðið er á um það í þeim framkvæmdargerðum, sem um getur í g-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 31. gr., skulu loftför útbúin með nauðsynlegum mælum og nauðsynlegum öryggistengdum búnaði, sem skal, ef nauðsyn krefur, vottaður í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr., þ.m.t. allt eða eitthvað af eftirfarandi:

a) flugritar,

b) búnaður til að rekja staðsetningu loftfarsins,

c) búnaður til að endurheimta tímanlega gögn úr flugrita loftfars í nauð með því að styðjast við rafræn samskipti í rauntíma eða aðrar viðeigandi tæknilausnir.

31. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar flugrekstur

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 29. gr. að því er varðar starfrækslu loftfara sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., að ómönnuðum loftförum undanskildum, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) sértækar reglur og verklagsreglur við starfrækslu loftfara í samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 29. gr.,

b) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á þeim skírteinum sem um getur í b-lið 1. mgr. 30. gr. og um þær aðstæður þar sem slíkra skírteina skal krafist,

c) reglur og verklagsreglur að því er varðar yfirlýsingu flugrekenda/umráðenda, sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr., og þær aðstæður þar sem slíkra yfirlýsinga skal krafist,

d) réttindi og ábyrgðir handhafa þeirra skírteina sem um getur í b-lið 1. mgr. 30. gr. og þeirra flugrekenda/umráðenda sem leggja fram yfirlýsingar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr.,

e) viðbótarkröfur sem eru nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 29. gr. sem gilda um flugrekendur/umráðendur sem hafa staðfestu, búsetu eða höfuðstöðvar sínar á því yfirráðasvæði sem sáttmálinn gildir um þegar þessir flugrekendur/umráðendur gera samninga um sameiginleg flugnúmer eða leigusamninga eða þegar þeir starfrækja loftfar sem er skráð í þriðja landi,

f) reglur og verklagsreglur fyrir þá flugrekendur/umráðendur sem um getur í 1. mgr. 30. gr. um að setja saman lista yfir lágmarksbúnað eða sambærilegt skjal og fyrir þær aðstæður þar sem slíkra skjala er krafist,

g) reglur og verklagsreglur sem loftfar skal búið samkvæmt með tilliti til nauðsynlegs öryggistengds búnaðar og nauðsynlegra mæla, þ.m.t. þeir flugritar og/eða þær aðferðir sem um getur í 7. mgr. 30. gr., og um reglur og verklagsreglur að því er varðar varðveislu, vernd, notkun og, eftir atvikum, örugga sendingu viðkomandi gagna.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 29. gr. þessarar reglugerðar og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 6. viðauka við Chicago-samninginn.

32. gr.

Framseldar valdheimildir

1. Að því er varðar starfrækslu loftfara, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., annarra en ómannaðra loftfara, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr., þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) skilyrðin er varða fartíma- og vinnutímamörk sem og reglur um hvíldartíma, sem þeir flugrekendur/umráðendur sem um getur í 1. mgr. 30. gr. og flugverjar þeirra skulu uppfylla,

b) skilyrðin og verklagsreglurnar sem þörf er á til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 29. gr. að því er varðar samþykki lögbærra landsyfirvalda á stökum áætlunum um fartímaforskriftir og útgáfu á áliti Flugöryggisstofnunarinnar á þessum áætlunum í samræmi við 7. mgr. 76. gr.

2. Að því er varðar starfrækslu loftfara sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., annarra en ómannaðra loftfara, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 128. gr., til að breyta V. viðauka og, ef við á, VII. og VIII. viðauka, ef nauðsyn krefur af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum eða vegna vísindalegrar þróunar eða skjalfestra öryggisskilyrða, sem varða flugrekstur, í því skyni og að því marki sem nauðsyn krefur til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

IV. ÞÁTTUR

Flugvellir

33. gr.

Grunnkröfur

Flugvellir, öryggistengdur flugvallarbúnaður, rekstur flugvalla og veiting flugafgreiðslu og hlaðstjórnunarþjónustu á flugvöllunum, sem um getur í e-lið 1. mgr. 2. gr., skulu uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka og, ef við á, VIII. viðauka.

34. gr.

Vottun flugvalla

1. Gerð er krafa um skírteini fyrir flugvelli. Skírteinið skal ná yfir flugvöllinn og öryggistengdan búnað hans svo framarlega sem öryggistengdi búnaðurinn fellur ekki undir yfirlýsingu eða skírteini sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 35. gr. eftir því sem við á.

2. Skírteinið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að flugvöllurinn:

a) samrýmist ákvæðum þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 36. gr. og vottunargrunninum fyrir flugvelli sem settur er fram í 5. mgr. þessarar greinar og

b) hafi engin þau sérkenni eða einkenni sem gerir hann óöruggan í rekstri.

3. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 36. gr. er leyfilegt að breyta skírteininu, sem um getur í 1. mgr. þessara greinar, þannig að það innihaldi breytingar á flugvellinum eða öryggistengdum búnaði hans.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 36. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef flugvöllurinn eða öryggistengdur búnaður hans uppfyllir ekki lengur þær reglur og verklagsreglur sem gilda um útgáfu og viðhald slíks skírteinis.

5. Vottunargrunnurinn fyrir flugvöll skal samanstanda af eftirfarandi:

a) viðeigandi vottunarforskriftum sem tengjast tiltekinni tegund flugvalla,

b) þeim ákvæðum viðeigandi vottunarforskrifta sem jafngilt öryggisstig hefur verið samþykkt fyrir,

c) sérstökum, ítarlegum tækniforskriftum sem nauðsynlegar eru til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í 33. gr., þegar hönnunareinkenni tiltekins flugvallar eða reynsla af rekstri hans valda því að vottunarforskriftirnar, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, verða ófullnægjandi eða óviðeigandi.

35. gr.

Öryggistengdur flugvallarbúnaður

1. Með tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, getur þess verið krafist í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 36. gr. að fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun, framleiðslu og viðhaldi á öryggistengdum flugvallarbúnaði sem er notaður eða ætlaður til notkunar á flugvöllum sem falla undir þessa reglugerð:

a) gefi yfirlýsingu þess efnis að búnaðurinn samrýmist ítarlegu forskriftunum sem komið var á í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 36. gr. eða

b) hafi undir höndum vottorð í tengslum við öryggistengda flugvallarbúnaðinn.

2. Vottorðið, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að búnaðurinn uppfylli ítarlegu forskriftirnar sem komið var á í samræmi við þær framkvæmdargerðir, sem um getur í 36. gr., sem eru samþykktar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 33. gr.

3. Virkni búnaðarins skal tilgreind í vottorðinu sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. er leyfilegt að breyta vottorðinu til að endurspegla breytingar á þessari virkni.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðið sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar ef búnaðurinn uppfyllir ekki lengur þær reglur og verklagsreglur sem gilda um útgáfu og viðhald slíkra vottorða.

36. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar flugvelli og öryggistengdan flugvallarbúnað

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 33. gr. að því er varðar flugvelli og öryggistengdan flugvallarbúnað, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) reglur og verklagsreglur fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda, skv. 5. mgr. 34. gr., um þann vottunargrunn sem gildir um tiltekinn flugvöll í tengslum við vottun í samræmi við 1. mgr. 34. gr.,

b) reglur og verklagsreglur fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þær ítarlegu forskriftir sem gilda um öryggistengdan flugvallarbúnað í tengslum við vottun í samræmi við 1. mgr. 35. gr.,

c) reglur og verklagsreglur fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingu, takmörkun, tímabundinni ógildingu eða afturköllun á þeim flugvallarskírteinum sem um getur í 34. gr., þ.m.t. starfrækslumörk sem tengjast tiltekinni hönnun flugvallarins,

d) reglur og verklagsreglur fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingu, takmörkun, tímabundinni ógildingu eða afturköllun á þeim vottorðum fyrir öryggistengdan flugvallarbúnað sem um getur í 1. mgr. 35. gr. og fyrir þær aðstæður þar sem slíkra vottorða skal krafist,

e) reglur og verklagsreglur fyrir því að ákvarða ítarlegu forskriftirnar sem gilda um öryggistengdan flugvallarbúnað sem gefa þarf út yfirlýsingu fyrir í samræmi við 1. mgr. 35. gr.,

f) reglur og verklagsreglur sem gilda þegar gefa á út yfirlýsingu í samræmi við 1. mgr. 35. gr., að því er varðar öryggistengdan flugvallarbúnað og þær aðstæður þar sem slíkra yfirlýsinga skal krafist,

g) réttindi og ábyrgðir handhafa þeirra vottorða/skírteina sem um getur í 34. gr. og 1. mgr. 35. gr. og fyrirtækja sem gefa út yfirlýsingar í samræmi við 1. mgr. 35. gr.,

h) reglur og verklagsreglur fyrir því að viðurkenna og breyta landsbundnum flugvallarskírteinum, sem eru gefin út á grundvelli landslaga, í þau flugvallarskírteini sem um getur í 34. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. ráðstafanir sem þegar hafa verið heimilaðar af hálfu hlutaðeigandi aðildarríkis á grundvelli tilkynntra frávika frá 14. viðauka Chicago-samningsins.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 33. gr. þessarar reglugerðar og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 14. viðauka við Chicago-samninginn.

37. gr.

Fyrirtæki

1. Fyrirtæki, sem bera ábyrgð á rekstri flugvalla, skulu háð vottun og á grundvelli hennar skal starfsleyfi gefið út. Starfsleyfið skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fari að ákvæðum framseldu gerðanna sem um getur í 39. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 33. gr.

Í starfsleyfinu skal tilgreina þau réttindi sem vottaða fyrirtækinu eru veitt og gildissvið starfsleyfisins.

2. Fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita flugafgreiðslu og hlaðstjórnunarþjónustu á flugvöllum sem falla undir þessa reglugerð, skulu gefa út yfirlýsingu um að þau hafi getu og úrræði til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast þjónustum sem veittar eru í samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 33. gr.

38. gr.

Verndun flugvallarumhverfis

1. Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að flugvellir, sem staðsettir eru á þeirra yfirráðasvæði, séu verndaðir gegn starfsemi og þróun í nágrenni þeirra sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir loftför sem nota viðkomandi flugvöll.

2. Fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 37. gr., skulu vakta starfsemi og þróun, sem gætu haft í för með sér óviðunandi öryggisáhættu fyrir flug í nágrenni þess flugvallar sem þau bera ábyrgð á. Þau skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að draga úr þessari áhættu svo framarlega að það er á valdi þeirra og, ef svo reynist ekki, vekja athygli lögbærra yfirvalda aðildarríkisins, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, á þessari áhættu.

3. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

39. gr.

Framseldar valdheimildir

1. Að því er varðar rekstur flugvalla og veitingu flugafgreiðslu og hlaðstjórnunarþjónustu á flugvöllum, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkta framseldar gerðir, í samræmi við 128. gr., þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) sértæk skilyrði varðandi rekstur flugvalla í samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 33. gr.,

b) skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla starfsleyfin sem um getur í 1. mgr. 37. gr.,

c) réttindi og ábyrgðir handhafa þeirra starfsleyfa sem um getur í 1. mgr. 37. gr.,

d) skilyrði og verklagsreglur sem gilda þegar fyrirtæki sem veita flugafgreiðslu og fyrirtæki sem veita hlaðstjórnunarþjónustu, í samræmi við 2. mgr. 37. gr., gefa út yfirlýsingu, þ.m.t. viðurkenningu rekstraraðila á þessum yfirlýsingum, án frekari sannprófana,

e) réttindi og ábyrgðir fyrirtækja sem veita flugafgreiðslu og fyrirtækja sem veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem lagt hafa fram yfirlýsingar í samræmi við 2. mgr. 37. gr.

2. Að því er varðar flugvelli, öryggistengdan flugvallarbúnað, rekstur flugvalla, flugafgreiðslu og hlaðstjórnunarþjónustu er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr., til að breyta VII. viðauka og, ef við á, VIII. viðauka, ef nauðsyn krefur af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum eða vegna vísindalegrar þróunar eða skjalfestra öryggisskilyrða, sem varða flugvelli, í því skyni og að því marki sem nauðsyn krefur til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

V. ÞÁTTUR

Rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta (ATM/ANS)

40. gr.

Grunnkröfur

1. Veiting ATM-/ANS-þjónustu, sem um getur í g-lið 1. mgr. 2. gr., skal vera í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í VIII. viðauka og, ef við á, í VII. viðauka.

2. Loftför, sem eru starfrækt í samevrópska loftrýminu, að undanskildum þeim sem annast þau störf sem um getur í a-lið 3. mgr. 2. gr., skulu uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í 1. lið VIII. viðauka.

41. gr.

Veitendur ATM-/ANS-þjónustu

1. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu vera handhafar starfsleyfis.

2. Skírteinið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni, þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fari að ákvæðum þeirra framkvæmdargerða sem um getur í 43. gr., sem eru samþykktar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 40. gr.

3. Í starfsleyfinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina þau réttindi sem veitt eru. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 43. gr. er leyfilegt að breyta þessu starfsleyfi til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 43. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla starfsleyfið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi þess fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks starfsleyfis.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar geta aðildarríki ákveðið, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 43. gr., að veitendur flugupplýsingaþjónustu megi lýsa yfir að þeir hafi getu og úrræði til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast þeirri þjónustu sem þeir veita í samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 40. gr. Í því tilviki skal viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnuninni og hinum aðildarríkjunum um ákvörðun sína.

6. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að veita veitendum ATM-/ANS-þjónustu undanþágu frá kröfunni um að þeir skuli vera handhafar starfsleyfis ef öll eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) aðalstarfsstöð veitandans er staðsett utan þeirra yfirráðasvæða sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum,

b) veitandinn veitir ATM-/ANS-þjónustu fyrir lítinn hluta flugumferðar í takmörkuðum hluta þess loftrýmis sem er á ábyrgð aðildarríkisins sem veitir undanþáguna og þessi hluti loftrýmisins liggur að loftrými sem er á ábyrgð þriðja lands,

c) krafa um að veitandinn sýni fram á að hann fylgi þeim reglum sem um getur í 1. mgr. myndi hafa í för með sér óhóflega fyrirhöfn fyrir veitandann í ljósi eðlis viðkomandi starfsemi sem hann framkvæmir innan loftrýmisins og áhættunnar sem í henni felst,

d) hlutaðeigandi aðildarríki hefur sett reglur og verklagsreglur, sem gilda um þá ATM-/ANS-þjónustu sem veitandinn veitir, sem tryggja viðunandi öryggisstig og samræmi við grunnkröfurnar, sem um getur í 40. gr., í samræmi við alþjóðlegar kröfur og ráðlagðar starfsvenjur og með hliðsjón af sértækum kringumstæðum í málinu sem um er að ræða og að aðildarríkið hafi einnig komið á fót viðeigandi og skilvirkum aðferðum og fyrirkomulagi við eftirlit og framfylgd til að tryggja að þessum reglum og verklagsreglum sé fylgt,

e) gildissvið undanþágunnar er skýrt skilgreint og takmarkast við það sem er bráðnauðsynlegt og ef undanþágan gildir í meira en fimm ár skal hún reglulega endurskoðuð með viðeigandi millibili og henni beitt á jafnréttisgrundvelli.

Ef aðildarríki hyggst veita slíka undanþágu skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um fyrirætlan sína og leggja fram allar viðeigandi upplýsingar.

Að höfðu samráði við Flugöryggisstofnunina skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem innihalda ákvörðun hennar um það hvort skilyrðin, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, hafi verið uppfyllt. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 127. gr. Þessar framkvæmdargerðir skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal Flugöryggisstofnunin færa þær í gagnasafnið sem um getur í 74. gr.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal eingöngu veita undanþáguna ef framkvæmdargerðirnar, sem um getur í þriðju undirgrein, innihalda jákvæða ákvörðun. Aðildarríkið skal draga undanþáguna til baka ef það fær vitneskju um, einkum í gegnum reglulegu endurskoðunina sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar, að skilyrðunum, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein, er ekki lengur fullnægt. Aðildarríkið skal tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnunina um veitingu undanþágu og, eftir atvikum, um niðurstöðuna úr þessum endurskoðunum og allar afturkallanir.

42. gr.

Fyrirtæki sem taka þátt í hönnun, framleiðslu eða viðhaldi á ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum

1. Með tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem sett eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, getur þess verið krafist, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 43. gr., að fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun, framleiðslu eða viðhaldi á ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum:

a) gefi út yfirlýsingu um að þau hafi getu og úrræði til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast þeirri starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við þessar framkvæmdargerðir, eða

b) hafi undir höndum vottorð.

2. Vottorðið sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fylgi reglunum sem komið var á með framkvæmdargerðunum sem um getur í 43. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 40. gr.

3. Í vottorðinu sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal tilgreina þau réttindi sem veitt eru. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 43. gr. er leyfilegt að breyta þessu vottorði til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 43. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðið, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi þess fer ekki lengur þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks vottorðs.

43. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar veitendur ATM-/ANS-þjónustu og fyrirtæki sem taka þátt í hönnun, framleiðslu eða viðhaldi á ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 40. gr. að því er varðar veitingu ATM-/ANS-þjónustu sem um getur í g-lið 1. mgr. 2. gr., skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) sértækar reglur og verklagsreglur varðandi veitingu ATM-/ANS-þjónustu í samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 40. gr., þ.m.t. við ákvörðun og framkvæmd viðbragðsáætlunarinnar í samræmi við f-lið liðar 5.1 í VIII. viðauka,

b) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á þeim starfsleyfum sem um getur í 1. mgr. 41. gr.,

c) reglur og verklagsreglur sem gilda þegar veitendur flugupplýsingaþjónustu, sem um getur í 5. mgr. 41. gr. gefa út yfirlýsingu og um þær aðstæður þar sem leyfa skal slíkar yfirlýsingar,

d) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á þeim vottorðum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 42. gr., og um þær aðstæður þar sem slíkra vottorða skal krafist,

e) reglur og verklagsreglur sem gilda þegar fyrirtæki, sem um getur í a-lið 1. mgr. 42. gr., gefa út yfirlýsingu og um þær aðstæður þar sem slíkra yfirlýsinga skal krafist,

f) réttindi og ábyrgðir handhafa starfsleyfa, sem um getur í 1. mgr. 41. gr., og vottorða, sem um getur í b-lið 1. mgr. 42. gr., og fyrirtækja sem gefa út yfirlýsingar í samræmi við 5. mgr. 41. gr. og a-lið 1. mgr. 42. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Í reglunum, sem um getur í 1. mgr., skal tekið tilhlýðilegt tillit til mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar.

3. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 40. gr. þessarar reglugerðar og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 2. til 4. viðauka og 10., 11. og 15. viðauka við Chicago-samninginn.

44. gr.

Framkvæmdargerð varðandi notkun loftrýmis og hönnun loftrýmisskipulags

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 40. gr. að því er varðar veitingu ATM-/ANS-þjónustu, sem um getur í g-lið 1. mgr. 2. gr., sem og að því er varðar hönnun á loftrýmisskipulagi, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) starfrækslureglur í tengslum við notkun loftrýmisins, loftfarsbúnaðar og þeim ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum sem krafist er fyrir notkun loftrýmisins,

b) reglur og verklagsreglur varðandi hönnun loftrýmisskipulags til að tryggja að farið sé að ákvæðum 46. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Í reglunum, sem um getur í 1. mgr., skal tekið tilhlýðilegt tillit til mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar.

3. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 40. gr. þessarar reglugerðar og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 2., 3., 10., 11. og 15. viðauka við Chicago-samninginn.

45. gr.

ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishlutar

1. Ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum, sem um getur í 47. gr., er veitendum ATM-/ANS-þjónustu sem um getur í 41. gr. skylt að lýsa því yfir að ATM-/ANS-kerfin og ATM-/ANS-kerfishlutarnir, sem þessir veitendur þjónustu taka í notkun, uppfylli ítarlegu forskriftirnar, sem komið var á í samræmi við framseldu gerðirnar, sem um getur í 47. gr., og sem voru samþykktar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 40. gr.

2. Ef kveðið á um það í framseldu gerðunum, sem um getur í 47. gr. skulu ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishlutar háð vottun og á grundvelli hennar skal vottorð gefið út.

Vottorðið skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að þessi kerfi og kerfishlutar samrýmist ítarlegu forskriftunum sem komið var á í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 47. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 40. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar, ef svo er kveðið á um í framseldu gerðunum sem um getur í 47. gr., skal fyrirtækinu, sem tekur þátt í hönnun, framleiðslu eða viðhaldi á ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum, leyft að leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi kerfi og kerfishlutar samrýmist ítarlegu forskriftunum sem komið var á í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 47. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 40. gr. og að þessi kerfi og kerfishlutar henti til notkunar.

46. gr.

Hönnun loftrýmisskipulags

Aðildarríkin skulu tryggja að loftrýmisskipulag sé hannað, umsjón höfð með því og það fullgilt á tilhlýðilegan hátt áður en það er lagt fram og tekið í notkun af hálfu loftfara, í samræmi við nákvæmu reglurnar sem samþykktar eru samkvæmt b-lið 1. mgr. 44. gr.

47. gr.

Framseldar valdheimildir

1. Að því er varðar ATM-/ANS-kerfin og ATM-/ANS-kerfishlutana er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr. þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) skilyrði fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um ítarlegu forskriftirnar sem gilda um ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta vegna vottunar í samræmi við 2. mgr. 45. gr.,

b) skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðin sem um getur í 2. mgr. 45. gr. og skilyrðin sem gilda við þær aðstæður þar sem, með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., slíkra vottorða skal krafist eða slíkar yfirlýsingar skulu leyfðar, eftir því sem við á, að teknu tilliti til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst,

c) réttindi og ábyrgðir handhafa þeirra vottorða sem um getur í 2. mgr. 45. gr.,

d) réttindi og ábyrgðir fyrirtækjanna sem gefa út yfirlýsingar í samræmi við 1. og 2. mgr. 45. gr.,

e) skilyrði og verklagsreglur sem gilda þegar veitendur ATM-/ANS-þjónustu gefa út yfirlýsingu í samræmi við 1. mgr. 45. gr. og við aðstæður þar sem, með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., slíkra yfirlýsinga skal krafist, að teknu tilliti til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst,

f) skilyrði fyrir því að ákvarða ítarlegu forskriftirnar sem gilda um ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta sem gefa skal út yfirlýsingu um í samræmi við 1. og 2. mgr. 45. gr.

2. Að því er varðar veitingu ATM-/ANS-þjónustu er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 128. gr., til að breyta ákvæðum VIII. viðauka og, ef við á, VII. viðauka, ef nauðsyn krefur af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum eða vegna vísindalegrar þróunar eða skjalfestra öryggisskilyrða, sem varða ATM-/ANS-þjónustu, í því skyni og að því marki sem nauðsyn krefur til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

VI. ÞÁTTUR

Flugumferðarstjórar

48. gr.

Grunnkröfur

Flugumferðarstjórar, sem taka þátt í að veita þá ATM-/ANS-þjónustu sem um getur í g-lið 1. mgr. 2. gr., og aðilar, fyrirtæki og flugþjálfar, sem koma að þjálfun, prófum, mati eða heilbrigðismati á þessum flugumferðarstjórum, skulu uppfylla grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka.

49. gr.

Flugumferðarstjórar

1. Gerð skal krafa um að flugumferðarstjórar séu handhafar flugumferðarstjóraskírteinis og heilbrigðisvottorðs flugumferðarstjóra sem hentar þeirri þjónustu sem veitt er.

2. Flugumferðarstjóraskírteinið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandi skírteinisins hefur sýnt fram á að hann eða hún fari að ákvæðum framkvæmdargerðanna sem um getur í 50. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 48. gr.

3. Heilbrigðisvottorð flugumferðarstjóra, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar flugumferðarstjórinn hefur sýnt fram á að hann eða hún fari að ákvæðum framkvæmdargerðanna sem um getur í 50. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 48. gr.

4. Í flugumferðarstjóraskírteininu og heilbrigðisvottorði flugumferðarstjóra, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina þau réttindi sem flugumferðarstjóra eru veitt. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 50. gr. er leyfilegt að breyta þessu flugumferðarstjóraskírteini og heilbrigðisvottorði flugumferðarstjóra til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

5. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 50. gr., er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla flugumferðarstjóraskírteinið og heilbrigðisvottorð flugumferðarstjóra, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi fylgir ekki lengur þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald skírteinis eða heilbrigðisvottorðs.

50. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar flugumferðarstjóra

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 48. gr. að því er varðar flugumferðarstjóra, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) mismunandi flokka, áritanir og skráningar í skírteini flugumferðarstjóra sem um getur í 49. gr.,

b) réttindi og ábyrgðir handhafa flugumferðarstjóraskírteina, áritanir og skráningar í skírteinin og heilbrigðisvottorðin sem um getur í 49. gr.,

c) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á skírteinum, áritunum og skráningum í skírteini flugumferðarstjóra og heilbrigðisvottorðin sem um getur í 49. gr., þ.m.t. reglur og verklagsreglur vegna breytingar á þjóðarskírteinum flugumferðarstjóra og þjóðarheilbrigðisvottorðum flugumferðarstjóra í þau flugumferðarstjóraskírteini og heilbrigðisvottorð flugumferðarstjóra sem um getur í 49. gr.,

d) reglur og verklagsreglur fyrir flugumferðarstjóra að því er varðar vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma. Þessum reglum og verklagsreglum er ætlað að koma á háu öryggisstigi með vernd gegn áhrifum þreytu samhliða því að veita nægilegan sveigjanleika við áætlunargerð.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 48. gr. þessarar reglugerðar og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 1. viðauka við Chicago-samninginn.

51. gr.

Fyrirtæki sem annast þjálfun flugumferðarstjóra og fluglæknasetur

1. Samþykkis skal krafist að því er varðar fyrirtæki sem annast þjálfun flugumferðarstjóra og fluglæknasetur.

2. Samþykkið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fari að ákvæðum framkvæmdargerðanna sem um getur í 53. gr., sem eru samþykktar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 48. gr.

3. Í samþykkinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal tilgreina þau réttindi sem fyrirtækinu eru veitt. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 53. gr. er leyfilegt að breyta samþykkinu til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 53. gr., er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla samþykkið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi fer ekki lengur að þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks samþykkis.

52. gr.

Kennarar, matsmenn og fluglæknar

1. Þess skal krafist að aðilar, sem bera ábyrgð á að veita verklega þjálfun og á að meta verklega færni flugumferðarstjóra og fluglækna, séu handhafar vottorðs.

2. Vottorðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fari að ákvæðum framkvæmdargerðanna sem um getur í 53. gr., sem samþykktar eru til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 48. gr.

3. Í vottorðinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina þau réttindi sem veitt eru. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 53. gr., er leyfilegt að breyta vottorðinu til að bæta við réttindum eða fjarlægja réttindi.

4. Í samræmi við framkvæmdargerðirnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 53. gr., er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef handhafi fer ekki lengur þeim reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu og viðhald slíks vottorðs.

53. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar þjálfun, próf, mat og heilbrigðismat

1. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 48. gr. að því er varðar aðila og fyrirtæki sem taka þátt í þjálfun, prófum, mati og heilbrigðismati á flugumferðarstjórum, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á þeim samþykkjum og vottorðum sem um getur í 51. og 52. gr.,

b) réttindi og ábyrgðir handhafa samþykkja og vottorða sem um getur í 51. og 52. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

2. Þegar þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 48. gr. þessarar reglugerðar og taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, einkum þeirra sem settar eru fram í 1. viðauka við Chicago-samninginn.

54. gr.

Framseldar valdheimildir

Að því er varðar flugumferðarstjóra og aðila og fyrirtæki, sem taka þátt í þjálfun, prófum, mati eða heilbrigðismati á flugumferðarstjórum, sem og að því er varðar flugþjálfa, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr. til að breyta VIII. viðauka, ef nauðsyn krefur af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum eða vegna vísindalegrar þróunar eða skjalfestra öryggisskilyrða, sem varða þjálfunarfyrirtæki og flugumferðarstjóra, í því skyni og að því marki sem nauðsyn krefur til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

VII. ÞÁTTUR

Ómönnuð loftför

55. gr.

Grunnkröfur fyrir ómönnuð loftför

Hönnun, framleiðsla, viðhald og starfræksla loftfara, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., þegar það varðar ómönnuð loftför, og hreyfla þeirra, loftskrúfa, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra loftfarinu, sem og það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfrækslu, skulu uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í IX. viðauka sem og, ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum sem um getur 58. gr. og framkvæmdargerðunum sem um getur í 57. gr., grunnkröfurnar sem settar eru fram í II., IV. og V. viðauka.

56. gr.

Samræmi ómannaðra loftfara við kröfur

1. Að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem settar eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, til rekstrareiginleika viðkomandi ómannaðs loftfars og til eiginleika flugsvæðis, má krefjast vottorðs fyrir hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu ómannaðra loftfara og hreyfla þeirra, loftskrúfa, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra þeim, sem og fyrir það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi, í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 58. gr. og framkvæmdargerðirnar sem um getur í 57. gr.

2. Vottorðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal gefið út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann fari að ákvæðum framseldu gerðanna sem um getur í 58. gr. og framkvæmdargerðanna sem um getur í 57. gr.

3. Í vottorðinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina öryggistengdar takmarkanir, rekstrarskilyrði og réttindi. Í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 58. gr. og framkvæmdargerðirnar sem um getur í 57. gr. er leyfilegt að breyta vottorðinu til að bæta við eða fjarlægja takmarkanir, skilyrði og réttindi.

4. Í samræmi við framseldu gerðirnar sem um getur í 58. gr. og framkvæmdargerðirnar sem um getur í 57. gr. er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar ef handhafinn fer ekki lengur að þeim skilyrðum, reglum og verklagsreglum sem gilda um útgáfu eða viðhald slíks vottorðs.

5. Að teknu tilliti til þeirra markmiða og meginreglna sem settar eru fram í 1. og 4. gr. og einkum til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, til rekstrareiginleika viðkomandi ómannaðs loftfars og til eiginleika flugsvæðis, kann þess verið krafist í framseldu gerðunum, sem um getur í 58. gr., og framkvæmdargerðunum, sem um getur í 57. gr., að gefin sé út yfirlýsing, sem staðfestir samræmi við þessar framseldu gerðir og framkvæmdargerðir, fyrir hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu ómannaðra loftfara og hreyfla þeirra, loftskrúfa, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra þeim, sem og fyrir það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi.

6. Ef hægt er uppfylla markmiðin og meginreglurnar sem settar eru fram í 1. og 4. gr. án þess að beita ákvæðum IV. og V. kafla þessarar reglugerðar mætti kveða á um það í framseldu gerðunum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 58. gr., að þessir kaflar gildi hvorki um grunnkröfurnar, sem um getur í 55. gr., né um samsvarandi nákvæmar reglur, sem fastsettar eru í samræmi við ákvæði 58. gr. Í slíkum tilvikum skulu þessar grunnkröfur og þessar nákvæmu reglur teljast „samhæfingarlöggjöf Bandalagsins“ í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([1]) og ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([2]).

7. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar um skráningu ómannaðra loftfara og umráðendur ómannaðra loftfara, sem falla undir skráningarkröfu í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 57. gr. og 4. lið IX. viðauka, séu varðveittar í stafrænum, samræmdum og rekstrarsamhæfðum landsbundnum skráningarkerfum. Aðildarríkin skulu geta nálgast þessar upplýsingar og geta skipst á þeim í gegnum gagnasafnið sem um getur í 74. gr.

8. Þessi þáttur skal ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna að mæla fyrir um landsreglur til að setja sérstök skilyrði um starfrækslu ómannaðra loftfara vegna ástæðna sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar, þ.m.t. almannaöryggi eða verndun friðhelgi einkalífsins og persónuupplýsinga í samræmi við lög Sambandsins.

57. gr.

Framkvæmdargerðir að því er varðar ómönnuð loftför

Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 55. gr. að því er varðar starfrækslu loftfara, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., þegar það varðar ómönnuð loftför, sem og það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem koma að þessari starfsemi, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) sértækar reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara sem og fyrir það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi,

b) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á vottorðunum, eða um útgáfu yfirlýsinga, fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara sem og fyrir það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi og fyrir þær aðstæður þar sem slíkra vottorða eða yfirlýsinga skal krafist; reglurnar og verklagsreglurnar fyrir útgáfu þessara vottorða og yfirlýsinga geta grundvallast á, eða samanstaðið af, ítarlegu kröfunum sem um getur í I., II. og III. þætti,

c) réttindi og ábyrgðir handhafa vottorða og einstaklinga og lögaðila sem gefa út yfirlýsingar,

d) reglur og verklagsreglur fyrir skráningu og merkingu ómannaðra loftfara og skráningu umráðenda ómannaðra loftfara, sem um getur í 4. lið í IX. viðauka,

e) reglur og verklagsreglur um að koma á fót stafrænum, rekstrarsamhæfðum, samræmdum og landsbundnum skráningarkerfum, sem um getur í 7. mgr. 56. gr.,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([2]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

f) reglur og verklagsreglur vegna breytingar á þjóðarvottorðum í þau vottorð sem krafist er skv. 1. mgr. 56. gr.,

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

58. gr.

Framseldar valdheimildir

1. Með tilliti til hönnunar, framleiðslu og viðhalds á loftförum, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., þegar það varðar ómönnuð loftför, og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta, óuppsettan búnað og búnað til að fjarstýra loftfarinu, og einnig með tilliti til þess starfsfólks, þ.m.t. fjarflugmanna, og þeirra fyrirtækja sem taka þátt í þessari starfsemi er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 128. gr., þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) sértæk skilyrði fyrir hönnun, framleiðslu, og viðhald á ómönnuðu loftfari og á hreyflum þess, loftskrúfum, hlutum, óuppsettum búnaði og búnaði til að fjarstýra loftfarinu, og einnig fyrir það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi, sem eru nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem um getur í 55. gr., sem geta innihaldið skilyrði fyrir því hvenær ómannaða loftfarið skuli hafa nauðsynlega þætti og virkni, einkum í tengslum við takmarkanir á hámarksstarfrækslufjarlægð og -hæð, staðsetningartilkynningar, takmörkun á komu til landsvæða, árekstrarvörn, stöðgun flugs og sjálfvirka lendingu,

b) skilyrði og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun á vottorðunum, eða um útgáfu yfirlýsinga, fyrir hönnun, framleiðslu og viðhald á ómönnuðu loftfari, á hreyflum þess, loftskrúfum, hlutum, óuppsettum búnaði og búnaði til að fjarstýra loftfarinu, sem og fyrir það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þeirri starfsemi sem um getur í 1. og 5. mgr. 56. gr. og fyrir þær aðstæður þar sem slíkra vottorða eða yfirlýsinga skal krafist; skilyrði og verklagsreglur um útgáfu þessara vottorða og þessara yfirlýsinga getur grundvallast á, eða samanstandið af, ítarlegu kröfunum sem um getur í I., II. og III. þætti,

c) skilyrði þar sem kröfur um hönnun, framleiðslu og viðhald á ómönnuðu loftfari og á hreyflum þess, loftskrúfum, hlutum, óuppsettum búnaði og búnaði til að fjarstýra loftfarinu, falla ekki undir IV. og V. kafla að því er varðar 6. mgr. 56. gr.,

d) réttindi og ábyrgðir handhafa vottorða og einstaklinga og lögaðila sem gefa út yfirlýsingar,

e) skilyrði fyrir breytingu á þjóðarvottorðum í þau vottorð sem krafist er skv. 1. mgr. 56. gr.

2. Að því er varðar hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu loftfara, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., þegar það varðar ómönnuð loftför, og hreyfla þeirra, loftskrúfa, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra loftfarinu, sem og það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 128. gr., til að breyta ákvæðum IX. viðauka og, ef við á, III. viðauka, ef nauðsyn krefur af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum eða vegna vísindalegrar þróunar eða skjalfestra öryggisskilyrða, sem varða flugrekstur, í því skyni og að því marki sem nauðsyn krefur til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

VIII. ÞÁTTUR

Loftför sem flugrekandi í þriðja landi notar til flugs til Sambandsins, innan þess eða frá því

59. gr.

Gildandi reglur

Loftförin, sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., sem og áhöfn þeirra og starfræksla, skulu samræmast gildandi kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sbr. þó 1. lið VIII. viðauka og reglurnar sem samþykktar eru á grundvelli a-liðar 1. mgr. 44. gr.

Ef slíkar kröfur eru ekki til staðar skulu þessi loftför, flugáhöfn þeirra og starfræksla þeirra uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) að því er varðar loftför önnur en ómönnuð loftför, grunnkröfurnar sem settar eru fram í II., IV. og V. viðauka,

b) að því er varðar ómönnuð loftför, grunnkröfurnar sem settar eru fram í IX. viðauka og, ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum sem um getur í 61. gr., grunnkröfurnar sem settar eru fram í II., IV. og V. viðauka.

Önnur undirgrein gildir þó ekki ef þessar grunnkröfur stangast á við réttindi þriðju landa samkvæmt alþjóðasamningum.

60. gr.

Reglufylgni

1. Starfræksla loftfars, sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., í tengslum við flutningaflug, skal háð vottun og á grundvelli hennar skal heimild gefin út.

Heimildin skal gefin út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann hafi getu og úrræði til að inna af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu þessa loftfars í samræmi við kröfurnar sem eru tilgreindar í 59. gr. Í heimildinni skal tilgreina þau réttindi sem flugrekandanum eru veitt og umfang starfrækslunnar.

2. Ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum, sem um getur í 61. gr., skal starfræksla loftfars, sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., í öðru flugi en flutningaflugi, háð vottun og á grundvelli hennar skal heimild gefin út.

Heimildin skal gefin út að fenginni beiðni þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að hann hafi getu og úrræði til að inna af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu þessa loftfars í samræmi við kröfurnar sem eru tilgreindar í 59. gr.

Í heimildinni skal tilgreina þau réttindi sem flugrekandanum eru veitt og umfang starfrækslunnar.

Ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum sem um getur í 61. gr. skal flugrekendum þeirra loftfara sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., sem starfrækt eru í öðrum tilgangi en flutningaflugi, leyft að lýsa því yfir að þeir hafi getu og úrræði til að inna af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu þessara loftfara í samræmi við kröfurnar sem um getur í 59. gr., sbr. þó ákvæði fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.

3. Þeirra heimilda og yfirlýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr. skal ekki krafist í tengslum við starfrækslu loftfara, sem eingöngu fljúga yfir yfirráðasvæðið sem samningarnir gilda um, nema að því er varðar starfrækslu ómannaðra loftfara.

61. gr.

Framseldar valdheimildir

1. Að því er varðar þau loftför sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., sem og áhöfn þeirra og starfrækslu, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr., þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) heimildir loftfara, sem eru ekki með staðlað lofthæfivottorð frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, eða heimildir flugmanna, sem eru ekki með staðlað skírteini frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, til að fljúga til, innan eða frá því yfirráðasvæði sem sáttmálarnir gilda um,

b) sérstök skilyrði fyrir því að starfrækja loftfar í samræmi við ákvæði 59. gr.,

c) önnur skilyrði fyrir tilvik þar sem ekki er mögulegt að uppfylla kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og grunnkröfurnar sem um getur í 59. gr. eða þar sem það hefði í för með sér óhóflega fyrirhöfn fyrir flugrekandann/umráðandann, á sama tíma og tryggt er að markmiðum þessara krafa sé náð,

d) skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heimildirnar, sem um getur í 60. gr., og skilyrðin sem gilda við þær aðstæður þar sem slíkra heimilda skal krafist eða slíkar yfirlýsingar leyfðar, eftir því sem við á, með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr. á sama tíma og tekið er tillit til eðlis viðkomandi starfsemi og áhættunnar sem í henni felst; Í þessum skilyrðum skal taka tillit til vottorðanna, sem eru gefin út af skráningarríkinu, ríki flugrekanda og, að því er varðar ómönnuð loftför, ríkinu þar sem búnaðurinn til að fjarstýra ómannaða loftfarinu er staðsettur, og skulu skilyrðin ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og framkvæmdargerðanna sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

e) réttindi og ábyrgðir handhafa leyfanna sem um getur í 1. og 2. mgr. 60. gr. og, ef við á, flugrekenda, sem hafa lagt fram yfirlýsingar í samræmi við 2. mgr. 60. gr.,

2. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir reglurnar, sem um getur í 1. mgr., skal hún gæta þess sérstaklega:

a) að notaðar séu, eftir því sem við á, ráðlagðar starfsvenjur og leiðbeiningarskjöl Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

b) að engin krafa gangi lengra en það sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð af loftförum sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. og af flugáhöfn og flugrekendum/umráðendum slíkra loftfara,

c) að ferlið við að afla þeirra heimilda sem um getur í 1. og 2. mgr. 60. gr. sé einfalt, hlutfallsbundið, skilvirkt og kostnaðarhagkvæmt og taki tillit til staðfestinga á samræmi í réttu hlutfalli við það hversu flókin starfrækslan er og áhættan sem í henni felst. Framkvæmdastjórnin skal einkum tryggja að tekin sé hliðsjón af:

   i. niðurstöðum úttektaráætlunar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur unnið í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP),

   ii. upplýsingum sem safnað er innan ramma skoðunaráætlana á hlaði, sem komið er á fót í samræmi við þær framseldu gerðir sem um getur í 13. mgr. 62. gr., og þær framkvæmdargerðir sem um getur í 14. mgr. 62. gr.,

   iii. öðrum viðurkenndum upplýsingum um öryggisþætti með tilliti til hlutaðeigandi flugrekanda/umráðanda,

   iv. vottorðum/skírteinum/starfsleyfum sem gefin eru út í samræmi við lög þriðja lands,

d) að tekið sé tillit til þátta er varða ATM-/ANS-þjónustu.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEGT VOTTUNAR-, EFTIRLITS- OG FRAMFYLGDARKERFI

62. gr.

Vottun, eftirlit og framfylgd

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu vinna saman innan ramma sameiginlegs evrópsks flugöryggiskerfis til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og ákvæðum framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

2. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og ákvæðum framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld:

a) taka á móti og meta umsóknirnar sem þeim berast og, eftir atvikum, gefa út eða endurnýja vottorð/skírteini/starfsleyfi og taka á móti yfirlýsingum sem þeim berast, í samræmi við III. kafla,

b) hafa eftirlit með handhöfum vottorða/skírteina/starfsleyfa, einstaklingum og lögaðilum sem hafa gefið út yfirlýsingar, og með framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum, flughermisþjálfum og flugvöllum sem falla undir þessa reglugerð,

c) framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, skoðanir, þ.m.t. skoðanir á hlaði, úttektir og aðrar eftirlitsaðgerðir til að greina möguleg brot einstaklinga eða lögaðila, sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, á kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

d) gera allar nauðsynlegar framfylgdarráðstafanir, þ.m.t. að breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð/skírteini/starfsleyfi sem þau hafa gefið út, leggja flugbann á loftför og beita viðurlögum, í því skyni að leiða til lykta brot sem hafa verið staðfest,

e) banna, takmarka eða setja sérstök skilyrði um þá starfsemi, sem um getur í III. kafla, í öryggisskyni,

f) tryggja að það starfsfólk þeirra sem sinnir verkefnum við vottun, eftirlit og framfylgd hafi viðeigandi starfsréttindi, þ.m.t. með því að veita þeim fullnægjandi þjálfun.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær landsyfirvöld þeirra séu óháð þegar tæknilegar ákvarðanir eru teknar varðandi vottun, eftirlit og framfylgd og framkvæmi verkefni sín af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt, þau séu skipulögð, mönnuð og þeim stjórnað í samræmi við það. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að lögbær landsyfirvöld þeirra hafi nauðsynleg úrræði og getu til að framkvæma þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt þessari reglugerð á skilvirkan hátt og með góðum fyrirvara.

4. Ábyrgðir á verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd, sem um getur í 2. mgr., skulu ákvarðaðar í samræmi við þessa málgrein.

Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum sem henni eru úthlutuð skv. 77.–82. gr. og á þeim verkefnum sem henni eru úthlutuð skv. 64. og 65. gr.

Ef aðildarríki veitir undanþágu í samræmi við 6. mgr. 41. gr. gildir a-liður 1. mgr. 80. gr. þó ekki lengur og ber hlutaðeigandi aðildarríki ábyrgð á eftirliti og framfylgd að því er varðar viðkomandi veitanda ATM-/ANS-þjónustu, eins og kveðið er á um í undanþágunni.

Lögbært landsyfirvald í því aðildarríki þar sem flugvöllurinn er staðsettur skal bera ábyrgð á þessum verkefnum að því er varðar flugvallarskírteinið, sem um getur í 1. mgr. 34. gr., og starfsleyfi rekstraraðila flugvallar, sem um getur í 1. mgr. 37. gr.

Umrætt lögbært landsyfirvald skal einnig bera ábyrgð á eftirliti og framfylgd verkefna að því er varðar fyrirtæki sem bera ábyrgð á að veita flugafgreiðslu eða hlaðstjórnunarþjónustu á þessum flugvelli.

Í öllum öðrum tilvikum skal ábyrgðin á þessum verkefnum vera í höndum lögbæra landsyfirvaldsins í því aðildarríki þar sem einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem sækir um vottorðið/skírteinið/starfsleyfið eða gefur út yfirlýsinguna, er með höfuðstöðvar sínar eða, ef einstaklingurinn hefur engar höfuðstöðvar, þar sem hann hefur búsetu eða staðfestu, nema það sé nauðsynlegt, fyrir skilvirka framkvæmd vottunar-, eftirlits- og framfylgdarverkefna, að úthluta þeim til lögbærs landsyfirvalds annars aðildarríks í samræmi við nákvæmu reglurnar sem um getur í d-lið 14. mgr.

Ef kveðið er á um það í framkvæmdargerðunum, sem um getur í 15. mgr., gildir þó eftirfarandi:

a) fluglæknar, fluglæknasetur og heimilislæknar skulu bera ábyrgð á útgáfu heilbrigðisvottorða flugmanna, sem um getur í 1. mgr. 21. gr., og heilbrigðisvottorð flugumferðarstjóra, sem um getur í 1. mgr. 49. gr.,

b) þjálfunarfyrirtæki sem annast þjálfun öryggis- og þjónustuliða, sem hafa fengið útgefin samþykki í samræmi við 24. gr., og flugrekendur/umráðendur, sem hafa fengið útgefin skírteini í samræmi við 30. gr., skulu bera ábyrgð á útgáfu þeirra staðfestingarvottorða fyrir öryggis- og þjónustuliða sem um getur í 22. gr.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. geta aðildarríkin ákveðið að lögbær landsyfirvöld þeirra beri sameiginlega ábyrgð á verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd að því er varðar flugrekanda sem stundar flutningaflug ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) að kveðið hafi verið á um slíka sameiginlega ábyrgð í samningi sem þessi aðildarríki gerðu með sér fyrir 1. janúar 1992,

b) að þessi aðildarríki hafi tryggt að lögbær landsyfirvöld þeirra framkvæmi þessi verkefni með skilvirkum hætti í samræmi við þessa reglugerð og í samræmi við framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

Eigi síðar en 12. mars 2019 skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um þessa ákvörðun um sameiginlega ábyrgð og veita þeim allar viðeigandi upplýsingar, einkum um samninginn sem um getur í a-lið og um þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja að þessi verkefni séu framkvæmd með skilvirkum hætti í samræmi við b-lið.

Ef framkvæmdastjórnin telur, að höfðu samráði við Flugöryggisstofnunina, að skilyrðin, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein, hafi ekki verið uppfyllt, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem hún setur fram ákvörðun sína. Þegar framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt viðkomandi aðildarríkjum um slíkar framkvæmdargerðir skulu þau aðildarríki tafarlaust breyta eða afturkalla ákvörðun sína um sameiginlega ábyrgð og tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það.

Flugöryggisstofnunin skal setja allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, sem hafa verið tilkynntar samkvæmt þessari málsgrein, í gagnasafnið sem um getur í 74. gr.

6. Eftirlit af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda skal vera samfellt og grundvallast á forgangsatriðum sem eru ákveðin í ljósi áhættu fyrir almenningsflug.

7. Þegar Flugöryggisstofnunin framkvæmir þær skoðanir á hlaði sem um getur í c-lið 2. mgr. skal hún eiga samstarf við lögbær landsyfirvöld í því aðildarríki þar sem viðkomandi skoðun á hlaði fer fram.

8. Flugöryggisstofnunin skal hafa umsjón með og nota nauðsynlegan búnað og verklagsreglur til að safna saman, skiptast á og greina öryggistengdar upplýsingar sem fást úr skoðunum á hlaði sem um getur í c-lið 2. mgr.

9. Til að greiða fyrir skilvirkri framkvæmd verkefna sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd skulu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld skiptast á viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. um möguleg brot eða staðfest brot.

10. Flugöryggisstofnunin skal stuðla að almennum skilningi og beitingu á kröfunum sem er að finna í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, m.a. með því að semja leiðbeiningarnar, sem um getur í 3. mgr. 76. gr., í samráði við lögbær landsyfirvöld.

11. Sérhver lögaðili eða einstaklingur sem heyrir undir þessa reglugerð getur tilkynnt Flugöryggisstofnuninni um meintan mismun í beitingu aðildarríkjanna á reglunum. Ef slíkur mismunur skapar alvarlega hindrun fyrir starfsemi þessara aðila eða leiðir með öðrum hætti til verulegra erfiðleika, skulu Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld viðkomandi aðildarríkja vinna saman við að takast á við og, ef nauðsyn krefur, uppræta þennan mismun. Ef ekki er unnt að uppræta þennan mismun skal Flugöryggisstofnunin leggja málið fyrir framkvæmdastjórnina.

12. Flugöryggisstofnunin og lögbæru landsyfirvöldin skulu grípa til nauðsynlegra og skilvirkra aðgerða til að efla og stuðla að vitundarvakningu um öryggi í almenningsflugi og miðla öryggistengdum upplýsingum sem skipta máli vegna forvarna gegn slysum og flugatvikum.

13. Að því er varðar verkefni Flugöryggisstofnunarinnar sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr. þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) skilyrði fyrir framkvæmd vottunar og rannsókna, skoðana, úttekta og annarra eftirlitsaðgerða sem eru nauðsynlegar til að tryggja skilvirkt eftirlit Flugöryggisstofnunarinnar með þeim einstaklingum og lögaðilum, framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum, flughermisþjálfum og flugvöllum sem heyra undir þessa reglugerð,

b) skilyrði fyrir framkvæmd Flugöryggisstofnunarinnar á skoðunum á hlaði og fyrir því að setja loftfar í flugbann þegar loftfarið, flugrekandi/umráðandi þess eða flugáhöfn uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar eða framseldu gerðanna og framkvæmdargerðanna sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

c) skilyrði sem liggja til grundvallar því að það megi banna, takmarka eða setja tiltekin skilyrði, í öryggisskyni, um starfsemi, sem settar eru reglur um í III. kafla,

d) skilyrði fyrir útgáfu og miðlun Flugöryggisstofnunarinnar á skyldubundnum upplýsingum og ráðleggingum í samræmi við 6. mgr. 76. gr., í því skyni að tryggja öryggi starfseminnar, sem settar eru reglur um í III. kafla,

e) skilyrði fyrir útgáfu og miðlun Flugöryggisstofnunarinnar á skyldubundnum upplýsingum í samræmi við 77. gr., í því skyni að tryggja áframhaldandi lofthæfi og samrýmanleika framleiðsluvara, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra loftfarinu að umhverfinu, og skilyrðin fyrir öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur þessara skyldubundnu upplýsinga,

f) skilyrði og verklagsreglur fyrir faggildingu Flugöryggisstofnunarinnar á hæfum aðila í samræmi við 69. gr.

14. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við ákvæði 2. til 9. mgr. þessarar greinar að því er varðar verkefni lögbæru landsyfirvaldanna sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginregla sem settar eru fram 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) reglur og verklagsreglur fyrir framkvæmd vottunar og framkvæmd rannsókna, skoðana, úttekta og annarra eftirlitsaðgerða sem eru nauðsynlegar til að tryggja skilvirkt eftirlit lögbærra landsyfirvalda með þeim einstaklingum og lögaðilum, framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum, flughermisþjálfum og flugvöllum sem heyra undir þessa reglugerð,

b) reglur og verklagsreglur fyrir framkvæmd lögbæra landsyfirvaldsins á skoðunum á hlaði og fyrir því að setja loftfar í flugbann þegar loftfarið, flugrekandi/umráðandi þess eða flugáhöfn uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar eða framseldu gerðanna og framkvæmdargerðanna sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

c) reglur og verklagsreglur sem liggja til grundvallar því að það megi banna, takmarka eða setja tiltekin skilyrði, í öryggisskyni, um starfsemi sem settar eru reglur um í III. kafla,

d) að því er varðar ákvæði 4. mgr., reglur og verklagsreglur fyrir skiptingu ábyrgðar milli lögbærra landsyfirvalda til að tryggja skilvirka framkvæmd vottunar-, eftirlits- og framfylgdarverkefna,

e) reglur og verklagsreglur fyrir faggildingu lögbærs landsyfirvalds á hæfum aðila í samræmi við 69. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

15. Til að tryggja samræmda framkvæmd og samræmi við ákvæði 2. til 9. mgr. þessarar greinar að því er varðar vottunar-, eftirlits- og framfylgdarverkefni Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda samkvæmt þessari reglugerð, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 4. gr. og með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarleg ákvæði varðandi:

a) reglur og verklagsreglur um söfnun, dreifingu og skipti á viðeigandi upplýsingum milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda til að þau geti með skilvirkum hætti sinnt verkefnum sínum í tengslum við vottun, eftirlit og framfylgd, þ.m.t. upplýsingar um hugsanleg brot eða staðfest brot,

b) reglur og verklagsreglur varðandi starfsréttindi starfsfólks Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda, sem sinna vottunar-, eftirlits- og framfylgdarverkefnum, og þeirra fyrirtækja sem koma að þjálfun þeirra,

c) reglur og verklagsreglur fyrir stjórnsýslu- og stjórnunarkerfi Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda að því er varðar framkvæmd vottunar-, eftirlits- og framfylgdarverkefna,

d) að því er varðar ákvæði 4. mgr. þessarar greinar, reglur og verklagsreglur fyrir úthlutun ábyrgðar til fluglækna og fluglæknasetra vegna útgáfu heilbrigðisvottorða flugmanna og heilbrigðisvottorða flugumferðarstjóra, og skilyrðin fyrir aðstæðum þar sem heimilislæknum er veitt slík ábyrgð, með það að leiðarljósi að tryggja skilvirka framkvæmd verkefna sem tengjast útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir flugmenn og flugumferðarstjóra,

e) að því er varðar ákvæði 4. mgr. þessarar greinar, reglur og verklagsreglur fyrir úthlutun ábyrgðar til þjálfunarfyrirtækja sem annast þjálfun öryggis- og þjónustuliða og til flugrekenda/umráðenda vegna útgáfu staðfestingarvottorða fyrir öryggis- og þjónustuliða, með það að leiðarljósi að tryggja skilvirka framkvæmd verkefna er varða vottun öryggis- og þjónustuliða.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

63. gr.

Samlag evrópskra eftirlitsmanna á sviði flugs (e. *pool of European aviation inspectors*)

1. Flugöryggisstofnunin skal, í samstarfi við lögbær landsyfirvöld, koma á fót kerfi um valfrjálsa samnýtingu á eftirlitsmönnum og öðru starfsfólki, sem býr yfir sérfræðiþekkingu sem skiptir máli fyrir framkvæmd vottunar- og eftirlitsverkefna samkvæmt þessari reglugerð.

Í því skyni skal Flugöryggisstofnunin, í samstarfi við lögbær landsyfirvöld, skilgreina nauðsynlega hæfni og reynslu, en á grundvelli þessa skulu þessi yfirvöld og Flugöryggisstofnunin tilnefna, með fyrirvara um tiltækileika, umsækjendur til þátttöku í samnýtingarkerfinu fyrir evrópska eftirlitsmenn á sviði flugs.

2. Flugöryggisstofnunin og hvert lögbært landsyfirvald geta óskað eftir aðstoð frá samlagi evrópskra eftirlitsmanna á sviði flugs til að inna af hendi eftirlits- og vottunarstörf. Flugöryggisstofnunin skal samræma viðbrögð við þessum beiðnum og þróa viðeigandi málsmeðferðarreglur í þeim tilgangi, í samráði við lögbær landsyfirvöld.

3. Evrópsku eftirlitsmennirnir á sviði flugs skulu inna af hendi eftirlits- og vottunarstörf sín samkvæmt leiðbeiningum frá Flugöryggisstofnuninni eða því lögbæra landsyfirvaldi sem óskaði eftir aðstoð þeirra eða undir stjórn þeirra og á þeirra ábyrgð.

4. Yfirvaldið, sem óskaði eftir aðstoðinni, skal standa straum af þeim kostnaði sem af hlýst vegna aðstoðar frá evrópskum eftirlitsmönnum á sviði flugs.

Yfirvaldið getur ákveðið að fjármagna þessa aðstoð með þóknunum, sem eru reikningsfærðar og innheimtar á grundvelli þeirra reglna sem komið er á fót samkvæmt c-lið 6. mgr. af þeim lögaðilum og einstaklingum þar sem vottunar- og eftirlitsstörf þessara evrópsku eftirlitsmanna á sviði flugs fór fram.

Í því tilviki skal það yfirvald millifæra innheimtu fjárhæðina til þess yfirvalds sem veitti aðstoðina.

5. Allar yfirlýsingar, skrár og skýrslur frá evrópskum eftirlitsmönnum á sviði flugs, sem inna af hendi störf sín í samræmi við þessa grein, skulu að öllu leyti meðhöndlaðar sem jafngildar þeim sem koma frá landsbundnum eftirlitsmönnum og skulu teljast viðurkennd sönnunargögn í stjórnsýslu- eða dómsmálum.

6. Að því er varðar samnýtingarkerfið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um:

a) reglur og verklagsreglur sem Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld skulu fylgja þegar þau óska eftir, þiggja eða veita aðstoð í gegnum þetta kerfi,

b) reglur og verklagsreglur um þær heimildir og nákvæmu reglur sem gilda fyrir evrópska eftirlitsmenn á sviði flugs þegar þeir veita slíka aðstoð,

c) reglur og verklagsreglur vegna ákvörðunar á þeim þóknunum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar og innheimtu þeirra.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

64. gr.

Framsal ábyrgðar að beiðni aðildarríkja

1. Aðildarríki getur óskað eftir því að Flugöryggisstofnunin annist vottunar-, eftirlits- og framfylgdarverkefnin, sem um getur í 2. mgr. 62. gr., að því er varðar tiltekna eða alla einstaklinga eða lögaðila, loftför, öryggistengdan flugvallarbúnað, ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta, flughermisþjálfa og flugvelli sem viðkomandi aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt þessari reglugerð og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

Þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt slíka beiðni verður hún lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á þeim verkefnum sem falla undir beiðnina og skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þá leyst undan ábyrgð sinni að því er þessi verkefni varðar.

Í tengslum við ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar á þessum verkefnum gilda ákvæði IV. og V. kafla.

2. Aðildarríki getur óskað eftir því að annað aðildarríki annist þau verkefni sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd, sem um getur í 2. mgr. 62. gr., að því er varðar tiltekna eða alla einstaklinga eða lögaðila, loftför, öryggistengdan flugvallarbúnað, ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta, flughermisþjálfa og flugvelli sem viðkomandi aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt þessari reglugerð og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

Þegar aðildarríkið hefur samþykkt slíka beiðni ber það ábyrgð á þeim verkefnum sem falla undir beiðnina og aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal þá leyst undan ábyrgð sinni að því er þessi verkefni varðar.

Í tengslum við ábyrgð á verkefnum sem hafa verið framseld samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði II. og IV. kafla og 131. og 132. gr. auk viðeigandi ákvæði landslaga þess aðildarríkis sem samþykkti beiðnina.

3. Að því er varðar framfylgd skal aðildarríkið sem samþykkti beiðnina, eða Flugöryggisstofnunin, einungis bera ábyrgð á málum sem tengjast málsmeðferðinni fyrir samþykkt ákvarðana lögbærs landsyfirvalds þessa aðildarríkis, eða Flugöryggisstofnunarinnar, og varða þau vottunar- og eftirlitsverkefni sem hafa verið framseld til þeirra í samræmi við þessa grein, sem og beitingu þessara ákvarðana. Öll önnur málefni sem tengjast framfylgd hafa ekki áhrif á úthlutun ábyrgða, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

4. Flugöryggisstofnunin eða aðildarríki, eftir því sem við á, skal eingöngu samþykkja beiðnina, sem um getur í 1. og 2. mgr., ef Flugöryggisstofnunin eða lögbært landsyfirvald viðkomandi aðildarríkis metur það svo að þau búi yfir nauðsynlegum úrræðum og geti með árangursríkum hætti borið ábyrgð á viðkomandi verkefnum.

5. Ef aðildarríki kýs að beita ákvæðum 1. og 2. mgr. skal það gera ítarlegt samkomulag við Flugöryggisstofnunina eða hitt aðildarríkið, eftir því sem við á, varðandi framsal ábyrgðar á þeim verkefnum sem um er að ræða. Áður en þetta ítarlega samkomulag er samþykkt skal haft samráð við þá einstaklinga og lögaðila sem framsalið hefur áhrif á og við Flugöryggisstofnunina ef um er að ræða framsalið sem um getur í 2. mgr. Í þessu ítarlega samkomulagi skal a.m.k. koma skilmerkilega fram hvaða verkefni á að framselja og það skal innihalda lagalegt, hagnýtt og stjórnsýslulegt fyrirkomulag sem nauðsynlegt er til að tryggja að yfirfærslan fari fram með skipulegum hætti og að framkvæmd viðkomandi verkefna sé áfram skilvirk og óslitin í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdagerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar, sem og að starfsemi viðkomandi einstaklinga og lögaðila haldi áfram hnökralaust. Ítarlega samkomulagið skal einnig innihalda ákvæði um flutning á viðeigandi tæknigögnum og -skjölum.

Flugöryggisstofnunin og hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja, eftir því sem við á, að framsal ábyrgðar á verkefnunum fari fram í samræmi við þetta ítarlega samkomulag.

6. Flugöryggisstofnunin skal gera skrá yfir þau aðildarríki sem hafa beitt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessar greinar, aðgengilega í gegnum gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr. Í þessari skrá skal skilmerkilega tilgreina hvaða verkefni voru framseld og hvaða lögbæra yfirvald ber ábyrgð á verkefnunum eftir þetta framsal.

Flugöryggisstofnunin skal taka mið af framsali ábyrgðar á verkefnunum þegar hún framkvæmir skoðanir og aðra vöktunarstarfsemi í samræmi við 85. gr.

7. Framsal ábyrgðar samkvæmt þessari grein hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Chicago-samningnum.

Ef aðildarríki framselur, í samræmi við þessa grein, ábyrgðina á þeim verkefnum sem því er úthlutað samkvæmt Chicago-samningnum skal það tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni um að Flugöryggisstofnunin eða annað aðildarríki gegni þeim skyldustörfum og verkefnum sem því er falið samkvæmt Chicago-samningnum.

8. Aðildarríki, sem hefur framselt ábyrgðina á verkefnunum til Flugöryggisstofnunarinnar eða annars aðildarríkis skv. 1. eða 2. mgr., getur hvenær sem er ákveðið að afturkalla þetta framsal. Í því tilviki gilda ákvæði 4., 5. og 6. mgr. og annars undirliðar 7. mgr. að breyttu breytanda.

65. gr.

Framsal ábyrgðar að beiðni fyrirtækja sem starfa í fleiri en einu aðildarríki

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 62. gr. getur fyrirtæki lagt fram beiðni um að Flugöryggisstofnunin fari með hlutverk lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd að því er hlutaðeigandi fyrirtæki varðar, ef þetta fyrirtæki hefur undir höndum vottorð, eða uppfyllir skilyrði fyrir því að sækja um vottorð, í samræmi við III. kafla, frá lögbæru landsyfirvaldi í einu aðildarríki en hefur fengið, eða hyggst fá, fellt undir vottorðið verulega aðstöðu og starfsfólk sem eru staðsett í einu aðildarríki eða fleirum.

Slík beiðni getur einnig komið frá tveimur eða fleirum fyrirtækjum, sem eru hluti af sama fyrirtækjahópi, sem hafa hvert og eitt höfuðstöðvar sínar í mismunandi aðildarríkjum og hafa öll undir höndum vottorð eða uppfylla skilyrði fyrir því að sækja um vottorð, í samræmi við III. kafla, fyrir sams konar flugstarfsemi.

2. Viðkomandi fyrirtæki skulu senda beiðnina, sem um getur í 1. mgr., til Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda í þeim aðildarríkjum þar sem þau hafa höfuðstöðvar sínar.

Við móttöku þessarar beiðni skulu Flugöryggisstofnunin og viðkomandi lögbær landsyfirvöld, án ástæðulausrar tafar, eiga samráð sín á milli og, ef þörf þykir, leita eftir viðbótarsjónarmiðum frá fyrirtækjunum sem lögðu fram beiðnina. Við þetta samráð skulu Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld skoða möguleikann á að nýta eftirlitsmenn og annað starfsfólk, sem er tiltækt viðkomandi lögbærum landsyfirvöldum, þegar um er að ræða samkomulag um framsal.

Ef Flugöryggisstofnunin eða hlutaðeigandi lögbært landsyfirvald telur, eftir slíkt samráð, að beiðnin myndi hafa neikvæð áhrif á getu þeirra til að sinna verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, eða myndi á annan hátt hafa neikvæð áhrif á skilvirka starfsemi yfirvaldsins, skal það, innan 180 daga að hámarki frá þeim degi þegar beiðninni er veitt viðtaka, tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum, með rökstuðningi, að það telji að beiðnin myndi hafa slík neikvæð áhrif. Þetta upplýsingabréf skal einnig sent hinum aðilanum. Í því tilviki skal svo litið á að beiðninni hafi verið vísað frá.

3. Flugöryggisstofnunin og hlutaðeigandi lögbær landsyfirvöld skulu gera ítarlegt samkomulag varðandi framsal ábyrgðar á viðkomandi verkefnum nema að beiðninni hafi verið vísað frá í samræmi við 2. mgr. Áður en gengið er frá þessu ítarlega samkomulagi skal haft samráð við fyrirtækin, sem fóru fram á það að Flugöryggisstofnunin myndi fara með hlutverk lögbærs yfirvalds fyrir þau. Í þessu ítarlega samkomulagi skal a.m.k. koma skilmerkilega fram hvaða verkefni eru framseld og skal það innihalda lagalegt, hagnýtt og stjórnsýslulegt fyrirkomulag sem nauðsynlegt er til að tryggja að yfirfærslan fari fram með skipulegum hætti og að framkvæmd viðkomandi verkefna sé áfram skilvirk og óslitin í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdagerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar, sem og að starfsemi viðkomandi fyrirtækja haldi áfram hnökralaust. Ítarlega samkomulagið skal einnig innihalda ákvæði um flutning á viðeigandi tæknigögnum og -skjölum.

Flugöryggisstofnunin og hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja, eftir því sem við á, að framsal ábyrgðar á verkefnunum fari fram í samræmi við þetta ítarlega samkomulag. Við framkvæmd þessara ráðstafana skal Flugöryggisstofnunin, að því marki sem mögulegt er, nýta eftirlitsmenn og annað starfsfólk sem er tiltækt í aðildarríkjunum.

4. Þegar búið er að samþykkja ítarlega samkomulagið skv. 3. mgr. verður Flugöryggisstofnunin lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á verkefnunum, sem falla undir beiðnina, og viðkomandi aðildarríki skulu þá leyst undan ábyrgð sinni að því er þessi verkefni varðar. Í tengslum við ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar á framseldum verkefnum gilda ákvæði IV. og V. kafla.

5. Ákvæði 3., 6. og 7. mgr. 64. gr. gilda, að breyttu breytanda, um hvers kyns framsal ábyrgðar á verkefnunum samkvæmt þessari grein.

6. Fyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds fyrir samkvæmt þessari grein, geta óskað eftir því að aðildarríkin þar sem þessi fyrirtæki hafa höfuðstöðvar sínar taki aftur við ábyrgð á verkefnum sem varða vottun, eftirlit og framfylgd að því er þessi fyrirtæki varðar. Í því tilviki gilda ákvæði 4. til 7. mgr. 64. gr. að breyttu breytanda.

66. gr.

Eftirlitsstuðningskerfi

1. Ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) niðurstöður úr skoðunum og annarri vöktunarstarfsemi, sem Flugöryggisstofnunin framkvæmir í samræmi við 85. gr., gefa til kynna alvarlega og viðvarandi vangetu aðildarríkis til að framkvæma með skilvirkum hætti tiltekin eða öll verkefni sín sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð,

b) framkvæmdastjórnin hefur óskað þess að hlutaðeigandi aðildarríki ráði bót á annmörkunum sem komið hafa í ljós í samræmi við a-lið,

c) aðildarríkið hefur ekki ráðið bót á annmörkunum með fullnægjandi hætti og ástandið sem skapast stofnar öryggi í almenningsflugi í hættu,

skal hlutaðeigandi aðildarríki og Flugöryggisstofnunin, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, í sameiningu koma á fót tímabundinni áætlun um tækniaðstoð með það að markmiði að bæta úr tilgreindum annmörkum og að aðstoða hlutaðeigandi aðildarríki, eigi síðar en stuðningstímabilinu lýkur, við að endurheimta getu sína til að framkvæma verkefni sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd, sem falla undir þessa reglugerð. Þessi áætlun um tækniaðstoð skal einkum fela í sér tímalínu áætlunarinnar, skipulagningu og framkvæmd verkefna sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd í tilvikum þar sem annmarkar hafa komið í ljós, þjálfun og starfsréttindi viðkomandi eftirlitsmanna og starfsfólks, og skipulagningu vinnu lögbærs landsyfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis, ef það hefur bein áhrif á þá annmarka sem komu í ljós.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar um tækniaðstoð í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum sem komið hafa í ljós. Í því skyni skal hlutaðeigandi aðildarríki vinna með Flugöryggisstofnunin í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar um tækniaðstoð, m.a. með því að gefa lögbærum landsyfirvöldum öll nauðsynleg fyrirmæli og leggja fram alla efnislegu aðstöðu sem er nauðsynleg fyrir árangursríka framkvæmd aðstoðaráætlunarinnar.

Meðan á framkvæmd áætlunarinnar um tækniaðstoð stendur skal hlutaðeigandi aðildarríki bera ábyrgð á verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd í samræmi við 2. mgr. 62. gr. Flugöryggisstofnunin ber eigin kostnað þegar hún veitir hlutaðeigandi aðildarríki aðstoð.

Við framkvæmd áætlunarinnar um tækniaðstoð skal hlutaðeigandi aðildarríki, ef við á í ljósi eðli annmarkanna, nýta sér samlag evrópskra eftirlitsmanna á sviði flugs, sem komið er á fót skv. 63. gr., hæfu aðilana sem um getur í 69. gr. og þá kennslumöguleika sem fjallað er um í 92. gr.

3. Flugöryggisstofnunin skal veita framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjunum uppfærðar upplýsingar um þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd áætlunarinnar um tækniaðstoð.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal gera allt sem í valdi þess stendur til að endurheimta getu sína til að sinna verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð. Ef hlutaðeigandi aðildarríki viðurkennir að ekki er unnt að framkvæma áætlunina um tækniaðstoð eins og áætlað var, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það og annaðhvort framselja ábyrgðir sínar vegna verkefna við vottun, eftirlit og framfylgd til Flugöryggisstofnunarinnar eða til annars aðildarríkis, í samræmi við 64. gr., eða grípa til annarra ráðstafana til að ráða bót á annmörkunum. Umfang framsalsins skal takmarkast við það sem er bráðnauðsynlegt til að ráða bót á annmörkunum sem komu í ljós. Flugöryggisstofnunin skal setja upplýsingar um framseld verkefni í gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr. og gera þær aðgengilegar almenningi.

5. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á beitingu annarra ráðstafana, þ.m.t. 67. gr. þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

67. gr.

Gildistími og viðurkenning vottorða/skírteina/starfsleyfa og yfirlýsinga

1. Vottorð/skírteini/starfsleyfi, sem Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld gefa út, og yfirlýsingar, sem einstaklingar og lögaðilar gefa út í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu einungis lúta þeim reglum, skilyrðum og því verklagi sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og innlendum stjórnsýslukröfum og eru gild og viðurkennd í öllum aðildarríkjunum, án frekari krafna eða mats.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur að lögaðili eða einstaklingur, sem hefur fengið útgefið vottorð/skírteini/starfsleyfi eða sem hefur lagt fram yfirlýsingu, uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar eða framseldra gerða eða framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli tilmæla Flugöryggisstofnunarinnar, krefjast þess að aðildarríkið, sem ber ábyrgð á eftirliti með þeim aðila, grípi til viðeigandi aðgerða til úrbóta og geri viðeigandi verndarráðstafanir, þ.m.t. takmörkun eða tímabundna ógildingu á vottorðinu/skírteininu/starfsleyfinu. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem innihalda þessa ákvörðun. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 127. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem varða flugöryggi, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem skulu öðlast gildi án tafar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 127. gr.

Frá þeim degi sem framkvæmdargerðin tekur gildi skal viðkomandi vottorð/skírteini/starfsleyfi eða yfirlýsing, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., ekki lengur teljast gild og viðurkennd í öllum aðildarríkjunum.

3. Þegar framkvæmdastjórnin telur að aðildarríkið, sem um getur í 2. mgr., hafi gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta og gert viðeigandi verndarráðstafanir, skal hún, á grundvelli tilmæla Flugöryggisstofnunarinnar, ákveða að viðkomandi vottorð/skírteini/starfsleyfi eða yfirlýsing teljist aftur gild og viðurkennd í öllum aðildarríkjunum, í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem innihalda þessa ákvörðun. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 127. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem varða flugöryggi, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem skulu öðlast gildi án tafar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 127. gr.

4. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

68. gr.

Viðurkenning á vottun þriðja lands

1. Flugöryggisstofnunin og lögbæru landsyfirvöldin geta annaðhvort gefið út vottorðin/skírteinin/starfsleyfin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdagerðunum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, á grundvelli vottorða/skírteina/starfsleyfa sem eru gefin út í samræmi við lög þriðja lands, eða viðurkennt vottorð/skírteini/starfsleyfi og önnur viðeigandi gögn sem staðfesta samræmi við reglur í almenningsflugi sem eru gefin út í samræmi við lög þriðja lands, ef kveðið er á um þann möguleika:

a) í alþjóðasamningum milli Sambandsins og þriðja lands um viðurkenningu á vottorðum/skírteinum/starfsleyfum,

b) í framseldu gerðunum sem samþykktar eru á grundvelli ákvæða 3. mgr. eða

c) í samningi milli aðildarríkis og þriðja lands um viðurkenningu á vottorðum/skírteinum/starfsleyfum, sem gerður er fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og sem hefur verið tilkynntur framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjunum í samræmi við a-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 eða a-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, ef hvorki liggur fyrir milliríkjasamningur né viðeigandi framseld gerð, eins og um getur í a- og b-lið þessarar málsgreinar, eftir því sem við á, og án þess að hafa áhrif á 6. mgr. 140. gr. þessarar reglugerðar.

2. Í því skyni að koma á og viðhalda tiltrú í garð eftirlitskerfa þriðju landa skal Flugöryggisstofnunin hafa heimild til að framkvæma nauðsynlegt tæknimat og mat á lögum þriðju landa og erlendra flugmálayfirvalda. Að því er varðar framkvæmd á slíkum úttektum og mati getur Flugöryggisstofnunin gert samkomulag um vinnutilhögun í samræmi við 2. mgr. 90. gr.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr. þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um viðurkenningu vottorða/skírteina/starfsleyfa og annarra skjala, sem staðfesta samræmi við reglur í almenningsflugi, sem eru gefin út í samræmi við lög þriðju landa og tryggja öryggisstig sem jafngildir því sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. skilyrði og verklagsreglur til að koma á og viðhalda nauðsynlegri tiltrú í garð eftirlitskerfa þriðju landa.

69. gr.

Hæfir aðilar

1. Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld geta úthlutað vottunar- og eftirlitsverkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð til hæfra aðila sem hafa fengið faggildingu í samræmi við framseldu gerðirnar, sem um getur í f-lið 13. mgr. 62. gr., eða framkvæmdargerðirnar, sem um getur í e-lið fyrsta undirliðar 14. mgr. 62. gr., og teljast þar með uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í VI. viðauka.

Flugöryggisstofnunin og þau lögbæru landsyfirvöld sem nýta sér hæfu aðilana skulu koma á fót kerfi fyrir slíka faggildingu og fyrir mat á því hvort hæfir aðilar uppfylli þessar viðmiðanir, bæði þegar faggildingin fer fram og stöðugt eftir það, sbr. þó 4. mgr.

Hæfur aðili skal fá faggildingu annaðhvort bara frá Flugöryggisstofnuninni eða lögbæru landsyfirvaldi eða sameiginlega frá tveimur eða fleiri lögbærum landsyfirvöldum eða frá Flugöryggisstofnuninni og lögbæru landsyfirvaldi, einu eða fleirum.

2. Flugöryggisstofnunin eða lögbæra landsyfirvaldið eða lögbæru landsyfirvöldin, eftir því sem við á, skulu breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla faggildingu sem þau hafa veitt hæfum aðila ef sá aðili uppfyllir ekki lengur viðmiðanirnar sem settar eru fram í VI. viðauka.

3. Flugöryggisstofnunin eða lögbæra landsyfirvaldið eða lögbæru landsyfirvöldin, sem veita hæfum aðila faggildingu, mega veita honum réttindi til að gefa út, endurnýja, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi og afturkalla vottorð/skírteini/starfsleyfi, eða til að taka á móti yfirlýsingum, fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar eða lögbæra landsyfirvaldsins. Þessi réttindi falla undir gildissvið faggildingarinnar.

4. Flugöryggisstofnunin og lögbæru landsyfirvöldin skulu viðurkenna faggildingar sem Flugöryggisstofnunin og önnur lögbær landsyfirvöld veita hæfum aðilum í samræmi við 1. mgr., án frekari tæknikrafna eða mats.

Flugöryggisstofnunin og lögbæru landsyfirvöldin eru þó ekki skyldug til að nýta fullt gildissvið faggildingarinnar, sem annað lögbært landsyfirvald eða Flugöryggisstofnunin veitir, eða til að nýta fullt gildissvið þeirra réttinda sem annað lögbært landsyfirvald eða Flugöryggisstofnunin hefur veitt þessum hæfa aðila í samræmi við 3. mgr.

5. Flugöryggisstofnunin og lögbæru landsyfirvöldin skulu skiptast á upplýsingum um þær faggildingar sem hafa verið veittar, takmarkaðar, felldar tímabundið úr gildi eða afturkallaðar, þ.m.t. upplýsingar um gildissvið faggildingarinnar og veitt réttindi. Flugöryggisstofnunin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar í gegnum gagnasafnið sem um getur í 74. gr.

70. gr.

Verndarráðstafanir

1. Þessi reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki geti tafarlaust brugðist við vandamáli sem tengist öryggi í almenningsflugi, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) vandamálið felur í sér alvarlega áhættu fyrir flugöryggi og þörf er á tafarlausum aðgerðum til að bregðast við því,

b) aðildarríkið getur ekki brugðist við vandamálinu með viðunandi hætti í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

c) þær aðgerðir, sem gripið er til, eru í réttu hlutfalli við alvarleika vandamálsins.

Í slíku tilviki skal hlutaðeigandi aðildarríki þegar í stað tilkynna, í gegnum gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr., framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnuninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið, tímalengd þeirra og ástæðurnar fyrir þeim.

2. Þegar Flugöryggisstofnuninni hefur borist tilkynningin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal hún án ástæðulausrar tafar meta hvort skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar hafi verið uppfyllt. Flugöryggisstofnunin skal skrá niðurstöðurnar úr þessu mati í gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr.

Ef Flugöryggisstofnunin telur þessi skilyrði uppfyllt skal hún, án ástæðulausrar tafar, meta hvort hún sé fær um að ráða bót á vandamálinu sem aðildarríkið hefur greint frá með því að taka þær ákvarðanir, sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 76. gr., þannig að aðildarríkið þurfi ekki að gera frekari ráðstafanir. Ef Flugöryggisstofnunin telur að hún geti ráðið bót á vandamálinu með þeim hætti skal hún taka viðeigandi ákvörðun þess efnis og tilkynna aðildarríkjunum um það í gegnum gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr. Ef hún telur að ekki sé hægt að ráða bót á vandamálinu á þennan hátt skal hún mæla með því við framkvæmdastjórnina að hún breyti framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar, á þann hátt sem hún telur nauðsynlegt með hljóðsjón af beitingu 1. mgr. þessarar greinar.

Ef Flugöryggisstofnunin telur þessi skilyrði ekki hafa verið uppfyllt skal hún, án ástæðulausrar tafar, gefa út tilmæli til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar niðurstöðurnar úr þessu mati. Flugöryggisstofnunin skal skrá þessi tilmæli í gagnasafnið, sem komið var á fót skv. 74. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal meta, með hliðsjón af tilmælum Flugöryggisstofnunarinnar sem um getur í þriðja undirlið 2. mgr., hvort að skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. hafi verið uppfyllt.

4. Ef hún telur að þessi skilyrði hafi ekki verið uppfyllt eða ef hún er ekki sammála niðurstöðunni úr mati Flugöryggisstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin, án ástæðulausrar tafar, samþykkja framkvæmdargerðir þar sem hún setur fram ákvörðun sína og þar að lútandi niðurstöður. Þessar framkvæmdargerðir skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal Flugöryggisstofnunin skrá þær í gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr.

Við tilkynningu um framkvæmdargerð sem staðfestir að þessi skilyrði séu ekki uppfyllt, skal hlutaðeigandi aðildarríki tafarlaust afturkalla ráðstöfunina, sem gerð var í samræmi við 1. mgr.

71. gr.

Ákvæði um sveigjanleika

1. Aðildarríkjunum er heimilt að veita einstaklingum eða lögaðilum, sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, undanþágur frá kröfunum sem gilda um þá skv. III. kafla, öðrum en grunnkröfunum sem mælt er fyrir um í þeim kafla, eða sem falla undir framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli fyrrgreinds kafla, vegna ófyrirséðra, brýnna aðstæðna eða brýnna þarfa við starfrækslu, sem hefur áhrif á þessa aðila, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) það er ekki mögulegt að bregðast við þessum aðstæðum eða þörfum með viðunandi hætti í samræmi við gildandi kröfur,

b) öryggi, umhverfisvernd og samræmi við gildandi grunnkröfur er tryggt, ef nauðsyn krefur með því að beita ráðstöfunum til að draga úr áhættu,

c) aðildarríkið hefur, eins framarlega og mögulegt er, dregið úr mögulegri röskun á markaðsaðstæðum í kjölfar þess að undanþága er veitt og

d) umfang og tímalengd undanþágunnar takmarkast við það sem telst algerlega nauðsynlegt og henni er beitt á jafnréttisgrundvelli.

Í slíku tilviki skal hlutaðeigandi aðildarríki tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnuninni og hinum aðildarríkjunum, í gegnum gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr., um veitta undanþágu, tímalengd hennar, ástæðu þess að hún var veitt og, eftir atvikum, um nauðsynlegar ráðstafanir sem beitt er til að draga úr áhættu.

2. Ef undanþágan, sem um getur í 1. mgr. þessar greinar, gildir í meira en átta mánuði samfellt eða ef aðildarríki hefur veitt sömu undanþáguna oft og heildargildistími hennar er meira en átta mánuðir skal Flugöryggisstofnunin meta hvort skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar, hafi verið uppfyllt og skal, innan þriggja mánaða frá móttöku síðustu tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, gefa út tilmæli sem beinast að framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar úr þessu mati. Flugöryggisstofnunin skal skrá þessi tilmæli í gagnasafnið, sem komið var á fót skv. 74. gr.

Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af þessum tilmælum, meta hvort þessi skilyrði hafi verið uppfyllt. Ef hún telur að þessi skilyrði hafi ekki verið uppfyllt eða ef hún er ekki sammála niðurstöðunni úr mati Flugöryggisstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin, innan þriggja mánaða frá þeim degi er hún tók á móti þessum tilmælum, samþykkja framkvæmdargerð þar sem hún setur fram ákvörðun sína þess efnis. Þessar framkvæmdargerðir skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal Flugöryggisstofnunin skrá þær í gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr.

Í kjölfar tilkynningar um framkvæmdargerð, sem staðfestir að þessi skilyrði séu ekki uppfyllt, skal hlutaðeigandi aðildarríki tafarlaust afturkalla undanþáguna sem það veitti skv. 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef aðildarríki telur að sýna megi fram á samræmi við viðeigandi grunnkröfur, sem settar eru fram í viðaukunum, með öðrum aðferðum en þeim sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum og framkvæmdargerðunum, sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar, og að þessar aðferðir feli í sér umtalsverðan ávinning með tilliti til öryggis í almenningsflugi eða skilvirkni fyrir þá einstaklinga sem heyra undir þessa reglugerð eða fyrir hlutaðeigandi yfirvöld, má aðildarríkið leggja fyrir framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnunina, í gegnum gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr., rökstudda beiðni um breytingu á viðkomandi framseldri gerð og framkvæmdargerð til að gera kleift að notast við þessar aðrar aðferðir.

Í því tilviki skal Flugöryggisstofnunin, án ástæðulausrar tafar, gefa út tilmæli sem beinast að framkvæmdastjórninni um hvort beiðni aðildarríkisins uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í fyrstu undirgreininni. Ef nauðsyn krefur vegna beitingar þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin, tafarlaust og með tilliti til þessara tilmæla, íhuga að breyta viðkomandi framseldri gerð eða framkvæmdargerð.

72. gr.

Öflun, greining og skipti á upplýsingum

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbæru landsyfirvöldin skulu skiptast á upplýsingum sem þau hafa undir höndum og varða beitingu þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem eru samþykktar á grundvelli hennar, ef upplýsingarnar skipta máli fyrir aðra aðila er þeir framkvæma verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð. Lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum sem hefur verið falið að rannsaka slys og flugatvik í almenningsflugi eða að greina atvik, skulu einnig eiga rétt á aðgangi að þessum upplýsingum til að geta framkvæmt verkefni sín. Þessum upplýsingum má einnig miðla til hagsmunaaðila í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 5. mgr.

2. Án þess að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 996/2010 og (ESB) nr. 376/2014 skal Flugöryggisstofnunin samræma, á vettvangi Sambandsins, öflun, greiningu og skipti á upplýsingum um mál sem falla undir gildissvið þessara reglugerðar, þ.m.t. flugrekstrargögn (e. *operational flight data*). Í þeim tilgangi er Flugöryggisstofnunni heimilt að gera samkomulag við einstaklinga og lögaðila, sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, eða við samtök slíkra aðila, um söfnun, greiningu og skipti á upplýsingum. Í tengslum við söfnun, greiningu og skipti á þessum upplýsingum og þegar Flugöryggisstofnunin stofnar til og hrindir slíku samkomulagi í framkvæmd skal hún draga, eftir því sem unnt er, úr rekstrarlegu álagi á viðkomandi einstaklinga og tryggja viðeigandi vernd upplýsinganna, þ.m.t. allra persónuupplýsinga sem þar er að finna, í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 73. gr., 123. og 132. gr. þessarar reglugerðar.

3. Flugöryggisstofnunin skal, að fenginni beiðni, aðstoða framkvæmdastjórnina við stjórnun miðlæga, evrópska gagnasafnsins sem um getur í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.

4. Fluröryggisstofnunin skal, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, greina brýn eða mikilvæg málefni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Ef við á skulu lögbær landsyfirvöld vinna í samstarfi við Flugöryggisstofnunina við að gera slíkar greiningar.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um skipti á þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda og um miðlun slíkra upplýsinga til hagsmunaaðila. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

Í nákvæmu reglunum, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal taka til greina þörfina á eftirfarandi:

a) að láta einstaklingum og lögaðilum, sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, í té upplýsingarnar sem þeir þurfa til að tryggja að farið sé að markmiðunum, sem sett eru fram í 1. gr., og stuðla að því að þau séu uppfyllt,

b) að takmarka miðlun og notkun upplýsinga við það sem er algerlega nauðsynlegt til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.,

c) að koma í veg fyrir að upplýsingarnar séu gerðar aðgengilegar eða koma í veg fyrir að þær séu notaðar í því skyni að ákveða sök eða bótaábyrgð, með fyrirvara um viðeigandi refsirétt hvers ríkis.

6. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld sem og þeir einstaklingar og lögaðilar og samtök slíkra aðila sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skulu, í samræmi við lög Sambandsins og landslög, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi trúnaðarkvöð á upplýsingunum sem þau fá samkvæmt þessari grein. Þessi málgrein hefur ekki áhrif á strangari kröfur um trúnaðarkvöð, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 eða í annarri löggjöf Sambandsins.

7. Á hverju ári sem og ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi skal Flugöryggisstofnunin gefa út öryggisskýrslu til að upplýsa almenning um öryggisstig í almenningsflugi í Sambandinu. Þessi skýrsla skal innihalda greiningu á almennri stöðu öryggis með einföldu, auðskiljanlegu orðalagi og skal hún upplýsa hvort öryggisáhætta hafi aukist.

73. gr.

Vernd heimildarmanna

1. Þegar upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr. 72. gr., hafa verið veittar lögbæru landsyfirvaldi skulu heimildarmenn slíkra upplýsinga njóta verndar í samræmi við gildandi lög Sambandsins og landslög um vernd heimildarmanns sem veitir upplýsingar um öryggi í almenningsflugi. Ef einstaklingur veitir framkvæmdastjórninni eða Flugöryggisstofnuninni slíkar upplýsingar skal heimildarmannsins ekki getið og persónuupplýsingar hans ekki skráðar með veittum upplýsingum.

2. Án þess að það hafi áhrif á viðeigandi refsirétt hvers ríkis skulu aðildarríkin láta vera að höfða dómsmál, að því er varðar brot á lögum af óyfirlögðu ráði eða óviljandi, en upplýsingar um þessi brot koma aðeins til kasta aðildarríkjanna ef þau hafa verið tilkynnt samkvæmt þessari reglugerð og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki ef um er að ræða vísvitandi misgerð eða greinilega, grófa og alvarlega vanrækslu í tengslum við augljósa áhættu og algera vanrækslu varðandi þá faglegu ábyrgð að grípa ekki til aðgerða sem augljóslega er þörf á við aðstæður sem valda einstaklingum eða eignum fyrirsjáanlegum skaða eða stofnar öryggi í almenningsflugi í alvarlega hættu.

3. Aðildarríkin geta viðhaldið eða samþykkt ráðstafanir til að efla þá vernd heimildarmanna sem um getur í 1. mgr.

4. Vinnuveitendur eða fyrirtæki eða stofnanir, sem njóta þjónustunnar, skulu ekki láta launafólk og samningsbundið starfsfólk, sem veita upplýsingar í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, sæta neinum viðurlögum á grundvelli upplýsinganna sem veittar eru.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki ef um er að ræða vísvitandi misgerð eða greinilega, grófa og alvarlega vanrækslu í tengslum við augljósa áhættu og algera vanrækslu varðandi þá faglegu ábyrgð að grípa ekki til aðgerða sem augljóslega er þörf á við aðstæður sem valda einstaklingum eða eignum fyrirsjáanlegum skaða eða stofnar öryggi í almenningsflugi í alvarlega hættu.

5. Þessi grein skal ekki koma í veg fyrir að framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin grípi til nauðsynlegra aðgerða til að viðhalda eða betrumbæta öryggi í almenningsflugi.

6. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á reglurnar um verndun heimildarmanna, sem settar eru fram í reglugerðum (ESB) nr. 996/2010 og (ESB) nr. 376/2014.

74. gr.

Gagnasafn fyrir upplýsingar

1. Flugöryggisstofnunin skal, í samvinnu við framkvæmdastjórnina og lögbær landsyfirvöld, koma á og stjórna gagnasafni fyrir upplýsingar sem er nauðsynlegt til að tryggja skilvirka samvinnu milli Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda varðandi framkvæmd verkefna þeirra sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð.

Gagnasafnið skal innihalda upplýsingar um:

a) vottorð/skírteini/starfsleyfi sem Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld gefa út í samræmi við III. kafla og 64. og 65. gr. og 77. til 82. gr., og um yfirlýsingar sem þeim berast,

b) vottorð/skírteini/starfsleyfi sem hæfir aðilar gefa út fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda í samræmi við 3. mgr. 69. gr., og um yfirlýsingar sem þeim berast,

c) faggildingar sem Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld veita hæfum aðilum í samræmi við 69. gr., þ.m.t. upplýsingar um gildissvið faggildingarinnar og veitt réttindi,

d) þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til skv. 6. og 7. mgr. 2. gr., sem og samsvarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar,

e) ákvarðanir aðildarríkis sem teknar eru skv. 8. mgr. 2. gr.,

f) ákvarðanir aðildarríkis sem teknar eru skv. 5. mgr. 41. gr.,

g) framsal aðildarríkja á ábyrgð verkefna til Flugöryggisstofnunarinnar eða til annars aðildarríkis í samræmi við 64. og 65. gr., þ.m.t. upplýsingar um framseld verkefni,

h) ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem teknar eru skv. 67. gr.,

i) tilkynningar lögbærra landsyfirvalda varðandi stakar áætlanir um fartímaforskriftir sem eru lagðar fyrir Flugöryggisstofnunina á grundvelli framseldu gerðanna sem samþykktar hafa verið í samræmi við b-lið 1. mgr. 32. gr. og samsvarandi álit Flugöryggisstofnunarinnar sem gefin voru út í samræmi við 7. mgr. 76. gr.,

j) tilkynningar aðildarríkjanna að því er varðar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bregðast tafarlaust við vandamáli sem tengist öryggi í almenningsflugi og að því er varðar veitingu undanþága, og samsvarandi ráðleggingar Flugöryggisstofnunarinnar og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar, skv. 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 71. gr.,

k) beiðnir aðildarríkjanna að því er varðar aðrar aðferðir til að uppfylla grunnkröfur, og samsvarandi ráðleggingar Flugöryggisstofnunarinnar skv. 3. mgr. 71. gr.,

l) tilkynningar Flugöryggisstofnunarinnar og samsvarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 76. gr.,

m) upplýsingar sem eru aðgengilegar lögbærum landsyfirvöldum og tengjast starfsemi með loftför sem eru starfrækt í öðrum tilgangi en flutningaflugi,

n) upplýsingar um framkvæmd alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja skv. 4. mgr. 90. gr.,

o) ákvarðanir aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar sem hafa verið tilkynntar skv. 5. mgr. 62. gr., þ.m.t. upplýsingar um þau verkefni sem unnin eru sameiginlega,

p) undanþágur sem aðildarríkin veita skv. 6. mgr. 41. gr. og samsvarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar,

q) ráðstafanir Flugöryggisstofnunarinnar um flug yfir átakasvæðum, sem beitt er í samræmi við 3. mgr. 88. gr.,

r) aðrar upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja skilvirka samvinnu milli Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra landsyfirvalda í tengslum við framkvæmd á verkefnum þeirra sem varða vottun, eftirlit og framfylgd samkvæmt þessari reglugerð.

2. Lögbæru landsyfirvöldin, fluglæknarnir og fluglæknasetrin skulu einnig nota gagnasafnið til að skiptast á upplýsingum um heilbrigði flugmanna. Þegar slíkar upplýsingar innihalda persónuupplýsingar, þ.m.t. heilsufarsupplýsingar, skulu þær takmarkast við það sem er bráðnauðsynlegt til að tryggja skilvirka vottun flugmanna og eftirlit með þeim í samræmi við 21. gr.

3. Persónuupplýsingar, þ.m.t. heilsufarsupplýsingar, sem eru settar inn í gagnasafnið skulu ekki geymdar lengur en nauðsynlegt er, miðað við tilgang gagnasöfnunarinnar eða frekari vinnslu þeirra.

4. Aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin skulu tryggja að skráðir aðilar, sem eiga persónuupplýsingar sem unnið er með í gagnasafninu, séu upplýstir um það fyrir fram.

5. Samkvæmt 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 er aðildarríkjunum og Flugöryggisstofnuninni heimilt að takmarka umfang réttar skráðs aðila til þess að hafa aðgang að, leiðrétta og fá persónuupplýsingum um sig eytt úr gagnasafninu við það sem er algerlega nauðsynlegt til að tryggja öryggi í almenningsflugi.

6. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin, lögbær landsyfirvöld og sérhvert lögbært yfirvald aðildarríkjanna, sem er falið rannsókn á slysum og atvikum í almenningsflugi, skulu hafa öruggan netaðgang að öllum upplýsingum í gagnasafninu til að geta sinnt verkefnum sínum, sbr. þó 7. mgr.

Ef það á við er framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni heimilt að miðla tilteknum upplýsingum í gagnasafninu, þó ekki þeim sem um getur í 2. mgr., til hagsmunaaðila eða gera þær aðgengilegar öllum.

Flugöryggisstofnunin skal í öllum tilvikum gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar öllum:

a) upplýsingar um útgefin vottorð/skírteini/starfsleyfi og yfirlýsingar sem berast í samræmi við 4. mgr. 2. gr.,

b) upplýsingar um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis sem hún hefur fengið tilkynningu um skv. 6. og 7. mgr. 2. gr.,

c) upplýsingar um ákvarðanir aðildarríkis sem hún hefur fengið tilkynningu um samkvæmt annarri undirgrein 11. mgr. 2. gr.,

7. Upplýsingarnar í gagnasafninu skulu verndaðar fyrir óheimilum aðgangi með viðeigandi verkfærum og samskiptareglum. Aðeins þeir aðilar sem bera ábyrgð á vottun og eftirliti með heilbrigði flugmanna hafa aðgang að og mega birta upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., í þeim tilgangi að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð. Einnig má veita öðrum einstaklingum með aðgangsheimild takmarkaðan aðgang að þessum upplýsingum til að tryggja eðlilega starfsemi gagnasafnsins, einkum að því er varðar tæknilegt viðhald þess. Einstaklingar, sem hafa aðgang að upplýsingum sem innihalda persónuupplýsingar, skulu hafa hlotið þjálfun í gildandi löggjöf um vernd persónuupplýsinga og tengdum verndarráðstöfunum.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um nauðsynlegar reglur um starfsemi og stjórnun gagnasafnsins og ítarlegar kröfur að því er varðar eftirfarandi:

a) tæknilega þætti við stofnun og viðhald gagnasafnsins,

b) flokkun þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld eiga að senda í því skyni að færa þær inn í gagnasafnið, þ.m.t. á hvaða sniði og með hvaða hætti upplýsingarnar eru sendar,

c) reglulega og staðlaða uppfærslu á þeim upplýsingum sem eru í gagnasafninu,

d) ítarlegt fyrirkomulag varðandi miðlun og birtingu tiltekinna upplýsinga í gagnasafninu í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar,

e) flokkun upplýsinga um heilbrigði flugmanna sem lögbær landsyfirvöld, fluglæknar og fluglæknasetur eiga að senda í því skyni að færa þær inn í gagnasafnið, þ.m.t. á hvaða sniði og með hvaða hætti slíkar upplýsingarnar eru sendar,

f) ítarlegt fyrirkomulag til að vernda upplýsingarnar sem eru í gagnasafninu gegn óheimilum aðgangi, til að takmarka aðgang að upplýsingunum og til að vernda allar persónuupplýsingar, sem eru í gagnasafninu, í samræmi við gildandi lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum gegn óviljandi eða ólögmætri eyðingu, glötun, breytingu eða birtingu,

g) leyfilegt hámarkstímabil fyrir varðveislu persónuupplýsinga í gagnasafninu, þ.m.t. upplýsingar um heilbrigði flugmanna sem teljast til persónuupplýsinga,

h) ítarleg skilyrði fyrir því að aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin geti takmarkað rétt skráðs aðila til þess að hafa aðgang að, leiðrétta og fá persónuupplýsingum um sig eytt úr gagnasafninu, að því er varðar 5. mgr. þessarar greinar.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

V. KAFLI

FLUGÖRYGGISSTOFNUN EVRÓPUSAMBANDSINS

I. ÞÁTTUR

Verkefni

75. gr.

Stofnun og hlutverk Flugöryggisstofnunarinnar

1. Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins er hér með komið á fót.

2. Til að tryggja eðlilega starfsemi og þróun almenningsflugs í Sambandinu, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 1. gr., skal Flugöryggisstofnunin:

a) taka að sér hvers konar verkefni og skila álitsgerðum í öllum málaflokkum sem falla undir þessa reglugerð,

b) aðstoða framkvæmdastjórnina með því að undirbúa ráðstafanir sem gera þarf samkvæmt þessari reglugerð. Þegar þessar ráðstafanir fela í sér tæknireglur er framkvæmdastjórninni ekki heimilt að breyta þeim efnislega nema að undangengnu samráði við Flugöryggisstofnunina,

c) veita framkvæmdastjórninni þá tæknilegu, vísindalegu og stjórnsýslulegu aðstoð sem hún þarfnast við störf sín,

d) gera nauðsynlegar ráðstafanir innan marka þeirra heimilda sem henni eru veittar í þessari reglugerð eða annarri löggjöf Sambandsins,

e) annast þær skoðanir, aðra vöktunarstarfsemi og rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að hún geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð, eða sem framkvæmdastjórnin biður hana að annast,

f) annast störf og verkefni, á sínu valdsviði og fyrir hönd aðildarríkjanna, sem aðildarríkjunum hafa verið fengin með gildandi alþjóðasamningum, einkum Chicago-samningnum,

g) aðstoða lögbær landsyfirvöld við að framkvæma verkefni sín, einkum með því að koma á fót samráðsvettvangi til að skiptast á upplýsingum og sérfræðiþekkingu,

h) ef kveðið er á um frammistöðukerfi í tengslum við almenningsflug í Sambandslögum skal hún, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og að því er varðar málefni sem falla undir þessa reglugerð, stuðla að setningu, mælingu, skráningu og greiningu á frammistöðuvísum,

i) kynna á alþjóðavettvangi flugkröfur og -reglur Sambandsins með því að koma á viðeigandi samvinnu við lögbær yfirvöld í þriðju löndum og alþjóðastofnanir,

j) eiga samstarf við aðrar stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins á sviðum þar sem störf þeirra snúa að tæknilegum þáttum almenningsflugs.

76. gr.

Ráðstafanir Flugöryggisstofnunar

1. Flugöryggisstofnunin skal, að fenginni beiðni, aðstoða framkvæmdastjórnina við undirbúning að tillögum að breytingum á þessari reglugerð og á framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem skulu samþykktar á grundvelli hennar, í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. Skjölin, sem Flugöryggisstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina í þessum tilgangi, skulu vera í formi álitsgerða.

2. Flugöryggisstofnunin skal gefa út tilmæli sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 70. og 71. gr.

3. Í samræmi við 115. gr. og gildandi framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar, skal Flugöryggisstofnunin gefa út vottunarforskriftir og aðrar ítarlegar forskriftir, viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar um beitingu þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

4. Flugöryggisstofnunin skal taka viðeigandi ákvarðanir um beitingu 6. mgr. þessarar greinar, sem og 77. til 83. gr., 85. og 126. gr. og ef henni hefur verið úthlutað verkefni skv. 64. og 65. gr.

Flugöryggisstofnunin getur veitt einstaklingum eða lögaðilum, sem hún hefur gefið út vottorð fyrir, undanþágur við þær aðstæður og með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 1. mgr. 71. gr.

Í slíku tilviki skal Flugöryggisstofnunin tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um veittar undanþágur í gegnum gagnasafnið, sem komið var á fót skv. 74. gr., um ástæður fyrir veitingu þeirra og, eftir atvikum, um nauðsynlegar ráðstafanir sem beitt er til að draga úr áhættu.

Ef veitt var undanþága sem gildir í meira en átta mánuði samfellt eða ef aðildarríki hefur veitt sömu undanþáguna oft og heildargildistími hennar er meira en átta mánuðir, skal framkvæmdastjórnin meta hvort skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr. 71. gr., hafi verið uppfyllt. Ef þetta er ekki raunin að mati framkvæmdastjórnarinnar skal hún samþykkja framkvæmdargerðir þar sem hún setur fram ákvörðun sína þess efnis. Þessar framkvæmdargerðir skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal Flugöryggisstofnunin koma þeim í gagnasafnið sem komið var á fót skv. 74. gr.

Flugöryggisstofnunin skal afturkalla undanþáguna um leið og hún fær tilkynningu um þessa framkvæmdargerð.

5. Flugöryggisstofnunin skal gefa út skýrslur um skoðanirnar og aðra vöktunarstarfsemi sem framkvæmdar eru skv. 85. gr.

6. Flugöryggisstofnunin skal bregðast tafarlaust við brýnu öryggisvandamáli sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar með eftirfarandi hætti:

a) hún skal ákvarða þær aðgerðir til úrbóta sem einstaklingar eða lögaðilar, sem hún gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds fyrir, skulu grípa til og skal dreifa tengdum upplýsingum til þessara aðila, þ.m.t. tilskipunum eða tilmælum, ef þetta er nauðsynlegt til að standa vörð um þau markmið sem sett eru fram í 1. gr.; Flugöryggisstofnunin getur einnig gefið út öryggistilkynningar sem innihalda upplýsingar eða tilmæli, sem eru ekki bindandi og sem beint er að öðrum einstaklingum og lögaðilum sem koma að flugstarfsemi,

b) hún skal ákvarða öryggismarkmið sem stefnt er að og ráðleggja um aðgerðir til úrbóta sem lögbær landsyfirvöld skulu grípa til og skal dreifa tengdum upplýsingum til þessara lögbæru landsyfirvalda ef það er nauðsynlegt til að standa vörð um þau markmið sem sett eru fram í 1. gr.

Að því er varðar b-lið skulu lögbær landsyfirvöld tafarlaust tilkynna Flugöryggisstofnuninni um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið í því skyni að ná þessum öryggismarkmiðum sem Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað. Ef vandamálið hefur áhrif á fleiri en eitt aðildarríki skulu viðkomandi lögbær landsyfirvöld þar að auki vinna saman með Flugöryggisstofnuninni til að tryggja að þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná þessum öryggismarkmiðum séu gerðar með samræmdum hætti.

7. Flugöryggisstofnunin skal gefa út álit á stökum áætlunum um fartímaforskriftir, sem aðildarríkin leggja til samkvæmt framseldu gerðunum sem samþykktar eru samkvæmt b-lið 1. mgr. 32. gr., sem víkja frá vottunarforskriftunum sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt.

77. gr.

Lofthæfis- og umhverfisvottun

1. Að því er varðar framleiðsluvörur, hluta, óuppsettan búnað og búnað til að fjarstýra ómönnuðum loftförum, sem um getur í a-lið og i. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr., skal Flugöryggisstofnunin, þegar við á og eins og tilgreint er í Chicago-samningnum eða viðaukum hans, annast störf og verkefni hönnunar-, framleiðslu- eða skráningarríkisins fyrir hönd aðildarríkjanna ef þessi störf og verkefni varða vottun hönnunar og lögbundnar upplýsingar um áframhaldandi lofthæfi. Í því skyni skal Flugöryggisstofnunin einkum:

a) fyrir hönnun á framleiðsluvöru og búnaði til að fjarstýra ómönnuðum loftförum, sem sótt hefur verið um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð, breytingu á tegundarvottorði eða takmörkuðu tegundarvottorði, þ.m.t. viðbótartegundarvottorði, samþykki fyrir hönnun viðgerðar eða samþykki á gögnum um örugga starfrækslu fyrir í samræmi við 11. gr. eða 1. mgr. 56. gr., ákvarða vottunargrunninn og tilkynna umsækjanda um hann,

b) fyrir hönnun á hluta eða óuppsettum búnaði, sem sótt hefur verið um vottorð fyrir í samræmi við 12., eða 13. gr. eða 1. mgr. 56. gr. eftir því sem við á, ákvarða vottunargrunninn og tilkynna umsækjanda um hann,

c) fyrir loftför, sem sótt hefur verið um flugleyfi fyrir í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. eða 1. mgr. 56. gr., gefa út samþykki fyrir tengd skilyrði til flugs sem er tengt hönnuninni,

d) ákvarða og gera aðgengilegar þær forskriftir um lofthæfi og samrýmanleika við umhverfið sem gilda um hönnun framleiðsluvara, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra loftförum, sem gefa skal út yfirlýsingu um í samræmi við a -lið 1. mgr. 18. eða 5. mgr. 56. gr.,

e) bera ábyrgð á verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd í samræmi við 2. mgr. 62. gr. sem varða tegundarvottorð, takmörkuð tegundarvottorð, breytingarvottorð, þ.m.t. viðbótartegundarvottorð, og samþykki fyrir hönnun viðgerðar og samþykki á gögnum um örugga starfrækslu fyrir hönnun á framleiðsluvörum í samræmi við 11. gr., 18. gr. (b-lið 1. mgr.) eða 56. gr. (1. mgr.),

f) bera ábyrgð á verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd í samræmi við 2. mgr. 62. gr. sem varða vottorð fyrir hönnun á hlutum, óuppsettum búnaði og búnaði til að fjarstýra ómönnuðum loftförum í samræmi við 12., 13. gr. og 56. gr. (1. mgr.),

g) gefa út viðeigandi umhverfisgagnablöð um hönnun framleiðsluvara sem hún vottar í samræmi við 11. gr. og 1. mgr. 56. gr.,

h) tryggja áframhaldandi lofthæfi í tengslum við hönnun framleiðsluvara, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra ómönnuðum loftförum sem hún hefur vottað og sem hún hefur eftirlit með, þ.m.t. að bregðast tafarlaust við vandamáli sem tengist flugöryggi eða flugvernd og gefa út og miðla viðeigandi skyldubundnum upplýsingum.

2. Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd í samræmi við 2. mgr. 62. gr., að því er varðar:

a) samþykki og yfirlýsingar fyrirtækja sem bera ábyrgð á hönnun framleiðsluvara, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra ómönnuðum loftforum, í samræmi við 15. gr. (1. mgr.), 19. gr. (g-lið 1. mgr.) og 56. gr. (1. og 5. mgr.),

b) samþykki og yfirlýsingar fyrirtækja, sem bera ábyrgð á framleiðslu, viðhaldi og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara, hluta, óuppsetts búnaðar og búnaðar til að fjarstýra ómönnuðum loftförum, og fyrirtækja, sem koma að þjálfun starfsfólks sem ber ábyrgð á viðhaldsvottun framleiðsluvöru, hluta, óuppsetts búnaðar eða búnaðar til að fjarstýra loftfari í samræmi við 15. gr., 19. gr. (g-lið 1. mgr.) og 56. gr. (1. og 5. mgr.), ef höfuðstöðvar þessara fyrirtækja er utan yfirráðasvæðanna sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum.

3. Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum á sviði eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við yfirlýsingar sem fyrirtæki hafa gefið í samræmi við a-lið 1. mgr. 18. gr. og 5. mgr. 56. gr., og að því er varðar samræmi hönnunar framleiðsluvöru, hluta, óuppsetts búnaðar eða búnaðar til að fjarstýra ómönnuðum loftförum við ítarlegar tækniforskriftir.

78. gr.

Vottun flugáhafnar

1. Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við samþykki og yfirlýsingar sem þjálfunarfyrirtæki, sem annast þjálfun flugmanna annars vegar og öryggis- og þjónustuliða hins vegar, og fluglæknasetrin, sem um getur í 24. gr. og 1. og 5. mgr. 56. gr., gefa út, ef höfuðstöðvar þessara fyrirtækja og setra er utan yfirráðasvæðanna sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum.

2. Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við vottorð og yfirlýsingar vegna flughermisþjálfa í samræmi við 25. gr. og 1. og 5. mgr. 56. gr. í hverju eftirfarandi tilvika:

a) flughermisþjálfinn er notaður af fyrirtæki sem er með höfuðstöðvar utan yfirráðasvæðanna sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum,

b) flughermisþjálfinn er staðsettur utan yfirráðasvæðanna sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum.

79. gr.

Vottun öryggistengds flugvallarbúnaður

Hvað varðar öryggistengda flugvallarbúnaðinn, sem um getur í 35. gr., skal Flugöryggisstofnunin:

a) ákvarða ítarlegar forskriftir sem gilda um öryggistengda flugvallarbúnaðinn, sem skal vottaður í samræmi við 35. gr., og tilkynna umsækjandanum þar um,

b) ákvarða ítarlegu forskriftirnar sem gilda um öryggistengda flugvallarbúnaðinn, sem gera skal yfirlýsingu um í samræmi við 35. gr., og gera þær aðgengilegar,

c) bera ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við vottorð fyrir og yfirlýsingar um öryggistengdan flugvallarbúnað í samræmi við 35. gr.

80. gr.

Rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta (ATM/ANS)

1. Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr., að því er varðar:

a) starfsleyfin fyrir veitendur ATM-/ANS-þjónustu sem um getur í 41. gr., ef höfuðstöðvar þeirra eru staðsettar utan yfirráðasvæðanna, sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, og þeir bera ábyrgð á að veita ATM-/ANS-þjónustu í loftrýminu yfir yfirráðasvæðinu sem sáttmálinn gildir um,

b) starfsleyfin fyrir veitendur ATM-/ANS-þjónustu sem um getur í 41. gr., ef þessir veitendur veita samevrópska ATM-/ANS-þjónustu,

c) vottorðin fyrir og yfirlýsingar frá þeim fyrirtækjum sem um getur í 42. gr., ef þessi fyrirtæki taka þátt í hönnun, framleiðslu eða viðhaldi á ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum, sem notuð eru til að veita þá þjónustu sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar, þ.m.t. ef þau stuðla að framkvæmd rannsóknarverkefnisins á vegum rekstrarstjórnunar flugumferðar um samevrópskt loftrými (SESAR),

d) yfirlýsingarnar frá veitendum ATM-/ANS-þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út vottorð fyrir í samræmi við a - og b-lið þessarar málsgreinar, í tengslum við ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta sem þessir veitendur taka í notkun í samræmi við 1. mgr. 45. gr.

2. Að því er varðar þau ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishlutana, sem um getur í 45. gr., þ.m.t. ef þau stuðla að framkvæmd SESAR-verkefnisins, skal Flugöryggisstofnunin, ef kveðið er á um það í framseldu gerðunum sem um getur í 47. gr.:

a) ákvarða ítarlegar forskriftir sem gilda um ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta, sem skulu vottuð í samræmi við 2. mgr. 45. gr., og tilkynna umsækjanda þar um,

b) ákvarða ítarlegar forskriftir sem gilda um ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta, sem gefa skal út yfirlýsingu um í samræmi við 2. mgr. 45. gr., og gera þær aðgengilegar,

c) bera ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við vottorð fyrir og yfirlýsingar sem gerðar eru um ATM-/ANS-kerfi og ATM-/ANS-kerfishluta í samræmi við 2. mgr. 45. gr.

81. gr.

Vottun fyrirtækja sem annast þjálfun flugumferðarstjóra

Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við vottorð fyrir fyrirtæki, sem annast þjálfun flugumferðarstjóra, sem um getur í 51. gr., ef höfuðstöðvar þeirra eru utan yfirráðasvæðanna, sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, og, eftir því sem við á, fyrir starfsfólk þeirra.

82. gr.

Flugrekendur frá þriðja landi og alþjóðlegt öryggiseftirlit

1. Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við heimildir og yfirlýsingar fyrir starfrækslu loftfara og fyrir flugrekendur sem um getur í 60. gr. nema ef aðildarríki sinnir hlutverki og skyldustörfum ríkis flugrekandans með tilliti til þessara flugrekenda.

2. Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á þeim verkefnum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr. í tengslum við heimildir fyrir loftför og flugmenn sem um getur í a-lið 1. mgr. 61. gr.

3. Flugöryggisstofnunin skal, að fenginni beiðni, aðstoða framkvæmdastjórnina við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 með því að framkvæma allt nauðsynlegt öryggismat, þ.m.t. vettvangsheimsóknir, á flugrekendum frá þriðju löndum og á yfirvöldum sem eru ábyrg fyrir eftirliti með þeim. Hún skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina niðurstöðurnar úr þessu mati með viðeigandi tilmælum.

83. gr.

Rannsóknir Flugöryggisstofnunarinnar

1. Flugöryggisstofnunin skal, annaðhvort sjálf eða með hjálp lögbærra landsyfirvalda eða hæfra aðila, framkvæma þær rannsóknir sem eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt verkefnum sínum á sviði vottunar, eftirlits og framfylgdar sem um getur í 2. mgr. 62. gr.

2. Til að framkvæma rannsóknirnar, sem um getur í 1. mgr., skal Flugöryggisstofnuninni hafa valdheimildir til:

a) að krefjast þess að þeir lögaðilar eða einstaklingar sem hún hefur gefið út vottorð fyrir eða sem hafa lagt fram yfirlýsingu til hennar, láti Flugöryggisstofnuninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar,

b) að krefjast þess að þessir aðilar láti í té munnlega útskýringu á öllum staðreyndum, skjölum, hlut, verklagi eða öðru viðfangsefni sem skiptir máli til að meta hvort að viðkomandi fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

c) að fá aðgang að viðkomandi athafnasvæði, landsvæði og flutningatækjum þessara aðila,

d) að athuga, afrita eða gera útdrátt úr öllum viðeigandi skjölum, skýrslum eða gögnum, sem þessir aðilar hafa yfir að ráða eða hafa aðgang að, óháð því á hvaða miðli umræddar upplýsingar eru geymdar.

Ef það er nauðsynlegt til að meta hvort einstaklingur, sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út vottorð fyrir eða sem hefur lagt fram yfirlýsingu til hennar, fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skal Flugöryggisstofnunin einnig hafa valdheimildir til að beita heimildunum, sem settar eru fram í fyrstu undirgreininni, í tengslum við aðra lögaðila eða einstaklinga sem vænta má að búi yfir eða hafi aðgang að upplýsingum sem skipta máli í þessum tilgangi. Valdheimildunum, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skal beita í samræmi við landslög þess aðildarríkis eða þess þriðja lands þar sem rannsóknin fer fram, að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttinda og lögmætra hagsmuna viðkomandi aðila og í samræmi við meginregluna um meðalhóf.

Ef þörf er á fyrirframleyfi frá dómsyfirvaldi eða stjórnsýsluyfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki eða þriðja landi, í samræmi við gildandi landslög, til að fá aðgang að viðeigandi athafnasvæðum, landsvæðum og flutningatækjum, eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar, skal eingöngu beita þessum valdheimildum að fengnu slíku fyrirframleyfi.

3. Flugöryggisstofnunin skal tryggja að starfsfólk hennar og, ef við á, allir aðrir sérfræðingar sem taka þátt í rannsókninni sé nægilega hæft, fái fullnægjandi leiðbeiningar og hafi tilskilin leyfi. Þessir einstaklingar skulu beita valdheimildum sínum eftir að þeir framvísa skriflegri heimild.

4. Embættismenn lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem rannsóknin fer fram skulu, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar, aðstoða hana við framkvæmd rannsóknarinnar. Ef þörf er á slíkri aðstoð skal Flugöryggisstofnunin, með góðum fyrirvara áður en rannsóknin fer fram, tilkynna aðildarríkinu, þar sem rannsóknin fer fram, um rannsóknina og um aðstoðina sem krafist er.

84. gr.

Sektir og févíti

1. Að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja á lögaðila eða einstakling, sem Flugöryggisstofnunin hefur veitt vottorð eða sem hefur lagt fram yfirlýsingu til hennar, annað eða hvorttveggja af eftirfarandi:

a) sekt, ef einstaklingurinn hefur brotið, af ásetningi eða af gáleysi, gegn einu af ákvæðum þessarar reglugerðar eða framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

b) févíti, ef einstaklingurinn heldur áfram að brjóta gegn einu af þessum ákvæðum, í því skyni að knýja einstaklinginn til að fara að þessum ákvæðum.

2. Sektirnar og févítin, sem um getur í 1. mgr., skulu vera skilvirk, hófleg og hafa letjandi áhrif. Þau skulu ákvörðuð með tilliti til alvarleika málsins, einkum til þess að hvaða marki öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stefnt í hættu, starfseminnar sem brotið snýr að og fjárhagslegrar getu viðkomandi lögaðila eða einstaklings.

Fjárhæð sektanna skal ekki vera meiri en 4% af árstekjum eða ársveltu viðkomandi lögaðila eða einstaklings. Fjárhæð févíta skal ekki vera meiri en 2,5% af meðaldagstekjum eða ársveltu viðkomandi lögaðila eða einstaklings.

3. Framkvæmdastjórnin skal eingöngu leggja á sektir og févíti skv. 1. mgr. ef aðrar ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, til að mæta slíkum brotum, eru ófullnægjandi eða óhóflegar.

4. Að því er varðar álagningu sekta og févíta í samræmi við þessa grein skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 128. gr., þar sem mælt er fyrir um:

a) ítarlegar viðmiðanir og ítarlega aðferðafræði til að ákveða fjárhæðir sekta og févíta,

b) nákvæmar reglur um fyrirspurnir, tengdar ráðstafanir og skýrslugjöf sem og um ákvarðanatöku, þ.m.t. ákvæði um rétt til varnar, rétt á aðgangi að málsskjölum, rétt á málflutningsmanni, rétt til þagnarskyldu og tímabundin ákvæði, og

c) málsmeðferð við innheimtu sekta og févíta.

5. Dómstóllinn skal hafa ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem eru teknar skv. 1. mgr. Hann má fella niður, lækka eða hækka sektina eða févítið sem lagt er á.

6. Ákvarðanir, sem framkvæmdastjórnin tekur skv. 1. mgr., skulu ekki varða við hegningarlög.

85. gr.

Eftirlit með aðildarríkjunum

1. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina við eftirlit með beitingu aðildarríkjanna á þessari reglugerð og á framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, með því að framkvæma skoðanir og með annars konar vöktunarstarfsemi. Þessar skoðanir og annars konar vöktunarstarfsemi skulu einnig miða að því að aðstoða aðildarríkin við að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, og við að miðla bestu starfsvenjum.

Flugöryggisstofnunin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um skoðanir og annars konar vöktunarstarfsemi sem fram fer samkvæmt þessari málsgrein.

2. Til að framkvæma skoðanirnar og sinna annars konar vöktunarstarfsemi, sem um getur í 1. mgr., skal Flugöryggisstofnuninni hafa valdheimildir til:

a) að krefjast þess að lögbær landsyfirvöld og einstaklingar og lögaðilar, sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, láti Flugöryggisstofnuninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar,

b) að krefjast þess að þessi yfirvöld og aðilar láti í té munnlega útskýringu á öllum staðreyndum, skjölum, hlut, verklagi eða öðru viðfangsefni sem skiptir máli til að meta hvort aðildarríki fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

c) að fá aðgang að viðkomandi athafnasvæði, landsvæði og flutningatækjum þessara yfirvalda og einstaklinga,

d) að rannsaka, afrita eða gera útdrátt úr öllum viðeigandi skjölum, skýrslum eða gögnum, sem þessi yfirvöld og aðilar hafa yfir að ráða eða hafa aðgang að, óháð því á hvaða miðli umræddar upplýsingar eru geymdar.

Ef það er nauðsynlegt til að meta hvort aðildarríki fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skal Flugöryggisstofnunin einnig hafa valdheimildir til að beita heimildunum, sem settar eru fram í fyrstu undirgreininni, í tengslum við aðra lögaðila eða einstaklinga sem vænta má að búi yfir eða hafi aðgang að upplýsingum sem skipta máli í þessum tilgangi.

Valdheimildunum, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skal beita í samræmi við landslög þess aðildarríkis þar sem skoðunin eða annars konar vöktunarstarfsemi fer fram, að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttinda og lögmætra hagsmuna viðkomandi yfirvalda og aðila og í samræmi við meginregluna um meðalhóf. Ef þörf er á fyrirframleyfi frá dómsyfirvaldi eða stjórnsýsluyfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, í samræmi við gildandi landslög, til að fá aðgang að viðeigandi athafnasvæðum, landsvæðum og flutningatækjum, eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar, skal eingöngu beita þessum valdheimildum að fengnu slíku fyrirframleyfi.

3. Flugöryggisstofnunin skal tryggja að starfsfólk hennar og, ef við á, allir aðrir sérfræðingar, sem taka þátt í skoðuninni eða annarri vöktunarstarfsemi, sé nægjanlega hæft og fái fullnægjandi leiðbeiningar. Ef skoðun fer fram skulu þessir einstaklingar fyrst beita valdheimildum sínum eftir að þeir framvísa skriflegri heimild.

Flugöryggisstofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki með góðum fyrirvara um viðfangsefni skoðunarinnar, um tilgang hennar, dagsetninguna sem skoðunin hefst og hvaða starfsfólk stofnunarinnar og mögulega aðrir sérfræðingar munu framkvæma hana.

4. Viðkomandi aðildarríki skal auðvelda framkvæmd skoðunarinnar eða annars konar vöktunarstarfsemi. Það skal tryggja að viðkomandi yfirvöld og einstaklingar starfi með Flugöryggisstofnuninni.

Ef lögaðili eða einstaklingur vinnur ekki með Flugöryggisstofnunni skulu lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis veita Flugöryggisstofnuninni nauðsynlega aðstoð til að gera henni kleift að framkvæma skoðunina eða annars konar vöktunarstarfsemi.

5. Ef skoðun eða annars konar vöktunarstarfsemi, sem framkvæmd er í samræmi við þessa grein, felur í sér skoðun eða annars konar vöktunarstarfsemi sem varðar lögaðila eða einstakling sem fellur undir þessa reglugerð, gildir 2., 3. og 4. mgr. 83. gr.

6. Skýrslur, sem Flugöryggisstofnunin tekur saman skv. 1. mgr., skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkinu, ef það óskar eftir þeim, á opinberu tungumáli eða tungumálum Sambandsins í því aðildarríki þar sem skoðunin fór fram.

7. Flugöryggisstofnunin skal birta samantekt upplýsinga um beitingu hvers aðildarríkis á þessari reglugerð og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Hún skal birta þessar upplýsingar í árlegu öryggisskýrslunni sem um getur í 7. mgr. 72. gr.

8. Flugöryggisstofnunin skal leggja sitt af mörkum við að meta hvaða áhrif framkvæmd þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, hefur, sbr. þó mat framkvæmdastjórnarinnar skv. 124. gr., að teknu tilliti til markmiðanna sem sett eru fram í 1. gr.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunarinnar við framkvæmd verkefnanna samkvæmt þessari grein. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

86. gr.

Rannsóknir og nýsköpun

1. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við að finna mikilvægustu rannsóknarefnin á sviði almenningsflugs til að stuðla að því að tryggja samræmingu og samkvæmni milli rannsókna og þróunar, sem hið opinbera fjármagnar, og stefnumála, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

2. Flugöryggisstofnunin skal styðja framkvæmdastjórnina við mótun og framkvæmd viðeigandi rammaáætlana Sambandsins um rannsóknir og nýsköpun og árlegrar vinnuáætlunar og vinnuáætlana til margra ára, þ.m.t. við framkvæmd matsferla, við endurskoðun fjármagnaðra verkefna og við nýtingu niðurstaða úr rannsóknum og nýsköpun.

Flugöryggisstofnunin skal innleiða þá hluta rammaáætlunarinnar um rannsóknir og nýsköpun sem snúa að almenningsflugi ef framkvæmdastjórnin hefur falið henni viðeigandi valdheimildir.

3. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að þróa og fjármagna rannsóknir svo fremi að þær tengist eingöngu úrbótum á starfsemi á valdsviði hennar. Rannsóknarþarfir og -starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar skulu koma fram í árlegri vinnuáætlun hennar.

4. Birta skal niðurstöður rannsókna, sem Flugöryggisstofnunin hefur fjármagnað, nema ef gildandi reglur um hugverkarétt eða öryggisreglur Flugöryggisstofnunarinnar, sem um getur í 123. gr., útiloka slíka birtingu.

5. Til viðbótar við verkefnin, sem sett eru fram í 1. til 4. mgr. þessarar greinar og í 75. gr., getur Flugöryggisstofnunin einnig unnið að sértækum rannsóknum að því tilskildu að þær samræmast verkefnum hennar og markmiðunum í þessari reglugerð.

87. gr.

Umhverfisvernd

1. Þær ráðstafanir varðandi losun og hávaða, sem Flugöryggisstofnunin grípur til í tengslum við vottun á hönnun framleiðsluvara í samræmi við 11. gr. skulu miða að því að vernda loftslagið, umhverfið og heilbrigði manna gegn verulega skaðlegum áhrifum af völdum viðkomandi framleiðsluvara til notkunar í almenningsflugi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, umhverfislegs ávinnings, tæknilegrar hagkvæmni og efnahagslegra áhrifa.

2. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin, aðrar stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og aðildarríkin skulu, hvert á sínu valdsviði, vinna saman að umhverfismálum, þ.m.t. þeim sem fjallað er um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB [1] og í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, með það fyrir augum að tryggja að tekið sé mið af víxltengslum milli loftslags- og umhverfisverndar, heilbrigði manna og annarra tæknisviða almenningsflugs, að teknu tilhlýðilegu tilliti til alþjóðlegra krafna og ráðlagðra starfsvenja, umhverfislegs ávinnings, tæknilegrar hagkvæmni og efnahagslegra áhrifa.

3. Ef Flugöryggisstofnunin býr yfir viðeigandi sérþekkingu skal hún aðstoða framkvæmdastjórnina við að skilgreina og samræma umhverfisverndarstefnur og -aðgerðir á sviði almenningsflugs, einkum með rannsóknum, hermunum og tækniráðgjöf, en skal jafnframt taka tillit til víxltengsla milli loftslags- og umhverfisverndar, heilbrigði manna og annarra tæknisviða almenningsflugs.

[1] Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

4. Í því skyni að upplýsa hagsmunaaðila og almenning skal Flugöryggisstofnunin birta umhverfisrýni á a.m.k. þriggja ára fresti sem inniheldur hlutlægt mat á stöðu umhverfisverndar að því er varðar almenningsflug í Sambandinu.

Við undirbúning á þessari umhverfisrýni skal Flugöryggisstofnunin einkum styðjast við upplýsingar, sem eru þegar aðgengilegar stofnunum og aðilum Sambandsins, sem og opinberar upplýsingar.

Flugöryggisstofnunin skal vinna með aðildarríkjunum og hafa samráð við viðkomandi hagsmunaaðila og fyrirtæki við þróun á þessari umhverfisrýni.

Í þessari umhverfisrýni skulu einnig vera ráðleggingar sem miða að því að efla umhverfisvernd á sviði almenningsflugs í Sambandinu.

88. gr.

Víxltengsl á milli flugöryggis og flugverndar í almenningsflugi

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu vinna saman að flugverndarmálum í almenningsflugi, þ.m.t. netöryggi, ef víxltengsl eru á milli flugöryggis og flugverndar í almenningsflugi.

2. Ef víxltengsl eru á milli flugöryggis og flugverndar í almenningsflugi skal Flugöryggisstofnunin, ef hún býr yfir viðeigandi sérfræðikunnáttu í öryggismálum, veita framkvæmdastjórninni tækniaðstoð, ef um hana er beðið, við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 ([1]) og annarra viðeigandi ákvæða í löggjöf Sambandsins.

3. Í því skyni að vernda almenningsflug gegn ólöglegmætu athæfi, þar sem víxltengsl eru á milli flugöryggis og flugverndar í almenningsflugi, skal Flugöryggisstofnunin, ef nauðsyn krefur, bregðast tafarlaust við brýnu vandamáli sem varðar sameiginlega hagsmuni aðildarríkjanna og fellur innan gildissviðs þessarar reglugerðar með því:

a) að gera ráðstafanir í samræmi við h-lið 1. mgr. 77. gr. til að taka á veikleikum í hönnun loftfara,

b) að mæla með því að lögbær landsyfirvöld eða einstaklingar og lögaðilar sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar geri aðgerðir til úrbóta og/eða að miðla viðeigandi upplýsingum til þessara yfirvalda og aðila ef vandamálið hefur áhrif á starfrækslu loftfars, þ.m.t. áhættuna fyrir almenningsflug á átakasvæðum.

Áður en gripið er til þeirra ráðstafana, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skal Flugöryggisstofnunin fá samþykki framkvæmdastjórnarinnar og ráðfæra sig við aðildarríkin. Flugöryggisstofnunin skal byggja þessar ráðstafanir, ef mögulegt er, á almennu áhættumati Sambandsins og taka tillit til nauðsynjar þess að bregðast skjótt við í neyðartilvikum.

89. gr.

Víxtengsl á milli öryggis í almenningsflugi og félagslegra og hagrænna þátta

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin, aðrar stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og aðildarríkin skulu, hvert á sínu valdsviði, vinna saman að því að tryggja að tekið sé mið af víxltengslum á milli öryggis í almenningsflugi og félagslegra og hagrænna þátta, m.a. í tengslum við reglunefndarmeðferðir, eftirlit og framkvæmd í tengslum við sanngirnismenningu, sem er skilgreind í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014, til að bregðast við félagslegri og hagrænni áhættu fyrir flugöryggi.

2. Þegar slík víxltengsl eru tekin fyrir skal Flugöryggisstofnunin hafa samráð við viðkomandi hagsmunaaðila.

3. Á þriggja ára fresti skal Flugöryggisstofnunin birta rýni þar sem dregin er upp hlutlæg mynd af þeim aðgerðum og ráðstöfunum sem gerðar hafa verið, einkum þeirra sem taka fyrir víxltengslin á milli öryggis í almenningsflugi og félagslegra og hagrænna þátta.

90. gr.

Alþjóðleg samvinna

1. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina, ef hún óskar eftir því, með stjórnun tengsla við þriðju lönd og alþjóðastofnanir í tengslum við málefni sem falla undir þessa reglugerð. Slík aðstoð miðar einkum að því að stuðla að samræmingu á reglum, gagnkvæmri viðurkenningu vottorða í þágu evrópsks atvinnulífs og kynningu á evrópskum flugöryggiskröfum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

2. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að eiga samstarf við lögbær yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir, sem eru lögbærar um málefni sem falla undir þessa reglugerð. Í því skyni getur Flugöryggisstofnunin, með fyrirframsamráði við framkvæmdastjórnina, gert samkomulag við þessi yfirvöld og alþjóðastofnanir um vinnutilhögun. Þessi vinnutilhögun skal ekki stofna til lagaskyldna sem hvíla á Sambandinu og aðildarríkjum þess.

3. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða aðildarríkin við að nýta réttindi sín og að rækja skyldur sínar samkvæmt alþjóðasamningum í tengslum við málefni sem falla undir þessa reglugerð, einkum réttindi þeirra og skyldur samkvæmt Chicago-samningnum.

Flugöryggisstofnunin má gegna hlutverki svæðisbundinnar öryggiseftirlitsstofnunar innan ramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

4. Flugöryggisstofnunin skal, í samvinnu við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, færa eftirfarandi upplýsingar inn í gagnasafnið sem um getur í 74. gr. og uppfæra þær eftir þörfum:

a) upplýsingar um að hvaða marki þessi reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, sem og ráðstafanirnar, sem Flugöryggisstofnunin hefur gripið til samkvæmt þessari reglugerð, uppfylla alþjóðlegar kröfur og ráðlagðar starfsvenjur,

b) aðrar upplýsingar varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar, sem eru sameiginlegar öllum aðildarríkjum og eiga við um vöktun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á því hvort aðildarríkin fari að kröfum Chicago-samningsins og alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum.

Aðildarríkin skulu nota þessar upplýsingar í tengslum við uppfyllingu á skuldbindingum sínum skv. 38. gr. Chicago-samningsins og þegar þau afhenda Alþjóðaflugmálastofnuninni upplýsingar samkvæmt úttektaráætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum.

5. Án þess að hafa áhrif á viðeigandi ákvæði sáttmálans skulu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær landsyfirvöld, sem taka þátt í starfsemi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, vinna saman, gegnum sérfræðinganet, að tæknimálum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og sem tengjast störfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flugöryggisstofnunin skal veita þessu tengslaneti nauðsynlegan stjórnsýslulegan stuðning, þ.m.t. aðstoð við undirbúning og skipulagningu funda.

6. Til viðbótar við verkefnin, sem sett eru fram í 1. til 5. mgr. þessarar greinar og í 75. gr., getur Flugöryggisstofnunin einnig tekið þátt í sértækri tæknisamvinnu og sinnt rannsóknar- og aðstoðarverkefnum með þriðju löndum og alþjóðastofnunum, svo framarlega sem þau samræmast verkefnum hennar og markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr.

91. gr.

Hættustjórnun í flugi

1. Flugöryggisstofnunin skal, innan valdsviðs síns, stuðla að því að brugðist sé tímanlega við og dregið úr hættuástandi í flugi, í samvinnu við aðra hagsmunaaðila.

2. Flugöryggisstofnunin skal taka þátt í evrópska samráðshópnum vegna hættuástands í flugi sem komið var á fót í samræmi við 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 ([1]).

92. gr.

Flugþjálfun

1. Í því skyni að stuðla að bestu starfsvenjum og samræmdri beitingu á þessari reglugerð og á framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem eru samþykktar á grundvelli hennar, er Flugöryggisstofnuninni heimilt, að beiðni veitanda flugkennslu, að meta hvort þessi veitandi og þjálfunarnámskeið hans uppfylli kröfurnar sem Flugöryggisstofnunin hefur sett og birt í opinberu riti sínu. Þegar staðfest er að þessar kröfur eru uppfylltar skal veitandinn hafa rétt til að veita þjálfunarnámskeið sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt.

2. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að bjóða upp á þjálfun sem beinist fyrst og fremst að eigin starfsfólki og starfsfólki lögbærra landsyfirvalda, en einnig að lögbærum yfirvöldum þriðju landa, alþjóðastofnunum, þeim einstaklingum og lögaðilum sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar og öðrum hagsmunaaðilum, annað hvort með eigin þjálfunarúrræðum eða, ef nauðsyn krefur, með því að nota utanaðkomandi veitendur þjálfunar.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).

93. gr.

Framkvæmd samevrópska loftrýmisins

Ef Flugöryggisstofnunin býr yfir viðeigandi sérfræðiþekkingu skal hún veita framkvæmdastjórninni tækniaðstoð, ef um hana er beðið, í tengslum við framkvæmd samevrópska loftrýmisins, einkum með því:

a) að framkvæma tækniskoðanir, tæknirannsóknir og kannanir,

b) að taka þátt í því að koma frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta í framkvæmd, í samstarfi við frammistöðumatsnefndina sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, að því er varðar málefni sem falla undir þessa reglugerð,

c) að taka þátt í að koma mynsturáætluninni um rekstrarstjórnun flugumferðar í framkvæmd, þ.m.t. þróun og nýtingu SESAR-áætlunarinnar.

II. ÞÁTTUR

Innra skipulag

94. gr.

Réttarstaða, aðsetur og staðarskrifstofur

1. Flugöryggisstofnunin skal vera stofnun Sambandsins. Hún hefur réttarstöðu lögaðila.

2. Flugöryggisstofnunin skal hafa það rétthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Stofnuninni er einkum og sér í lagi heimilt að afla sér lausafjár og fasteigna eða ráðstafa þeim og hún getur verið aðili að dómsmáli.

3. Aðsetur Flugöryggisstofnunarinnar skal vera í Köln, Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

4. Flugöryggisstofnunin getur komið sér upp staðarskrifstofum í aðildarríkjunum eða komið starfsfólki fyrir í sendinefndum þriðju landa, í samræmi við 4. mgr. 104. gr.

5. Forstjórinn er í lagalegu forsvari fyrir Flugöryggisstofnunina.

95. gr.

Starfsfólk

1. Starfsmannareglur embættismanna Evrópusambandsins, ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópusambandsins ([1]) og reglur, sem stofnanir Sambandsins hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsmannareglum og ráðningarskilmálum, gilda um starfsfólk Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að nýta sér sérfræðinga aðildarríkjanna, sem sendir eru tímabundið til starfa, eða annað starfsfólk sem ekki vinnur hjá Flugöryggisstofnuninni. Stjórnin skal samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur um að sérfræðingar aðildarríkjanna færist tímabundið til starfa við Flugöryggisstofnunina.

96. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, skal gilda um Flugöryggisstofnunina og starfsfólk hennar.

97. gr.

Bótaábyrgð

1. Skaðabótaábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar innan samninga skal falla undir þau lög sem gilda um viðkomandi samning.

2. Dómstóllinn skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Flugöryggisstofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð utan samninga ber Flugöryggisstofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem hún eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 frá 29. febrúar 1968 um starfsmannareglur embættismanna og reglur um ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópubandalaganna og sérstakar ráðstafanir sem eiga tímabundið við um embættismenn framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1).

4. Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna tjóns sem um getur í 3. mgr.

5. Persónuleg bótaábyrgð starfsfólks gagnvart Flugöryggisstofnuninni lýtur þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum eða ráðningarskilmálum sem gilda um það.

98. gr.

Hlutverk stjórnar

1. Flugöryggisstofnunin skal hafa stjórn.

2. Stjórnin skal:

a) skipa forstjóra og, eftir því sem við á, framlengja skipunartíma hans eða víkja úr embætti, í samræmi við 103. gr.,

b) samþykkja samsteypta ársskýrslu um starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar og senda hana, eigi síðar en 1. júlí ár hvert, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarréttarins; samsteypta ársskýrslan um starfsemina skal gerð opinber,

c) samþykkja ár hvert áætlunarskjal Flugöryggisstofnunarinnar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna og í samræmi við 117. gr.,

d) samþykkja árlega fjárhagsáætlun Flugöryggisstofnunarinnar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna og í samræmi við 11. mgr. 120. gr.,

e) koma á málsmeðferð fyrir ákvarðanatöku forstjórans, eins og um getur í 115. og 116. gr.,

f) rækja hlutverk sitt með tilliti til fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar skv. 120., 121. og 125. gr.,

g) skipa í kærunefnd skv. 106. gr.,

h) vera yfir forstjórann sett,

i) gefa álit sitt á reglum varðandi þóknanir og gjöld sem um getur í 126. gr.,

j) setja sér starfsreglur,

k) ákveða tungumálanotkun fyrir Flugöryggisstofnunina,

l) taka ákvarðanir um uppbyggingu og, ef nauðsyn krefur, breytingu á innra skipulagi Flugöryggisstofnunarinnar á framkvæmdastjórastigi,

m) beita, í samræmi við 6. mgr., að því er varðar starfsfólk Flugöryggisstofnunarinnar, heimildum sem starfsmannareglurnar hafa falið tilnefningaryfirvaldinu og sem ráðningarskilmálar annarra starfsmanna fela yfirvaldinu sem hefur heimild til að gera ráðningarsamning („heimildir tilnefningaryfirvaldsins“),

n) samþykkja viðeigandi framkvæmdarreglur sem gilda um framkvæmd starfsmannareglnanna og ráðningarskilmálanna annarra starfsmanna í samræmi við 110. gr. starfsmannareglnanna,

o) samþykkja reglur til að koma í veg fyrir og stjórna hagsmunaárekstrum að því er varðar eigin stjórnarmenn sem og nefndarmenn kærunefndarinnar,

p) tryggja fullnægjandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli sem leiðir af innri eða ytri endurskoðunarskýrslum og matsgerðum, sem og af rannsóknum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([1]),

q) samþykkja fjárhagsreglur sem eiga við Flugöryggisstofnunina í samræmi við 125. gr.,

r) tilnefna þann sem annast bókhaldsstjórn, sem skal heyra undir starfsmannareglurnar og ráðningarskilmála annarra starfsmanna og vera algerlega óháður öðrum við framkvæmd skyldustarfa sinna,

s) samþykkja áætlun sem beinist gegn svikum og er í réttu hlutfalli við hættu á svikum með tilliti til kostnaðar og ábata af ráðstöfununum sem hrundið verður í framkvæmd,

t) veita álit sitt á drögum að flugöryggisáætlun Evrópu í samræmi við 5. gr.,

u) samþykkja aðgerðaáætlunina um flugöryggi í Evrópu í samræmi við 6. gr.,

v) taka tilhlýðilega rökstuddar ákvarðanir varðandi afsal friðhelgi í samræmi við 17. gr. í bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins,

w) koma á fót verklagsreglum fyrir hentuga samvinnu Flugöryggisstofnunarinnar við innlend dómsyfirvöld, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 996/2010 og (ESB) nr. 376/2014.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

3. Stjórninni er heimilt að veita forstjóranum ráðgjöf í öllum málum sem falla undir þessa reglugerð.

4. Stjórnin skal koma á fót ráðgjafarnefnd, sem er fulltrúi allra hagsmunaaðila sem starf Flugöryggisstofnunarinnar hefur áhrif á, og skal hafa samráð við hana áður en hún tekur ákvarðanir í þeim málum sem um getur í c-, e-, f- og i-lið 2. mgr. Stjórnin getur einnig ákveðið að hafa samráð við ráðgjafarnefndina um önnur málefni sem um getur í 2. og 3. mgr. Álit ráðgjafarnefndarinnar er ekki undir neinum kringumstæðum bindandi fyrir stjórnina.

5. Stjórninni er heimilt að koma á fót starfsnefndum, sem aðstoða hana við að sinna verkefnum sínum, þ.m.t. við undirbúning ákvarðana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

6. Stjórnin skal samþykkja, í samræmi við 110. gr. í starfsmannareglunum, ákvörðun, sem byggist á 1. mgr. 2. gr. starfsmannareglnanna og 6. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna, um að framselja viðeigandi heimildir tilnefningaryfirvaldsins til forstjórans og þar sem gert er grein fyrir með hvaða skilyrðum fella má þetta framsal valds niður. Forstjóranum skal vera heimilt að framselja áfram þessar valdheimildir.

Ef sérstakar aðstæður krefjast þess er stjórninni er heimilt að fella tímabundið úr gildi, með ákvörðun, framsal á valdheimildum tilnefningaryfirvaldsins til forstjórans og þeirra sem forstjórinn hefur falið umboðið og beita þeim sjálf eða framselja þær einum stjórnarmanni sínum eða starfsmanni öðrum en forstjóra.

99. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal skipuð fulltrúum frá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni sem skulu allir hafa atkvæðisrétt. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn stjórnarmann og tvo varamenn. Varamaður skal eingöngu koma fram fyrir hönd stjórnarmannsins í fjarveru hans. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna tvo fulltrúa og varamenn þeirra. Skipunartími stjórnarmanna og varamanna þeirra er fjögur ár. Heimilt er að framlengja skipunartímann.

2. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu valdir á grundvelli þekkingar, viðurkenndrar reynslu og skuldbindinga á sviði almenningsflugs, að teknu tilliti til viðeigandi stjórnunarhæfileika og færni á sviði stjórnsýslu og fjárhagsáætlunargerðar, sem nota á til að stuðla að framgangi þessarar reglugerðar. Stjórnarmennirnir skulu bera heildarábyrgð á a.m.k. stefnumálum á sviði öryggis í almenningsflugi í viðkomandi aðildarríkjum.

3. Allir aðilar, sem eiga fulltrúa í stjórninni, skulu leitast við að takmarka skipti á fulltrúum til að tryggja samfellu í starfi hennar. Allir aðilar skulu leitast við að ná jöfnu kynjahlutfalli í stjórninni.

4. Ef við á skal þátttaka fulltrúa þriðju landa innan Evrópu, sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa í stjórninni og skilyrði fyrir slíkri þátttöku sett fram í samningunum sem um getur í 129. gr.

5. Ráðgjafarnefndin, sem um getur í 4. mgr. 98. gr., skal tilnefna fjóra af nefndarmönnum sínum til að gegna stöðu áheyrnarfulltrúa í stjórninni. Þeir skulu endurspegla, með eins almennum hætti og mögulegt er, mismunandi skoðanir fulltrúanna í ráðgjafarnefndinni. Upphaflegur skipunartími er 48 mánuðir og hann má framlengja.

100. gr.

Stjórnarformaður

1. Stjórnin skal kjósa formann og varaformann úr röðum stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt. Varaformaður kemur, í krafti embættis síns, í stað formanns í forföllum hans.

2. Skipunartími formanns og varaformanns er fjögur ár og má framlengja hann einu sinni um fjögur ár. Ef stjórnarsetu þeirra lýkur meðan á skipunartíma þeirra stendur skal skipunartími þeirra ljúka sjálfkrafa á þeim degi.

101. gr.

Stjórnarfundir

1. Formaður stjórnarinnar skal boða til funda.

2. Stjórnin skal halda minnst tvo almenna fundi á ári. Að auki kemur stjórnin saman að beiðni formanns, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að beiðni a.m.k. þriðja hluta stjórnarmanna.

3. Forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar skal taka þátt í umræðunum, án atkvæðisréttar.

4. Stjórnarmönnum er heimilt, í samræmi við starfsreglur stjórnarinnar, að njóta aðstoðar ráðgjafa sinna eða sérfræðinga.

5. Stjórnin getur boðið öllum, sem kunna að hafa áhugaverð sjónarmið, að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar.

6. Flugöryggisstofnunin skal annast skrifstofuhald fyrir stjórnina.

102. gr.

Reglur um atkvæðagreiðslu stjórnarinnar

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með meirihluta atkvæða stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt, sbr. þó c- og d-lið 2. mgr. 98. gr. og 7. mgr. 103. gr. Ákvörðunin, sem um getur í k-lið 2. mgr. 98. gr., skal tekin með einróma samþykki fari einhver stjórnarmanna þess á leit.

2. Hver stjórnarmaður, sem skipaður er skv. 1. mgr. 99. gr., skal hafa eitt atkvæði. Í fjarveru stjórnarmanns hefur varamaður hans rétt til að neyta atkvæðisréttar síns. Hvorki áheyrnarfulltrúar né forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar hafa atkvæðisrétt.

3. Í starfsreglum stjórnarinnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, einkum skilyrði fyrir því að stjórnarmaður megi koma fram fyrir hönd annars stjórnarmanns og kröfur er varða það hversu margir skuli sækja fund til að hann teljist lögmætur, eftir því sem við á.

4. Ákvarðanir um fjárlög eða mannauð, einkum málefni sem um getur í d-, f-, h-, m-, n-, o- og q-lið 2. mgr. 98. gr., þurfa atkvæði framkvæmdastjórnarinnar til að öðlast gildi.

103. gr.

Forstjóri

1. Forstjórinn skal ráðinn tímabundið til Flugöryggisstofnunarinnar samkvæmt a-lið 2. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna.

2. Stjórnin skal skipa forstjóra af lista yfir umsækjendur, sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu um, á grundvelli verðleika og skjalfestrar hæfni og reynslu á sviði almenningsflugs, í kjölfar opins og gagnsæs valferlis.

Formaður stjórnarinnar skal gera samning við forstjórann fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar.

Fyrir skipunina skal umsækjandanum, sem stjórnin velur, boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna.

3. Skipunartími forstjóra er fimm ár. Við lok þess tímabils skal framkvæmdastjórnin framkvæma mat þar sem metin er frammistaða forstjórans og framtíðarverkefni og -áskoranir Flugöryggisstofnunarinnar. Á miðju tímabilinu er heimilt að bjóða forstjóranum að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna varðandi frammistöðu forstjórans.

4. Stjórnin getur, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni, sem hefur hliðsjón af því mati sem um getur í 3. mgr., framlengt skipunartíma forstjórans í eitt skipti um allt að fimm ár. Áður en skipunartími framkvæmdastjórans er framlengdur skal stjórnin tilkynna Evrópuþinginu um fyrirætlanir sínar um að framlengja skipunartíma forstjórans. Innan eins mánaðar áður en slík framlenging er gerð má bjóða forstjóranum að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum nefndarmanna.

5. Forstjóri, sem hlotið hefur framlengingu á skipunartíma, má ekki taka þátt í öðru valferli fyrir sömu stöðu við lok heildartímabilsins.

6. Einungis má víkja forstjóranum úr starfi með ákvörðun stjórnarinnar, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

7. Stjórnin skal taka ákvarðanir um skipun forstjóra, framlengingu skipunartíma hans eða brottvikningu úr starfi á grundvelli meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna.

8. Forstjórinn getur notið aðstoðar eins eða fleiri framkvæmdastjóra. Einn af framkvæmdastjórunum skal koma í stað forstjóra í fjarveru hans eða forföllum.

104. gr.

Ábyrgð forstjóra

1. Forstjórinn fer með stjórn Flugöryggisstofnunarinnar. Forstjórinn skal bera ábyrgð gagnvart stjórninni. Forstjórinn skal, með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar og stjórnarinnar, njóta sjálfstæðis við framkvæmd verkefna sinna og skal hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða öðrum aðila.

2. Forstjórinn skal gefa Evrópuþinginu skýrslu um framkvæmd skyldustarfa sinna þegar honum er boðið að gera það. Ráðið getur boðið forstjóranum að skýra frá þessum störfum.

3. Forstjórinn skal bera ábyrgð á framkvæmd verkefna sem Flugöryggisstofnuninni er falið samkvæmt þessari reglugerð eða öðrum gerðum Sambandsins. Forstjórinn skal einkum bera ábyrgð á eftirfarandi:

a) að samþykkja ráðstafanir Flugöryggisstofnunarinnar, sem skilgreindar eru í 76. gr., innan þeirra marka sem tilgreind eru í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar,

b) að taka ákvarðanir um rannsóknir, skoðanir og aðra vöktunarstarfsemi, eins og kveðið er á um í 83. og 85. gr.,

c) að taka ákvarðanir um úthlutun verkefna til hæfra aðila í samræmi við 1. mgr. 69. gr. og um framkvæmd rannsókna lögbærra landsyfirvalda eða hæfra aðila fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við 1. mgr. 83. gr.,

d) að grípa til nauðsynlegra ráðstafana varðandi starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt samstarf í samræmi við 90. gr.,

e) að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Flugöryggisstofnunin starfi í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, þ.m.t. að samþykkja innri stjórnsýslufyrirmæli og birta auglýsingar,

f) að framkvæma ákvarðanir sem stjórnin samþykkir,

g) að taka saman samsteypta ársskýrslu um starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar,

h) að taka saman drög að áætlun Flugöryggisstofnunarinnar um tekjur og gjöld skv. 120. gr. og hrinda fjárhagsáætlun hennar í framkvæmd skv. 121. gr.,

i) að framselja öðrum starfsmönnum Flugöryggisstofnunarinnar valdheimildir forstjórans. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um reglur sem gilda um slíkt framsal; þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 127. gr.,

j) að undirbúa áætlunarskjalið, sem um getur í 1. mgr. 117. gr., og leggja það fyrir stjórnina til samþykktar, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar,

k) að koma áætlunarskjalinu, sem um getur í 1. mgr. 117. gr., í framkvæmd og leggja fram skýrslu um framkvæmdina til stjórnarinnar,

l) að semja aðgerðaáætlun til að fylgja eftir niðurstöðum innri eða ytri endurskoðunarskýrslna og matsgerða, auk rannsókna Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og senda framvinduskýrslu til framkvæmdastjórnarinnar tvisvar á ári og reglulega til stjórnarinnar,

m) að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif,

n) að semja áætlun um aðgerðir gegn svikum fyrir Flugöryggisstofnunina og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar,

o) að undirbúa drög að fjárhagsreglum fyrir Flugöryggisstofnunina,

p) að undirbúa aðgerðaáætlunina um flugöryggi í Evrópu og síðari uppfærslur hennar, og leggja þær fyrir stjórnina til samþykktar,

q) að leggja fram skýrslu til stjórnarinnar um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar um flugöryggi í Evrópu,

r) að svara beiðnum um aðstoð frá framkvæmdastjórninni, sem lagðar eru fram í samræmi við þessa reglugerð,

s) að samþykkja framsal ábyrgðar til Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við 64. og 65. gr.,

t) að sjá um daglegan rekstur Flugöryggisstofnunarinnar,

u) að taka allar ákvarðanir um uppbyggingu og, ef nauðsyn krefur, breytingu á innra skipulagi Flugöryggisstofnunarinnar, nema ákvarðanir sem teknar eru á framkvæmdastjórastigi en þær skal stjórnin samþykkja,

v) að samþykkja reglur til að koma í veg fyrir og stjórna hagsmunaárekstrum að því er varðar þátttakendur í starfshópum og sérfræðingahópum, og aðra starfsmenn sem ekki falla undir starfsmannareglurnar, sem skulu fela í sér ákvæði um hagsmunayfirlýsingar og, eftir því sem við á, atvinnustarfsemi við starfslok.

4. Forstjórinn ber einnig ábyrgð á að ákveða hvort það sé nauðsynlegt fyrir skilvirka og áhrifaríka framkvæmd verkefna Flugöryggisstofnunarinnar að koma á fót staðarskrifstofum í einu eða fleiri aðildarríkjum eða að koma starfsfólki fyrir í sendinefndum þriðju landa, með fyrirvara um viðeigandi samninga við utanríkisþjónustu Evrópusambandsins. Ákvörðun þessi útheimtir fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar, stjórnarinnar og, eftir atvikum, aðildarríkisins þar sem áætlað er að staðarskrifstofunni verði komið á fót. Í ákvörðuninni skal tilgreina umfang þeirrar starfsemi sem mun fara fram á staðarskrifstofunni eða af hálfu starfsfólks sendinefnda þannig að forðast megi óþarfa kostnað og tvíverknað í stjórnsýslu Flugöryggisstofnunarinnar.

105. gr.

Valdheimildir kærunefndar

1. Kærunefnd skal komið á fót sem hluti af stjórnsýslufyrirkomulagi Flugöryggisstofnunarinnar. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr. í því skyni að ákvarða skipulag og samsetningu kærunefndarinnar.

2. Kærunefndin ber ábyrgð á að skera úr um kærur vegna þeirra ákvarðana sem um getur í 108. gr. Kærunefndin skal kölluð saman eftir þörfum.

106. gr.

Kærunefndarmenn

1. Stjórnin skal skipa nefndarmenn og varamenn þeirra af lista yfir hæfa umsækjendur, sem framkvæmdastjórnin hefur sett saman.

2. Skipunartími kærunefndarmanna, þ.m.t. formanns og allra varamanna, skal vera fimm ár og má framlengja hann um fimm ár til viðbótar.

3. Kærunefndarmenn skulu vera óháðir. Við ákvarðanatöku sína skulu þeir hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða öðrum aðila.

4. Kærunefndarmenn skulu ekki sinna öðrum skyldustörfum hjá Flugöryggisstofnuninni. Kærunefndarmenn geta verið í hlutastörfum.

5. Kærunefndarmönnum má ekki víkja úr embætti eða taka af listanum yfir hæfa umsækjendur á skipunartíma þeirra nema mikilvægar ástæður séu fyrir því og framkvæmdastjórnin taki ákvörðun þar að lútandi að fengnu áliti stjórnarinnar.

6. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 128. gr. til að ákvarða hvaða hæfniskröfur eru gerðar til nefndarmanna kærunefndar, stöðu þeirra og samningsbundin tengsl við Flugöryggisstofnunina, valdheimildir einstakra nefndarmanna á undirbúningsstigi ákvarðana og reglur og málsmeðferðarreglur um atkvæðagreiðslu.

107. gr.

Vanhæfi og vefenging

1. Kærunefndarmenn skulu ekki taka þátt í kærumeðferð hafi þeir þar einkahagsmuna að gæta eða hafi þeir áður komið að málinu sem fulltrúar einhvers aðilanna að kærumeðferðinni eða hafi þeir átt þátt í að samþykkja ákvörðunina sem kærð er.

2. Telji kærunefndarmaður að ekki sé rétt að hann taki þátt í kærumeðferð af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr., eða af einhverri annarri ástæðu, skal hann tilkynna kærunefnd um það.

3. Hverjum aðila að kærumeðferðinni er heimilt að vefengja tiltekna kærunefndarmenn með skírskotun í einhverja þá ástæðu sem nefnd er í 1. mgr. eða ef nefndarmaður er grunaður um hlutdrægni. Engin slík vefenging skal tekin til greina ef viðkomandi aðili að kærumeðferðinni hefur hafið málsmeðferð þótt hann hafi haft vitneskju um að ástæða var til vefengingar. Vefenging má ekki byggjast á þjóðerni nefndarmanna.

4. Kærunefndin skal ákveða, án þátttöku viðkomandi kærunefndarmanns, hvað skuli gert í þeim tilvikum sem um getur í 2. og 3. mgr. Við töku þessarar ákvörðunar tekur varamaður viðkomandi nefndarmanns sæti hans í kærunefnd.

108. gr.

Ákvarðanir sem heimilt er að kæra

1. Heimilt er að kæra þær ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar sem teknar eru skv. 64. og 65. gr., 76. gr. (6. mgr.), 77.–83. gr., 85. eða 126. gr.

2. Kæra, sem lögð er fram skv. 1. mgr., hefur ekki áhrif til frestunar. Forstjóranum er heimilt að fresta beitingu ákvörðunarinnar, sem kærð hefur verið, telji hann að aðstæður leyfi það.

3. Einungis er unnt að kæra ákvörðun, sem bindur ekki enda á málsmeðferð að því er varðar einn málsaðilanna, ef hún er kærð í tengslum við kæru lokaákvörðunarinnar, nema kveðið sé á um það í ákvörðuninni að hana megi kæra sérstaklega.

109. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að kæra

Einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að kæra ákvörðun, sem beint er að þeim, eða ákvörðun sem varðar þá beint eða óbeint þótt henni sé beint að öðrum aðila. Málsaðilum er heimilt að vera aðilar að kærumeðferðinni.

110. gr.

Tímamörk og form kæru

Kæran og rökin fyrir henni skulu lögð skriflega fyrir ritara kærunefndarinnar innan tveggja mánaða frá því að hlutaðeigandi aðila barst tilkynning um ráðstöfunina eða, hafi hann enga tilkynningu fengið, innan tveggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um ráðstöfunina, eftir því sem við á.

111. gr.

Leiðrétting kærðrar ákvörðunar

1. Áður en kærunefndin athugar kæruna skal hún gefa Flugöryggisstofnuninni kost á að endurskoða ákvörðun sína. Álíti forstjórinn kæruna vel rökstudda getur hann breytt ákvörðuninni innan tveggja mánaða frá tilkynningu kærunefndarinnar. Þetta á ekki við ef annar aðili að kærumeðferðinni er á öndverðum meiði við kæranda.

2. Ef ákvörðuninni er ekki breytt skal Flugöryggisstofnunin þegar í stað ákveða hvort fresta beri beitingu ákvörðunarinnar skv. 2. mgr. 108. gr.

112. gr.

Rannsókn kæra

1. Kærunefndin skal meta hvort kæran sé tæk og vel rökstudd.

2. Kærunefndin skal vinna hratt að rannsókn kærunnar skv. 1. mgr. Hún skal hvetja aðila að kærumeðferðinni, eins oft og þörf krefur og innan tiltekinna tímamarka, til að gera skriflegar athugasemdir við tilkynningar sem hún sjálf leggur fram eða við tilkynningar frá öðrum aðilum að kærumeðferðinni. Kærunefndin getur ákveðið að efna til munnlegrar skýrslugjafar að eigin frumkvæði eða samkvæmt rökstuddri beiðni eins kæruaðila.

113. gr.

Ákvarðanir í kærumálum

Ef kærunefndin kemst að þeirri niðurstöðu að kæran er ótæk eða að forsendur hennar eru órökstuddar, skal hún hafna kærunni. Ef kærunefndin kemst að þeirri niðurstöðu að kæran er tæk og að forsendur hennar eru rökstuddar skal hún vísa málinu til Flugöryggisstofnunarinnar. Flugöryggisstofnunin skal taka nýja rökstudda ákvörðun að teknu tilliti til ákvörðunar kærunefndarinnar.

114. gr.

Höfðun máls fyrir Dómstólnum

1. Heimilt er að höfða mál fyrir Dómstólnum til að ógilda þær gerðir Flugöryggisstofnunarinnar sem ætlað er að hafa réttaráhrif gagnvart þriðju aðilum, vegna aðgerðarleysis og, í samræmi við 97. gr., vegna skaðabótaábyrgðar utan samninga og, á grundvelli gerðardómsákvæðis, skaðabótaábyrgðar innan samninga vegna tjóns af völdum gerða Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Einungis er heimilt að höfða mál fyrir Dómstólnum til að ógilda ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar, sem eru teknar skv. 64. gr., 65. gr., 76. gr. (6. mgr.), 77.–83. gr., 85. eða 126. gr., eftir að allar málsmeðferðir til áfrýjunar innan Flugöryggisstofnunarinnar hafa verið fullreyndar.

3. Stofnununum Sambandsins og aðildarríkjum er heimilt að kæra ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar beint til Dómstólsins án þess að þurfa að fullreyna kærumeðferðirnar innan Flugöryggisstofnunarinnar.

4. Flugöryggisstofnunin skal grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að hlíta dómi Evrópudómstólsins.

III. ÞÁTTUR

Starfsaðferðir

115. gr.

Málsmeðferðir við samningu álitsgerða, vottunarforskrifta og annarra ítarlegra forskrifta, viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar

1. Stjórnin skal koma á gagnsærri málsmeðferð við útgáfu álitsgerða, vottunarforskrifta og annarra ítarlegra forskrifta, viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar sem um getur í 1. og 3. mgr. 76. gr. Slík málsmeðferð skal:

a) byggjast á sérfræðiþekkingu flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs og, eftir því sem við á, á sviði herflugs í aðildarríkjunum,

b) ef þörf krefur, fela í sér þátttöku sérfræðinga frá viðeigandi hagsmunaaðilum eða byggjast á sérfræðiþekkingu viðkomandi evrópskra staðlastofnana eða annarra sérhæfðra aðila,

c) tryggja að Flugöryggisstofnunin birti skjöl og hafi víðtækt samráð við hagsmunaaðila í samræmi við tímaáætlun og málsmeðferð sem skyldar Flugöryggisstofnunina til að veita skrifleg svör í samráðsferlinu.

2. Þegar Flugöryggisstofnunin semur álitsgerðir, vottunarforskriftir og aðrar ítarlegar forskriftir, viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar skv. 1. og 3. mgr. 76. gr. skal hún koma á málsmeðferð um samráð við aðildarríkin. Henni er heimilt í þessu skyni að stofna starfshóp og skal hvert aðildarríki hafa rétt til að tilnefna sérfræðing í hann. Ef þörf er á samráði í tengslum við hernaðarlega þætti skal Flugöryggisstofnunin, til viðbótar við aðildarríkin, hafa samráð við Varnarmálastofnun Evrópu og aðra hæfa hernaðarsérfræðinga sem aðildarríkin tilnefna. Ef þörf er á samráði í tengslum við möguleg félagsleg áhrif vegna þessara ráðstafana Flugöryggisstofnunarinnar skal Flugöryggisstofnunin virkja aðila vinnumarkaðarins í Sambandinu og aðra viðeigandi hagsmunaaðila.

3. Flugöryggisstofnunin skal birta álitsgerðir, vottunarforskriftir og aðrar ítarlegar forskriftir, viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningarnar sem eru þróaðar skv. 1. og 3. mgr. 76. gr. og málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. þessarar greinar í opinberu riti Flugöryggisstofnunarinnar.

116. gr.

Málsmeðferð við ákvarðanatöku

1. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal koma á gagnsærri málsmeðferð við töku einstakra ákvarðana eins og kveðið er á um í 4. mgr. 76. gr.

Slík málsmeðferð skal einkum:

a) tryggja að einstaklingar og lögaðilar, sem ákvörðuninni er beint að, og aðrir málsaðilar, sem hafa beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós,

b) kveða á um að ákvörðun skuli tilkynnt einstaklingum eða lögaðilum, sbr. þó kröfurnar í 123. gr. og 2. mgr. 132. gr.,

c) kveða á um að einstaklingar eða lögaðilar, sem ákvörðunin beinist að, og aðrir málsaðilar séu upplýstir um úrræði sem þeim standa til boða samkvæmt lögum og samkvæmt þessari reglugerð,

d) tryggja að ákvörðunin feli í sér ástæður þar að lútandi.

2. Stjórnin skal koma á málsmeðferð þar sem tilgreint er hvernig ákvarðanir skuli tilkynntar viðkomandi aðilum, þ.m.t. upplýsingar um tiltækar kærumeðferðir samkvæmt þessari reglugerð.

117. gr.

Ársáætlun og áætlanir til margra ára

1. Eigi síðar en 31. desember ár hvert skal stjórnin, í samræmi við c-lið 2. mgr. 98. gr., samþykkja áætlunarskjal sem inniheldur áætlun til margra ára og ársáætlun, byggt á drögum sem forstjóri hennar leggur fram sex vikum áður en það er samþykkt, að teknu tilliti til álits framkvæmdastjórnarinnar og eftir samráð við Evrópuþingið um áætlanir til margra ára. Stjórnin skal framsenda skjalið til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Áætlunarskjalið skal verða endanlegt í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaganna og skal breyta því til samræmis við þau ef nauðsyn krefur.

2. Árlega vinnuáætlunin skal innihalda ítarleg markmið og væntar niðurstöður, þ.m.t. frammistöðuvísa, og skal taka tillit til markmiða aðgerðaáætlunarinnar um flugöryggi í Evrópu. Hún skal einnig innihalda lýsingu á þeim aðgerðum sem á að fjármagna og upplýsingar um fjármagn og mannafla, sem úthlutað er til hverrar aðgerðar, í samræmi við meginreglur verkgrundaðrar fjárlagagerðar og stjórnunar, með upplýsingum um hvaða aðgerðir skuli fjármagnaðar af fjárlögum vegna reglusetningar og hvaða aðgerðir skuli fjármagnaðar með þóknunum og gjöldum sem Flugöryggisstofnunin tekur við. Árlega vinnuáætlunin skal samræmast vinnuáætluninni til margra ára sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Í áætluninni skal koma skýrt fram hvaða verkefnum hefur verið bætt við, breytt eða eytt samanborið við næstliðið fjárhagsár. Árlega vinnuáætlunin skal innihalda stefnu Flugöryggisstofnunarinnar varðandi verkefni hennar í tengslum við alþjóðlegt samstarf í samræmi við 90. gr. og aðgerðir Flugöryggisstofnunarinnar í tengslum við þessa stefnu.

3. Stjórnin skal breyta samþykktri árlegri vinnuáætlun ef Flugöryggisstofnuninni er falið nýtt verkefni. Hvers konar verulegar breytingar á árlegu vinnuáætluninni skulu samþykktar með sömu aðferð og upphaflega árlega vinnuáætlunin. Stjórninni er heimilt að framselja forstjóranum vald til að gera óverulegar breytingar á árlegu vinnuáætluninni.

4. Í vinnuáætluninni til margra ára skal setja fram heildarskipulagsáætlun, þ.m.t. markmið, væntar niðurstöður og frammistöðuvísa. Hún skal einnig innihalda áætlun yfir tilföng, þ.m.t. fjárhagsáætlun til margra ára og starfsfólk.

Áætlunin yfir tilföng skal uppfærð árlega. Skipulagsáætlunin skal einnig uppfærð eftir því sem við á, þá einkum til að bregðast við niðurstöðunum úr matinu sem um getur í 124. gr.

118. gr.

Samsteypt ársskýrsla um starfsemi stofnunarinnar

1. Í samsteyptu ársskýrslunni um starfsemi stofnunarinnar skal lýst með hvaða hætti Flugöryggisstofnunin hefur hrint árlegri vinnuáætlun og fjárhagsáætlun sinni í framkvæmd og hvernig hún hefur nýtt starfsfólk sitt. Í skýrslunni skal koma skýrt fram hvaða umboðum og verkefnum Flugöryggisstofnunarinnar hefur verið bætt við, hverjum hefur verið breytt eða eytt samanborið við næstliðið ár.

2. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar og árangur metinn með tilliti til markmiða, frammistöðuvísa og tímaáætlunar, sem sett voru, áhættu í tengslum við þessa starfsemi, notkunar úrræða og almennra aðgerða Flugöryggisstofnunarinnar og skilvirkni og árangur innri eftirlitskerfanna. Í skýrslunni skal einnig tilgreina hvaða aðgerðir eru fjármagnaðar af fjárlögum vegna reglusetningar og hvaða aðgerðir eru fjármagnaðar með þóknunum og gjöldum sem Flugöryggisstofnunin tekur við.

119. gr.

Gagnsæi og samskipti

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu Flugöryggisstofnunarinnar. Þetta skal ekki hafa áhrif á reglur um aðgang að gögnum og upplýsingum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og í framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli 5. gr. 72. gr. og 8. mgr. 74. gr. þessarar reglugerðar.

2. Flugöryggisstofnunin skal sinna upplýsingastarfsemi að eigin frumkvæði á sínu valdsviði. Hún skal einkum sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái með skjótum hætti hlutlausar, áreiðanlegar og auðskiljanlegar upplýsingar um starf hennar til viðbótar við þá birtingu sem um getur í 3. mgr. 115. gr. Flugöryggisstofnunin skal tryggja að ráðstöfun fjármagns hennar til upplýsingastarfsemi hafi ekki skaðleg áhrif á skilvirka framkvæmd verkefnanna sem um getur í 75. gr.

3. Flugöryggisstofnunin skal þýða kynningarefni um öryggi á opinbert tungumál Sambandsins, eftir því sem við á.

4. Lögbær landsyfirvöld skulu aðstoða Flugöryggisstofnunina með því að miðla með skilvirkum hætti viðeigandi öryggisupplýsingum í viðkomandi lögsögu.

5. Öllum einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að beina skriflegum erindum til Flugöryggisstofnunarinnar á hvaða opinbera tungumáli Sambandsins sem er og skulu eiga rétt á að fá svar á sama tungumáli.

6. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins, annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.

IV. ÞÁTTUR

Fjárhagslegar kröfur

120. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Án þess að hafa áhrif á aðrar tekjur skal Flugöryggisstofnunin hafa tekjur:

a) af framlögum frá Sambandinu,

b) af framlögum frá þriðju löndum í Evrópu, sem Sambandið hefur gert alþjóðasamninga við, eins og um getur í 129. gr.,

c) af þóknunum frá umsækjendum og handhöfum vottorða sem Flugöryggisstofnunin gefur út, og frá aðilum sem hafa skráð yfirlýsingar hjá Flugöryggisstofnuninni,

d) af innheimtum gjöldum fyrir útgefið efni, þjálfun og aðra þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin veitir, og vegna afgreiðslu Flugöryggisstofnunarinnar á kærum,

e) af öllum frjálsum fjárframlögum frá aðildarríkjum, þriðju löndum eða öðrum aðilum, svo fremi að slík fjárframlög stofni ekki sjálfstæði og óhlutdrægni Flugöryggisstofnunarinnar í hættu,

f) af fjárstyrkjum.

2. Til útgjalda Flugöryggisstofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar, grunnvirkja og rekstrar. Að því er varðar rekstrarútgjöld er heimilt að skipta skuldbindingum samkvæmt fjárhagsáætlun vegna aðgerða, sem ná yfir meira en eitt fjárhagsár, niður í árlegar greiðslur til fleiri ára ef nauðsyn krefur.

3. Jöfnuður skal vera milli tekna og útgjalda.

4. Fjárhagsáætlanir vegna reglusetningar, þóknanir, sem ákvarðaðar eru og innheimtar fyrir vottunarstarfsemi, og gjöld sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, skulu aðskilin í bókhaldi Flugöryggisstofnunarinnar.

5. Á fjárhagsárinu skal Flugöryggisstofnunin aðlaga starfsmannaskipulag sitt og stjórnun aðgerða, sem eru fjármagnaðar með tekjum frá þóknunum og gjöldum, svo hún geti með fullnægjandi hætti brugðist skjótt við vinnuálagi og sveiflum í þessum tekjuliðum.

6. Forstjórinn skal ár hvert semja drög að fjárhagsáætlun um áætlaðar tekjur og útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar fyrir komandi fjárhagsár, þ.m.t. drög að yfirliti um stöðugildi, og senda til stjórnarinnar ásamt skýringarefni um fjárhagsstöðuna. Þessi drög að yfirliti um stöðugildi skulu, í tengslum við stöður sem eru fjármagnaðar með þóknunum og gjöldum, byggð á takmörkuðum fjölda vísa, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, til að mæla vinnuálag og skilvirkni Flugöryggisstofnunarinnar og þar skal tilgreina þau tilföng sem þörf er á til að uppfylla tímanlega og með skilvirkum hætti kröfur um vottun og aðra starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. þá starfsemi sem leiðir af framsali ábyrgðar í samræmi við 64. og 65. gr.

Stjórnarnefndin skal samþykkja, á grundvelli þessara draga, drög að bráðabirgðaáætlun um tekjur og útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár. Drögin að bráðabirgðaáætlun Flugöryggisstofnunarinnar um tekjur og útgjöld skulu send framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. janúar hvert ár.

7. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin senda lokadrögin að tekju- og útgjaldaáætlun Flugöryggisstofnunarinnar, sem skal innihalda drögin að yfirliti um stöðugildi og bráðabirgðavinnuáætlunina, til framkvæmdastjórnarinnar og þriðju landa innan Evrópu, sem Sambandið hefur gert alþjóðasamninga við, eins og um getur í 129. gr.

8. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu fjárhagsáætlunina ásamt drögum að fjárlögum Evrópusambandsins.

9. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í drögin að fjárlögum Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar, sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi, og það framlag sem veita skal af fjárlögunum, og leggja þau fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við 313. og 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

10. Evrópuþingið og ráðið skulu heimila fjárveitingar fyrir framlagið til Flugöryggisstofnunarinnar og samþykkja yfirlitið yfir stöðugildi fyrir Flugöryggisstofnunina, með hliðsjón af þeim vísum sem tengjast vinnuálagi og skilvirkni Flugöryggisstofnunarinnar sem um getur í 6. mgr.

11. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins. Ef við á skal henni breytt til samræmis við þau.

12. Hafi stjórnin í hyggju að hrinda verkefni í framkvæmd sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar skal hún tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. leigu eða kaup á byggingum, og tilkynna framkvæmdastjórninni þar um. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013 ([1]) gildir um öll byggingarverkefni sem líklegt er að leiði til mikils kostnaðar á fjárhagsáætlun Flugöryggisstofnunarinnar.

Hafi Evrópuþingið eða ráðið tilkynnt að það hafi í hyggju að skila áliti skal það framsenda stjórninni álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.

121. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun

1. Forstjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Eigi síðar en 1. mars eftir lok hvers fjárhagsárs skal sá sem annast bókhaldsstjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal senda þeim sem annast bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórninni og Endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil. Eigi síðar en 1. mars eftir lok hvers fjárhagsárs skal sá sem fer með bókhaldsstjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal einnig senda þeim sem annast bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórninni skýrslu um stjórnun fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Sá sem fer með bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórninni skal gera samstæðureikningsskil úr bráðabirgðareikningsskilum stofnana og sjálfstæðra aðila, í samræmi við 147. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ([2]).

3. Eigi síðar en 31. mars eftir lok hvers fjárhagsárs skal forstjórinn framsenda skýrsluna um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarréttarins.

4. Þegar þeim sem annast bókhaldsstjórn berast athugasemdir Endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil Flugöryggisstofnunarinnar, skv. 148. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 966/2012, skal hann ganga frá endanlegum reikningsskilum Flugöryggisstofnunarinnar á eigin ábyrgð og skal forstjórinn senda þau til stjórnarinnar til umsagnar.

5. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil Flugöryggisstofnunarinnar.

6. Eigi síðar en 1. júlí eftir lok hvers fjárhagsárs skal sá sem annast bókhaldsstjórn Flugöryggisstofnunarinnar framsenda endanleg reikningsskil til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarréttarins ásamt áliti stjórnarinnar.

7. Endanleg reikningsskil skulu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eigi síðar en 15. nóvember eftir lok hvers fjárhagsárs.

8. Forstjórinn skal senda Endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september eftir lok hvers fjárhagsárs. Hann skal einnig senda svarið til stjórnarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal forstjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og kveðið er á um í 3. mgr. 165. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012.

10. Fyrir 15. maí árið n + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa forstjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið n.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013 frá 30. september 2013 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 208. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 42).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

122. gr.

Barátta gegn svikum

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólöglegri starfsemi gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins ([1])(ESB, KBE) nr. 883/2013 án takmarkana.

2. Flugöryggisstofnunin skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([2]) innan sex mánaða frá 11. september 2018 og samþykkja viðeigandi ákvæði sem gilda um starfsmenn stofnunarinnar og nota til þess sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum við þann samning.

3. Endurskoðunarrétturinn skal hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangsskoðana, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins frá Flugöryggisstofnuninni.

4. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur framkvæmt rannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og athuganir, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013 og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([3]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrk eða samning sem er fjármagnaður af Flugöryggisstofnuninni.

5. Með fyrirvara um 1.–4. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar innihalda ákvæði sem veita Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

123. gr.

Öryggisreglur um verndun trúnaðarflokkaðra upplýsinga og viðkvæmra upplýsinga sem ekki eru trúnaðarflokkaðar

Flugöryggisstofnunin skal samþykkja eigin öryggisreglur sem jafnast á við öryggisreglur framkvæmdastjórnarinnar til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum Evrópusambandsins (EUCI) og viðkvæmum upplýsingum sem eru ekki bundnar trúnaði, eins og sett er fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 ([4]) og (ESB, KBE) 2015/444 ([5]). Öryggisreglur Flugöryggisstofnunarinnar skulu m.a. taka til ákvæða um skipti, vinnslu og geymslu slíkra upplýsinga.

124. gr.

Mat

1. Eigi síðar en 12. september 2023, og síðan á fimm ára fresti, skal framkvæmdastjórnin framkvæma mat í samræmi við viðmiðunarreglur framkvæmdastjórnarinnar til að meta frammistöðu Flugöryggisstofnunarinnar í tengslum við markmið hennar, umboð og verkefni. Matið skal leiða í ljós hvaða áhrif þessi reglugerð, Flugöryggisstofnunin og starfsvenjur hennar hafa haft til að tryggja öryggi á háu stigi í almenningsflugi. Í matinu skal einnig fjalla um hvort þörf sé á að breyta umboði Flugöryggisstofnunarinnar og einnig um fjárhagsleg áhrif slíkrar breytingar. Við matið skal hafa hliðsjón af sjónarmiðum stjórnarinnar og hagsmunaaðila, bæði á vettvangi Sambandsins og á landsvísu.

2. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á að ekki sé lengur hægt að réttlæta rekstur Flugöryggisstofnunarinnar með tilliti til þeirra markmiða sem hún á að uppfylla, umboðs hennar og verkefna, getur hún lagt til að þessari reglugerð verði breytt til samræmis við það eða hún felld úr gildi.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda niðurstöður matsins, ásamt ályktunum sínum, til Evrópuþingsins, ráðsins og stjórnarinnar. Þessu getur fylgt tímasett aðgerðaáætlun ef við á. Birta skal niðurstöður matsins og tilmælin opinberlega.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

([3]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

([4]) Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2015/443 frá 13. mars 2015 um öryggismál í framkvæmdastjórninni (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 41).

([5]) Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um reglur varðandi öryggismál til verndar trúnaðarupplýsingum ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).

125. gr.

Fjárhagsreglur

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Flugöryggisstofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær skulu ekki víkja frá framseldri reglugerð (ESB) nr. 1271/2013, nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna reksturs Flugöryggisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

126. gr.

Þóknanir og gjöld

1. Þóknanir og gjöld skulu tekin:

a) fyrir útgáfu og endurnýjun Flugöryggisstofnunarinnar á vottorðum og skráningum yfirlýsinga samkvæmt þessari reglugerð, sem og fyrir eftirlit hennar að því er varðar þá starfsemi sem þessi vottorð og yfirlýsingar tengjast,

b) fyrir útgefið efni, þjálfun og veitingu annarrar þjónustu Flugöryggisstofnunarinnar, sem skal endurspegla raunverulegan kostnað fyrir sérhverja einstaka þjónustu sem veitt er,

c) fyrir afgreiðslu kæra.

Allar þóknanir og gjöld skulu gefin upp og greidd í evrum.

2. Fjárhæð þóknana og gjalda skal ákveðin þannig að tryggt sé að tekjur af þeim nægi að jafnaði til að greiða fullan kostnað af starfsemi sem tengist veittri þjónustu, og þannig komið sé í veg fyrir verulegan uppsafnaðan afgang. Öll útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar sem varða starfsfólk, sem tekur þátt í þeim störfum sem um getur í 1. mgr., einkum hlutfallslegt framlag atvinnurekanda til lífeyriskerfisins, skulu endurspeglast í þessum kostnaði. Þóknanir og gjöld skulu talin til tekna Flugöryggisstofnunarinnar fyrir starfsemi sem tengist þjónustu, sem þóknanir og gjöld eru innheimt fyrir.

3. Afgangur á fjárlögum, sem verður til með þóknunum og gjöldum, skal standa straum af kostnaði fyrirhugaðrar starfsemi, sem varðar þóknanir og gjöld, eða til að jafna tap. Ef um er að ræða endurtekinn umtalsverðan halla eða afgang ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða fjárhæð þóknana og gjalda.

4. Að höfðu samráði við Flugöryggisstofnunina í samræmi við i-lið 2. mgr. 98. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur í tengslum við þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, þar sem tilgreina skal sérstaklega í hvaða tilvikum innheimta skal þær þóknanir og gjöld, samkvæmt c- og d-lið 1. mgr. 120. gr., fjárhæð þóknana og gjalda og með hvaða hætti skuli greiða þau. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 127. gr.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

127. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, í tengslum við 4. gr. hennar.

128. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 19., 28., 32., 39., 47., 54., 58., 61. gr., 62. gr. (13. mgr.), 68. gr. (3. mgr.), 84. gr. (4. mgr.), 105. og 106. gr., í fimm ár frá 11. september 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 19., 28., 32., 39., 47., 54., 58., 61. gr., 62. gr. (13. mgr.), 68. gr. (3. mgr.), 84. gr. (4. mgr.), 105. og 106. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda reglugerð skal hún samtímis tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það.

6. Framseld gerð, sem um getur í 19., 28., 32., 39., 47., 54., 58., 61. gr., 62. gr. (13. mgr.), 68. gr. (3. mgr.), 84. gr. (4. mgr.), 105. og 106. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

129. gr.

Þátttaka þriðju landa í Evrópu

Þriðju löndum í Evrópu er frjálst að taka þátt í starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar ef þau eru aðilar að Chicago-samningnum og hafa gert alþjóðasamninga við Sambandið sem fela í sér samþykkt og beitingu laga Sambandsins á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til.

Þessir alþjóðasamningar geta falið í sér ákvæði þar sem einkum er tilgreint eðli og umfang þátttöku viðkomandi þriðja lands innan Evrópu í starfi Flugöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði um fjárframlög og starfsfólk. Flugöryggisstofnuninni er heimilt, í samræmi við 2. mgr. 90. gr., að koma á vinnutilhögun við lögbært yfirvald í viðkomandi þriðja landi innan Evrópu í því skyni að koma þessum ákvæðum til framkvæmda.

130. gr.

Samningur um höfuðstöðvar og rekstrarskilyrði

1. Í samningi um höfuðstöðvar milli Flugöryggisstofnunarinnar og aðildarríkisins, þar sem Flugöryggisstofnunin hefur aðsetur, skal mælt fyrir um nauðsynlegt fyrirkomulag varðandi húsnæði, sem Flugöryggisstofnunin fær í gistiaðildarríkinu og aðstöðu, sem viðkomandi aðildarríki sér henni fyrir, og auk þess sérstakar reglur sem skulu gilda í gistiaðildarríkinu fyrir forstjórann, stjórnarmenn, starfsmenn stofnunarinnar og fjölskyldur þeirra.

2. Gistiaðildarríki Flugöryggisstofnunarinnar skal sjá henni fyrir nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja hnökralausa starfsemi hennar, sem felur í sér viðeigandi menntun sem fram fer á mörgum tungumálum og viðeigandi samgöngutengingar.

131. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem eru samþykktar samkvæmt á grundvelli hennar, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

132. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga

1. Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga innan ramma þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við landsbundin lög eða stjórnsýslufyrirmæli í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

2. Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga innan ramma þessarar reglugerðar skulu framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

133. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2111/2005

Í stað 1.–3. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar („flugöryggisnefnd ESB“). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.“

134. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1008/2008

Reglugerð (EB) nr. 1008/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í 4. gr. kemur eftirfarandi:

„b) að fyrirtækið hafi gilt flugrekandaskírteini, gefið út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*), annaðhvort af landsyfirvaldi aðildarríkis, af nokkrum landsyfirvöldum aðildarríkja sem starfa saman í samræmi við 5. mgr. 62. gr. þeirrar reglugerðar eða af Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

2) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Flugrekandaskírteini

1. Útgáfa og gildistími flugrekstrarleyfis skal háð því að viðkomandi hafi undir höndum gilt flugrekandaskírteini þar sem tilgreind er sú starfsemi sem flugrekstrarleyfið tekur til.

2. Allar breytingar, sem gerðar eru á flugrekandaskírteini flugrekanda í Bandalaginu skulu, eftir því sem við á, koma fram í flugrekstrarleyfi hans.

Yfirvaldið, sem ber ábyrgð á flugrekandaskírteininu, skal eins fljótt og hægt er tilkynna lögbæra leyfisyfirvaldinu um allar viðeigandi áformaðar breytingar á flugrekandaskírteininu.

3. Yfirvaldið, sem ber ábyrgð á flugrekandaskírteininu, og lögbæra leyfisyfirvaldið skulu koma sér saman um ráðstafanir til að skiptast með framvirkum hætti á upplýsingum sem skipta máli fyrir mat og varðveislu flugrekandaskírteinis og rekstrarleyfis.

Þessi upplýsingaskipti geta falið í sér, án þess að takmarkast við, upplýsingar um fjárhags- eða skipulagsráðstafanir eða eignarhald flugrekanda í Bandalaginu sem kunna að hafa áhrif á öryggi eða gjaldþol starfsemi hans eða sem geta aðstoðað yfirvaldið, sem ber ábyrgð á flugrekandaskírteininu, við að sinna öryggistengdri eftirlitsstarfsemi. Ef upplýsingar eru veittar í trúnaði skal gera ráðstafanir til að tryggja að upplýsingarnar séu verndaðar á viðeigandi hátt.

3a. Ef líkur eru á að grípa þurfi til framfylgdaraðgerða skulu yfirvaldið, sem ber ábyrgð á flugrekandaskírteininu, og lögbæra leyfisyfirvaldið hafa samráð sín á milli eins fljótt og auðið er áður en þau grípa til slíkra aðgerða og skulu vinna saman við að leysa vandamálin áður en gripið er til aðgerða. Ef gripið er til aðgerða skulu yfirvaldið, sem ber ábyrgð á flugrekandaskírteininu, og lögbæra leyfisyfirvaldið tilkynna hvort öðru um það eins fljótt og hægt er.“

3) Í stað 1. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkið, sem veitir flugrekstrarleyfið, getur valið að skrá loftför, sem flugrekandi í Bandalaginu notar, í eigin landsskrá eða landsskrá í öðru aðildarríki. Ef slík loftför eru notuð samkvæmt samningi um tómaleigu eða samningi um þjónustuleigu í samræmi við 13. gr. er þó leyfilegt að skrá þessi loftför annaðhvort í landsskrá aðildarríkis eða þriðja lands.“

135. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 996/2010

Í stað 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 komi eftirfarandi:

„5. gr.

Rannsóknarskylda

1. Öll slys eða alvarleg flugatvik sem tengjast loftförum sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*) skulu sæta öryggisrannsókn í því aðildarríki þar sem slysið eða alvarlega flugatvikið átti sér stað.

2. Þegar loftfar, sem fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og er skráð í aðildarríki, lendir í slysi eða alvarlegu flugatviki, sem ekki er hægt að staðsetja nákvæmlega innan yfirráðasvæðis einhvers ríkis, skal yfirvald öryggisrannsóknar í skráningaraðildarríkinu framkvæma öryggisrannsóknina.

3. Yfirvald öryggisrannsóknar skal ákvarða umfang öryggisrannsóknanna, sem um getur í 1., 2. og 4. mgr., og verklagið sem fylgja skal við framkvæmd slíkra öryggisrannsókna, að teknu tilliti til afleiðinga slyssins eða alvarlega flugatviksins og hvaða lærdóm það gerir ráð fyrir að draga megi af slíkum rannsóknum í því skyni að auka flugöryggi.

4. Yfirvöld öryggisrannsókna geta ákveðið að rannsaka önnur flugatvik en þau sem um getur í 1. og 2. mgr., ásamt slysum eða alvarlegum flugatvikum annarra tegunda loftfara, í samræmi við landslöggjöf aðildarríkjanna, ef þau gera ráð fyrir að draga megi af þeim lærdóm um flugöryggi.

5. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur ábyrgt yfirvald öryggisrannsókna ákveðið, að teknu tilliti til þess lærdóms sem gert er ráð fyrir að draga megi af rannsókn í því skyni að auka flugöryggi, að hefja ekki öryggisrannsókn ef slys eða alvarlegt flugatvik ber að í tengslum við ómannað loftfar þar sem ekki er krafist vottorðs eða yfirlýsingar skv. 1. og 5. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, eða í tengslum við mannað loftfar sem hefur hámarksflugtaksmassa sem er 2250 kg eða minni, og ef enginn einstaklingur lætur lífið eða slasast alvarlega.

6. Öryggisrannsóknirnar, sem um getur í 1., 2. og 4. mgr., skulu ekki í neinu tilviki miðast við að skipta sök eða ábyrgð. Þær skulu vera óháðar, aðskildar frá og með fyrirvara um öll dóms- eða stjórnsýslumál til að skipta sök eða ábyrgð.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

136. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 376/2014

Í stað 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 komi eftirfarandi:

„2. Þessi reglugerð gildir um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar þar sem almenningsloftför eiga í hlut sem falla undir ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*).

Þessi reglugerð gildir þó ekki um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar þar sem ómönnuð eiga í hlut þar sem ekki er krafist vottorðs eða yfirlýsingar skv. 1. og 5. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, nema þó ef atvikið eða öryggistengdu upplýsingarnar þar sem ómönnuð loftför eiga í hlut hefur í för með sér dauðsfall eða alvarleg meiðsl eða þar eiga í hlut önnur loftför en ómönnuð loftför.

Aðildarríki geta ákveðið að þessi reglugerð gildi einnig um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar varðandi loftför sem reglugerð (ESB) 2018/1139 gildir ekki um.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1)“.

137. gr.

Breytingar á tilskipun 2014/30/ESB

Í stað b-liðar í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/30/ESB komi eftirfarandi:

„b) eftirfarandi flugbúnað, ef búnaðurinn fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*) og er eingöngu ætlaður til notkunar í flugi:

i. loftför, önnur en ómönnuð loftför, og tilheyrandi hreyflar, loftskrúfur, hlutir og óuppsettur búnaður,

ii. ómannað loftfar, sem og tilheyrandi hreyflar, loftskrúfur, hlutir og óuppsettur búnaður, sem eru með vottaða hönnun í samræmi við 1. mgr. 56. gr. þeirrar reglugerðar og sem einungis er ætlað að starfa á tíðnisviðum sem úthlutað hefur verið samkvæmt alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir varða flugfjarskiptanotkun.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1)“.

138. gr.

Breytingar á tilskipun 2014/53/ESB

Í stað 3. liðar í I. viðauka við tilskipun 2014/53/ESB komi eftirfarandi:

„3. Eftirfarandi flugbúnaður, ef búnaðurinn fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*) og er eingöngu ætlaður til notkunar í flugi:

a) loftför, önnur en ómönnuð loftför, og tilheyrandi hreyflar, loftskrúfur, hlutir og óuppsettur búnaður,

b) ómönnuð loftför, og tilheyrandi hreyflar, loftskrúfur, hlutir og óuppsettur búnaður, sem eru með vottaða hönnun í samræmi við 1. mgr. 56. gr. þeirrar reglugerðar og sem einungis er ætlað að starfa á tíðnisviðum sem úthlutað hefur verið samkvæmt alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir varða flugfjarskiptanotkun.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1)“.

139. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EB) nr. 216/2008 er felld úr gildi frá og með 11. september 2018.

2. Reglugerð (EB) nr. 552/2004 er felld úr gildi frá og með 11. september 2018. Þó skulu 4., 5. og 6. gr., 6. gr. a og 7. gr. þeirrar reglugerðar og III. og IV. viðauki við hana gilda áfram fram að þeim degi þegar framseldu gerðirnar, sem um getur 47. gr. þessarar reglugerðar, koma til framkvæmda og að því tilskildu að þessar gerðir nái yfir viðfangsefnið í viðkomandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 552/2004, og í öllum tilvikum eigi síðar en 12. september 2023.

3. Reglugerð (EBE) nr. 3922/91 er felld úr gildi frá þeim degi þegar nákvæmu reglurnar, sem samþykktar voru samkvæmt a-lið 1. mgr. 32. gr., um fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma að því er varðar þjónustuflug, sjúkraflug og flutningaflug með flugvélar með einn flugmann í áhöfn.

4. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., sem tilvísanir í þessa reglugerð og, eftir því sem við á, og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í X. viðauka.

140. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Vottorðin/ skírteini/starfsleyfin og sérstakar lofthæfiforskriftir, sem eru gefin út eða viðurkennd, og yfirlýsingarnar, sem eru lagðar fram eða viðurkenndar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, skulu áfram halda gildi sínu og skal litið svo á að þau hafi verið gefin út, lögð fram og viðurkennd í samræmi við samsvarandi ákvæði þessarar reglugerðar, þ.m.t. við beitingu á 67. gr.

2. Eigi síðar en 12. september 2023 skal aðlaga framkvæmdarreglurnar, sem samþykktar eru á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og (EB) nr. 552/2004, að þessari reglugerð. Þar til aðlögun hefur átt sér stað skal skilja hvers kyns tilvísun í þessum framkvæmdarreglum til:

a) „reksturs í ábataskyni“ sem tilvísun í i-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

b) „flókins, vélknúins loftfars“ sem tilvísun í j-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

c) „búnaðar“ sem tilvísun í 29. lið 3. gr. þessarar reglugerðar,

d) „flugmannsskírteinis til tómstundaflugs“ sem tilvísun í skírteinið sem um getur í 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

3. Eigi síðar en tveimur árum eftir 11. september 2018, skal Flugöryggisstofnunin gefa út álit, í samræmi við 1. og 3. mgr. 76. gr. þessarar reglugerðar, varðandi tillögur að breytingum á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([1]), (ESB) nr. 1321/2014 ([2]), (ESB) nr. 1178/2011 ([3]), og (ESB) nr. 965/2012 ([4]) og viðeigandi vottunarforskriftum til þess að aðlaga þær, að því er varðar loftför sem eru fyrst og fremst ætluð til íþrótta- og tómstundaiðkunar, að þessari reglugerð.

4. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að gefa út leiðbeiningar, eigi síðar en 12. september 2021, sem aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett hvort þau nota, til að styðja við þróun hóflegra landsreglna að því er varðar hönnun, framleiðslu, viðhald og starfrækslu loftfara sem eru skráð í I. viðauka

5. Þrátt fyrir ákvæði 55. og 56. gr. gilda viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 áfram þar til framseldu gerðirnar, sem um getur í 58. gr., og framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 57. gr. þessarar reglugerðar, hafa öðlast gildi.

6. Aðildarríkin skulu segja upp eða breyta fyrirliggjandi tvíhliða samningum sem þau hafa gert við þriðju lönd á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til eins fljótt og auðið er eftir gildistöku þessarar reglugerðar og í öllum tilvikum eigi síðar 12. september 2021.

141. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 4. júlí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins*
A. TAJANI	K. EDTSTADLER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Loftfarið sem um getur í d-lið 3. mgr. 2. gr.

1. Flokkar mannaðra loftfara sem reglugerð þessi gildir ekki um:

a) söguleg loftför sem uppfylla viðmiðanirnar hér á eftir:

i. loftför:

— sem voru upphaflega hönnuð fyrir 1. janúar 1955 og

— sem hætt var að framleiða fyrir 1. janúar 1975

eða

ii. loftför sem hafa ótvírætt sögulegt gildi í tengslum við:

— þátttöku í sögulegum atburði,

— mikilvægt skref í þróun flugsins eða

— að hafa gegnt mikilvægu hlutverki í herafla aðildarríkis

eða

b) loftför sem eru sérstaklega hönnuð eða hefur verið breytt í rannsóknar- eða tilraunaskyni eða af vísindalegum ástæðum og sem líklegt er að verði framleidd í mjög fáum eintökum,

c) loftför, þ.m.t. þau sem eru afhent í ósamsettum einingum, þar sem leikmaður eða leikmannasamtök, sem hvorki eru rekin í hagnaðarskyni né í viðskiptalegum tilgangi, inna af hendi a.m.k. 51% af framleiðslu- og samsetningarvinnunni,

d) loftför sem hafa verið í þjónustu hers, nema loftfarið sé af tegund með hönnunarstaðli sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,

e) flugvélar, sem hafa mælanlegan ofrishraða eða minnsta stöðuga hraða í lendingarham, sem er að hámarki 35 hnúta sýndur flughraði (CAS), þyrlur, aflknúnar fallhlífar, sviffflugur og vélsviffflugur, sem hafa ekki fleiri en tvö sæti og hámarksflugtaksmassa (MTOM), eins og hann er skráður af aðildarríkjunum, sem er ekki meiri en:

	Flugvél/þyrla/aflknúin fallhlíf/vélsviffflugur	Sviffflugur	Láðs- og lagarfis eða fis á flotum/þyrla á flotum	Fallhlíf sem er fest á flugskrokkinn til að bjarga loftfarinu í heilu lagi
Einsæta	300 kg hámarksflug-taksmassi	250 kg hámarksflug-taksmassi	30 kg hámarksflug-taksmassi til viðbótar	15 kg hámarksflug-taksmassi til viðbótar
Tvísæta	450 kg hámarksflug-taksmassi	400 kg hámarksflug-taksmassi	45 kg hámarksflug-taksmassi til viðbótar	25 kg hámarksflug-taksmassi til viðbótar

Þegar láðs- og lagarfis eða fis á flotum/þyrla á flotum er starfrækt bæði sem fis á flotum/þyrla á flotum og sem landfis/þyrla skal það vera innan marka gildandi hámarksflugtaksmassa.

f) þyrilflugur með einu eða tveimur sætum með hámarksflugtaksmassa sem er ekki meiri en 600 kg,

g) eftirlíkingar af loftförum sem uppfylla viðmiðanirnar í a- eða d-lið hér að framan en hönnun burðarvirkis þeirra er svipuð upprunalega loftfarinu,

h) loftbelgi og loftskip fyrir einn eða tvo farþega sem eru hönnuð þannig að hámarksrúmmál lofts er ekki meira en 1200 m^3 fyrir heitt loft og ekki meira en 400 m^3 fyrir aðrar tegundir af burðargasi,

i) öll önnur mönnuð loftför með hámarkstómamassa, þ.m.t. eldsneyti, sem er ekki meiri en 70 kg.

2. Þessi reglugerð gildir þar að auki ekki um:

a) tjóðrað loftfar án knúningskerfis með 50 m hámarkslengd tjóðurbands og þar sem:

i. hámarksflugtaksmassi loftfars, þ.m.t. farmþungi þess, er minni en 25 kg eða

ii. loftfarið er hannað þannig að hámarksrúmmál lofts er minna en 40 m^3 fyrir loftfar sem er léttara en andrúmsloftið,

b) tjóðrað loftfar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er að hámarki 1 kg.

———

II. VIÐAUKI

Grunnkröfur sem gilda um lofthæfi

1. HEILLEIKI FRAMLEIÐSLUVARA

Tryggja verður heilleika framleiðsluvara, þ.m.t. vörn gegn ógnum við upplýsingaöryggi, við öll fyrirsjáanleg flugskilyrði á endingartíma loftfarsins. Sýna verður fram á með mati eða greiningu, sem studd er prófunum þegar þess er þörf, að allar kröfur hafi verið uppfylltar.

1.1. Burðarvirki og efni

1.1.1. Heilleiki burðarvirkis skal tryggður innan alls starfræksluramma loftfarsins og nægilega langt út fyrir hann, þ.m.t. knúningskerfi loftfarsins, og skal honum viðhaldið á endingartíma loftfarsins.

1.1.2. Allir hlutar loftfars verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði án skaðlegrar formbreytingar eða brots ef brot þeirra gæti dregið úr heilleika burðarvirkis. Undir þetta falla allir hlutar, sem hafa massa sem skiptir máli, og búnaður til að halda þeim.

a) Taka verður tillit til hvers kyns samsetningar álags, sem eðlilegt er að gera ráð fyrir, innan og nægilega langt út fyrir þyngdarmörk, þyngdarmiðjusvið, starfræksluramma og endingartíma loftfarsins. Undir þetta fellur hviðuálag, álag vegna flugbragða, þrýstingsjöfnunar, hreyfanlegra flata og stýri- og knúningskerfa, jafnt í flugi sem á jörðu.

b) Taka verður tillit til álags og líklegrar bilunar sem orsakast af nauðlendingu á láði eða legi.

c) Hafa verður hliðsjón af kvikum áhrifum í svörun burðarvirkja við þessu álagi, að teknu tilliti til stærðar og útfærslu loftfarsins, sem miðast við tegund starfrækslunnar.

1.1.3. Loftfarið verður að vera laust við óstöðugleika vegna fjöðrunar lofts og óhóflegs titrings.

1.1.4. Framleiðsluferlin og efnin, sem notuð eru við smíði loftfarsins, verða að tryggja að burðareiginleikar þess séu þekktir og endurtakanlegir í framleiðslu. Gera verður grein fyrir öllum breytingum á nothæfi efnisins í tengslum við starfræksluumhverfið.

1.1.5. Nauðsynlegt er að tryggja, að því marki sem framkvæmanlegt er, að áhrif lotuálags og neikvæð áhrif umhverfis og skaða vegna óhappa eða staðbundinna skemmda verði ekki til þess að heilleiki burðarvirkis fari niður fyrir ásættanleg mörk fyrir þann styrk sem eftir er. Koma verður á framfæri öllum nauðsynlegum leiðbeiningum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi í þessu tilliti.

1.2. Knúningsafl

1.2.1. Sýna verður fram á heilleika knúningskerfisins (þ.e. hreyfils og, eftir atvikum, loftskrúfunnar), innan alls starfræksluramma knúningskerfisins og nægilega langt út fyrir hann, og viðhalda honum á endingartíma knúningskerfisins, að teknu tilliti til hlutverks knúningskerfisins í tengslum við almenn öryggisatriði loftfarsins.

1.2.2. Knúningskerfið verður að framleiða, innan tilgreindra marka, þann kný eða afl sem krafist er af því við öll tilskilin flugskilyrði, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa og umhverfisskilyrða.

1.2.3. Framleiðsluferlin og efnin, sem notuð eru við smíði knúningskerfisins, verða að tryggja að viðbrögð burðarvirkisins séu þekkt og endurtakanleg í framleiðslu. Gera verður grein fyrir öllum breytingum á nothæfi efnisins í tengslum við starfræksluumhverfið.

1.2.4. Áhrif lotuálags og neikvæð áhrif umhverfis- og starfræksluskilyrða og sennilegra bilana hluta í framhaldi af því mega ekki verða til þess að heilleiki knúningskerfisins fari niður fyrir ásættanleg mörk. Koma verður á framfæri öllum nauðsynlegum leiðbeiningum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi í þessu tilliti.

1.2.5. Koma verður á framfæri öllum leiðbeiningum, upplýsingum og kröfum sem eru nauðsynlegar fyrir öruggan og réttan skilflöt milli knúningskerfisins og loftfarsins.

1.3. Kerfi og búnaður (annar en óuppsettur búnaður):

1.3.1. Loftfarið má ekki hafa hönnunareiginleika eða hönnunarþætti sem reynslan hefur sýnt að geta verið hættulegir.

1.3.2. Loftfarið, þ.m.t. kerfin og búnaðurinn sem krafist er fyrir úttekt á tegundarhönnun eða samkvæmt starfrækslureglum, verður að starfa eins og ráðgert er við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði innan starfræksluramma loftfarsins og nægilega langt út fyrir hann, að teknu tilliti til starfræksluumhverfis kerfisins eða búnaðarins. Önnur kerfi eða búnaður, sem ekki er gerð krafa um við tegundarvottun eða samkvæmt starfrækslureglum, hvort sem þau starfa eðlilega eða ekki, mega hvorki draga úr öryggi né hafa áhrif til hins verra á eðlilega starfsemi annars kerfis eða búnaðar. Kerfi og búnað verður að vera hægt að starfrækja án þess að til þess þurfi verulega leikni eða líkamsstyrk.

1.3.3. Kerfi og búnaður í loftfari, hvort sem þau eru skoðuð hvert fyrir sig eða í innbyrðis samhengi, verða að vera hönnuð á þann hátt að stök bilun, sem ekki hefur verið sýnt fram á að afar ósennilegt sé að geti orðið, valdi ekki neyðarástandi og þannig verður að ríkja öfugt samband á milli líkinda á bilun og því hversu alvarleg áhrif bilunin hefur á loftfarið og þá sem í því eru. Með tilliti til viðmiðunarinnar hér að framan fyrir staka bilun er viðurkennt að taka verður tilhlýðilegt tillit til stærðar og heildarútfærslu loftfarsins og að þetta geti komið í veg fyrir að viðmiðuninni um staka bilun sé fylgt að því er varðar suma hluta og sum kerfi í þyrlum og litlum loftförum.

1.3.4. Áhöfnin eða starfsfólk, sem annast viðhald, verða að fá þær upplýsingar, eftir því sem við á, sem eru nauðsynlegar fyrir öruggt flug, og upplýsingar um ótryggt ástand á skýran, samræmdan og ótvíræðan hátt. Kerfi, búnað og stjórntæki, þ.m.t. skilti og tilkynningar, verður að hanna og staðsetja þannig að sem minnst hætta sé á mistökum sem gætu leitt til þess að hættuástand skapaðist.

1.3.5. Gera verður varúðarráðstafanir með tilliti til hönnunar til að draga úr innri og ytri hættum, þ.m.t. ógnum við upplýsingavernd, sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að geti steðjað að loftfarinu og þeim sem í því eru, þ.m.t. vörn gegn þeim möguleika að veruleg bilun eða truflun verði í einhverjum óuppsettum búnaði.

1.4. Óuppsettur búnaður

1.4.1. Óuppsettur búnaður verður að uppfylla öryggishlutverk sitt eða hlutverk varðandi öryggi, eins og til er ætlast við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, nema hægt sé að uppfylla hlutverkið á annan hátt.

1.4.2. Óuppsettan búnað verður að vera hægt að starfrækja án þess að til þess þurfi verulega leikni eða líkamsstyrk.

1.4.3. Óuppsettur búnaður, hvort sem hann starfar eðlilega eða ekki, má hvorki draga úr öryggi né hafa áhrif til hins verra á eðlilega starfsemi einhvers annars kerfis, búnaðar eða tækis.

1.5. Áframhaldandi lofthæfi

1.5.1. Undirbúa verður öll nauðsynleg skjöl þ.m.t. leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og gera þau aðgengileg til að tryggja að lofthæfistaðall, sem tengist tegund loftfars og öllum tilheyrandi hlutum, sé viðhaldið á endingartíma loftfarsins.

1.5.2. Gefa verður kost á skoðun, stillingum, smurningu, fjarlægingu eða skiptum á hlutum og óuppsettum búnaði, eftir því sem nauðsynlegt er, fyrir áframhaldandi lofthæfi.

1.5.3. Leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi verða að vera í formi handbókar eða handbóka, eftir því sem við á, eftir umfangi upplýsinganna sem veita þarf. Handbækur verða að vera með hagnýtu fyrirkomulagi og innihalda leiðbeiningar um viðhald og viðgerðir, þjónustuleiðbeiningar og reglur um verklag við bilanaleit og skoðun.

1.5.4. Í leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi verður að tilgreina lofthæfitakmarkanir þar sem fram kemur tími fyrir-skipaðra skipta á hlutum, tíminn milli skoðana og tilheyrandi skoðunarreglur.

2. ÞÆTTIR Í STARFRÆKSLU FRAMLEIÐSLUVARA SEM VARÐA LOFTHÆFI

2.1. Sýna verður fram á að ráðin hafi verið bót á eftirfarandi atriðum við starfrækslu eftirfarandi framleiðsluvara til að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir þá sem eru um borð eða á jörðu niðri.

a) ákveða verður hvers konar starfrækslu loftfarið er samþykkt fyrir og þær takmarkanir og upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir öryggi í starfrækslu, þ.m.t. takmarkanir og afköst við mismunandi umhverfisaðstæður,

b) loftfarið verður að vera viðráðanlegt, með tilliti til öryggis, og láta að stjórn við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri knúningskerfum, að teknu tillit til stærðar og útfærslu loftfarsins; taka verður tilhlýðilegt tillit til líkamsstyrks flugmanns, umhverfis í stjórnklefa, vinnuálags á flugmann og annarra mannlegra þátta og til þess á hvaða stigi flugið er og hversu lengi það varir,

c) unnt verður að vera að færa sig hnökralaust af einu stigi flugsins yfir á það næsta án þess að það útheimti verulega leikni flugmanns, árvekni, líkamsstyrk eða vinnuálag við þau starfræksluskilyrði sem gera má ráð fyrir,

d) loftfarið verður að vera nægilega stöðugt til að tryggt sé að ekki séu gerðar óhóflegar kröfur til flugmanns, að teknu tilliti til þess á hvaða stigi flugið er og hversu lengi það varir,

e) setja verður verklagsreglur um eðlilega starfrækslu og um bilunar- og neyðaraðstæður,

f) viðvaranir eða aðrar hindranir, sem koma eiga í veg fyrir að farið sé út fyrir eðlilegan flugramma fyrir viðkomandi tegund, verða að vera til staðar, eftir því sem við á,

g) eiginleikar loftfarsins og kerfa þess verða að vera þannig að hægt sé að snúa aftur úr flugi á mörkum flugramma á öruggan hátt.

2.2. Upplýsingar um takmarkanir á starfrækslu og aðrar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar fyrir öryggi í starfrækslu, verða að vera tiltækar flugverjum.

2.3. Í starfrækslu verða framleiðsluvörur að vera varðar gegn hættum vegna innri og ytri skilyrða, þ.m.t. umhverfisaðstæður.

a) Einkum, og eins og við á varðandi tegund starfrækslu, mega ekki koma upp ótryggar aðstæður sem stafa af fyrirbærum, eins og, en þó ekki einvörðungu, slæmu veðri, eldingum, árekstrum við fugla, hátíðnisviðum, ósoni o.s.frv., sem eðlilegt er að gera ráð fyrir við starfrækslu framleiðsluvara, að teknu tilliti til stærðar og útfærslu loftfarsins.

b) Innrétta verður farþegarými, eins og við á varðandi tegund starfrækslu, þannig að farþegum sé tryggður viðeigandi ferðamáti og viðunandi vörn gegn öllum hættum sem reikna má með að geti steðjað að þeim í starfrækslu eða sem orsakast af neyðaraðstæðum, þ.m.t. hætta sem stafar af eldi, reyk, eitruðum lofttegundum og skyndilegri þrýstingsminnkun, að teknu tilliti til stærðar og útfærslu loftfarsins. Gera verður ráðstafanir til að gefa farþegum öll þau tækifæri sem eðlileg geta talist til að komast hjá alvarlegum meiðslum og yfirgefa loftfarið með hraði, sem og ráðstafanir til að verja þá gegn áhrifum hraðaminnkunarkrafta ef nauðlenda þarf á landi eða vatni. Til staðar verða að vera skýr og ótvíræð skilti eða fyrirmæli, eftir því sem nauðsyn krefur, til að leiðbeina þeim sem eru í loftfarinu um viðeigandi öryggishegðun og um staðsetningu og rétta notkun öryggisbúnaðar. Greiður aðgangur verður að vera að tilskildum öryggisbúnaði.

c) Fyrirkomulag áhafnarklefa, eins og við á fyrir tegund starfrækslu, verður að vera með þeim hætti að það auðveldi starfrækslu, þ.m.t. búnaður sem gerir áhöfnina meðvitaða um aðstæður, og einnig verður fyrirkomulagið að auðvelda áhöfn að hafa stjórn á öllum fyrirsjáanlegum aðstæðum og neyðaraðstæðum. Umhverfi í áhafnarklefa má ekki gera áhöfninni erfitt um vik að sinna störfum sínum og áhafnarklefinn verður að vera þannig hannaður að komist verði hjá truflunum í starfi og rangri notkun stjórntækja.

3. FYRIRTÆKI (Þ.M.T. EINSTAKLINGAR SEM TAKA AÐ SÉR HÖNNUN, FRAMLEIÐSLU, STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI EÐA VIÐHALD)

3.1. Gefa skal út samþykki fyrir fyrirtæki, eins og við á fyrir tegund starfseminnar, þegar eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) fyrirtækið verður að hafa öll nauðsynleg tilföng miðað við umfang verksins; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau: aðstaða, starfsfólk, búnaður, tæki og efniviður, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, verður fyrirtækið að innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi,

c) fyrirtækið skal koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja áframhaldandi samræmi við grunnkröfurnar um lofthæfi sem settar eru fram í þessum viðauka,

d) fyrirtækið skal koma á tilkynningarkerfi um atvik sem hluta af stjórnunarkerfinu, samkvæmt b-lið, og í tengslum við fyrirkomulagið, samkvæmt c-lið, til að stuðla að því markmiði að auka stöðugt öryggi. Tilkynningakerfið um atvik skal samrýmast gildandi lögum Sambandsins.

3.2. Skilyrðin, samkvæmt c-lið og d-lið liðar 3.1, gilda ekki um fyrirtæki sem sjá um viðhaldsþjálfun.

3.3. Einstaklingar sem sinna viðhaldi verða afla sér bóklegrar þekkingar og viðhalda henni, verklegrar færni og reynslu, eins og við á, fyrir hverja tegund starfsemi.

———

III. VIÐAUKI

Grunnkröfur um samrýmanleika framleiðsluvara við umhverfið

1. Framleiðsluvörur verða að vera hannaðar þannig að þær lágmarki hávaða, eftir því sem unnt er, að teknu tilliti til 4. liðar.
2. Framleiðsluvörur verða að vera hannaðar þannig að þær lágmarki losun, eftir því sem unnt er, að teknu tilliti til 4. liðar.
3. Framleiðsluvörur verða að vera hannaðar þannig að þær lágmarki losun sem starfar af uppgufun eða vökvaleka, að teknu tilliti til 4. liðar.
4. Taka verður tillit til málamiðlana á milli hönnunartengdra ráðstafana sem gerðar hafa verið til að lágmarka hávaða, mismunandi tegundir losunar og vökvaleka.
5. Taka skal til athugunar allar venjulegar starfræksluaðstæður og landfræðileg svæði þar sem hávaðamengun og losun af völdum loftfara veldur áhyggjum þegar lágmarka skal hávaða og losun.
6. Þau kerfi og búnaður í loftfari sem krafist er vegna umhverfisverndar verða að vera hönnuð, framleidd og viðhaldið svo þau virki eins og til er ætlast við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði. Áreiðanleiki þeirra verður að vera fullnægjandi í tengslum við fyrirhuguð áhrif á samrýmanleika framleiðsluvörunnar við umhverfið.
7. Undirbúa verður og veita fyrirhuguðum notendum á skýran hátt hvers konar leiðbeiningar, verklagsreglur, tilföng, handbækur, takmarkarnir og skoðanir sem þarf til að tryggja að farið sé áfram að grunnkröfum um framleiðsluvörur til notkunar í flugi sem settar eru fram í þessum viðauka.
8. Fyrirtæki sem taka þátt í hönnun, framleiðslu og viðhaldi framleiðsluvara til notkunar í flugi verða að:
   a) hafa yfir að ráða hvers konar tilföngum sem nauðsynleg eru til að tryggja að framleiðsluvara til notkunar í flugi uppfylli grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, og
   b) koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja að framleiðsluvörur til notkunar í flug uppfylli grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka.

———

IV. VIÐAUKI

Grunnkröfur sem gilda um flugáhöfn

1. ÞJÁLFUN FLUGMANNA

1.1. Almennt

Einstaklingur, sem fer í þjálfun til að fljúga loftfari, verður að vera nægilega þroskaður námslega, líkamlega og andlega til að afla sér, viðhalda og sýna fram á viðeigandi bóklega þekkingu og verklega færni.

1.2. Bókleg þekking

Flugmaður verður að afla sér og viðhalda þekkingu sem á við um þau verkefni sem þarf að sinna í tengslum við loftfarið og í réttu hlutfalli við þá áhættu sem tengist tegund verkefnis. Slík þekking skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) lög og reglur um loftferðir,

b) almenna þekkingu á loftförum,

c) tæknimál í tengslum við flokk loftfarsins,

d) afkastagetu í flugi og gerð áætlana,

e) mannlega getu og takmarkanir hennar,

f) veðurfræði,

g) leiðsögu,

h) verklagsreglur í flugi, þ.m.t. stjórnun samvinnu,

i) flugeðlisfræði,

j) fjarskipti og

k) færni, sem er ekki tæknilegs eðlis, þ.m.t. að bera kennsl á hættur og bilanir og hvernig eigi að bregðast við þeim.

1.3. Sýnt fram á bóklega þekkingu og viðhald hennar

1.3.1. Öflun og viðhald bóklegrar þekkingar verður að sýna með stöðugu mati meðan á þjálfun stendur og, eftir því sem við á, með prófum.

1.3.2. Viðhalda verður viðeigandi hæfni á sviði bóklegrar þekkingar. Sýna verður fram á að þetta sé gert með reglulegu mati, athugunum, prófum eða eftirliti. Tíðni athugana, prófa eða eftirlits verður að vera í réttu hlutfalli við áhættuna í tengslum við verkefnið.

1.4. Verkleg færni

Flugmaður verður að tileinka sér og viðhalda verklegri færni sem við á um starf hans í loftfarinu. Slík færni verður að vera í réttu hlutfalli við áhættuna, sem tengist tegund verkefnis, og verður að taka til, ef það á við um verkefnin sem þarf að sinna í tengslum við loftfarið, eftirfarandi:

a) verkefna áður en flug hefst og meðan á flugi stendur, þ.m.t. ákvörðun á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars, skoðun og viðhald loftfarsins, gerð eldsneytis-/orkuáætlunar, mat á veðurútliti, gerð leiðaráætlunar, takmarkanir á loftrými og tiltækar flugbrautir,

b) starfsemi á flugvöllum og umferðahringja,

c) varúðarreglna og ráðstafana til að forðast árekstur,

d) stjórnar loftfars eftir útsýni til kennileita,

e) flugbragða, þ.m.t. við hættulegar aðstæður og tengd „trufluð“ flugbrögð, eftir því sem er tæknilega mögulegt,

f) venjulegs flugtaks og lendingar og flugtaks og lendingar í hliðarvindi,

g) flugs, þar sem einungis er stuðst við mælitæki, eftir því sem við á um tegund starfsemi,

h) verklagsreglna, þ.m.t. færni í hópvinnu og stjórnun samvinnu, eftir því sem við á um tegund starfrækslu, hvort heldur um er að ræða einn flugmann eða fleiri en einn flugmann í áhöfn,

i) leiðsögu og framkvæmdar flugreglna og tengdra verklagsreglna, þar sem stuðst er við, eftir því sem við á, kennileiti eða leiðsöguvirki,

j) starfrækslu við óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður, þ.m.t. að hermt er eftir bilun í búnaði loftfars,

k) hlítni við verklagsreglur um flugumferðarþjónustu og fjarskipti,

l) tiltekinna þátta varðandi gerð eða flokk loftfars,

m) viðbótarþjálfunar í verklegri færni sem kann að vera krafist til að draga úr áhættu í tengslum við sérstök verkefni og

n) færni, sem er ekki tæknilegs eðlis, þ.m.t. að bera kennsl á hættur og bilanir og hvernig eigi að bregðast við þeim, með því að nota fullnægjandi matsaðferð í tengslum við mat á tæknilegri færni.

1.5. Sýnt fram á verklega færni og viðhald hennar

1.5.1. Flugmaður verður að sýna fram á getu til að fylgja verklagi og flugbrögðum með hæfni sem hæfir starfi hans í loftfarinu með því:

a) að starfrækja loftfarið innan takmarka þess,

b) að sýna góða dómgreind og flugmennsku,

c) að beita flugþekkingu,

d) að halda alltaf góðri stjórn á loftfarinu, með þeim hætti að tryggt sé að verklag eða flugbragð beri góðan árangur, og

e) færni sem er ekki tæknilegs eðlis, þ.m.t. að bera kennsl á hættur og bilanir og hvernig eigi að bregðast við þeim, með því að nota fullnægjandi matsaðferð í tengslum við mat á tæknilegri færni.

1.5.2. Viðhalda verður viðeigandi hæfni á sviði verklegrar færni. Sýna verður fram á að þetta sé gert með reglulegu mati, athugunum, prófum eða eftirliti. Tíðni athugana, prófa eða eftirlits verður að vera í réttu hlutfalli við áhættuna í tengslum við verkefnið.

1.6. Tungumálafærni

Flugmaður verður að hafa þá tungumálafærni sem á við um þau verkefni sem hæfa starfi hans í loftfarinu. Slík færni skal fela í sér:

a) að geta skilið skjöl með veðurupplýsingum,

b) að nota öll flugkort fyrir flugleið, brottflug og aðflug og flugupplýsingaskjöl sem tengjast þeim og

c) að geta átt fjarskipti við aðra flugliða og flugleiðsöguþjónustu á öllum stigum flugs, þ.m.t. við undirbúning flugs, á því tungumáli sem notað er í þráðlausum fjarskiptum í viðkomandi flug.

1.7. Flughermisþjálfar (FSTD)

Ef flugþjálfunartæki er notað til þjálfunar eða til að sýna fram á að verkleg færni hafi náðst eða hafi verið við haldið, verður það að uppfylla tiltekna afkastagetu á þeim sviðum sem eru viðeigandi til að ljúka tengdu verkefni. Einkum verður eftirlíkingin af flugham, stjórnunareiginleikum, afkastagetu loftfars og kerfishögun að vera dæmigerð fyrir loftfarið.

1.8. Þjálfunarnámskeið

1.8.1. Þjálfun verður að fara fram með þjálfunarnámskeiðum.

1.8.2. Þjálfunarnámskeið verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þróa verður námsefni fyrir hverja tegund námskeiðs og

b) þjálfunarnámskeiðið verður að veita yfirlit yfir bóklega þekkingu og verklega flugkennslu (þ.m.t. í flugþjálfa), eftir því sem við á.

1.9. Kennarar

1.9.1. Bókleg kennsla

Kennarar sem eru með viðeigandi starfsréttindi verða að annast bóklega kennslu. Þeir verða að:

a) búa yfir viðeigandi þekkingu á því sviði sem kennt er og

b) geta notað viðeigandi kennsluaðferðir.

1.9.2. Flugkennsla og kennsla í flughermi

Flugkennsla og kennsla í flughermi verður að vera veitt af kennurum með viðeigandi starfsréttindi sem hafa eftirfarandi réttindi og hæfi:

a) uppfylla kröfur um bóklega þekkingu og reynslu sem er viðeigandi fyrir þá kennslu sem á að veita,

b) geta notað viðeigandi kennsluaðferðir,

c) hafa æft kennsluaðferðir í þeim flugbrögðum og verklagi sem fyrirhugað er að veita flugkennslu í,

d) hafa sýnt fram á getuna til að kenna á þeim sviðum sem veita á flugkennslu á, þ.m.t. kennsla í aðgerðum fyrir flug, eftir flug og kennsla á jörðu niðri, og

e) fái reglulega upprifjunarþjálfun til að tryggja að kennslan sé ávallt í samræmi við það nýjasta sem er í boði.

Flugkennarar, sem annast þjálfun í tengslum við loftfar, verða einnig að hafa rétt til þess að gegna hlutverki flugstjóra loftfarsins, sem kennt er á, nema þegar þjálfunin varðar nýjar tegundir loftfara.

1.10. Prófdómarar

Einstaklingar, sem bera ábyrgð á að meta færni flugmanna, verða að:

a) uppfylla kröfurnar sem gerðar eru til flugkennara og flugkennara sem kenna í flughermi og

b) geta metið getu flugmanna og framkvæmt flugpróf og athuganir.

2. KRÖFUR UM REYNSLU - FLUGMENN

Einstaklingur, sem gegnir hlutverki flugliða, kennara eða prófdómara, verður að afla sér og viðhalda fullnægjandi reynslu í tengslum við þau verkefni sem framkvæmd eru, nema framkvæmdargerðirnar, sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar, kveði á um að sýnt sé fram á hæfni í samræmi við lið 1.5.

3. HEILBRIGÐI - FLUGMENN

3.1. Heilbrigðisviðmiðanir

3.1.1. Allir flugmenn verða reglulega að sýna fram á líkamlegt hæfi til að geta gegnt með fullnægjandi hætti hlutverki sínu, að teknu tilliti til tegundar verkefnisins. Sýna verður fram á samræmi með viðeigandi mati, sem byggist á bestu starfsvenjum í fluglæknisfræði, að teknu tilliti til tegundar verkefnis og hugsanlega skerts andlegs og líkamlegs atgervis sökum aldurs.

Heilbrigði, sem felur í sér líkamlegt og andlegt heilbrigði, merkir að flugmaður sé hvorki með sjúkdóm né fötlun sem gerir hann óhæfan:

a) til að inna af hendi þau verkefni sem nauðsynleg eru til að starfrækja loftfar,

b) til að gegna þeim störfum sem honum eru falin, hvenær sem er, eða

c) til að skynja umhverfið með réttum hætti.

3.1.2. Ef ekki er sýnt fram á heilbrigði með fullnægjandi hætti er heimilt að gera ráðstafanir til úrbóta sem veita sambærilegt flugöryggi.

3.2. Fluglæknar

Fluglæknir:

a) verður að vera með starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf,

b) verður að hafa fengið þjálfun í fluglæknisfræði og reglulega upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði til að tryggja að matsstaðlar samrýmist ávallt því nýjasta sem í boði er og

c) verður að hafa aflað sér hagnýtrar þekkingar og reynslu að því er varðar starfsaðstæður flugmanna.

3.3. Fluglæknasetur

Fluglæknasetur verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) hafa til umráða öll þau tilföng sem nauðsynleg eru fyrir þær skyldur sem tengjast réttindum þeirra; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau: aðstaða, starfsfólk, búnaður, tæki og efniviður, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og stærð fyrirtækisins, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi, og

c) koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja áframhaldandi samræmi við þessar kröfur.

4. ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐAR

4.1. Almennt

Öryggis- og þjónustuliðar verða að:

a) hljóta þjálfun og gangast undir próf reglulega til að ná og viðhalda fullnægjandi hæfni til að gegna þeim öryggisstörfum sem þeim eru falin og

b) gangast reglulega undir mat á því hvort líkamlegt heilbrigði þeirra gerir þeim kleift að gegna þeim öryggisstörfum sem þeim eru falin. Sýna verður fram á að kröfur séu uppfylltar með viðeigandi mati sem byggist á bestu starfsvenjum í fluglæknisfræði.

4.2. Þjálfunarnámskeið

4.2.1. Þegar við á fyrir tegund starfrækslu eða réttindi verður þjálfun að eiga sér stað með þjálfunarnámskeiði.

4.2.2. Þjálfunarnámskeið verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þróa verður námsefni fyrir hverja tegund námskeiðs og

b) þjálfunarnámskeiðið verður að veita yfirlit yfir bóklega þekkingu og verklega kennslu (þ.m.t. í flugþjálfa), eftir því sem við á.

4.3. Kennarar öryggis- og þjónustuliða

Kennarar sem eru með viðeigandi starfsréttindi skulu annast kennslu. Þessir kennarar verða að:

a) búa yfir viðeigandi þekkingu á því sviði sem á að kenna,

b) geta notað viðeigandi kennsluaðferðir og

c) fái reglulega upprifjunarþjálfun til að tryggja að kennslan sé ávallt í samræmi við það nýjasta sem er í boði.

4.4. Prófdómarar öryggis- og þjónustuliða

Einstaklingar, sem bera ábyrgð á prófum sem öryggis- og þjónustuliðar taka, verða að:

a) uppfylla kröfurnar sem gerðar eru til kennara öryggis- og þjónustuliða og

b) geta metið getu öryggis- og þjónustuliða og haldið próf.

5. ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKI

Þjálfunarfyrirtæki, sem annast þjálfun flugmanna eða öryggis- og þjónustuliða, verður að uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) hafa yfir að ráða öllum þeim tilföngum sem nauðsynleg eru fyrir þau ábyrgðarsvið sem tengjast starfsemi þeirra; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau: aðstaða, starfsfólk, búnaður, tæki og efniviður, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) eins og við á fyrir þá þjálfun sem veitt er og stærð fyrirtækisins, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu, þ.m.t. áhættu sem tengist rýrnandi gæðum þjálfunar, og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi,

c) koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja áframhaldandi samræmi við þessar kröfur.

———

V. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR SEM GERÐAR ERU VARÐANDI FLUGREKSTUR

1. ALMENNT

1.1. Flug skal ekki fara fram ef flugverjar og, eftir því sem við á, allt annað starfsfólk flugrekstrarsviðs, sem tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd þess, kunna ekki skil á þeim lögum, reglugerðum og verklagsreglum sem lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra, gilda um svæði sem á að fara um, flugvelli sem fyrirhugað er að nota og tilheyrandi flugleiðsöguvirki.

1.2. Flug skal fara fram með þeim hætti að verklagsreglum, sem tilgreindar eru í flughandbókinni eða, ef þess er krafist, í flugrekstrarhandbókinni, um undirbúning og framkvæmd flugs, sé fylgt.

1.3. Áður en hvert flug hefst skal ákvarða hlutverk og skyldur allra flugverja. Flugstjórinn skal bera ábyrgð á starfrækslu og öryggi loftfarsins og öryggi allra flugverja, farþega og farms um borð.

1.4. Hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í verulega hættu, s.s. hættulegur varningur, vopn og skotfæri, mega ekki vera um borð í loftfari, nema sérstakar öryggisreglur og leiðbeiningar séu notaðar til að draga úr hættunni í tengslum við þau.

1.5. Öll nauðsynleg gögn, skjöl, skrár og upplýsingar til að skrá hvort skilyrðunum, sem tilgreind eru í lið 5.3, sé fullnægt skulu geymd fyrir hvert flug, þau höfð tiltæk og varin gegn óheimilum breytingum í lágmarkstíma í samræmi við tegund starfrækslunnar.

2. UNDIRBÚNINGUR FLUGS

Ekki skal hefja flug nema gengið hafi verið úr skugga um með öllum eðlilegum ráðum, sem tiltæk eru, að öll eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) fullnægjandi virki, sem nauðsynleg eru fyrir flugið og örugga starfrækslu loftfarsins, þ.m.t. fjarskipta- og leiðsöguvirki, séu tiltæk til að framkvæma flugið, að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga frá upplýsingaþjónustu flugmála,

b) áhöfnin þarf að kunna skil á og farþegarnir að fá upplýsingar um staðsetningu og notkun viðkomandi neyðarbúnaðar; áhöfn og farþegar verða að hafa aðgang að fullnægjandi upplýsingum að því er varðar starfrækslu og sem varða sérstaklega uppsettan búnað, um verklagsreglur í neyðartilvikum og notkun öryggisbúnaðar í farþegarými,

c) flugstjórinn verður að vera fullviss um:

i. að loftfarið sé lofthæft eins og tilgreint er í 6. lið,

ii. að, ef þess er krafist, loftfarið sé skráð með tilhlýðilegum hætti og að viðeigandi vottorð þar að lútandi séu um borð,

iii. að mælitæki og búnaður, eins og tilgreint er í 5. lið, sem krafist er fyrir framkvæmd þess flugs, séu uppsett í loftfarinu og starfhæf nema veitt sé undanþága í gildandi lista yfir lágmarksbúnað (MEL) eða sambærilegu skjali,

iv. að massi loftfarsins og staðsetning þyngdarmiðju séu þannig að flugið geti farið fram innan þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í lofthæfiskjölunum,

v. að öllum handfarangri, lestarfarangri og farmi sé hlaðið á réttan hátt og festur og

vi. að ekki verði í neinum tilvikum farið út fyrir starfrækslutakmarkanir loftfarsins, eins og þær eru tilgreindar í 4. lið, í fluginu,

d) upplýsingar varðandi veðurskilyrði fyrir brottfararflugvöll, ákvörðunarflugvöll og, eftir því sem við á, varaflugvöll, sem og skilyrði á flugleið, verða að vera tiltækar fyrir flugliða. Sérstaklega verður að huga að aðstæðum í loft-hjúpnum sem geta verið hættulegar,

e) viðeigandi mildunarráðstafanir eða viðbragðsáætlanir verða að vera til staðar til að takast á við mögulegar, hættulegar aðstæður í lofthjúpnum sem búast má við að komi upp meðan á flugi stendur,

f) fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum verða veðurskilyrði á tilskilinni flugleið að vera þannig að mögulegt sé að fljúga í samræmi við slíkar reglur; fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum skal velja ákvörðunarflugvöll og, eftir því sem við á, varaflugvöll eða -flugvelli, þar sem loftfarið getur lent, að teknu sérstöku tilliti til þeirra veðurskilyrða sem spáð er, hvort flugleiðsöguþjónusta sé tiltæk, hvort aðstaða sé á jörðu niðri og hvort verklag í blindflugi sé samþykkt af ríkinu þar sem ákvörðunar- og/eða varaflugvöllurinn er staðsettur,

g) magn eldsneytis/knúningsorku og rekstrarvara um borð verður að vera nægilegt til að tryggja að hægt sé að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti, að teknu tilliti til veðurskilyrða, hvers konar þátta sem hafa áhrif á afköst loftfarsins og hvers konar tafa sem búast má við í fluginu. Auk þess verður varaeldsneyti/orkubirgðir að vera um borð til að nota við ófyrirsjáanlegar aðstæður. Ákveða verður verklagsreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar á flugi, ef við á.

3. STARFRÆKSLA FLUGS

Uppfylla verður öll eftirfarandi skilyrði að því er varðar starfrækslu flugs:

a) ef við á um tegund loftfars, í flugtaki og lendingu og alltaf þegar flugstjórinn telur nauðsynlegt í öryggisskyni, verða allir flugverjar að sitja í vinnureitum sínum og nota aðhaldsbúnaðinn sem er til staðar,

b) ef við á um tegund loftfars, verða allir flugliðar, sem eru á flugvakt, að vera í vinnureitum sínum með öryggisbeltin spennt á flugleið nema þegar þeir þurfa að sinna líkamlegum þörfum eða, ef þess gerist þörf, starfrækslu,

c) ef við á um tegund loftfars og starfrækslu, verður flugstjórinn að sjá til þess, fyrir flugtak og lendingu, í akstri og hvenær sem þörf krefur í öryggisskyni, að allir farþegar sitji rétt og séu tryggilega festir,

d) flug skal fara fram með þeim hætti að viðeigandi aðskilnaður sé frá öðrum loftförum og að fullnægjandi hindranabil sé tryggt á öllum stigum flugsins; slíkur aðskilnaður skal a.m.k. vera sá sem krafist er í gildandi flugreglum, eins og við á fyrir tegund starfrækslu,

e) ekki má halda áfram flugi nema þekkt skilyrði haldi áfram að vera a.m.k. sambærileg þeim sem eru tilgreind í 2. lið; ennfremur, fyrir flug sem byggist á blindflugsreglum, má ekki halda áfram aðflugi að flugvelli niður fyrir tilteknar, tilgreindar hæðir eða lengra en að tiltekinni stöðu ef viðmiðanirnar um skyggni, sem mælt er fyrir um, eru ekki uppfylltar,

f) að flugstjórinn sjái til þess að öllum farþegum um borð sé leiðbeint um þau neyðarviðbrögð sem eiga við ef neyðarástand skapast í flugi,

g) flugstjóri verður að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að truflun af völdum óviðráðanlegra farþega hafi eins litlar afleiðingar fyrir flugið og mögulegt er,

h) loftfari mál ekki aka á athafnasvæði flugvallar eða þyrli þess snúið fyrir afli, nema sá sem er við stýrið hafi viðeigandi réttindi og hæfi,

i) nota verður gildandi verklagsreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar á flugi, eftir því sem við á.

4. TAKMARKANIR Á AFKASTAGETU OG STARFRÆKSLUMÖRKUM LOFTFARA

4.1. Loftfar verður að starfrækt í samræmi við skjöl um lofthæfi þess og allar tengdar verklagsreglur og takmarkanir, eins og tilgreint er í samþykktri flughandbók þess eða sambærilegum skjölum, eftir því sem við á. Flughandbók eða sambærileg skjöl verða að vera tiltæk fyrir flugverja og uppfærð fyrir hvert loftfar.

4.2. Þrátt fyrir það sem kemur fram í lið 4.1 má heimila flug með þyrlum sem varir skamman tíma í gegnum mörk hæðar-/hraðasviðs, að því tilskildu að öryggi sé tryggt.

4.3. Loftfarið skal starfrækt í samræmi við gildandi skjöl um umhverfisvernd.

4.4. Ekki má hefja flug eða halda því áfram nema áætluð afköst loftfars, að teknu tilliti til allra þátta sem hafa veruleg áhrif á afkastagetu þess, geri kleift að öll stig flugs séu framkvæmd innan gildandi vegalengda/svæða og hindranabila með fyrirhuguðum starfrækslumassa. Afkastaþættir, sem hafa veruleg áhrif á flugtak, flugleið og aðflug/lendingu, eru einkum:

a) verklagsreglur,

b) málþrýstingshæð á flugvelli,

c) veðurskilyrði (hitastig, vindur, úrkoma og skyggni),

d) stærð, halli og ástand flugtaks-/lendingarsvæðis og

e) ástand flugskrokksins, fullbúins hreyfils eða kerfa, að teknu tilliti til hugsanlegra skemmda.

4.5. Taka skal tillit til slíkra þátta beint sem starfrækslubreytna eða óbeint með frávikum eða vikmörkum, sem heimilt er veita þegar gögn um afkastagetu eru áætluð, eftir því sem við á um tegund starfrækslu.

5. MÆLITÆKI, GÖGN OG BÚNAÐUR

5.1. Loftfar verður að vera búið öllum leiðsögubúnaði, fjarskiptabúnaði og öðrum búnaði, sem nauðsynlegur er fyrir fyrirhugað flug, að teknu tilliti til reglna um flugumferð og flugreglna sem gilda á hvaða stigi flugsins sem er.

5.2. Ef við á, verður loftfar að vera búið öllum nauðsynlegum öryggis-, læknis- og rýmingarbúnaði sem og búnaði til að lifa af, að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem tengist starfrækslusviðum, tilskildum flugleiðum, flughæð og lengd flugsins.

5.3. Öll gögn, sem eru nauðsynleg til að flugverjar geti framkvæmt flugið, verða að vera uppfærð og tiltæk um borð í loftfarinu, að teknu tilliti til gildandi reglna um flugumferð, flugreglna, flughæðar og starfrækslusviða.

6. ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI OG SAMRÝMANLEIKI FRAMLEIÐSLUVARA VIÐ UMHVERFIÐ

6.1. Ekki skal starfrækja loftfarið nema:

a) loftfarið sé lofthæft, að unnt sé að starfrækja það á öruggan hátt og í samræmi við umhverfissjónarmið,

b) búnaður til starfrækslu og neyðarbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir fyrirhugað flug, sé nothæfur,

c) lofthæfiskjalið og, ef við á, hljóðstigsvottorð loftfarsins sé gilt og

d) viðhald loftfarsins fari fram í samræmi við viðeigandi kröfur.

6.2. Áður en hvert flug hefst eða röð samfelldra fluga verður að framkvæma fyrirflugsskoðun á loftfarinu til að ákvarða hvort það sé nothæft fyrir fyrirhugað flug.

6.3. Ekki má starfrækja loftfarið nema aðilar eða fyrirtæki með tilskilin réttindi gefi út viðhaldsvottorð að viðhaldi loknu. Á undirrituðu viðhaldsvottorði verða einkum að vera grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram.

6.4. Geyma verður og verja skrár, sem eru nauðsynlegar til að sýna fram á stöðu lofthæfis og samrýmanleika loftfarsins við umhverfið, gegn óheimilum breytingum í þann tíma sem svarar til gildandi krafna um áframhaldandi lofthæfi þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna, sem þar er að finna, en þó eigi skemur en 24 mánuði.

6.5. Allar breytingar og viðgerðir verða að uppfylla grunnkröfurnar um lofthæfi og, ef við á, um samrýmanleika framleiðsluvaranna við umhverfið. Geyma verður gögn, sem styðja að kröfur um lofthæfi og samrýmanleika framleiðsluvara við umhverfið hafi verið uppfylltar, og verja þær gegn óheimilum breytingum.

6.6. Það er á ábyrgð loftrekanda að tryggja að þriðji aðili, sem framkvæmir viðhaldið, fari að öryggis- og flugverndarkröfum.

7. FLUGVERJAR

7.1. Ákvarða skal fjölda og samsetningu áhafnar, að teknu tilliti til:

a) vottunartakmarkana loftfarsins, þ.m.t., ef við á, viðeigandi sýnikennsla í neyðarrýmingu,

b) útfærslu loftfarsins og

c) tegundar og lengd starfrækslu.

7.2. Flugstjórinn verður að hafa heimild til að gefa allar skipanir og grípa til allra viðeigandi aðgerða í því skyni að vernda starfræksluna og tryggja öryggi loftfarsins og einstaklinga og/eða eigna sem þar eru um borð.

7.3. Í neyðartilviki, sem stofnar starfrækslunni eða öryggi loftfarsins og/eða einstaklinga um borð í hættu, verður flugstjórinn að grípa til allra aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi. Ef slík aðgerð felur í sér brot á staðbundnum reglum eða verklagsreglum verður flugstjórinn að bera ábyrgð á að tilkynna viðeigandi staðaryfirvöldum um það án tafar.

7.4. Ef annað fólk er um borð er einungis heimilt að herma eftir neyðartilvikum eða óeðlilegum aðstæðum, að því gefnu að þetta fólk hafi verið tilhlýðilega upplýst um það og sé meðvitað um áhættuna í tengslum við það áður en farið er um borð í loftfarið, sbr. þó lið 8.12,.

7.5. Flugverjar mega ekki láta getuna til að sinna verkefnum/taka ákvarðanir skerðast þannig að það ógni flugöryggi vegna áhrifa þreytu, að teknu tilliti til m.a. uppsafnaðrar þreytu, svefnleysis, fjölda flugleggja að baki, næturvakta eða vegna ferða um mismunandi tímabelti. Hvíldartímabil verða að veita flugverjum nægan tíma til að jafna sig eftir undangengnar vaktir svo þeir verði vel úthvíldir við upphaf næstu flugvaktar.

7.6. Flugverji má ekki sinna skyldustörfum, sem honum eru falin um borð í loftfari, ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna.

8. VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR FLUTNINGAFLUG OG AÐRA STARFRÆKSLU, SEM FELLUR UNDIR ÚTGÁFU VOTTORÐS EÐA KRÖFU UM YFIRLÝSINGU OG FER FRAM MEÐ FLUGVÉLUM, ÞYRLUM EÐA VELTIHNITUM

8.1. Starfrækslan má ekki fara fram nema eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) flugrekandinn verður að hafa beint eða í gegnum samninga við þriðja aðila þau tilföng sem nauðsynleg eru með tilliti til stærðar og umfangs starfrækslunnar; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau: loftfar, aðstaða, stjórnunarfyrirkomulag, starfsfólk, búnaður, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) flugrekandinn má einungis hafa starfsfólk með viðeigandi réttindi og þjálfun og hrinda í framkvæmd og viðhalda þjálfunar- og matsáætlunum fyrir flugverja og annað hlutaðeigandi starfsfólk, sem eru nauðsynlegar til að tryggja að skírteini þeirra, réttindi og hæfi séu í gildi,

c) eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, verður flugrekandi að koma á og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi,

d) flugrekandinn verður koma á tilkynningarkerfi um atvik sem hluta af stjórnunarkerfinu, samkvæmt c-lið, til að stuðla að markmiðinu um stöðugar úrbætur á öryggi. Tilkynningakerfið um atvik verður að samrýmast gildandi lögum Sambandsins.

8.2. Starfrækslan má einungis fara fram í samræmi við flugrekstrarhandbók flugrekandans. Slík handbók verður að hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklagsreglur um öll loftför, sem starfrækt eru, og um starfsfólk flugrekstrarsviðs þannig að það geti sinnt skyldustörfum sínum. Tilgreina verður takmarkanir sem gilda um flugtíma, flugvaktir og hvíldartíma fyrir flugverja. Flugrekstrarhandbókin og síðari endurskoðanir hennar verða að samrýmast samþykktri flughandbók og er þeim breytt eftir því sem nauðsynlegt er.

8.3. Flugrekandinn skal setja verklagsreglur, eins og við á, til að truflun af völdum óviðráðanlegra farþega hafi eins litlar afleiðingar fyrir örugga starfrækslu flugs og mögulegt er.

8.4. Flugrekandinn skal þróa og viðhalda verndaráætlunum, sem lagaðar eru að loftfarinu og tegund starfrækslunnar, þ.m.t. einkum:

a) vernd flugliða í stjórnklefa loftfars,

b) gátlistar fyrir verklag við leit í loftfari,

c) þjálfunaráætlanir og

d) vörn rafeinda- og tölvukerfa til að koma í veg fyrir truflun og bjögun af ásettu ráði og ekki af ásettu ráði.

8.5. Þegar verndarráðstafanir kunna að hafa skaðleg áhrif á öryggi starfrækslunnar skal meta áhættuna og þróa viðeigandi verklag til að draga úr öryggisáhættu en mögulega þarf að nota sérhæfðan búnað.

8.6. Flugrekandinn verður að tilnefna einn af flugliðunum sem flugstjóra.

8.7. Nota verður þreytustjórnunarkerfi til að koma í veg fyrir þreytu. Að því er varðar flug eða röð fluga þarf slíkt kerfi að taka til flugtíma, flugvakta, vinnutíma og aðlagaðra hvíldartíma. Við ákvörðun takmarkana innan þreytustjórnunarkerfisins verður að taka tillit til allra viðeigandi þátta sem stuðla að þreytu, s.s. fjölda flugleggja að baki, þegar flogið er yfir tímabelti, svefnleysis, truflunar á dægursveiflu, næturvinnu, staðsetningarflugs, uppsafnaðs vinnutíma á tilteknu tímabili, þegar úthlutuðum verkefnum er dreift á flugverja sem og þegar fjölgað er í áhöfn.

8.8. Flugrekandinn verður að tryggja að verkefnin, sem tilgreind eru í lið 6.1, og verkefnunum, sem lýst er í liðum 6.4 og 6.5, sé stýrt af fyrirtæki sem ábyrgt er fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis sem verður að uppfylla kröfurnar í lið 3.1 í II. viðauka og 7. og 8. lið í III. viðauka.

8.9. Flugrekandinn verður að tryggja að viðhaldsvottorðið, sem krafist er samkvæmt lið 6.3, sé gefið út af fyrirtæki með tilskilin starfsréttindi til að sinna viðhaldi á framleiðsluvörum, hlutum og óuppsettum búnaði. Fyrirtækið skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í lið 3.1 í II. viðauka.

8.10. Fyrirtækið, sem um getur í lið 8.8, skal taka saman handbók fyrirtækisins til notkunar og leiðbeiningar fyrir hlutaðeigandi starfsfólk, með lýsingum á öllum verklagsreglum fyrirtækisins í tengslum við áframhaldandi lofthæfi.

8.11. Gátlistakerfi verður að vera tiltækt til notkunar, eftir því sem við á, fyrir flugverja á öllum stigum starfrækslu loftfarsins við venjuleg skilyrði, óvenjuleg skilyrði sem og neyðarskilyrði og neyðartilvik. Setja verður verklagsreglur um öll neyðartilvik sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir.

8.12. Hvorki má herma eftir neyðartilvikum né óeðlilegum tilvikum ef farþegar eða farmur er um borð.

———

VI. VIÐAUKI

Grunnkröfur sem gerðar eru til hæfra aðila

1. Hæfi aðilinn, forstöðumaður hans og starfsmenn, sem annast verkefni sem tengjast vottun og eftirliti, mega ekki hafa afskipti, hvorki bein né sem viðurkenndir fulltrúar, af hönnun, framleiðslu, markaðssetningu eða viðhaldi framleiðsluvaranna, hlutanna, óuppsetta búnaðarins, kerfishlutanna eða kerfanna eða af starfrækslu þeirra, þjónustu eða notkun. Þetta útilokar þó ekki þann möguleika að viðkomandi fyrirtæki og hæfi aðilinn skiptist á tæknilegum upplýsingum.

   Ákvæði fyrstu undirgreinar skulu ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, geti öðlast faggildingu sem hæfur aðili, með því skilyrði að það sýni faggildingaryfirvaldinu fram á það með fullnægjandi hætti að það hafi gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur.

2. Hæfi aðilinn og starfsmenn hans, sem annast verkefni í tengslum við vottun og eftirlit, verða að gæta þess að þau séu í hvívetna unnin af faglegri ráðvendni og tæknilegri færni og að þeir séu óháðir öllum áhrifum og hvers konar þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra og ákvarðanir eða niðurstöður verkefna þeirra, einkum af hálfu einstaklinga eða hópa einstaklinga sem niðurstöður vottunar- og eftirlitsverkefnanna hafa áhrif á.

3. Hæfi aðilinn verður að ráða til sín starfsfólk og hafa aðstöðu til að sinna á fullnægjandi hátt tæknilegu verkefnunum og stjórnsýsluverkefnunum sem tengjast vottunar- og eftirlitsferlinu; hann verður einnig að hafa til umráða nauðsynlegan búnað fyrir athuganir sem heyra til undantekninga.

4. Hæfi aðilinn og starfsfólk hans, sem bera ábyrgð á rannsóknum, verða að hafa:

   a) trausta tækni- og starfsþjálfun eða nægilega sérfræðiþekkingu, að fenginni reynslu af viðeigandi starfsemi,

   b) fullnægjandi þekkingu á kröfunum, sem gerðar eru til vottunar- og eftirlitsverkefna sem þeir framkvæma, og næga reynslu af slíku ferli,

   c) getu til þess að útbúa yfirlýsingar, skrár og skýrslur til að sýna fram á að vottunar- og eftirlitsverkefnin hafi verið framkvæmd.

5. Tryggja verður óhlutdrægni starfsfólksins sem annast vottunar- og eftirlitsverkefnin. Laun þeirra mega hvorki vera bundin fjölda þeirra rannsókna sem gerðar eru né niðurstöðum slíkra rannsókna.

6. Hæfi aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema eitt aðildarríki sé bótaskylt í samræmi við eigin lög.

7. Starfsmenn hæfa aðilans verða að fara með allar upplýsingar, sem þeir öðlast við að inna af hendi verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð, sem trúnaðarmál.

———

VII. VIÐAUKI

Grunnkröfur fyrir flugvelli

1. EÐLISEIGINLEIKAR, GRUNNVIRKI OG BÚNAÐUR

1.1. Athafnasvæði

1.1.1. Flugvellir skulu hafa tilgreint svæði fyrir lendingar og flugtök loftfara sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a) lendingar- og flugtakssvæði skal vera nægilega stórt og hafa einkenni sem henta loftfarinu sem ætlað er að nota aðstöðuna,

b) lendingar- og flugtakssvæði skal, eftir atvikum, hafa nægilegt burðarþol til að þola endurtekna starfrækslu fyrirhugaðs loftfars; þau svæði sem ekki eru ætluð fyrir endurtekna starfrækslu þurfa einungis að hafa nægilegt burðarþol til að bera loftfarið,

c) lendingar- og flugtakssvæði skal vera þannig hannað að það hreinsi sig af vatni og hindri að vatnssöfnun hafi í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,

d) halli og hallabreytingar lendingar- og flugtakssvæðis skulu ekki hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,

e) yfirborðseinkenni lendingar- og flugtakssvæðis skulu vera fullnægjandi til notkunar fyrir fyrirhugað loftfar og

f) á lendingar- og flugtakssvæðinu skulu ekki vera hlutir sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars.

1.1.2. Þegar um er að ræða nokkur lendingar- og flugtakssvæði skulu þau vera þannig að þau hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars.

1.1.3. Tiltekna lendingar- og flugtakssvæðið skal umlukið skilgreindum svæðum. Þessi svæði eru ætluð til að verja loftfar, sem flýgur yfir þau í flugtaki eða lendingu, eða til að draga úr afleiðingunum þegar loftfar skammlendir, rennur út af hlið flugtaks- eða lendingarsvæðis eða rennur út fyrir flugtaks- eða lendingarsvæði, og skulu þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þessi svæði skulu vera af viðeigandi stærð fyrir starfrækslu fyrirhugaðs loftfars,

b) halli og hallabreytingar svæðanna skulu ekki hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,

c) á þessum svæðum skulu ekki vera hlutir sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars; þetta skal þó ekki útiloka að staðsetja megi auðbrjótanlegan búnað á þessum svæðum, ef hann er nauðsynlegur til aðstoðar við starfrækslu loftfars og

d) hvert þessara svæða skal hafa fullnægjandi burðarþol til að þjóna tilgangi sínum.

1.1.4. Þessi svæði flugvallar, ásamt nánasta, tengda umhverfi, sem ætluð eru fyrir akstur loftfara eða sem stæði fyrir þau, skulu hönnuð fyrir örugga starfrækslu loftfara, sem tiltekin aðstaða verður notuð fyrir við öll fyrirhuguð skilyrði, og skulu þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) svæðin skulu hafa nægilegt burðarþol til að þola endurtekna starfrækslu fyrirhugaðs loftfars, að undanskildum þeim svæðum sem gert er ráð fyrir að verði einungis notuð stöku sinnum sem þurfa einungis að hafa nægilegt burðarþol til að bera loftfarið,

b) svæðin skulu hönnuð þannig að þau hreinsi sig af vatni og hindri að vatnssöfnun hafi í för með sér óviðunandi áhættu við starfrækslu loftfars,

c) halli og hallabreytingar svæðanna skulu ekki hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,

d) yfirborðseinkenni svæðanna skulu vera fullnægjandi til notkunar fyrir fyrirhugað loftfar og

e) á svæðunum skulu ekki vera hlutir sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir loftfar. Þetta skal ekki útiloka búnað sem er nauðsynlegur fyrir viðkomandi svæði og komið er fyrir á sérstaklega auðkenndum stöðum eða á afmörkuðum svæðum.

1.1.5. Annað grunnvirki, sem ætlað er til notkunar fyrir loftfar, skal vera þannig hannað að notkun þess hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir loftfarið sem notar það.

1.1.6. Mannvirki, byggingar, búnaður eða geymslusvæði skulu vera staðsett og hönnuð þannig að þau hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars.

1.1.7. Viðeigandi úrræði skulu látin í té til að koma í veg fyrir að fólk, ökutæki eða dýr, sem eru nógu stór til að hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars, komist í leyfisleysi inn á athafnasvæðið, sbr. þó ákvæði landsbundinna og alþjóðlegra dýraverndunarlaga.

1.2. Hindranabil

1.2.1. Til að verja loftfar á leið til lendingar á flugvelli eða í brottför frá flugvelli, skal ákvarða komu- og brottflugsleiðir eða -svæði. Slíkar leiðir eða svæði skulu tryggja að loftfar sé í nægilegri fjarlægð frá hindrunum á aðliggjandi svæðum flugvallarins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinna einkenna.

1.2.2. Slíkt hindranabil skal vera viðeigandi fyrir stig flugsins og þá tegund starfrækslu sem fram fer. Að sama skapi skal taka tillit til búnaðarins sem notaður er til að ákvarða staðsetningu loftfars.

1.3. Öryggistengdur flugvallarbúnaður, þ.m.t. sjónræn leiðsöguvirki og leiðsöguvirki önnur en sjónræn

1.3.1. Leiðsöguvirki skulu henta til fyrirhugaðrar notkunar, vera greinanleg og láta notendum í té ótvíræðar upplýsingar við öll fyrirhuguð starfræksluskilyrði.

1.3.2. Öryggistengdur flugvallarbúnaður skal virka eins og fyrirhugað er við öll fyrirhuguð starfræksluskilyrði. Meðan á starfrækslu stendur eða í tilviki bilunar skal öryggistengdi flugvallarbúnaðurinn ekki hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir flugöryggi.

1.3.3. Leiðsöguvirkin og rafaflgjafi þeirra skulu hönnuð þannig að bilun í þeim valdi því ekki að notendur fái óviðeigandi, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar eða að truflun verði á nauðsynlegri þjónustu.

1.3.4. Til að koma í veg fyrir skemmdir eða truflanir á slíkum leiðsöguvirkjum skal verja þau með viðeigandi hætti.

1.3.5. Uppruni geislunar eða tilvist færanlegra eða fastra hluta skal hvorki hafa truflandi né skaðleg áhrif á nothæfi fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarkerfa í flugi.

1.3.6. Viðeigandi starfsfólk skal hafa aðgang að upplýsingum um starfrækslu og notkun öryggistengds flugvallarbúnaðar, þ.m.t. skýrar vísbendingar um aðstæður sem geta valdið óviðunandi áhættu fyrir flugöryggi.

1.4. Flugvallargögn

1.4.1. Útbúa skal viðeigandi gögn um flugvelli og þá þjónustu sem boðið er upp á og skulu þau uppfærð reglulega.

1.4.2. Gögnin skulu vera nákvæm, læsileg, ítarleg og ótvíræð. Tryggja skal ósvikni og viðeigandi heilleikastig gagnanna.

1.4.3. Gögnin skulu gerð aðgengileg notendum og viðkomandi veitendum flugleiðsöguþjónustu tímanlega með því að nota nægilega öruggar og hraðvirkar samskiptaaðferðir.

2. REKSTUR OG STJÓRNUN

2.1. Ábyrgðarsvið rekstraraðila flugvallar

Rekstraraðili flugvallar ber ábyrgð á rekstri flugvallar. Skyldustörf rekstraraðila flugvallar eru sem hér segir:

a) rekstraraðili flugvallar skal, beint eða óbeint eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila, hafa öll nauðsynleg tilföng til að tryggja örugga starfrækslu loftfara á flugvellinum; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau, aðstaða, starfsfólk, búnaður og efniviður, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) rekstraraðili flugvallar skal sannreyna að alltaf sé farið að kröfunum í 1. lið eða grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættunni í tengslum við það þegar ekki er farið að þeim, útbúa skal verklagsreglur og taka þær í notkun til að gera öllum notendum slíkar ráðstafanir ljósar tímanlega,

c) rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og innleiða viðeigandi áhættustjórnunarkerfi fyrir villtar lífverur á flugvöllum, beint eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila,

d) rekstraraðili flugvallar skal tryggja, beint eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila, að hreyfingar ökutækja og fólks á athafnasvæðinu og öðrum starfrækslusvæðum séu samræmdar hreyfingum loftfara til að koma í veg fyrir árekstra og skemmdir á loftförum,

e) rekstraraðili flugvallar skal tryggja, ef við á, að fyrir hendi séu verklagsreglur til að draga úr áhættu tengdri flugvallarrekstri að vetri til, við óhagstæð veðurskilyrði, í skertu skyggni eða að næturlagi og að þær séu innleiddar,

f) rekstraraðili flugvallar skal koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum til að tryggja áframhaldandi samræmi við grunnkröfurnar um flugvelli sem settar eru fram í þessum viðauka; til þessara fyrirtækja teljast, en takmarkast þó ekki við þau, flugrekendur, veitendur flugleiðsöguþjónustu, veitendur flugafgreiðslu, veitendur hlaðstjórnunarþjónustu og önnur fyrirtæki sem hafa áhrif á öryggi loftfara með starfsemi sinni eða framleiðsluvörum,

g) rekstraraðili flugvallar skal sannreyna að fyrirtæki, sem sjá um að geyma og sjá loftförum fyrir eldsneyti/knúningsorku, hafi til staðar verklagsreglur til að tryggja að loftförum sé útvegað ómengað eldsneyti eða ómenguð knúningsorka og af réttri tegund,

h) rekstrar- og viðhaldshandbækur flugvallarbúnaðar skulu vera aðgengilegar og eftir þeim farið og þær skulu taka til leiðbeininga um viðhald og viðgerðir, þjónustuleiðbeininga og reglna um verklag við bilanaleit og skoðun,

i) rekstraraðili flugvallar skal koma á fót, beint eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila, og innleiða neyðaráætlun flugvalla sem tekur til neyðaraðstæðna sem geta komið upp á flugvellinum eða í nágrenni hans; þessi áætlun skal samrýmast, eins og við á, neyðaráætlun viðkomandi sveitarfélags,

j) rekstraraðili flugvallar skal tryggja, beint eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila, að veitt sé viðunandi þjónusta í tengslum við björgunar- og slökkvistarf á flugvellinum; slík þjónusta skal bregðast skjótt við flugatvikum eða slysum og skal hún a.m.k. fela í sér búnað, slökkviefni og nægilegan fjölda starfsfólks,

k) rekstraraðili flugvallar skal einungis hafa starfsfólk með réttindi og þjálfun í rekstri og viðhaldi flugvalla og skal hann, beint eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila, innleiða og viðhalda þjálfunar- og matsáætlunum til að tryggja áframhaldandi hæfni viðkomandi starfsfólks,

l) rekstraraðili flugvallar skal tryggja að hver sá sem fær aðgang að athafnasvæðinu eða öðrum starfrækslusvæðum án fylgdar hafi til þess nægilega þjálfun og hæfni,

m) starfsfólk björgunar- og slökkviliðs skal hafa tilskilin réttindi og þjálfun til að starfa á flugvallarsvæðinu; rekstraraðili flugvallar skal, beint eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila, innleiða og viðhalda þjálfunar- og matsáætlunum til að tryggja áframhaldandi hæfni þessa starfsfólks og

n) allt starfsfólk björgunar- og slökkviliðs, sem mögulega þarf að bregðast við neyðarástandi í tengslum við flug, skal reglulega sýna fram á heilbrigði sitt til að geta sinnt verkefnum sínum á fullnægjandi hátt, að teknu tilliti til tegundar starfseminnar. Í þessu samhengi merkir heilbrigði, sem felur bæði í sér líkamlegt og andlegt heilbrigði, að hvorki sé um sjúkdóm né fötlun að ræða, sem gæti gert viðkomandi starfsmann óhæfan:

— til að inna af hendi nauðsynleg verkefni þegar neyðarástand skapast í flugi,

— til að gegna þeim störfum sem honum eru falin, hvenær sem er, eða

— til að meta umhverfi sitt með réttum hætti.

2.2. Stjórnunarkerfi

2.2.1. Eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins skal rekstraraðili flugvallar innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi.

2.2.2. Rekstraraðili flugvallar skal koma á tilkynningarkerfi um atvik sem hluta af stjórnunarkerfinu, skv. lið 2.2.1, til að stuðla að því markmiði að auka stöðugt öryggi. Greining upplýsinga í þessu tilkynningakerfi um atvik skal taka til þeirra aðila sem taldir eru upp í f-lið liðar 2.1, eins og við á. Tilkynningakerfið um atvik skal samrýmast gildandi lögum Sambandsins.

2.2.3. Rekstraraðili flugvallar skal taka saman flugvallarhandbók og reka flugvöllinn í samræmi við hana. Slíkar handbækur skulu hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklagsreglur um flugvöllinn, stjórnunarkerfið og starfsfólk flugrekstrar- og viðhaldssviðs þannig að það geti sinnt skyldustörfum sínum.

3. UMHVERFI FLUGVALLAR

3.1.1. Trygga skal að loftrýmið umhverfis athafnasvæði flugvalla sé án hrindrana til að fyrirhuguð starfræksla loftfara á flugvellinum geti farið fram án þess að tilurð hindrana umhverfis flugvöllinn hafi í för með sér óviðunandi áhættu. Því skal skilgreina hindranafleti og innleiða stöðuga vöktun þeirra til að auðkenna hvers konar hindranir sem skaga upp.

3.1.2. Meta þarf hindranir sem ná inn fyrir þá fleti til að ganga úr skugga um hvort viðkomandi hlutur skapi óviðunandi áhættu. Fjarlægja skal hvern þann hlut sem skapar óviðunandi áhættu eða grípa til viðeigandi aðgerða sem draga úr áhættu, til þess að verja loftfarið sem notar flugvöllinn.

3.1.3. Allar hindranir, sem eftir standa, skulu tilkynntar, merktar eftir þörfum og, ef þörf krefur, gerðar sýnilegar með ljósum.

3.2. Vakta skal hættur, sem skapast vegna starfsemi manna og skipulagningar landsvæðis, s.s., en takmarkast þó ekki við þau, atriðin sem talin eru upp hér á eftir. Áhættan sem skapast af þessu skal metin og dregið úr henni, eins og við á:

a) hvers konar byggingastarfsemi eða breyting á skipulagningu landsvæðis á flugvallarsvæðinu,

b) möguleikinn á því að hindranir valdi ókyrrð í lofti,

c) notkun hættulegra, truflandi og villandi ljósa,

d) blinda frá stórum flötum sem valda miklu endurvarpi,

e) uppbygging svæða sem gæti leitt til aukinnar virkni villtra lífvera í nágrenni við athafnasvæði flugvallarins eða

f) uppruni geislunar, sem ekki er sýnileg, eða tilvist færanlegra eða fastra hluta sem geta haft truflandi eða skaðleg áhrif á nothæfi fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarkerfa í flugi.

3.3. Aðildarríki skulu tryggja að neyðaráætlun sé komið á sem nota skal ef neyðarástand skapast í tengslum við flug í næsta nágrenni við flugvöllinn.

4. FLUGAFGREIÐSLA

4.1. Skyldustörf veitenda flugafgreiðslu

Veitandi flugafgreiðslu ber ábyrgð á rekstraröryggi starfsemi sinnar á flugvellinum. Skyldustörf veitenda eru sem hér segir:

a) veitandi skal hafa öll nauðsynleg tilföng til að tryggja örugga þjónustustarfsemi á flugvellinum. Þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau, aðstaða, starfsfólk, búnaður og efniviður,

b) veitandinn skal fara að verklagsreglunum, sem koma fram í flugvallarhandbókinni, þ.m.t. verklagsreglur í tengslum við akstur ökutækja, búnað og starfsfólk og þá áhættu sem tengist rekstri flugvallar að vetri til, að næturlagi og við óhagstæð veðurskilyrði,

c) veitandinn skal þegar hann veitir flugrekanda flugafgreiðslu fara að verklagsreglum og fyrirmælum hans,

d) veitandinn skal tryggja að rekstrar- og viðhaldshandbækur flugafgreiðslubúnaðar séu aðgengilegar og eftir þeim farið og skulu þær taka til rekstrar, leiðbeininga um viðhald og viðgerðir, þjónustuupplýsinga og reglna um verklag við bilanaleit og skoðun,

e) veitandinn skal einungis hafa nægilega þjálfað og hæft starfsfólk og skal tryggja innleiðingu og viðhald þjálfunar- og matsáætlana til að tryggja áframhaldandi hæfni viðkomandi starfsfólks,

f) veitandinn skal tryggja að starfsfólkið sé líkamlega og andlega í stakk búið til að sinna verkefnum sínum á fullnægjandi hátt, að teknu tilliti til tegundar starfseminnar og einkum mögulegra öryggisáhrifa og öryggistengdra áhrifa á flugvernd.

4.2. Stjórnunarkerfi

4.2.1. Eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins skal veitandinn innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi. Slík kerfi skulu samrýmast stjórnunarkerfi rekstraraðila flugvallar.

4.2.2. Veitandinn skal koma á tilkynningarkerfi um atvik sem hluta af stjórnunarkerfinu, skv. lið 4.2.1, til að stuðla að því markmiði að auka stöðugt öryggi. Með fyrirvara um aðra tilkynningaskyldu skal veitandinn senda upplýsingar um öll atvik í tilkynningakerfi rekstraraðila flugvallar, flugrekanda og, ef við á, í tilkynningakerfi veitanda flugumferðarþjónustu. Tilkynningakerfið um atvik skal samrýmast gildandi lögum Sambandsins.

4.2.3. Veitandinn skal útbúa flugafgreiðsluhandbók og starfa í samræmi við hana. Slík handbók skal hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklagsreglur um flugafgreiðsluna, stjórnunarkerfið og starfsfólk flugafgreiðslunnar þannig að það geti sinnt skyldustörfum sínum.

5. HLAÐSTJÓRNUNARÞJÓNUSTA (AMS)

5.1. Veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal veita þjónustu sína í samræmi við verklagsreglur sem er að finna í flugvallarhandbókinni.

5.2. Eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, skal veitandi hlaðstjórnunarþjónustu innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi, þ.m.t. stjórna öryggisáhættu, með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka.

5.3. Veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal koma á fót formlegu fyrirkomulagi með rekstraraðila flugvallar og veitanda flugumferðarþjónusta þar sem lýst er umfangi þeirrar þjónustu sem á að veita.

5.4. Veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal koma á tilkynningarkerfi um atvik sem hluta af stjórnunarkerfinu, skv. lið 5.2, til að stuðla að því markmiði að auka stöðugt öryggi. Með fyrirvara um aðra tilkynningaskyldu skal veitandinn senda upplýsingar um öll atvik í tilkynningakerfi rekstraraðila flugvallar og, ef við á, tilkynningakerfi veitanda flugumferðarþjónustu.

5.5. Veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal taka þátt í starfsemi þeirra öryggiskerfa sem rekstraraðili flugvallar starfrækir.

6. ANNAÐ

Með fyrirvara um skyldustörf flugrekanda, skal rekstraraðili flugvallar tryggja að flugvöllur eða hlutar hans skuli ekki notaðir fyrir loftför ef hönnun flugvallarins og viðkomandi verklagsreglur eru að jafnaði ekki ætlaðar fyrir þetta tiltekna loftfar nema þegar neyðarástand skapast vegna loftfars, þegar vikið er af leið og flogið til varaflugvallar eða aðrar aðstæður skapast sem eru tilgreindar í hverju tilviki fyrir sig.

———

VIII. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR UM REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR/FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU OG FLUGUMFERÐARSTJÓRA

1. NOTKUN LOFTRÝMIS

1.1. Öll loftför, að undanskildum þeim sem annast starfsemina sem um getur í a-lið 3. mgr. 2. gr., skulu, á öllum stigum flugs eða á athafnasvæði flugvallar, starfrækt í samræmi við sameiginlegar, almennar starfrækslureglur og hvers konar viðeigandi verklagsreglur sem tilgreindar eru fyrir notkun loftrýmisins.

1.2. Öll loftför, að undanskildum þeim sem annast starfsemina sem um getur í a-lið 3. mgr. 2. gr., skulu búin kerfishlutum sem gerð er krafa um í tengslum við starfrækslu þeirra. Kerfishlutar, sem notaðir eru í kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, skulu einnig uppfylla kröfurnar í 3. lið.

2. ÞJÓNUSTA

2.1. Flugmálaupplýsingar og gögn fyrir loftrýmisnotendur í tengslum við flugleiðsögu

2.1.1. Gögnin, sem eru notuð sem heimild fyrir flugmálaupplýsingar, skulu vera af nægilegum gæðum, ítarleg, uppfærð og látin í té tímanlega.

2.1.2. Flugmálaupplýsingar skulu vera nákvæmar, ítarlegar, uppfærðar og ótvíræðar, byggjast á lögmætum heimildum, vera af nægilegum heilleika, sem og á nothæfu sniði fyrir notendur.

2.1.3. Miðlun slíkra flugmálaupplýsinga til loftrýmisnotenda skal fara fram tímanlega og nota skal nægilega áreiðanlegan og hraðvirkan samskiptamiðil sem er varinn gegn vísvitandi og óvísvitandi truflun og gagnabrenglun.

2.2. Veðurupplýsingar

2.2.1. Gögn, sem eru notuð sem grunnur fyrir veðurupplýsingar fyrir flug, skulu vera af nægilegum gæðum, ítarleg og uppfærð.

2.2.2. Að því marki sem unnt er skulu veðurupplýsingar fyrir flug vera nákvæmar, ítarlegar, uppfærðar, af nægilegum heilleika og ótvíræðar til að uppfylla þarfir loftrýmisnotenda. Veðurupplýsingar fyrir flug skulu byggjast á lögmætum heimildum.

2.2.3. Miðlun slíkra veðurupplýsinga í tengslum við flug til loftrýmisnotenda skal fara fram tímanlega og nota skal nægilega áreiðanlegan og hraðvirkan samskiptamiðil sem er varinn gegn truflun og gagnabrenglun.

2.3. Flugumferðarþjónusta

2.3.1. Gögnin, sem eru notuð sem grunnur fyrir veitingu flugumferðarþjónustu, skulu vera rétt, ítarleg og uppfærð.

2.3.2. Veiting flugumferðarþjónustu skal vera nógu nákvæm, ítarleg, uppfærð og ótvíræð til að uppfylla öryggisþarfir notenda.

2.3.3. Sjálfvirk tæki, sem veita upplýsingar eða ráðgjöf til notenda, skulu hönnuð, framleidd og þeim viðhaldið á tilhlýðilegan hátt til að tryggja að þau henti til fyrirhugaðra nota.

2.3.4. Flugstjórnarþjónusta og tengdir ferlar skulu tryggja að viðunandi aðskilnaður sé á milli loftfara og koma í veg fyrir árekstur milli loftfars og hindrana á umferðarsvæði flugvallarins sem og aðstoða við, eftir því sem við á, að verja loftför gegn öðrum hættum í lofti og auk þess skulu þau tryggja skjóta og tímanlega samræmingu á milli allra viðeigandi notenda og aðliggjandi hluta loftrýmisins.

2.3.5. Samskipti á milli flugumferðarþjónustu og loftfars og á milli viðeigandi flugumferðarþjónustudeilda skulu vera tímanleg, skýr, rétt og ótvíræð, varin gegn truflunum og auðskilin og, ef við á, viðurkennd af öllum hlutaðeigandi aðilum.

2.3.6. Tilföng skulu vera til staðar til að greina mögulegt neyðarástand og, þar sem við á, til að hefja skilvirkar leitar- eða björgunaraðgerðir. Slík tilföng skulu a.m.k. fela í sér viðeigandi viðvörunarkerfi, samræmingarráðstafanir og verklagsreglur, tilföng og starfsfólk til að ná yfir allt ábyrgðarsvæðið með skilvirkum hætti.

2.4. Fjarskiptaþjónusta

Fjarskiptaþjónusta skal skila og viðhalda fullnægjandi afköstum, með tilliti til aðgengi, heilleika, samfellu og tímanleika hennar. Hún skal vera skilvirk og varin gegn gagnabrenglun og truflun.

2.5. Leiðsöguþjónusta

Leiðsöguþjónusta skal ná og viðhalda fullnægjandi afkastastigi, með tilliti til leiðsögu, upplýsinga um staðsetningu og, þegar það er látið í té, tímasetningar. Viðmiðin fyrir þessar upplýsingar eru hversu nákvæm, heilleg, aðgengileg og samfelld þjónustan er og hversu lögmætar heimildir hennar eru.

2.6. Kögunarþjónusta

Með kögunarþjónustu skal ákvarða viðkomandi staðsetningu loftfars í lofti og annarra loftfara og ökutækja á flugvallarsvæðinu, með nægilega góðum árangri að því er varðar nákvæmni, heilleika, lögmæti heimilda, samfellu og líkur á rekjanleika.

2.7. Flæðisstjórnun flugumferðar

Við úrlausnarstjórnun á flæði flugumferðar innan Sambandsins skal nota og láta í té nægilega nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um umfang og eðli fyrirhugaðrar flugumferðar sem hefur áhrif á þjónustuveitingu og samræma og semja um breytingu eða töf á umferðarflæði til að draga úr áhættunni á því að of mikil umferð verði í lofti eða á flugvöllum. Framkvæma skal flæðisstjórnun í því skyni að hámarka tiltæka getu til nýtingar á loftrýminu og efla flæðisstjórnunarferli flugumferðar. Hún skal byggjast á öryggi, gagnsæi og skilvirkni og tryggja að þessi nýtingargeta sé veitt á sveigjanlegan og tímanlegan hátt í samræmi við flugleiðsöguáætlun fyrir Evrópusvæðið.

Ráðstafanirnar, sem um getur í 43. gr., varðandi flæðisstjórnun flugumferðar skulu styðja rekstrarákvarðanir veitenda flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðila flugvalla og loftrýmisnotenda og skulu taka til eftirfarandi þátta:

a) gerð flugáætlana,

b) notkunar tiltækrar loftrýmisgetu á öllum stigum flugs, þ.m.t. úthlutun afgreiðslutíma í leiðarflugi,

c) notkunar flugleiða í almennri flugumferð, þ.m.t.

— útgáfa sameiginlegs rits um stefnumið fyrir flugleiðir og flugumferð,

— möguleika á að beina almennri flugumferð frá svæðum þar sem flugumferð er mikil og

— forgangsreglna varðandi aðgang að loftrými fyrir almenna flugumferð, einkum á álags- og hættutímum og

d) samræmis á milli flugáætlana og afgreiðslutíma flugvalla og nauðsynlegrar samræmingar við aðliggjandi svæði, eins og við á.

2.8. Stjórnun loftrýmis

Tilnefning sérstakra hluta loftrýmis til tiltekinna nota skal vöktuð, samræmd og henni komið á framfæri tímanlega til að draga úr áhættu á því að ekki sé nægilegur aðskilnaður á milli loftfara við allar aðstæður. Að teknu tilliti til skipulagningar herstarfsemi og tengdra þátta, sem eru á ábyrgð aðildarríkjanna, skal stjórnun loftrýma einnig styðja við samræmda beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmisins, eins og Alþjóðaflugmálastofnunin hefur lýst og framkvæmt hefur verið samkvæmt reglugerð (EB) nr. 551/2004, til að greiða fyrir stjórnun loftrýmis og rekstrarstjórnun flugumferðar innan ramma sameiginlegu stefnunnar í flutningamálum.

2.9. Flugferlahönnun

Flugferlar eru hannaðir, umsjón er höfð með þeim og þeir eru fullgiltir með tilhlýðilegum hætti áður en þeir eru lagðir fram og notaðar í loftförum.

3. KERFI OG KERFISHLUTAR

3.1. Almennt

Kerfi og kerfishlutar rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, sem miðla upplýsingum til loftfara og frá þeim og á jörðu niðri, skulu hönnuð, framleidd, sett upp, þeim viðhaldið, þau varin gegn óheimilum aðgangi og starfrækt með tilhlýðilegum hætti til að tryggja að þau henti til fyrirhugaðra nota.

Kerfin og verklagsreglurnar skulu einkum taka til þeirra sem krafist er að styðji eftirfarandi starfsemi og þjónustu:

a) stjórnun loftrýmis,

b) flæðisstjórnun flugumferðar,

c) flugumferðarþjónustu, einkum fluggagnavinnslukerfi, kögunargagnavinnslukerfi og kerfi fyrir notendaskil,

d) fjarskipti, þ.m.t. fjarskipti milli jarðstöðva/loftrýmis, milli loftfara og jarðstöðva og milli loftfara/loftrýmis,

e) flugleiðsögu,

f) kögun,

g) upplýsingaþjónustu flugmála og

h) veðurþjónustu.

3.2. Heilleiki, afköst og áreiðanleiki kerfa og kerfishluta

Hvort heldur sem kerfum og kerfishlutum er komið fyrir í loftförum, á jörðu niðri eða í loftrými, skulu þau henta til fyrirhugaðra nota að því er varðar heilleika og öryggistengd afköst þeirra. Þau skulu uppfylla kröfur um nauðsynlegt afkastastig við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði og á heildarendingartíma þeirra.

Nota skal viðeigandi og fullgiltar verklagsreglur við hönnun, smíði, viðhald og rekstur kerfa og kerfishluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, með þeim hætti að samfelldur rekstur evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sé ávallt tryggður á öllum stigum flugs. Samfelldur rekstur felst einkum í upplýsingaskiptum, þ.m.t. allar upplýsingar sem máli skipta um rekstrarstöðu, í sameiginlegum skilningi á upplýsingum, sambærilegri nákvæmni í gagnavinnslu og tilheyrandi verklagsreglum en þetta gerir kleift að ná umsömdum, sameiginlegum rekstrarafköstum fyrir allt evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, að hluta eða í heild.

Evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess og kerfishlutar skulu styðja, á samræmdum grunni, nýjar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir sem auka gæði, sjálfbærni og skilvirkni flugleiðsöguþjónustu, einkum með tilliti til öryggis og afkasta.

Evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess og kerfishlutar skulu styðja stigvaxandi samræmingu almenningsflugs og herflugs, að því marki sem nauðsynlegt er fyrir skilvirka stjórnun loftrýmis og flæðisstjórnun flugumferðar, og örugga og skilvirka notkun loftrýmis allra notenda með því að koma hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í framkvæmd.

Til að ná þessum markmiðum skal evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess og kerfishlutar þeirra styðja tímanleg skipti milli borgaralegra og hernaðarlegra aðila á réttum og samræmdum upplýsingum sem taka til allra stiga flugsins, sbr. þó grundvallarhagsmuni í verndar- eða varnarmálum, þ.m.t. kröfur um trúnað.

3.3. Hönnun kerfa og kerfishluta

3.3.1. Kerfi og kerfishlutar skulu hönnuð til þess að uppfylla viðeigandi öryggis- og flugverndarkröfur.

3.3.2. Kerfi og kerfishlutar, hvort sem þau eru skoðuð öll saman, hvert fyrir sig eða í innbyrðis samhengi, skulu hönnuð með þeim hætti að öfugt samband ríki á milli líkinda þess að bilun hafi í för með sér heildarkerfisbilun og þess hversu alvarleg áhrif bilunarinnar eru fyrir öryggi þjónustunnar.

3.3.3. Kerfi og kerfishlutar, hvert fyrir sig eða í innbyrðis samhengi skulu hönnuð með tilliti til takmarkana á mannlegri getu og frammistöðu.

3.3.4. Kerfi og kerfishlutar skulu hönnuð með þeim hætti að þau og gögnin sem þau miðla séu varin gegn skaðlegu samspili við innri og ytri þætti.

3.3.5. Upplýsingum, sem eru nauðsynlegar vegna framleiðslu, uppsetningar, starfrækslu og viðhalds kerfa og kerfishluta, auk upplýsinga um ótrygg skilyrði, skal miðlað til starfsfólki á skýran, samræmdan og ótvíræðan hátt.

3.4. Áframhaldandi þjónustustig

Öryggisstigi kerfa og kerfishluta skal viðhaldið þegar þjónusta er veitt og við hvers konar breytingar á henni.

4. MENNTUN OG HÆFI FLUGUMFERÐARSTJÓRA

4.1. Almennt

Einstaklingur, sem fer í þjálfun sem flugumferðarstjóri eða flugumferðarstjóranemi skal vera nægilega þroskaður námslega, líkamlega og andlega til að afla sér, viðhalda og sýna fram á viðeigandi bóklega þekkingu og verklega færni.

4.2. Bókleg þekking

4.2.1. Flugumferðarstjóri skal afla sér þekkingar og viðhalda henni í samræmi við þau verkefni sem sinna þarf og í réttu hlutfalli við þá áhættu sem tengist tegund þjónustunnar.

4.2.2. Sýna skal fram á öflun og viðhald bóklegrar þekkingar með símati meðan á þjálfun stendur eða með viðeigandi prófum.

4.2.3. Viðhalda skal viðeigandi stigi bóklegrar þekkingar. Sýna skal fram á að eftir þessu sé farið með reglulegu mati eða prófum. Tíðni prófa skal vera í réttu hlutfalli við áhættustigið sem tengist tegund þjónustunnar sem er veitt.

4.3. Verkleg færni

4.3.1. Flugumferðarstjóri skal tileinka sér og viðhalda viðeigandi verklegri færni til að sinna verkefnum sínum. Slík færni skal vera í réttu hlutfalli við áhættuna, sem tengist tegund þjónustunnar, og skal a.m.k. taka til, ef það á við verkefnin sem unnin eru, eftirfarandi atriða:

a) verklagsreglna,

b) þátta sem tengjast tilteknum verkefnum,

c) óeðlilegs ástands og neyðarástands og

d) mannlegra þátta.

4.3.2. Flugumferðarstjóri skal sýna fram á að hann geti framfylgt tilheyrandi verklagsreglum og innt af hendi tilheyrandi verkefni með þeirri hæfni sem starfið krefst.

4.3.3. Viðhalda skal fullnægjandi hæfni á sviði verklegrar færni. Framkvæma skal reglulega mat til að ganga úr skugga um hvort farið sé að þessu. Tíðni matsins skal vera í réttu hlutfalli við flækju- og áhættustigið sem tengist tegund þjónustunnar sem veitt er og tegund verkefnanna sem unnin eru.

4.4. Tungumálakunnátta

4.4.1. Flugumferðarstjóri skal sýna fram á færni til að tala og skilja ensku að því marki að hann geti átt virk talsamskipti (símí/þráðlaus talfjarskipti) og samskipti augliti til auglitis um markviss og vinnutengd málefni, þ.m.t. þegar um neyðarástand er að ræða.

4.4.2. Flugumferðarstjóri skal einnig hafa færni til að tala og skilja eina eða fleiri þjóðtungur, að því marki sem lýst er hér að framan, ef það er nauðsynlegt í tengslum við veitingu flugumferðarþjónustu í skilgreindum hluta loftrýmis.

4.5. Flugþjálfar (STD)

Þegar flugþjálfar eru notaðir til verklegrar þjálfunar, að því er varðar skilning á aðstæðum og mannþáttafræði, eða til að sýna fram á að færni sé náð eða viðhaldið, skulu þeir geta hermt nægilega vel eftir vinnuumhverfi og starfræksluástandi sem er viðeigandi fyrir þá þjálfun sem veitt er.

4.6. Þjálfunarnámskeið

4.6.1. Þjálfun skal fara fram með þjálfunarnámskeiði, sem getur falið í sér bóklegar og verklegar leiðbeiningar, þ.m.t. þjálfun í flugþjálfa, ef við á.

4.6.2. Skilgreina skal og samþykkja þjálfunaráætlun fyrir hverja tegund námskeiðs.

4.7. Kennarar

4.7.1. Kennarar, sem eru með viðeigandi starfsréttindi, skulu annast bóklega kennslu. Þeir skulu:

a) búa yfir viðeigandi þekkingu á því sviði sem kennt er og

b) hafa sýnt fram á hæfni til að nota viðeigandi kennslutækni.

4.7.2. Kennsla í verklegri færni skal vera í höndum kennara með viðeigandi starfsréttindi og menntun og hæfi sem:

a) uppfylla kröfur um bóklega þekkingu og reynslu sem er viðeigandi fyrir þá kennslu sem á að veita,

b) hafa sýnt fram á hæfni til að kenna og nota viðeigandi kennslutækni,

c) hafa æft kennsluaðferðir í því verklagi sem fyrirhugað er að veita kennslu í og

d) fá reglulega upprifjunarþjálfun til að tryggja að kennslan sé ávallt í samræmi við það nýjasta sem í boði er.

4.7.3. Kennarar í verklegri færni skulu einnig hafa, eða hafa haft, rétt til þess að gegna hlutverki flugumferðarstjóra.

4.8. Matsmenn

4.8.1. Einstaklingar, sem bera ábyrgð á að meta færni flugumferðarstjóra, skulu:

a) hafa sýnt fram á getu til að meta hæfni flugumferðarstjóra og til að framkvæma prófanir og athuganir og

b) fá reglulega upprifjunarþjálfun til að tryggja að matskröfurnar séu ávallt í samræmi við það nýjasta sem í boði er.

4.8.2. Þeir sem meta verklega færni skulu einnig hafa, eða hafa haft, rétt til að gegna hlutverki flugumferðarstjóra innan þeirra svæða þar sem matið á að fara fram.

4.9. Heilbrigði flugumferðarstjóra

4.9.1. Allir flugumferðarstjórar skulu reglulega sýna fram á heilbrigði til að geta gegnt með fullnægjandi hætti starfi sínu. Fylgjast skal með að farið sé að þessum viðmiðunum með því að framkvæma viðeigandi mat þar sem tekið er tillit til hugsanlegs skerts andlegs og líkamlegs atgervis vegna aldurs.

4.9.2. Til þess að sýna fram á heilbrigði, sem felur í sér bæði líkamlega og andlega hæfni, skal sýna fram á að hvorki sé um sjúkdóm né fötlun að ræða, sem gerir þann aðila sem veitir flugstjórnarþjónustu (ATC) óhæfan:

a) til að inna af hendi, á viðeigandi hátt, þau verkefni sem nauðsynleg eru til að veita flugstjórnarþjónustu,

b) til að gegna þeim störfum sem honum eru falin, hvenær sem er, eða

c) til að skynja umhverfið með réttum hætti.

4.9.3. Ef ekki er hægt að sýna fram á heilbrigði með fullnægjandi hætti er heimilt að gera ráðstafanir til úrbóta sem veita sambærilegt öryggi.

5. ÞJÓNUSTUVEITENDUR OG ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKI

5.1. Þjónusta skal ekki veitt nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) Þjónustuveitandinn skal hafa beint eða í gegnum samninga við þriðju aðila þau tilföng sem nauðsynleg eru með tilliti til stærðar og umfangs þjónustunnar; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau, kerfi, aðstaða, þ.m.t. aflgjafi, stjórnunarfyrirkomulag, starfsfólk, búnaður og viðhald hans, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) þjónustuveitandinn skal útbúa og uppfæra reglulega stjórnunar- og rekstrarhandbækur, að því er varðar veitingu þjónustu sinnar, og starfa í samræmi við þær; slíkar handbækur skulu hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklagsreglur um reksturinn, stjórnunarkerfið og starfsfólk flugrekstrarsviðs þannig að það geti sinnt skyldustörfum sínum,

c) eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, skal þjónustuveitandinn innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi,

d) þjónustuveitandinn skal einungis hafa starfsfólk með viðeigandi réttindi og þjálfun og hrinda í framkvæmd og viðhalda þjálfunar- og matsáætlunum fyrir starfsfólk,

e) þjónustuveitandinn skal koma á formlegum tengslum við alla sem kunna að hafa bein áhrif á öryggi þjónustu þeirrar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í þessum viðauka,

f) þjónustuveitandinn skal koma á fót og hrinda í framkvæmd viðbragðsáætlun sem tekur til neyðarástands og óeðlilegs ástands sem getur skapast í tengslum við þjónustuna, þ.m.t. að bregðast við atburðum sem hafa í för með sér verulega skerðingu eða truflun á starfseminni,

g) þjónustuveitandinn skal koma á tilkynningarkerfi um atvik sem hluta af stjórnunarkerfinu, skv. c-lið, til að stuðla að því markmiði að auka stöðugt öryggi. Tilkynningakerfið um atvik skal samrýmast gildandi lögum Sambandsins og

h) þjónustuveitandinn skal gera ráðstafanir til að ganga úr skugga um hvort öll kerfi og kerfishlutar, sem eru starfrækt, uppfylli ávallt öryggiskröfur.

5.2. Flugstjórnarþjónusta skal ekki veitt nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) nota skal vaktaskipan til að koma í veg fyrir þreytu starfsfólks sem veitir flugstjórnarþjónustu; slík vaktaskipan þarf að taka til vakta, vinnutíma og aðlögunar hvíldartíma; í takmörkunum, sem settar eru innan vaktaskipunarinnar, skal tekið tillit til viðeigandi þátta sem stuðla að þreytu s.s. svefnleysis, truflunar á dægursveiflu, næturvinnu, uppsafnaðs vinnutíma á tilteknu tímabili og einnig þegar úthlutuðum verkefnum er dreift á milli starfsfólks,

b) koma skal í veg fyrir streitu starfsfólks sem veitir flugstjórnarþjónustu með þjálfunar- og forvarnaráætlunum,

c) veitandi flugstjórnarþjónustu skal innleiða verklagsreglur til að sjá til þess að starfsfólk, sem veitir flugstjórnar-þjónustuna, hafi hvorki skerta dómgreind né ófullnægjandi heilbrigði og

d) veitandi flugstjórnarþjónustu skal, í tengslum við skipulagningu og starfrækslu, taka tillit til starfrækslu- og tæknitakmarkana auk grunnreglna um mannþáttafræði.

5.3. Fjarskipta-, leiðsögu og/eða kögunarþjónusta skal ekki veitt nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

sá sem veitir þjónustu skal upplýsa viðeigandi loftrýmisnotendur og flugumferðarþjónustudeildir tímanlega um starfrækslustöðu (og breytingar á henni) þeirrar flugumferðarþjónustu sem hann veitir.

5.4. Þjálfunarfyrirtæki

Þjálfunarstöðvar, þar sem boðið er upp á þjálfun fyrir starfsfólk sem veitir flugstjórnarþjónustu, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) hafa yfir að ráða öllum þeim tilföngum sem nauðsynleg eru fyrir þau ábyrgðarsvið sem tengjast starfsemi þeirra; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau, aðstaða, starfsfólk, búnaður, aðferðir, skráning verkefni, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) eins og við á fyrir þá þjálfun sem veitt er og umfang fyrirtækisins, skal innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu, þ.m.t. áhættu sem tengist rýrnandi gæðum þjálfunar, og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi og

c) koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja áframhaldandi samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka.

6. FLUGLÆKNAR OG FLUGLÆKNASETUR

6.1. Fluglæknar

Fluglæknir verður að:

a) vera með starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf,

b) hafa fengið þjálfun í fluglæknisfræði og reglulega upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði til að tryggja að matskröfur séu ávallt í samræmi við það nýjasta sem í boði er og

c) hafa aflað sér hagnýtrar þekkingar og reynslu af starfsaðstæðum flugumferðarstjóra.

6.2. Fluglæknasetur

Fluglæknasetur verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) hafa til umráða öll þau tilföng sem nauðsynleg eru fyrir þau skyldustörf sem tengjast réttindum þeirra; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau: aðstaða, starfsfólk, búnaður, tæki og efniviður, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

b) eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi og

c) koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja áframhaldandi samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka.

———

IX. VIÐAUKI

Grunnkröfur fyrir ómönnuð loftför

1. GRUNNKRÖFUR FYRIR HÖNNUN, FRAMLEIÐSLU, VIÐHALD OG STARFRÆKSLU ÓMANNAÐRA LOFTFARA

1.1. Umráðandi og fjarflugmaður ómannaðs loftfars verða að vera meðvitaðir um gildandi reglur Sambandsins og landsreglur um fyrirhugaða starfrækslu, einkum að því er varðar öryggi, friðhelgi einkalífs, gagnavernd, bótaábyrgð, tryggingar, flug- og umhverfisvernd. Umráðandinn og fjarflugmaðurinn verða að geta tryggt örugga starfrækslu og öruggan aðskilnað ómannaða loftfarsins frá fólki á jörðu niðri og frá öðrum loftrýmisnotendum. Þetta tekur til góðrar þekkingar á notkunarleiðbeiningum framleiðandans um örugga og umhverfisvæna notkun á ómönnuðu loftfari í loftrýminu og um alla viðeigandi virkni ómannaða loftfarsins og gildandi flugreglur sem og verklagsreglur um rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu.

1.2. Hanna skal og smíða ómannað loftfar þannig að það gegni fyrirhuguðu hlutverki sínu og hægt sé að nota það, stilla það og halda því við án þess að það hafi í för með sér áhættu fyrir fólk.

1.3. Ef nauðsynlegt reynist til að draga úr áhættu varðandi öryggi, friðhelgi einkalífs, vernd persónuupplýsinga og flug- eða umhverfisvernd í tengslum við starfrækslu ómannaðs loftfars verður loftfarið að hafa samsvarandi og sértæka þætti og virkni þar sem tekið er tillit til meginreglnanna um innbyggða og sjálfgefna friðhelgi einkalífsins og vernd persónuupplýsinga. Í samræmi við þarfirnar verða þessir þættir og virkni að tryggja að auðvelt sé að auðkenna loftfarið og eðli og tilgang starfrækslunnar, auk þess að tryggja að farið sé að gildandi takmörkunum, bönnum eða skilyrðum, einkum þegar um er að ræða starfrækslu á tilteknu landfræðilegu svæði, umfram tilteknar fjarlægðir frá umráðandanum eða við tiltekna hæð.

1.4. Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á framleiðslu eða markaðssetningu ómannaða loftfarsins, verður að veita umráðanda þess og, þar sem við á, viðhaldsfyrirtækinu upplýsingar um þá tegund starfrækslu sem ómannaða loftfarið er ætlað fyrir ásamt takmörkunum og nauðsynlegum upplýsingum um örugga starfrækslu þess, þ.m.t. árangur á sviði starfrækslu- og umhverfismála, takmarkanir á lofthæfi og verklagsreglur í neyðartilvikum. Þessar upplýsingar skulu tilgreindar á skýran, samræmdan og ótvíræðan hátt. Starfhæfni ómannaðs loftfars, sem hægt er að nota við starfrækslu og krefst hvorki vottorðs né yfirlýsingar, verður að gefa kost á innleiðingu takmarkana sem uppfylla reglur um loftrými sem gilda um slíka starfrækslu.

2. VIÐBÓTARGRUNNKRÖFUR FYRIR HÖNNUN, FRAMLEIÐSLU, VIÐHALD OG STARFRÆKSLU ÓMÖNNUÐU LOFTFARANNA SEM UM GETUR Í 1. OG 5. MGR. 56. GR.

Að teknu tilliti til markmiðanna, sem sett eru fram í 1. gr., verður að uppfylla eftirfarandi kröfur til að tryggja öryggi fólks á jörðu niðri og annarra loftrýmisnotenda meðan á starfrækslu ómannaðra loftfarsins stendur, með tilliti til áhættustigs starfrækslunnar, eftir því sem þörf krefur:

2.1. Lofthæfi

2.1.1. Hanna verður ómannað loftfar á þann hátt eða það verður að fela í sér hönnunareiginleika eða hönnunarþætti svo unnt sé að sýna fram á fullnægjandi öryggi einstaklingsins sem stýrir ómannaða loftfarinu eða þriðju aðila í lofti eða á jörðu niðri.

2.1.2. Ómannað loftfar verður að búa yfir heilleika framleiðsluvöru sem er í réttu hlutfalli við áhættuna í tengslum við öll fyrirsjáanleg flugskilyrði.

2.1.3. Ómannað loftfar verður að vera viðráðanlegt með tilliti til öryggis og láta að stjórn, eftir því sem þörf krefur, við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum. Taka verður tilhlýðilegt tillit til mannlegra þátta, einkum tiltækrar þekkingar um þætti sem stuðla að því að menn geti unnið við tæknilega starfrækslu á öruggan hátt.

2.1.4. Ómannað loftfar og hreyflar þess, loftskrúfur, hlutar, óuppsettur búnaður og búnaður til að fjarstýra ómannaða loftfarinu verður að starfa eins og ráðgert er við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði innan starfræksluramma loftfarsins, sem það var hannað fyrir, og nægilega langt út fyrir hann.

2.1.5. Ómannað loftfar og hreyflar þess, loftskrúfur, hlutar, óuppsettur búnaður og búnaður til að fjarstýra loftfarinu, hvert fyrir sig eða í tengslum við hvert annað, verða að vera hönnuð á þann hátt að líkurnar á bilunum og alvarleiki áhrifa þeirra á fólk á jörðu niðri og aðra loftrýmisnotendur takmarkist við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr.

2.1.6. Hvers konar búnaður til að fjarstýra ómönnuðu loftfari, sem er hluti af starfrækslunni, verður að vera þannig að hann greiði fyrir starfrækslu flugs, þ.m.t. leiðir til að skapa næmi á aðstæður, og stjórnun allra fyrirsjáanlegra aðstæðna og neyðaraðstæðna.

2.1.7. Fyrirtæki, sem taka þátt í að hanna ómannað loftfar, hreyfla og loftskrúfur, verða að gera varúðarráðstafanir til að lágmarka hættur í tengslum við bæði innri og ytri skilyrði ómannaða loftfarsins og kerfi þess sem reynslan hefur sýnt að hafi áhrif á öryggi. Í þessu felst vörn gegn truflunum með því að nota rafrænar aðferðir.

2.1.8. Framleiðsluferlið, efnin og íhlutirnir, sem eru notaðir við framleiðslu ómannaða loftfarsins, verða að fela í sér fullnægjandi og endurtakanlega eiginleika sem og afkastagetu sem samrýmist hönnunareiginleikunum.

2.2. Fyrirtæki

Fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun, framleiðslu, viðhaldi, starfrækslu og tengdri þjónustu ómannaða loftfarsins ásamt tilheyrandi þjálfun, skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) fyrirtækið verður að hafa öll nauðsynleg tilföng miðað við umfang verksins og tryggja að farið sé að grunnkröfunum og framseldu gerðinni, sem um getur í 58. gr., og framkvæmdargerðunum, sem um getur í 57. gr., sem skipta máli fyrir starfsemi þess,

b) fyrirtækið verður að innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við viðeigandi grunnkröfur, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi; slíkt stjórnunarkerfi verður að vera í réttu hlutfalli við þá tegund starfsemi sem fer fram í fyrirtækinu og stærð þess,

c) fyrirtækið verður að koma á tilkynningarkerfi um atvik sem hluta af öryggisstjórnunarkerfinu til að stuðla að því að auka stöðugt öryggi; slíkt tilkynningakerfi verður að vera í réttu hlutfalli við þá tegund starfsemi sem fer fram í fyrirtækinu og stærð þess,

d) fyrirtækið verður að koma á fyrirkomulagi, ef við á, með öðrum fyrirtækjum til að tryggja áframhaldandi samræmi við viðeigandi grunnkröfur.

2.3. Einstaklingar sem tengjast starfrækslu ómannaðs loftfars.

Allir einstaklingar sem taka þátt í starfrækslu ómannaðs loftfars, þ.m.t. fjarflugmaðurinn, skulu búa yfir tilskilinni þekkingu og nauðsynlegri færni til að tryggja örugga starfrækslu sem er í réttu hlutfalli við áhættuna sem tengist tegund starfrækslunnar. Þessi einstaklingur skal einnig sýna fram á heilbrigði, ef slíkt reynist nauðsynlegt til að draga úr áhættunni sem tengist viðkomandi starfrækslu.

2.4. Starfræksla

2.4.1. Umráðandi ómannaðs loftfars ber ábyrgð á starfrækslunni og verður að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi hennar.

2.4.2. Flug verður að fara fram í samræmi við gildandi lög, ákvæði og verklagsreglur sem varða framkvæmd tiltekinna skyldustarfa og gilda um svæðið, loftrýmið, flugvellina eða staði sem fyrirhugað er að nota og, þar sem við á, tengd flugumferðar-/flugleiðsöguþjónustukerfi.

2.4.3. Starfræksla ómannaðs loftfars verður að tryggja öryggi þriðju aðila á jörðu niðri og annarra loftrýmisnotenda og lágmarka áhættuna af völdum skaðlegra ytri og innri skilyrða, þ.m.t. umhverfisaðstæður, með því að viðhalda viðeigandi aðskilnaði á öllum stigum flugsins.

2.4.4. Einungis má starfrækja ómannað loftfar ef það er í lofthæfu ástandi og ef búnaðurinn og aðrir íhlutir og þjónustan, sem eru nauðsynleg fyrir fyrirhugaða starfrækslu, eru tiltæk og starfhæf.

2.4.5. Ómannað loftfar og starfræksla þess verður að virða þau réttindi sem eru tryggð samkvæmt lögum Sambandsins.

2.4.6. Umráðandi ómannaðs loftfars verður að tryggja að loftfarið sé búið nauðsynlegum leiðsögubúnaði, fjarskiptabúnaði, kögunarbúnaði, búnaði til að greina og forðast tíðnisvið sem þegar eru í notkun, sem og öðrum búnaði sem telst nauðsynlegur fyrir öryggi fyrirhugaðs flugs, að teknu tilliti til þess hvers eðlis starfrækslan er, reglna um flugumferð og flugreglna sem gilda á hvaða stigi flugsins sem er.

2.5. Grunnkröfur varðandi rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðniróf fyrir ómannað loftfar, sem og tengda hreyfla, loftskrúfur, hluta og óuppsettan búnað þar sem hönnunin hefur verið vottuð í samræmi við 1. mgr. 56. gr., er einungis ætlað að starfa á tíðnisviðum sem úthlutað hefur verið samkvæmt alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir varða flugfjarskiptanotkun

2.5.1. Þessi ómönnuðu loftför, hreyflar, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður, skulu hönnuð og framleidd með hliðsjón af nýjustu tækni svo tryggt sé að:

a) rafsegultruflun sem þau mynda fari ekki yfir þau mörk þar sem þráðlaus búnaður og fjarskiptabúnaður eða annar búnaður virkar ekki eins og til er ætlast og

b) þau hafi ónæmismörk fyrir rafsegultruflunum sem geri þeim kleift að starfa án óásættanlegrar skerðingar eins og til er ætlast.

2.5.2. Þessi ómönnuðu loftför, hreyflar, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður skulu hönnuð og framleidd með hliðsjón af nýjustu tækni svo tryggt sé að þau noti fjarskiptatíðniróf á skilvirkan hátt og styðji skilvirka notkun þess til þess að forðast skaðlegar truflanir.

3. GRUNNUMHVERFISKRÖFUR FYRIR ÓMÖNNUÐ LOFTFÖR

Ómannað loftfar skal uppfylla kröfur um árangur í umhverfismálum sem settar eru fram í III. viðauka.

4. GRUNNKRÖFUR UM SKRÁNINGU ÓMANNAÐRA LOFTFARA OG UMRÁÐENDA ÞEIRRA OG MERKINGU ÓMANNAÐRA LOFTFARA

4.1. Með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Chicago-samningnum skal ómannað loftfar, þar sem hönnun þess er háð vottun skv. 1. mgr. 56. gr., skráð í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 57. gr.

4.2. Umráðendur ómannaðra loftfara skulu skráðir, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 57. gr., ef þeir starfrækja eitthvað af eftirfarandi:

a) ómannað loftfar sem getur, ef um árekstur er að ræða, yfirfært meira en 80 júl af hreyfiorku á manneskju,

b) ómannað loftfar þar sem starfræksla þess skapar áhættu fyrir friðhelgi einkalífsins, vernd persónuupplýsinga og flug- eða umhverfisvernd,

c) ómannað loftfar þar sem hönnun þess er háð vottun skv. 1. mgr. 56. gr.

4.3. Ef krafa um skráningu gildir, samkvæmt liðum 4.1 eða 4.2, skal hvert ómannað loftfar merkt og auðkennt, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 57. gr.

———

X. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 216/2008	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. og 2. mgr. 2. gr.
2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. mgr. 1. gr.	5. mgr. 2. gr.
2. gr.	1. gr.
3. gr.	3. gr.
a-liður 1. mgr. 4. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.
b-liður 1. mgr. 4. gr.	i. liður b-liðar 1. mgr. 2. gr.
c-liður 1. mgr. 4. gr.	ii. liður b-liðar 1. mgr. 2. gr.
—	iii. liður b-liðar 1.°mgr. 2.°gr.
d-liður 1. mgr. 4. gr.	c-liður 1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 4. gr.	b- og c-liður 1. mgr. 2. gr.
3. mgr. a í 4. gr.	d- og e-liður 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr.
—	4. mgr. 2. gr.
—	6. mgr. 2. gr.
3. mgr. b í 4. gr.	7. mgr. 2. gr.
3. mgr. c í 4. gr.	g-liður 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr.
4. og 5. mgr. 4. gr.	d-liður 3. mgr. 2. gr.
6. mgr. 4. gr.	—
—	8. til 11. mgr. 2. gr.
—	4. gr.
—	5. gr.
—	6. gr.
—	7. gr.
—	8. gr.
1., 2. og 3. mgr. 5. gr.	9.–16. gr.
a- og b-liður 4. mgr. 5. gr.	2. mgr. 18. gr.
c-liður 4. mgr. 5. gr.	b-liður 1. mgr. 18. gr.
—	a-liður 1. mgr. 18. gr.
5. mgr. 5. gr.	17. og 19. gr.
6. mgr. 5. gr.	4. gr.
6. gr.	2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 19. gr.
1. og 2. mgr. 7. gr.	20. og 21. gr.
4. mgr. 8. gr.	22. gr.
3.–7. mgr. 7. gr.	23.–28. gr.
1.–3. mgr. 8. gr.	29. gr., 1.–3. mgr. 30. gr
—	4.–7. mgr. 30. gr.
5. mgr. 8. gr.	31. og 32. gr.

Reglugerð (EB) nr. 216/2008	Þessi reglugerð
6. mgr. 8. gr.	4. gr.
1.–5. mgr. 8. gr. a	33.–39. gr.
6. mgr. 8. gr. a	4. gr.
1.–6. mgr. 8. gr. b	40.–47. gr.
7. mgr. 8. gr. b	4. gr.
1.–10. mgr. 8. gr. c	48.–54. gr.
11. mgr. 8. gr. c	4. gr.
—	55.–58. gr.
9. gr.	59.–61. gr.
1.–3. mgr. 10. gr.	1. og 2. mgr. 62. gr.
—	3.–8. mgr. 62. gr.
4. mgr. 10. gr.	9. mgr. 62. gr.
—	10.–12. mgr. 62. gr.
5. mgr. 10. gr.	13.–15. mgr. 62. gr.
—	63. gr.
—	64. gr.
—	65. gr.
—	66. gr.
1.–3. mgr. 11. gr.	1.–3. mgr. 67. gr.
4.–5. mgr. b í 11. gr.	—
6. mgr. 11. gr.	4. mgr. 67. gr.
12. gr.	68. gr.
13. gr.	69. gr.
1.–3. mgr. 14. gr.	70. gr.
4.–7. mgr. 14. gr.	71. gr.
15. gr.	72. gr.
16. gr.	73. gr.
—	74. gr.
17. gr.	75. gr.
18. gr.	1.–5. mgr. 76. gr.
19. gr.	1.–5. mgr. 76. gr.
20. gr.	77. gr.
21. gr.	78. gr.
1. mgr. 22. gr.	6. mgr. 76. gr.
2. mgr. 22. gr.	7. mgr. 76. gr.
—	79. gr.
22. gr. a	80. gr.
22. gr. b	81. gr.
23. gr.	1. og 2. mgr. 82. gr.
—	3. mgr. 82. gr.

Reglugerð (EB) nr. 216/2008	Þessi reglugerð
24. og 54. gr.	85. gr.
25. gr.	84. gr.
26. gr.	1.–4. mgr. 86. gr.
—	5. mgr. 86. gr.
—	87. gr.
—	88. gr.
—	89. gr.
27. gr.	1.–3. mgr. 90. gr.
—	4.–6. mgr. 90. gr.
—	91. gr.
—	92. gr.
—	93. gr.
1. og 2. mgr. 28. gr.	1. og 2. mgr. 94. gr.
—	3. mgr. 94. gr.
3. og 4. mgr. 28. gr.	4. og 5. mgr. 94. gr.
1. mgr. 29. gr.	1. mgr. 95. gr.
2. mgr. 29. gr.	m-liður 2. mgr. og 6. mgr. 98. gr.
3. mgr. 29. gr.	—
—	2. mgr. 95. gr.
30. gr.	96. gr.
31. gr.	97. gr.
1. mgr. 32. gr.	3. mgr. 119. gr.
2. mgr. 32. gr.	6. mgr. 119. gr.
33. gr.	1.–5. mgr. 98. gr.
1. mgr. 34. gr.	1. og 2. mgr. 99. gr.
—	3. mgr. 99. gr.
2. og 3. mgr. 34. gr.	4. og 5. mgr. 99. gr.
35. gr.	100. gr.
36. gr.	101. gr.
1.–3. mgr. 37. gr.	1.–3. mgr. 102. gr.
—	4. mgr. 102. gr.
1.–3. mgr. 38. gr.	1.–3. mgr. 104. gr.
—	4. mgr. 104. gr.
39. gr.	—
—	103. gr.
40. gr.	105. gr.
1. mgr. 41. gr.	—
2. og 3. mgr. 41. gr.	1. mgr. 106. gr.
4. mgr. 41. gr.	—
5. mgr. 41. gr.	6. mgr. 106. gr.
42. gr.	2.–5. mgr. 106. gr.

Reglugerð (EB) nr. 216/2008	Þessi reglugerð
43. gr.	107. gr.
44. gr.	108. gr.
45. gr.	109. gr.
46. gr.	110. gr.
47. gr.	111. gr.
48. gr.	112. gr.
49. gr.	113. gr.
50. gr.	1., 2. og 4. mgr. 114. gr.
51. gr.	3. mgr. 114. gr.
1.–3. mgr. 52. gr.	115. gr.
4. mgr. 52. gr.	6. mgr. 76. gr.
1. og 2. mgr. 53. gr.	116. gr.
3. mgr. 53. gr.	6. mgr. 76. gr.
54. gr.	85. gr.
55. gr.	83. gr.
56. gr.	117. gr.
57. gr.	118. gr.
1. og 2. mgr. 58. gr.	1. og 2. mgr. 119. gr.
—	4. mgr. 119. gr.
3. mgr. 58. gr.	5. mgr. 119. gr.
4. mgr. 58. gr.	2. mgr. 132. gr.
1.–4. mgr. 59. gr.	1.–4. mgr. 120. gr.
—	5. mgr. 120. gr.
5.–11. mgr. 59. gr.	6.–12. mgr. 120. gr.
60. gr.	121. gr.
61. gr.	122. gr.
—	123. gr.
62. gr.	124. gr.
63. gr.	125. gr.
1. og 3. mgr. 64. gr.	4. mgr. 126. gr.
2. mgr. 64. gr.	—
4. mgr. 64. gr.	1. mgr. 126. gr.
5. mgr. 64. gr.	2. mgr. 126. gr.
—	3. mgr. 126. gr.
65. gr.	127. gr.
65. gr. a	—
—	128. gr.
66. gr.	129. gr.
—	130. gr.
67. gr.	—

Reglugerð (EB) nr. 216/2008	Þessi reglugerð
68. gr.	131. gr.
—	1. mgr. 132. gr.
4. mgr. 58. gr.	2. mgr. 132. gr.
69. gr.	—
—	133. gr.
—	134. gr.
—	135. gr.
—	136. gr.
—	137. gr.
—	138. gr.
—	139. gr.
—	140. gr.
70. gr.	141. gr.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/897 **2023/EES/62/10**

frá 12. mars 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar að fella inn í I. viðauka áhættumiðaða sannprófun á því að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og framkvæma kröfur um umhverfisvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 á Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) að annast störf og verkefni hönnunar-, framleiðslu- eða skráningarríkisins, sem tengjast vottun hönnunar, fyrir hönd aðildarríkjanna. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 77. gr., í tengslum við a-lið 2. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, á Flugöryggisstofnunin að taka á móti og meta umsóknirnar sem henni berast og gefa út viðeigandi vottorð. Í þessu skyni á Flugöryggisstofnunin að ákvarða og tilkynna umsækjandanum um vottunargrunn, viðeigandi kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu.

2) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([2]) á umsækjandi að fá afhent vottorð, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, eftir að sýnt hefur verið fram á að framleiðsluvaran, sem á að votta, uppfylli kröfur viðeigandi vottunargrunns, þ.m.t. viðeigandi vottunarforskrift fyrir lofthæfi og kröfur um umhverfisvernd. Umsækjendur um þessi vottorð eiga að sýna fram á að þeir uppfylli að öllu leyti alla þætti hins ákvarðaða vottunargrunns. Í samræmi við 83. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 á Flugöryggisstofnunin sjálf, eða með aðstoð flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila, að framkvæma rannsóknir sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd vottunarverkefna hennar. Flugöryggisstofnunin metur umsóknirnar en þess er ekki krafist að hún geri ítarlegar rannsóknir á öllum tilvikum skv. 83. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139. Þar af leiðandi, til að draga betur úr hvers konar öryggisáhættu sökum valkvæðra rannsókna og til að bæta skilvirkni, gagnsæi og fyrirsjáanleika vottunarferlisins, ætti að láta í té ákveðnar valviðmiðanir svo hægt sé að ákvarða hvers konar form af uppfyllingu krafna Flugöryggisstofnunin ætti að sannprófa og hversu ítarleg sannprófunin ætti að vera. Þessar viðmiðanir ættu að byggjast á öryggiseftirliti og meginreglum um stjórnun sem settar eru fram í 19. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur „Chicago-samningurinn“).

3) Enn fremur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 748/2012, eiga handhafar samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki að taka tilteknar ákvarðanir um vottun, í stað Flugöryggisstofnunarinnar, í samræmi við skilmála samþykkis þeirra og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 3.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

samkvæmt viðeigandi verklagsreglum hönnunartryggingarkerfisins. Á grundvelli fenginnar reynslu af þessum núverandi réttindum og til að draga úr stjórnsýsluálagi, að teknu tilliti til áhættunnar fyrir flugöryggi og krafna um umhverfisvernd, ættu handhafar samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki einnig að eiga rétt á að votta tilteknar meiri háttar breytingar á tegundarvottorðum og gefa út tiltekin viðbótartegundarvottorð. Til að draga úr áhættu fyrir flugöryggi og með hliðsjón af kröfum um umhverfisvernd ættu þessi nýju réttindi einungis að tengjast útgáfu vottorða fyrir meiri háttar breytingar með takmörkuðum nýjungum og einungis ætti að veita þau þeim handhöfum sem geta neytt þessara nýju réttinda á réttan hátt. Sýna ætti fram á hið síðarnefnda með því að sýna fram á fullnægjandi árangur í tengslum við fyrri, svipaðar, meiri háttar breytingar með þátttöku Flugöryggisstofnunarinnar.

4) Fyrir skýrleika sakir ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 á þann hátt að í A-hluta séu settar fram kröfur sem gilda eingöngu um umsækjendur um og handhafa hvers konar vottorða sem hafa verið gefin út eða verða gefin út í samræmi við þann viðauka og í B-hluta hans eru settar fram kröfur sem gilda eingöngu um lögbær yfirvöld, þ.m.t. Flugöryggisstofnunina.

5) Flugrekendur eiga að framkvæma reynsluflug vegna viðhalds til að tryggja eðlilega starfsemi tiltekinna loftfarskerfa sem ekki er hægt að sannprófa á jörðu niðri. Slys eða alvarleg flugatvik, sem áður hafa komið upp meðan á þessum flugum stendur, leiða í ljós að ekki ætti að framkvæma tiltekin reynsluflug vegna viðhalds samkvæmt lofthæfisvottorði (eða takmörkuðu lofthæfisvottorði) heldur ætti að krefjast flugleyfis. Þar af leiðandi ætti að bæta flugi loftfars vegna bilanaleitar eða til að athuga starfsemi eins eða fleiri kerfa, hluta eða búnaðar vegna viðhalds í skrána yfir flug þar sem flugleyfis er krafist.

6) Leiðrétta ætti tiltekið misræmi milli reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 og reglugerðar (ESB) 2018/1139 að því er varðar inntak tegundarvottunargrunnsins og tilkynningarferlið.

7) Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 er þess krafist, að því er varðar hljóðstig og losun, að loftför og hreyflar þeirra, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður uppfylli kröfurnar um umhverfisvernd, sem settar eru fram í 12. breytingu á I. bindi, í 9. breytingu á II. bindi og í fyrstu útgáfu af III. bindi í 16. viðauka við Chicago-samninginn, sem gilda frá og með 1. janúar 2018.

8) Þar af leiðandi ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til að endurspegla kröfurnar um umhverfisvernd sem settar eru fram í 16. viðauka við Chicago-samninginn. Þar sem í 16. viðauka við Chicago-samninginn er kveðið á um undanþágur frá kröfunum um umhverfisvernd fyrir sérstaka hreyfla eða loftför ætti þar að auki í reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að gefa framleiðslufyrirtækjum kost á að sækja um undanþágur frá umhverfiskröfunum hjá lögbæru yfirvaldi sínu.

9) Þar að auki ætti, til að útrýma tæknilegum vandamálum sem koma upp vegna beitingar krafna og ráðlagðra starfsvenja og tilheyrandi leiðbeininga um vottun loftfara og hreyfla, að breyta tilteknum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 til að bæta skýrleika þeirra.

10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.

11) Nauðsynlegt er að gefa öllum hlutaðeigandi aðilum nægan tíma til að laga sig að þessum breytta regluramma sem er afleiðing af þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti 07/2016 ([3]), 01/2017 ([4]) og 09/2017 ([5]) sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1) Eftirfarandi k-liður bætist við 2. mgr. 1. gr.:

„k) „gögn um örugga starfrækslu“ (OSD): gögn sem eru hluti af tegundarvottorði, takmörkuðu tegundarvottorði eða viðbótartegundarvottorði loftfars sem samanstendur af öllu eftirfarandi:

i. lágmarksnámsefni fyrir þjálfun til tegundarréttinda flugmanna, þ.m.t. ákvörðun um tegundaráritun,

([3]) Álit 07/2016: Kröfur varðandi umfang þátttöku felldar inn í 21. hluta (*Embodiment of level of involvement requirements into Part-21*).
([4]) Álit 01/2017: Reynsluflug vegna viðhalds (*Maintenance check flights*).
([5]) Álit 09/2017: Framkvæmd CAEP/10-breytinganna varðandi loftlagsbreytingar, losun og hljóðstig (*Implementation of the CAEP/10 amendments on climate change, emissions and noise*).

ii. skilgreiningu á gildissviði gagnaheimilda um fullgildingu loftfars til að styðja við hlutlausa viðurkenningu herma eða bráðabirgðagögn sem styðja starfsréttindi þeirra til bráðabirgða,

iii. lágmarksnámsefni fyrir þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda, þ.m.t. ákvörðun um tegundaráritun,

iv. ákvörðun um tegund eða afbrigði fyrir öryggis- og þjónustuliða og tiltekin gögn fyrir öryggis- og þjónustuliða,

v. grunnlista yfir lágmarksbúnað.“

2) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 9. gr.:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. getur framleiðslufyrirtækið sótt um undanþágur frá umhverfiskröfunum, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 (*), hjá lögbæra yfirvaldinu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

3) Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með [*útgáfuskrifstofa ESB skal vinsamlegast færa inn dagsetningu: níu mánuðum eftir gildistökudag*], að undanskilinni 2. mgr. 1. gr. og 11. lið, 13.–14. lið, 23.–26. lið, 28. lið, 30. lið, lið 21.B.85 í 40. og 43. lið í viðaukanum sem skal gilda frá og með*[útgáfuskrifstofa ESB skal vinsamlegast færa inn gildistökudag]*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„*Efnisyfirlit*

21.1 Almenn ákvæði

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

21.A.1 Gildissvið

21.A.2 Verk, unnin af öðrum en umsækjanda um vottorð eða handhafa vottorðs

21.A.3A Bilanir, ólag og gallar

21.A.3B Lofthæfifyrirmæli

21.A.4 Samræming hönnunar og framleiðslu

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.A.11 Gildissvið

21.A.13 Gjaldgengi

21.A.14 Sýnt fram á getu

21.A.15 Umsókn

21.A.19 Breytingar sem útheimta nýtt tegundarvottorð

21.A.20 Sýnt fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar

21.A.21 Kröfur um útgáfu tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs

21.A.31 Tegundarhönnun

21.A.33 Skoðanir og prófanir

21.A.35 Flugprófun

21.A.41 Tegundarvottorð

21.A.44 Skyldur handhafa

21.A.47 Framsalshæfi

21.A.51 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.55 Skráahald

21.A.57 Handbækur

21.A.61 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

21.A.62 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

21.A.90A Gildissvið

21.A.90B Staðlaðar breytingar

21.A.91 Flokkun breytinga á tegundarvottorði

21.A.92 Gjaldgengi

21.A.93 Umsókn

21.A.95 Kröfur um samþykki fyrir minni háttar breytingu

21.A.97 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingu

21.A.101 Tegundarvottunargrunnur, vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21.A.105 Skráahald

21.A.107 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

21.A.108 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

21.A.109 Skyldur og EPA-merking

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21.A.111 Gildissvið

21.A.112A Gjaldgengi

21.A.112B Sýnt fram á getu

21.A.113 Umsókn um viðbótartegundarvottorð

21.A.115 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingar í formi viðbótartegundarvottorðs

21.A.116 Framsalshæfi

21.A.117 Breytingar á þeim hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til

21.A.118A Skyldur og EPA-merking

21.A.118B Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.119 Handbækur

21.A.120A Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

21.A.120B Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.121 Gildissvið

21.A.122 Gjaldgengi

21.A.124 Umsókn

21.A.125A Útgáfa staðfestingar á samkomulagi

21.A.125B Frávik

21.A.125C Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.126 Framleiðslueftirlitskerfi

21.A.127 Prófanir: loftför

21.A.128 Prófanir: hreyflar og loftskrúfur

21.A.129 Skyldur framleiðanda

21.A.130 Samræmisyfirlýsing

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.131 Gildissvið

21.A.133 Gjaldgengi

21.A.134 Umsókn

21.A.135 Útgáfa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

21.A.139 Gæðakerfi

21.A.143 Starfsemislýsing

21.A.145 Skilyrði fyrir samþykki

21.A.147 Breytingar á samþykktu framleiðslufyrirtæki

21.A.148 Breytingar á staðsetningu

21.A.149 Framsalshæfi

21.A.151 Skilmálar samþykkis
21.A.153 Breytingar á skilmálum samþykkis
21.A.157 Rannsóknir
21.A.158 Frávik
21.A.159 Gildistími og áframhaldandi gildi
21.A.163 Réttindi
21.A.165 Skyldur handhafa
H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ
21.A.171 Gildissvið
21.A.172 Gjaldgengi
21.A.173 Flokkun
21.A.174 Umsókn
21.A.175 Tungumál
21.A.177 Lagfæring eða breyting
21.A.179 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja
21.A.180 Skoðanir
21.A.181 Gildistími og áframhaldandi gildi
21.A.182 Auðkenning loftfara
I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ
21.A.201 Gildissvið
21.A.203 Gjaldgengi
21.A.204 Umsókn
21.A.207 Lagfæring eða breyting
21.A.209 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja
21.A.210 Skoðanir
21.A.211 Gildistími og áframhaldandi gildi
J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI
21.A.231 Gildissvið
21.A.233 Gjaldgengi
21.A.234 Umsókn
21.A.235 Útgáfa samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki
21.A.239 Hönnunartryggingarkerfi
21.A.243 Gögn
21.A.245 Skilyrði fyrir samþykki
21.A.247 Breytingar á hönnunartryggingarkerfi
21.A.249 Framsalshæfi
21.A.251 Skilmálar samþykkis
21.A.253 Breytingar á skilmálum samþykkis
21.A.257 Rannsóknir
21.A.258 Frávik
21.A.259 Gildistími og áframhaldandi gildi
21.A.263 Réttindi
21.A.265 Skyldur handhafa

K-KAFLI — HLUTAR OG BÚNAÐUR

21.A.301 Gildissvið

21.A.303 Samræmi við viðeigandi kröfur

21.A.305 Samþykki hluta og búnaðar

21.A.307 Afhending hluta og búnaðar til ísetningar

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

21.A.431A Gildissvið

21.A.431B Staðlaðar viðgerðir

21.A.432A Gjaldgengi

21.A.432B Sýnt fram á getu

21.A.432C Umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.433 Kröfur um samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.435 Flokkun og samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.439 Framleiðsla hluta til viðgerða

21.A.441 Framkvæmd viðgerða

21.A.443 Takmarkanir

21.A.445 Óviðgerðar skemmdir

21.A.447 Skráahald

21.A.449 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

21.A.451 Skyldur og EPA-merking

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

21.A.601 Gildissvið

21.A.602A Gjaldgengi

21.A.602B Sýnt fram á getu

21.A.603 Umsókn

21.A.604 Evrópsk tækniforskriftarheimild (ETSO-heimild) fyrir aukaaflstöð (APU)

21.A.605 Kröfur varðandi gögn

21.A.606 Kröfur um útgáfu ETSO-heimildar

21.A.607 Réttindi sem ETSO-heimild veitir

21.A.608 Hönnunar- og afkastayfirlýsing (DDP)

21.A.609 Skyldur handhafa ETSO-heimilda

21.A.610 Samþykki fyrir fráviki

21.A.611 Hönnunarbreytingar

21.A.613 Skráahald

21.A.615 Skoðun af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar

21.A.619 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.621 Framsalshæfi

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.A.701 Gildissvið

21.A.703 Gjaldgengi

21.A.705 Lögbært yfirvald

21.A.707 Umsókn um flugleyfi

21.A.708 Flugskilyrði

21.A.709 Umsókn um samþykki flugskilyrða

21.A.710 Samþykki flugskilyrða

21.A.711 Útgáfa flugleyfis

21.A.713 Breytingar

21.A.715 Tungumál

21.A.719 Framsalshæfi

21.A.721 Skoðanir

21.A.723 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.725 Endurnýjun flugleyfis

21.A.727 Skyldur handhafa flugleyfis

21.A.729 Skráahald

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

21.A.801 Auðkenning framleiðsluvara

21.A.803 Meðferð auðkennisgagna

21.A.804 Auðkenning hluta og búnaðar

21.A.805 Auðkenning þýðingarmikilla hluta

21.A.807 Auðkenning hluta/búnaðar sem samræmast evrópskri tækniforskrift

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

21.B.5 Gildissvið

21.B.20 Skyldur lögbæra yfirvaldsins

21.B.25 Kröfur varðandi skipulag lögbæra yfirvaldsins

21.B.30 Skráðar verklagsreglur

21.B.35 Breytingar á skipulagi og verklagsreglum

21.B.40 Lausn deilumála

21.B.45 Tilkynning/samræming

21.B.55 Skráahald

21.B.60 Lofthæfifyrirmæli

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.B.70 Vottunarforskriftir

21.B.75 Sérstök skilyrði

21.B.80 Tegundarvottunargrunnur fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð

21.B.82 Vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars

21.B.85 Tilgreining viðeigandi krafna um umhverfisvernd og vottunarforskrifta fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð

21.B.100 Umfang þátttöku

21.B.103 Útgáfa tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

21.B.105 Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21.B.107 Útgáfa samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21.B.109 Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir viðbótartegundarvottorð

21.B.111 Útgáfa viðbótartegundarvottorðs

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.120 Rannsókn

21.B.125 Frávik

21.B.130 Útgáfa staðfestingar á samkomulagi

21.B.135 Staðfestingu á samkomulagi viðhaldið

21.B.140 Breyting á staðfestingu á samkomulagi

21.B.145 Takmörkun, tímabundin ógilding og afturköllun staðfestingar á samkomulagi

21.B.150 Skráahald

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.220 Rannsókn

21.B.225 Frávik

21.B.230 Útgáfa vottorðs

21.B.235 Samfellt eftirlit

21.B.240 Breyting á samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki

21.B.245 Tímabundin ógilding og afturköllun samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

21.B.260 Skráahald

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21.B.320 Rannsókn

21.B.325 Útgáfa lofthæfivottorða

21.B.326 Lofthæfivottorð

21.B.327 Takmarkað lofthæfivottorð

21.B.330 Tímabundin ógilding og afturköllun lofthæfivottorða og takmarkaðra lofthæfivottorða

21.B.345 Skráahald

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21.B.420 Rannsókn

21.B.425 Útgáfa hljóðstigsvottorða

21.B.430 Tímabundin ógilding og afturköllun hljóðstigsvottorðs

21.B.445 Skráahald

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI

K-KAFLI — HLUTAR OG BÚNAÐUR

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

21.B.450 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um umhverfisvernd fyrir samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar

21.B.453 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

21.B.480 Útgáfa ETSO-heimildar

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.B.520 Rannsókn

21.B.525 Útgáfa flugleyfa

21.B.530 Afturköllun flugleyfa

21.B.545 Skráahald

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

Viðbætar

I. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 1 — Opinbert viðhaldsvottorð,

II. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 15a — Lofthæfistaðfestingarvottorð,

III. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20a — Flugleyfi,

IV. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20b — Flugleyfi (gefið út af samþykktum fyrirtækjum),

V. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 24 — Takmarkað lofthæfivottorð,

VI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 25 — Lofthæfivottorð,

VII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 45 — Hljóðstigsvottorð,

VIII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 52 — Samræmisyfirlýsing fyrir loftfar,

IX. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 53 — Viðhaldsvottorð,

X. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 55 — Vottorð um samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki,

XI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 65 — Staðfesting á samkomulagi vegna framleiðslu án samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki,

XII. viðbætir — Flokkar reynsluflugs og tilheyrandi starfsréttindi áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum 85.“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.14:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð skal sýna fram á getu sína með því að vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla.“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur umsækjandi sýnt fram á getu sína með því að fá samþykki Flugöryggisstofnunarinnar fyrir vottunaráætlun sinni, sem komið er á í samræmi við b-lið 21.A.15, þegar framleiðsluvaran sem á að votta er:

1. ELA1-loftfar eða

2. hreyfill eða loftskrúfa sem hefur verið sett í ELA1-loftfar.“

3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.15:

a) Í stað b-, c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð skal að lágmarki fela í sér lýsandi bráðabirgðagögn fyrir framleiðsluvöruna, upplýsingar um fyrirhugaða notkun framleiðsluvörunnar og þá tegund starfrækslu sem óskað er eftir vottun fyrir. Þar að auki skal hún fela í sér, eða bæta skal við hana eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, vottunaráætlun til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við 21.A.20, sem samanstendur af:

1. nákvæmri lýsingu á tegundarhönnuninni, þ.m.t. allar útfærslurnar sem þarf að votta,

2. fyrirhuguðum eiginleikum og takmörkunum við starfrækslu,

3. fyrirhugaðri notkun framleiðsluvörunnar og þeirri tegund starfrækslu sem óskað er eftir vottun fyrir,

4. tillögu að upphaflega tegundarvottunargrunninum, vottunargrunni gagna um örugga starfrækslu og kröfum um umhverfisvernd, sem undirbúin er í samræmi við kröfurnar og kostina sem tilgreind eru í 21.B.80, 21.B.82 og 21.B.85,

5. tillögu að sundurliðun vottunaráætlunarinnar í mikilvæga hópa starfsemi og gagna til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, þ.m.t. tillaga að aðferðum til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og tilheyrandi samræmisgögn,

6. tillögu að mati á mikilvægum hópum starfsemi og gagna, til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, þar sem fjallað er um líkurnar á ótilgreindri vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu eða gagnvart kröfum um umhverfisvernd og hugsanleg áhrif þessarar vanefndar gagnvart kröfum um vöruöryggi eða umhverfisvernd. Fyrirhugaða matið skal a.m.k. taka tillit til þáttanna sem settir eru fram í 1.–4. undirlið a-liðar 21.B.100; á grundvelli þessa mats skal umsóknin fela í sér tillögu að þátttöku Flugöryggisstofnunarinnar í sannprófun á starfsemi og gögnum til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og

7. verkefnaáætlun, þ.m.t. helstu áföngum.

c) Eftir að vottunaráætlunin hefur upphaflega verið lögð fyrir Flugöryggisstofnunina skal umsækjandinn uppfæra hana þegar breytingar á vottunarverkefninu hafa áhrif á einn eða fleiri liði í 1.–7. lið b-liðar.

d) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars skal fela í sér, eða bæta skal við hana eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, viðbótarumsókn um samþykki á gögnum um örugga starfrækslu.“

b) Eftirfarandi e- og f-liður bætast við:

„e) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð stórrar flugvélar eða stórrar þyrilvængju skal vera gild í fimm ár og umsókn um annars konar tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð skal vera gild í þrjú ár nema umsækjandinn sýni fram á, þegar hann sækir um, að þörf sé á lengri fresti fyrir viðkomandi framleiðsluvöru til að sýna fram á og lýsa yfir að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, og Flugöryggisstofnunin samþykki lengri frest.

f) Þegar tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð hefur ekki verið gefið út eða það er ljóst að það verður ekki gefið út innan frestsins, sem kveðið er á um í e-lið, er umsækjandanum heimilt:

1. að leggja fram nýja umsókn og uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt í samræmi við 21.B.80, 21.B.82 og 21.B.85, fyrir dagsetningu nýju umsóknarinnar eða

2. að sækja um framlengingu á frestinum, sem kveðið er á um í e-lið, og leggja til nýja dagsetningu fyrir útgáfu tegundarvottorðsins eða takmarkaða tegundarvottorðsins. Í því tilviki skal umsækjandinn uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt í samræmi við 21.B.80, 21.B.82 og 21.B.85, fyrir dagsetningu sem umsækjandinn velur. Sú dagsetning skal þó ekki vera á undan nýju dagsetningunni, sem umsækjandinn leggur til fyrir útgáfu tegundarvottorðsins eða takmarkaða tegundarvottorðsins, um meira en fimm ár fyrir umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð stórrar flugvélar eða stórrar þyrilvængju og um meira en þrjú ár fyrir umsókn um öll önnur tegundarvottorð eða takmörkuð tegundarvottorð.“

4) Liður 21.A.16A fellur brott.

5) Liður 21.A.16B fellur brott.

6) Liður 21.A.17A fellur brott.

7) Liður 21.A.17B fellur brott.

8) Liður 21.A.18 fellur brott.

9) Í stað 21.A.20 og 21.A.21 kemur eftirfarandi:

„21.A.20 **Sýnt fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar**

a) Eftir að Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt vottunaráætlunina skal umsækjandinn sýna fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum í samræmi við 21.B.80, 21.B.82 og 21.B.85, og skal umsækjandinn láta Flugöryggisstofnuninni í té upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru til að sýna fram á slíkar kröfur hafi verið uppfylltar.

b) Umsækjandinn skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um hugsanlega erfiðleika eða atburði, sem koma upp þegar sýnt er fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, sem gætu haft merkjanleg áhrif á áhættumatið, skv. 6. lið b-liðar 21.A.15, eða vottunaráætlunina eða sem gætu annars kallað á breytingu á umfangi þátttöku Flugöryggisstofnunarinnar sem umsækjandanum hefur áður verið tilkynnt um í samræmi við c-lið 21.B.100.

c) Umsækjandinn skal færa rök fyrir því að farið sé að tilskildum kröfum í samræmisgögnunum, eins og um getur í vottunaráætluninni.

d) Eftir að lokið hefur verið við að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við vottunaráætlunina, þ.m.t. allar skoðanir og prófanir í samræmi við 21.A.33, og að loknum öllum flugprófunum skv. 21.A.35, skal umsækjandinn lýsa því yfir:

1. að hann hafi sýnt fram að kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt, samkvæmt vottunaráætluninni sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt og

2. að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem geri framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.

e) Umsækjandinn skal leggja samræmisyfirlýsinguna, sem kveðið er á um í d-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina. Þegar umsækjandinn er handhafi gildandi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal samræmisyfirlýsingin gerð í samræmi við J-kafla og lögð fyrir Flugöryggisstofnunina.

21.A.21 **Kröfur um útgáfu tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs**

a) Til að fá útgefið tegundarvottorð fyrir framleiðsluvöru, þegar loftfarið uppfyllir ekki grunnkröfurnar í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, eða takmarkað tegundarvottorð fyrir loftfar, skal umsækjandinn:

1. sýna fram á getu sína í samræmi við 21.A.14,

2. tryggja að kröfur 21.A.20 hafi verið uppfylltar,

3. sýna fram á að hreyflinum og loftskrúfunni, ef þeim hefur verið komið fyrir í loftfarinu:

A) fylgi tegundarvottorð sem gefið er út eða ákvarðað í samræmi við þessa reglugerð eða

B) fylgi staðfesting á því að þau uppfylli kröfur tegundarvottunargrunns loftfarsins, sem hefur verið ákvarðaður, og kröfur um umhverfisvernd sem Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt sem nauðsynlegar til að tryggja öruggt flug loftfarsins.

b) Þrátt fyrir 2. lið a-liðar, að ósk umsækjandans sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, hefur umsækjandinn rétt á að fá útgefið tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð fyrir loftfar áður en umsækjandinn hefur sýnt fram á að kröfur um vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu hafi verið uppfylltar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar fyrir þann dag sem þarf í raun að nota þessi gögn.“

10) Liður 21.A.23 fellur brott.

11) Í stað 4. liðar a-liðar í 21.A.31 kemur eftirfarandi:

„4. önnur gögn til að ákvarða, með samanburði, lofthæfi og, ef við á, umhverfiseiginleika síðari framleiðsluvara af sömu gerð.“

12) Í stað liðar 21.A.33 kemur eftirfarandi:

„21.A.33 **Skoðanir og prófanir**

a) (Frátekið til notkunar síðar)

b) Áður en prófun er framkvæmd, í tengslum við að sýna fram á að kröfur hafi verið uppfylltar skv. 21.A.20, skal umsækjandinn hafa sannprófað:

1. að því er varðar prófunareintakið:

i. að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að fyrirhugaðri tegundarhönnun,

ii. að hlutar framleiðsluvaranna samrýmist á viðunandi hátt teikningunum í fyrirhugaðri tegundarhönnun og

iii. að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í fyrirhugaðri tegundarhönnun og

2. að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem nota á við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður.

c) Á grundvelli sannprófananna, sem framkvæmdar eru í samræmi við b-lið, skal umsækjandinn gefa út samræmisyfirlýsingu, þar sem fram kemur hvers konar hugsanlegt ósamræmi ásamt rökstuðningi fyrir því að hann muni ekki hafa áhrif á niðurstöðurnar úr prófununum, og heimila Flugöryggisstofnuninni að framkvæma þá skoðun sem hún telur vera nauðsynlega til að kanna gildi þeirrar yfirlýsingar.

d) Umsækjandi skal leyfa Flugöryggisstofnuninni:

1. að endurskoða hvers konar gögn og upplýsingar í tengslum við að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og

2. að verða vitni að eða framkvæma hvers konar prófanir eða skoðanir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar.

e) Að því er varðar allar prófanirnar og skoðanirnar sem Flugöryggisstofnunin verður vitni að eða framkvæmir í samræmi við 2. lið d-liðar:

1. skal umsækjandinn leggja samræmisyfirlýsinguna, sem kveðið er á um í c-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina og

2. skal ekki gera neina breytingu, sem hefur áhrif á gildi samræmisyfirlýsingarinnar, á prófunareintakinu eða prófunar- og mælibúnaðinum frá því samræmisyfirlýsingin, sem kveðið er á um í c-lið, var gefin út og þar til prófunareintakið er lagt fyrir Flugöryggisstofnunina til prófunar.“

13) Í stað 21.A.41 kemur eftirfarandi:

„21.A.41 **Tegundarvottorð**

Tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð skulu fela í sér tegundarhönnun, starfrækslumörk, gagnablað tegundarvottorðs fyrir lofthæfi og losun mengunarefna, viðeigandi tegundarvottunargrunn og þær kröfur um umhverfisvernd sem Flugöryggisstofnunin skráir að hafi verið uppfylltar sem og hver konar önnur skilyrði eða takmarkanir sem mælt er fyrir um fyrir framleiðsluvöruna í viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum um umhverfisvernd. Tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð loftfars skulu þar að auki fela í sér viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, gögn um örugga starfrækslu og gagnablað tegundarvottorðs fyrir hljóðstig. Gagnablað tegundarvottorðs og takmarkaðs tegundarvottorðs loftfars skal fela í sér færslu um að kröfur varðandi koltvísýringslosun hafi verið uppfylltar og gagnablað tegundarvottorðs fyrir hreyfil skal fela í sér færslu um að kröfur varðandi losun mengunarefna hafi verið uppfylltar.“

14) Í stað liðar 21.A.91 kemur eftirfarandi:

„21.A.91 **Flokkun breytinga á tegundarvottorði**

Breytingar á tegundarvottorði eru flokkaðar sem minni háttar og meiri háttar. „Minni háttar breyting“ hefur engin marktæk áhrif á massa, jafnvægi, burðarþol, áreiðanleika, rekstrareiginleika, gögn um örugga starfrækslu eða aðra eiginleika sem hafa áhrif á lofthæfi framleiðsluvörunnar eða umhverfiseiginleika hennar. Með fyrirvara um 21.A.19 eru allar aðrar breytingar „meiri háttar breytingar“ samkvæmt þessum kafla. Meiri háttar og minni háttar breytingar skulu samþykktar í samræmi við 21.A.95 eða 21.A.97, eftir því sem við á, og auðkenndar á viðunandi hátt.“

15) Í stað liðar 21.A.93 kemur eftirfarandi:

„21.A.93 **Umsókn**

a) Umsókn um samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

b) Umsókn skal fela í sér, eða bæta skal við hana eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, vottunaráætlun til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við 21.A.20, sem samanstendur af:

1. lýsingu á breytingunni þar sem tilgreint er:

i. útfærsla eða útfærslur á framleiðsluvörunni í tegundarvottorðinu sem á að breyta,

ii. öll svið framleiðsluvörunnar í tegundarvottorðinu, þ.m.t. samþykktu handbækurnar, sem hefur verið breytt eða sem breytingin hefur áhrif á, og

iii. að því er varðar breytingar, sem hafa áhrif á gögn um örugga starfrækslu, allar nauðsynlegar breytingar á gögnum um örugga starfrækslu,

2. tilgreiningu hvers konar nýrra rannsókna sem eru nauðsynlegar til að sýna fram á að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd og

3. fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði:

i. tillögu að upphaflega tegundarvottunargrunninum, vottunargrunni gagna um örugga starfrækslu og kröfum um umhverfisvernd, sem gerð er í samræmi við kröfurnar og kostina sem tilgreind eru í lið 21.A.101,

ii. tillögu að sundurliðun vottunaráætlunarinnar í mikilvæga hópa starfsemi og gagna til að sýna fram á samræmi, þ.m.t. tillaga að aðferðum til að sýna fram á samræmi og tilheyrandi samræmisgögn,

iii. tillögu að mati á mikilvægum hópum starfsemi og gagna, til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, þar sem fjallað er um líkurnar á ótilgreindri vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu eða gagnvart kröfum um umhverfisvernd og hugsanleg áhrif þessarar vanefndar gagnvart kröfum um vöruöryggi eða umhverfisvernd. Fyrirhugaða matið skal a.m.k. taka tillit til þáttanna sem settir eru fram í 1.–4. undirlið a-liðar 21.B.100. Á grundvelli þessa mats skal umsóknin fela í sér tillögu að þátttöku Flugöryggisstofnunarinnar í sannprófun á starfsemi og gögnum til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og

iv. verkefnaáætlun, þ.m.t. helstu áfanga.

c) Umsókn um breytingu á tegundarvottorði fyrir stóra flugvél eða stóra þyrilvængju skal gilda í fimm ár og umsókn um breytingu á öðru tegundarvottorði skal gilda í þrjú ár. Þegar breytingin hefur ekki verið samþykkt eða ljóst er að hún verður ekki samþykkt innan þess frests sem kveðið er á um samkvæmt þessum lið er umsækjandanum heimilt:

1. að leggja fram nýja umsókn um breytingu á tegundarvottorði og uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við lið 21.A.101 og tilkynnt í samræmi við lið 21.B.105, fyrir dagsetningu nýju umsóknarinnar eða

2. að sækja um framlengingu á frestinum, sem kveðið er á um í fyrsta málslið c-liðar, fyrir upprunalegu umsóknina og leggja til nýja dagsetningu fyrir útgáfu samþykkisins. Í því tilviki skal umsækjandinn uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við lið 21.A.101 og tilkynnt í samræmi við 21.B.105, fyrir dagsetningu sem umsækjandinn velur. Sú dagsetning skal þó ekki vera eldri en nýja dagsetningin, sem umsækjandinn leggur til fyrir útgáfu samþykkisins, en sem nemur meira en fimm árum fyrir umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð stórrar flugvélar eða stórrar þyrilvængju og ekki eldri en þrjú ár fyrir umsókn um öll önnur tegundarvottorð eða takmörkuð tegundarvottorð.“

16) Í stað 21.A.95, 21.A.97 og 21.A.101 kemur eftirfarandi:

„21.A.95 **Kröfur um samþykki fyrir minni háttar breytingu**

a) Minni háttar breytingar á tegundarvottorði skulu flokkaðar og samþykktar af:

1. Flugöryggisstofnuninni eða

2. samþykktu hönnunarfyrirtæki innan ramma réttinda þess, sem kveðið er á um í 1. og 2. lið c-liðar 21.A.263, eins og skráð er í skilmálum samþykkisins.

b) Minni háttar breyting á tegundarvottorði skal því aðeins samþykkt:

1. þegar sýnt hefur verið fram á að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og kröfur um umhverfisvernd, felld inn með tilvísun í tegundarvottorðinu,

2. ef um er að ræða breytingu sem hefur áhrif á gögn um örugga starfrækslu, þegar sýnt hefur verið fram á að nauðsynlegar breytingar á gögnunum um örugga starfrækslu uppfylla kröfur vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu, felldar inn með tilvísun í tegundarvottorðinu,

3. þegar lýst hefur verið yfir að kröfur tegundarvottunargrunnsins hafi verið uppfylltar í samræmi við 1. lið og rök fyrir uppfyllingu krafna hafi verið færð í samræmisgögnin og

4. þegar ekkert einkenni eða eiginleiki hefur verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.

c) Þrátt fyrir 1. lið b-liðar er unnt að nota vottunarforskriftir, sem öðluðust gildi síðar en þær sem felldar voru inn með tilvísun í tegundarvottorðinu, til að samþykka minni háttar breytingu, að því tilskildu að þær hafi ekki áhrif á að sýnt sé fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar.

d) Þrátt fyrir a-lið, að ósk umsækjandans sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, er heimilt að samþykkja minni háttar breytingu á tegundarvottorði loftfars áður en sýnt hefur verið fram á að kröfur um vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu hafi verið uppfylltar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar fyrir þann dag sem þarf í raun að nota þessi gögn.“

e) Umsækjandinn skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina gögn til að rökstyðja breytinguna og yfirlýsingu þar sem sýnt hefur verið fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við b-lið.

f) Samþykki fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21.A.97 **Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingu**

a) Meiri háttar breytingar á tegundarvottorði skulu flokkaðar og samþykktar af:

1. Flugöryggisstofnuninni eða

2. samþykktu hönnunarfyrirtæki innan ramma réttinda þess, sem kveðið er á um í 1. og 8. lið c-liðar 21.A.263, eins og skráð er í skilmálum samþykkis.

b) Meiri háttar breyting á tegundarvottorði skal því aðeins samþykkt:

1. þegar sýnt hefur verið fram á að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við 21.A.101,

2. ef um er að ræða breytingar sem hafa áhrif á gögn um örugga starfrækslu, þegar sýnt hefur verið fram á að nauðsynlegar breytingar á gögnunum um örugga starfrækslu uppfylli kröfur viðeigandi vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi 21.A.101 og

3. þegar sýnt hefur verið fram á uppfyllingu krafna 1. og 2. liðar í samræmi við 21.A.20, eftir því sem við á um breytinguna.

c) Þrátt fyrir 2. og 3. lið b-liðar, að ósk umsækjandans sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, er heimilt að samþykkja meiri háttar breytingu á tegundarvottorði loftfars áður en sýnt hefur verið fram á að kröfur vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu hafi verið uppfylltar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar fyrir þann dag sem þarf í raun að nota þessi gögn.

d) Samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21.A.101 **Tegundarvottunargrunnur, vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði**

a) Meiri háttar breyting á tegundarvottorði og sviðum, sem breytingin hefur áhrif á, skal annaðhvort uppfylla kröfur vottunarforskriftanna, sem gilda um breyttu framleiðsluvöruna á umsóknardegi breytingarinnar, eða kröfur vottunarforskriftanna sem öðluðust gildi eftir þann dag í samræmi við f-lið hér á eftir. Gildistími umsóknarinnar skal ákvarðaður í samræmi við c-lið 21.A.93. Þar að auki skal breytta framleiðsluvaran uppfylla kröfur um umhverfisvernd sem Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við 21.B.85.

b) Þrátt fyrir a-lið væri hægt að nota fyrri breytingu á vottunarforskriftunum, sem um getur í a-lið, og breytingar á öllum öðrum tengdum vottunarforskriftum í einhverjum af eftirfarandi aðstæðum, nema fyrri breytingin hafi tekið gildi fyrir þann dag sem samsvarandi vottunarforskriftir, sem eru felldar inn með tilvísun í tegundarvottorðinu, öðluðust gildi:

1. þegar um er að ræða breytingu sem Flugöryggisstofnunin telur ekki vera þýðingarmikla. Við ákvörðun á því hvort tiltekin breyting sé þýðingarmikil skal Flugöryggisstofnunin skoða breytinguna í samhengi við allar fyrri, viðkomandi hönnunarbreytingar og tilheyrandi endurskoðanir á viðeigandi vottunarforskriftum sem eru felldar inn með tilvísun í tegundarvottorði framleiðsluvörunnar. Breytingar, sem uppfylla eina af eftirfarandi viðmiðunum, skulu sjálfkrafa teljast þýðingarmiklar:

i. almennri heildarútfærslu eða meginreglum um smíði er ekki viðhaldið,

ii. forsendurnar, sem eru notaðar við vottun framleiðsluvörunnar sem á að breyta, eru ekki lengur fyrir hendi,

2. þegar Flugöryggisstofnunin telur að sérhvert svið, kerfi, hluti eða búnaður verði ekki fyrir áhrifum af völdum breytingarinnar,

3. þegar sérhvert svið, kerfi, hluti eða búnaður verður fyrir áhrifum af völdum breytingarinnar og þar sem Flugöryggisstofnunin telur að uppfylling krafna vottunarforskriftanna, sem um getur í a-lið, myndi hvorki auka að neinu marki öryggi breyttu framleiðsluvörunnar né vera óhagkvæma.

c) Þrátt fyrir a-lið, ef um er að ræða breytingu á loftfari, öðru en þyrilvængju, með 2722 kg eða minni hámarksþyngd eða breytingu á þyrilvængju án hverfihreyfils með 1361 kg eða minni hámarksþyngd, skal breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins og felld inn með tilvísun í tegundarvottorðinu. Telji Flugöryggisstofnunin hins vegar að breytingin sé þýðingarmikil á tilteknu sviði getur hún krafist þess að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur um breytingu á vottunarforskrift tegundarvottunargrunnsins, sem er felld inn með tilvísun í tegundarvottorðinu, og uppfylli kröfur allra annarra vottunarforskrifta, sem tengjast henni beint, nema Flugöryggisstofnunin telji að uppfylling krafna varðandi þá breytingu hvorki auki að neinu marki öryggi breyttu framleiðsluvörunnar né að hún sé óhagkvæm.

d) Ef Flugöryggisstofnunin telur að í vottunarforskriftunum, sem eru í gildi þann dag sem sótt er um breytinguna, séu ekki gerðar fullnægjandi kröfur, að því er varðar fyrirhuguðu breytinguna, skal breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, einnig fullnægja hvers konar sérstökum skilyrðum og breytingum á þeim sérstöku skilyrðum, sem Flugöryggisstofnunin mælir fyrir um í samræmi við 21.B.75, til að veita öryggi sem er sambærilegt því sem ákvarðað er í vottunarforskriftunum sem eru í gildi þegar sótt er um breytinguna.

e) Þrátt fyrir a-, b- og c-lið getur breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfyllt kröfur annarrar vottunarforskriftar, sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar, ef umsækjandinn leggur það til, að því tilskildu að Flugöryggisstofnunin telji að þessi önnur vottunarforskrift veiti öryggi:

1. í tilviki tegundarvottorðs:

i. sem jafngildir öryggi vottunarforskriftanna, sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar samkvæmt a-, b- eða c-lið hér að framan, eða

ii. sem uppfyllir grunnkröfurnar í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,

2. í tilviki takmarkaðs tegundarvottorðs sem er fullnægjandi með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar.

f) Ef umsækjandi kýs að uppfylla vottunarforskrift, sem sett er fram í breytingu sem öðlast gildi eftir að umsókn um breytingu á tegundarvottorði hefur verið lögð fram, skal breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, einnig uppfylla hvers konar aðrar tengdar vottunarforskriftir.

g) Þegar umsókn um breytingu á tegundarvottorði loftfars felur í sér, eða bætt er við hana eftir upphaflegu umsóknina, breytingar á gögnum um örugga starfrækslu, skal vottunargrunnurinn fyrir gögn um örugga starfrækslu ákvarðaður í samræmi við a- til f-lið.“

17) Liður 21.A.103 fellur brott.

18) Í stað 21.A.111 og 21.A.112A kemur eftirfarandi:

„21.A.111 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki fyrir meiri háttar breytingum á tegundarvottorði, samkvæmt verklagsreglum um viðbótartegundarvottorð, og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um þessi vottorð og handhafa þessara vottorða. Þegar vísað er til tegundarvottorða í þessum kafla er átt við tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð.

21.A.112A **Gjaldgengi**

Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á getu sína, í samræmi við 21.A.112B, getur sótt um viðbótartegundarvottorð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla.“

19) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.112B:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Umsækjandi, sem sækir um viðbótartegundarvottorð, skal sýna fram á getu sína með því að vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla.“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir a-lið, ef um er að ræða framleiðsluvörurnar sem um getur í c-lið 21.A.14, getur umsækjandi sýnt fram á getu sína með því að fá samþykki Flugöryggisstofnunarinnar fyrir vottunaráætluninni sem komið er á í samræmi við b-lið 21.A.93.“

20) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.113:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Þegar sótt er um viðbótartegundarvottorð skal umsækjandinn:

i. láta upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt b-lið 21.A.93, fylgja með umsókninni,

ii. tilgreina hvort umsækjandinn undirbúi sjálfur eða muni sjálfur undirbúa vottunargögnin eða hvort hann geri það á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun.“

b) Eftirfarandi c-liður bætist við:

„c) Ákvæði c-liðar 21.A.93 gilda um kröfurnar varðandi þann frest sem er á gildi umsóknarinnar sem og kröfurnar í tengslum við nauðsyn þess að uppfæra tegundarvottunargrunninn, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd, þegar breytingin hefur ekki verið samþykkt eða augljóst er að hún verði ekki samþykkt innan ákvarðaða frestsins.“

21) Liður 21.A.114 fellur brott.

22) Í stað 21.A.115 kemur eftirfarandi:

„21.A.115 **Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingum í formi viðbótartegundarvottorðs**

a) Viðbótartegundarvottorð skulu gefin út af:

1. Flugöryggisstofnuninni eða

2. samþykktu hönnunarfyrirtæki innan ramma réttinda þess, sem kveðið er á um í 1. og 9. lið c-liðar 21.A.263, eins og skráð er í skilmálum samþykkis.

b) Viðbótartegundarvottorð skal aðeins gefið út:

1. þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á getu sína í samræmi við 21.A.112B,

2. þegar sýnt hefur verið fram á að breytingin á tegundarvottorði og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins og kröfu um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin ákvarðar í samræmi við 21.A.101,

3. ef um er að ræða viðbótartegundarvottorð, sem hefur áhrif á gögn um örugga starfrækslu, þegar sýnt hefur verið fram á að nauðsynlegar breytingar á gögnunum um örugga starfrækslu uppfylla kröfur viðeigandi vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við 21.A.101,

4. þegar sýnt hefur verið fram á að kröfur 2. og 3. liðar hafi verið uppfylltar í samræmi við 21.A.20, eftir því sem við á um breytinguna, og

5. í þeim tilvikum þar sem umsækjandinn hefur tilgreint að hann hafi lagt fram vottunargögn á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun í samræmi við b-lið 21.A.113:

i. eftir að handhafi tegundarvottorðs hefur skýrt frá því að hann hafi engin tæknileg andmæli fram að færa gegn upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 21.A.93 og

ii. eftir að handhafi tegundarvottorðs hefur samþykkt að starfa með handhafa viðbótartegundarvottorðs til að tryggja, með því að uppfylla kröfur 21.A.44 og 21.A.118A, að allar skyldur varðandi áframhaldandi lofthæfi breyttu framleiðsluvörunnar séu inntar af hendi.

c) Þrátt fyrir 3. og 4. lið b-liðar, að ósk umsækjandans sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, hefur umsækjandinn rétt á að fá útgefið viðbótartegundarvottorð fyrir loftfar áður en umsækjandinn hefur sýnt fram á að kröfur um vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu hafi verið uppfylltar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar fyrir þann dag sem þarf í raun að nota þessi gögn.

d) Viðbótartegundarvottorð skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast tilheyrandi meiri háttar breytingunni.“

23) Í stað b-liðar í 21.A.130 kemur eftirfarandi:

„b) Í samræmisyfirlýsingu skal vera allt eftirfarandi:

1. fyrir hverja framleiðsluvöru, hluta eða búnað, yfirlýsing um að framleiðsluvaran, hlutinn eða búnaðurinn samrýmist samþykktum hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi,

2. fyrir hvert loftfar, yfirlýsing um að loftfarið hafi verið prófað á jörðu niðri og í flugi í samræmi við a-lið 21.A.127,

3. fyrir hvern hreyfil eða skiptiskrúfu, yfirlýsing um að framleiðandinn hafi gert lokaprófun á virkni hreyfilsins eða skiptiskrúfunnar í samræmi við 21.A.128,

4. þar að auki, þegar um er að ræða umhverfiskröfur:

i. yfirlýsing um að fullgerður hreyfill uppfylli viðeigandi kröfur varðandi losun með útblæstri frá hreyflum sem eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins og

ii. yfirlýsing um að fullgerð flugvél uppfylli viðeigandi kröfur um koltvísýringslosun sem eru í gildi þann dag sem lofthæfivottorðið var fyrst gefið út.“

24) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar 21.A.145:

„b) að því er varðar öll nauðsynleg gögn um lofthæfi og umhverfismál:

1. að framleiðslufyrirtækið hafi móttekið slík gögn frá Flugöryggisstofnuninni og frá handhafa eða umsækjanda um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð eða samþykki fyrir hönnun, þ.m.t. allar undanþágur sem veittar eru frá kröfunum um að hætta framleiðslu með tilliti til losunar koltvísýrings, til að ákvarða samræmi við viðeigandi hönnunargögn,

2. að tekin hafi verið upp tiltekin verklagsregla hjá framleiðslufyrirtækinu til að tryggja að gögn um lofthæfi og umhverfismál séu felld inn með réttum hætti í framleiðslugögn þess og

3. að slík gögn séu jafnan uppfærð og gerð tiltæk öllu starfsfólki sem þarf að hafa aðgang að slíkum gögnum til að sinna skyldustörfum sínum.

c) að því er varðar stjórnendur og starfsfólk:

1. að framleiðslufyrirtækið hafi tilnefnt ábyrgðarmann sem er ábyrgur gagnvart lögbæra yfirvaldinu; ábyrgð hans innan fyrirtækisins skal felast í því að tryggja að öll framleiðsla fari fram í samræmi við tilskildar kröfur og að framleiðslufyrirtækið starfi að jafnaði í samræmi við þau gögn og verklagsreglur sem tilgreind eru í starfsemislýsingunni sem um getur í 21.A.143,

2. að framleiðslufyrirtækið hafi tilnefnt einstakling eða hóp einstaklinga til að tryggja að fyrirtækið uppfylli kröfur þessa viðauka (21. hluta) og að einstaklingarnir séu tilgreindir og umfang heimilda þeirra ákvarðað. Slíkur einstaklingur eða einstaklingar skulu starfa undir beinni stjórn ábyrgðarmannsins sem um getur í 1. lið; einstaklingurinn eða einstaklingarnir, sem eru tilnefndir, skulu geta sýnt fram á viðeigandi kunnáttu, starfsferil og reynslu til að inna af hendi skyldustörf sín,

3. að starfsfólki á öllum stigum hafi verið gefið viðeigandi heimild til að sinna þeirri ábyrgð sem því er falið og að það sé full og skilvirk samræming innan framleiðslufyrirtækisins að því er varðar mál sem tengjast gögnum um lofthæfi og umhverfismál.“

25) Í stað a-liðar í 21.A.147 kemur eftirfarandi:

„a) Eftir útgáfu samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki skal sérhver breyting á samþykkta framleiðslufyrirtækinu, sem er þýðingarmikil þegar kemur að því að sýna fram á samræmi, eða breytingu á lofthæfi og umhverfiseiginleikum framleiðsluvörunnar, hlutarins eða búnaðarins, einkum breytingar á gæðakerfinu, hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins. Skrifleg umsókn um samþykki skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið og fyrirtækið skal sýna lögbæra yfirvaldinu fram á, áður en breytingin er framkvæmd, að það uppfylli kröfur þessa kafla.“

26) Í stað b-liðar í 21.A.174 kemur eftirfarandi:

„b) Sérhver umsókn um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð skal innihalda:

1. flokk lofthæfivottorðs sem sótt er um,

2. að því er varðar ný loftför:

   i. samræmisyfirlýsingu:

      — sem gefin er út samkvæmt b-lið 21.A.163 eða

      — sem gefin er út skv. 21.A.130 og fullgilt af lögbæra yfirvaldinu eða

      — fyrir innflutt loftför, yfirlýsingu, sem útflutningsyfirvaldið undirritar, um að loftfarið samrýmist hönnun sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,

   ii. massa- og jafnvægisskýrslu með hleðsluáætlun og

   iii. flughandbók þegar þess er krafist í viðeigandi vottunarforskriftum fyrir tiltekið loftfar.

3. að því er varðar notuð loftför:

   i. sem eru upprunnin í aðildarríki, lofthæfistaðfestingarvottorð sem er gefið út í samræmi við M-hluta,

   ii. sem eru upprunnin í ríki utan Sambandsins:

      — yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi ríkisins, þar sem loftfarið er eða var skráð, sem endurspeglar lofthæfistöðu loftfarsins í loftfaraskrá þess við yfirfærslu,

      — massa- og jafnvægisskýrslu með hleðsluáætlun,

      — flughandbók þegar slíkra gagna er krafist í viðeigandi lofthæfireglum fyrir tiltekið loftfar,

      — fyrri skrár til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldskröfur í tengslum við loftfarið, þ.m.t. allar takmarkanir sem tengjast takmörkuðu lofthæfivottorði samkvæmt 21.B.327,

      — tilmæli um útgáfu lofthæfivottorðs eða takmarkaðs lofthæfivottorðs og lofthæfistaðfestingarvottorðs eftir staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M-hluta og

      — dagsetninguna þegar fyrsta lofthæfivottorðið var gefið út og, ef kröfurnar í III. bindi 16. viðauka gilda, gögnin um mæligildi koltvísýrings.“

27) Í stað 21.A.231 kemur eftirfarandi:

„21.A.231 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki fyrir hönnunarfyrirtækjum og reglur um réttindi og skyldur umsækjenda um slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis. Þegar vísað er til tegundarvottorða í þessum kafla er átt við tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð.“

28) Í stað 21.A.251 kemur eftirfarandi:

„21.A.251 **Skilmálar samþykkis**

Í skilmálum samþykkis skulu tilgreindar tegundir hönnunar, flokkar framleiðsluvara, hluta og búnaðar, sem samþykki fyrir hönnunarfyrirtækinu nær yfir, og þau störf og skyldur sem fyrirtækinu er heimilt að inna af hendi að því er varðar lofthæfi framleiðsluvara, örugga starfrækslu þeirra og umhverfiseiginleika. Þegar um er að ræða samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki, sem nær til tegundarvottunar eða ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöðvar, skulu skilmálar samþykkis innihalda að auki skrá yfir framleiðsluvörur eða aukaaflstöðvar. Þessir skilmálar skulu gefnir út sem hluti af samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki.“

29) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.258:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Ef hlutlæg gögn sýna, meðan á rannsóknunum sem um getur í 21.A.257 og 21.B.100 stendur, að handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki uppfylli ekki viðeigandi kröfur í þessum viðauka, skal flokka frávikið sem hér segir:

1. „Fyrsta stigs“ frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem gæti leitt til óstýrðra (e. *uncontrolled*) vanefnda gagnvart viðeigandi kröfum og haft áhrif á öryggi loftfarsins.

2. „Annars stigs“ frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem er ekki flokkuð sem „fyrsta stigs“ frávik.“

b) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik, samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður:

1. þegar um „fyrsta stigs“ frávik er að ræða, skal handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sýna fram á að gerðar hafi verið fullnægjandi aðgerðir til úrbóta, sem Flugöryggisstofnunin telur nægilegar, innan frests sem er ekki lengri en 21 virkur dagur frá skriflegri staðfestingu fráviksins,

2. þegar um „annars stigs“ frávik er að ræða, skal handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sýna fram á að framkvæmdar hafi verið fullnægjandi aðgerðir til úrbóta, sem Flugöryggisstofnunin telur nægilegar, innan frests, sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar sem samrýmist eðli fráviksins og er upphaflega takmarkaður við þrjá mánuði. Flugöryggisstofnunin getur framlengt upphaflega frestinn ef hún telur að eðli fráviksins leyfi slíka framlengingu og umsækjandinn hefur lagt fram áætlun um aðgerðir til úrbóta sem Flugöryggisstofnun telur fullnægjandi og

3. þegar „þriðja stigs“ frávik krefst ekki tafarlausra aðgerða af hálfu handhafa samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki.

d) Þegar um „fyrsta stigs“ eða „annars stigs“ frávik er að ræða getur það gefið tilefni til að ógilda samþykkið fyrir hönnunarfyrirtækinu tímabundið eða afturkalla það, í heild eða að hluta, samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar. Í því tilviki skal handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki staðfesta tímanlega móttöku tilkynningar um tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki.“

30) Í stað 21.A.263 kemur eftirfarandi:

„21.A.263 **Réttindi**

a) (Frátekið til notkunar síðar).

b) (Frátekið til notkunar síðar).

c) Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal, innan gildissviðs skilmála samþykkis, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og samkvæmt viðeigandi verklagsreglum hönnunartryggingarkerfisins, hafa rétt til:

1. að flokka breytingar á tegundarvottorði eða viðbótartegundarvottorði og hönnun viðgerðar sem „meiri háttar“ eða „minni háttar“,

2. að samþykkja minni háttar breytingar á tegundarvottorði eða viðbótartegundarvottorði og hönnun minni háttar viðgerðar,

3. (Frátekið til notkunar síðar),

4. (Frátekið til notkunar síðar),

5. að samþykkja tiltekna hönnun meiri háttar viðgerðar, samkvæmt M-kafla, á framleiðsluvörum eða aukaaflstöðvum,

6. að samþykkja, fyrir tiltekin loftför, flugskilyrðin fyrir útgáfu flugleyfa, í samræmi við 2. lið a-liðar 21.A.710, þó ekki fyrir flugleyfi sem á að gefa út að því er varðar 15. lið a-liðar 21.A.701,

7. að gefa út flugleyfi, í samræmi við b-lið 21.A.711, fyrir loftför sem hann hefur hannað eða breytt, eða þar sem hann hefur samþykkt flugskilyrðin fyrir útgáfu flugleyfis, í samræmi við 6. lið c-liðar 21.A.263, og ef handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki:

i. stýrir útfærslu loftfarsins og

ii. staðfestir samræmi við hönnunarskilyrði sem eru samþykkt fyrir flugið,

8. að samþykkja tilteknar meiri háttar breytingar á tegundarvottorði samkvæmt D-kafla og

9. að gefa út tiltekin viðbótartegundarvottorð, samkvæmt E-kafla, og samþykkja tilteknar meiri háttar breytingar á þeim vottorðum.“

31) Í stað liðar 21.A.265 kemur eftirfarandi:

„21.A.265 **Skyldur handhafa**

Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal, innan gildissviðs skilmála samþykkis, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað:

a) viðhalda handbókinni, sem krafist er skv. 21.A.243, í samræmi við hönnunartryggingarkerfið,

b) tryggja að þessi handbók eða viðeigandi verklagsreglur, sem eru felldar inn með millivísunum, séu notaðar sem grundvallarvinnuskjal innan fyrirtækisins,

c) ákvarða hvort hönnun framleiðsluvara eða breytingar eða viðgerðir á þeim uppfylli viðeigandi forskriftir og kröfur og séu á engan hátt óöruggar,

d) afhenda Flugöryggisstofnuninni yfirlýsingar og tilheyrandi gögn, sem staðfesta að kröfur c-liðar hafi verið uppfylltar, að undanskildum samþykktarferlum sem eru framkvæmdir í samræmi við c-lið 21.A.263,

e) afhenda Flugöryggisstofnuninni gögn og upplýsingar sem tengjast aðgerðunum sem krafist er skv. 21.A.3B,

f) ákvarða, í samræmi við 6. lið c-liðar 21.A.263, flugskilyrðin fyrir útgáfu flugleyfa,

g) tryggja, með hliðsjón af 7. lið c-liðar 21.A.263, að kröfur b- og e-liðar 21.A.711 hafi verið uppfylltar áður en flugleyfi er gefið út fyrir loftfar,

h) tilgreina gögn og upplýsingar, sem gefnar eru út með samþykki samþykkta hönnunarfyrirtækisins innan gildissviðs skilmála samþykkis, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað með eftirfarandi yfirlýsingu: „Tæknilegt inntak þessa skjals er samþykkt samkvæmt heimild samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki nr. [EASA].21J.[XXXX].“

32) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 21.A.431A:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki fyrir hönnun viðgerðar á framleiðsluvöru, hluta eða búnaði og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda varðandi slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis.“

b) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) „Viðgerð“ merkir það að lagfæra skemmdir og/eða koma framleiðsluvöru, hluta eða búnaði aftur í lofthæft ástand eftir frumafhendingu framleiðanda á hvers konar framleiðsluvöru, hluta eða búnaði.

d) Lagfæring skemmda, með því að skipta út hlutum eða búnaði, án þess að þörf sé á hönnunarvinnu, skal teljast viðhaldsverkefni og þarfnast því ekki samþykkis samkvæmt þessum viðauka.“

c) Eftirfarandi f-liður bætist við:

„f) Þegar vísað er til tegundarvottorða í þessum kafla er átt við tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð.“

33) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.432B:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Umsækjandi um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal sýna fram á getu sína með því að vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla.“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir a-lið, ef um er að ræða framleiðsluvörurnar sem um getur í c-lið 21.A.14, getur umsækjandi sýnt fram á getu sína með því að fá samþykki Flugöryggisstofnunarinnar fyrir vottunaráætlun sinni sem komið er á í samræmi við b-lið 21.A.432C.“

34) Eftirfarandi 21.A.432C bætist við:

„21.A.432C **Umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerðar**

a) Umsókn um hönnun viðgerðar skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

b) Umsókn um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal fela í sér, eða bæta skal við hana, eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, vottunaráætlun sem inniheldur:

1. lýsingu á skemmdum og hönnun viðgerðar þar sem útfærsla tegundarhönnunarinnar, sem gera skal við, er tilgreind,

2. tilgreiningu hvers konar sviða tegundarhönnunarinnar og samþykktu handbókanna sem hönnun viðgerðar hefur breytt eða haft áhrif á,

3. tilgreiningu hvers konar nýrra rannsókna sem eru nauðsynlegar til að sýna fram á að hönnun viðgerðar og sviðin, sem hönnun viðgerðar hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins, felld inn með tilvísun, eftir því sem við á, í tegundarvottorðinu, viðbótartegundarvottorðinu eða ETSO-heimildinni fyrir aukaaflstöð,

4. hvers konar tillögur að breytingum á tegundarvottunargrunninum, sem eru felldar inn með tilvísun, eftir því sem við á, í tegundarvottorðinu, viðbótartegundarvottorðinu eða ETSO-heimildinni fyrir aukaaflstöð,

5. tillögu að sundurliðun vottunaráætlunarinnar í mikilvæga hópa starfsemi og gagna til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, þ.m.t. aðferðir og ferli sem skal fylgja til að sýna fram á að kröfur 1. liðar a-liðar 21.A.433 hafi verið uppfylltar, og tilvísanir í tengd samræmisgögn,

6. tillögu að mati á mikilvægum hópum starfsemi og gagna til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, þar sem fjallað er um líkurnar á ótilgreindri vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins og hugsanleg áhrif þessarar vanefndar á kröfur um vöruöryggi. Fyrirhugaða matið skal a.m.k. taka tillit til þáttanna sem settir eru fram í 1.–4. undirlið a-liðar 21.B.100. Á grundvelli þessa mats skal umsóknin fela í sér tillögu að þátttöku Flugöryggisstofnunarinnar í sannprófun starfsemi og gagna til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar; og

7. upplýsingar um hvort umsækjandinn undirbúi sjálfur eða muni sjálfur undirbúa vottunargögnin eða hvort hann geri það á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun.“

35) Í stað 21.A.433 og 21.A.435 kemur eftirfarandi:

„21.A.433 **Kröfur um samþykki fyrir hönnun viðgerðar**

a) Hönnun viðgerðar skal því aðeins samþykkt:

1. þegar sýnt hefur verið fram á, samkvæmt vottunaráætluninni sem um getur í b-lið 21.A.432, að hönnun viðgerðar uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og sé felld inn með tilvísun, eftir því sem við á, í tegundarvottorðinu, viðbótartegundarvottorðinu eða ETSO-heimildinni fyrir aukaaflstöð sem og uppfylli kröfur hvers konar breytinga, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt í samræmi við 21.B.450,

2. þegar lýst hefur verið yfir að kröfur tegundarvottunargrunnsins hafi verið uppfylltar í samræmi við 1. lið a-liðar og rök fyrir því að kröfur hafi verið uppfylltar hafi verið færð í samræmisgögnin,

3. þegar ekkert einkenni eða eiginleiki hefur verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir og

4. ef umsækjandinn hefur tilgreint að hann hafi lagt fram vottunargögn á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun í samræmi við 7. lið b-liðar 21.A.432C:

i. þegar handhafi hefur skýrt frá því að hann hafi engin tæknileg andmæli fram að færa gegn upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 2. lið a-liðar og

ii. þegar handhafi hefur samþykkt að starfa með handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar til að tryggja, með því að uppfylla kröfur 21.A.451, að allar skyldur vegna áframhaldandi lofthæfi breyttu framleiðsluvörunnar séu inntar af hendi.

b) Umsækjandinn skal leggja yfirlýsinguna, sem um getur í 2. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina og, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar, öll nauðsynleg gögn til rökstuðnings.

21.A.435 **Flokkun og samþykki fyrir hönnun viðgerðar**

a) Hönnun viðgerðar skal annaðhvort flokkuð sem „meiri háttar“ eða „minni háttar“ í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 21.A.91 um breytingu á tegundarvottorði.

b) Hönnun viðgerðar skal flokkuð og samþykkt af:

1. Flugöryggisstofnuninni eða

2. samþykktu hönnunarfyrirtæki innan ramma réttinda þess, sem kveðið er á um í 1., 2. og 5. lið c-liðar 21.A.263, eins og skráð er í skilmálum samþykkis.“

36) Liður 21.A.437 fellur brott.

37) Í stað liða 21.A.604, 21.A.605 og 21.A.606 kemur eftirfarandi:

„21.A.604 **ETSO-heimild fyrir aukaaflstöð**

Að því er varðar ETSO-heimild fyrir aukaaflstöð:

a) Þrátt fyrir 21.A.603, 21.A.610 og 21.A.615 skulu eftirfarandi liðir gilda: 21.A.15, 21.A.20, 21.A.21, 21.A.31, 21.A.33, 21.A.44, 21.B.75 og 21.B.80. Hins vegar skal gefa út ETSO-heimild í samræmi við 21.A.606 í stað tegundarvottorðs.

b) Þrátt fyrir 21.A.611 skulu kröfurnar í D-kafla gilda um samþykki fyrir hönnunarbreytingum af hálfu handhafa ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöð og kröfurnar í E-kafla skulu gilda um samþykki fyrir hönnunarbreytingum af hálfu annarra umsækjenda. Þegar kröfurnar í E-kafla gilda skal gefa út sérstaka ETSO-heimild í stað viðbótartegundarvottorðs.

c) Kröfurnar í M-kafla skulu gilda um samþykki fyrir hönnun viðgerðar.

21.A.605 **Kröfur um gögn**

a) Umsækjandinn skal leggja eftirfarandi skjöl fyrir Flugöryggisstofnunina:

1. vottunaráætlun fyrir ETSO-heimildina, þar sem settar eru fram aðferðir til að sýna fram á að kröfur b-liðar 21.A.606 hafi verið uppfylltar,

2. yfirlýsingu um að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar þar sem vottað er að umsækjandinn hafi uppfyllt kröfurnar í þessum kafla,

3. hönnunar- og afkastayfirlýsingu (DDP) þar sem lýst er yfir að umsækjandinn hafi sýnt fram á að hlutinn/búnaðurinn uppfylli kröfur viðeigandi evrópskra tækniforskrifta í samræmi við vottunaráætlunina,

4. eintak af þeim tæknigögnum sem krafist er í viðeigandi evrópskri tækniforskrift,

5. starfsemislýsinguna, eða tilvísun í starfsemislýsinguna, sem um getur í 21.A.143, til að afla viðeigandi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki samkvæmt G-kafla, eða handbókina, eða tilvísun í handbókina, sem um getur í b-lið 21.A.125A, til að framleiða samkvæmt F-kafla án þess að framleiðslufyrirtækið hafi hlotið samþykki,

6. að því er varðar aukaaflstöð, handbókina eða tilvísun í handbókina, sem um getur í 21.A.243, til að afla viðeigandi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki samkvæmt J-kafla,

7. að því er varðar alla aðra hluta/búnað, verklagsreglurnar, eða tilvísun í verklagsreglurnar, sem um getur í 2. lið b-liðar 21.A.602B.

b) Umsækjandinn skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um hvers konar erfiðleika eða atburði, sem eiga sér stað meðan á samþykkisferlinu stendur, sem gætu haft veruleg áhrif á ETSO-heimildina.

21.A.606 **Kröfur um útgáfu ETSO-heimildar**

Til að fá útgefna ETSO-heimild skal umsækjandinn:

a) sýna fram á getu sína í samræmi við 21.A.602B,

b) sýna fram á að hlutinn/búnaðurinn uppfylli tæknileg skilyrði viðeigandi evrópskrar tækniforskriftar eða frávik frá þeim, sem hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.610, ef einhver eru,

c) uppfylla kröfurnar í þessum kafla og

d) lýsa því yfir að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert hlutinn/búnaðinn ótryggan til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.“

38) Eftirfarandi 16. liður bætist við 21.A.701:

„16. flug loftfars vegna bilanaleitar eða til að athuga starfsemi eins eða fleiri kerfa, hluta eða búnaðar eftir viðhald.“

39) Í stað a-liðar í 21.B.5 kemur eftirfarandi:

„a) Í þessum þætti er kveðið á um þær verklagsreglur sem lögbæru yfirvaldi ber að fylgja þegar það sinnir verkefnum sínum og skyldum varðandi útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu og afturköllun vottorðs, samþykkis og heimildar sem um getur í þessum I. viðauka.“

40) Eftirfarandi kemur í stað B-kafla í B-þætti:

„B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.B.70 **Vottunarforskriftir**

Flugöryggisstofnunin, í samræmi við 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, skal gefa út vottunarforskriftir og aðrar ítarlegar forskriftir, þ.m.t. vottunarforskriftir fyrir lofthæfi, gögn um örugga starfrækslu og umhverfisvernd, sem lögbær yfirvöld, fyrirtæki og starfsfólk geta notað til að sýna fram á að framleiðsluvörur, hlutar og búnaður uppfylli viðeigandi grunnkröfur, sem settar eru fram í II., IV. og V. viðauka við þá reglugerð, auk þeirra umhverfisverndarkrafna sem settar eru fram í 2. mgr. 9. gr. og III. viðauka við þá reglugerð. Slíkar forskriftir skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa umsækjendum til kynna skilyrðin fyrir útgáfu vottorðanna, breytingum á þeim eða viðbótum.

21.B.75 **Sérstök skilyrði**

a) Flugöryggisstofnunin skal mæla fyrir um sérstakar, ítarlegar tækniforskriftir, sem nefnast „sérstök skilyrði“, fyrir framleiðsluvöru ef í tilheyrandi vottunarforskriftum eru hvorki settar viðunandi né viðeigandi öryggiskröfur um framleiðsluvöruna vegna þess:

   1. að framleiðsluvaran hefur hönnunareinkenni, sem eru ný eða óvenjuleg, miðað við þær hönnunarvenjur sem viðeigandi vottunarforskriftir byggjast á,

   2. að fyrirhuguð notkun framleiðsluvörunnar er óhefðbundin eða

   3. að reynsla af notkun á svipuðum framleiðsluvörum eða framleiðsluvörum, sem hafa svipuð hönnunareinkenni eða fela í sér nýgreindar hættur, hefur sýnt að ótryggt ástand kunni að skapast.

b) Með sérstökum skilyrðum eru settar öryggiskröfur sem Flugöryggisstofnunin telur nauðsynlegar til að skapa öryggi sem er sambærilegt því sem ákvarðað er í viðeigandi vottunarforskriftum.

21.B.80 **Tegundarvottunargrunnur fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð**

Flugöryggisstofnunin skal ákvarða tegundarvottunargrunninn og tilkynna umsækjanda um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð um það. Tegundarvottunargrunnurinn skal samanstanda af:

a) vottunarforskriftum fyrir lofthæfi sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar og gilda um framleiðsluvöruna á þeim degi sem sótt er um vottorðið nema:

   1. umsækjandinn kjósi, eða þess sé krafist af honum í samræmi við f-lið 21.A.15, að hann uppfylli vottunarforskriftir sem öðluðust gildi eftir umsóknardaginn; ef umsækjandi kýs að uppfylla vottunarforskrift, sem öðlaðist gildi eftir umsóknardaginn, skal Flugöryggisstofnunin fella inn í tegundarvottunargrunninum hvers konar aðrar tengdar vottunarforskriftir eða

   2. Flugöryggisstofnunin samþykki aðra kosti við tiltekna vottunarforskrift, sem ekki er hægt að uppfylla, þar sem fundist hafa þættir til úrbóta sem veita sambærilegt öryggi eða

   3. Flugöryggisstofnunin samþykki eða mæli fyrir um aðrar aðferðir sem:

      i. ef um er að ræða tegundarvottorð, sýna fram á að farið sé að grunnkröfum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða

      ii. ef um er að ræða takmarkað tegundarvottorð, veita fullnægjandi öryggi með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar og

b) hvers konar sérstökum skilyrðum sem Flugöryggisstofnunin mælir fyrir um í samræmi við a-lið 21.B.75.

21.B.82 **Vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars**

Flugöryggisstofnunin skal ákvarða vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og tilkynna umsækjanda um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars þar um. Vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu skal samanstanda af:

a) vottunarforskriftum fyrir gögn um örugga starfrækslu sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar og gilda um loftfarið á þeim degi sem sótt er um vottorðið eða á þeim degi sem lögð er fram viðbótarumsókn um örugga starfrækslu, hvort heldur er síðar, nema:

   1. umsækjandinn kjósi, eða þess sé krafist af honum í samræmi við f-lið 21.A.15, að uppfylla vottunarforskriftir sem öðluðust gildi eftir umsóknardaginn; ef umsækjandi kýs að uppfylla vottunarforskrift, sem öðlaðist gildi eftir umsóknardaginn, skal Flugöryggisstofnunin fella inn í tegundarvottunargrunninn hvers konar aðrar tengdar vottunarforskriftir eða

   2. Flugöryggisstofnunin samþykki eða mæli fyrir um aðrar aðferðir til að sýna fram á að farið sé að viðeigandi grunnkröfum II., IV. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139.

b) hver konar sérstökum skilyrðum sem Flugöryggisstofnunin mælir fyrir um í samræmi við a-lið 21.B.75.

21.B.85 **Tilgreining viðeigandi krafna um umhverfisvernd og vottunarforskrifta fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð**

a) Þegar sótt er um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð fyrir loftfar, fyrir viðbótarvottorð eða meiri háttar breytingu á tegundarvottorði eða viðbótartegundarvottorði skal Flugöryggisstofnunin ákvarða og tilkynna umsækjandanum um viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig sem settar eru fram í 1. kafla II. hluta I. bindis 16. viðauka við Chicago-samninginn og:

1. að því er varðar hljóðseinar þotur í 2., 3., 4. og 14. kafla,

2. að því er varðar flugvélar, knúnar skrúfuhreyflum, í 3., 4., 5., 6., 10. og 14. kafla,

3. að því er varðar þyrlur í 8. og 11. kafla,

4. að því er varðar hljóðfráar flugvélar í 12. kafla og

5. að því er varðar veltihnitur í 13. kafla.

b) Flugöryggisstofnunin skal ákvarða og tilkynna umsækjandanum, sem um getur í a-lið, um viðeigandi kröfur um losun, að því er varðar forvarnir gegn loftun eldsneytistanka flugfara af ásettu ráði, sem settar eru í 1. og 2. kafla II. hluta II. bindis 16. viðauka við Chicago-samninginn.

c) Flugöryggisstofnunin skal ákvarða og tilkynna umsækjandanum, sem um getur í a-lið, um viðeigandi kröfur varðandi losun reyks, lofttegunda og efnisagna frá hreyflum, sem settar eru fram í 1. kafla III. hluta II. bindis 16. viðauka við Chicago-samninginn og:

1. að því er varðar losun reyks og lofttegunda frá þotuhreyflum og tvístreymishreyflum, sem einungis eru ætlaðir til notkunar undir hljóðhraða, í 2. kafla,

2. að því er varðar losun reyks og lofttegunda frá þotuhreyflum og tvístreymishreyflum, sem eru ætlaðir til notkunar yfir hljóðhraða, í 3. kafla og

3. að því er varðar losun efnisagna frá þotuhreyflum og tvístreymishreyflum, sem einungis eru ætlaðir til notkunar undir hljóðhraða, í 4. kafla.

d) Flugöryggisstofnunin skal ákvarða og tilkynna umsækjandanum, sem um getur í a-lið, um viðeigandi kröfur um losun koltvísýrings frá flugvélum sem settar eru fram í 1. kafla II. hluta III. bindis 16. viðauka við Chicago-samninginn og:

1. að því er varðar hljóðseinar þotur í 2. kafla og

2. að því er varðar hljóðseinar flugvélar, knúnar skrúfuhreyflum, í 2. kafla.

21.B.100 **Umfang þátttöku**

a) Flugöryggisstofnunin skal ákvarða umfang þátttöku sinnar í tengslum við sannprófun á starfsemi og gögnum til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar í tengslum við umsókn um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð, samþykki fyrir meiri háttar breytingu, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða ETSO-heimild fyrir aukaaflstöð. Hún skal gera það á grundvelli mats á mikilvægum hópum starfsemi og gagna í vottunaráætluninni til að sýna fram á að tilskildar kröfur séu uppfylltar. Í matinu skal taka tillit til:

— líkanna á ótilgreindri vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu eða gagnvart kröfum um umhverfisvernd og

— hugsanlegra áhrifa þessarar vanefndar gagnvart kröfum um vöruöryggi eða umhverfisvernd,

og hafa a.m.k. eftirfarandi þætti í huga:

1. ný eða óvenjuleg einkenni vottunarverkefnisins, þ.m.t. rekstrar-, skipulags- og þekkingarstjórnunarþættir,

2. hversu flókin hönnunin er og/eða hversu flókið er að sýna fram á að tilskildar kröfur séu uppfylltar,

3. mikilvægi hönnunarinnar eða tækninnar og tengda öryggis- og umhverfisáhættu, þ.m.t. þá áhættu sem er tilgreind í tengslum við svipaða hönnun og

4. frammistöðu og reynslu hönnunarfyrirtækis umsækjanda á viðkomandi sviði.

b) Að því er varðar samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerðar, minni háttar breytingar eða ETSO-heimildar, aðra en fyrir aukaaflstöð, skal Flugöryggisstofnunin ákvarða umfang þátttöku sinnar í tengslum við vottunarverkefnið í heild, að teknu tilliti til hvers konar nýrra eða óvenjulegra einkenna, hversu flókin hönnunin er og/eða hversu flókið er að sýna fram á að tilskildar kröfur séu uppfylltar sem og mikilvægis hönnunarinnar eða tækninnar auk frammistöðu og reynslu hönnunarfyrirtækis umsækjanda.

c) Flugöryggisstofnunin skal tilkynna umsækjandanum um umfang þátttöku sinnar og uppfæra þátttöku sína þegar unnt er að réttlæta uppfærsluna með upplýsingum sem hafa merkjanleg áhrif á áhættuna sem áður hafði verið metin samkvæmt a- eða b-lið. Flugöryggisstofnunin skal tilkynna umsækjandanum um breytingar á umfangi þátttöku sinnar.

21.B.103 **Útgáfa tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs**

a) Flugöryggisstofnunin skal gefa út tegundarvottorð fyrir loftfar, hreyfil eða loftskrúfu eða takmarkað tegundarvottorð fyrir loftfar, að því tilskildu:

1. að umsækjandinn hafi uppfyllt kröfur 21.A.21,

2. að Flugöryggisstofnunin hafi ekki, fyrir tilstuðlan sannprófunar sinnar til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í tengslum við þátttöku sína, sem ákvörðuð er skv. 21.B.100, fundið neina vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu, eftir atvikum í samræmi við 21.B.82, og gagnvart kröfum um umhverfisvernd og

3. að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.

b) Þrátt fyrir a-lið, að ósk umsækjandans sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, er Flugöryggisstofnuninni heimilt að gefa út tegundarvottorð fyrir loftfar áður en sýnt hefur verið fram á að kröfur um vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu hafi verið uppfylltar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar fyrir þann dag sem þarf í raun að nota þessi gögn.“

41) Eftirfarandi kemur í stað D-kafla í B-þætti:

„21.B.105 **Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði**

Flugöryggisstofnunin skal ákvarða viðeigandi tegundarvottunargrunn, kröfur um umhverfisvernd, og, ef um er að ræða breytingu sem hefur áhrif á gögn um örugga starfrækslu, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu sem ákvarðaður er í samræmi við 21.A.101, og tilkynna umsækjanda um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði þar um.

21.B.107 **Útgáfa samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði**

a) Flugöryggisstofnunin skal gefa út samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði að því tilskildu að:

1. umsækjandinn um samþykki hafi uppfyllt tilskildar kröfur:

i. 21.A.95 fyrir minni háttar breytingu eða

ii. 21.A.97 fyrir meiri háttar breytingu,

2. Flugöryggisstofnunin hafi ekki, fyrir tilstuðlan sannprófunar sinnar til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við umfang þátttökunnar, sem ákvörðuð er samkvæmt a- eða b-lið 21.B.100, fundið neina vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu, eftir atvikum í samræmi við 21.B.82, og gagnvart kröfum um umhverfisvernd og

3. ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.

b) Ef um er að ræða breytingu sem hefur áhrif á gögn um örugga starfrækslu, þrátt fyrir 1. og 2. lið a-liðar, að ósk umsækjandans sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, er Flugöryggisstofnuninni heimilt að samþykkja breytingu á tegundarvottorði loftfars áður en sýnt hefur verið fram á að kröfur um vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu hafi verið uppfylltar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar fyrir þann dag sem þarf í raun að nota þessi gögn.

c) Samþykki fyrir breytingar á gögnum um örugga starfrækslu skal fellt inn í samþykki fyrir breytingar á tegundarvottorðinu.

d) Samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.“

42) Eftirfarandi kemur í stað E-kafla í B-þætti:

„Þegar vísað er til tegundarvottorða í þessum kafla er átt við tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð.

21.B.109 **Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir viðbótartegundarvottorð**

Flugöryggisstofnunin skal ákvarða viðeigandi tegundarvottunargrunn, kröfur um umhverfisvernd, og, ef um er að ræða breytingu sem hefur áhrif á gögn um örugga starfrækslu, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu sem ákvarðaður er í samræmi við 21.A.101 og tilkynna umsækjanda um viðbótartegundarvottorð þar um.

21.B.111 **Útgáfa viðbótartegundarvottorðs**

a) Flugöryggisstofnunin skal gefa út viðbótartegundarvottorð, að því tilskildu að:

1. umsækjandinn hafi uppfyllt kröfur b-liðar 21.A.115,

2. Flugöryggisstofnunin hafi ekki, fyrir tilstuðlan sannprófunar sinnar til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við umfang þátttökunnar, sem ákvörðuð er samkvæmt a-lið 21.B.100, fundið neina vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu, eftir atvikum í samræmi við 21.B.82, og gagnvart kröfum um umhverfisvernd og

3. ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.

b) Ef um er að ræða viðbótartegundarvottorð sem hefur áhrif á gögn um örugga starfrækslu, þrátt fyrir 1. og 2. lið a-liðar, að ósk umsækjandans sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, er Flugöryggisstofnuninni heimilt að gefa út viðbótartegundarvottorð áður en sýnt hefur verið fram á að kröfur um vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu hafi verið uppfylltar, að því tilskildu að umsækjandinn sýni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar fyrir þann dag sem þarf í raun að nota þessi gögn.

c) Samþykki fyrir breytingar á gögnum um örugga starfrækslu skal fellt inn í viðbótartegundarvottorðið.

d) Viðbótartegundarvottorðið skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast tilheyrandi meiri háttar breytingu.“

43) Í stað 21.B.326 kemur eftirfarandi:

„21.B.326 **Lofthæfivottorð**

Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út lofthæfivottorð:

a) fyrir ný loftför:

1. við framvísun þeirra gagna sem krafist er skv. 2. lið b-liðar 21.A.174,

2. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið samrýmist samþykktri hönnun og sé í öruggu rekstrarástandi; þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins og

3. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið uppfylli viðeigandi kröfur um koltvísýringslosun sem eru í gildi þann dag sem lofthæfisvottorðið er fyrst gefið út.

b) fyrir notuð loftför:

1. við framvísun þeirra gagna sem krafist er skv. 3. lið b-liðar 21.A.174 og sýna fram á:

i. að loftfarið samrýmist tegundarhönnun, sem er samþykkt samkvæmt tegundarvottorði og hvers konar viðbótartegundarvottorði, breytingu eða viðgerð sem er samþykkt í samræmi við I. viðauka (21. hluta) og

ii. að farið hafi verið eftir viðeigandi lofthæfifyrirmælum og

iii. að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við viðeigandi ákvæði I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og

iv. að loftfarið hafi uppfyllt viðeigandi kröfur um koltvísýringslosun sem eru í gildi þann dag sem lofthæfisvottorðið var fyrst gefið út,

2. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið samrýmist samþykktri hönnun og sé í öruggu rekstrarástandi; þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins og

3. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið hafi uppfyllt viðeigandi kröfur um koltvísýringslosun sem voru í gildi þann dag sem lofthæfisvottorðið var fyrst gefið út.“

44) Eftirfarandi kemur í stað M-kafla í B-þætti:

„21.B.450 **Tegundarvottunargrunnur og kröfur um umhverfisvernd fyrir samþykki fyrir hönnun viðgerðar**

Flugöryggisstofnunin skal ákvarða hvers konar breytingar á tegundarvottunargrunninum, sem eru felldar inn með tilvísun, eftir því sem við á, í tegundarvottorðinu, viðbótartegundarvottorðinu eða ETSO-heimildinni fyrir aukaaflstöð, sem hún telur nauðsynlegar til að viðhalda því öryggi sem jafngildir því sem áður hafði verið ákvarðað, og tilkynna umsækjandanum þar um.

21.B.453 **Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar**

a) Flugöryggisstofnunin skal gefa út samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar að því tilskildu að:

1. umsækjandinn hafi sýnt fram á getu sína í samræmi við 21.A.432B,

2. umsækjandinn hafi uppfyllt kröfur 21.A.433,

3. Flugöryggisstofnunin hafi ekki, fyrir tilstuðlan sannprófunar sinnar til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við umfang þátttökunnar, sem ákvörðuð er samkvæmt a-lið 21.B.100, fundið neina vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins og kröfum um umhverfisvernd og

4. ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.

b) Flugöryggisstofnunin skal gefa út samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerðar, að því tilskildu að umsækjandinn hafi uppfyllt kröfur 2. og 4. liðar a-liðar og að því tilskildu að Flugöryggisstofnunin hafi ekki, fyrir tilstuðlan sannprófunar sinnar til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við umfang þátttökunnar, samkvæmt b-lið 21.B.100, fundið neina vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins og kröfum um umhverfisvernd.“

45) Eftirfarandi kemur í stað O-kafla í B-þætti:

„21.B.480 **Útgáfa ETSO-heimildar**

Flugöryggisstofnunin skal gefa út ETSO-heimild að því tilskildu að:

a) umsækjandinn hafi uppfyllt 21.A.606,

b) Flugöryggisstofnunin hafi ekki, fyrir tilstuðlan sannprófunar sinnar til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við umfang þátttökunnar, sem ákvörðuð er samkvæmt b-lið 21.B.100, fundið neina vanefnd gagnvart tæknilegum skilyrðum viðeigandi evrópskrar tækniforskriftar eða frávikum frá þeim sem hafa verið samþykkt í samræmi við lið 21.A.610, ef einhver eru, og

c) ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert hlutann/búnaðinn ótryggan til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/945 2023/EES/62/11

frá 12. mars 2019

um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 58. og 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ómönnuð loftfarskerfi („UA-kerfi“), sem hafa minnstu áhættu í för með sér og sem tilheyra starfrækslu í „opna“ flokknum, ættu ekki að falla undir staðlaðar reglufylgniaðferðir fyrir flug. Nýta ætti möguleikann á að innleiða samhæfingarlöggjöf Bandalagsins, sem um getur í 6. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, fyrir þessi UA-kerfi. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að setja tilskildar kröfur þar sem brugðist er við þeirri áhættu sem starfræksla slíkra UA-kerfa hefur í för með sér, að teknu fullu tilliti til annarrar gildandi samhæfingarlöggjafar Sambandsins.

2) Þessar kröfur ættu að ná yfir grunnkröfurnar, sem kveðið er á um í 55. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, einkum að því er varðar þá sértæku þætti og virkni sem nauðsynleg er til að draga úr áhættu varðandi öryggi flugs, friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga, flugvernd eða umhverfisvernd, sem stafar af starfrækslu þessara UA-kerfa.

3) Þegar framleiðendur setja UA-kerfi á markað, í þeim tilgangi að gera kerfið aðgengilegt til starfrækslu í „opna“ flokknum, og festa því á það auðkennismerkimiða flokksins ættu þeir að tryggja að UA-kerfið uppfylli kröfur þess flokks.

4) Að teknu tilliti til hins háa öryggisstigs, sem náðst hefur fyrir flugmódel sem eru þegar í boði á markaði, er viðeigandi að búa til flokkinn C4 fyrir UA-kerfi sem ættu ekki að falla undir óhóflegar tæknilegar kröfur, í þágu stjórnenda flugmódela.

5) Þessi reglugerð ætti einnig að gilda um UA-kerfi sem teljast leikföng í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/ESB ([2]). Þau UA-kerfi ættu einnig að samrýmast tilskipun 2009/48/EB. Taka ætti tillit til þessarar samræmiskröfu þegar viðbótaröryggiskröfur eru skilgreindar samkvæmt þessari reglugerð.

6) UA-kerfi, sem eru ekki leikföng í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB, ættu að uppfylla viðeigandi grunnkröfur um heilbrigði og öryggi, sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([3]), svo fremi að þessi tilskipun gildi um þau og að því marki að þessar heilbrigðis- og öryggiskröfur séu ekki órjúfanlega tengdar flugöryggi þeirra. Ef þessar heilbrigðis- og öryggiskröfur eru órjúfanlega tengdar flugöryggi ætti aðeins þessi reglugerð að gilda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ([5]) ættu ekki að gilda um ómönnuð loftför sem eru háð vottun í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139, þau eru eingöngu ætluð til notkunar í lofti og einungis til að starfa á tíðnisviðum sem úthlutað hefur verið samkvæmt alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir varða flugfjarskiptanotkun.

8) Tilskipun 2014/53/ESB ætti að gilda um ómönnuð loftför sem eru ekki háð vottun og eru ekki eingöngu ætluð til að starfa á tíðnisviðum sem úthlutuð eru samkvæmt alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir varða flugfjarskiptanotkun, ef þau geta gefið frá sér og/eða tekið við rafsegulbylgjum á lægri tíðni en 3000 GHz fyrir þráðlaus fjarskipti og/eða staðsetningarákvörðun.

9) Tilskipun 2014/30/ESB ætti að gilda um ómönnuð loftför sem eru ekki háð vottun og eru ekki eingöngu ætluð til að starfa á tíðnisviðum sem úthlutuð eru samkvæmt alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir varða flugfjarskiptanotkun, ef þau falla ekki undir gildissvið tilskipunar 2014/53/ESB.

10) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([6]) er mælt fyrir um sameiginlegar meginreglur og þverlæg ákvæði sem eiga að gilda um markaðssetningu vara sem falla undir viðeigandi sérlög. Til að tryggja samræmi við önnur sérlög um vörur ætti að laga ákvæðin um markaðssetningu UA-kerfa, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, að þeim ramma sem komið var á með ákvörðun 768/2008/EB.

11) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ([7]) gildir um öryggishættur í tengslum við UA-kerfi, að því tilskildu að engin sérákvæði með sama markmiði sé að finna í lögum Sambandsins um öryggi viðkomandi vara.

12) Reglugerð þessi ætti að gilda um hvers konar afhendingu, þ.m.t. fjarsölu.

13) Aðildarríki ættu að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, séu aðeins boðin fram á markaði og tekin í notkun ef þau ógna ekki heilbrigði og öryggi manna, húsdýra eða eigna við venjulega notkun.

14) Til að tryggja borgurum öfluga umhverfisvernd er nauðsynlegt að takmarka hávaðamengun eins mikið og hægt er. Takmarkanir fyrir hljóðafl sem gilda um UA-kerfi sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, kunna að vera endurskoðaðar í lok umbreytingartímabilsins, eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ([8]).

15) Leggja ætti sérstaka áherslu á að tryggja að vörurnar uppfylli tilskildar kröfur í ljósi þess að rafræn verslun hefur aukist mikið. Í þeim tilgangi ætti að hvetja aðildarríkin til að halda áfram samstarfi við lögbær yfirvöld í þriðju löndum og þróa samstarf milli markaðseftirlitsyfirvalda og tollyfirvalda. Markaðseftirlitsyfirvöld ættu, þegar unnt er, að nota verklagsreglurnar um tilkynningar og aðgerðir (e. *notice and action*) og koma á samstarfi við landsbundin yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB ([9]). Þau ættu að skapa náin tengsl til að geta brugðist skjótt við í samstarfi sínu við mikilvæga milliliði sem veita hýsingarþjónustu fyrir vörur sem eru seldar á netinu.

16) Í því skyni að tryggja öfluga vernd að því er varðar hagsmuni almennings, s.s. heilbrigði og öryggi, og til að tryggja sanngjarna samkeppni á markaði Sambandsins ættu markaðsaðilar að bera ábyrgð á því að UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, í samræmi við það hlutverk sem hver markaðsaðili gegnir í aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu. Því er nauðsynlegt að kveða á um skýra og hóflega dreifingu skuldbindinga sem samsvara hlutverki hvers markaðsaðila í aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

([6]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

17) Til að auðvelda samskipti milli markaðsaðila, landsbundinna markaðseftirlitsyfirvalda og neytenda ættu markaðsaðilar, sem annast afhendingu eða dreifingu UA-kerfa, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, að setja fram upplýsingar um veffang til viðbótar við póstfang.

18) Þar eð framleiðandinn býr yfir ítarlegri þekkingu á hönnunar- og framleiðsluferlinu er hann hæfasti aðilinn til að framkvæma samræmismatsaðferðina á UA-kerfi sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum. Samræmismatið ætti því áfram eingöngu að vera á ábyrgð framleiðandans.

19) Þessi reglugerð ætti að gilda um öll ný UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum á markaði Sambandsins, hvort sem um er að ræða ný UA-kerfi, sem eru framleidd af framleiðanda með staðfestu í Sambandinu, eða ný eða notuð UA-kerfi sem eru innflutt frá þriðja landi.

20) Nauðsynlegt er að tryggja að UA-kerfi frá þriðju löndum, sem koma inn á markað Sambandsins, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, ef ætlunin er að starfrækja þau í „opna“ flokknum. Einkum ætti að tryggja að framleiðendur framkvæmi samræmismat með viðeigandi matsaðferð. Því ætti að setja ákvæði um að innflytjendur gangi úr skugga um að UA-kerfi, sem þeir setja á markað, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og að þeir setji ekki UA-kerfi á markað sem uppfylla ekki slíkar kröfur eða hafa áhættu í för með sér. Einnig ætti að setja ákvæði um að innflytjendur gangi úr skugga um að samræmismat hafi verið framkvæmt og að CE-merkingar og tæknigögn, sem tekin eru saman af hálfu framleiðenda, séu aðgengileg lögbærum landsyfirvöldum til skoðunar.

21) Sá dreifingaraðili sem býður UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, fram á markaði ætti að gæta þess vandlega að viðkomandi meðferð á vörunni hafi ekki neikvæð áhrif á að varan uppfylli gildandi kröfur. Þess er vænst af bæði innflytjendum og dreifingaraðilum að þeir gæti þess vandlega að þær vörur sem þeir setja á markað eða bjóða fram á markaði uppfylli gildandi kröfur.

22) Þegar innflytjandi setur UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, á markað ætti hann að tilgreina á UA-kerfinu nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við hann. Heimilt ætti að vera að veita undanþágur ef stærð UA-kerfisins gerir það ekki kleift. Þetta á einnig við um tilvik þar sem innflytjandinn myndi þurfa að opna umbúðirnar til að setja nafn sitt og heimilisfang á UA-kerfið.

23) Markaðsaðili sem annaðhvort setur UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, á markað undir eigin nafni eða vörumerki eða gerir breytingar á UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort varan uppfylli viðeigandi kröfur, ætti að teljast framleiðandinn og takast á hendur skyldur framleiðanda.

24) Þar sem dreifingaraðilar og innflytjendur eru nátengdir markaðinum ættu þeir að taka þátt í verkefnum er lúta að markaðseftirliti, sem lögbær landsyfirvöld annast, og ættu að vera reiðubúnir að taka virkan þátt í því að veita þessum yfirvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi UA-kerfið sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum.

25) Ef rekjanleiki UA-kerfis, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, er tryggður í allri aðfangakeðjunni stuðlar það að einfaldara og skilvirkara markaðseftirliti. Skilvirkt rekjanleikakerfi auðveldar markaðseftirlitsyfirvöldum það verkefni að rekja markaðsaðila sem bjóða UA-kerfi á markaði sem uppfylla ekki gildandi kröfur.

26) Þessi reglugerð ætti að takmarkast við að setja fram grunnkröfur. Til að auðvelda mat á því hvort UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, uppfylli þessar kröfur er nauðsynlegt að kveða á um fyrirframætlað samþykki, hvað varðar vörur sem eru í samræmi við samhæfða staðla sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([10]), í því skyni að setja fram ítarlegar tækniforskriftir fyrir þær kröfur.

27) Grunnkröfurnar sem gilda um UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, skulu orðaðar á nægilega nákvæman hátt til að koma á lagalega bindandi skyldum. Þær skulu samsettar þannig að unnt sé að leggja mat á hvort um sé að ræða samræmi við þessar kröfur, jafnvel þótt samhæfðir staðlar séu ekki fyrir hendi eða jafnvel þótt framleiðandinn kjósi að beita ekki samhæfðum staðli.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

28) Í reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 er kveðið á um reglu um andmæli við samhæfðum stöðlum sem fullnægja ekki að öllu leyti kröfum samhæfingarlöggjafarinnar sem gildir um UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, samkvæmt þessari reglugerð. Þessi regla ætti að gilda, eftir því sem við á, í tengslum við staðla, þar sem tilvísanir í þá hafa verið birtar í Stjórnartíðindunum, sem telst vera fyrirframætlað samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

29) Til að gera markaðsaðilum kleift að sýna fram á og lögbærum yfirvöldum kleift að tryggja að UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum og sem boðin eru fram á markaði, uppfylli grunnkröfurnar er nauðsynlegt að kveða á um samræmismatsaðferðir. Í ákvörðun nr. 768/2008/EB eru settar fram aðferðareiningar fyrir samræmismatsaðferðir sem fela í sér misstrangar aðferðir í samræmi við þá áhættu sem um er að ræða og það öryggisstig sem nauðsynlegt er. Til þess að tryggja samræmi milli einstakra starfsgreina og forðast sérstök matsafbrigði ætti að velja samræmismatsaðferðir meðal þessara aðferðareininga.

30) Markaðseftirlitsyfirvöld og umráðendur UA-kerfa ættu að hafa greiðan aðgang að ESB-samræmisyfirlýsingunni. Til að uppfylla þessa kröfu ættu framleiðendur að tryggja að hverju UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, fylgi annaðhvort afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni eða veffang þar sem hægt er að nálgast hana.

31) Til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingum vegna markaðseftirlits ættu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilgreina allar gerðir Sambandsins sem gilda um UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, að vera tiltækar í einni ESB-samræmisyfirlýsingu. Til þess að draga úr stjórnsýsluálagi á markaðsaðila gæti þessi eina ESB-samræmisyfirlýsing verið í formi málsskjala sem eru sett saman úr viðeigandi, einstökum samræmisyfirlýsingum.

32) CE-merkið sýnir að varan uppfylli tilteknar kröfur, auk þess sem það sýnir niðurstöðu heils samræmismatsferlis í víðtækum skilningi. Almennar meginreglur um fyrirkomulag CE-merkisins eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([11]). Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um reglur sem gilda um áfestingu CE-merkisins á UA-kerfi sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum.

33) Tilteknir flokkar UA-kerfa, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum og falla undir þessa reglugerð, krefjast afskipta samræmismatsstofa. Aðildarríkin ættu að tilkynna framkvæmdastjórninni þar um.

34) Nauðsynlegt er að tryggja einsleitan og góðan árangur innan Sambandsins hjá stofum sem annast samræmismat á UA-kerfum, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, og að allar þessar stofur sinni hlutverki sínu á sama hátt og við sanngjörn samkeppnisskilyrði. Því ætti að setja skyldubundnar kröfur (e. *obligatory requirements*) um samræmismatsstofur sem óska eftir því að vera tilkynntar svo þær geti veitt samræmismatsþjónustu.

35) Ef samræmismatsstofa sýnir fram á að UA-kerfið, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, uppfylli viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í samhæfðu stöðlunum, ætti það að teljast uppfylla samsvarandi kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

36) Til þess að tryggja samræmt gæðastig við samræmismat er einnig nauðsynlegt að setja kröfur sem gilda um tilkynningaryfirvöld og aðrar stofur sem eiga hlutdeild í mati, tilkynningu og vöktun með tilkynntum stofum.

37) Í reglugerð (EB) nr. 765/2008 eru settar reglur varðandi faggildingu samræmismatsstofa, ákvarðaður rammi fyrir markaðseftirlit með vörum og fyrir eftirlit með vörum frá þriðju löndum og settar almennar meginreglur varðandi CE-merki. Faggildingarkerfið, sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008, ætti að vera viðbót við kerfið sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

38) Opinber yfirvöld í aðildarríkjum innan Sambandsins ættu að nota gagnsæja faggildingu, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, sem tryggir nauðsynlegt traust á samræmisvottorðum sem aðferð til að sýna fram á tæknilega færni samræmismatsstofa.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

39) Samræmismatsstofur fá oft undirverktaka til að annast hluta starfsemi sinnar er tengist samræmismati eða nýta sér dótturfyrirtæki. Til að tryggja nauðsynlegt verndarstig fyrir UA-kerfið, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum og sem á að setja á markað Sambandsins, er nauðsynlegt að undirverktakar og dótturfyrirtæki, sem annast samræmismat, uppfylli sömu kröfur og tilkynntar stofur með tilliti til framkvæmdar samræmismatsverkefna. Því er mikilvægt að mat á hæfni og frammistöðu hjá þeim stofum sem á að tilkynna og vöktun þeirra stofa sem þegar hafa verið tilkynntar taki einnig til starfsemi undirverktaka og dótturfyrirtækja.

40) Nauðsynlegt er að auka skilvirkni og gagnsæi málsmeðferðar um tilkynningar og einkum að laga hana að nýrri tækni svo tilkynning geti farið fram rafrænt.

41) Þar eð tilkynntar stofur geta boðið þjónustu sína í gervöllu Sambandinu er rétt að önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnin eigi þess kost að hreyfa andmælum gegn tilkynntri stofu. Því er mikilvægt að kveða á um tímabil þar sem ráða má bót á öllum vafaatriðum eða áhyggjuefnum um hæfni samræmismatsstofa áður en þær hefja starfsemi sem tilkynntar stofur.

42) Af samkeppnisástæðum er brýnt að tilkynntar stofur beiti samræmismatsaðferðunum án þess að skapa óþarfa stjórnsýslubyrði fyrir markaðsaðila. Af sömu ástæðum, sem og til að tryggja jafna meðferð á markaðsaðilum, verður að tryggja samræmi í tæknilegri beitingu samræmismatsaðferðanna. Þessu verður best náð fram með viðeigandi samræmingu og samstarfi milli tilkynntra stofa.

43) Hagsmunaaðilar ættu að hafa rétt á því að kæra niðurstöður samræmismats sem tilkynnt stofa framkvæmir. Mikilvægt er að tryggja að fyrir hendi sé kæruleið í tengslum við allar ákvarðanir sem tilkynntar stofur hafa tekið.

44) Framleiðendur ættu að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, megi aðeins setja á markað ef þau stofna ekki heilbrigði eða öryggi manna í hættu þegar þau eru geymd á réttan hátt og þau notuð við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði. Líta ætti svo á að UA-kerfi, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum, samræmist ekki grunnkröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð, nema þau séu eingöngu notuð við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði, þ.e.a.s. við notkun sem kann að leiða af löglegu og mannlegu atferli sem auðveldlega mátti sjá fyrir.

45) Til þess að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að skýra að reglurnar um markaðseftirlit Sambandsins og eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, þ.m.t. ákvæðin um upplýsingaskipti fyrir tilstilli hraðviðvörunarkerfisins (RAPEX-kerfið), gildi um UA-kerfi sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum. Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin velji hvaða lögbæru yfirvöld eigi að framkvæma þessi verkefni. Til þess að tryggja snurðulausa umbreytingu að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að gera viðeigandi umbreytingarráðstafanir.

46) UA-kerfi með áhættumestu starfræksluna ættu að vera háð vottun. Í þessari reglugerð ætti því að skilgreina samkvæmt hvaða skilyrðum ætti að votta hönnun, framleiðslu og viðhald á UA-kerfum. Þessi skilyrði tengjast meiri áhættu á meiðslum þriðju aðila ef slys verður og því ætti að krefjast vottunar fyrir UA-kerfi sem eru hönnuð til að flytja fólk, fyrir UA-kerfi sem eru hönnuð til að flytja hættulegan farm og fyrir UA-kerfi sem eru að einhverju stærðarmáli yfir 3 metra og eru hönnuð til að fljúga yfir mannfjölda. Einnig ætti að krefjast vottunar á UA-kerfum, sem notuð eru við starfrækslu í „sérstaka“ flokknum sem skilgreindur er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, ef talið er, í kjölfar áhættumats samkvæmt starfræksluheimild sem lögbæra yfirvaldið gefur út, að ekki sé hægt að draga nægilega úr áhættunni sem starfrækslunni fylgir án vottunar UA-kerfisins.

47) UA-kerfi sem sett eru á markað, sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum og sem bera auðkennismerkimiða flokksins, ættu að uppfylla vottunarkröfurnar sem gilda um UA-kerfi sem notuð eru við starfrækslu í „sérstaka“ eða „vottaða“ flokknum, eftir því sem við á, ef þessi UA-kerfi eru notuð utan „opna“ starfræksluflokksins.

48) Umráðendur UA-kerfa sem hafa höfuðstöðvar sínar í þriðja landi, eru með staðfestu eða eru búsettir þar og sem starfrækja UA-kerfi innan samevrópska loftrýmisins ættu að falla undir þessa reglugerð.

49) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 01/2018 ([12]) í samræmi við 65. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um hönnun og framleiðslu UA-kerfa, sem starfrækja á samkvæmt þeim reglum og skilyrðum sem skilgreind eru í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, og viðbótarbúnaðar fyrir fjarauðkenningu (e. *remote identification add-ons*). Í henni eru einnig skilgreindar tegundir UA-kerfa en hönnun þeirra, framleiðsla og viðhald skal háð vottun.

2. Í henni eru þar að auki settar reglur um að bjóða fram á markaði UA-kerfi, sem nota á í „opna“ flokknum, og viðbótarbúnað fyrir fjarauðkenningu og um frjálsa flutninga þeirra innan Sambandsins.

3. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur fyrir umráðendur UA-kerfa frá þriðju löndum þegar þeir starfrækja UA-kerfi samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 innan samevrópska loftrýmisins.

2. gr.

Gildissvið

1. Ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar gilda um eftirfarandi vörur:

a) UA-kerfi sem starfrækja á samkvæmt þeim reglum og skilyrðum sem gilda um starfrækslu í „opna“ flokknum samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, að undanskildum UA-kerfum sem smíðuð eru af einkaaðilum og sem bera auðkennismerkimiða flokksins, eins og sett er fram í 1.–5. hluta viðaukans við þessa reglugerð þar sem tilgreint er undir hvaða flokk af þeim fimm flokkum UA-kerfa, sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, kerfið fellur,

b) viðbótarbúnað fyrir fjarauðkenningu, eins og sett er fram í 6. hluta viðaukans við þessa reglugerð.

2. Ákvæði III. kafla þessarar reglugerðar gilda um UA-kerfi sem starfrækt eru samkvæmt þeim reglum og skilyrðum sem gilda um starfrækslu í „vottaða“ og „sérstaka“ flokknum samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947.

3. Ákvæði IV. kafla þessarar reglugerðar gilda um umráðendur UA-kerfa sem eru með höfuðstöðvar sínar, eru með staðfestu eða eru búsettir í þriðja landi, ef UA-kerfin eru starfrækt í Sambandinu.

4. Þessi reglugerð gildir ekki um UA-kerfi sem fyrirhugað er að starfrækja innandyra eingöngu.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „ómannað loftfar“: hvers kyns loftfar sem er starfrækt eða hannað fyrir flug með sjálfstýringu eða fjarstýribúnaði án flugmanns um borð,

2) „búnaður til að fjarstýra ómönnuðu loftfari“ (e. *equipment to control unmanned aircraft remotely*): hvers konar mælar, búnaður, kerfi, tækjabúnaður, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukabúnaður sem er nauðsynlegur fyrir örugga starfrækslu ómannaðs loftfars, sem er ekki hluti og sem er ekki hafður um borð í ómannaða loftfarinu,

3) „ómannað loftfarskerfi“ (e. *unmanned aircraft system*, UA-kerfi): ómannað loftfar og búnaður til að fjarstýra því,

4) „umráðandi ómannaðs loftfarskerfis“ (umráðandi UA-kerfis): lögaðili eða einstaklingur sem starfrækir eða hefur í hyggju að starfrækja eitt eða fleiri UA-kerfi,

([12]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 01/2018: „Inngangur að regluramma fyrir starfrækslu ómannaðra loftfarskerfa í „opna“ og „sérstaka“ flokknum““ (RMT.0230), aðgengilegt á https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

5) „„opinn“ flokkur“: starfræksluflokkur UA-kerfa sem er skilgreindur í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947,

6) „„sérstakur“ flokkur“: starfræksluflokkur UA-kerfa sem er skilgreindur í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947,

7) „„vottaður“ flokkur“: starfræksluflokkur UA-kerfa sem er skilgreindur í 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947,

8) „samhæfingarlöggjöf Sambandsins“: öll löggjöf Sambandsins þar sem skilyrði fyrir setningu vara á markað eru samræmd,

9) „faggilding“: faggilding eins og hún er skilgreind í 10. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

10) „samræmismat“: ferli sem sýnir fram á hvort sérstakar kröfur í tengslum við vöru hafi verið uppfylltar,

11) „samræmismatsstofa“: stofa sem annast samræmismat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit,

12) „CE-merkið“: merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að varan sé í samræmi við gildandi kröfur, sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins, þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins,

13) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir vöru eða lætur hanna eða framleiða vöru og markaðssetur vöruna undir sínu nafni eða vörumerki,

14) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,

15) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur vöru frá þriðja landi á markað Sambandsins,

16) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður vöru fram á markaði,

17) „markaðsaðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda, innflytjandi og dreifingaraðili UA-kerfis,

18) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending vöru til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði Sambandsins meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

19) „setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

20) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall, eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

21) „tækniforskrift“: skjal þar sem settar eru fram tæknikröfur sem vörur, vinnsla eða þjónusta þarf að uppfylla,

22) „ómannað loftfarskerfi sem smíðað er af einkaaðila“: UA-kerfi, samsett eða framleitt til eigin nota byggjandans, þar eru ekki meðtalin UA-kerfi sem eru samsett úr hlutum, sem framleiðandinn setur á markað sem stakar einingar tilbúnar til samsetningar,

23) „markaðseftirlitsyfirvald“: yfirvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á markaðseftirliti á eigin yfirráðasvæði,

24) „innköllun“: hver sú ráðstöfun sem miðar að því að vöru, sem hefur þegar verið boðin endanlegum notenda, sé skilað til baka,

25) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að vara í aðfangakeðjunni sé boðin fram á markaði,

26) „samevrópskt loftrými“: loftrýmið yfir því yfirráðasvæði sem sáttmálinn gildir um, auk hvers konar annars loftrýmis þar sem aðildarríki beita reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 ([13]) í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar,

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20).

27) „fjarflugmaður“: einstaklingur sem ber ábyrgð á öruggu flugi ómannaðs loftfars með því að stjórna stýrakerfi loftfarsins, annaðhvort handvirkt eða, ef ómannaða loftfarið flýgur sjálfvirkt, með því að fylgjast með stefnu þess og vera reiðubúinn að grípa inn í og breyta stefnunni hvenær sem er,

28) „hámarksflugtaksmassi“ (MTOM): hámarksmassi ómannaðs loftfars, þ.m.t. farmþungi og eldsneyti, eins og hann er skilgreindur af framleiðanda eða byggjanda, sem hægt að er að starfrækja ómannaða loftfarið með,

29) „farmþungi“: mælar, kerfi, búnaður, hluti, tækjabúnaður, fylgihlutir eða aukabúnaður, þ.m.t. fjarskiptabúnaður sem er uppsettur í eða festur á loftfarið og er ekki notaður eða ætlaður til notkunar við starfrækslu eða stjórn loftfars á flugi, og er ekki hluti af flugskrokk, hreyfli eða skrúfu,

30) „fylgihamur“ (e. *follow-me mode*): starfræksluhamur UA-kerfis þar sem ómannaða loftfarið fylgir stöðugt fjarflugmanninum innan fyrirframákveðins radíuss,

31) „bein fjarauðkenning“ (e. *direct remote identification*): kerfi sem tryggir staðbundna útsendingu upplýsinga um ómannað loftfar sem verið er að starfrækja, þ.m.t. merki ómannaða loftfarsins, þannig að hægt sé að afla þessara upplýsinga án þess að hafa efnislegan aðgang að ómannaða loftfarinu,

32) „rýmisvitund“ (e. *geo-awareness*): virkni sem, á grundvelli gagna frá aðildarríkjunum, greinir mögulegt brot á takmörkunum á notkun loftrýmis og gerir fjarflugmönnum viðvart svo þeir geti gripið til tafarlausra og skilvirkra aðgerða til að koma í veg fyrir brotið,

33) „hljóðaflsstig L_{WA}“: A-vegið hljóðafl í dB miðað við 1 pW, eins og skilgreint er í staðlinum EN ISO 3744:2010,

34) „mælt hljóðaflsstig“: hljóðaflsstig sem ákvarðað er út frá mælingum sem mælt er fyrir um í 13. hluta viðaukans; mæld gildi má ákvarða annaðhvort með því að mæla eitt ómannað loftfar, sem er dæmigert fyrir þá tegund loftfara, eða nota meðaltal mælinga á tilteknum fjölda ómannaðra loftfara,

35) „hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á“: hljóðaflsstig, ákvarðað í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 13. hluta viðaukans, sem felur í sér óvissu sem stafar af frávikum í framleiðslu og mælingaraðferðum og sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu staðfestir að sé ekki hærra en mælt er fyrir um samkvæmt þeim tæknilegu verkfærum sem beitt er og um getur í tæknigögnum,

36) „að voka“: að halda í sömu landfræðilegu stöðu í loftinu,

37) „mannfjöldi“: samsöfnun fólks þar sem einstaklingar geta ekki komist út úr hópnum vegna þess hve þétt einstaklingar standa.

II. KAFLI

UA-kerfi sem ætlað er að starfrækja í „opna“ flokknum og viðbótarbúnaður fyrir fjarauðkenningu

1. HLUTI

Kröfur um vörur

4. gr.

Kröfur

1. Vörurnar, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans.

2. UA-kerfi, sem eru ekki leikföng í merkingu tilskipunar 2009/48/EB, skulu eingöngu uppfylla viðeigandi heilbrigðis- og öryggiskröfur, sem settar eru fram í tilskipun 2006/42/EB, í tengslum við áhættur aðrar en þær sem tengjast flugöryggi ómannaðra loftfara.

3. Einungis er heimilt að uppfæra hugbúnað vara, sem hafa þegar verið boðnar fram á markaði, ef slík uppfærsla hefur ekki áhrif á reglufylgni vörunnar.

5. gr.

Vörur boðnar fram á markaði og frjáls flutningur vara

1. Vörur skulu aðeins boðnar fram á markaði ef þær uppfylla kröfur þessa kafla og stofna ekki heilbrigði eða öryggi manna, húsdýra eða eigna í hættu.

2. Aðildarríkin skulu ekki, hvað varðar atriðin sem fjallað er um í þessum kafla, banna, takmarka eða hindra að vörur, sem fullnægja ákvæðum þessa kafla, séu boðnar fram á markaði.

2. HLUTI

Skyldur markaðsaðila

6. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Þegar framleiðendur setja vörur sínar á markað skulu þeir tryggja að þær hafi verið hannaðar og framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans.

2. Framleiðendur skulu útbúa tæknigögnin, sem kveðið er á um í 17. gr., og framkvæma viðeigandi samræmismatsaðferð, sem um getur í 13. gr., eða útvista henni.

Ef sýnt hefur verið fram á að varan uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans, með þessari samræmismatsaðferð skulu framleiðendur semja ESB-samræmisyfirlýsingu og festa CE-merkið á.

3. Framleiðendur skulu varðveita tæknigögnin og ESB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að varan hefur verið sett á markað.

4. Framleiðendur skulu tryggja að aðferðir séu fyrir hendi til að raðframleiðsla haldist í samræmi við þennan kafla. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun, eiginleikum eða hugbúnaði vöru og breytinga á samhæfðum stöðlum eða tækniforskriftum sem lýst er yfir að samræmi vöru við gildandi kröfur miðist við.

Ef það telst viðeigandi, með tilliti til áhættu sem stafar af vöru, skulu framleiðendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi neytenda, framkvæma úrtaksprófun á vörum á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, vörur sem uppfylla ekki kröfur og innköllun vara og veita dreifingaraðilum upplýsingar um alla slíka vöktun.

5. Framleiðendur UA-kerfa skulu tryggja að á ómannaða loftfarinu sé gerðarnúmer, í skilningi ákvörðunar 768/2008/EB, og einkvæmt raðnúmer sem gerir kleift að auðkenna það og, ef við á, uppfylla kröfurnar sem skilgreindar eru í samsvarandi 2.–4. hluta viðaukans. Framleiðendur viðbótarbúnaðar fyrir fjarauðkenningu skulu tryggja að á búnaðinum sé gerðarnúmer og einkvæmt raðnúmer sem gerir kleift að auðkenna hann og uppfylla kröfurnar sem skilgreindar eru í 6. hluta viðaukans. Í báðum tilvikum skulu framleiðendur tryggja að einkvæmt raðnúmer sé einnig fest á ESB-samræmisyfirlýsinguna eða á einfölduðu ESB-samræmisyfirlýsinguna sem um getur í 14. gr.

6. Framleiðendur skulu skrá á vöruna nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki, veffang og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðirnar eða í skjal sem fylgir vörunni. Heimilisfangið skal vera heimilisfang eins tiltekins staðar þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann. Samskiptaupplýsingar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

7. Framleiðendur skulu tryggja að vörunni fylgi notendahandbók og kynningartilkynning, sem krafist er skv. 1.–6. hluta viðaukans, á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir notendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Slík notendahandbók og kynningartilkynning sem og hvers konar merkingar skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.

8. Framleiðendur skulu tryggja að hverri vöru fylgi afrit af ESB-samræmisyfirlýsingu eða af einfaldaðri ESB-samræmisyfirlýsingu. Sé einfölduð ESB-samræmisyfirlýsing lögð fram skal vera í henni nákvæmt veffang þar sem hægt er að nálgast óstyttan texta ESB-samræmisyfirlýsingarinnar.

9. Framleiðendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að vara, sem þeir hafa sett á markað, samrýmist ekki þessum kafla skulu tafarlaust gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta til að varan samrýmist tilskildum kröfum, til að taka hana af markaði eða innkalla hana, ef við á. Ef áhætta stafar af vörunni skulu framleiðendur tafarlaust upplýsa markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem varan var boðin fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum, um allar ráðstafanir til úrbóta og árangurinn af þessum ráðstöfunum.

10. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að varan samrýmist þessum kafla, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af vörunni sem þeir hafa sett á markað.

7. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði.

Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr., og sú skylda að útbúa tæknigögnin, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skulu ekki vera hluti af umboði viðurkennda fulltrúans.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa viðurkennda fulltrúanum heimild til:

a) að varðveita ESB-samræmisyfirlýsinguna og tæknigögnin svo þau séu tiltæk fyrir landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld í tíu ár eftir að varan hefur verið sett á markað Sambandsins,

b) að afhenda því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi vörunnar, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá markaðseftirlitsyfirvaldi eða yfirvaldi sem annast landamæragæslu,

c) að hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eða yfirvöld sem annast landamæragæslu, um hvers konar ráðstafanir sem gerðar eru til að uppræta skort á samræmi eða útiloka áhættu sem stafar af vörunum sem umboð viðurkennds fulltrúa tekur til.

8. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu aðeins setja á markað Sambandsins vörur sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

2. Áður en vara er sett á markað Sambandsins skulu innflytjendur tryggja:

a) að framleiðandinn hafi framkvæmt viðeigandi samræmismatsaðferð sem um getur í 13. gr.,

b) að framleiðandinn hafi útbúið tæknigögnin sem um getur í 17. gr.,

c) að á vörunni sé CE-merki og, þegar þess er krafist, auðkennismerkimiði sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins og merkimiði sem sýnir hljóðaflsstigið,

d) að vörunni fylgi þau gögn sem um getur í 7. og 8. mgr. 6. gr.,

e) að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr.

Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara sé ekki í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans, skal hann ekki setja vöruna á markað fyrr en hún hefur verið færð til samræmis við gildandi kröfur. Ef varan hefur í för með sér áhættu fyrir heilbrigði og öryggi notenda og þriðju aðila skal innflytjandinn enn fremur upplýsa framleiðandann og lögbær landsyfirvöld þar um.

3. Innflytjendur skulu skrá á vöruna nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki, veffang og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðirnar eða í skjal sem fylgir vörunni. Samskiptaupplýsingar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

4. Innflytjendur skulu tryggja að vörunni fylgi notendahandbók og kynningartilkynning, sem krafist er skv. 1.–6. hluta viðaukans, á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir notendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Notendahandbókin og kynningartilkynningin sem og hvers konar merkingar skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.

5. Innflytjendur skulu tryggja að á meðan varan er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í 4. gr.

6. Ef það telst viðeigandi, með tilliti til áhættu sem stafar af vöru, skulu innflytjendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi endanlegra notenda og þriðju aðila, framkvæma úrtaksprófun á vörum, sem hafa verið boðnar fram á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, vörur sem uppfylla ekki gildandi kröfur og innköllun vara og veita dreifingaraðilum upplýsingar um slíka vöktun.

7. Innflytjendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að vara sem þeir hafa sett á markað sé ekki í samræmi við gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins, skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að færa vöruna til samræmis við gildandi kröfur, til að taka hana af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af vörunni skulu innflytjendur enn fremur tafarlaust upplýsa markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem varan var boðin fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

8. Innflytjendur skulu varðveita afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni í tíu ár eftir að varan hefur verið sett á markað, hafa það tiltækt fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og tryggja að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

9. Innflytjendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæra landsyfirvaldinu, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða á rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að varan uppfylli gildandi kröfur, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af vörunni sem þeir hafa sett á markað.

9. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Þegar vara er boðin fram á markaði Sambandsins skulu dreifingaraðilar gæta þess vandlega að varan sé í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

2. Áður en þeir bjóða vöru fram á markaði skulu dreifingaraðilar staðfesta að á vörunni sé CE-merki og, ef við á, auðkenn-ismerkimiði sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins og merkimiði sem sýnir hljóðaflsstigið, að vörunni fylgi þau gögn sem um getur í 7. og 8. mgr. 6. gr. og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr. og í 3. mgr. 8. gr.

Dreifingaraðilar skulu tryggja að vörunni fylgi notendahandbókin og kynningartilkynningin, sem krafist er skv. 1.-6. hluta viðaukans, á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir notendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Notendahandbókin og kynningartilkynningin sem og hvers konar merkingar skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.

Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara sé ekki í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., skal hann ekki bjóða vöruna fram á markaði fyrr en hún hefur verið færð til samræmis við gildandi kröfur. Ef áhætta stafar af vörunni skal dreifingaraðilinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann, ásamt lögbærum markaðseftirlits-yfirvöldum, þar um.

3. Dreifingaraðilar skulu tryggja að á meðan vara er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í 4. gr.

4. Dreifingaraðilar sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að vara, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins skulu ganga úr skugga um að gerðar séu ráðstafanir til úrbóta, sem nauðsynlegar eru til að færa vöruna til samræmis við gildandi kröfur, til að taka hana af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af vörunni skulu dreifingaraðilar enn fremur tafarlaust upplýsa markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem varan var boðin fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Dreifingaraðilar skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæra landsyfirvaldinu, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða á rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi vörunnar við gildandi kröfur. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af vörunni sem þeir hafa boðið fram á markaði.

10. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í skilningi þessa kafla telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna sömu skyldum og framleið-endur skv. 6. gr. þegar þeir setja vöru á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gera breytingar á vöru, sem þegar hefur verið sett á markað, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á samræmi við þennan kafla.

11. gr.

Markaðsaðilar tilgreindir

1. Markaðsaðilar skulu, samkvæmt beiðni, greina markaðseftirlitsyfirvöldum frá eftirfarandi aðilum:

a) öllum markaðsaðilum sem hafa afhent þeim vöru,

b) öllum markaðsaðilum sem þeir hafa afhent vöru.

2. Markaðsaðilar skulu geta lagt fram upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.:

a) í tíu ár eftir að þeim hefur verið afhent varan,

b) í tíu ár eftir að þeir hafa afhent vöruna.

3. HLUTI

Samræmi vöru við gildandi kröfur

12. gr.

Fyrirframætlað samræmi

Ætla skal fyrir fram að vara, sem er í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra, ef tilvísanir í þá hafa verið birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins,* samrýmist kröfunum, sem þessir staðlar eða hlutar þeirra taka til, sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans.

13. gr.

Samræmismatsaðferðir

1. Framleiðandinn skal framkvæma samræmismat á vörunni með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum í því skyni að staðfesta samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans. Í samræmismatinu skal tillit tekið til allra fyrirhugaðra og fyrirsjáanlegra notkunarskilyrða.

2. Nota má eftirfarandi aðferðir til að framkvæma samræmismatið:

a) innra framleiðslueftirlit, eins og sett er fram í 7. hluta viðaukans, þegar verið er að meta hvort vara uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 1., 5. eða 6. hluta viðaukans, að því tilskildu að framleiðandinn hafi beitt samhæfðum stöðlum, ef tilvísanir til þeirra hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, fyrir allar þær kröfur sem slíkir staðlar eiga við um,

b) ESB-gerðarprófun sem er fylgt eftir með gerðarsamræmi, byggt á innra framleiðslueftirliti, eins og sett er fram í 8. hluta viðaukans,

c) samræmi, byggt á fullri gæðatryggingu, eins og sett er fram í 9. hluta viðaukans, nema við mat á samræmi vöru sem er leikfang í skilningi tilskipunar 2009/48/EB.

14. gr.

ESB-samræmisyfirlýsing

1. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni, sem um getur í 8. mgr. 6. gr., skal tekið fram að sýnt hafi verið fram á að varan samrýmist kröfunum, sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans, ásamt því að innihalda upplýsingar um flokk UA-kerfisins.

2. ESB-samræmisyfirlýsingin skal byggð upp eins og fyrirmyndin, sem sett er fram í 11. hluta viðaukans, hún skal innihalda þá þætti sem eru tilgreindir í þeim hluta og skal reglulega uppfærð. Hún skal þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem varan er sett á markað eða boðin fram á markaði, gerir kröfu um.

3. Einfaldaða ESB-samræmisyfirlýsingin, sem um getur í 8. mgr. 6. gr., skal innihalda þá þætti sem settir eru fram í 12. hluta viðaukans og skal reglulega uppfærð. Hún skal þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem varan er sett á markað eða boðin fram á markaði, gerir kröfu um. Óstyttur texti ESB-samræmisyfirlýsingarinnar skal vera aðgengilegur á veffanginu, sem um getur í einfölduðu ESB-samræmisyfirlýsingunni, á því eða þeim tungumálum sem aðildarríkið, þar sem varan er sett á markað eða boðin fram á markaði, gerir kröfu um.

4. Þegar vara fellur undir fleiri en eina gerð Sambandsins þar sem krafist er ESB-samræmisyfirlýsingar skal semja eina ESB-samræmisyfirlýsingu að því er varðar allar slíkar gerðir Sambandsins. Í þeirri yfirlýsingu skal tilgreina viðkomandi gerðir Sambandsins, þ.m.t. tilvísanir í birtingu þeirra.

5. Þegar ESB-samræmisyfirlýsing er samin ábyrgist framleiðandinn að varan samrýmist kröfunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

15. gr.

Almennar meginreglur um CE-merkið

Um CE-merkið skulu gilda almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

16. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins, kenninúmer tilkynntu stofunnar, auðkennismerkimiði sem sýnir flokk UA-kerfis og merkimiði sem sýnir hljóðaflsstigið

1. Festa skal CE-merkið á vöruna eða á merkiplötu, sem fest er á hana, þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt. Ef því verður ekki komið við eða það er ástæðulaust vegna stærðar vörunnar skal festa merkið á umbúðir vörunnar.

2. Auðkennismerkimiði sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins skal festur á ómannaða loftfarið og umbúðir þess þannig að hann sé sýnilegur, læsilegur og óafmáanlegur og skal hann vera a.m.k. 5 mm á hæð. Bannað er að festa merki, tákn eða áletranir á vörur sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila varðandi þýðingu eða form auðkennismerkimiðans sem sýnir flokkinn.

3. Merkimiðinn sem sýnir hljóðaflsstigið, sem kveðið er á um í 14. hluta viðaukans, skal festur, þegar við á, á ómannaða loftfarið þannig að hann sé sýnilegur, læsilegur og óafmáanlegur, nema slíkri áfestingu verði ekki við komið eða hún sé ástæðulaus vegna stærðar vörunnar, og á umbúðirnar.

4. CE-merkið og, þegar það á við, merkimiðinn sem sýnir hljóðaflsstigið og auðkennismerkimiðinn sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins skulu fest á áður en varan er sett á markað.

5. Á eftir CE-merkinu skal setja kenninúmer tilkynntu stofunnar ef samræmismatsaðferðinni, sem sett er fram í 9. hluta viðaukans, er beitt.

Tilkynnta stofan skal sjálf sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá um það samkvæmt fyrirmælum hennar.

6. Aðildarríkin skulu byggja á fyrirliggjandi kerfum til að tryggja að reglunum um notkun CE-merkisins sé rétt framfylgt og grípa til viðeigandi ráðstafana ef um óviðeigandi notkun á merkinu er að ræða.

17. gr.

Tæknigögn

1. Í tæknigögnunum skulu vera öll viðeigandi gögn og upplýsingar um aðferðirnar sem framleiðandinn notar til að tryggja að varan uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans. Þau skulu a.m.k. innihalda þá þætti sem settir eru fram í 10. hluta viðaukans.

2. Tæknigögnin skulu útbúin áður en varan er sett á markað og þau skulu reglulega uppfærð.

3. Tæknigögn og bréfaskipti varðandi ESB-gerðarprófunaraðferð eða mat á gæðakerfi framleiðandans skulu vera á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnta stofan hefur staðfestu eða á tungumáli sem hún samþykkir.

4. Ef tæknigögnin uppfylla ekki 1., 2. eða 3. mgr. þessarar greinar er markaðseftirlitsyfirvaldinu heimilt að fara fram á að framleiðandinn eða innflytjandinn gangist undir prófanir sem stofa, sem markaðseftirlitsyfirvöld samþykkja, gerir á kostnað framleiðandans eða innflytjandans innan tiltekins tíma, til að staðfesta að varan uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans.

4. HLUTI

Tilkynning um samræmismatsstofur

18. gr.

Tilkynning

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um stofur sem hafa leyfi til að leysa af hendi samræmismatsverkefni þriðja aðila í samræmi við þennan kafla.

19. gr.

Tilkynningaryfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald, sem ber ábyrgð á því að innleiða og framfylgja nauðsynlegum aðferðum til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur og vakta tilkynntar stofur, þ.m.t. hvort farið sé að ákvæðum 24. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að faggildingarstofa í aðildarríki, í skilningi reglugerðar (EB) nr. 765/2008, annist matið og vöktunina sem um getur í 1. mgr.

3. Ef tilkynningaryfirvaldið úthlutar mati, tilkynningu eða vöktun, sem um getur í 1. mgr., til annars aðila sem er ekki stjórnvald eða felur það slíkum aðila með öðrum hætti skal þessi aðili vera lögaðili og skal, að breyttu breytanda, fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 20. gr. Að auki skal þessi aðili gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hans.

4. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem stofan, sem um getur í 3. mgr., framkvæmir.

20. gr.

Kröfur sem gerðar eru til tilkynningaryfirvalda

1. Tilkynningaryfirvald skal:

a) komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við samræmismatsstofur eigi sér stað,

b) skipulagt og starfrækt þannig að það standi vörð um hlutlægni og óhlutdrægni starfseminnar,

c) skipulagt með þeim hætti að allar ákvarðanir, sem tengjast tilkynningu um samræmismatsstofu, séu teknar af þar til bærum aðilum, öðrum en þeim sem unnu matið,

d) hvorki bjóða né sinna neinni starfsemi, sem samræmismatsstofur annast, eða sinna ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli,

e) tryggja að upplýsingar, sem það fær í hendur, séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál,

f) hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af hæfu starfsfólki til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.

21. gr.

Upplýsingaskylda tilkynningaryfirvalda

1. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem þau beita til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur, vakta tilkynntar stofur og um allar breytingar þar á.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar öllum aðgengilegar.

22. gr.

Kröfur sem gerðar eru til tilkynntra stofa

1. Hvað varðar tilkynningar skal samræmismatsstofa uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2.–11. mgr.

2. Samræmismatsstofu skal komið á fót samkvæmt lögum aðildarríkis og skal hún hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Samræmismatsstofa skal vera þriðji aðili sem er óháður fyrirtækinu sem verið er að meta.

Samræmismatsstofa sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélögum, sem koma fram fyrir hönd fyrirtækja sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, notkun eða viðhald vöru sem henni er falið að meta, getur talist slík stofa með því skilyrði að sýnt sé fram á að hún sé óháð og laus við hagsmunaárekstra.

4. Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar, innkaupsaðilar, eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar vörunnar sem þeir meta né heldur vera fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó hvorki útiloka þá notkun vörunnar sem verið er að meta, sem er nauðsynleg fyrir starfsemi samræmismatsstofunnar, né persónulega notkun slíkrar vöru.

Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skulu ekki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu eða smíði, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi viðkomandi vara né heldur vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau skulu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra eða heilindi að því er varðar þá samræmismatsstarfsemi sem þeim hefur verið falin. Þetta gildir einkum að því er varðar ráðgjafarþjónustu.

Samræmismatsstofur skulu tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í samræmismatsstarfsemi þeirra.

5. Samræmismatsstofur og starfsfólk þeirra skulu annast starfsemi á sviði samræmismats af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismatsstarfsemi þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Samræmismatsstofa skal vera fær um að framkvæma þau samræmismatsverkefni sem henni hafa verið falin, skv. 8. eða 9. hluta viðaukans, og sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hvort sem samræmismatsstofan framkvæmir verkefnin sjálf eða þau eru framkvæmd fyrir hönd hennar og á ábyrgð hennar.

Samræmismatsstofa skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund eða flokk vöru, sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

a) nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefnin,

b) nauðsynlegar lýsingar á aðferðunum, sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessar aðferðir; hún skal hafa í gildi viðeigandi stefnur og aðferðir til að gera greinarmun á verkefnum, sem hún framkvæmir sem tilkynnt stofa, og annarri starfsemi,

c) nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, starfsgreinarinnar sem það starfar innan, skipulags þess, flækjustigs viðkomandi vöru og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu sé að ræða.

Samræmismatsstofa skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast samræmismatsstarfsemi og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

7. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skal búa yfir eftirfarandi:

a) traustri tækni- og starfsþjálfun sem nær til allrar samræmismatsstarfsemi sem samræmismatsstofan er tilkynnt stofa fyrir,

b) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið, sem það annast, og fullnægjandi heimild til að annast þetta mat,

c) viðeigandi þekkingu og skilningi á kröfunum, gildandi samhæfðum stöðlum og viðkomandi ákvæðum samhæfingarlöggjafar Sambandsins,

d) getu til þess að útbúa ESB-gerðarprófunarvottorð eða samþykki gæðakerfis, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

8. Hlutleysi samræmismatsstofa, æðstu stjórnenda þeirra og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skal tryggð.

Laun æðstu stjórnenda og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna samræmismatsstofu, skulu hvorki vera háð fjölda matsgerða, sem unnar eru, né niðurstöðum úr þessum matsgerðum.

9. Samræmismatsstofur skulu hafa ábyrgðartryggingu nema aðildarríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á samræmismatinu.

10. Starfsfólk samræmismatsstofu skal bundið þagnarskyldu um allar upplýsingar sem það aflar sér við framkvæmd verkefna sinna, skv. 8. og 9. hluta viðaukans, eða hvers konar ákvæði landslaga sem sett er þeim til framfylgdar, nema gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Eignarréttur skal varinn.

11. Samræmismatsstofur skulu taka þátt í vinnu við gerð staðla, reglusetningu á sviði UA-kerfa og tíðniskipulagningu og vinnunni, sem fer fram innan samræmingarhóps tilkynntu stofunnar sem komið er á fót samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins eða tryggja að starfsfólk hennar, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, sé upplýst þar um, og þær skulu nota sem almennar leiðbeiningar þær stjórnsýsluákvarðanir og skjöl sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps.

23. gr.

Fyrirframætlað samræmi tilkynntra stofa

Ætla skal fyrir fram að samræmismatsstofa uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 22. gr., að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar nái yfir þær kröfur, ef hún sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða hlutum þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

24. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakastarfsemi tilkynntra stofa

1. Ef tilkynnt stofa felur undirverktökum sérstök verkefni í tengslum við samræmismat eða nýtir sér dótturfyrirtæki skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 22. gr., og upplýsi tilkynningaryfirvaldinu þar um.

2. Tilkynntar stofur skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma, án tillits til þess hvar þau eru með staðfestu.

3. Einungis er heimilt að fela undirverktaka eða dótturfyrirtæki tiltekin verkefni að fengnu samþykki viðskiptavinarins.

4. Tilkynntar stofur skulu hafa tiltæk fyrir tilkynningaryfirvaldið öll skjöl sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins og þau verkefni sem þeir framkvæma skv. 8. og 9. hluta viðaukans.

25. gr.

Umsókn um tilkynningu

1. Samræmismatsstofa skal leggja fram umsókn um tilkynningu til tilkynningaryfirvalds aðildarríkisins þar sem hún hefur staðfestu.

2. Með umsókninni um tilkynningu skal fylgja lýsing á samræmismatsstarfseminni, aðferðareiningu eða -einingum samræmismatsins og vörunni sem stofan fullyrðir að hæfi hennar nái til sem og faggildingarvottorð sem faggildingarstofa í aðildarríki gefur út þar sem staðfest er að samræmismatsstofan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 22. gr.

26. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Tilkynningaryfirvöld mega einungis tilkynna þær samræmismatsstofur sem hafa uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 22. gr.

2. Tilkynningaryfirvöld skulu tilkynna samræmismatsstofur til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með rafræna tilkynningartækinu sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

3. Í tilkynningunni skulu vera ítarlegar upplýsingar um samræmismatsstarfsemina, aðferðareiningu eða -einingar samræmismatsins, þá vöru sem um er að ræða og viðeigandi faggildingarvottorð.

4. Hlutaðeigandi stofu er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynntrar stofu hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningunni.

5. Aðeins slík stofa skal teljast tilkynnt stofa að því er þennan kafla varðar.

6. Tilkynningaryfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

27. gr.

Kenninúmer og skrár yfir tilkynntar stofur

1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta tilkynntri stofu kenninúmeri.

2. Hún skal aðeins úthluta einu slíku númeri þó svo að stofan sé tilkynnt samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir stofurnar, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari reglugerð, aðgengilega öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að skráin sé uppfærð.

28. gr.

Breytingar á tilkynningum

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynnt stofa uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 22. gr., eða ræki ekki skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynninguna, eins og við á, með hliðsjón af því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

2. Ef tilkynning er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða tilkynnta stofan hefur lagt niður starfsemi skal tilkynningaraðildarríkið gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni önnur tilkynnt stofa úr skjölum þeirrar stofu eða að skjölin séu höfð tiltæk fyrir þar til bær tilkynningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld að þeirra beiðni.

29. gr.

Hæfi tilkynntra stofa vefengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynntrar stofu eða um að tilkynnt stofa uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla og öll tilvik þegar athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Tilkynningaraðildarríkið skal, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi tilkynntrar stofu.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynnt stofa uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu hennar skal hún upplýsa tilkynningaraðildarríkið um það og óska eftir því að það geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Skyldur vegna starfsemi tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu framkvæma samræmismat í samræmi við samræmismatsaðferðirnar sem kveðið er á um í 8. og 9. hluta viðaukans.

2. Við framkvæmd samræmismats skal gæta meðalhófs til að forðast að leggja óþarfa byrðar á markaðsaðila. Samræmismatsstofur skulu við starfsemi sína taka tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, starfsgreinarinnar sem það starfar innan, skipulags þess, flækjustigs viðkomandi vöru og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu sé að ræða.

Við það skulu þær samt sem áður virða það hversu strangar kröfur eru gerðar og það verndarstig sem krafist er til þess að ómannaða loftfarið eða UA-kerfið uppfylli ákvæði þessa kafla.

3. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandi hafi ekki uppfyllt kröfurnar, sem settar eru fram í 1.–6. hluta viðaukans eða samsvarandi samhæfðum stöðlum eða öðrum tækniforskriftum skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal hvorki gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð né samþykki gæðakerfis.

4. Ef tilkynnt stofa kemst að því, við vöktun á því að samræmis sé gætt í kjölfar útgáfu á ESB-gerðarprófunarvottorði eða samþykki gæðakerfis, að vara uppfylli ekki lengur tilskilin ákvæði skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal fella ESB-gerðarprófunarvottorðið eða samþykki gæðakerfis tímabundið úr gildi eða afturkalla þau ef nauðsyn krefur.

5. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal tilkynnta stofan takmarka ESB-gerðarprófunarvottorð eða samþykki gæðakerfis, eftir því sem við á, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau, eins og við á.

31. gr.

Kæruleið í tengslum við ákvarðanir sem tilkynntar stofur hafa tekið

Tilkynntar stofur skulu tryggja að fyrir hendi sé gagnsæ og aðgengileg kærumeðferð vegna ákvarðana sem þær hafa tekið.

32. gr.

Upplýsingaskylda tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu upplýsa tilkynningaryfirvaldið um eftirfarandi:

a) synjun, takmörkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllum á ESB-gerðarprófunarvottorði eða samþykki gæðakerfis í samræmi við kröfur 8. og 9. hluta viðaukans,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar eða skilyrði fyrir henni,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi samræmismatsstarfsemi,

d) sé þess óskað, samræmismatsstarfsemi, sem hefur farið fram innan gildissviðs tilkynningar þeirra og alla aðra starfsemi sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Tilkynntar stofur skulu, í samræmi við kröfur 8. og 9. hluta viðaukans, veita öðrum stofum, sem eru tilkynntar samkvæmt þessum kafla og annast sambærilega samræmismatsstarfsemi sem tekur til sömu tegundar ómannaðra loftfara eða UA-kerfa, viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

3. Tilkynntar stofur skulu uppfylla upplýsingaskyldurnar sem um getur í 8. og 9. hluta viðaukans.

33. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal annast skipulagningu á miðlun reynslu milli yfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar.

34. gr.

Samræming tilkynntra stofa

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli stofa, sem tilkynntar eru samkvæmt þessum kafla, og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan sérsviðshóps tilkynntra stofa.

2. Tilkynntar stofur skulu taka þátt í vinnu þessa hóps, annaðhvort með beinum hætti eða fyrir tilstuðlan tilnefndra fulltrúa.

5. HLUTI

Markaðseftirlit Sambandsins, eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins og verndarráðstafanameðferð Sambandsins

35. gr.

Markaðseftirlit og eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins

1. Aðildarríki skulu skipuleggja og framkvæma eftirlit með vörum sem settar eru á markað Sambandsins í samræmi við 3. mgr. 15. gr. og 16.–26. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

2. Aðildarríki skulu skipuleggja og framkvæma eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins í samræmi við 15. gr. (5. mgr.) og 27., 28. og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að markaðseftirlitsyfirvöld þeirra og yfirvöld, sem annast landamæragæslu, starfi með lögbærum yfirvöldunum, sem tilnefnd eru skv. 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, að öryggismálum og komi á viðeigandi samskipta- og samræmingaraðferðum sín á milli í því skyni að nýta sem best upplýsingarnar í tilkynningakerfinu fyrir atvik, sem skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ([14]), og upplýsingakerfunum sem skilgreind eru í 22. og 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

36. gr.

Málsmeðferð sem á við um vörur sem áhætta stafar af á landsvísu

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa gripið til aðgerða, skv. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, eða þau hafa fullnægjandi ástæðu til að ætla að vara hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða í tengslum við aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna, sem falla undir þennan kafla, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi vöru sem tekur til allra viðeigandi krafna sem mælt er fyrir um í þessum kafla. Viðkomandi markaðsaðilar skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.

Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu á meðan matið, sem um getur í fyrstu undirgrein, fer fram að varan uppfylli ekki kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, skulu þau án tafar krefjast þess að viðkomandi markaðsaðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að varan uppfylli þessar kröfur, taki hana af markaði eða innkalli hana innan hæfilegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um, miðað við eðli áhættunnar.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi tilkynnta stofu um það.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að þau tilvik þegar ekki er farið að ákvæðum einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að markaðsaðilinn grípi til.

3. Markaðsaðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar allar viðkomandi vörur sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

4. Ef viðkomandi markaðsaðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að varan sé boðin fram á markaði í hverju aðildarríki, taka vöruna af þeim markaði eða innkalla hana.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu, án tafar, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í 4. mgr., skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að auðkenna vöruna sem ekki uppfyllir kröfurnar, uppruni vörunnar, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og tilheyrandi áhætta, eðli og gildistími landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi markaðsaðila. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu einkum tilgreina hvort ósamræmið stafi af eftirfarandi:

a) að varan uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í 4. gr.,

b) að annmarkar séu á samhæfðu stöðlunum sem um getur í 12. gr.

6. Komi upp ágreiningur um samþykkta ráðstöfun aðildarríkis skulu önnur aðildarríki en viðkomandi aðildarríki, sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni samkvæmt þessari grein, án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um andmæli sín varðandi allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi vöru sem ekki uppfyllir tilskildar kröfur.

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hefur ekki hreyft andmælum innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í 5. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun, sem aðildarríki hefur gert, skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir að því er varðar viðkomandi vöru séu gerðar án tafar, t.d. að taka vöruna af markaði.

37. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef við lok málsmeðferðarinnar, sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 36. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun, sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn löggjöf Sambandsins skal framkvæmdastjórnin, án tafar, hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi markaðsaðila og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkis sé réttlætanleg eða ekki.

Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal, þegar í stað, veita þeim og viðkomandi markaðsaðila eða markaðsaðilum upplýsingar þar um.

2. Teljist ráðstöfun aðildarríkis réttlætanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vara, sem ekki uppfyllir kröfurnar, sé innkölluð eða tekin af markaði þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Teljist ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlætanleg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla ráðstöfunina.

3. Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlætanleg og varan telst ekki uppfylla kröfur sökum annmarka á samhæfðu stöðlunum, sem um getur í b-lið 5. mgr. 36. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

38. gr.

Vara sem uppfyllir kröfur en skapar áhættu

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati skv. 1. mgr. 36. gr., að enda þótt vara sé í samræmi við ákvæði þessa kafla hafi hún áhættu í för með sér fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða í tengslum við aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna, sem fellur undir þennan kafla, skal aðildarríkið krefjast þess að viðkomandi markaðsaðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til að tryggja að þessi áhætta stafi ekki lengur af viðkomandi vöru þegar hún er sett á markað, taki vöruna af markaði eða innkalli hana innan hæfilegs frests, sem aðildarríkið mælir fyrir um, miðað við eðli áhættunnar.

2. Markaðsaðilinn skal tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar allar viðkomandi vörur sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

3. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk atriði, einkum gögn sem nauðsynleg eru til að auðkenna viðkomandi vöru, uppruni og aðfangakeðja vörunnar, eðli áhættunnar sem henni fylgir og eðli og gildistími landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið.

4. Framkvæmdastjórnin skal, án tafar, hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi markaðsaðila og leggja mat á landsráðstafanir sem gerðar hafa verið. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkis sé réttlætanleg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, leggja til viðeigandi ráðstafanir.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi markaðsaðila eða markaðsaðilum upplýsingar þar um.

39. gr.

Formlegt ósamræmi

1. Með fyrirvara um 36. gr. skal aðildarríki, komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum varðandi vörur sem falla undir þennan kafla, krefjast þess að viðkomandi markaðsaðili ráði bót á eftirfarandi ósamræmi við kröfur:

a) að CE-merki hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn ákvæðum 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða 15. eða 16. gr. þessarar reglugerðar,

b) að CE-merki eða gerðarnúmer hafi ekki verið fest á,

c) að kenninúmer tilkynntu stofunnar, ef notuð hefur verið sú samræmismatsaðferð sem sett er fram í 9. hluta viðaukans, hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn ákvæðum 16. gr. eða hafi ekki verið fest á,

d) að auðkennismerkimiðinn sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins hafi ekki verið festur á,

e) að auðkennismerkimiðinn sem sýnir hljóðaflsstigið, ef þess er krafist, hafi ekki verið festur á,

f) að raðnúmerið hafi ekki verið fest á eða er ekki með réttu sniði,

g) að notendahandbókin eða kynningartilkynningin sé ekki tiltæk,

h) að ESB-samræmisyfirlýsingin sé týnd eða hafi ekki verið útbúin,

i) að ESB-samræmisyfirlýsingin hafi ekki verið útbúin með réttum hætti,

j) að tæknigögn séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi,

k) að það vanti nafn, skráð viðskiptaheiti eða vörumerki sem og veffang og heimilisfang framleiðanda eða innflytjanda.

2. Sé enn um að ræða tilvikið, sem um getur í 1. mgr., þar sem ekki er farið að ákvæðum skal hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að varan sé boðin fram á markaði eða tryggja að hún sé afturkölluð eða tekin af markaði.

III. KAFLI

UA-kerfi sem starfrækt eru í „vottaða“ og “sérstaka“ flokknum

40. gr.

Kröfur sem gerðar eru til UA-kerfa sem starfrækt eru í „vottaða“ og „sérstaka“ flokknum

1. Votta skal hönnun, framleiðslu og viðhald UA-kerfis ef UA-kerfið uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

a) 3 metrar að stærðarmáli eða meira og hannað til að fljúga yfir mannfjölda,

b) hannað fyrir fólksflutninga,

c) hannað í þeim tilgangi að flytja hættulegan farm og þarf að vera afar traust til að draga úr áhættu fyrir þriðju aðila ef slys ber að höndum,

d) notað í „sérstaka“ starfræksluflokknum, sem skilgreindur er í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og í starfsleyfinu, sem lögbæra yfirvaldið gefur út í kjölfar áhættumats sem mælt er fyrir um í 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, er það metið svo að ekki sé hægt að draga nægilega úr áhættu af völdum starfrækslunnar án þess að votta UA-kerfið.

2. UA-kerfi, sem er háð vottun, skal uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([15]), (ESB) 2015/640 ([16]) og (ESB) nr. 1321/2014 ([17]).

3. Nema votta þurfi UA-kerfið í samræmi við 1. mgr. skal UA-kerfi, sem notað er í „sérstaka“ flokknum, hafa þá tæknigetu sem sett er fram í starfræksluheimildinni, sem lögbæra yfirvaldið gefur út, eða í stöðluðu sviðsmyndinni, sem skilgreind er í 1. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, eða eins og skilgreint er í vottorði umráðanda léttra ómannaðra loftfarskerfa (LUC-vottorði) samkvæmt C-hluta í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947.

IV. KAFLI

Umráðendur UA-kerfa frá þriðja landi

41. gr.

Umráðendur UA-kerfa frá þriðja landi

1. Umráðendur UA-kerfa, sem eru með höfuðstöðvar sínar, með staðfestu eða eru búsettir í þriðja landi, skulu uppfylla ákvæði framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 í tengslum við starfrækslu UA-kerfa innan samevrópska loftrýmisins.

([15]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

([16]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).

([17]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

2. Lögbært yfirvald umráðanda UA-kerfis frá þriðja landi skal vera lögbært yfirvald í fyrsta aðildarríkinu þar sem umráðandinn ætlar að starfrækja UA-kerfi.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. getur lögbært yfirvald viðurkennt vottorð um hæfi fjarflugmanns eða vottorð umráðanda UA-kerfis í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, eða sambærileg gögn, í tengslum við starfrækslu innan, til og út úr Sambandinu, að því tilskildu:

a) að þriðja landið hafi óskað eftir slíkri viðurkenningu,

b) að vottorðið um hæfi fjarflugmanns eða vottorð umráðanda UA-kerfisins séu gild gögn frá útgáfuríkinu og

c) að framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins, hafi séð til þess að kröfurnar, sem útgáfa þessara vottorða byggist á, veiti sama öryggisstig og þessi reglugerð.

V. KAFLI

Lokaákvæði

42. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER


forseti.

VIÐAUKI

1. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C0

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C0, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C0 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 250 g, að farmþunga meðtöldum,

2) hámarkshraði í láréttu flugi er 19 m/s,

3) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m,

4) fjarflugmaður getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu gagnatenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

5) það er þannig hannað og smíðað að meiðsli á fólki, meðan á starfrækslu stendur, séu sem minnst og forðast skal skarpar brúnir nema það sé tæknilega óhjákvæmilegt samkvæmt góðum hönnunar- og framleiðsluháttum; ef það er búið loftskrúfum skal hönnun þess vera þannig að það takmarki hvers konar meiðsli af völdum skrúfublaðanna,

6) það er knúið rafmagni með málspennu sem fer ekki yfir 24 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; aðgengilegir hlutar þess skulu ekki fara yfir 24 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; innri spenna skal ekki fara yfir 24 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum nema tryggt sé að sú samsetning af spennu og straumi sem myndast hafi ekki í för með sér áhættu eða skaðlegt raflost, jafnvel þótt UA-kerfið sé skemmt,

7) ef það er búið fylgiham og kveikt er á þessari virkni, vera að hámarki í 50 metra fjarlægð frá fjarflugmanninum og gera fjarflugmanninum kleift að ná aftur stjórn á ómannaða loftfarinu,

8) það er sett á markað með notendahandbók sem inniheldur eftirfarandi:

   a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

      — flokk ómannaða loftfarsins,

      — massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

      — almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

      — búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

      — og lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef gagnatenging rofnar,

   b) skýr starfrækslufyrirmæli,

   c) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og

   d) viðeigandi lýsingu á öllum þeim áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa sem eru aðlagaðar að aldri notanda,


9) kynningartilkynningu sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gefur út þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947,

10) ákvæði 4., 5. og 6. liðar gilda ekki um UA-kerfi sem eru leikföng í skilningi tilskipunar 2009/48/EB um öryggi leikfanga.

2. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C1

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C1, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C1 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) efniviður, virkni og efnislegir eiginleikar kerfisins eru þannig að tryggt sé að sú orka sem flyst yfir til mannshöfuðs við árekstur við lokahraða er minni en 80 J eða, að öðrum kosti, skal hafa hámarksflugtaksmassa sem er minni en 900 g, að farmþunga meðtöldum,

2) hámarkshraði í láréttu flugi er 19 m/s,

3) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m eða það er búið kerfi sem takmarkar hæðina yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað við 120 m eða við gildi sem fjarflugmaður getur valið; ef hægt er að velja gildið skal fjarflugmaður fá skýrar upplýsingar um hæð ómannaða loftfarsins yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað meðan á flugi stendur,

4) fjarflugmaður getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu gagnatenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

5) það er með tilskilinn vélrænan styrk, þ.m.t. alla nauðsynlega öryggisþætti, og, eftir því sem við á, nægilegan stöðugleika til að standast hvers konar álag sem það verður fyrir við notkun, án þess að brotna eða aflagast, sem gæti haft áhrif á flugöryggi,

6) það er þannig hannað og smíðað að meiðsli á fólki, meðan á starfrækslu stendur, séu sem minnst og forðast skal skarpar brúnir nema það sé tæknilega óhjákvæmilegt samkvæmt góðum hönnunar- og framleiðsluháttum; ef það er búið loftskrúfum skal hönnun þess vera þannig að það takmarki hvers konar meiðsli af völdum skrúfublaðanna,

7) ef gagnatenging rofnar er það búið áreiðanlegri og fyrirsjáanlegri aðferð til að tryggja að ómannaða loftfarið geti endurheimt gagnatengingu eða stöðvað flugið þannig að þriðju aðilar í lofti eða á jörðu niðri verði fyrir sem minnstum áhrifum,

8) það er með A-vegið hljóðaflsstig, L_{WA}, sem ábyrgð er tekin á, sem ákvarðast skv. 13. hluta og fer ekki yfir það stig sem fastsett er í 15. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

9) hafa merkimiða með A-vegið hljóðaflsstig, sem ábyrgð er tekin á, sem festur er á ómannaða loftfarið og/eða á umbúðir þess í samræmi við 14. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

10) það er knúið rafmagni með málspennu sem fer ekki yfir 24 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; aðgengilegir hlutar þess skulu ekki fara yfir 24 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; innri spenna skal ekki fara yfir 24 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum nema tryggt sé að sú samsetning af spennu og straumi sem myndast hafi ekki í för með sér áhættu eða skaðlegt raflost, jafnvel þó UA-kerfið sé skemmt,

11) það er með einkvæmt raunlægt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063 *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*,

12) það er með beina fjarauðkenningu sem:

a) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og eingöngu í samræmi við það ferli sem ákvarðað er fyrir skráningarkerfið,

b) tryggir að allan flugtímann séu eftirfarandi gögn send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu og á rauntíma með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins,

ii. einkvæmt raunlægt raðnúmer ómannaða loftfarsins sem er í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063,

iii. landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

iv. flugleið ómannaða loftfarsins, mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins, og

v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður,

c) tryggir að notandinn geti ekki breytt gögnunum sem um getur í ii., iii., iv. og v. lið b-liðar,

13) er búið rýmisvitundarkerfi sem:

a) er búið viðmóti til að hlaða upp og uppfæra gögn með upplýsingum um takmarkanir á notkun loftrýmis í tengslum við staðsetningu og flughæð ómannaðra loftfara fyrir starfrækslu á tilteknum landfræðilegum svæðum, eins og skilgreint er í 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, sem tryggir að ferlið við hleðslu eða uppfærslu slíkra gagna spilli ekki heilleika þeirra og gildi,

b) veitir fjarflugmanni viðvörun þegar mögulegt brot vegna takmarkana á notkun loftrýmis greinist og

c) veitir fjarflugmanni upplýsingar um stöðu ómannaða loftfarsins sem og viðvörun þegar staðsetningar- eða leiðsögukerfi loftfarsins getur ekki tryggt eðlilega virkni rýmisvitundarkerfisins,

14) ef ómannaða loftfarið er búið virkni, sem takmarkar aðgang þess að tilteknum svæðum eða hlutum loftrýmisins, skal þessi virkni starfa þannig að hún eigi snurðulaus samskipti við stýrakerfi ómannaða loftfarsins án þess að hafa neikvæð áhrif á flugöryggi og skal fjarflugmaðurinn þar auki fá skýrar upplýsingar um það þegar þessi virkni kemur í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari inn á þessi svæði eða hluta loftrýmis,

15) það veitir fjarflugmanni skýra viðvörun þegar hleðslustig rafhlöðu ómannaða loftfarsins eða stjórnstöð þess er orðið lágt þannig að fjarflugmaðurinn hafi nægan tíma til að lenda ómannaða loftfarinu með öruggum hætti,

16) það er búið ljósum til að tryggja:

a) að hægt sé að stjórna ómannaða loftfarinu,

b) að ómannaða loftfarið sé sýnilegt að næturlagi og skal hönnun ljósanna gera fólki á jörðu niðri kleift að aðgreina ómannaða loftfarið frá mönnuðu loftfari,

17) ef það er búið fylgiham og kveikt er á þessari virkni, vera að hámarki í 50 metra fjarlægð frá fjarflugmanninum og gera fjarflugmanninum kleift að ná aftur stjórn á ómannaða loftfarinu,

18) það er sett á markað með notendahandbók sem inniheldur eftirfarandi:

a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

— flokk ómannaða loftfarsins,

— massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

— almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

— búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

— tilvísun í þær samskiptareglur fyrir sendingar sem notaðar eru fyrir beina fjarauðkenningu,

— hljóðaflsstig,

— og lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef gagnatenging rofnar,

b) skýr starfrækslufyrirmæli,

c) aðferð við upphleðslu á takmörkunum á notkun loftrýmis,

d) viðhaldsleiðbeiningar,

e) verklagsreglur um bilanaleit,

f) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og


g) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

19) kynningartilkynningu sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur samkvæmt lögum ESB.

3. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C2

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C2, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C2 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 4 kg, að farmþunga meðtöldum,

2) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m eða það er búið kerfi sem takmarkar hæðina yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað við 120 m eða við gildi sem fjarflugmaður getur valið; ef hægt er að velja gildið skal fjarflugmaður fá skýrar upplýsingar um hæð ómannaða loftfarsins yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað meðan á flugi stendur,

3) fjarflugmaður, sem er með viðunandi hæfni eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu gagnatenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

4) það er með tilskilinn vélrænan styrk, þ.m.t. alla nauðsynlega öryggisþætti, og, eftir því sem við á, nægilegan stöðugleika til að standast hvers konar álag, sem það verður fyrir við notkun, án þess að brotna eða aflagast sem gæti haft áhrif á flugöryggi,

5) ef um er að ræða tjóðrað ómannað loftfar, hafa tjóðurband sem er að hámarki 50 m að lengd og með vélrænan styrk sem er eigi minni en:

a) tíföld þyngd loftfarsins með hámarksmassa fyrir loftför sem eru þyngri en loft,

b) fjórum sinnum sá kraftur sem beitt er með samsetningu af hámarkskyrrukný og lofthreyfikrafti af völdum leyfilegs hámarksvindhraða á flugi, fyrir loftför sem eru léttari en loft,

6) það er þannig hannað og smíðað að meiðsli á fólki, meðan á starfrækslu stendur, séu sem minnst og forðast skal skarpar brúnir nema það sé tæknilega óhjákvæmilegt samkvæmt góðum hönnunar- og framleiðsluháttum; ef það er búið loftskrúfum skal hönnun þess vera þannig að það takmarki hvers konar meiðsli af völdum skrúfublaðanna,

7) ef gagnatenging rofnar er það búið áreiðanlegri og fyrirsjáanlegri aðferð til að tryggja að ómannaða loftfarið geti endurheimt gagnatengingu eða stöðvað flugið þannig að þriðju aðilar í lofti eða á jörðu niðri verði fyrir sem minnstum áhrifum, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

8) það er búið gagnatengingu sem er varin gegn óheimilum aðgangi að stjórn- og stýribúnaði, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

9) það er búið lághraðaham, sem fjarflugmaður getur valið, og sem takmarkar hámarksfarflugshraða við 3 m/s, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

10) það er með A-vegið hljóðaflsstig, L_{WA}, sem ábyrgð er tekin á, sem ákvarðast skv. 13. hluta og fer ekki yfir það stig sem fastsett er í 15. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

11) hafa merkimiða með A-vegnu hljóðaflsstigi, sem ábyrgð er tekin á, sem festur er komið fyrir á ómannaða loftfarinu og/eða á umbúðum þess í samræmi við 14. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

12) það er knúið rafmagni með málspennu sem fer ekki yfir 48 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; aðgengilegir hlutar þess skulu ekki fara yfir 48 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; innri spenna skal ekki fara yfir 48 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum nema tryggt sé að sú samsetning af spennu og straumi sem myndast hafi ekki í för með sér áhættu eða skaðlegt raflost, jafnvel þótt UA-kerfið sé skemmt,

13) það er með einkvæmt raunlægt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063 *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*,

14) það er með beina fjarauðkenningu, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar, sem:

   a) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og eingöngu í samræmi við það ferli sem ákvarðað er fyrir skráningarkerfið,

   b) tryggir að allan flugtímann séu eftirfarandi gögn send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu og á rauntíma með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

      i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins,

      ii. einkvæmt raunlægt raðnúmer ómannaða loftfarsins sem er í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063,

      iii. landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

      iv. flugleið ómannaða loftfarsins, mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins og

      v. landfræðileg lega fjarflugmannsins,

   c) tryggir að notandinn geti ekki breytt gögnunum sem um getur í ii., iii., iv. og v. lið b-liðar,

15) er búið rýmisvitundarvirkni sem:

   a) er búið viðmóti til að hlaða upp og uppfæra gögn með upplýsingum um takmarkanir á notkun loftrýmis í tengslum við staðsetningu og flughæð ómannaðra loftfara fyrir starfrækslu á vissum landfræðilegum svæðum, eins og skilgreint er í 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, sem tryggir að ferlið við hleðslu eða uppfærslu þessara gagna spilli ekki heilleika þeirra og gildi,

   b) veitir fjarflugmanni viðvörun þegar mögulegt brot vegna takmarkana á notkun loftrýmis greinist og

   c) veitir fjarflugmanni upplýsingar um stöðu ómannaða loftfarsins sem og viðvörun þegar staðsetningar- eða leiðsögukerfi loftfarsins getur ekki tryggt eðlilega virkni rýmisvitundarkerfisins,

16) ef ómannaða loftfarið er búið virkni sem takmarkar aðgang þess að tilteknum svæðum eða hlutum loftrýmisins skal þessi virkni starfa þannig að hún eigi snurðulaus samskipti við stýrakerfi ómannaða loftfarsins án þess að hafa neikvæð áhrif á flugöryggi og skal fjarflugmaðurinn þar að auki fá skýrar upplýsingar um það þegar þessi virkni kemur í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari inn á þessi svæði eða hluta loftrýmis,

17) það veitir fjarflugmanni skýra viðvörun þegar hleðslustig rafhlöðu ómannaða loftfarsins eða stjórnstöð þess er orðið lágt þannig að fjarflugmaðurinn hafi nægan tíma til að lenda ómannaða loftfarinu með öruggum hætti,

18) það er búið ljósum til að tryggja:

   1) að hægt sé að stjórna ómannaða loftfarinu,

   2) að ómannaða loftfarið sé sýnilegt að næturlagi og skal hönnun ljósanna gera fólki á jörðu niðri kleift að aðgreina ómannað loftfar frá mönnuðu loftfari,

19) það er sett á markað með notendahandbók sem inniheldur eftirfarandi:

a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

— flokk ómannaða loftfarsins,

— massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

— almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

— búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

— tilvísun í þær samskiptareglur fyrir sendingar sem notaðar eru fyrir beina fjarauðkenningu,

— hljóðaflsstig,

— og lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef gagnatenging rofnar,

b) skýr starfrækslufyrirmæli,

c) aðferð við upphleðslu á takmörkunum á notkun loftrýmis,

d) viðhaldsleiðbeiningar,

e) verklagsreglur um bilanaleit,

f) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og


g) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

20) kynningartilkynningu sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur samkvæmt lögum ESB.

4. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C3

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C3, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C3 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 25 kg, að farmþunga meðtöldum, og hámarksstærðarmál undir 3 m,

2) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m eða það er búið kerfi sem takmarkar hæðina yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað við 120 m eða við gildi sem fjarflugmaður getur valið; ef hægt er að velja gildið skal fjarflugmaður fá skýrar upplýsingar um hæð ómannaða loftfarsins yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað meðan á flugi stendur,

3) flugmaður, sem er með viðunandi hæfni eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu gagnatenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

4) ef um er að ræða tjóðrað ómannað loftfar, hafa tjóðurband sem er að hámarki 50 m að lengd og með vélrænan styrk sem er eigi minni en:

   a) tíföld þyngd loftfarsins með hámarksmassa fyrir loftfar sem er þyngra en loft,

   b) fjórum sinnum sá kraftur sem beitt er með samsetningu af hámarkskyrrukný og lofthreyfikrafti af völdum leyfilegs hámarksvindhraða á flugi, fyrir loftför sem eru léttari en loft,

5) ef gagnatenging rofnar er það búið áreiðanlegri og fyrirsjáanlegri aðferð til að tryggja að ómannaða loftfarið geti endurheimt gagnatengingu eða stöðvað flugið þannig að þriðju aðilar í lofti eða á jörðu niðri verði fyrir sem minnstum áhrifum, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

6) merkimiði með A-vegnu hljóðaflsstigi, L_{WA}, sem ábyrgð er tekin á, er festur á ómannaða loftfarið og/eða á umbúðir þess í samræmi við 14. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

7) það er knúið rafmagni með málspennu sem fer ekki yfir 48 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; aðgengilegir hlutar þess skulu ekki fara yfir 48 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum; innri spenna skal ekki fara yfir 48 volta jafnstraum eða samsvarandi riðstraum nema tryggt sé að sú samsetning af spennu og straumi sem myndast hafi ekki í för með sér áhættu eða skaðlegt raflost, jafnvel þótt UA-kerfið sé skemmt,

8) er með einkvæmt raunlægt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063 *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*,

9) nema um sé að ræða tjóðrað loftfar, er með beina fjarauðkenningu sem:

   a) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og eingöngu í samræmi við það ferli sem ákvarðað er fyrir skráningarkerfið,

   b) tryggir að allan flugtímann séu eftirfarandi gögn send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu og á rauntíma með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

      i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins,

      ii. einkvæmt raunlægt raðnúmer ómannaða loftfarsins sem er í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063,

      iii. landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

      iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins og

      v. landfræðileg lega fjarflugmannsins,

   c) tryggir að notandinn geti ekki breytt gögnunum sem um getur í ii., iii., iv. og v. lið b-liðar,

10) er búið rýmisvitundarvirkni sem:

   a) er búið viðmóti til að hlaða upp og uppfæra gögn með upplýsingum um takmarkanir á notkun loftrýmis í tengslum við staðsetningu og flughæð ómannaðra loftfara fyrir starfrækslu á vissum landfræðilegum svæðum, eins og skilgreint er í 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, sem tryggir að ferlið við hleðslu eða uppfærslu þessara gagna spilli ekki heilleika þeirra og gildi,

   b) veitir fjarflugmanni viðvörun þegar mögulegt brot vegna takmarkana á notkun loftrýmis greinist og

   c) veitir fjarflugmanni upplýsingar um stöðu ómannaða loftfarsins sem og viðvörun þegar staðsetningar- eða leiðsögukerfi loftfarsins getur ekki tryggt eðlilega virkni rýmisvitundarkerfisins,

11) ef ómannaða loftfarið er búið virkni, sem takmarkar aðgang þess að tilteknum svæðum eða hlutum loftrýmisins, skal þessi virkni starfa þannig að hún eigi snurðulaus samskipti við stýrakerfi ómannaða loftfarsins án þess að hafa neikvæð áhrif á flugöryggi og skal fjarflugmaðurinn þar að auki fá skýrar upplýsingar um það þegar þessi virkni kemur í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari inn á þessi svæði eða hluta loftrýmis,

12) það er búið gagnatengingu sem er varin gegn óheimilum aðgangi að stjórn- og stýribúnaði, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

13) það veitir fjarflugmanni skýra viðvörun þegar hleðslustig rafhlöðu ómannaða loftfarsins eða stjórnstöð þess er orðið lágt þannig að fjarflugmaðurinn hafi nægan tíma til að lenda ómannaða loftfarinu með öruggum hætti,

14) það er búið ljósum til að tryggja:

   1) að hægt sé að stjórna ómannaða loftfarinu,

   2) að ómannaða loftfarið sé sýnilegt að næturlagi og skal hönnun ljósanna gera fólki á jörðu niðri kleift að aðgreina ómannað loftfar frá mönnuðu loftfari,

15) það er sett á markað með notendahandbók sem inniheldur eftirfarandi:

   a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

      — flokk ómannaða loftfarsins,

      — massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

      — almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

      — búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

      — tilvísun í þær samskiptareglur fyrir sendingar sem notaðar eru fyrir beina fjarauðkenningu,

      — hljóðaflsstig,

      — og lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef gagnatenging rofnar,

   b) skýr starfrækslufyrirmæli,

   c) aðferð við upphleðslu á takmörkunum á notkun loftrýmis,

   d) viðhaldsleiðbeiningar,

   e) verklagsreglur um bilanaleit,

   f) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og


   g) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

16) kynningartilkynningu sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur samkvæmt lögum ESB.

5. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C4

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C4, skal bera eftirfarandi merkimiða með sýnilegum hætti:



UA-kerfi í flokki C4 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 25 kg, að farmþunga meðtöldum,

2) fjarflugmaður getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfrækskluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

3) má ekki vera búið sjálfvirkri stýringu, nema í tengslum við stöðgun flugs, sem hefur ekki bein áhrif á flugleiðina, og vegna aðstoðar ef gagnatenging rofnar, að því tilskildu að fyrir hendi sé fyrirframákveðin föst staðsetning stýrakerfis ef gagnatengingin rofnar,

4) það er sett á markað með notendahandbók sem inniheldur eftirfarandi:

   a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

      — flokk ómannaða loftfarsins,

      — massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

      — almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

      — búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

      — og lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef gagnatenging rofnar,

   b) skýr starfrækslufyrirmæli,

   c) viðhaldsleiðbeiningar,

   d) verklagsreglur um bilanaleit,

   e) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og

   f) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

5) kynningartilkynningu sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur samkvæmt lögum ESB.

6. HLUTI

Kröfur að því er varðar viðbótarbúnað fyrir beina fjarauðkenningu

Viðbótarbúnaður fyrir beina fjarauðkenningu skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og eingöngu í samræmi við það ferli sem ákvarðað er fyrir skráningarkerfið,

2) einkvæmt raunlægt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063, *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*, er fest á viðbótarbúnaðinn og umbúðir þess eða á notendahandbókina með læsilegum hætti,

3) tryggir að allan flugtímann séu eftirfarandi gögn send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu og á rauntíma með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

   i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins,

   ii. einkvæmt raunlægt raðnúmer viðbótarbúnaðarins sem er í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063,

   iii. landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

   iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins og

   v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður,

4) tryggir að notandinn geti ekki breytt gögnunum sem um getur í ii., iii., iv. og v. lið 3. liðar,

5) er settur á markað með notendahandbók sem inniheldur vísun í þær samskiptareglur fyrir sendingar sem notaðar eru fyrir beina fjarauðkenningu og leiðbeiningar um:

   a) uppsetningu einingarinnar á ómannaða loftfarið,

   b) upphleðslu á skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins.

7. HLUTI

Aðferðareining A fyrir samræmismat — Innra framleiðslueftirlit

1. Innra framleiðslueftirlit er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. lið þessa hluta, og tryggir og lýsir því yfir, á eigin ábyrgð, að vörurnar, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í 1., 5. eða 6. hluta sem gilda um þær.

2. **Tæknigögn**

Framleiðandinn skal útbúa tæknigögnin í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar.

3. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar vörur séu í samræmi við tæknigögnin, sem um getur í 2. lið þessa hluta, og við þær kröfur sem settar eru fram í 1., 5. eða 6. hluta sem gilda um þær.

4. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

1) Í samræmi við 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar skal framleiðandinn festa CE-merkið og, eftir því sem við á, auðkennismerkimiðann, sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins, á hverja vöru fyrir sig sem uppfyllir viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1., 5. eða 6. hluta sem á við um þær.

2) Framleiðandi skal semja skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð vöru og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að varan er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina með skýrum hætti þá vöru sem hún á við.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum, sé þess óskað.

5. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi má uppfylla skyldur framleiðandans, sem settar eru fram í 4. lið, fyrir hönd framleiðandans og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

8. HLUTI

Aðferðareiningar B og C fyrir samræmismat — ESB-gerðarprófun og gerðarsamræmi, byggt á innra framleiðslueftirliti, skv. II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB

Þegar vísað er í þennan hluta skal samræmismatsaðferðin fylgja aðferðareiningu B (ESB-gerðarprófun) og C (gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti) í þessum hluta.

Aðferðareining B

ESB-gerðarprófun

1. ESB-gerðarprófun er hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun vöru og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun vörunnar uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.–6. hluta.

2. ESB-gerðarprófun skal fela í sér mat á því hvort tæknihönnun vörunnar sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og stoðgögnunum, sem um getur í 3. lið, ásamt athugun á sýnishornum af einum eða fleiri mikilvægum hlutum vörunnar sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu (samsetning framleiðslugerðar og hönnunargerðar).

3. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarprófun hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

1) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

2) skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

3) tæknigögn. Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort varan samræmist viðeigandi kröfum þessarar reglugerðar og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu; tæknigögnin skulu innihalda, þegar við á, þau atriði sem sett eru fram í 17. gr. þessarar reglugerðar,

4) sýnishorn sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu; tilkynnta stofan getur farið fram á að fá fleiri eintök, sé þess þörf, til að framkvæma prófunaráætlunina,

5) stoðgögn sem sýna að tæknihönnunin sé fullnægjandi. Í þessum stoðgögnum skal tilgreina öll gögnin sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hefur ekki verið beitt eða ekki beitt í heild sinni. Ef nauðsyn krefur skulu stoðgögnin einnig innihalda, ef nauðsyn krefur, niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir, á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

4. Tilkynnta stofan skal:

að því er varðar vöruna:

1) athuga tæknigögnin og stoðgögnin til að meta hvort tæknihönnunin sé fullnægjandi,

að því er varðar sýnishornið eða sýnishornin:

2) sannprófa að sýnishornið/sýnishornin hafi verið framleidd í samræmi við tæknigögnin og auðkenna þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við gildandi ákvæði viðeigandi samhæfðra staðla og/eða tækniforskrifta og þá þætti sem hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla,

3) framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hafi verið beitt rétt þegar framleiðandinn hefur valið að beita þeim,

4) framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið uppfylla samsvarandi grunnkröfur í lagagerningnum þegar lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hefur ekki verið beitt,

5) semja við framleiðandann um hvar athuganir og prófanir muni fara fram.

5. Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráðar eru þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, í samræmi við 4. lið, og niðurstöður þeirra. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur sínar sem kveðið er á um í 8. lið, einungis birta efni skýrslunnar, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðandans.

6. Ef gerðareintakið uppfyllir kröfur þessarar reglugerðar skal tilkynnta stofan gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð handa framleiðandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, viðeigandi þætti krafnanna sem falla undir athugunina, skilyrðin (ef einhver eru) fyrir því að vottorðið sé gilt og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykktu gerðina. Heimilt er að einn eða fleiri viðaukar fylgi vottorðinu.

ESB-vottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera kleift að meta samræmi framleiddra vara við vöruna sem er til skoðunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur.

Ef gerðareintakið uppfyllir ekki viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar skal tilkynnta stofan synja útgáfu ESB-gerðarprófunarvottorðs, tilkynna umsækjandanum um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

7. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á nýjustu tækni, sem almennt er viðurkennd, sem benda til þess að samþykkta gerðareintakið uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða ESB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktu gerðareintaki sem geta haft áhrif á hvort varan uppfylli grunnkröfurnar í þessari reglugerð eða skilyrðin fyrir gildi vottorðsins. Að því er varðar slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflega ESB-gerðarprófunarvottorðið.

8. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvald sitt um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau, sem hún hefur gefið út eða afturkallað, og hún skal einnig, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir vottorð, og/eða viðbætur við þau, sem hefur verið hafnað, felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

   Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-gerðarprófunarvottorð, og/eða viðbætur við þau, sem hún hefur hafnað, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt, og, samkvæmt beiðni, um þau vottorð, og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

   Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðunum og/eða viðbótum við þau, sé þess óskað. Að fenginni rökstuddri beiðni geta framkvæmdastjórnin og aðildarríkin farið fram á að fá afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum úr athugunum sem tilkynnta stofan hefur framkvæmt.

   Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tækniskjölunum, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, í tíu ár eftir að varan hefur verið metin eða þar til vottorðið rennur út.

9. Framleiðandinn skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað.

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsóknina, sem um getur í 3. lið, og uppfyllt skyldurnar sem settar eru fram í 7. og 9. lið, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

Aðferðareining C

Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti

1. Gerðarsamræmi, sem byggist á innra framleiðslueftirliti, er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið, og tryggir og lýsir því yfir að vörurnar, sem um er að ræða, séu í samræmi við gerðareintakið, sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar sem gilda um þær.

2. Framleiðsla

   Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleidd vara sé í samræmi við samþykkta gerðareintakið, sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.–6. hluta.

3. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

   1) Í samræmi við 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar skal framleiðandinn festa CE-merkið og, eftir því sem við á, auðkennismerkimiðann sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins, á hverja vöru fyrir sig sem er í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.–6. hluta.

   2) Framleiðandinn skal semja skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja vörutegund og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina með skýrum hætti þá vörutegund sem hún á við.

      Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt fyrir viðkomandi yfirvöld, sé þess óskað.

4. Viðurkenndur fulltrúi

   Viðurkenndur fulltrúi má uppfylla skyldur framleiðandans, sem settar eru fram í 3. lið, fyrir hönd framleiðandans og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

9. HLUTI

Aðferðareining H fyrir samræmismat — Samræmi byggt á fullri gæðatryggingu skv. II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB

1. Samræmi byggt á fullri gæðatryggingu er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem settar eru fram í 2. og 5. lið, og tryggir og lýsir því yfir, á eigin ábyrgð, að vörurnar, sem um er að ræða, uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.–6. hluta.

2. Framleiðsla

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu og lokaskoðun og prófun á vörunni, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 3. lið og skal háður eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

3. Gæðakerfi

1) Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi vörur hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

a) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

b) tæknigögn fyrir hverja vörutegund sem fyrirhugað er að framleiða sem skulu, eftir atvikum, innihalda þau atriði sem sett eru fram í 10. hluta,

c) skjöl um gæðakerfið,

d) skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu.

2) Gæðakerfið skal tryggja að varan standist viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur er varða gæði séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Í gögnunum skal einkum vera haldgóð lýsing:

a) á gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og gæða vörunnar,

b) á tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. stöðlum, sem verður beitt og, þegar viðkomandi samhæfðum stöðlum er ekki beitt að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar,

c) á þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun varanna í þeim vöruflokki sem um ræðir,

d) á samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem verða notaðar,

e) á þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,

f) á gæðaskýrslum, s.s. skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.,

g) á aðferðum til að fylgjast með því að tilskilinni hönnun og vörugæðum sé náð og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3) Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í 2. lið 3. liðar.

Hún skal ganga út frá því að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þá þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir í viðeigandi samhæfðum staðli.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á vörum af viðkomandi sviði og á viðkomandi framleiðslutækni og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum í þessari reglugerð. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðandans. Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin, sem um getur í b-lið 1. liðar í 3. lið, til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðeigandi kröfur í þessari reglugerð og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að varan uppfylli þessar kröfur.

Tilkynna skal framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans um ákvörðunina.

Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður úttektarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

4) Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

5) Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram uppfylla kröfurnar, sem um getur í 2. lið 3. liðar, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Tilkynnta stofan skal tilkynna framleiðandanum um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar

1) Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki, með tilhlýðilegum hætti, þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

2) Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang að hönnunar-, framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustöðum og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

a) gögn um gæðakerfið,

b) gæðaskýrslur, eins og kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, s.s. niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

c) gæðaskýrslur, eins og kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðakerfisins, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks o.s.frv.

3) Tilkynnta stofan skal reglulega gera úttekt á því hvort framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum úttektarskýrslu.

4) Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt, ef með þarf, að framkvæma eða láta framkvæma prófanir á ómönnuðu loftfari eða UA-kerfi til að ganga úr skugga um að gæðakerfið starfi rétt. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

1) Í samræmi við 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar skal framleiðandinn festa CE-merkið og, eftir því sem við á, auðkennismerkimiðann, sem sýnir flokk ómannaðs loftfars, og á ábyrgð tilkynntu stofunnar, sem um getur í 1. lið 3. liðar í þessum hluta, auðkennisnúmer þess síðarnefnda á hverja vöru sem uppfyllir viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

2) Framleiðandinn skal semja skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja vörutegund og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina vörutegundina sem hún á við.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum, sé þess óskað.

6. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað:

   1) tæknigögnin sem um getur í 1. lið 3. liðar,

   2) gögnin um gæðakerfið sem um getur í 1. lið 3. liðar,

   3) breytingarnar, sem um getur í 5. lið 3. liðar, í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

   4) þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í 3. lið (5. lið), 4. lið (3. lið) og 4. lið (4. lið).

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið gefin út eða afturkölluð, og skal, reglulega eða þegar óskað er eftir því, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir gæðakerfi þar sem synjað hefur verið um samþykki, þar sem samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt.

   Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. Viðurkenndur fulltrúi

   Viðurkenndur fulltrúi má uppfylla skyldur framleiðandans, sem settar eru fram í 3. lið (1. lið) og 3. lið (5. lið) og 5. og 6. lið, fyrir hönd framleiðandans og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

10. HLUTI

Innihald tæknigagnanna

Framleiðandinn skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort varan uppfylli viðeigandi kröfur.

Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

1. Ítarlega lýsingu á vörunni, þ.m.t.:

   a) ljósmyndir eða teikningar sem sýna ytri einkenni, merkingar og innra fyrirkomulag,

   b) hugbúnaðar- eða fastbúnaðarútfærslur sem hafa áhrif á það hvort kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar,

   c) notendahandbók og uppsetningarleiðbeiningar.

2. Frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum og öðrum viðeigandi svipuðum þáttum.

3. Lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja þessar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á notkun vörunnar.

4. Skrá yfir samhæfðu staðlana, sem beitt er að öllu eða einhverju leyti og hafa verið birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, og hafi þessum samhæfðu stöðlum ekki verið beitt, þá lýsingu á þeim lausnum sem eru samþykktar í því skyni að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., þ.m.t. skrá yfir aðrar viðeigandi tækniforskriftir sem var beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið.

5. Eintak af ESB-samræmisyfirlýsingunni.

6. Eintak af ESB-gerðarprófunarvottorðinu og viðaukum þess, eins og hlutaðeigandi tilkynnt stofa hefur lagt það fram, hafi aðferðareiningu samræmismats í 8. hluta verið beitt.

7. Niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana, sem hafa verið gerðar, og aðrir viðeigandi svipaðir þættir.

8. Prófunarskýrslur.

9. Afrit af skjölum sem framleiðandinn hefur lagt fram hjá tilkynntu stofunni ef hún á hlut að máli.

10. Stoðgögn sem sýna að tæknihönnunin sé fullnægjandi. Í þessum stoðgögnum skulu tilgreind öll gögn sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hefur ekki verið beitt í heild. Ef nauðsyn krefur skulu í stoðgögnunum einnig koma fram niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

11. Heimilisföng framleiðslu- og geymslustaða.

11. HLUTI

ESB-samræmisyfirlýsing

1. Varan (gerðar-, lotu- og raðnúmer).

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.

3. Útgáfa þessarar samræmisyfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans.

4. Hluturinn sem yfirlýsingin á við um [*auðkenning vöru sem gerir rekjanleika mögulegan, ef nauðsyn krefur getur hún innihaldið litmynd í nægilegri upplausn til að hægt sé að auðkenna vöruna*].

5. Hluturinn sem yfirlýsingin á við um og lýst er hér að framan tilheyrir flokki ... [*fyrir UA-kerfi skal bæta við númeri flokksins, eins og skilgreint er í 1.–5. hluta þessa viðauka]*.

6. Hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á fyrir þennan búnað, sem snýr að UA-kerfi, er ... dB(A) [*aðeins fyrir UA-kerfi sem eru ekki fastvængjaloftför í 1.–3. flokki*].

7. Hluturinn sem yfirlýsingin á við um og lýst er hér að framan er í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins:

   — [*setja skal tilvísun í þessa reglugerð og viðeigandi viðauka fyrir flokk vörunnar*],

   — eða aðra samhæfingarlöggjöf Sambandsins, eftir atvikum.

8. Tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla sem eru notaðir eða tilvísanir í aðrar tækniforskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við. Tilvísanir verður að skrá með sínu kenninúmeri og útgáfu og, eftir atvikum, útgáfudegi.

9. Eftir atvikum: tilkynnt stofa ... (*nafn*, *númer*) ... framkvæmdi ... (lýsing á afskiptum) ... og gaf út ESB-gerðarprófunarvottorðið.

10. Eftir atvikum: lýsing á aukabúnaði og íhlutum, þ.m.t. hugbúnaður, sem gerir ómannaða loftfarinu eða UA-kerfinu kleift að virka eins og til er ætlast og sem fellur undir ESB-samræmisyfirlýsinguna.

11. Viðbótarupplýsingar:

Undirritað fyrir og fyrir hönd: …

[*útgáfustaður og -dagur*]:

[*nafn, stöðuheiti*] [*undirritun*]:

12. HLUTI

Einfölduð ESB-samræmisyfirlýsing

Einfaldaða ESB-samræmisyfirlýsingin, sem um getur í 3. mgr. 14. gr., skal vera sem hér segir:

— [Heiti framleiðanda] lýsir því hér með yfir að UA-kerfið [*auðkenni UA-kerfisins: gerðar- eða raðnúmer*] tilheyrir flokki ... ... [*setja skal númer flokksins fyrir vöruna, eins og skilgreint er í 1.–5. hluta þessa viðauka*] og er með hljóðaflsstig, sem ábyrgð er tekin á, sem nemur ... dB(A) [*aðeins fyrir UA-kerfi sem eru ekki fastvængjaloftför í 1.–3. flokki*],

— og í samræmi við reglugerðir ... [tilgreina skal allar reglugerðir sem varan samrýmist].

— Hægt er að nálgast heildartexta ESB-samræmisyfirlýsingarinnar á eftirfarandi veffangi: [veffang].

13. HLUTI

Hávaðaprófunaraðferð

Í þessum hluta er mælt fyrir um mæliaðferðir fyrir hávaða sem berst í lofti sem nota skal til að ákvarða A-vegið hljóðaflsstig fyrir ómönnuð loftför í 1., 2. og 3. flokki.

Í hlutanum er mælt fyrir um grunnstaðal fyrir hávaða og ítarlega prófunaraðferð til að mæla hljóðþrýstistig á mæliyfirborði sem umlykur hávaðavaldinn og til að reikna út hljóðþrýstistig sem hávaðavaldurinn gefur frá sér.

1. GRUNNSTAÐALL FYRIR HÁVAÐA

Til að ákvarða A-vegið hljóðaflsstig L_{WA} fyrir ómannaða loftfarið verður grunnstaðallinn fyrir hávaða, EN ISO 3744:2010, notaður, sbr. þó eftirfarandi viðbæta:

2. SKILYRÐI FYRIR UPPSETNINGU OG ÁFESTINGU

Prófunarsvæði:

Ómannaða loftfarið mun voka yfir einum endurkastsfleti (með hljóðendurkasti (e. *acoustically hard*)). Ómannaða loftfarið skal staðsett í hæfilegri fjarlægð frá vegg, lofti eða hlut með endurkasti, þannig að kröfurnar í viðauka A í staðli EN ISO 3744:2010 séu uppfylltar á mæliyfirborðinu.

Áfesting hávaðavalds:

Ómannaða loftfarið skal voka 0,5 m yfir endurkastsfletinum. Samsetning ómannaða loftfarsins (skrúfur, aukabúnaður, stillingar) skal vera sú sama og sett er á markað.

Yfirborð hljóðmælingar og uppstilling hljóðnema

Ómannaða loftfarið verður algerlega umlukið hálfkúlulaga mæliyfirborði í samræmi við lið 7.2.3 í staðlinum EN ISO 3744:2010.

Fjöldi hljóðnema og staðsetning þeirra er fastsett í viðauka F í staðlinum EN ISO 3744:2010.

Upphafspunktur mæliyfirborðsins skal vera við punkt O í jarðfletinum beint undir ómannaða loftfarinu.

3. NOTKUNARSKILYRÐI MEÐAN Á PRÓFUNUM STENDUR

Hávaðaprófunin skal framkvæmd þegar ómannaða loftfarið er á stöðugu flugi, lárétt og lóðrétt, 0,5 metrum yfir upphafspunkt hálfkúlulaga mæliyfirborðsins (punktur O) með hámarksflugtaksmassa, og skal rafhlaða ómannaða loftfarsins vera fullhlaðin.

Ef ómannaða loftfarið er sett á markað með aukabúnaði, sem unnt er að festa á það, skal loftfarið prófað með og án þessa aukabúnaðar í öllum mögulegum samsetningum fyrir ómannað loftfar.

4. ÚTREIKNINGUR Á MEÐALHLJÓÐÞRÝSTISTIGI VIÐ MÆLIYFIRBORÐ

A-vegið meðalhljóðþrýstistig við yfirborð skal ákvarðað a.m.k. þrisvar sinnum fyrir hverja samsetningu ómannaðs loftfars. Ef ekki er meiri munur en 1 dB á a.m.k. tveimur af ákvörðuðu gildunum eru frekari mælingar ekki nauðsynlegar; að öðrum kosti skal halda mælingunum áfram þar til tvö gildi fást með að hámarki 1 dB mun. Meðalhljóðþrýstistig við yfirborð, sem nota á til að reikna út hljóðaflsstig fyrir samsetningu ómannaðs loftfars, er meðaltal tveggja hæstu gildanna með að hámarki 1 dB mun.

5. UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í SKÝRSLUNNI


Skýrslan skal innihalda nauðsynleg tæknigögn til að bera kennsl á hávaðavaldinn sem prófaður er sem og hávaðaprófunaraðferð og hljóðeðlisfræðileg gögn.

A-vegið hljóðaflsstig hávaðavaldsins, sem greina á frá í skýrslunni, skal vera hæsta gildið af mismunandi samsetningum ómannaðs loftfars sem verið er að prófa, námundað að næstu heilu tölu (tölur lægri en 0,5 námundist að næstu tölu fyrir neðan; 0,5 eða hærri tölur að næstu fyrir ofan).

14. HLUTI

Merkimiði sem sýnir hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á

Á merkimiðanum sem sýnir hljóðaflsstigið, sem ábyrgð er tekin á, verður að vera tölustafur sem gefur til kynna hljóðaflsstigið í dB, merkið L_{WA} og skýringarmynd með eftirfarandi útliti:



Ef merkimiðinn er minnkaður í samræmi við stærð búnaðarins verða hlutföllin í teikningunni hér að framan að haldast óbreytt. Hæð merkimiðans ætti hins vegar, ef mögulegt er, ekki að vera undir 20 mm.

15. HLUTI

Hámarkshljóðaflsstig fyrir mismunandi flokka ómannaðra loftfara (þ.m.t. umbreytingartímabil)

Flokkur ómannaða loftfarsins	MTOM *m* í grömmum	Hámarkshljóðaflsstig L_{WA} í dB		
		Frá og með gildistöku	Frá og með 2 árum eftir gildistöku	Frá og með 4 árum eftir gildistöku
C1	$250 \leq m < 900$	85	83	81
C2	$900 \leq m < 4\,000$	$85 + 18{,}5 \lg \frac{m}{900}$	$83 + 18{,}5 \lg \frac{m}{900}$	$81 + 18{,}5 \lg \frac{m}{900}$

þar sem „lg“ er logrinn, með grunntöluna 10.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/570 2023/EES/62/12

frá 28. janúar 2020

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar samræmingu á reglum um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([2]) hefur verið breytt ([3]) í því skyni að ákvarða sveigjanlegri kröfur vegna viðhalds á léttum loftförum og til að bæta við stjórnun öryggisáhættu fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem eru starfrækt af handhöfum flugrekandaskírteinis. Í kjölfar þessarar breytingar eru ráðstafanirnar, sem gera skal til að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfars og sem voru áður settar fram í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, nú settar fram í I. viðauka (M-hluta), V. viðauka b (ML-hluta), V. Viðauka c (CAMO-hluta) og V. viðauka d (CAO-hluta) þeirrar reglugerðar, í samræmi við gerð loftfars og starfrækslu þess.

2) Þar sem ákvæðin varðandi lofthæfivottorð, samþykki fyrir hönnun viðgerðar og flugleyfi, sem sett voru fram í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([4]), vísa eingöngu til I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, ætti að breyta þessum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 til að aðlaga ákvæði hans að nýrri uppbyggingu viðaukanna við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 27.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

3) Skilja má ákvæði b-liðar 21.A.604 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 þannig að í tengslum við samþykki fyrir hönnunarbreytingum á aukaaflstöð fyrir umsækjendur, sem eru ekki handhafar evrópskar tækniforskriftarheimildar, að því er varðar breytingar sem eru flokkaðar sem minni háttar, ætti frekar að beita ákvæðum E-kafla í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 í stað D-kafla í I. viðauka við þá reglugerð. Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til að það komi skýrt fram að í þessum tilvikum gildi D-kafli í I. viðauka við þá reglugerð.

4) Kröfurnar í tengslum við staðalinn í lið 21.A.165 í G-kafla í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 um að hætta framleiðslu með tilliti til losunar koltvísýrings frá flugvélum eru ekki teknar skýrt fram og lagaðar að sömu kröfum í F-kafla í I. viðauka við þá reglugerð. Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

5) Ákvæðið í c-lið liðar 21.A.93 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 vísar til „tegundarvottorða eða takmarkaðra tegundarvottorða“ en þau ættu að vísa til „breytinga á tegundarvottorðum eða takmörkuðum tegundarvottorðum“. Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit 05/2016 ([5]) og 06/2016 ([6]) sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins lagði fram skv. 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt og hún leiðrétt sem hér segir:

1) Í 2. mgr. 1. gr. fellur d-liður brott.

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. mars 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([5]) Álit 05/2016: Starfshópur um endurskoðun á M-hluta fyrir almannaflug (II. ÁFANGI) (*Task force for the review of Part-M for General Aviation (PHASE II)*).

([6]) Álit 06/2016: Kröfur varðandi öryggisstjórnunarkerfi (SMS) eru felldar inn í M-hluta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 (*Embodiment of safety management system (SMS) requirements into Commission Regulation (EU) No 1321/2014 — SMS in Part-M*).

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað tilvísunarinnar í II. viðbæti í efnisyfirlitinu kemur eftirfarandi:

„II. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 15a og 15c — Lofthæfistaðfestingarvottorð“.

2) Í stað 2. liðar c-liðar í 21.A.93 kemur eftirfarandi:

„2. að sækja um framlengingu á frestinum, sem kveðið er á um í fyrsta málslið c-liðar, fyrir upprunalegu umsóknina og leggja til nýja dagsetningu fyrir útgáfu samþykkisins. Í því tilviki skal umsækjandinn uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við lið 21.A.101 og tilkynnt í samræmi við 21.B.105, fyrir dagsetningu sem umsækjandinn velur. Sú dagsetning skal þó ekki vera eldri en nýja dagsetningin, sem umsækjandinn leggur til fyrir útgáfu samþykkisins, en sem nemur meira en fimm árum fyrir umsókn um breytingu á tegundarvottorði eða takmörkuðu tegundarvottorði stórrar flugvélar eða stórrar þyrilvængju og ekki eldri en þrjú ár fyrir umsókn um aðrar breytingar á tegundarvottorðum eða takmörkuðum tegundarvottorðum.“

3) Í stað 3. liðar c-liðar í 21.A.165 kemur eftirfarandi:

„3. skal þar að auki, þegar um er að ræða umhverfiskröfur, staðfesta:

i. að fullgerður hreyfill uppfylli viðeigandi kröfur varðandi losun með útblæstri frá hreyflum sem eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins, og

ii. að fullgerð flugvél uppfylli viðeigandi kröfur um koltvísýringslosun sem eru í gildi þann dag sem lofthæfivottorðið var fyrst gefið út.“

4) Í stað 3. liðar b-liðar 21.A.174 kemur eftirfarandi:

„3. að því er varðar notuð loftför sem eru upprunnin:

i. í aðildarríki, lofthæfistaðfestingarvottorð sem er gefið út í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 (*),

ii. í þriðja landi:

— yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi ríkisins, þar sem loftfarið er eða var skráð, sem endurspeglar lofthæfistöðu loftfarsins í loftfaraskrá þess við yfirfærslu,

— massa- og jafnvægisskýrslu með hleðsluáætlun,

— flughandbók þegar slíkrar handbókar er krafist í lofthæfireglum fyrir loftfarið,

— fyrri skrár til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldskröfur í tengslum við loftfarið, þ.m.t. allar takmarkanir sem tengjast takmörkuðu lofthæfivottorði sem er gefið út í samræmi við 21.B.327,

— tilmæli um að gefa út lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð og lofthæfistaðfestingarvottorð eftir staðfestingu á lofthæfi í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).“

5) Í stað i. liðar 2. liðar a-liðar 21.A.179 kemur eftirfarandi:

„i. við framvísun fyrra lofthæfivottorðs og gildandi lofthæfistaðfestingarvottorðs, sem gefið er út skv. I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014,“.

6) Í stað a-liðar 21.A.441 kemur eftirfarandi:

„a) Viðgerðir skulu framkvæmdar í samræmi við I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka b (ML-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eða af framleiðslufyrirtæki, sem hefur tilhlýðilegt samþykki í samræmi við G-kafla þessa viðauka, í samræmi við þau réttindi sem kveðið er á um í d-lið 21.A.163.“

7) Í stað b-liðar 21.A.604 kemur eftirfarandi:

„b) Þrátt fyrir 21.A.611 skulu kröfurnar í D-kafla gilda um samþykki fyrir hönnunarbreytingum af hálfu handhafa ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöð og fyrir hönnunarbreytingum af hálfu annarra umsækjenda sem eru flokkaðar sem minni háttar og kröfurnar í E-kafla skulu gilda um samþykki fyrir hönnunarbreytingum af hálfu annarra umsækjenda sem eru flokkaðar sem meiri háttar. Þegar kröfurnar í E-kafla gilda skal gefa út sérstaka ETSO-heimild í stað viðbótartegundarvottorðs, og“.

8) Í stað d-liðar 21.A.711 kemur eftirfarandi:

„d) Samþykkt fyrirtæki getur gefið út flugleyfi (EASA-eyðublað nr. 20b, sjá IV. viðbæti) samkvæmt réttindum sem eru veitt í samræmi við CAMO.A.125 í V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eða lið CAO.A.095 í V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, þegar flugskilyrðin sem um getur í 21.A.708 í þessum viðauka hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710 í þessum viðauka.“

9) Í stað c-liðar 21.B.325 kemur eftirfarandi:

„c) Auk viðeigandi lofthæfivottorðs, sem vísað er til í a- eða b-lið, fyrir nýtt loftfar eða notað loftfar sem upprunnið er í ríki utan Bandalagsins, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkis gefa út fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15a eða 15c, sjá II. viðbæti).“

10) Í stað iii. liðar 1. liðar b-liðar 21.B.326 kemur eftirfarandi:

„iii. að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við ákvæðin í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, eins og við á,“.

11) Í stað C-liðar i. liðar 2. liðar a-liðar 21.B.327 kemur eftirfarandi:

„C) að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við ákvæðin í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, eins og við á,“.

12) Í stað tilvísunarinnar í „II. viðbæti — EASA-eyðublað nr. 15a, Lofthæfistaðfestingarvottorð“ í skránni yfir viðbæta „EASA-EYÐUBLÖÐ“ kemur eftirfarandi:

„II. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 15a og 15c — Lofthæfistaðfestingarvottorð“.

13) Í stað II. viðbætis kemur eftirfarandi:

„II. viðbætir

EASA-eyðublað nr. 15a — Lofthæfistaðfestingarvottorð

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC)

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: .....

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur:..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: …..... Númer heimildar: .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi þessa vottorðs.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi vottorðsins.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

EASA-eyðublað nr. 15a, 5. útgáfa

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftskipum.

EASA-eyðublað nr. 15c — Lofthæfistaðfestingarvottorð

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC) (fyrir loftför sem samrýmast ákvæðum ML-hluta)

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: .....

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139:

[HEITI LÖGBÆRA YFIRVALDSINS]

eða

[HEITI SAMÞYKKTS FYRIRTÆKIS, HEIMILISFANG og TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS]

eða

[FULLT HEITI VIÐHALDSVOTTA OG SKÍRTEINISNÚMER 66. HLUTA (EÐA LANDSBUNDIÐ JAFNGILDI ÞESS)]

vottar hér með að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram á eftirfarandi loftfari í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:

Framleiðandi loftfars: ..... Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: ..... Raðnúmer loftfars: .....

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar (ef við á): .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta)

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta)

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

(*) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.

EASA-eyðublað nr. 15c, 3. útgáfa.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/723 2023/EES/62/13

frá 4. mars 2020

um ítarlegar reglur að því er varðar viðurkenningu á vottun flugmanna í þriðja landi og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 3. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með samþykkt reglugerðar (ESB) 2018/1139, einkum 68. gr. hennar, hefur framkvæmdastjórnin nú umboð til að samþykkja framseldar gerðir um viðurkenningu á vottorðum/skírteinum/starfsleyfum og öðrum skjölum sem staðfesta samræmi við reglur í almenningsflugi, sem eru gefin út í samræmi við lög þriðja lands, og samtímis tryggja öryggisstig sem jafngildir því sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1139.

2) Meginmarkmið þessarar reglugerðar er að aðlaga núverandi lagaramma að reglugerð (ESB) 2018/1139 og því ætti að færa efni 8. gr., III. viðauka og tengdra ákvæða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) um viðurkenningu á vottorðum frá þriðja landi yfir í framselda gerð. Enn fremur ættu þessi ákvæði nú einnig að fela í sér reglur um viðurkenningu á vottorðum frá þriðja landi fyrir svifflugur og loftbelgi.

3) Í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eru talin upp skilyrði fyrir viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum. Sem stendur getur aðildarríki viðurkennt flugmannsskírteini, sem gefið er út af þriðja landi, eða handhafi slíks skírteinis frá þriðja landi fengið það metið þegar hann sækir um skírteini í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011. Sem sakir standa er slíkt mat ákvarðað á grundvelli meðmæla frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

4) Reglurnar, sem gilda um þjálfunarfyrirtæki sem veita þjálfun vegna tiltekinna annarra flugmannsskírteina en atvinnuflugmannsskírteina og áritana, hafa verið einfaldaðar og komið hefur verið á fót yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki (DTO) samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1119 ([3]). Því ætti að uppfæra reglurnar varðandi viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum til að yfirlýst þjálfunarfyrirtæki geti veitt handhöfum slíkra skírteina, sem sækja um skírteini sem gefið er út samkvæmt lagaramma Sambandsins, viðurkenningu.

5) Því ætti að fella brott 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, sem og III. viðauka við þá reglugerð, sem innihalda sem stendur kröfur um viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 170, 2.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1119 frá 31. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 204, 13.8.2018, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um skilyrði fyrir viðurkenningu á flugmannsskírteinum og tengdum áritunum, réttindum eða vottorðum, sem og tengdum heilbrigðisvottorðum sem gefin eru út í samræmi við lög þriðju landa.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ([4]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ([5]).

2. Að því er varðar þessa reglugerð merkir hugtakið „flug fyrir framleiðendur“ þau flug sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([6]).

3. gr.

Viðurkenning á skírteinum frá þriðju löndum

Með fyrirvara um alþjóðasamninga milli Sambandsins og þriðja lands, í samræmi við a-lið 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, er aðildarríkjum heimilt:

a) í samræmi við 2. þátt þessarar reglugerðar, að viðurkenna flugmannsskírteini og tengdar áritanir, réttindi eða vottorð, sem og tengd heilbrigðisvottorð sem gefin eru út í samræmi við lög þriðju landa,

b) í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, 3. gr. a reglugerðar (ESB) 2018/395 eða 3. gr. a reglugerðar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, að gefa út jafngild skírteini til umsækjenda sem eru þegar handhafar jafngilds skírteinis, áritunar, réttinda eða vottorðs, sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var 7. desember 1944 í Chicago („Chicago-samninginn“), að því tilskildu að þessir umsækjendur uppfylli kröfurnar í 3. þætti og að teknu tilliti til viðurkenningar sem byggist á meðmælum frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki,

c) að veita handhöfum atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL-skírteinis), sem gefið er út af þriðja landi eða fyrir hönd þess í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, fulla viðurkenningu að því er varðar kröfurnar um að gangast undir þjálfunarnámskeið áður en próf í bóklegri þekkingu og færnipróf er tekið, að því tilskildu að þessir handhafar uppfylli kröfurnar um reynslu vegna útgáfu ATPL-skírteinis fyrir viðeigandi gerð loftfara, eins og sett er fram í F-kafla í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, og að því tilskildu að í skírteininu sé gild tegundaráritun fyrir loftfarið sem nota á við færniprófið til ATPL-skírteinis,

d) að gefa út tegundaráritanir fyrir flugvélar eða þyrlur til handhafa skírteina, sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og uppfylla kröfurnar sem þriðja land setur fyrir útgáfu slíkra áritana, og skulu þessar áritanir vera takmarkaðar við loftför sem skráð eru í því þriðja landi, en fella má þessa takmörkun niður þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar í 10. gr. þessarar reglugerðar.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

2. ÞÁTTUR

FULLGILDING SKÍRTEINA

4. gr.

Almenn ákvæði fyrir fullgildingu skírteina

1. Lögbært yfirvald aðildarríkis má fullgilda flugmannsskírteini sem þriðja land gefur út í samræmi við kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins.

2. Að því er varðar þau ákvæði sem sett eru fram í þessari reglugerð skal lögbært yfirvald aðildarríkisins vera eftirfarandi:

a) fyrir flugmenn sem hafa fasta búsetu innan yfirráðasvæðis Sambandsins - lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem flugmaður hefur fasta búsetu eða er með staðfestu,

b) fyrir flugmenn sem hafa ekki fasta búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis - lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem flugrekandinn, sem þeir fljúga fyrir eða hafa í hyggju að fljúga fyrir, hefur höfuðstöðvar sínar eða þar sem loftfarið, sem þeir fljúga eða hafa í hyggju að fljúga, er skráð.

3. Fullgilding skírteinis skal að hámarki gilda í eitt ár og aðeins má neyta réttinda þess svo lengi sem skírteinið er í gildi.

Lögbæra yfirvaldið sem fullgilti skírteinið má aðeins framlengja gildistímann einu sinni og aðeins að hámarki eitt ár að því tilskildu að flugmaðurinn hafi á gildistímanum sótt um skírteini í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða hafið þjálfun vegna útgáfu slíks skírteinis. Í síðarnefnda tilvikinu skal framlengingin gilda þann tíma sem þarf til að gefa skírteinið út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. Handhafar skírteinis, sem fullgilt er af aðildarríki, skulu neyta réttinda sinna í samræmi við kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

5. gr.

Flugmannsskírteini fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi

Fyrir fullgildingu flugmannsskírteina fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi skulu handhafar uppfylla eftirfarandi kröfur, eftir því sem við á, fyrir þau réttindi sem sótt er um:

a) uppfylla, með færniprófi, kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um framlengingu tegundar- eða flokksáritunar sem skipta máli fyrir réttindi skírteinisins sem hann hefur undir höndum,

b) sýna fram á þekkingu í viðeigandi hlutum flugrekstrarkrafna og I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

c) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

d) hafa gilt 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem gefið er út í samræmi við IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

e) ef um er að ræða flugvélar, til viðbótar við kröfurnar í a- til d-lið, uppfylla kröfurnar um reynslu sem settar eru fram í töflu 1 í viðaukanum við þessa reglugerð,

f) ef um er að ræða þyrlur, til viðbótar við kröfurnar í a- til d-lið, uppfylla kröfurnar um reynslu sem settar er fram í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð.

6. gr.

Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni með blindflugsáritun

Hvað varðar fullgildingu einkaflugmannsskírteina eða atvinnuflugmannsskírteina (CPL-skírteina) og ATPL-skírteina með blindflugsáritun þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skulu handhafarnir uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) standast færniprófið fyrir blindflugsáritun og þær tegundar- eða flokksáritanir sem eiga við réttindi þess skírteinis sem hann hefur undir höndum, í samræmi við 7. og 9. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

b) sýna fram á þekkingu á lögum og reglum um loftferðir, flugveðurkóðum, áætlanagerð og afkastagetu (blindflugsáritun) og mannlegri getu,

c) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

d) hafa a.m.k. gilt 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

e) hafa lágmarksreynslu sem nemur a.m.k. 100 blindflugstímum sem flugstjóri á viðkomandi gerð loftfars.

7. gr.

Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni án blindflugsáritunar

Hvað varðar fullgildingu einkaflugmannsskírteina, CPL-skírteina eða ATPL-skírteina án blindflugsáritunar þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skulu handhafarnir uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) sýna fram á þekkingu á lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,

b) standast færniprófið fyrir einkaflugmannsskírteini (PPL-skírteini) í samræmi við lið FCL.235 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

c) uppfylla viðeigandi kröfur í H-kafla í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 vegna útgáfu tegundar- eða flokksáritunar sem á við réttindi þess skírteinis sem viðkomandi hefur,

d) hafa a.m.k. 2. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

e) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

f) hafa lágmarksreynslu sem nemur a.m.k. 100 tímum sem flugmaður á viðkomandi gerð loftfars.

8. gr.

Fullgilding flugmannsskírteina fyrir sérstök tímabundin verkefni

1. Þrátt fyrir ákvæði greinanna hér að framan er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt, í tengslum við flug fyrir framleiðendur, að viðurkenna skírteini, sem þriðja land gefur út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, að hámarki í 12 mánuði fyrir sérstök tímabundin verkefni, t.d. kennsluflug áður en loftfar er tekið fyrst í notkun, sýningarflug, ferjuflug eða reynsluflug, að því tilskildu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) er handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða starfsréttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

b) starfar beint eða óbeint hjá framleiðanda loftfara eða flugmálayfirvöldum.

Í því tilviki skal lögbæra yfirvaldið takmarka réttindi handhafa við flugkennslu og -prófanir fyrir fyrstu útgáfu tegundaráritana, eftirlit með fyrsta leiðarflugi flugmanna flugrekandans, afhendingar- eða ferjuflugi, fyrsta leiðarflugi, sýningarflugi eða reynsluflugi, eftir því sem við á fyrir þau verkefni sem fyrirséð eru samkvæmt þessari grein.

2. Þrátt fyrir 4.-7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt að fullgilda skírteini sem er gefið út af þriðja landi, að því er varðar keppnisflug eða flugsýningar sem standa tímabundið, sem heimilar handhafa að neyta réttinda PPL-skírteinis, eins og tilgreint er í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis), eins og tilgreint er í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða skírteinis svifflugmanns (SPL-skírteinis), eins og tilgreint er í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, að því tilskildu að allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) að skipuleggjandi keppnisflugs eða sýningarflugs veiti lögbæra yfirvaldinu fullnægjandi sönnun fyrir því hvernig viðkomandi muni tryggja að flugmanninum verði kynntar viðeigandi öryggisupplýsingar og hvernig eigi að stjórna áhættu, sem tengist fluginu áður en atburðurinn á sér stað,

b) að umsækjandi sé handhafi viðeigandi skírteinis og heilbrigðisvottorðs sem og tengdra áritana eða starfsréttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

3. Þrátt fyrir 4.-7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt að fullgilda skírteini, sem jafngildir einu af þeim skírteinum sem um getur í 2. mgr. og sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, í hámark 28 daga á almanaksári vegna sérstakra verkefna, sem ekki eru í ábataskyni, að því tilskildu að umsækjandinn uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

a) er handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða starfsréttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

b) hafi lokið a.m.k. einu æfingarflugi með viðurkenndum kennara áður en hin sérstöku tímabundnu verkefni eru framkvæmd.

3. ÞÁTTUR

BREYTING SKÍRTEINA

9. gr.

Skilyrði fyrir breytingu skírteina

1. Lögbæru yfirvaldi aðildarríkis er heimilt að breyta skírteini fyrir viðeigandi gerð loftfars í PPL-skírteini í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 með flokks- eða tegundaráritun fyrir einstjórnarloftfar, BPL-skírteini í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 2018/395 eða SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, ef upprunalega skírteinið var gefið út af þriðja landi í samræmi við kröfurnar í 1. viðauka við Chicago-samninginn og skírteinið er annaðhvort:

a) skírteini sem er jafngilt þeim skírteinum sem um getur í 1. mgr. eða

b) CPL- eða ATPL-skírteini.

2. Handhafi skírteinisins, sem breyta á, skal uppfylla eftirtaldar lágmarkskröfur fyrir viðkomandi gerð loftfars:

a) standast skriflegt próf í lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,

b) standast færnipróf til PPL-/BPL-/SPL-skírteinis, eins og við á, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2018/1976,

c) uppfylla kröfurnar fyrir útgáfu viðkomandi flokks- eða tegundaráritunar í samræmi við H-kafla,

d) hafa heilbrigðisvottorð sem krafist er og sem gefið er út í samræmi við IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

e) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

f) hafa lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður.

4. ÞÁTTUR

VIÐURKENNING FLOKKS- OG TEGUNDARÁRITANA

10. gr.

Skilyrði fyrir viðurkenningu flokks- og tegundaráritana

Bæta má gildri flokks- eða tegundaráritun, sem skráð er í skírteini sem þriðja land gefur út, við í skírteini sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, að því tilskildu að umsækjandinn:

a) uppfylli kröfurnar um reynslu og forsendurnar fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar í samræmi við FCL-hluta,

b) standist viðeigandi færnipróf fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar í samræmi við FCL-hluta,

c) fljúgi stöðugt,

d) hafi ekki minna en:

i. fyrir flugvélaflokksáritun: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður í þeim flokki,

ii. fyrir tegundaráritanir fyrir flugvélar: 500 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,

iii. fyrir eins hreyfils þyrlur með hámarksflugtaksmassa allt að 3175 kg: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,

iv. fyrir allar aðrar þyrlutegundir: 350 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund.

11. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 8. gr. falla brott.

b) Ákvæði III. viðauka falla brott.

12. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Skilyrði fyrir viðurkenningu skírteina sem gefin eru út af þriðju löndum eða fyrir hönd þeirra

Tafla 1

Kröfur um reynslu að því er varðar flugvélar

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(A)	> 1 500 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	a)
ATPL(A) eða CPL(A)/IR (*)	> 1 500 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum	b)
MPL	> 1 500 tímar sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum	ba)
CPL(A)/IR	> 1 000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	c)
CPL(A)/IR	> 1 000 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	d)
ATPL(A), CPL(A)/IR, CPL(A)	> 700 tímar á flugvélum, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um viðurkenningu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í flugvélum í öðru flugi en flutningaflugi	e)
CPL(A)	> 1 500 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi, þ.m.t. 500 tímar í starfrækslu sjóflugvéla	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	f)

(*) Handhafar CPL(A)/IR-skírteina fyrir fjölstjórnarflugvélar skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir ATPL(A)-skírteini samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru viðurkenndir.

Tafla 2

Kröfur um reynslu að því er varðar þyrlur

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(H) með gilda blindflugsáritun	> 1 000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjón- og blindflugi	a)
ATPL(H) án blindflugsréttinda	> 1 000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjónflugi	b)
ATPL(H) með gilda blindflugsáritun	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug á fjölstjórnarþyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjón- og blindflugi	c)

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(H) án blindflugsréttinda	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug á fjölstjórnarþyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjónflugi	d)
CPL(H)/IR (*)	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarþyrlum	e)
CPL(H)/IR	> 1 000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flugstjóri í flutningaflugi á einstjórnarþyrlum	f)
ATPL(H) með eða án blindflugsréttinda, CPL(H)/IR, CPL(H)	> 700 tímar á þyrlum, öðrum en þeim sem skráðar eru samkvæmt CS-27/29, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í þyrlum í öðru flugi en flutningaflugi	g)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) fyrir fjölstjórnarþyrlur skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir ATPL(H)-skírteini samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru viðurkenndir.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1058 **2023/EES/62/14**

frá 27. apríl 2020

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 að því er varðar innleiðingu tveggja nýrra flokka ómannaðra loftfarskerfa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 58. og 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ómönnuð loftfarskerfi (e. *unmanned aircraft system* (UA-kerfi)), sem fela í sér litla áhættu og umráðandi UA-kerfis má leggja fram yfirlýsingu um, á grundvelli staðlaðrar sviðsmyndar sem er tilgreind í 1. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ([2]), ættu ekki að falla undir staðlaðar reglufylgniaðferðir fyrir flug. Nýta ætti möguleikann á að innleiða samhæfingarlöggjöf Sambandsins, sem um getur í 6. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, fyrir þessi UA-kerfi. Því er nauðsynlegt að setja tilskildar kröfur þar sem brugðist er við þeirri áhættu sem starfræksla slíkra UA-kerfa hefur í för með sér, að teknu fullu tilliti til annarrar gildandi samhæfingarlöggjafar Sambandsins. Þar af leiðandi ætti að búa til tvo nýja flokka UA-kerfa, sem einkennast af mismunandi kröfum varðandi mismunandi áhættuþætti. Þar af leiðandi ætti II. kafli framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ([3]) að ná yfir þessa nýju flokka.

2) UA-kerfi, sem fyrirhugað er að nota við staðlaðar sviðsmyndir, sem eru skilgreindar í 1. viðbæti við viðauka framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, ættu að uppfylla kröfurnar um vörur, sem eru skilgreindar í II. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/945, og ættu því að falla utan gildissviðs III. kafla.

3) Þessar kröfur ættu að samrýmast grunnkröfunum, sem kveðið er á um í 55. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, einkum að því er varðar þá sértæku þætti og virkni sem nauðsynleg eru til að draga úr áhættu varðandi öryggi flugs, friðhelgi einkalífs, vernd persónuupplýsinga og flug- eða umhverfisvernd í tengslum við starfrækslu þessara UA-kerfa.

4) Þegar framleiðendur setja UA-kerfi á markað, í þeim tilgangi að gera kerfið aðgengilegt til starfrækslu samkvæmt reglum og skilyrðum sem gilda um „opna“ flokkinn eða samkvæmt starfræksluyfirlýsingu, og festa því á það auðkennismerkimiða flokksins ættu þeir að tryggja að UA-kerfið uppfylli kröfur þess flokks. Þegar framleiðendur setja á markað aukabúnað, sem breytur UA-kerfi í flokki C3 í UA-kerfi í flokki C5, ættu þeir sömuleiðis að tryggja að UA-kerfi, sem eru búin aukabúnaði, uppfylli allar kröfur fyrir flokk C5.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

5) Í því skyni að styðja við fjarauðkenningu, sem er einn af nauðsynlegum þáttum starfandi U-rýmis kerfis, sem verið er að þróa, ættu öll UA-kerfi sem starfrækt eru í „sérstaka“ flokknum að vera útbúin með fjarauðkenningarkerfi.

6) UA-kerfi, sem eru starfrækt í „sérstaka“ flokknum og þurfa ekki að vera skráð í samræmi við 14. gr. Framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, ættu vera með einkvæmt raðnúmer, nema þau séu smíðuð af einkaaðila.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 05/2019 ([4]) sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/945

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Í henni eru þar að auki settar reglur um að bjóða fram á markaði UA-kerfi, aukabúnað og viðbótarbúnað fyrir fjarauðkenningu og um frjálsa flutninga þeirra innan Sambandsins.“

2) Í stað 1. og 2. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar gilda um eftirfarandi vörur:

a) UA-kerfi, sem eru ætluð til starfrækslu samkvæmt þeim reglum og skilyrðum sem gilda um starfrækslu í „opna“ flokknum eða starfræksluyfirlýsingu í „sérstaka“ flokknum samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, að undanskildum ómönnuðum loftfarskerfum sem smíðuð eru af einkaaðila og sem bera auðkennismerkimiða flokksins, eins og sett er fram í 1.–5., 16. og 17. hluta viðaukans við þessa reglugerð þar sem tilgreint er undir hvaða flokk af þeim sjö flokkum UA-kerfa, sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, kerfið fellur,

b) aukabúnað fyrir flokk C5, eins og sett er fram í 16. hluta,

c) viðbótarbúnað fyrir fjarauðkenningu, eins og sett er fram í 6. hluta viðaukans við þessa reglugerð.

2. Ákvæði III. kafla þessarar reglugerðar gilda um UA-kerfi, sem starfrækt eru samkvæmt þeim reglum og skilyrðum sem gilda um starfrækslu í „vottaða“ og „sérstaka“ flokknum samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, nema þegar um er að ræða starfrækslu samkvæmt yfirlýsingu.“

3) Eftirfarandi 38., 39. og 40. liður bætist við í 3. gr.:

„38. „stjórneining“ (e. *command unit*): búnaður eða kerfi búnaðar til að fjarstýra ómönnuðu loftfari, eins og það er skilgreint í 32. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, sem styður við stjórn eða vöktun á ómönnuðu loftfari á öllum stigum flugs, að undanskildum grunnvirkjum sem styðja við tengingaþjónustuna fyrir skipanir og stjórnun (C2),

39) „C2-tengingaþjónusta“: fjarskiptaþjónusta frá þriðja aðila þar sem skipanir og stjórnun milli ómannaða loftfarsins og fjarstýrieiningarinnar fara fram,

40) „nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni, eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012. (*)

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“

4) Í stað fyrirsagnar II. kafla kemur eftirfarandi:

„UA-kerfi sem ætlað er að starfrækja í „opna“ eða „sérstaka“ flokknum samkvæmt starfræksluyfirlýsingu, aukabúnaður með auðkennismerkimiða flokksins og viðbótarbúnaður fyrir fjarauðkenningu“.

([4]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions.

5) Í stað 1. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Vörurnar, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans.“

6) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 5. gr.:

„3. Ákvæði 1.–4. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 koma til framkvæmda frá og með 16. júlí 2021.“

7) Í stað 1. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þegar framleiðendur setja vörur sínar á markað skulu þeir tryggja að þær hafi verið hannaðar og framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 1.-6., 16. og 17. hluta viðaukans.“

8) Í stað 2. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Framleiðendur skulu útbúa tæknigögnin, sem kveðið er á um í 17. gr., og framkvæma viðeigandi samræmismatsaðferð, sem um getur í 13. gr., eða útvista henni.

Ef sýnt hefur verið fram á að varan uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans, með þessari samræmismatsaðferð skulu framleiðendur semja ESB-samræmisyfirlýsingu og festa CE-merkið á.“

9) Í stað 5. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Framleiðendur UA-kerfa skulu tryggja að á ómannaða loftfarinu sé gerðarnúmer, í skilningi ákvörðunar 768/2008/EB, og einkvæmt raðnúmer sem gerir kleift að auðkenna það og, ef við á, uppfylla kröfurnar sem skilgreindar eru í samsvarandi 2.–4., 16. og 17. hluta viðaukans. Framleiðendur aukabúnaðar fyrir flokk C5 skulu tryggja að á honum sé gerðarnúmer og einkvæmt raðnúmer sem gerir kleift að auðkenna hann. Framleiðendur viðbótarbúnaðar fyrir fjarauðkenningu skulu tryggja að á búnaðinum sé gerðarnúmer og einkvæmt raðnúmer sem gerir kleift að auðkenna hann og uppfylla kröfurnar sem skilgreindar eru í 6. hluta viðaukans. Í öllum tilvikum skulu framleiðendur tryggja að einkvæmt raðnúmer sé einnig fest á ESB-samræmisyfirlýsinguna eða á einfölduðu ESB-samræmisyfirlýsinguna sem um getur í 14. gr.“

10) Í stað 7. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Framleiðendur skulu tryggja að vörunni fylgi leiðbeiningar frá framleiðanda og kynningartilkynning, sem krafist er skv. 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans, á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir notendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Slíkar leiðbeiningar frá framleiðanda og kynningartilkynning sem og hvers konar merkingar skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.“

11) Eftirfarandi 11. mgr. bætist við 6. gr.:

„11. Þegar framleiðendur setja á markað UA-kerfi í flokki C5 eða C6 eða viðbótarbúnað í flokki C5 skulu þeir upplýsa markaðseftirlitsyfirvald aðildarríkisins, þar sem þeir eru með höfuðstöðvar sínar, þar um.“

12) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara sé ekki í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans, skal hann ekki setja vöruna á markað fyrr en hún hefur verið færð til samræmis við gildandi kröfur. Ef varan hefur í för með sér áhættu fyrir heilbrigði og öryggi notenda og þriðju aðila skal innflytjandinn enn fremur upplýsa framleiðandann og lögbær landsyfirvöld þar um.“

13) Í stað 4. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Innflytjendur skulu tryggja að vörunni fylgi leiðbeiningar frá framleiðanda og kynningartilkynning, sem krafist er skv. 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans, á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir notendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Leiðbeiningarnar frá framleiðanda og kynningartilkynningin sem og hvers konar merkingar skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.“

14) Eftirfarandi 10. mgr. bætist við 8. gr.:

„10. Þegar innflytjendur setja á markað UA-kerfi í flokki C5 eða C6 eða viðbótarbúnað í flokki C5 skulu þeir upplýsa markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkisins, þar sem þeir hafa höfuðstöðvar sínar, þar um.“

15) Í stað fyrstu tveggja undirgreina 2. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Áður en þeir bjóða vöru fram á markaði skulu dreifingaraðilar staðfesta að á vörunni sé CE-merki og, ef við á, auðkennismerkimiði sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins og merkimiði sem sýnir hljóðaflsstigið, að vörunni fylgi þau gögn sem um getur í 7. og 8. mgr. 6. gr. og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr. og í 3. mgr. 8. gr.

Dreifingaraðilar skulu tryggja að vörunni fylgi leiðbeiningar frá framleiðanda og kynningartilkynning, sem krafist er skv. 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans, á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir notendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Þessar leiðbeiningar frá framleiðanda og kynningartilkynning sem og hvers konar merkingar skulu vera skýrar, skiljanlegar og læsilegar.“

16) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„Ætla skal fyrir fram að vara, sem er í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra, ef tilvísanir í þá hafa verið birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins,* samrýmist kröfunum, sem þessir staðlar eða hlutar þeirra taka til, sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans.“

17) Í stað 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Framleiðandinn skal framkvæma samræmismat á vörunni með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum í því skyni að staðfesta samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í 1.-6., 16. og 17. hluta viðaukans. Í samræmismatinu skal tillit tekið til allra fyrirhugaðra og fyrirsjáanlegra notkunarskilyrða.“

18) Í stað a-liðar 2. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„a) innra framleiðslueftirlit, eins og sett er fram í 7. hluta viðaukans, þegar verið er að meta hvort vara uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 1., 5., 6., 16. eða 17. hluta viðaukans, að því tilskildu að framleiðandinn hafi beitt samhæfðum stöðlum, ef tilvísanir til þeirra hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, fyrir allar þær kröfur sem slíkir staðlar eiga við um,“.

19) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni, sem um getur í 8. mgr. 6. gr., skal tekið fram að sýnt hafi verið fram á að varan samrýmist kröfunum, sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans, ásamt því að innihalda upplýsingar um flokk UA-kerfisins.“

20) Í stað 2. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Auðkennismerkimiði, sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins, skal festur á ómannaða loftfarið eða, ef við á, á allan aukabúnað fyrir flokk C5 sem og á umbúðirnar þannig að hann sé sýnilegur, læsilegur og óafmáanlegur og skal hann vera a.m.k. 5 mm á hæð. Bannað er að festa merki, tákn eða áletranir á vörur sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila varðandi þýðingu eða form auðkennismerkimiðans sem sýnir flokkinn.“

21) Í stað 1. mgr. 17. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Í tæknigögnunum skulu vera öll viðeigandi gögn og upplýsingar um aðferðirnar sem framleiðandinn notar til að tryggja að varan uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans. Þau skulu a.m.k. innihalda þá þætti sem settir eru fram í 10. hluta viðaukans.“

22) Í stað 4. mgr. 17. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Ef tæknigögnin uppfylla ekki 1., 2. eða 3. mgr. þessarar greinar er markaðseftirlitsyfirvaldinu heimilt að fara fram á að framleiðandinn eða innflytjandinn gangist undir prófanir sem stofa, sem markaðseftirlitsyfirvöld samþykkja, gerir á kostnað framleiðandans eða innflytjandans innan tiltekins tíma, til að staðfesta að varan uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta viðaukans.“

23) Í stað 3. mgr. 30. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandi hafi ekki uppfyllt kröfurnar, sem settar eru fram í 1.–6., 16. eða 17. hluta viðaukans eða samsvarandi samhæfðum stöðlum eða öðrum tækniforskriftum, skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal hvorki gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð né samþykki gæðakerfis.“

24) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 36. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa fullnægjandi ástæðu til að ætla að vara hafi í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna, sem falla undir þessa kafla, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi vöru sem tekur til allra viðeigandi krafna sem mælt er fyrir um í þessum kafla. Viðkomandi markaðsaðilar skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.“

25) Í stað fyrirsagnar III. kafla kemur eftirfarandi:

„Kröfur sem gerðar eru til UA-kerfa sem starfrækt eru í „vottaða“ og „sérstaka“ flokknum nema þegar um er að ræða starfrækslu samkvæmt yfirlýsingu“.

26) Í stað 40. gr. kemur eftirfarandi:

„40. gr.

Kröfur sem gerðar eru til UA-kerfa sem starfrækt eru í „vottaða“ og „sérstaka“ flokknum nema þegar um er að ræða starfrækslu samkvæmt yfirlýsingu.

1. Votta skal hönnun, framleiðslu og viðhald UA-kerfis ef UA-kerfið uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

   a) það er 3 metrar að stærðarmáli eða meira og hannað til að fljúga yfir mannfjölda,

   b) það er hannað fyrir fólksflutninga,

   c) það er hannað í þeim tilgangi að flytja hættulegan farm og þarf að vera afar traust til að draga úr áhættu fyrir þriðju aðila ef slys ber að höndum,

   d) það er ætlað til notkunar í „sérstaka“ starfræksluflokknum, sem skilgreindur er í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og í starfsleyfinu, sem lögbæra yfirvaldið gefur út í kjölfar áhættumats, sem mælt er fyrir um í 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, er það metið svo að ekki sé hægt að draga nægilega úr áhættu af völdum starfrækslunnar án þess að votta UA-kerfið.

2. UA-kerfi, sem er háð vottun, skal uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012, (ESB) 2015/640 og (ESB) nr. 1321/2014.

3. Nema votta þurfi UA-kerfið í samræmi við 1. mgr. skal UA-kerfi, sem notað er í „sérstaka“ flokknum, hafa þá tæknigetu sem sett er fram í starfræksluheimildinni, sem lögbæra yfirvaldið gefur út, eða eins og skilgreint er í vottorði umráðanda léttra ómannaðra loftfarskerfa (LUC-vottorði) samkvæmt C-hluta í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947.

4. Nema þau séu smíðuð af einkaaðila skulu öll UA-kerfi, sem ekki lúta kröfum um skráningu skv. 14. gr. Framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, bera einkvæmt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063-A-2019 *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*, 2019.

5. Öllum ómönnuðum loftförum sem ætluð eru til starfrækslu í „sérstaka“ flokknum og í minna en 120 metra hæð skulu útbúin með kerfi fyrir fjarauðkenningu sem gerir kleift:

   a) að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, sem krafist er í samræmi við 14. gr. Framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og öllum viðbótarnúmerum frá skráningarkerfinu. Kerfið skal framkvæma athugun á samkvæmni með því að sannprófa heilleika alls strengsins, sem umráðanda UA-kerfisins er úthlutað við skráningu; sé ósamræmi til staðar skal UA-kerfið senda frá sér villuboð til umráðanda UA-kerfisins,

   b) að senda reglubundið a.m.k. eftirfarandi gögn, á rauntíma allan flugtímann, þannig að fartæki geti veitt þeim viðtöku:

      i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins og sannprófunarkóðann, sem aðildarríki leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið, er ófullnægjandi,

      ii. einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins skv. 4. mgr. eða, ef ómannaða loftfarið er smíðað af einkaaðila, einkvæmt raðnúmer viðbótarbúnaðarins, eins og tilgreint er í 6. hluta viðaukans,

      iii. tímastimpil, landfræðilega legu ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins,

v. landfræðilega legu fjarflugmannsins,

vi. upplýsingar um neyðarástand UA-kerfisins,

c) að takmarka möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu.“

27) Í stað viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN


forseti.

VIÐAUKI

1. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C0

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C0, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C0 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 250 g, að farmþunga meðtöldum,

2) hámarkshraði í láréttu flugi er 19 m/s,

3) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m,

4) fjarflugmaður getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu skipana- og stjórntenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

5) það er þannig hannað og smíðað að meiðsli á fólki, meðan á starfrækslu stendur, séu sem minnst og forðast skal skarpar brúnir nema það sé tæknilega óhjákvæmilegt samkvæmt góðum hönnunar- og framleiðsluháttum; ef það er búið loftskrúfum skal hönnun ómannaða loftfarsins vera þannig að það takmarki hvers konar meiðsli af völdum skrúfublaðanna,

6) það er eingöngu knúið rafmagni,

7) ef það er búið fylgiham og kveikt er á þessari virkni, vera að hámarki í 50 metra fjarlægð frá fjarflugmanninum og gera fjarflugmanninum kleift að ná aftur stjórn á ómannaða loftfarinu,

8) það er sett á markað með leiðbeiningum frá framleiðanda sem innihalda:

   a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

      — flokk ómannaða loftfarsins,

      — massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

      — almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

      — búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari, og

      — lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef skipana- og stjórntenging rofnar,

   b) skýr starfrækslufyrirmæli,

   c) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og

   d) viðeigandi lýsingu á öllum þeim áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa sem eru aðlagaðar að aldri notanda,


9) kynningartilkynning, sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gefur út, fylgir með þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947,

10) ákvæði 4., 5. og 6. liðar gilda ekki um UA-kerfi sem eru leikföng í skilningi tilskipunar 2009/48/EB um öryggi leikfanga.

2. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C1

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C1, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C1 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) efniviður, virkni og efnislegir eiginleikar kerfisins eru þannig að tryggt sé að sú orka sem flyst yfir til mannshöfuðs við árekstur við lokahraða er minni en 80 J eða, að öðrum kosti, skal hafa hámarksflugtaksmassa sem er minni en 900 g, að farmþunga meðtöldum,

2) hámarkshraði í láréttu flugi er 19 m/s,

3) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m eða það er búið kerfi sem takmarkar hæðina yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað við 120 m eða við gildi sem fjarflugmaður getur valið; ef hægt er að velja gildið skal fjarflugmaður fá skýrar upplýsingar um hæð ómannaða loftfarsins yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað meðan á flugi stendur,

4) fjarflugmaður, sem er með viðunandi hæfni, eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu skipana- og stjórntenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

5) það er með þann vélræna styrk sem krafist er fyrir ómannaða loftfarið, þ.m.t. alla nauðsynlega öryggisþætti, og, eftir því sem við á, nægilegan stöðugleika til að standast hvers konar álag, sem það verður fyrir við notkun, án þess að brotna eða aflagast sem gæti haft áhrif á flugöryggi,

6) það er þannig hannað og smíðað að meiðsli á fólki, meðan á starfrækslu stendur, séu sem minnst og forðast skal skarpar brúnir ómannaða loftfarsins nema það sé tæknilega óhjákvæmilegt samkvæmt góðum hönnunar- og framleiðsluháttum; ef það er búið loftskrúfum skal hönnun ómannaða loftfarsins vera þannig að það takmarki hvers konar meiðsli af völdum skrúfublaðanna,

7) ef skipana- og stjórntenging rofnar er það búið áreiðanlegri og fyrirsjáanlegri aðferð til að tryggja að ómannaða loftfarið geti endurheimt tenginguna eða, ef það tekst ekki, stöðvað flugið þannig að þriðju aðilar í lofti eða á jörðu niðri verði fyrir sem minnstum áhrifum,

8) það er með A-vegið hljóðaflsstig, L_{WA}, sem ábyrgð er tekin á, sem ákvarðast skv. 13. hluta og fer ekki yfir það stig sem fastsett er í 15. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

9) það er með merkimiða með A-vegnu hljóðaflsstigi, sem ábyrgð er tekin á, sem festur er á ómannaða loftfarið og/eða á umbúðir þess í samræmi við 14. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

10) það er eingöngu knúið rafmagni,

11) það er með einkvæmt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063-A-2019 *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*, 2019,

12) það er með beina fjarauðkenningu sem:

a) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, sem krafist er í samræmi við 14. gr. Framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og öllum viðbótarnúmerum frá skráningarkerfinu. Kerfið skal framkvæma athugun á samkvæmni með því að sannprófa heilleika alls strengsins, sem umráðanda UA-kerfisins er úthlutað við skráningu; sé ósamræmi til staðar skal UA-kerfið senda frá sér villuboð til umráðanda UA-kerfisins,

b) tryggir að a.m.k. eftirfarandi gögn séu send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu, á rauntíma allan flugtímann, með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfis og sannprófunarkóðann, sem skráningaraðildarríkið leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið, er ófullnægjandi,

ii. einkvæmt raunlægt raðnúmer ómannaða loftfarsins skv. 11. lið,

iii. tímastimpill, landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins,

v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður, og

vi upplýsingar um neyðarástand UA-kerfisins,

c) takmarkar möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu,

13) er búið rýmisvitundarvirkni sem:

a) er búin viðmóti til að hlaða upp og uppfæra gögn með upplýsingum um takmarkanir á notkun loftrýmis í tengslum við staðsetningu og hæð ómannaðra loftfara fyrir starfrækslu á tilteknum landfræðilegum svæðum fyrir UA-kerfi, eins og skilgreint er í 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, sem tryggir að ferlið við hleðslu eða uppfærslu slíkra gagna spilli ekki heilleika þeirra og gildi,

b) veitir fjarflugmanni viðvörun þegar mögulegt brot vegna takmarkana á notkun loftrýmis greinist og

c) veitir fjarflugmanni upplýsingar um stöðu ómannaða loftfarsins sem og viðvörun þegar staðsetningar- eða leiðsögukerfi loftfarsins getur ekki tryggt eðlilega virkni rýmisvitundarkerfisins,

14) ef ómannaða loftfarið er búið virkni, sem takmarkar aðgang þess að tilteknum svæðum eða hlutum loftrýmisins, skal þessi virkni starfa þannig að hún eigi snurðulaus samskipti við stýrakerfi ómannaða loftfarsins án þess að hafa neikvæð áhrif á flugöryggi og skal fjarflugmaðurinn þar auki fá skýrar upplýsingar um það þegar þessi virkni kemur í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari inn á þessi svæði eða hluta loftrýmis,

15) það veitir fjarflugmanni skýra viðvörun þegar hleðslustig rafhlöðunnar í ómannaða loftfarinu eða í stjórneiningu þess er orðið lágt þannig að fjarflugmaðurinn hafi nægan tíma til að lenda ómannaða loftfarinu með öruggum hætti,

16) það er búið:

a) ljósum til að tryggja að hægt sé að stjórna ómannaða loftfarinu, og

b) a.m.k. einu grænu leifturljósi til þess að ómannaða loftfarið sé sýnilegt að næturlagi til gera fólki á jörðu niðri kleift að aðgreina ómannaða loftfarið frá mönnuðu loftfari,

17) ef það er búið fylgiham og kveikt er á þessari virkni, vera að hámarki í 50 metra fjarlægð frá fjarflugmanninum og gera fjarflugmanninum kleift að ná aftur stjórn á ómannaða loftfarinu,

18) það er sett á markað með leiðbeiningum frá framleiðanda sem innihalda:

a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

— flokk ómannaða loftfarsins,

— massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

— almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

— búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

— aðferðirnar við upphleðslu á skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins í kerfið fyrir fjarauðkenningu,

— tilvísun í þær samskiptareglur sem notaðar eru fyrir sendingar frá kerfinu fyrir beina fjarauðkenningu,

— hljóðaflsstig, og

— lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef gagnatenging rofnar svo og aðferðinni við að endurheimta skipana- og stjórntengingu við ómannaða loftfarið,

—

b) skýr starfrækslufyrirmæli,

c) aðferð við upphleðslu á takmörkunum á notkun loftrýmis inn í rýmisvitundarkerfið,

d) viðhaldsleiðbeiningar,

e) verklagsreglur um bilanaleit,

f) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og

g) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

19) inniheldur kynningartilkynningu, sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt, þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947,

20) ef það er búið nettengdu kerfi fyrir fjarauðkenningu:

a) skal vera hægt að senda a.m.k. eftirfarandi gögn frá ómannaða loftfarinu, allan flugtímann og á rauntíma, með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að hægt sé að veita þeim viðtöku gegnum netkerfi:

i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfis og sannprófunarkóðann, sem skráningaraðildarríkið leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið, er ófullnægjandi,

ii. einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins skv. 11. lið,

iii. tímastimpil, landfræðilega legu ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins,

v. landfræðilega legu fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaðinn, og


vi. upplýsingar um neyðarástand UA-kerfisins,

b) skal það takmarka möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu.

3. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C2

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C2, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C2 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 4 kg, að farmþunga meðtöldum,

2) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m eða það er búið kerfi sem takmarkar hæðina yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað við 120 m eða við gildi sem fjarflugmaður getur valið; ef hægt er að velja gildið skal fjarflugmaður fá skýrar upplýsingar um hæð ómannaða loftfarsins yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað meðan á flugi stendur,

3) fjarflugmaður, sem er með viðunandi hæfni eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu skipana- og stjórntenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

4) það er með þann vélræna styrk sem krafist er fyrir ómannaða loftfarið, þ.m.t. alla nauðsynlega öryggisþætti, og, eftir því sem við á, nægilegan stöðugleika til að standast hvers konar álag, sem það verður fyrir við notkun, án þess að brotna eða aflagast sem gæti haft áhrif á flugöryggi,

5) ef um er að ræða tjóðrað ómannað loftfar, hafa tjóðurband sem er að hámarki 50 m að lengd og með vélrænan styrk sem er eigi minni en:

   a) tíföld þyngd loftfarsins með hámarksmassa fyrir loftfar sem er þyngra en loft,

   b) fjórum sinnum sá kraftur sem beitt er með samsetningu af hámarkskyrrukný og lofthreyfikrafti af völdum leyfilegs hámarksvindhraða á flugi, fyrir loftför sem eru léttari en loft,

6) það er þannig hannað og smíðað að meiðsli á fólki, meðan á starfrækslu stendur, séu sem minnst og forðast skal skarpar brúnir nema það sé tæknilega óhjákvæmilegt samkvæmt góðum hönnunar- og framleiðsluháttum; ef það er búið loftskrúfum skal hönnun þess vera þannig að það takmarki hvers konar meiðsli af völdum skrúfublaðanna,

7) ef skipana- og stjórntenging rofnar er það búið áreiðanlegri og fyrirsjáanlegri aðferð til að tryggja að ómannaða loftfarið geti endurheimt tenginguna eða, ef það tekst ekki, stöðvað flugið þannig að þriðju aðilar í lofti eða á jörðu niðri verði fyrir sem minnstum áhrifum, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

8) það er búið skipana- og stjórntengingu sem er varin gegn óheimilum aðgangi að skipunar- og stjórnaðgerðum, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

9) það er búið lághraðaham, sem fjarflugmaður getur valið, og sem takmarkar jarðhraða við 3 m/s, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

10) það er með A-vegið hljóðaflsstig, L_{WA}, sem ábyrgð er tekin á, sem ákvarðast skv. 13. hluta og fer ekki yfir það stig sem fastsett er í 15. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

11) það er með merkimiða með A-vegnu hljóðaflsstigi, sem ábyrgð er tekin á, sem festur er á ómannaða loftfarið og/eða á umbúðir þess í samræmi við 14. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

12) það er eingöngu knúið rafmagni,

13) það er með einkvæmt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063-A-2019 *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*, 2019,

14) það er með beina fjarauðkenningu sem:

   a) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, sem krafist er í samræmi við 14. gr. Framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og öllum viðbótarnúmerum frá skráningarkerfinu. Við skráningu skal kerfið framkvæma athugun á samkvæmni með því að sannprófa heilleika alls strengsins, sem umráðanda UA-kerfisins er úthlutað við skráningu; sé ósamræmi til staðar skal UA-kerfið senda frá sér villuboð til umráðanda UA-kerfisins,

   b) tryggir að a.m.k. eftirfarandi gögn séu send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu, á rauntíma allan flugtímann, með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

      i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins og sannprófunarkóðann, sem aðildarríkið leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið, er ófullnægjandi,

      ii. einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins skv. 13. lið,

iii. tímastimpill, landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins,

v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður, og

vi. upplýsingar um neyðarástand UA-kerfisins,

c) takmarkar möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu.

15) er búið rýmisvitundarvirkni sem:

a) er búin viðmóti til að hlaða upp og uppfæra gögn með upplýsingum um takmarkanir á notkun loftrýmis í tengslum við staðsetningu og hæð ómannaðra loftfara fyrir starfrækslu á tilteknum landfræðilegum svæðum fyrir UA-kerfi, eins og skilgreint er í 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, sem tryggir að ferlið við hleðslu eða uppfærslu þessara gagna spilli ekki heilleika þeirra og gildi,

b) veitir fjarflugmanni viðvörun þegar mögulegt brot vegna takmarkana á notkun loftrýmis greinist og

c) veitir fjarflugmanni upplýsingar um stöðu ómannaða loftfarsins sem og viðvörun þegar staðsetningar- eða leiðsögukerfi loftfarsins getur ekki tryggt eðlilega virkni rýmisvitundarkerfisins,

16) ef ómannaða loftfarið er búið virkni sem takmarkar aðgang þess að tilteknum svæðum eða hlutum loftrýmisins skal þessi virkni starfa þannig að hún eigi snurðulaus samskipti við stýrakerfi ómannaða loftfarsins án þess að hafa neikvæð áhrif á flugöryggi og skal fjarflugmaðurinn þar að auki fá skýrar upplýsingar um það þegar þessi virkni kemur í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari inn á þessi svæði eða hluta loftrýmis,

17) það veitir fjarflugmanni skýra viðvörun þegar hleðslustig rafhlöðunnar í ómannaða loftfarinu eða í stjórneiningu þess er orðið lágt þannig að fjarflugmaðurinn hafi nægan tíma til að lenda ómannaða loftfarinu með öruggum hætti,

18) það er búið:

a) ljósum til að tryggja að hægt sé að stjórna ómannaða loftfarinu, og

b) a.m.k. einu grænu leifturljósi til þess að ómannaða loftfarið sé sýnilegt að næturlagi til gera fólki á jörðu niðri kleift að aðgreina ómannaða loftfarið frá mönnuðu loftfari,

19) það er sett á markað með leiðbeiningum frá framleiðanda sem innihalda:

a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

— flokk ómannaða loftfarsins,

— massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

— almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

— búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

— aðferðirnar við upphleðslu á skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins í kerfið fyrir fjarauðkenningu,

— tilvísun í þær samskiptareglur sem notaðar eru fyrir sendingar frá kerfinu fyrir beina fjarauðkenningu,

— hljóðaflsstig, og

— lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef skipana- og stjórntenging rofnar svo og aðferðinni við að endurheimta skipana- og stjórntengingu við ómannaða loftfarið, og

—

b) skýr starfrækslufyrirmæli,

c) aðferð við upphleðslu á takmörkunum á notkun loftrýmis inn í rýmisvitundarkerfið,

d) viðhaldsleiðbeiningar,

e) verklagsreglur um bilanaleit,

f) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og

g) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

20) inniheldur kynningartilkynningu, sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt, þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947,

21) ef það er búið nettengdu kerfi fyrir fjarauðkenningu skal það:

a) tryggja að a.m.k. eftirfarandi gögn séu send frá ómannaða loftfarinu, allan flugtímann og á rauntíma, með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að hægt sé að veita þeim viðtöku gegnum netkerfi:

i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins og sannprófunarkóðann, sem skráningaraðildarríkið leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið 14. liðar, er ófullnægjandi,

ii. einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins skv. 13. lið,

iii. tímastimpill, landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins,

v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður, og


vi. upplýsingar um neyðarástand UA-kerfisins,

b) takmarka möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu.

4. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C3

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C3, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C3 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 25 kg, að farmþunga meðtöldum, og hámarksstærðarmál undir 3 m,

2) hámarkshæð yfir flugtaksstað takmarkast við 120 m eða það er búið kerfi sem takmarkar hæðina yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað við 120 m eða við gildi sem fjarflugmaður getur valið; ef hægt er að velja gildið skal fjarflugmaður fá skýrar upplýsingar um hæð ómannaða loftfarsins yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað meðan á flugi stendur,

3) fjarflugmaður, sem er með viðunandi hæfni eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda hvað varðar stöðugleika, stýrihæfni og frammistöðu skipana- og stjórntenginga, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

4) ef um er að ræða tjóðrað ómannað loftfar, hafa tjóðurband sem er að hámarki 50 m að lengd og með vélrænan styrk sem er eigi minni en:

   a) tíföld þyngd loftfarsins með hámarksmassa fyrir loftfar sem er þyngra en loft,

   b) fjórum sinnum sá kraftur sem beitt er með samsetningu af hámarkskyrrukný og lofthreyfikrafti af völdum leyfilegs hámarksvindhraða á flugi, fyrir loftför sem eru léttari en loft,

5) ef skipana- og stjórntenging rofnar er það búið áreiðanlegri og fyrirsjáanlegri aðferð til að tryggja að ómannaða loftfarið geti endurheimt tenginguna eða, ef það tekst ekki, stöðvað flugið þannig að þriðju aðilar í lofti eða á jörðu niðri verði fyrir sem minnstum áhrifum, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

6) merkimiði með A-vegnu hljóðaflsstigi, L_{WA}, sem ábyrgð er tekin á, sem ákvarðast skv. 13. hluta, er festur á ómannaða loftfarið og/eða á umbúðir þess í samræmi við 14. hluta, nema um sé að ræða ómannað fastvængjaloftfar,

7) það er eingöngu knúið rafmagni,

8) það er með einkvæmt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063-A-2019 *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*, 2019,

9) það er með beina fjarauðkenningu, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar, sem:

   a) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, sem krafist er í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, og öllum viðbótarnúmerum frá skráningarkerfinu. Kerfið skal framkvæma athugun á samkvæmni með því að sannprófa heilleika alls strengsins, sem umráðanda UA-kerfisins er úthlutað við skráningu; sé ósamræmi til staðar skal UA-kerfið senda frá sér villuboð til umráðanda UA-kerfisins,

   b) tryggir að a.m.k. eftirfarandi gögn séu send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu, á rauntíma allan flugtímann, með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

      i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins og sannprófunarkóðann, sem aðildarríkið leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið, er ófullnægjandi,

      ii. einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins skv. 8. lið,

      iii. tímastimpill, landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

      iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins,

      v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður, og

      vi. upplýsingar um neyðarástand UA-kerfisins,

   c) takmarkar möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu,

10) er búið rýmisvitundarvirkni sem:

   a) er búin viðmóti til að hlaða upp og uppfæra gögn með upplýsingum um takmarkanir á notkun loftrýmis í tengslum við staðsetningu og hæð ómannaðra loftfara fyrir starfrækslu á tilteknum landfræðilegum svæðum fyrir UA-kerfi, eins og skilgreint er í 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, sem tryggir að ferlið við hleðslu eða uppfærslu þessara gagna spilli ekki heilleika þeirra og gildi,

   b) veitir fjarflugmanni viðvörun þegar mögulegt brot vegna takmarkana á notkun loftrýmis greinist og

   c) veitir fjarflugmanni upplýsingar um stöðu ómannaða loftfarsins sem og viðvörun þegar staðsetningar- eða leiðsögukerfi loftfarsins getur ekki tryggt eðlilega virkni rýmisvitundarkerfisins,

11) ef ómannaða loftfarið er búið virkni, sem takmarkar aðgang þess að tilteknum svæðum eða hlutum loftrýmisins, skal þessi virkni starfa þannig að hún eigi snurðulaus samskipti við stýrakerfi ómannaða loftfarsins án þess að hafa neikvæð áhrif á flugöryggi og skal fjarflugmaðurinn þar að auki fá skýrar upplýsingar um það þegar þessi virkni kemur í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari inn á þessi svæði eða hluta loftrýmis,

12) það er búið skipana- og stjórntengingu sem er varin gegn óheimilum aðgangi að skipunar- og stjórnaðgerðum, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

13) það veitir fjarflugmanni skýra viðvörun þegar hleðslustig rafhlöðunnar í ómannaða loftfarinu eða í stjórneiningu þess er orðið lágt þannig að fjarflugmaðurinn hafi nægan tíma til að lenda ómannaða loftfarinu með öruggum hætti,

14) það er búið:

a) ljósum til að tryggja að hægt sé að stjórna ómannaða loftfarinu, og

b) a.m.k. einu grænu leifturljósi til þess að ómannaða loftfarið sé sýnilegt að næturlagi til gera fólki á jörðu niðri kleift að aðgreina ómannaða loftfarið frá mönnuðu loftfari,

15) það er sett á markað með leiðbeiningum frá framleiðanda sem innihalda:

a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

— flokk ómannaða loftfarsins,

— massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

— almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

— búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari,

— aðferðirnar við upphleðslu á skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins í kerfið fyrir fjarauðkenningu,

— tilvísun í þær samskiptareglur sem notaðar eru fyrir sendingar frá kerfinu fyrir beina fjarauðkenningu,

— hljóðaflsstig,

— lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef skipana- og stjórntenging rofnar svo og aðferðinni við að endurheimta skipana- og stjórntengingu við ómannaða loftfarið,

b) skýr starfrækslufyrirmæli,

c) aðferð við upphleðslu á takmörkunum á notkun loftrýmis inn í rýmisvitundarkerfið,

d) viðhaldsleiðbeiningar,

e) verklagsreglur um bilanaleit,

f) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og

g) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

16) inniheldur kynningartilkynningu, sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt, þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947,

17) ef það er búið nettengdu kerfi fyrir fjarauðkenningu skal það:

a) tryggja að a.m.k. eftirfarandi gögn séu send frá ómannaða loftfarinu, allan flugtímann og á rauntíma, með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að hægt sé að veita þeim viðtöku gegnum netkerfi:

i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins og sannprófunarkóðann, sem skráningaraðildarríkið leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið 9. liðar, er ófullnægjandi,

ii. einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins skv. 8. lið,

iii. tímastimpill, landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins,

v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður, og


vi. upplýsingar um neyðarástand UA-kerfisins,

b) takmarka möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu.

5. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C4

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C4, skal bera eftirfarandi merkimiða með sýnilegum hætti:



UA-kerfi í flokki C4 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksflugtaksmassi er undir 25 kg, að farmþunga meðtöldum,

2) fjarflugmaður getur með öruggum hætti stjórnað loftfarinu samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda, ef nauðsyn krefur við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri kerfum,

3) má ekki vera búið sjálfvirkri stýringu, nema í tengslum við stöðgun flugs, sem hefur ekki bein áhrif á flugleiðina, og vegna aðstoðar ef gagnatenging rofnar, að því tilskildu að fyrir hendi sé fyrirframákveðin föst staðsetning stýrakerfis ef gagnatengingin rofnar,

4) það er sett á markað með leiðbeiningum frá framleiðanda sem innihalda:

   a) upplýsingar um eiginleika ómannaða loftfarsins, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

      — flokk ómannaða loftfarsins,

      — massa ómannaða loftfarsins (ásamt lýsingu á viðmiðunarsamskipan) og hámarksflugtaksmassa (MTOM),

      — almenna eiginleika fyrir leyfilegan farmþunga með tilliti til upplýsinga um massa, stærðarmál, skilfleti við ómannaða loftfarið og aðrar hugsanlegar takmarkanir,

      — búnað og hugbúnað til að fjarstýra ómönnuðu loftfari, og

      — lýsingu á því hvernig ómannaða loftfarið bregst við ef skipana- og stjórntengingu rofnar,

   b) skýr starfrækslufyrirmæli,

   c) viðhaldsleiðbeiningar,

   d) verklagsreglur um bilanaleit,

   e) starfrækslutakmarkanir (þ.m.t. en ekki einvörðungu veðurskilyrði og starfræksla að degi/nóttu) og

   f) viðeigandi lýsingu á öllum áhættum sem tengjast starfrækslu UA-kerfa,

5) inniheldur kynningartilkynningu, sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur birt, þar sem fram koma gildandi takmarkanir og skyldur í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947,

6. HLUTI

Kröfur að því er varðar viðbótarbúnað fyrir beina fjarauðkenningu

Viðbótarbúnaður fyrir beina fjarauðkenningu skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) gerir kleift að hlaða upp skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins, sem krafist er í samræmi við 14. gr. Framkvæmdar-reglugerðar (ESB) 2019/947, og öllum viðbótarnúmerum frá skráningarkerfinu. Kerfið skal framkvæma athugun á samkvæmni með því að sannprófa heilleika alls strengsins, sem umráðanda UA-kerfisins er úthlutað við skráningu; sé ósamræmi til staðar skal UA-kerfið senda frá sér villuboð til umráðanda UA-kerfisins,

2) einkvæmt raðnúmer í samræmi við staðal ANSI/CTA-2063-A-2019, *Small Unmanned Aerial Systems Serial Numbers*, 2019, er fest á viðbótarbúnaðinn og umbúðir þess eða á leiðbeiningarnar frá framleiðandanum með læsilegum hætti,

3) tryggir að eftirfarandi gögn séu send beint og reglulega frá ómannaða loftfarinu, allan flugtímann og á rauntíma, með því að nota opnar og skjalfestar samskiptareglur fyrir sendingar, þannig að fartæki innan útsendingarsvæðisins geti veitt þeim viðtöku beint:

   i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins og sannprófunarkóðann, sem skráningaraðildarríkið leggur fram á meðan skráningarferlið stendur yfir, nema ef niðurstaðan úr athugun á samkvæmni, sem skilgreind er í a-lið, er ófullnægjandi,

   ii. einkvæmt raðnúmer viðbótarbúnaðarins skv. 2. lið,

   iii. tímastimpill, landfræðileg lega ómannaða loftfarsins og hæð þess yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

   iv. flugleið ómannaða loftfarsins mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða ómannaða loftfarsins og

   v. landfræðileg lega fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstaður,

4) takmarkar möguleikann á að breyta virkni kerfisins fyrir beina fjarauðkenningu, og

5) er settur á markað með leiðbeiningum frá framleiðanda sem innihalda vísun í þær samskiptareglur fyrir sendingar sem notaðar eru fyrir beina fjarauðkenningu og leiðbeiningar um:

   a) uppsetningu einingarinnar á ómannaða loftfarið, og

   b) upphleðslu á skráningarnúmeri umráðanda UA-kerfisins.

7. HLUTI

Aðferðareining A fyrir samræmismat — Innra framleiðslueftirlit

1. Innra framleiðslueftirlit er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. lið þessa hluta, og tryggir og lýsir því yfir, á eigin ábyrgð, að vörurnar, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í 1., 5., 6., 16 eða 17. hluta sem gilda um þær.

2. **Tæknigögn**

   Framleiðandinn skal útbúa tæknigögnin í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar.

3. **Framleiðsla**

   Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar vörur séu í samræmi við tæknigögnin, sem um getur í 2. lið þessa hluta, og við þær kröfur sem settar eru fram í 1., 5., 6., 16. eða 17. hluta sem gilda um þær.

4. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

   1) Í samræmi við 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar skal framleiðandinn festa CE-merkið og, eftir því sem við á, auðkennismerkimiðann, sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins, á hverja vöru fyrir sig sem uppfyllir viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1., 5., 6., 16. eða 17. hluta sem á við um þær.

   2) Framleiðandi skal semja skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð vöru og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að varan er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina með skýrum hætti þá vöru sem hún á við.

   Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt fyrir viðkomandi yfirvöld, sé þess óskað.

5. **Viðurkenndur fulltrúi**

   Viðurkenndur fulltrúi má uppfylla skyldur framleiðandans, sem settar eru fram í 4. lið, fyrir hönd framleiðandans og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

8. HLUTI

Aðferðareiningar B og C fyrir samræmismat — ESB-gerðarprófun og gerðarsamræmi, byggt á innra framleiðslueftirliti

Þegar vísað er í þennan hluta skal samræmismatsaðferðin fylgja aðferðareiningu B (ESB-gerðarprófun) og C (gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti) í þessum hluta.

Aðferðareining B

ESB-gerðarprófun

1. ESB-gerðarprófun er hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun vöru og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun vörunnar uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.-6., 16. og 17. hluta.

2. ESB-gerðarprófun skal fela í sér mat á því hvort tæknihönnun vörunnar sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og stoðgögnunum, sem um getur í 3. lið, ásamt athugun á sýnishornum af einum eða fleiri mikilvægum hlutum vörunnar sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu (samsetning framleiðslugerðar og hönnunargerðar).

3. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarprófun hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

   Umsóknin skal innihalda:

   1) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

   2) skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

   3) tæknigögn. Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort varan samræmist viðeigandi kröfum þessarar reglugerðar og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu; tæknigögnin skulu innihalda, þegar við á, þau atriði sem sett eru fram í 17. gr. þessarar reglugerðar,

   4) sýnishorn sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu; tilkynnta stofan getur farið fram á að fá fleiri eintök, sé þess þörf, til að framkvæma prófunaráætlunina,

   5) stoðgögn sem sýna að tæknihönnunin sé fullnægjandi. Í þessum stoðgögnum skal tilgreina öll gögnin sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hefur ekki verið beitt eða ekki beitt í heild sinni. Ef nauðsyn krefur skulu stoðgögnin einnig innihalda niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir, á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

4. Tilkynnta stofan skal:

   að því er varðar vöruna:

   1) athuga tæknigögnin og stoðgögnin til að meta hvort tæknihönnunin sé fullnægjandi,

   að því er varðar sýnishornið eða sýnishornin:

   2) sannprófa að sýnishornið/sýnishornin hafi verið framleidd í samræmi við tæknigögnin og auðkenna þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við gildandi ákvæði viðeigandi samhæfðra staðla og/eða tækniforskrifta og þá þætti sem hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla,

   3) framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hafi verið beitt rétt þegar framleiðandinn hefur valið að beita þeim,

   4) framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið uppfylla samsvarandi grunnkröfur í lagagerningnum þegar lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hefur ekki verið beitt,

   5) semja við framleiðandann um hvar athuganir og prófanir muni fara fram.

5. Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráðar eru þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, í samræmi við 4. lið, og niðurstöður þeirra. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur sínar sem kveðið er á um í 8. lið, einungis birta efni skýrslunnar, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðandans.

6. Ef gerðareintakið uppfyllir kröfur þessarar reglugerðar skal tilkynnta stofan gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð handa framleiðandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, viðeigandi þætti krafnanna sem falla undir athugunina, skilyrðin (ef einhver eru) fyrir því að vottorðið sé gilt og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykktu gerðina. Heimilt er að einn eða fleiri viðaukar fylgi vottorðinu.

   ESB-vottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera kleift að meta samræmi framleiddra vara við vöruna sem er til skoðunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur.

   Ef gerðareintakið uppfyllir ekki viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar skal tilkynnta stofan synja útgáfu ESB-gerðarprófunarvottorðs, tilkynna umsækjandanum um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

7. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á nýjustu tækni, sem almennt er viðurkennd, sem benda til þess að samþykkta gerðareintakið uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

   Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða ESB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktu gerðareintaki sem geta haft áhrif á hvort varan uppfylli grunnkröfurnar í þessari reglugerð eða skilyrðin fyrir gildi vottorðsins. Að því er varðar slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflega ESB-gerðarprófunarvottorðið.

8. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvald sitt um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau, sem hún hefur gefið út eða afturkallað, og hún skal einnig, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir vottorð, og/eða viðbætur við þau, sem hefur verið hafnað, felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

   Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-gerðarprófunarvottorð, og/eða viðbætur við þau, sem hún hefur hafnað, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt, og, samkvæmt beiðni, um þau vottorð, og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

   Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðunum og/eða viðbótum við þau, sé þess óskað. Að fenginni rökstuddri beiðni geta framkvæmdastjórnin og aðildarríkin farið fram á að fá afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum úr athugunum sem tilkynnta stofan hefur framkvæmt.

   Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tækniskjölunum, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, í tíu ár eftir að varan hefur verið metin eða þar til vottorðið rennur út.

9. Framleiðandinn skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað.

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsóknina, sem um getur í 3. lið, og uppfyllt skyldurnar, sem settar eru fram í 7. og 9. lið, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

Aðferðareining C

Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti

1. Gerðarsamræmi, sem byggist á innra framleiðslueftirliti, er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið, og tryggir og lýsir því yfir að vörurnar, sem um er að ræða, séu í samræmi við gerðareintakið, sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar sem gilda um þær.

2. Framleiðsla

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleidd vara sé í samræmi við samþykkta gerðareintakið, sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.-6., 16. og 17. hluta.

3. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

1) Í samræmi við 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar skal framleiðandinn festa CE-merkið og, eftir því sem við á, auðkennismerkimiðann sem sýnir flokk ómannaða loftfarsins, á hverja vöru fyrir sig sem er í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta.

2) Framleiðandinn skal semja skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja vörutegund og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina með skýrum hætti þá vörutegund sem hún á við.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt fyrir viðkomandi yfirvöld, sé þess óskað.

4. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi má uppfylla skyldur framleiðandans, sem settar eru fram í 3. lið, fyrir hönd framleiðandans og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

9. HLUTI

Aðferðareining H fyrir samræmismat — Samræmi byggt á fullri gæðatryggingu

1. Samræmi byggt á fullri gæðatryggingu er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðendur uppfylla skyldurnar, sem settar eru fram í 2. og 5. mgr., og tryggja og lýsa því yfir, á eigin ábyrgð, að vörurnar, sem um er að ræða, uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 1.–6., 16. og 17. hluta.

2. Framleiðsla

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu og lokaskoðun og prófun á vörunni, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 3. lið og skal háður eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

3. Gæðakerfi

1) Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi vörur hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

a) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

b) tæknigögn fyrir hverja vörutegund sem fyrirhugað er að framleiða sem skulu, eftir atvikum, innihalda þau atriði sem sett eru fram í 10. hluta,

c) skjöl um gæðakerfið,

d) skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu.

2) Gæðakerfið skal tryggja að varan standist viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur er varða gæði séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Í gögnunum skal einkum vera haldgóð lýsing:

a) á gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og gæða vörunnar,

b) á tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. stöðlum, sem verður beitt og, þegar viðkomandi samhæfðum stöðlum er ekki beitt að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar,

c) á þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun varanna í þeim vöruflokki sem um ræðir,

d) á samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem verða notaðar,

e) á þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,

f) á gæðaskýrslum, s.s. skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.,

g) á aðferðum til að fylgjast með því að tilskilinni hönnun og vörugæðum sé náð og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3) Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í 2. lið 3. liðar.

Hún skal ganga út frá því að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þá þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir í viðeigandi samhæfðum staðli.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á vörum af viðkomandi sviði og á viðkomandi framleiðslutækni og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum í þessari reglugerð. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðandans. Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin, sem um getur í b-lið 1. liðar í 3. lið, til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðeigandi kröfur í þessari reglugerð og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að varan uppfylli þessar kröfur.

Tilkynna skal framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans um ákvörðunina.

Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður úttektarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

4) Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

5) Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram uppfylla kröfurnar, sem um getur í 2. lið 3. liðar, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Tilkynnta stofan skal tilkynna framleiðandanum um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar

1) Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki, með tilhlýðilegum hætti, þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

2) Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang að hönnunar-, framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustöðum og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

a) gögn um gæðakerfið,

b) gæðaskýrslur, eins og kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, s.s. niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

c) gæðaskýrslur, eins og kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðakerfisins, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks o.s.frv.

3) Tilkynnta stofan skal reglulega gera úttekt á því hvort framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum úttektarskýrslu.

4) Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt, ef með þarf, að framkvæma eða láta framkvæma prófanir á ómönnuðu loftfari eða UA-kerfi til að ganga úr skugga um að gæðakerfið starfi rétt. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing

   1) Í samræmi við 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar skal framleiðandinn festa CE-merkið og, eftir því sem við á, auðkennismerkimiðann, sem sýnir flokk ómannaðs loftfars, og á ábyrgð tilkynntu stofunnar, sem um getur í 1. lið 3. liðar í þessum hluta, auðkennisnúmer þess síðarnefnda á hverja vöru sem uppfyllir viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

   2) Framleiðandinn skal semja skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja vörutegund og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina vörutegundina sem hún á við.

   Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt fyrir viðkomandi yfirvöld, sé þess óskað.

6. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að varan er sett á markað:

   1) tæknigögnin sem um getur í 1. lið 3. liðar,

   2) gögnin um gæðakerfið sem um getur í 1. lið 3. liðar,

   3) breytingarnar, sem um getur í 5. lið 3. liðar, í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

   4) þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í 5. lið 3. liðar, 3. lið 4. liðar og 4. lið 4. liðar.

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið gefin út eða afturkölluð, og skal, reglulega eða þegar óskað er eftir því, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir gæðakerfi þar sem synjað hefur verið um samþykki, þar sem samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt.

   Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. Viðurkenndur fulltrúi

   Viðurkenndur fulltrúi má uppfylla skyldur framleiðandans, sem settar eru fram í 1. og 5. lið 3. liðar og 5. og 6. lið, fyrir hönd framleiðandans og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

10. HLUTI

Innihald tæknigagnanna

Framleiðandinn skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort varan uppfylli viðeigandi kröfur.

Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

1. Ítarlega lýsingu á vörunni, þ.m.t.:

   a) ljósmyndir eða teikningar sem sýna ytri einkenni, merkingar og innra fyrirkomulag,

   b) hugbúnaðar- eða fastbúnaðarútfærslur sem hafa áhrif á það hvort kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar,

   c) leiðbeiningar frá framleiðanda og uppsetningarleiðbeiningar.

2. Frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum og öðrum viðeigandi svipuðum þáttum.

3. Lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja þessar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á notkun vörunnar.

4. Skrá yfir samhæfðu staðlana, sem beitt er að öllu eða einhverju leyti og hafa verið birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, og hafi þessum samhæfðu stöðlum ekki verið beitt, þá lýsingu á þeim lausnum sem eru samþykktar í því skyni að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., þ.m.t. skrá yfir aðrar viðeigandi tækniforskriftir sem var beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið.

5. Eintak af ESB-samræmisyfirlýsingunni.

6. Eintak af ESB-gerðarprófunarvottorðinu og viðaukum þess, eins og hlutaðeigandi tilkynnt stofa hefur lagt það fram, hafi aðferðareiningu samræmismats í 8. hluta verið beitt.

7. Niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana, sem hafa verið gerðar, og aðrir viðeigandi svipaðir þættir.

8. Prófunarskýrslur.

9. Afrit af skjölum sem framleiðandinn hefur lagt fram hjá tilkynntu stofunni ef hún á hlut að máli.

10. Stoðgögn sem sýna að tæknihönnunin sé fullnægjandi. Í þessum stoðgögnum skulu tilgreind öll gögn sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða tækniforskriftum hefur ekki verið beitt í heild. Ef nauðsyn krefur skulu í stoðgögnunum einnig koma fram niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

11. Heimilisföng framleiðslu- og geymslustaða.

11. HLUTI

ESB-samræmisyfirlýsing

1. Varan (gerðar-, lotu- og raðnúmer).

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.

3. Útgáfa þessarar samræmisyfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans. *[ef um er að ræða aukabúnað getur framleiðandi hans tilgreint að þetta vottorð sé háð vottorði UA-kerfisins, sem aukabúnaðurinn tryggir umbreytingu á.]*

4. Hluturinn sem yfirlýsingin á við um *[auðkenning vöru sem gerir rekjanleika mögulegan, ef nauðsyn krefur getur hún innihaldið litmynd í nægilegri upplausn til að hægt sé að auðkenna vöruna; ef um er að ræða aukabúnað skal tilgreina þá gerð UA-kerfis sem aukabúnaðurinn tryggir umbreytingu á]*.

5. Hluturinn, sem yfirlýsingin á við um og lýst er hér að framan, tilheyrir flokki ... *[fyrir UA-kerfi skal bæta við númeri flokksins, eins og skilgreint er í 1.–5., 16. og 17. hluta þessa viðauka; að því er varðar aukabúnað skal tilgreina þann flokk sem UA-kerfinu hefur verið breytt í]*.

6. Hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á fyrir þennan búnað, sem snýr að ómönnuðu loftfarskerfi, er ... dB(A) *[aðeins fyrir UA-kerfi sem eru ekki fastvængjaloftför í 1.–3. flokki]*.

7. Hluturinn sem yfirlýsingin á við um og sem lýst er hér á undan er í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins:

   — [setja skal tilvísun í þessa reglugerð og viðeigandi viðauka fyrir flokk vörunnar],

   — eða aðra samhæfingarlöggjöf Sambandsins, eftir atvikum.

8. Tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla sem eru notaðir eða tilvísanir í aðrar tækniforskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við. Tilvísanir verður að skrá með sínu kenninúmeri og útgáfu og, eftir atvikum, útgáfudegi.

9. Eftir atvikum: tilkynnt stofa ... (*nafn*, *númer*) ... framkvæmdi ... (lýsing á afskiptum) ... og gaf út ESB-gerðarprófunarvottorðið.

10. Eftir atvikum: lýsing á aukabúnaði og íhlutum, þ.m.t. hugbúnaður, sem gerir ómannaða loftfarinu eða UA-kerfinu kleift að virka eins og til er ætlast og sem fellur undir ESB-samræmisyfirlýsinguna.

11. Viðbótarupplýsingar:

Undirritað fyrir og fyrir hönd: …

[*útgáfustaður og -dagur*]:

[nafn, stöðuheiti] [undirritun]:

12. HLUTI

Einfölduð ESB-samræmisyfirlýsing

Einfaldaða ESB-samræmisyfirlýsingin, sem um getur í 3. mgr. 14. gr., skal vera sem hér segir:

— *[Heiti framleiðanda] lýsir því hér með yfir að UA-kerfið [auðkenni UA-kerfisins: gerðar- eða raðnúmer] tilheyrir flokki ... ... [að því er varðar UA-kerfi skal setja númer flokksins fyrir vöruna, eins og skilgreint er í 1.–5., 16. eða 17. hluta þessa viðauka; að því er varðar aukabúnað skal setja þann flokk sem UA-kerfinu hefur verið breytt í] og er með hljóðaflsstig, sem ábyrgð er tekin á, sem nemur ... dB(A) [aðeins fyrir UA-kerfi sem eru ekki fastvængjaloftför í 1., 2., 3., 5. og 6. flokki]*

— og í samræmi við reglugerðir ... *[tilgreina skal allar reglugerðir sem varan samrýmist]*.

— Hægt er að nálgast heildartexta ESB-samræmisyfirlýsingarinnar á eftirfarandi veffangi: *[veffang]*.

13. HLUTI

Hávaðaprófunaraðferð

Í þessum hluta er mælt fyrir um mæliaðferðir fyrir hávaða sem berst í lofti sem nota skal til að ákvarða A-vegið hljóðaflsstig fyrir ómönnuð loftför í 1., 2., 3., 5. og 6. flokki.

Í hlutanum er mælt fyrir um grunnstaðal fyrir hávaða og ítarlega prófunaraðferð til að mæla hljóðþrýstistig á mæliyfirborði sem umlykur hávaðavaldinn og til að reikna út hljóðþrýstistig sem hávaðavaldurinn gefur frá sér.

1. GRUNNSTAÐALL FYRIR HÁVAÐA

Til að ákvarða A-vegið hljóðaflsstig L_{WA} fyrir ómannaða loftfarið verður grunnstaðallinn fyrir hávaða, EN ISO 3744:2010, notaður, sbr. þó eftirfarandi viðbæta:

2. SKILYRÐI FYRIR UPPSETNINGU OG ÁFESTINGU

Prófunarsvæði:

Ómannaða loftfarið verður haldið yfir einum endurkastsfleti (með hljóðendurkasti (e. *acoustically hard*)). Ómannaða loftfarið skal staðsett í hæfilegri fjarlægð frá vegg, lofti eða hlut með endurkasti, þannig að kröfurnar í viðauka A í staðli EN ISO 3744:2010 séu uppfylltar á mæliyfirborðinu.

Yfirborð hljóðmælingar og uppstilling hljóðnema

Ómannaða loftfarið verður algerlega umlukið hálfkúlulaga mæliyfirborði í samræmi við lið 7.2.3 í staðlinum EN ISO 3744:2010.

Fjöldi hljóðnema og staðsetning þeirra er fastsett í viðauka F í staðlinum EN ISO 3744:2010.

Upphafspunktur mæliyfirborðsins skal vera við punkt O í jarðfletinum beint undir ómannaða loftfarinu.

3. NOTKUNARSKILYRÐI MEÐAN Á PRÓFUNUM STENDUR

Hávaðaprófunin skal framkvæmd þegar þyrlar ómannaða loftfarsins starfa á hraða sem samsvarar því þegar ómannaða loftfarið vokir með hámarksflugtaksmassa.

Ef ómannaða loftfarið er sett á markað með aukabúnaði, sem unnt er að festa á það, skal loftfarið prófað með og án þessa aukabúnaðar í öllum mögulegum samsetningum fyrir ómannað loftfar.

4. ÚTREIKNINGUR Á MEÐALHLJÓÐÞRÝSTISTIGI VIÐ MÆLIYFIRBORÐ

A-vegið meðalhljóðþrýstistig við yfirborð skal ákvarðað a.m.k. þrisvar sinnum fyrir hverja samsetningu ómannaðs loftfars. Ef ekki er meiri munur en 1 dB á a.m.k. tveimur af ákvörðuðu gildunum eru frekari mælingar ekki nauðsynlegar; að öðrum kosti skal halda mælingunum áfram þar til tvö gildi fást með að hámarki 1 dB mun. Meðalhljóðþrýstistig við yfirborð, sem nota á til að reikna út hljóðaflsstig fyrir samsetningu ómannaðs loftfars, er meðaltal tveggja hæstu gildanna með að hámarki 1 dB mun.

5. UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í SKÝRSLUNNI


Skýrslan skal innihalda nauðsynleg tæknigögn til að bera kennsl á hávaðavaldinn sem prófaður er sem og hávaðaprófunaraðferð og hljóðeðlisfræðileg gögn.

A-vegið hljóðaflsstig hávaðavaldsins, sem greina á frá í skýrslunni, skal vera hæsta gildið af mismunandi samsetningum ómannaðs loftfars sem verið er að prófa, námundað að næstu heilu tölu (tölur lægri en 0,5 námundist að næstu tölu fyrir neðan; 0,5 eða hærri tölur að næstu fyrir ofan).

14. HLUTI

Merkimiði sem sýnir hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á

Á merkimiðanum sem sýnir hljóðaflsstigið, sem ábyrgð er tekin á, verður að vera tölustafur sem gefur til kynna hljóðaflsstigið í dB, merkið L_{WA} og skýringarmynd með eftirfarandi útliti:



Ef merkimiðinn er minnkaður í samræmi við stærð búnaðarins verða hlutföllin í teikningunni hér að framan að haldast óbreytt. Hæð merkimiðans ætti hins vegar, ef mögulegt er, ekki að vera undir 20 mm.

15. HLUTI

Hámarkshljóðaflsstig fyrir mismunandi flokka ómannaðra loftfara (þ.m.t. umbreytingartímabil)


Flokkur ómannaða loftfarsins	MTOM m í grömmum	Hámarkshljóðaflsstig L_{WA} í dB		
		Frá og með gildistöku	Frá og með 2 árum eftir gildistöku	Frá og með 4 árum eftir gildistöku
C1 og C2	$m < 900$	85	83	81
C2	$900 \leq m < 4\,000$	$85 + 18{,}5 \lg \frac{m}{900}$	$83 + 18{,}5 \lg \frac{m}{900}$	$81 + 18{,}5 \lg \frac{m}{900}$

þar sem „lg“ er logrinn, með grunntöluna 10.

16. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C5 og aukabúnað í flokki C5

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C5, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C5, skal uppfylla kröfurnar sem um getur í 4. hluta, að undanskildum kröfunum sem um getur í 2. og 10. lið í 4. hluta.

Til viðbótar skal loftfarið uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) vera loftfar af annarri gerð en fastvængjaloftfar, nema um sé að ræða tjóðrað loftfar,

2) ef það er útbúið með rýmisvitundarvirkni skal það uppfylla kröfurnar í 10. lið í 4. hluta,

3) meðan á flugi stendur skal það veita fjarflugmanni skýrar upplýsingar um hæð ómannaða loftfarsins yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,

4) nema um sé að ræða tjóðrað loftfar skal það búið lághraðaham, sem fjarflugmaður getur valið, og sem takmarkar jarðhraða við 5 m/s,

5) nema um sé að ræða tjóðrað loftfar skal það búið aðferð, sem gerir fjarflugmanni kleift að stöðva flug ómannaða loftfarsins, sem skal:

   a) vera áreiðanleg, fyrirsjáanleg og óháð sjálfstýri- og leiðsagnarkerfinu; þetta á einnig við um virkjun þessarar aðferðar,

   b) þvinga lækkun ómannaða loftfarsins og koma í veg fyrir aflknúna lárétta tilfærslu þess (e. *horizontal displacement*), og

   c) fela í sér úrræði til að draga úr áhrifum af höggorku ómannaða loftfarsins,

6) nema um sé að ræða tjóðrað loftfar skal það búið aðferð sem gerir fjarflugmanni kleift að fylgjast stöðugt með gæðum skipana- og stjórntengingarinnar og fá viðvörun þegar líkur eru á að tengingin rofni eða skerðist að því marki að það stofni öruggri framkvæmd starfrækslunnar í hættu, og aðra viðvörun þegar tengingin rofnar, og

7) til viðbótar við upplýsingarnar sem eru tilgreindar í a-lið 15. liðar í 4. hluta skulu leiðbeiningarnar frá framleiðanda innihalda lýsingu á aðferðinni til að stöðva flugið, eins og krafist er í 5. lið,

8) UA-kerfi í flokki C5 getur verið UA-kerfi í flokki C3, sem er búið aukabúnaði sem tryggir umbreytingu UA-kerfis í flokki C3 yfir í UA-kerfi í flokki C5. Í þessu tilviki skal merkimiðinn fyrir flokk C5 festur á allan aukabúnaðinn.

Aukabúnaður getur einungis tryggt umbreytingu á UA-kerfi í flokki C3 sem uppfyllir kröfurnar í 1. lið og er með nauðsynlega skilfleti við viðkomandi aukabúnað.

Aukabúnaðurinn má ekki fela í sér breytingu á hugbúnaði UA-kerfis í flokki C3.

Aukabúnaðurinn skal þannig hannaður og sérhver hluti þannig auðkenndur að öruggt sé að umráðandi UA-kerfis geti sett UA-kerfið í flokki C3 upp að fullu og með réttum hætti með því að fylgja þeim leiðbeiningum sem framleiðandi aukabúnaðarins lætur í té.

Setja má aukabúnaðinn á markað óháð UA-kerfinu í flokki C3 sem það tryggir umbreytingu á. Í þessu tilviki skal framleiðandi aukabúnaðarins setja á markað eitt breytisett (e. *conversion kit*) sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1) það má ekki breyta því hvort UA-kerfið í flokki C3 uppfylli kröfur 4. hluta,


2) það skal tryggja að UA-kerfið, sem er búið aukabúnaði, uppfylli allar viðbótarkröfur, sem eru tilgreindar í þessum hluta, að undanskildum ákvæðum ofangreinds 3. liðar, og

3) því skulu fylgja leiðbeiningar frá framleiðanda sem innihalda eftirfarandi:
   i. skrá yfir öll UA-kerfi í flokki C3, sem hægt er að nota aukabúnaðinn á, og
   ii. leiðbeiningar um hvernig skuli setja upp og nota aukabúnaðinn.

17. HLUTI

Kröfur að því er varðar UA-kerfi í flokki C6

Ómannað loftfar, sem er hluti af UA-kerfi í flokki C6, skal bera eftirfarandi auðkennismerkimiða flokksins:



UA-kerfi í flokki C6 skal uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í 4. hluta, að undanskildum þeim sem eru tilgreindar í 2., 7. og 10. lið.

Loftfarið skal auk þess uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hámarksjarðhraði í láréttu flugi er ekki meiri en 50 m/s,
2) ef það er útbúið með rýmisvitundarvirkni skal það uppfylla kröfurnar í 10. lið í 4. hluta,
3) meðan á flugi stendur skal það veita fjarflugmanni skýrar upplýsingar um landfræðilega legu ómannaða loftfarsins, hraða þess og hæð yfir yfirborði eða yfir flugtaksstað,
4) það skal búið aðferð til að koma í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari út fyrir lárétt og lóðrétt mörk forritanlegs starfrækslurýmis (e. *operational volume*),
5) það skal búið aðferð sem gerir fjarflugmanni kleift að stöðva flug ómannaða loftfarsins, sem skal:
   a) vera áreiðanleg, fyrirsjáanleg og óháð sjálfstýri- og leiðsagnarkerfinu og óháð aðferðinni til að koma í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari út fyrir láréttu og lóðréttu mörkin, eins og krafist er í 4. lið; þetta á einnig við um virkjun þessarar aðferðar, og
   b) þvinga lækkun ómannaða loftfarsins og koma í veg fyrir aflknúna lárétta tilfærslu þess,
6) það skal búið aðferð til að forrita flugleið ómannaða loftfarsins,
7) það skal búið aðferð sem gerir fjarflugmanni kleift að fylgjast stöðugt með gæðum skipana- og stjórntengingarinnar og fá viðvörun þegar líkur eru á að tengingin rofni eða skerðist að því marki að það stofni öruggri framkvæmd starfrækslunnar í hættu, og aðra viðvörun þegar tengingin rofnar, og
8) til viðbótar við upplýsingarnar sem eru tilgreindar í a-lið 15. liðar 4. hluta skulu leiðbeiningarnar frá framleiðanda innihalda eftirfarandi:
   a) lýsingu á aðferðinni til að stöðva flugið, eins og krafist er í 5. lið,
   b) lýsingu á þeim aðferðum sem hægt er að beita til að koma í veg fyrir að ómannaða loftfarið fari út fyrir lárétt og lóðrétt mörk starfrækslurýmisins sem og lýsingu á umfangi viðbúnaðarrýmisins (e. *contingency volume*) sem þörf er á til að bæta upp fyrir stöðumatsvillu, viðbragðstíma og rými fyrir flugbragð til leiðréttingar og
   c) upplýsingar um þá vegalengd sem líklegast er að ómannaða loftfarið muni ferðast í kjölfar virkjunar á aðferðinni til að stöðva flugið, í samræmi við 5. lið, sem umráðandi UA-kerfis skal taka tillit til við skilgreiningu á áhættujaðri á jörðu niðri.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1234 **2023/EES/62/15**

frá 9. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar skilyrði og verklagsreglur fyrir yfirlýsingu frá fyrirtækjum sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ([2]) er mælt fyrir um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli og veitingu hlaðstjórnunarþjónustu. Sú reglugerð inniheldur hins vegar aðeins takmarkaðan fjölda ákvæða sem fjalla um örugga veitingu þeirrar þjónustu. Því ætti að kveða á um sértækar viðbótarkröfur og fella þær undir kaflann um rekstur flugvalla.

2) Í II. viðauka (ADR.AR-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 139/2014 er mælt fyrir um kröfur að því er varðar stjórnun og eftirlit lögbærra yfirvalda með fyrirtækjum. Þessum viðauka ætti að breyta til að veita lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem hlaðstjórnunarþjónustan er veitt, valdheimildir til að taka á móti og skrá yfirlýsingar um getu sem fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, leggja fram.

3) Til þess að tryggja hátt öryggisstig á flugvelli ætti að aðlaga kröfurnar, sem gerðar eru til fyrirtækja sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, að þeim kröfum sem gilda um rekstraraðila flugvalla og einkum að kröfunum varðandi öryggisstjórnun, verklagsreglur í flugi og starfsfólk.

4) Einnig ætti að kveða á um kröfur varðandi stjórnun öryggistengdra samskiptaleiða milli rekstraraðila flugvallar, fyrirtækja sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og veitanda flugumferðarþjónustu að því er varðar starfrækslu á hlaði.

5) Til að stuðla að öryggi starfrækslu á hlaði ætti að kveða á um sértækar verklagsreglur í flugi sem gilda um rekstraraðila flugvallar. Rekstraraðila flugvallar ætti að vera heimilt að fela öðrum fyrirtækjum ábyrgð.

6) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins útbjó drög að reglum og lagði þau fram með áliti nr. 2/2014 ([3]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 282, 31.8.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

([3]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:
   a) Í stað h-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:
      „h) skilyrði og verklagsreglur að því er varðar yfirlýsingu frá fyrirtækjum sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*), og eftirlit með þeim, eins og sett er fram í II. og III. viðauka.

      (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“
   b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
      „3. Rekstraraðilar flugvalla og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. og IV. viðauka.“
   c) Ákvæði 4. mgr. falla brott.
2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
   a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:
      „Eftirlit“.
   b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
      „1. Aðildarríkin skulu tilnefna eina stofnun eða fleiri sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki með nauðsynlegar valdheimildir og ábyrgð vegna vottunar á og eftirlits með flugvöllum og rekstraraðilum flugvalla og vegna móttöku yfirlýsinga frá og eftirlits með fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og því starfsfólki sem vinnur þar.“
3) Í 11. gr. fellur 5. mgr. brott.
4) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
5) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
6) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. mars 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (ADR.AR-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað ADR.AR.A.001 kemur eftirfarandi:

„ADR.AR.A.001 Gildissvið

Í þessum viðauka eru settar kröfur sem gilda um lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á:

a) vottun flugvalla og rekstraraðila flugvalla og eftirliti með þeim,

b) móttöku yfirlýsinga um að fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi getu og úrræði til að leysa af hendi skyldustörf sín, og eftirliti með þessum fyrirtækjum.“

2) Í stað b-liðar í ADR.AR.A.005 kemur eftirfarandi:

„b) móttöku yfirlýsinga um að fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi getu og úrræði til að leysa af hendi skyldustörf sín, og eftirliti með þessum fyrirtækjum.“

3) Í stað b-liðar í ADR.AR.A.010 kemur eftirfarandi:

„b) Lögbært yfirvald skal gera lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl aðgengileg rekstraraðilum flugvalla, fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir því að þeir geti uppfyllt viðeigandi kröfur.“

4) Ákvæðum d-liðar ADR.AR.A.015 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„d) Lögbært yfirvald skal meta tillögur rekstraraðila flugvallar eða fyrirtækis, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, í samræmi við ADR.OR.A.015, með því að greina gögnin sem eru lögð fram og, ef það er talið nauðsynlegt, að framkvæma skoðun hjá rekstraraðila flugvallarins, á flugvellinum eða hjá fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu.“

b) Í stað 4. liðar annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

„4) tilkynna vottuðum flugvöllum og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu undir eftirliti yfirvaldsins, eins og við á.“

5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.AR.A.030:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).“

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar þeim rekstraraðilum flugvalla eða fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þær ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.“

c) Eftirfarandi e-liður bætist við:

„e) Ráðstafanir, sem tilkynntar eru fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skulu einnig tilkynntar rekstraraðila flugvallarins þar sem þjónustan er veitt.“

6) Eftirfarandi e-liður bætist við ADR.AR.A.040:

„e) Tilskipanir um öryggi, sem tilkynntar eru fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skulu einnig tilkynntar rekstraraðila flugvallarins þar sem þjónustan er veitt.“

7) Í stað c-liðar ADR.AR.B.005 kemur eftirfarandi:

„c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. upplýsingum um öll frávik sem koma upp, eftirfylgniaðgerðir til úrbóta, sem gripið er til í kjölfar slíkra frávika, og framfylgdarráðstafanir sem gripið er til í tengslum við eftirlit með fyrirtæki sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og er skráð í fleiri en einu aðildarríki.“

8) Í stað 11. liðar a-liðar í ADR.AR.B.020 kemur eftirfarandi:

„11) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

9) Í stað 2. liðar a-liðar í ADR.AR.C.005 kemur eftirfarandi:

„2) að áfram sé farið að kröfum vottunargrunnsins og viðeigandi kröfum sem gilda um flugvelli og rekstraraðila flugvalla eða fyrirtæki, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og“.

10) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.AR.C.010:

a) Í stað inngangsorðanna í a-lið kemur eftirfarandi:

„a) Fyrir hvern rekstraraðila flugvallar og hvert fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal lögbæra yfirvaldið:“.

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Eftirlitsáætlunin og -lotan skulu endurspegla öryggisframmistöðu rekstraraðila flugvallarins eða fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, eftir því sem við á, sem og áhættu flugvallarins.“

11) Í stað fyrirsagnarinnar í ADR.AR.C.040 kemur eftirfarandi:

„ADR.AR.C.040 Breytingar – rekstraraðili flugvallar“.

12) Í stað ADR.AR.C.050 kemur eftirfarandi:

„ADR.AR.C.050 Yfirlýsing frá fyrirtækjum, sem bera ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og tilkynning um breytingu

a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti yfirlýsingu frá fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem hyggst veita slíka þjónustu á flugvelli, eða tilkynningu um breytingu á upplýsingum, sem er að finna í yfirlýsingunni, skal það staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar eða tilkynningarinnar um breytingu og skal sannreyna að yfirlýsingin eða tilkynningin innhaldi allar þær upplýsingar sem krafist er skv. III. viðauka (ADR.OR-hluta).

b) Ef yfirlýsingin eða tilkynningin um breytingu inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt lið ADR.OR.F.005 í III. viðauka eða inniheldur upplýsingar sem eru ekki í samræmi við gildandi kröfur, skal lögbæra yfirvaldið tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og rekstraraðila flugvallarins, þar sem slík þjónusta er veitt, um þessar óuppfylltu kröfur og óska eftir frekari upplýsingum. Ef það telst nauðsynlegt skal lögbæra yfirvaldið framkvæma skoðun hjá fyrirtækinu. Ef það er staðfest að kröfur séu ekki uppfylltar skal lögbæra yfirvaldið grípa til þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í lið ADR.AR.C.055 í þessum viðauka.

c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir yfirlýsingar og tilkynningar um breytingu sem berast frá fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu undir eftirliti yfirvaldsins.“

13) Eftirfarandi f-liður bætist við í ADR.AR.C.055:

„f) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna rekstraraðila flugvallarins þar sem slík þjónusta er veitt um öll frávik, sem gefin eru út að því er varðar fyrirtækið sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, eða um allar athugasemdir, sem beint er til fyrirtækisins sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„Kröfur um stjórnskipulag (ADR.OR-hluti)“.

2) Í stað fyrirsagnarinnar í B-kafla kemur eftirfarandi:

„B-KAFLI – VOTTUN – FLUGVELLIR OG REKSTRARAÐILAR FLUGVALLA (ADR.OR.B)“.

3) Liður ADR.OR.B.037 fellur brott.

4) Liður ADR.OR.B.060 fellur brott.

5) Eftirfarandi liður ADR.OR.B.070 bætist við:

„ADR.OR.B.070 Veitingu hlaðstjórnunarþjónustu hætt

Rekstraraðili flugvallar skal:

a) gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að búið sé að meta og draga úr öryggisáhættu sem stafar af því að rekstri er hætt,

b) veita viðeigandi veitanda upplýsingaþjónustu flugmála upplýsingar um þær ráðstafanir sem um getur í a-lið.“

6) Í stað inngangsorða ADR.OR.C.015 kemur eftirfarandi:

„Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skal rekstraraðili flugvallar veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, aðgang:“.

7) Í stað inngangsorða ADR.OR.C.020 kemur eftirfarandi:

„Eftir móttöku tilkynningar um frávik skal rekstraraðili flugvallarins:“.

8) Í stað ADR.OR.C.025 kemur eftirfarandi:

„ADR.OR.C.025 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli – farið að ákvæðum tilskipana um öryggi

Rekstraraðili flugvallarins skal koma öllum öryggisráðstöfunum í framkvæmd, þ.m.t. tilskipunum um öryggi, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið ADR.AR.A.030 og ADR.AR.A.040 í II. viðauka.“

9) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ADR.OR.C.030:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Rekstraraðili flugvallarins skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu og öllum öðrum fyrirtækjum, sem ríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, krefst að séu látin vita, um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 (*) og reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).“

b) Í stað d- og e-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Rekstraraðili flugvallarins skal skila tilkynningum eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að hann verður áskynja um það atvik sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

e) Þar sem við á skal rekstraraðili flugvallarins gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem hann ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem aðildarríkið ákveður.“

10) Í stað fyrirsagnarinnar í D-kafla kemur eftirfarandi:

„D-KAFLI – STJÓRNUN – REKSTRARAÐILAR FLUGVALLA (ADR.OR.D)“.

11) Eftirfarandi F-kafli bætist við:

„F-KAFLI – HLAÐSTJÓRNUNARÞJÓNUSTA (ADR.OR.F)

ADR.OR.F.001 Ábyrgðarsvið fyrirtækis sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu

Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal veita hlaðstjórnunarþjónustuna í samræmi við:

a) kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og í III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. viðauka (ADR.OPS-hluta) við þessa reglugerð,

b) yfirlýsingu fyrirtækisins,

c) verklagsreglurnar sem er að finna í flugvallarhandbókinni,

d) handbók fyrirtækisins um stjórnunarkerfi í samræmi við ADR.OR.F.095,

e) allar aðrar handbækur sem notaðar eru til að veita hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.OR.F.005 Yfirlýsing frá fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu

a) Þegar fyrirtæki sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu hyggst veita loftfari a.m.k. þá leiðsögn sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið a-liðar í ADR.OPS.D.001, skal það leggja yfirlýsingu fyrir lögbæra yfirvaldið eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að hefja veitingu þjónustunnar. Í yfirlýsingunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

   1) nafn fyrirtækisins sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu,

   2) samskiptaupplýsingar fyrirtækisins sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu,

   3) nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns,

   4) nafn flugvallarins eða flugvallanna í aðildarríkinu þar sem þjónustan verður veitt,

   5) skrá yfir flugvelli sem staðsettir eru í öðrum aðildarríkjum þar sem þjónustan er veitt,

   6) dagsetning sem fyrirhugað er að hefja veitingu hlaðstjórnunarþjónustu,

   7) yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið hafi komið á formlegu fyrirkomulagi við rekstraraðila flugvallarins og veitanda flugumferðarþjónustu á þeim flugvelli þar sem það hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu,

   8) yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi mótað öryggisstefnu og muni beita þeirri stefnu í tengslum við veitingu þjónustunnar sem yfirlýsingin tekur til, í samræmi við 2. lið b-liðar ADR.OR.F.045,

   9) yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, uppfylli og muni, í tengslum við veitingu þjónustunnar sem yfirlýsingin tekur til, áfram uppfylla viðeigandi kröfur í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. hluta (ADR.OPS-hluta) við þessa reglugerð.

b) Þrátt fyrir a-lið skal vottaður rekstraraðili flugvallar eða samþykktur veitandi flugumferðarþjónustu sem hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu:

   1) tilkynna það lögbæra yfirvaldi sínu,

   2) endurskoða öryggisstefnu sína þannig að hún taki til veitingar hlaðstjórnunarþjónustu,

   3) leggja fyrir lögbæra yfirvaldið þjálfunaráætlun starfsfólksins sem fyrirhugað er að komi að veitingu þjónustunnar.

ADR.OR.F.010 Áframhaldandi gildi yfirlýsingarinnar

Yfirlýsing frá fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu í samræmi við ADR.OR.F.005, heldur gildi sínu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og í III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. viðauka (ADR.OPS- hluta) við þessa reglugerð, að teknu tilliti til ákvæða sem tengjast meðhöndlun frávika, eins og tilgreint er í ADR.OR.F.035 í þessum viðauka,

b) lögbæra yfirvaldinu verði veittur aðgangur að fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, í samræmi við ADR.OR.F.03 í þessum viðauka, til að ákvarða hvort kröfurnar, sem settar eru fram í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og í III. viðauka (ADR.OR-hluta) og IV. viðauka (ADR.OPS-hluta) við þessa reglugerð, séu áfram uppfylltar,

c) fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hefur ekki dregið yfirlýsinguna til baka eða fengið tilkynningu frá lögbæra yfirvaldinu um að það eigi að hætta að veita sumar eða allar þær þjónustur sem falla undir yfirlýsinguna.

ADR.OR.F.015 Upphaf veitingar hlaðstjórnunarþjónustu

Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal hefja veitingu hlaðstjórnunarþjónustu á flugvelli þegar:

a) lögbæra yfirvaldið hefur móttekið yfirlýsinguna,

b) það hefur komið á fót formlegu samkomulagi við vottaðan rekstraraðila flugvallar og samþykktan veitanda flugumferðarþjónustu á flugvellinum þar sem þjónustan verður veitt í samræmi við ADR.OR.F.085 annars vegar og ADR.OR.F.090 hins vegar,

c) það sýnir fram á að starfsfólk þess hafi lokið þeirri grunnþjálfun og deildarþjálfun sem krafist er.

ADR.OR.F.020 Veitingu hlaðstjórnunarþjónustu hætt

Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, sem hyggst hætta að veita þá þjónustu á flugvelli varanlega, skal:

a) tilkynna rekstraraðila flugvallarins og lögbæra yfirvaldinu þar um, eins fljótt og auðið er, þannig að hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana svo halda megi áfram að veita þjónustuna með öruggum hætti,

b) leggja breytta yfirlýsingu fyrir lögbæra yfirvaldið eða óska eftir afskráningu yfirlýsingarinnar frá og með þeim degi sem hætt er að veita þjónustuna.

ADR.OR.F.025 Breytingar

a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal vera í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins um allar breytingar á upplýsingunum sem er að finna í yfirlýsingunni, sem tilgreind er í a-lið ADR.OR.F.005, og allar breytingar á þjálfunaráætluninni eða handbókinni um stjórnunarkerfið, sem um getur í b-lið ADR.OR.F.005 annars vegar og ADR.OR.F.095 hins vegar.

b) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, án ástæðulausrar tafar, um allar breytingar sem tilgreindar eru í a-lið og, ef nauðsyn krefur, leggja fram breytta yfirlýsingu.

c) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal láta lögbæra yfirvaldinu í té viðeigandi gögn í samræmi við d-lið.

d) Fyrirtækið sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu og sem leggur til breytingu á fyrirtæki sínu, stjórnunarkerfi sínu eða þjálfunaráætlun sinni skal, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu sem um getur í ADR.OR.F.045:

   1) ákvarða víxltengsl við alla hlutaðeigandi aðila og skipuleggja og framkvæma öryggismat í samstarfi við þessi fyrirtæki,

   2) samræma forsendur og mildunarráðstafanir við alla hlutaðeigandi aðila með kerfisbundnum hætti,

   3) tryggja heildstætt mat á breytingunni, þ.m.t. nauðsynlegt samspil,

   4) sjá til þess að fullgerð og gild rök, sönnunargögn og öryggisviðmiðanir verði fastsett og skjalfest í því skyni að styðja við öryggismatið og að breytingin stuðli að því að bæta öryggi þegar því verður við komið.

ADR.OR.F.030 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, starfi í samræmi við yfirlýsingu sína, skal fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, tryggja að öllum einstaklingum, sem til þess hafa fullt umboð lögbæra yfirvaldsins, verði hvenær sem er:

a) veittur aðgangur að allri aðstöðu, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfsemi þess,

b) heimilt að framkvæma eða vera vitni að aðgerðum, skoðunum, prófunum, mati eða æfingum, sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt.

ADR.OR.F.035 Frávik og aðgerðir til úrbóta

a) Eftir að lögbæra yfirvaldið hefur gert fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, kunnugt um frávik í samræmi við ADR.AR.C.055 í II. viðauka, skal fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, grípa til eftirfarandi ráðstafana innan þeirra tímamarka sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar:

   1) greina frumorsök vanefnda gagnvart kröfum,

   2) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,

   3) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi, innan þeirra tímamarka sem samið var um við þetta yfirvald í samræmi við d-lið ADR.AR.C.055 í II. viðauka.

b) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal upplýsa rekstraraðila flugvallarins um þær aðgerðir sem útlistaðar eru í a-lið og skal, eftir því sem við á, samræma slíkar aðgerðir við rekstraraðila flugvallarins.

ADR.OR.F.040 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli – farið að ákvæðum tilskipana um öryggi

Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:

a) koma öllum öryggisráðstöfunum í framkvæmd, þ.m.t. tilskipunum um öryggi, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið ADR.AR.A.030 og ADR.AR.A.040 í II. viðauka,

b) vera í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins og veitanda flugumferðarþjónustu, ef nauðsyn krefur, í tengslum við framkvæmd þeirra ráðstafana sem um getur í a-lið.

ADR.OR.F.045 Stjórnunarkerfi

a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, rekstraraðili flugvallarins eða veitandi flugumferðarþjónustu skal, ef sá síðastnefndi annast veitingu hlaðstjórnunarþjónustu að hluta til eða að öllu leyti, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur öryggisstjórnunarkerfi sem tekur einnig til þessarar starfsemi.

b) Stjórnunarkerfið skal innihalda eftirfarandi:

   1) skýrt skilgreint ábyrgðarsvið og ábyrgðarskyldur hjá fyrirtækinu, þ.m.t. að yfirstjórnin beri beina ábyrgð á öryggi,

   2) lýsingu á grundvallarviðhorfi og meginreglum fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, með tilliti til öryggis, sem nefnist „öryggisstefnan“, sem skal undirrituð af ábyrgðarmanni,

   3) formlegt ferli sem tryggir auðkenningu á hættum í starfseminni,

   4) formlegt ferli sem tryggir greiningu, mat og mildun þeirrar öryggisáhættu sem tengist veitingu hlaðstjórnunarþjónustu,

   5) aðferðir til að sannreyna öryggisframmistöðu fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, með tilliti til frammistöðuvísa (SPI) og -markmiða (SPT) öryggisstjórnunarkerfisins, og til að meta skilvirkni öryggisáhættustýringar (e. *safety risk controls*),

   6) formlegt ferli til að:

      i. auðkenna breytingar innan fyrirtækisins, á stjórnunarkerfi þess eða á veitingu hlaðstjórnunarþjónustu, sem geta haft áhrif á þá ferla, þær verklagsreglur og þá þjónustu sem komið hefur verið á,

      ii. lýsa ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja öryggisframmistöðu áður en breytingar eru framkvæmdar,

      iii. afnema eða breyta stýringu öryggisáhættu sem ekki er þörf á lengur eða er ekki lengur skilvirk vegna breytinga á rekstrarumhverfinu,

   7) formlegt ferli til að endurskoða stjórnunarkerfið, sem um getur í a-lið, auðkenna orsök/orsakir þess að frammistaða öryggisstjórnunarkerfisins er ófullnægjandi, ákvarða hvaða afleiðingar slík frammistaða hefur á rekstur flugvallarins og uppræta eða draga úr slíkri eða slíkum orsökum,

   8) þjálfunaráætlun um öryggismál sem tryggir að starfsfólk, sem kemur að veitingu hlaðstjórnunarþjónustu, hafi þá þjálfun og hæfni sem þarf til að sinna störfum sem tengjast öryggisstjórnunarkerfinu,

   9) formlegar samskiptaaðferðir um öryggismál sem tryggja að starfsfólk sé að fullu kunnugt um öryggisstjórnunarkerfið og gerir kleift að koma á framfæri upplýsingum sem eru mikilvægar með tilliti til öryggis og útskýra hvers vegna gripið er til tiltekinna öryggisaðgerða og hvers vegna öryggisreglur eru innleiddar eða þeim breytt,

   10) formlegt ferli til að vakta að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur.

c) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal skrá í handbók öll lykilferli stjórnunarkerfisins.

ADR.OR.F.050 Tilkynning um bilun í kerfum, sem notuð eru fyrir veitingu hlaðstjórnunarþjónustu

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal senda lögbæru yfirvaldi ríkisins þar sem flugvöllurinn er staðsettur, rekstraraðila flugvallarins og fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á hönnun flugvallarbúnaðar sem notaður er fyrir veitingu hlaðstjórnunarþjónustu, tilkynningar um allar bilanir, tæknigalla, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa haft eða kunna að hafa áhrif á öryggi, en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

ADR.OR.F.055 Öryggistilkynningakerfi

a) Fyrirtækið sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu skal koma á og innleiða öryggistilkynningakerfi fyrir starfsfólk sitt.

b) Sem hluti af ferlinu, sem um getur í 3. lið b-liðar ADR.OR.F.045, skal fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, tryggja:

   1) að starfsfólk þess noti öryggistilkynningakerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar um slys, alvarleg flugatvik og atvik,

   2) að hægt sé að nota öryggistilkynningakerfið fyrir valfrjálsar tilkynningar um alla galla, bilanir og öryggishættur sem geta haft áhrif á öryggi.

c) Öryggistilkynningakerfið skal halda nafni tilkynnanda leyndu, hvetja til valfrjálsra tilkynninga og bjóða upp á þann möguleika að tilkynningar séu lagðar fram nafnlaust.

d) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:

   1) skrá allar tilkynningar sem eru lagðar fram,

   2) senda tilkynningarnar til rekstraraðila flugvallarins og veitanda flugumferðarþjónustunnar, ef við á,

   3) greina og meta tilkynningarnar í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins eða veitanda flugumferðarþjónustunnar, eða þá báða, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum og greina leitni þeirra,

   4) taka þátt í rannsókn rekstraraðila flugvallarins á tilkynningunum, eins og við á,

   5) forðast að ákveða hver beri sök í samræmi við meginreglurnar um „sanngirnismenningu“.

ADR.OR.F.060 Öryggisáætlanir

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal taka þátt í starfsemi þeirra öryggiskerfa sem rekstraraðili flugvallar starfrækir.

ADR.OR.F.065 Kröfur varðandi starfsfólk

a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:

   1) skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi og að hún geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur; ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi,

   2) tilnefna einstakling sem ber ábyrgð á stjórnun og eftirliti með rekstrarþjónustu sem tengist hlaðstjórn,

   3) tilnefna einstakling sem ber ábyrgð á mótun, viðhaldi og daglegri stjórnun öryggisstjórnunarkerfisins; þessi einstaklingur skal vera óháður öðrum stjórnendum innan fyrirtækisins, hafa beinan aðgang að ábyrgðarmanninum og að öðrum einstaklingum, sem bera ábyrgð á öryggismálum, og skal bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum,

   4) hafa nægilega margt og hæft starfsfólk til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur,

   5) tilnefna nægilega marga verkstjóra fyrir skilgreind skyldu- og ábyrgðarstörf, með hliðsjón af skipulagi fyrirtækisins og fjölda starfsfólks,

   6) tryggja að starfsfólk, sem tekur þátt í að veita hlaðstjórnunarþjónustu, hafi hlotið nægilega þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlunina.

b) Ef hlaðstjórnunarþjónusta er að hluta til eða að öllu leyti í höndum rekstraraðila flugvallar eða veitanda flugumferðarþjónustu skulu þeir tryggja að kröfurnar í a-lið séu hluti af þeirri skiptingu ábyrgðar sem komið er á innan ramma stjórnunarkerfa þeirra.

ADR.OR.F.075 Notkun áfengis, geðvirkra efna og lyfja

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal innleiða verklagsreglurnar, sem rekstraraðili flugvallarins hefur komið á í samræmi við ADR.OR.C.045, að því er varðar neyslu áfengis, geðvirkra efna og lyfja fyrir starfsfólk þess sem tekur þátt í veitingu hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.OR.F.080 Skráahald

a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á viðunandi kerfi fyrir skráahald, sem nær yfir alla starfsemi þess, sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

b) Tilgreina skal snið skránna í handbókinni um stjórnunarkerfið.

c) Varðveita skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

d) Geyma skal allar skrár í fimm ár hið minnsta með eftirfarandi undantekningum:

1) fyrirliggjandi yfirlýsing skal geymd á meðan yfirlýsingin er í gildi,

2) skriflegt samkomulag við aðra aðila skal geymt meðan slíkt samkomuleg er í gildi,

3) skýrslur um öryggismat skulu geymdar meðan kerfið, verklagið eða starfsemin er fyrir hendi,

4) gögn um þjálfun, réttindi og hæfnipróf starfsfólks skulu geymd í a.m.k. fjögur ár eftir starfslok þeirra eða þar til lögbæra yfirvaldið hefur gert úttekt á starfssviði þeirra.

e) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á og viðhalda skrá yfir hættur.

ADR.OR.F.085 Formlegt samkomulag milli fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og rekstraraðila flugvallarins

a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á formlegu samkomulagi við rekstraraðilann á þeim flugvelli þar sem það hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu.

b) Áður en veiting þjónustunnar hefst skal þetta samkomulag liggja fyrir.

c) Formlega samkomulagið skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:

1) gildistíma samkomulagsins,

2) skilgreiningu á svæðinu þar sem hlaðstjórnunarþjónusta verður veitt,

3) skrá yfir þjónustu sem fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, mun veita,

4) aðferðir sem rekstraraðili flugvallarins og fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, nota til að skiptast á upplýsingum um starfrækslu.

ADR.OR.F.090 Formlegt samkomulag milli fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, og veitanda flugumferðarþjónustu

a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal koma á formlegu samkomulagi við veitanda flugumferðarþjónustu á þeim flugvelli þar sem það hyggst veita hlaðstjórnunarþjónustu.

b) Áður en veiting þjónustunnar hefst skal þetta samkomulag liggja fyrir.

c) Formlega samkomulagið skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:

1) gildistíma samkomulagsins,

2) umfang þeirrar þjónustu sem veita skal, þ.m.t. samræmingu heimilda fyrir gangsetningu, akstri og ýtingu loftfara,

3) yfirfærslupunkta milli hlaðstjórnunarþjónustu og veitanda flugumferðarþjónustu,

4) aðferðir sem veitandi flugumferðarþjónustu og fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, nota til að skiptast á upplýsingum um starfrækslu,

5) samræmingu heimilda fyrir gangsetningu, akstri og ýtingu loftfara.

ADR.OR.F.095 Handbók um stjórnunarkerfið

a) Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:

1) taka saman og viðhalda handbók um stjórnunarkerfið,

2) tryggja að starfsfólk þeirra hafi greiðan aðgang að handbókinni og sé gert viðvart um allar breytingar,

3) að höfðu samráði og í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins, láta lögbæra yfirvaldinu í té fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar á handbókinni fyrir gildistökudag þeirra,

4) rýna innihald handbókarinnar, sjá til þess að hún sé uppfærð og henni breytti hvenær sem nauðsyn krefur,

5) bæta inn í handbókina öllum breytingum og leiðréttingum sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um,

6) gera öðrum hlutaðeigandi fyrirtækjum grein fyrir þeim breytingum sem lúta að skyldustörfum þeirra,

7) tryggja að allar upplýsingar sem fengnar eru úr öðrum samþykktum skjölum, og allar breytingar á þeim, komi rétt fram í handbókinni,

8) tryggja að handbókin sé skrifuð á tungumáli sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,

9) tryggja að allt starfsfólk geti lesið og skilið tungumálið, sem þeir hlutar handbókarinnar og annarra gagna, sem lúta að skyldu- og ábyrgðarstörfum þeirra, eru skrifaðir á,

10) tryggja að handbókin sé undirrituð af ábyrgðarmanni fyrirtækisins,

11) tryggja að handbókin sé á prentuðu eða rafrænu formi og að auðvelt sé að endurskoða hana,

12) tryggja að í handbókinni sé kerfi fyrir útgáfueftirlit, sem er notað og gert sýnilegt í handbókinni,

13) tryggja að í handbókinni sé tekið tillit til meginreglna mannþáttafræði og að hún sé skipulögð með hætti sem auðveldar undirbúning hennar, notkun og rýni,

14) geyma a.m.k. eitt fullklárað og gildandi afrit af handbókinni á þeim flugvelli þar sem fyrirtækið veitir þjónustu og gera hana aðgengilega fyrir lögbæra yfirvaldið til skoðunar.

b) Handbókin skal skipulögð sem hér segir:

1) almennur hluti,

2) stjórnunarkerfi fyrirtækisins og kröfur um starfsréttindi.

c) Ef hlaðstjórnunarþjónusta er að hluta til eða að öllu leyti í höndum rekstraraðila flugvallarins eða veitanda flugumferðarþjónustu skulu þeir tryggja að viðeigandi kröfur í b-lið séu annaðhvort í flugvallarhandbókinni eða í rekstrarhandbók flugumferðarþjónustunnar, eftir því sem við á.

ADR.OR.F.100 Kröfur varðandi gögn

Fyrirtækið, sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, skal:

a) gera þá hluta flugvallarhandbókarinnar er lúta að veitingu hlaðstjórnunarþjónustu aðgengilega því starfsfólki sem kemur að rekstrinum,

b) veita aðgang að öllum öðrum gögnum, sem og tilheyrandi breytingum, sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um,

c) miðla rekstrarfyrirmælum og öðrum upplýsingum án tafar.“

———

III. VIÐAUKI

Eftirfarandi D-kafli bætist við í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014:

„D-KAFLI – STARFRÆKSLA HLAÐSTJÓRNAR

ADR.OPS.D.001 Öryggistengd störf í tengslum við hlaðstjórn

a) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun á hlaði til að:
   1) stýra hreyfingum til að koma í veg fyrir árekstur milli loftfara og milli loftfara og hindrana,
   2) stýra komu loftfara inn á hlað og samræma brottför loftfara frá hlaði í samráði við flugturn,
   3) tryggja örugga og skjóta hreyfingu ökutækja,
   4) og tryggja að viðeigandi reglur séu settar um:
      i. úthlutun loftfarastæða,
      ii. veitingu þjónustu vegna stæðisvísunar,
      iii. verklag við að leggja loftfari og brottför þess frá loftfarastæðinu,
      iv. áfyllingu eldsneytis á loftför,
      v. varúðarráðstafanir vegna útblásturs þotuhreyfils (e. *jet blast*) og hreyfilprófanir,
      vi. heimildir fyrir ræsingu hreyfla og akstursfyrirmæli.

b) Til að koma a-lið í framkvæmd getur rekstraraðili flugvallar falið öðrum fyrirtækjum ábyrgð. Ef rekstraraðili flugvallar felur öðrum slíka ábyrgð skal hann tilgreina það í handbók flugvallarins.

ADR.OPS.D.005 Mörk hlaðsvæðis (e. *apron boundaries*)

a) Rekstraraðili flugvallar skal skilgreina og veita veitanda upplýsingaþjónustu flugmála upplýsingar um mörk hlaðsvæðis í samvinnu við veitanda flugumferðarþjónustu til birtingar í flugmálahandbókinni (AIP).

b) Við skilgreiningu á mörkum hlaðsvæðis skal að lágmarki taka tillit til eftirfarandi atriða:
   1) flugvallarskipulags,
   2) legu flugbrauta og akbrauta og aðferð við starfrækslu,
   3) umferðarþunga,
   4) veðurskilyrða,
   5) verklagsreglna.

ADR.OPS.D.010 Samræming um komu loftfara inn á hlað og brottför þeirra frá hlaði

a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að komur loftfara inn á hlað og brottfarir þeirra frá hlaði fari fram í samráði við veitanda flugumferðarþjónustu þegar umsjón með hreyfingum loftfara á hlaði er ekki í höndum veitanda flugumferðar-þjónustu. Slík samræming skal ná yfir:
   1) tilgreinda yfirfærslupunkta milli hlaðstjórnunarþjónustu og flugumferðarþjónustu fyrir loftför í aðflugi og brottflugi,
   2) tilgreindan búnað fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva sem nota skal á hlaði,
   3) biðsvæði fyrir loftför í aðflugi þegar loftfarastæði eru ekki tiltæk.

b) Rekstraraðili flugvallar skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar fyrir veitendur upplýsingaþjónustu flugmála til birtingar í flugmálahandbókinni:
   1) tilgreinda yfirfærslupunkta, sem um getur í 1. lið a-liðar,
   2) tilgreindan búnað fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva, sem um getur í 2. lið a-liðar.

ADR.OPS.D.015 Stjórnun hreyfinga loftfara á hlaði

Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:

a) að loftför fái fyrirmæli um hvaða akstursleið eigi að fylgja á hlaði,

b) að viðeigandi sjónræn leiðsaga sé til staðar til að tryggja að flugliðar geti greint viðkomandi akstursleið,

c) að fyrirhuguð akstursleið sé laus við hindranir sem loftfar í akstri gæti rekist á.

ADR.OPS.D.025 Úthlutun loftfarastæða

a) Rekstraraðili flugvallar skal setja og tryggja innleiðingu verklagsreglna til að tryggja að úthlutað loftfarastæði:

1) hæfi fyrir þá tegund loftfars sem fyrirhugað er að noti það,

2) hafi verið tilkynnt fyrirtækinu sem ber ábyrgð á að veita hlaðstjórnunarþjónustu, ef því hefur verið komið á fót, eða viðeigandi veitanda flugumferðarþjónustu,

3) hafi verið tilkynnt þeim aðilum sem bera ábyrgð á að stýra loftfarinu.

b) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að tekið sé tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta þegar úthluta á loftfari loftfarastæði:

1) eiginleika loftfarsins,

2) sjónrænnar stæðisleiðsögu (e. *parking aids*),

3) búnaðar til að þjónusta loftfar á stæði,

4) innviða í nánasta umhverfi,

5) annarra loftfara í næstliggjandi loftfarastæðum,

6) hæði milli loftfarastæða (e. *aircraft stand dependencies*).

ADR.OPS.D.030 Stæðisvísun (e. *marshalling of aircraft*)

Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að loftförum sé veitt stæðisvísun með því að nota akstursbendingar í samræmi við 1. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 (*).

ADR.OPS.D.035 Loftförum lagt í stæði

Rekstraraðili flugvallar skal setja og tryggja innleiðingu verklagsreglna til að tryggja:

a) að svæði, sem ætlað er til að leggja loftförum á hlaði, sé vaktað til að tryggja að öryggisfjarlægð (e. *clearance distances*) sé viðhaldið meðan loftfarinu er lagt í stæði,

b) að leiðsögn sé veitt þannig að hægt sé að leggja loftfarinu á öruggan hátt,

c) að sjálfvirk stæðisleiðsögukerfi, ef þau eru sett upp, starfi á tilhlýðilegan hátt,

d) að aðilum, sem bera ábyrgð á akstri loftfara, sé gefið merki um að stoppa loftfarið ef öryggisfjarlægð er ekki viðhaldið,

e) að aðilum, öðrum en þeim sem þurfa að aðstoða við að leggja loftfarinu, sé óheimilt að nálgast loftfarið þegar kveikt er á blikljósum og hreyflar eru í gangi,

f) að loftfarastæðið sé laust við alla aðskotahluti sem geta haft áhrif á öryggi.

ADR.OPS.D.040 Brottför loftfars frá loftfarastæði

Rekstraraðili flugvallar skal setja og tryggja innleiðingu verklagsreglna til að tryggja eftirfarandi á þeim tíma sem loftfar yfirgefur loftfarastæðið:

a) að búið sé að fjarlægja frá loftfarastæðinu búnað fyrir þjónustu á jörðu niðri, þó ekki dráttartæki (e. *push-back trucks*) ef þeirra er krafist til að hreyfa loftfarið, og ökutæki eða að þeim hafi verið lagt á tilgreindum svæðum,

b) að búið sé að draga inn landgöngubrýr ef einhverjar slíkar eru við loftfarastæðið,

c) að tilgreind útakstursleið frá loftfarastæðinu sé laus við aðskotahluti,

d) að hreyfingar ökutækja á stæðinu og umferð á aðliggjandi vegum sé stöðvuð, að undanskildum dráttartækjum ef þeirra er krafist til að hreyfa loftfarið,

e) að aðilum, öðrum en þeim sem eru nauðsynlegir til aðstoðar við brottför loftfars frá loftfarastæði, sé bannað að nálgast loftfarið þegar kveikt er á blikljósum og hreyflar eru í gangi.

ADR.OPS.D.045 Miðlun upplýsinga til fyrirtækja sem starfa á hlaði

a) Rekstraraðili flugvallar skal miðla upplýsingum um takmarkanir á starfrækslu á hlaði tímanlega til viðeigandi fyrirtækja sem starfa á hlaði.

b) Veita skal eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

1) tegund takmörkunar,

2) tímalengd takmörkunarinnar, ef það er vitað,

3) mildunarráðstafanir sem ber að beita,

4) áhrif takmörkunarinnar á starfrækslu,

5) aðgengi að loftfarastæðum,

6) höft á loftfarastæðum,

7) aðgengi að föstum búnaði við loftfarastæðin,

8) sérstakar verklagsreglur í tengslum við loftfarastæði,

9) tímabundnar breytingar á akstursleiðum,

10) yfirstandandi vinna,

11) allar aðrar upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir notendur hlaðsins með tilliti til starfa þeirra.

ADR.OPS.D.050 Neyðarþjónustu gert viðvart

a) Rekstraraðili flugvallar skal:

1) ákvarða og innleiða tilhögun, í neyðaráætlun flugvallarins, til að gera neyðarþjónustu viðvart um slys og atvik á hlaði,

2) útvega viðeigandi úrræði og búnað til að gera viðeigandi neyðarþjónustu viðvart.

b) Sú tilhögun sem rekstraraðili flugvallar kemur á skal innihalda eftirfarandi hið minnsta:

1) samskiptaupplýsingar og þau úrræði sem nota skal til að gera neyðarþjónustu viðvart,

2) þær upplýsingar sem þarf að gefa neyðarþjónustunni til að meðhöndla atvikið á skilvirkan hátt, svo sem:

i. staðsetningu slyssins eða atviksins,

ii. eðli slyssins eða atviksins,

iii. skemmdir,

iv. líkamstjón,

v. hættulegan varning.

ADR.OPS.D.055 Varúðarráðstafanir gegn útblæstri þotuhreyfils (e. *jet blast*)

a) Rekstraraðili flugvallar skal gera notendum hlaðs viðvart um þær hættur sem stafa af útblæstri þotuhreyfils og skrúfuröst (e. *slipstream*).

b) Rekstraraðili flugvallar skal krefjast þess að notendur hlaðsins gangi tryggilega frá ökutækjum og búnaði og tilnefni svæði undir loftfarastæði þar sem áhrifin af útblæstri þotuhreyfils eða skrúfurastar eru eins lítil og mögulegt er.

c) Þegar rekstraraðili flugvallar hannar eða breytir skipulagi hlaðs skal hann taka tillit til áhrifa af völdum útblásturs þotuhreyfils eða skrúfurastar.

d) Rekstraraðili flugvallar skal auðkenna þá staði sem eru viðkvæmir fyrir útblæstri þotuhreyfils og skal annaðhvort birta beiðni til flugmanna um að þeir beiti sem minnstu hreyfilafli eða gerir viðeigandi mildunarráðstafanir til að lágmarka áhrif af völdum útblásturs þotuhreyfils.

ADR.OPS.D.060 Eldsneytisáfylling loftfara

a) Rekstraraðili flugvallar skal ákvarða tilhögun fyrir eldsneytisáfyllingu loftfara.

b) Í þessari tilhögun skal kveðið á um eftirfarandi:

1) meðferð opins elds og notkun raftækja eða álíka tækja, sem eru líkleg til að valda neistaflugi eða ljósbogum innan áfyllingarsvæðisins, er bönnuð,

2) meðan á áfyllingu stendur er bannað að kveikja á aflstöðvum á jörðu niðri,

3) útgönguleið frá loftfarinu skal hvergi teppt svo fjarlægja megi eldsneytisvagna og einstaklinga á skjótan hátt í neyðartilvikum,

4) rétt tenging skal vera á milli loftfars og eldsneytisgjafa og skal verklagsreglum um jarðtengingu rétt beitt,

5) umsjónaraðili eldsneytisáfyllingarinnar skal tafarlaust fá tilkynningu um eldsneytisleka og nákvæm fyrirmæli um hvernig eigi að meðhöndla eldsneytislekann,

6) þjónustubúnaður á jörðu niðri skal staðsettur þannig að neyðarútgangar séu lausir við allar hindranir til að heimila skjóta rýmingu farþega ef farþegar eru að koma um borð eða á ferð frá borði eða eru í loftfarinu meðan á áfyllingu stendur,

7) slökkvitæki af heppilegri gerð skulu tilbúin til notkunar fyrir a.m.k. fyrstu inngrip ef eldur kviknar í eldsneyti,

8) áfyllingu skal hætt ef þrumuveður skellur á við flugvöllinn eða í næsta nágrenni við hann.

ADR.OPS.D.065 Hreyfilprófun

a) Rekstraraðili flugvallar skal setja og innleiða tilhögun hreyfilprófunar.

b) Þessi tilhögun felur í sér eftirfarandi:

1) þann aðila sem hefur heimild til að samþykkja hreyfilprófanir,

2) þau svæði þar sem hreyfilprófanir fara fram,

3) þær öryggisráðstafanir sem gera þarf.

ADR.OPS.D.070 Augsýnilegur fatnaður

Rekstraraðili flugvallar skal krefjast þess að allt starfsfólk, sem vinnur utanhúss og er fótgangandi á athafnasvæðinu, klæðist augsýnilegum fatnaði.

ADR.OPS.D.075 Heimildir fyrir gangsetningu og akstursleiðbeiningar

a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að haft sé samráð við veitanda flugumferðarþjónustu í tengslum við heimildir fyrir gangsetningu, heimildir fyrir ýtingu, ef þess gerist þörf, og akstursleiðbeiningar, nema veitandi flugumferðarþjónustu stjórni sjálfur hreyfingu loftfara á hlaði.

b) Í þessu tilviki skal rekstraraðili flugvallar, í samstarfi við veitanda flugumferðarþjónustu, ákvarða og innleiða tilhögun sem felur í sér eftirfarandi þætti:

1) skilgreiningu á hverjir hafa leyfi til að gefa út heimildir fyrir gangsetningu,

2) aðferðir til að tilkynna hver öðrum um útgefnar heimildir um gangsetningu,

3) aðferðir til að tilkynna hver öðrum um útgefnar heimildir fyrir ýtingu og akstursleiðbeiningar.

ADR.OPS.D.080 Áætlanir um þjálfun og hæfnipróf fyrir merkjamenn (e. *marshallers*) og ökumenn fylgdarökutækja (e. *„follow me“ drivers*)

a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og tryggja innleiðingu þjálfunaráætlunar fyrir aðila sem veita:

1) þjónustu vegna stæðisvísunar,

2) fylgdarþjónustu (e. *„follow-me“ guidance*).

b) Þjálfunaráætlunin skal innleidd í samræmi við ADR.OR.D.017 í III. viðauka.

c) Þjálfunin ætti að miða að því að miðla grundvallarþekkingu og verklegri færni sem tengist skyldustörfum þeirra.

d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja innleiðingu áætlunar um hæfnipróf fyrir starfsfólk, sem um getur í a-lið, til að tryggja:

1) áframhaldandi hæfi þeirra,

2) að þeim sé kunnugt um þær reglur og verklagsreglur sem skipta máli varðandi störf þeirra og verkefni. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að þeir einstaklingar sem um getur í a-lið gangist undir hæfnipróf eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti að grunnþjálfun þeirra lokinni.

ADR.OPS.D.085 Áætlun um þjálfun og hæfnipróf fyrir starfsfólk sem veitir loftförum akstursfyrirmæli með þráðlausum talfjarskiptum

a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:

1) að aðilar, sem veita loftförum á hlaði akstursfyrirmæli með þráðlausum talfjarskiptum, með því að nota úthlutaða fjarskiptatíðni fyrir flug, hafi til þess nægilega þjálfun og hæfni,

2) að þjálfunaráætlunin sé innleidd í samræmi við ADR.OR.D.017 í III. viðauka, með eftirfarandi undanþágum:

i. í kjölfar grunnþjálfunarinnar skal koma deildarþjálfun, sem samanstendur af eftirfarandi áföngum:

(A) millistigsþjálfun, sem er fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og skilningi á staðarsértækum verklags-reglum og þáttum tengdum tilteknum verkefnum,

B) starfsþjálfun á vinnustað, sem er lokaáfangi deildarþjálfunar þar sem starfsvenjur og færni, sem áður hefur verið aflað, eru í raun samþættar leiðsögn starfsþjálfara, sem hefur tilskilin starfsréttindi, við raunaðstæður í flugumferð,

ii. reglubundin þjálfun skal fara fram eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti og skal innihalda upprifjun á efni grunnþjálfunarinnar,

iii. upprifjunarþjálfun skal fara fram ef einstaklingur hefur verið frá vinnu í meira en tólf mánuði og skal innihalda allt efni grunnþjálfunarinnar.

b) Aðilar þeir sem um getur í 1. lið a-liðar skulu sýna fram á tungumálafærni, sem svarar a.m.k. til starfrækslustigs, bæði hvað varðar orðfæri og venjulegt málfar, í samræmi við c-lið, í þeim tungumálum sem notuð eru við fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva á flugvellinum.

c) Umsækjandinn skal sýna fram á að hann geti:

1) átt virk talsamskipti og samskipti augliti til auglitis,

2) haft samskipti um almenn og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,

3) notað viðeigandi aðferðir til boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,

4) leyst á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur,

5) notað mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.

d) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að framvísa vottorði, sem gefið er út af þeirri stofnun sem framkvæmdi matið, sem staðfestir að viðkomandi hafi þekkingu á einu eða fleiri tungumálum svo og hæfnistig og dagsetningu mats.

e) Að undanskildum þeim aðilum sem hafa sýnt fram á tungumálafærni á sérfræðistigi skal tungumálafærnin endurmetin:

1) á fjögurra ára fresti frá dagsetningu matsins, ef sú færni sem sýnt er fram á er á starfrækslustigi,

2) á sex ára fresti frá dagsetningu matsins, ef sú færni sem sýnt er fram á er á framhaldsstigi.

f) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að nota tiltekna matsaðferð og skal hún fela í sér:

1) matsferli,

2) starfsréttindi matsmanna sem framkvæma mat á tungumálafærni,

3) áfrýjunarmeðferð.

g) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að starfsfólk hafi aðgang að tungumálaþjálfun til að viðhalda því tungumálafærnistigi sem krafist er fyrir það.

h) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að innleidd sé áætlun um hæfnipróf fyrir starfsfólk sem um getur í 1. lið a-liðar til að tryggja:

1) áframhaldandi hæfi þeirra,

2) að þeim sé kunnugt um þær reglur og verklagsreglur sem skipta máli varðandi störf þeirra og verkefni. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að þeir einstaklingar sem um getur í a-lið gangist undir hæfnipróf eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti að grunnþjálfun þeirra lokinni.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1974 **2023/EES/62/16**

frá 14. desember 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um tæknilegar kröfur um vottun flughermisþjálfa, vottun flugmanna sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara og vottun einstaklinga og aðila sem taka þátt í þjálfun, prófunum og mati á flugmönnum.

2) Undanfarinn áratug hefur verið sýnt fram á að meðal stærstu áhættuþáttanna sem geta leitt til banaslysa í flutningaflugi eru annars vegar óeðlileg flugstaða flugvélar (e. *aeroplane upset*) og hins vegar flugvél sem verður stjórnlaus og eru forvarnir gegn slíku markvisst forgangsverkefni í Evrópu ([3]) og á alþjóðavettvangi. Þetta felur einkum í sér nýjar þjálfunarkröfur til að undirbúa flugmenn betur undir erfiðar aðstæður þar sem loftfar er í óeðlilegri flugstöðu eða verður stjórnlaust.

3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/445 ([4]) voru fyrirliggjandi þjálfunarkröfur fyrir atvinnuflugmenn uppfærðar þannig að þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu (UPRT-þjálfun) varð skyldubundinn þáttur í bóklegri þekkingu flugmanna. Þörf er á frekari og ítarlegri þjálfunarþáttum ásamt þjálfunarmarkmiðum til að bæta hæfni flugmanna til að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu flugvélar sem getur leitt til þess að flugvélin verður stjórnlaus og að lokum til banaslyss.

4) Fella þarf UPRT-þjálfun inn í starfsferil atvinnuflugmanns á ýmsum stigum og ætti það að endurspeglast í þeim réttindum sem skráð eru í flugmannsskírteini hvers og eins. Tryggja ætti að atvinnuflugmenn þrói með sér og haldi við

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) Aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu 2018-2022, liður 5.3.1, bls. 33.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/445 frá 17. mars 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi (Stjtíð. ESB L 74, 18.3.2015, bls. 1).

hæfni til að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu. UPRT-þjálfun ætti að verða skyldubundinn hluti af þjálfunarnámskeiðinu vegna fjölstjórnarskírteinis (MPL-skírteinis), samtvinnaða þjálfunarnámskeiðinu til atvinnuflugmanns 1. flokks fyrir flugvélar (ATP(A)-námskeið) og þjálfunarnámskeiði fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar (CPL(A)-skírteini) sem og þjálfunarnámskeiði fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar, sem flogið er í fjölstjórnarumhverfi, fyrir flóknar einstjórnarflugvélar án mikillar afkastagetu, fyrir afkastamiklar, flóknar einstjórnarflugvélar og áritanir fyrir fjölstjórnarflugvélar. Til að gera flugmönnum kleift að þróa með sér meiri hæfni til að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu ætti viðeigandi þjálfunarnámskeið að innihalda tilheyrandi flugæfingar í flugvél.

5) Til viðbótar við innleiðingu þessa nýja námskeiðs, sem tengist þróun á meiri hæfni flugmanna til að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu, ætti að endurskoða kröfurnar fyrir kennaravottorð til að tryggja að þeir einstaklingar sem kenna þetta námskeið hafi tilskilin starfsréttindi.

6) Þessi reglugerð endurspeglar ákvæðin, sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) samþykkti árið 2014, um UPRT-þjálfun að því er varðar fjölstjórnarskírteini og tegundaráritanir fyrir fjölstjórnarflugvél með breytingu á 1. viðauka við Chicago-samninginn um útgáfu flugstarfaskírteina.

7) Í þágu flugöryggis ætti að innleiða nýju UPRT-þættina eins fljótt og auðið er. Setja ætti umbreytingarákvæði til að hægt sé að ljúka, án frekari aðlögunar, þeim þjálfunarnámskeiðum sem hófust áður en þessar breytingar á kröfunum um þjálfun flugmanna varðandi UPRT-þjálfun, taka gildi. Í þessu samhengi ætti að taka tillit til þess að flugmenn, sem fljúga fyrir flugrekendur í flutningaflugi, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([1]), þurfa að undirgangast reglubundna þjálfun á vegum flugrekanda sem inniheldur nú þegar tiltekna þætti UPRT-þjálfunar. Auk þessa ættu aðilar, sem sjá um þjálfun flugmanna, að fá umbreytingartíma til að aðlaga þjálfunaráætlanir sínar þannig að þær uppfylli nýju kröfurnar um UPRT-þjálfun. Í lok þessa umbreytingartímabils ættu öll viðeigandi þjálfunarnámskeið að fara fram í samræmi við nýju kröfurnar um UPRT-þjálfun.

8) Samningaviðræður milli Sambandsins og tiltekinna þriðju landa standa enn yfir, þ.m.t. um umbreytingu á flugmannsskírteinum og tengdum heilbrigðisvottorðum. Til að tryggja að aðildarríki geti haldið áfram að viðurkenna skírteini frá þriðju löndum og heilbrigðisvottorð á aðlögunartímabili, í ljósi þessara viðræðna, er nauðsynlegt að framlengja tímabilið sem aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 á yfirráðasvæði sínu að því er varðar flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð sem gefin eru út af þriðja landi sem tekur þátt í starfrækslu loftfara sem ekki er í ábataskyni.

9) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins lagði fyrir framkvæmdastjórnina drög að framkvæmdarreglum ásamt áliti sínu nr. 06/2017.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 4. gr. b er bætt við á eftir 4. gr. a:

„4. gr. b

Þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu

1. Þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu (UPRT-þjálfun) skal verða skyldubundinn hluti af MPL-þjálfunarnámskeiði, samtvinnuðu ATP(A)-þjálfunarnámskeiði, CPL(A)-þjálfunarnámskeiði og þjálfunarnámskeiði fyrir flokks- eða tegundaráritun fyrir:

a) einstjórnarflugvélar sem flogið er í fjölstjórnarumhverfi,

b) flóknar einstjórnarflugvélar án mikillar afkastagetu,

c) flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu eða

d) fjölstjórnarflugvélar,

í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta).

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

2. Að því er varðar þjálfunarnámskeiðin, sem um getur í 1. mgr., sem hefjast hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki (ATO) fyrir 20. desember 2019, skal UPRT-þjálfun ekki vera skylda, að því tilskildu:

a) að CPL(A)-, ATP(A)- eða MPL-þjálfunarnámskeiðinu sé að öðru leyti lokið, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta), og að færniprófinu sé lokið, í samræmi við liði FCL.320 (CPL), FCL.620 (IR) eða FCL.415.A (MPL) í I. viðauka (FCL-hluta) eigi síðar en 20. desember 2021, eða

b) að þjálfunarnámskeiði fyrir flokks- eða tegundaráritun fyrir flugvélar sé að öðru leyti lokið, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta), og að færniprófinu sé lokið, í samræmi við annan undirlið c-liðar í lið FCL.725 í I. viðauka (FCL-hluta) þessarar reglugerðar, eigi síðar en 20. desember 2021.

Að því er varðar 1. mgr. má lögbæra yfirvaldið, á grundvelli eigin mats og samkvæmt tilmælum frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, veita viðurkenningu fyrir UPRT-þjálfun, sem lýkur fyrir 20. desember 2019 í samræmi við landsbundnar þjálfunarkröfur.“

2) Í stað 4. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum þessarar reglugerðar fyrr en 20. júní 2020 að því er varðar flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af þriðja landi sem tekur þátt í starfrækslu loftfara sem ekki er í ábataskyni, eins og tilgreint er í i. eða ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139. Aðildarríki skulu gera þessar ákvarðanir aðgengilegar öllum.“

3) Í stað 8. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„8. Þrátt fyrir 1. lið í FCL.315.A skal annar málsliður a-liðar í FCL.410.A og c-liður í FCL.725.A í I. viðauka (FCL-hluta) gilda frá og með 20. desember 2019.“

4) Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó á eftirfarandi við:

a) ákvæði 1. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 20. desember 2019,

b) ákvæði 4. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 20. desember 2019.

c) Þrátt fyrir b-lið hér að framan koma ákvæði 2., 4., 5. og 12. liðar viðaukans við þessa reglugerð til framkvæmda frá og með 31. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (FCL-hluta) er breytt sem hér segir:

1) Lið FCL.010 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Í þessum viðauka (FCL-hluta) er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:“.

b) Nýrri skilgreiningu á hugtakinu „aðgengilegur“ er bætt við á undan skilgreiningunni á hugtakinu „listflug“ sem hér segir:

„„aðgengilegur“ (e. *accessible*): búnaður sem eftirtaldir geta haft afnot af:

— samþykkta þjálfunarfyrirtækið sem veitir samþykki fyrir því að þjálfunarnámskeið fyrir flokks- eða tegundaráritun sé haldið eða

— prófdómari sem framkvæmir hæfnismat, færni- eða hæfnipróf í þeim tilgangi að meta, prófa eða skoða.“

c) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „listflug“ kemur eftirfarandi:

„„listflug“: flugbragð sem framkvæmt er af ásetningi sem felur í sér skyndilega breytingu á stöðu loftfars, afbrigðilega stöðu eða afbrigðilega hröðun, sem ekki er nauðsynleg fyrir hefðbundið flug eða vegna kennslu fyrir skírteini, vottorð eða áritanir aðrar en áritun fyrir listflug.“

d) Nýrri skilgreiningu „þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu flugvélar“ er skotið inn á eftir skilgreiningunni á „flugvél þar sem krafist er aðstoðarflugmanns“ sem hér segir:

„„þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu flugvélar“ (UPRT-þjálfun) (e. *aeroplane upset prevention and recovery training*): þjálfun sem samanstendur af:

— þjálfun í að fyrirbyggja óeðlilega flugstöðu flugvélar: samsetning af bóklegri þekkingu og flugþjálfun með það að markmiði að flugáhöfnin öðlist tilskilda hæfni til að fyrirbyggja óeðlilega flugstöðu flugvélar og

— þjálfun í að bregðast við óeðlilegri flugstöðu flugvélar: samsetning af bóklegri þekkingu og flugþjálfun með það að markmiði að flugáhöfnin öðlist tilskilda hæfni til að bregðast við óeðlilegri flugstöðu flugvélar.“

e) Nýrri skilgreiningu „aðgengilegur flughermisþjálfi“ er skotið inn á eftir skilgreiningunni á hugtakinu „loftskip“ sem hér segir:

„„aðgengilegur flughermisþjálfi“ (e. *available FSTD*): flughermisþjálfi sem stendur stjórnanda flughermisþjálfans eða viðskiptavininum ávallt til boða.“

2) Í stað FCL.310 kemur eftirfarandi:

„FCL.310 CPL — Próf í bóklegri þekkingu

Umsækjendur um útgáfu CPL-skírteinis skulu sýna fram á stig þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

a) lög og reglur um loftferðir,

b) almenn þekking á loftförum — skrokkar/kerfi/hreyflar,

c) almenn þekking á loftförum — mælitæki,

d) massi og jafnvægi,

e) afkastageta,

f) gerð flugáætlana og vöktun flugs,

g) mannleg geta,

h) veðurfræði,

i) almenn flugleiðsaga,

j) flugleiðsögutækni,

k) verklagsreglur í flugi,

l) flugeðlisfræði og

m) fjarskipti.“

3) Í stað FCL.410.A kemur eftirfarandi:

„FCL.410.A MPL — Þjálfunarnámskeið og próf í bóklegri þekkingu

a) Námskeið

Umsækjendur um útgáfu MPL-skírteinis skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki í samræmi við 5. viðbæti við þennan viðauka (FCL-hluta).

b) Próf

Umsækjendur um útgáfu MPL-skírteinis skulu sýna fram á stig bóklegrar þekkingar sem hæfir handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, (ATPL(A)-skírteini), í samræmi við FCL.515, og tegundaráritunar á fjölstjórnarflugvél.“

4) Í stað FCL.515 kemur eftirfarandi:

„FCL.515 ATPL — Þjálfunarnámskeið og próf í bóklegri þekkingu

a) Námskeið

Umsækjendur um ATPL-skírteini skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal vera annaðhvort samtvinnað þjálfunarnámskeið eða áfangaskipt námskeið í samræmi við 3. viðbæti við þennan viðauka (FCL-hluta).

b) Próf

Umsækjendur um útgáfu ATPL-skírteinis skulu sýna fram á stig þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

1) lög og reglur um loftferðir,
2) almenn þekking á loftförum — skrokkar/kerfi/hreyflar,
3) almenn þekking á loftförum — mælitæki,
4) massi og jafnvægi,
5) afkastageta,
6) gerð flugáætlana og vöktun flugs,
7) mannleg geta,
8) veðurfræði,
9) almenn flugleiðsaga,
10) flugleiðsögutækni,
11) verklagsreglur í flugi,
12) flugeðlisfræði og
13) fjarskipti.“

5) Í stað FCL.615 kemur eftirfarandi:

„FCL.615 IR — Bókleg þekking og flugkennsla

a) Námskeið

Umsækjendur um blindflugsáritun skulu hafa fengið kennslu í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal vera:

1) samtvinnað þjálfunarnámskeið sem felur í sér þjálfun fyrir blindflugsáritun, í samræmi við 3. viðbæti við þennan viðauka (FCL-hluta), eða
2) áfangaskipt námskeið í samræmi við 6. viðbæti við þennan viðauka (FCL-hluta).

b) Próf

Umsækjendur skulu sýna fram á stig bóklegrar þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

1) lög og reglur um loftferðir,
2) almenn þekking á loftförum — mælitæki,

3) gerð flugáætlana og vöktun flugs,

4) mannleg geta,

5) veðurfræði,

6) flugleiðsögutækni og

7) fjarskipti.“

6) Í stað d-liðar í FCL.725 kemur eftirfarandi:

„d) Umsækjandi, sem hefur þegar tegundaráritun fyrir tegund loftfars með réttindi til starfrækslu í annaðhvort einstjórnar- eða fjölstjórnarumhverfi, telst þegar hafa uppfyllt kröfur um bóklega þekkingu þegar hann sækir um að réttindum fyrir hitt stjórnarumhverfið verði bætt við réttindi hans á sömu tegund loftfars. Slíkur umsækjandi skal ljúka við viðbótarflugþjálfun fyrir hitt stjórnarumhverfið hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hjá handhafa flugrekandaskírteinis sem hefur sérstakt leyfi frá lögbæru yfirvaldi til að veita slíka þjálfun. Stjórnarumhverfið skal skráð í skírteinið.“

7) Í stað FCL.720.A kemur eftirfarandi:

„FCL.720.A Reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritana — flugvélar

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu (OSD), sem kveðið er á um í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skulu umsækjendur um útgáfu flokks- eða tegundaráritunar uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu viðkomandi áritunar:

a) Einstjórnarflugvélar:

Umsækjendur um útgáfu fyrstu flokks- eða tegundaráritunar fyrir einstjórnarflugvél, sem óska eftir réttindum til að starfrækja flugvélina í fjölstjórnarumhverfi, skulu uppfylla kröfur 4. og 5. liðar b-liðar.

Auk þessa gildir eftirfarandi um:

1) fjölhreyfla einstjórnarflugvélar:

umsækjendur um fyrstu útgáfu flokks- eða tegundaráritunar á fjölhreyfla einstjórnarflugvélum skulu hafa lokið a.m.k. 70 tímum sem flugstjóri á flugvélum,

2) einfaldar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

áður en umsækjendur um útgáfu fyrstu flokks- eða tegundaráritunar á einstjórnarflugvél, sem flokkuð er með mikla afkastagetu, hefja flugþjálfun skulu þeir:

i. hafa a.m.k. 200 fartíma flugreynslu í heildina, þar af 70 tíma sem flugstjóri á flugvélum, og

ii. uppfylla eina af eftirfarandi kröfum:

A) hafa undir höndum vottorð um að hafa lokið viðbótarnámskeiði í bóklegri þekkingu með fullnægjandi árangri hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða

B) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir ATPL(A)-skírteini, í samræmi við þennan viðauka (FCL-hluta), eða

C) hafa undir höndum, til viðbótar við skírteini sem gefið er út í samræmi við þennan viðauka (FCL-hluta), ATPL(A)-skírteini eða CPL(A)-skírteini með blindflugsáritun (CPL(A)/IR) með viðurkenningu á bóklegri þekkingu vegna ATPL(A)-skírteinis sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn,

3) flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

umsækjendur um útgáfu tegundaráritunar fyrir flókna einstjórnarflugvél, sem er flokkuð með mikla afkastagetu, skulu, til viðbótar við að uppfylla kröfurnar í 2. lið, hafa undir höndum eða hafa haft undir höndum blindflugsáritun á einstjórnar- eða fjölstjórnarflugvél, eftir því sem við á og í samræmi við G-kafla, og skulu uppfylla kröfurnar í 5. lið b-liðar.

b) Fjölstjórnarflugvélar:

Umsækjendur um námskeið fyrir útgáfu fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarflugvél skulu vera flugnemar sem á sama tíma gangast undir þjálfun á MPL-þjálfunarnámskeiði eða uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) hafa a.m.k. 70 fartíma flugreynslu sem flugstjóri á flugvélum,

2) hafa eða hafa haft blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar,

3) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir ATPL(A)-skírteini í samræmi við þennan viðauka (FCL-hluta),

4) nema þegar námskeið til tegundarréttinda er samtvinnað námskeiði í áhafnarsamstarfi:

i. hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á flugvélum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri eða

ii. hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á þyrlum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri og hafa meira en 100 fartíma flugreynslu sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum eða

iii. hafa a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum eða

iv. hafa a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður sem starfar í fjölstjórnarumhverfi á fjölhreyfla einstjórnarflugvélum í flutningaflugi, í samræmi við viðeigandi kröfur um flugrekstur, og

5) hafa lokið þjálfunarnámskeiðinu sem tilgreint er í lið FCL.745.A.

c) Þrátt fyrir b-lið getur aðildarríki gefið út tegundaráritun með takmörkuðum réttindum vegna fjölstjórnarflugvélar, sem heimilar handhöfum slíkrar áritunar að starfa sem aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi yfir fluglagi 200, að því tilskildu að tveir aðrir flugverjar hafi tegundaráritun í samræmi við b-lið.

d) Þegar það er ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu má í upphafi takmarka réttindi tegundaráritunar við flug undir umsjón kennara. Skrá skal fartíma undir umsjón í flugdagbók flugmannanna, eða í sambærilegt skjal, og færslan undirrituð af kennara. Aflétta skal takmörkuninni þegar flugmenn sýna fram á að þeir hafi lokið fartímunum undir umsjón sem krafist er í gögnum um örugga starfrækslu.“

8) Í stað FCL.725.A kemur eftirfarandi:

„FCL.725.A Bókleg þekking og flugkennsla fyrir útgáfu flokks- og tegundaráritana — flugvélar

Nema annað komi fram í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, gildir eftirfarandi:

a) fyrir fjölhreyfla einstjórnarflugvélar:

1) námskeið í bóklegri þekkingu fyrir fjölhreyfla einstjórnarflokksáritun skal fela í sér a.m.k. 7 tíma kennslu í starfrækslu fjölhreyfla flugvélar og

2) flugþjálfunarnámskeið fyrir flokks- eða tegundaráritun á fjölhreyfla einstjórnarloftför skal fela í sér a.m.k. 2 tíma og 30 mínútur af fartíma með kennara undir venjulegum kringumstæðum á fjölhreyfla flugvélum og a.m.k. 3 tíma og 30 mínútur af fartíma með kennara í verklagi og flugaðferðum vegna hreyfilbilunar,

b) fyrir einstjórnarsjóflugvélar:

1) þjálfunarnámskeiðið fyrir áritanir á einstjórnarsjóflugvélar skal fela í sér bóklega og verklega flugkennslu og

2) flugþjálfunin fyrir flokks- eða tegundaráritun á einstjórnarsjóflugvélar skal fela í sér a.m.k. 8 fartíma með kennara, ef umsækjendur eru handhafar viðeigandi flokks- eða tegundaráritunar fyrir landflugvélar, eða tíu fartíma ef umsækjendur eru ekki handhafar slíkrar áritunar og

c) fyrir flóknar einstjórnarflugvélar sem eru ekki með mikla afkastagetu, flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu og fjölstjórnarflugvélar skulu þjálfunarnámskeiðin innihalda bóklega kennslu í UPRT-þjálfun og flugkennslu sem tengist sérstökum eiginleikum viðeigandi flokks eða tegundar.“

9) Nýjum lið, FCL.745.A, er skotið inn sem hér segir:

„FCL.745.A Framhaldsnámskeið í UPRT-þjálfun — flugvélar

a) Framhaldsnámskeiðinu í UPRT-þjálfun skal lokið hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki og skal samanstanda af a.m.k. eftirfarandi:

1) fimm klukkustunda bóklegri kennslu,

2) fyrirflugskynningum og eftirflugskynningum og

3) þremur fartímum með flugkennara á flugvél (FI(A)) sem er með starfsréttindi í samræmi við e-lið FCL.915 og samanstendur af framhaldsnámskeiði í UPRT-þjálfun á flugvél sem hentar fyrir slíka þjálfun.

b) Þegar umsækjendur hafa lokið námskeiði í UPRT-þjálfun skulu þeir fá útgefið vottorð frá samþykkta þjálfunarfyrirtækinu.“

10) Í stað 1. liðar b-liðar í FCL.900 kemur eftirfarandi:

„1) Lögbæra yfirvaldið má gefa út sérstakt vottorð sem gefur réttindi til að veita flugkennslu þegar ekki er unnt að uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í þessum kafla, í tengslum við eftirfarandi:

i. þegar ný tegund loftfars er tekin í notkun í aðildarríkjunum eða í flota flugrekanda eða

ii. innleiðingu nýrra þjálfunarnámskeiða í þessum viðauka (FCL-hluta).

Slíkt vottorð takmarkast við þau þjálfunarflug sem nauðsynleg eru þegar nýja loftfarstegundin er tekin í notkun eða við innleiðingu nýja þjálfunarnámskeiðsins en gildistími þess skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en eitt ár.“

11) Lið FCL.915 er breytt sem hér segir:

„FCL.915 Almennar forsendur og kröfur fyrir kennara

a) Almennt:

Umsækjendur um útgáfu kennaravottorðs skulu vera a.m.k. 18 ára.

b) Viðbótarkröfur fyrir kennara sem veita flugkennslu á loftfar:

Umsækjendur um útgáfu kennaravottorðs eða handhafar kennaravottorðs með réttindi til að veita flugkennslu á loftfar skulu:

1) til að veita þjálfun fyrir útgáfu skírteinis hafa a.m.k. það skírteini sem kennt er til eða, að því er varðar c-lið FCL.900, hafa sambærilegt skírteini,

2) til að veita þjálfun fyrir útgáfu áritunar, hafa a.m.k. viðeigandi áritun sem kennt er til eða, að því er varðar c-lið FCL.900, hafa sambærilega áritun,

3) nema hvað varðar reynsluflugskennara, hafa:

i. lokið a.m.k. 15 fartímum sem flugmenn á þeim flokki eða tegund loftfars sem kennt er á, þar af mega að hámarki vera 7 klukkustundir í flughermisþjálfa sem líkir eftir viðkomandi flokki eða tegund loftfars, ef við á, eða

ii. staðist hæfnismat fyrir viðkomandi flokk kennara á þeim flokki eða tegund loftfars og

4) hafa rétt til að gegna hlutverki flugstjóra loftfarsins meðan á slíkri flugkennslu stendur.

c) Viðurkenning til frekari áritana og í tengslum við framlengingar:

1) veita má umsækjendum um frekari kennaravottorð viðurkenningu fyrir færni í náms- og kennslufræði sem þeir hafa þegar sýnt fram á varðandi það kennaravottorð sem þeir hafa,

2) þeir tímar sem þeir hafa flogið, sem prófdómarar í færni- og hæfniprófum, má telja með þeim tímum sem krafist er til framlengingar allra kennaravottorða sem þeir hafa.

d) Við viðurkenningu á viðbótarréttindum fyrir fleiri tegundir skal taka tillit til viðeigandi þátta, eins og skilgreint er í gögnunum um örugga starfrækslu, sem eru ákvörðuð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

e) Viðbótarkröfur til að fá að kenna þjálfunarnámskeið í samræmi við lið FCL.745.A:

1) til viðbótar við b-lið skulu handhafar kennaravottorðs, áður en þeir starfa sem kennarar á þjálfunarnámskeiði samkvæmt lið FCL.745.A:

i. hafa a.m.k. 500 klukkustundir af fartíma sem flugmenn á flugvélum, þ.m.t. 200 klukkustundir í flugkennslu,

ii. hafa lokið þjálfunarnámskeiði fyrir UPRT-kennara hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þar sem hæfi umsækjenda var stöðugt metið, eftir að hafa uppfyllt kröfurnar um reynslu í i. lið 1. liðar e-liðar og

iii. eftir að hafa lokið námskeiðinu, hafa fengið útgefið vottorð frá samþykkta þjálfunarfyrirtækinu um að þeir hafi lokið námskeiðinu og skal skólastjóri hafa skráð réttindin, sem tilgreind eru í 1. lið e-liðar, í flugdagbók umsækjenda,

2) aðeins skal neyta réttindanna, sem um getur í 1. lið e-liðar, ef kennarar hafa á undangengnu ári hlotið upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki þar sem hæfi þeirra til að kenna námskeið, í samræmi við lið FCL.745.A, er talið fullnægjandi samkvæmt mati skólastjóra,

3) kennarar, sem eru með þau réttindi sem tilgreind eru í 1. lið e-liðar, mega starfa sem kennarar á námskeiði eins og tilgreint er í ii. lið 1. liðar e-liðar, að því tilskildu að þeir:

i. hafi 25 klukkustunda reynslu af flugkennslu meðan á þjálfun stendur í samræmi við lið FCL.745.A,

ii. hafi lokið hæfnismati fyrir þessi réttindi og

iii. uppfylli kröfur um nýlega reynslu skv. 2. lið e-liðar,

4) þessi réttindi skulu færð í flugdagbók kennaranna og færslan undirrituð af prófdómaranum.“

12) Í stað 1. viðbætis kemur eftirfarandi:

„1. viðbætir

Viðurkenning á bóklegri þekkingu

VIÐURKENNING Á BÓKLEGRI ÞEKKINGU Á SÖMU EÐA AÐRA GERÐ LOFTFARS — VIÐBÓTARKENNSLA OG NÁMSEFNI TIL PRÓFS

1. **Flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL-skírteini), einkaflugmannsskírteini (PPL-skírteini), flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL-skírteini) og skírteini svifflugmanns (SPL-skírteini)**

1.1. Fyrir útgáfu LAPL-skírteinis skulu handhafar LAPL-skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.120.

1.2. Hvað varðar útgáfu LAPL-skírteinis, PPL-skírteinis, BPL-skírteinis eða SPL-skírteinis skulu handhafar skírteinis á aðra gerð loftfars fá kennslu í bóklegri þekkingu og standast bóklegt próf á viðunandi hátt í eftirfarandi námsgreinum, sbr. þó lið 1.1:

— flugeðlisfræði,

— verklagsreglur í flugi,

— afkastageta í flugi og gerð áætlana,

— almenn þekking á loftförum og

— flugleiðsaga.

1.3. Fyrir útgáfu PPL-, BPL- eða SPL-skírteinis skulu handhafar LAPL-skírteinis fyrir sömu gerð hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu og próf.

1.4. Til að handhafar skírteinis svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindum fyrir ferðavélsvifflugu (LAPL(S)) geti fengið útgefið LAPL(A)-skírteini verða þeir, þrátt fyrir lið 1.2, að sýna fram á fullnægjandi bóklega þekkingu fyrir flokksáritun fyrir eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli í samræmi við 2. lið a-liðar FCL.135.A.

2. **CPL-skírteini**

2.1. Umsækjendur um útgáfu CPL-skírteinis, sem hafa CPL-skírteini á aðra gerð loftfars, skulu hafa hlotið viðbótarkennslu í bóklegri þekkingu á samþykktu námskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki samkvæmt þeim mismun sem fundist hefur milli námsskráa fyrir útgáfu CPL-skírteinis fyrir mismunandi gerðir loftfara.

2.2. Umsækjendur skulu hafa staðist próf í bóklegri þekkingu, eins og skilgreint er í þessum viðauka (FCL-hluta), í eftirfarandi námsgreinum á viðeigandi gerð loftfars:

021 — almenn þekking á loftförum: skrokkar og kerfi, rafkerfi, hreyflar og neyðarbúnaður

022 — almenn þekking á loftförum: mælitæki

032/034 — afkastageta: flugvélar eða þyrlur, eftir því sem við á,

070 — verklagsreglur í flugi og

080 — flugeðlisfræði.

2.3. Umsækjendur um útgáfu CPL-skírteinis, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun fyrir sömu gerð loftfars, fá það viðurkennt upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í mannlegri getu og veðurfræði, nema þeir hafi lokið við þjálfunarnámskeiðið fyrir blindflugsáritun í samræmi við þátt Aa í 6. viðbæti við þennan viðauka (FCL-hluta).

2.4. Umsækjendur um CPL-skírteini sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun (IR) eða blindflugsáritun í flugleið (EIR) fyrir sömu gerð loftfars fá það viðurkennt upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í námsgreininni „fjarskipti“.

3. **ATPL-skírteini**

3.1. Umsækjendur um útgáfu ATPL-skírteinis, sem hafa ATPL-skírteini á aðra gerð loftfars, skulu hafa hlotið viðbótarkennslu í bóklegri þekkingu á samþykktu námskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki samkvæmt þeim mismun sem fundist hefur milli námsskráa fyrir útgáfu ATPL(A)-skírteina fyrir mismunandi gerðir loftfara.

3.2. Umsækjendur skulu hafa staðist próf í bóklegri þekkingu, eins og skilgreint er í þessum viðauka (FCL-hluta), í eftirfarandi námsgreinum á viðeigandi gerð loftfars:

021 — almenn þekking á loftförum: skrokkar og kerfi, rafkerfi, hreyflar og neyðarbúnaður

022 — almenn þekking á loftförum: mælitæki

032/034 — afkastageta: flugvélar eða þyrlur, eftir því sem við á,

070 — verklagsreglur í flugi og

080 — flugeðlisfræði.

3.3. Umsækjendur um útgáfu ATPL(A)-skírteinis, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir CPL(A)-skírteini, fá það viðurkennt upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í námsgreininni „fjarskipti“.

3.4. Umsækjendur um útgáfu ATPL(H)-skírteinis, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir CPL(H)-skírteini, fá það viðurkennt upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

— lög og reglur um loftferðir,

— flugeðlisfræði (þyrlur) og

— fjarskipti.

3.5. Umsækjendur um útgáfu ATPL(A)-skírteinis, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun fyrir flugvélar, fá það viðurkennt upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í námsgreininni „fjarskipti“.

3.6. Umsækjendur um útgáfu ATPL(H)-skírteinis með blindflugsáritun fyrir þyrlur, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir CPL(H)-skírteini, fá það viðurkennt upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

— flugeðlisfræði (þyrlur) og

— fjarskipti.

4. **Blindflugsáritun (IR)**

4.1. Umsækjendur um blindflugsáritun eða blindflugsáritun í flugleið, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir CPL-skírteini á sömu gerð loftfars, hljóta viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

— mannleg geta,

— veðurfræði og

— fjarskipti.

4.2. Umsækjendur um útgáfu blindflugsáritunar fyrir þyrlur, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir ATPL(H)-skírteini með sjónflugsáritun, þurfa að standast próf í eftirfarandi námsgreinum:

— lög og reglur um loftferðir,

— gerð flugáætlana og vöktun flugs og

— flugleiðsögutækni.“

13) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þætti A í 3. viðbæti:

a) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir ATPL(A)-skírteini,

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi,

c) þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir starfrækslu fjölstjórnarflugvéla og

d) UPRT-þjálfun í samræmi við lið FCL.745.A nema umsækjendur hafi þegar lokið þessu þjálfunarnámskeiði áður en þeir byrja á samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns 1. flokks.“

b) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. Umsækjendur sem standast ekki próf eða geta ekki lokið öllu ATP(A)-námskeiðinu geta lagt fram beiðni til lögbæra yfirvaldsins um að fá að taka bóklega prófið og færniprófið til að fá útgefið skírteini fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.“

c) Liður 7 fær heitið 7.1 og nýjum lið 7.2 er bætt við sem hér segir:

„7.2. Bókleg kennsla UPRT-þjálfunarinnar skal fara fram í samræmi við lið FCL.745.A.“

d) Í stað 9. liðar kemur eftirfarandi:

„9. Flugþjálfunin, að undanskilinni þjálfun til tegundaráritunar, skal taka minnst 195 tíma, þar með talin öll framvinduþróf, og mega allt að 55 tímar á námskeiðinu vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri. Af þessum 195 tímum skulu umsækjendur ljúka a.m.k.:

a) 95 fartímum með kennara, þar af mega allt að 55 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri,

b) 70 tímum sem flugstjóri, þar á meðal sjónflugs- og blindflugstímum sem flugnemi í hlutverki flugstjóra (SPIC); blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími sem flugstjóri að hámarki upp að 20 fartímum,

c) 50 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum, sem er minnst 540 km (300 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli og

d) 5 fartímum að nóttu til, þ.m.t. 3 fartímum með kennara sem skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

1) 1 klukkustund í landflugsleiðsögu,,

2) 5 flugtök í einflugi og

3) 5 stöðvunarlendingar í einflugi,

e) UPRT-flugkennslu í samræmi við lið FCL.745.A,

f) 115 klukkustundir í blindflugi sem samanstanda a.m.k. af eftirfarandi:

1) 20 tímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC),

2) 15 tímum í áhafnarsamstarfi þar sem nota má flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II,

3) 50 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að:

i. 25 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I eða

ii. 40 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II, flugþjálfunartæki 2 eða flughermi með fullri hreyfingu, þar af má ljúka allt að 10 tímum í flugleiðsöguþjálfa I

Umsækjendur, sem hafa vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 fartíma sem hluta af þeim blindflugstímum sem krafist er. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma, sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, og

g) 5 tímum í flugvél:

1) sem er með tegundarskírteini til flutnings á minnst fjórum mönnum og

2) sem hefur skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.“

14) Ákvæðum 5. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til MPL-skírteinis skulu vera a.m.k. 750 kennslutímar á viðeigandi stigi fyrir ATPL(A)-skírteini, sem og þeir tímar sem krafist er fyrir:

a) kennslu í bóklegri þekkingu til viðeigandi tegundaráritunar, í samræmi við H-kafla, og

b) kennslu í bóklegri þekkingu að því er varðar UPRT-þjálfun í samræmi við lið FCL.745.A.“

b) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:

„8. Flugþjálfunin skal taka minnst 240 tíma, þar af skulu vera tímar sem flugmaður við stjórn (e. *pilot flying* (PF)) og sem flugmaður sem fylgist með (e. *pilot monitoring* (PM)) í raunverulegu flugi og flugi, sem líkt er eftir, og ná yfir eftirfarandi fjóra áfanga þjálfunarinnar:

a) 1. áfangi — Grunnflugfærni

Sértæk grunnþjálfun í flugvél fyrir einstjórnarflug.

b) 2. áfangi — Grunnáfangi

Kynning á starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og blindflugi.

c) 3. áfangi — Milliáfangi

Starfræksla fjölhreyfla flugvélar með hverfihreyfli í fjölstjórnarumhverfi sem vottuð er sem flugvél með mikla afkastagetu í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

d) 4. áfangi — Framhaldsáfangi

Þjálfun til tegundaráritunar í umhverfi sem samsvarar flugrekanda.

Kröfur um áhafnarsamstarf skulu felldar inn í viðkomandi áfanga hér að framan.

Veita skal þjálfun í flugi með biluðum hreyfli annaðhvort í flugvél eða í flughermi með fullri hreyfingu.“

c) Nýjum lið er skotið inn sem liður 8a:

„8a. Flugreynsla í raunverulegu flugi skal fela í sér:

a) allar þær kröfur um reynslu sem settar eru fram í H-kafla,

b) UPRT-flugkennslu í samræmi við lið FCL.745.A,

c) æfingar í UPRT-þjálfun á flugvél, sem tengjast sérstökum eiginleikum viðeigandi tegundar í samræmi við c-lið FCL.725,

d) næturflug,

e) flug eingöngu út frá mælitækjum og

f) þá reynslu sem krafist er til að öðlast viðeigandi flugmennsku.“

15) Í stað 9. viðbætis kemur eftirfarandi:

„9. viðbætir

Þjálfun, færnipróf og hæfnipróf fyrir MPL-skírteini, ATPL-skírteini, tegunda- og flokksáritanir, og hæfnipróf fyrir blindflugsáritanir

A. **Almennt**

1. Umsækjendur um færnipróf skulu hafa fengið kennslu á sama flokk eða tegund loftfars og notað er við prófið.

Þjálfunin fyrir tegundaráritanir fyrir fjölstjórnarflugvélar (MPA) og vænghnitur (PL) skal fara fram í flughermi með fullri hreyfingu (FFS) eða í bæði flughermisþjálfum (FSTD) og flughermi með fullri hreyfingu (FFS). Færniprófið eða hæfniprófið fyrir MPA- eða PL-tegundaráritanir og fyrir útgáfu ATPL-skírteinis og MPL-skírteinis skal, ef hægt er, fara fram í flughermi með fullri hreyfingu.

Þjálfunin, færniprófið eða hæfniprófið fyrir flokks- eða tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar (SPA) og þyrlur skal fara fram í:

a) tiltækum og aðgengilegum flughermi með fullri hreyfingu eða

b) bæði flughermisþjálfum og loftfarinu, ef flughermir með fullri hreyfingu er ekki tiltækur eða aðgengilegur, eða

c) loftfarinu, ef enginn flughermisþjálfi er tiltækur eða aðgengilegur.

Ef flughermisþjálfar eru notaðir við þjálfun, prófun eða mat á hæfni skal fullgilda hæfi þeirra flughermisþjálfa, sem notaðir eru, með tilliti til viðeigandi „Table of functions and subjective tests“ og viðeigandi „Table of FSTD validation tests“ sem er að finna í aðaltilvísunarskjalinu sem gildir fyrir búnaðinn sem notaður er. Tekið skal tillit til allra takmarkana og hamla sem tilgreind eru á viðurkenningarvottorði búnaðarins.

2. Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar.

3. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

4. Nema kveðið sé á um annað í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal námskráin fyrir flugkennslu, færniprófið og hæfniprófið vera í samræmi við þennan viðbæti. Stytta má námskrána, færniprófið og hæfniprófið og meta fyrri reynslu á svipaða loftfarstegund, eins og kveðið er á um í gögnunum um örugga starfrækslu.

5. Nema hvað varðar færnipróf til útgáfu ATPL-skírteinis má flugmaðurinn fá metin sömu prófatriðin sem hann hefur tekið á aðrar tegundir eða tegundarafbrigði sem flugmaðurinn hefur réttindi á, ef kveðið er á um það í gögnunum um örugga starfrækslu fyrir þetta tiltekna loftfar.

FRAMKVÆMD FÆRNI-/HÆFNIPRÓFSINS

6. Prófdómara er heimilt að velja á milli mismunandi útgáfna færni- og hæfniprófa, þar sem líkt er eftir viðeigandi starfrækslu flugs. Nota skal flugherma með fullri hreyfingu og önnur þjálfunartæki, eins og kveðið er á um í þessum viðauka (FCL-hluta).

7. Meðan á hæfniprófinu stendur skal prófdómari ganga úr skugga um að handhafar flokks- eða tegundaráritunarinnar hafi viðunandi bóklega þekkingu.

8. Ef umsækjendur kjósa að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skulu þeir taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi skal aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið við í öðru flugi.

9. Með leyfi prófdómara er umsækjendum heimilt að endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má, hvenær sem er, stöðva prófið sé talið að skortur á flugfærni umsækjenda gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

10. Þess er krafist að umsækjendur fljúgi loftfarinu í sæti þar sem hann getur gert allar aðgerðir flugstjóra eða aðstoðarflugmanns, eftir því sem við á. Í einstjórnarumhverfi skal prófið fara fram eins og enginn annar flugverji sé til staðar.

11. Við fyrirflugsundirbúning fyrir prófið skulu umsækjendur ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjendur skulu sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk þeir hafa innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við gátlistann fyrir það loftfar sem prófið er tekið á og, ef við á, samkvæmt reglum um samstarf í áhöfn. Umsækjendur skulu reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þess loftfars sem notað er. Prófdómari skal samþykkja ákvörðunarhæð/-flughæð, lágmarkslækkunarhæð/-flughæð og fráflugspunkt.

12. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn loftfarsins nema þegar afskipta er þörf vegna öryggis eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð.

SÉRSTAKAR KRÖFUR UM FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF TIL TEGUNDARÁRITUNAR FYRIR FJÖLSTJÓRNARLOFTFAR OG EINSTJÓRNARFLUGVÉL ÞEGAR FLOGIÐ ER Í FJÖLSTJÓRNARUMHVERFI, TIL MPL-SKÍRTEINIS OG ATPL-SKÍRTEINIS

13. Færniprófið fyrir fjölstjórnarloftfar eða einstjórnarflugvél, sem starfrækt er í fjölstjórnarumhverfi, skal fara fram í fjölstjórnarumhverfi. Annar umsækjandi eða annar flugmaður má taka að sér hlutverk aðstoðarflugmanns. Ef loftfar er notað við prófið skal aðstoðarflugmaðurinn vera prófdómarinn eða kennari.

14. Umsækjendur skulu starfa sem flugmaður við stjórn (PF) á öllum stigum færniprófsins, nema við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, sem má framkvæma sem flugmaður við stjórn (PF) eða sem flugmaður sem fylgist með (PM) í áhafnarsamstarfi. Auk þess skulu umsækjendur um fyrstu útgáfu tegundaráritunar á fjölstjórnarloftfar eða ATPL-skírteinis einnig sýna fram á hæfni sína til að starfa sem flugmaður sem fylgist með. Umsækjendur mega velja að sitja annaðhvort í vinstra eða hægra sæti í prófinu, ef unnt er að framkvæma öll atriði í færniprófinu úr því sæti sem valið er.

15. Prófdómarinn skal sérstaklega meta eftirfarandi þætti í tengslum við umsækjendur um ATPL-skírteinið eða tegundaráritun fyrir fjölstjórnarloftför eða fyrir starfrækslu einstjórnarflugvéla í fjölstjórnarumhverfi, sem nær til starfa flugstjóra, án tillits til þess hvort umsækjendurnir gegni hlutverki flugmanns við stjórn eða flugmanns sem fylgist með:

    a) að stjórna áhafnarsamstarfi,

    b) að halda almennri yfirsýn með starfrækslu loftfarsins með viðeigandi eftirliti og

    c) að ákveða forgangsröð og taka ákvarðanir í samræmi við öryggissjónarmið og viðeigandi reglur og reglugerðir sem eiga við aðstæður í fluginu hverju sinni, þ.m.t. neyðarástand.

16. Færniprófið eða hæfniprófið ætti að fara fram samkvæmt blindflugsreglum, ef blindflugsréttindi eru innifalin í prófinu, og, eftir því sem frekast er unnt, í umhverfi þar sem líkt er eftir flutningaflugi. Mikilvægur þáttur er að geta gert flugáætlun og stjórnað fluginu eftir venjubundnu upplýsingaefni.

17. Ef styttri en tveggja tíma flugþjálfun í loftfari er á tegundaráritunarnámskeiðinu má færniprófið fara fram að öllu leyti í flughermi með fullri hreyfingu og má ljúka því á undan flugþjálfun í loftfari.

    Samþykkta flugþjálfunin skal vera í höndum viðurkennds kennara á ábyrgð:

    a) samþykkts þjálfunarfyrirtækis eða

    b) fyrirtækis sem er handhafi flugrekandaskírteinis sem er gefið út í samræmi við III. viðauka (ORO-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og er sérstaklega viðurkennt til að sinna slíkri þjálfun eða

    c) kennarans, ef flugþjálfun fyrir einstjórnarloftfar er ekki viðurkennd hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða handhafa flugrekandaskírteinis, og lögbært yfirvald umsækjanda hefur samþykkt flugþjálfunina.

    Vottorð um að tegundaráritunarnámskeiðinu og flugþjálfun í loftfarinu hafi verið lokið skal áframsent til lögbæra yfirvaldsins áður en nýja tegundaráritunin er færð inn í skírteini umsækjanda.

18. Í tengslum við þjálfun í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu þýðir hugtakið „ofris“ (e. *stall event*) annaðhvort yfirvofandi ofris eða ofris. Samþykkta þjálfunarfyrirtækið má nota flughermi með fullri hreyfingu til að þjálfa annaðhvort viðbrögð við ofrisi eða til að sýna fram á sértæka eiginleika ofriss, eða hvoru tveggja, að því tilskildu:

    a) að flughermirinn með fullri hreyfingu hafi fengið viðurkenningu í samræmi við sértæku matskröfurnar í A-lið CS-FSTD og

    b) að samþykkta þjálfunarfyrirtækið hafi með fullnægjandi hætti sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að dregið hafi verið úr áhrifum neikvæðrar yfirfærslu þjálfunar.

B. **Sértækar kröfur fyrir flugvélar**

PRÓFKRÖFUR

1. Hvað varðar einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, skulu umsækjendur standast alla hluta færni- eða hæfniprófsins. Ef umsækjendur falla í einu atriði tiltekins hluta falla þeir í öllum hlutanum. Ef umsækjendur falla aðeins í einum hluta skulu þeir aðeins taka þann hluta aftur. Ef umsækjendur falla í fleiri en einum hluta verða þeir að taka allt prófið aftur. Ef umsækjendur falla í einum hluta upptökuprófs, þ.m.t. í þeim hlutum sem þeir stóðust í fyrri tilraun, verða þeir að taka allt prófið aftur. Hvað varðar fjölhreyfla einstjórnarflugvélar skulu umsækjendur standast 6. hluta í viðeigandi prófi sem tekur til flugs með biluðum hreyfli.

2. Hvað varðar flóknar fjölstjórnar- og einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu skulu umsækjendur standast alla hluta færniprófsins eða hæfniprófsins. Umsækjendur sem falla í fleiri en fimm atriðum verða að taka allt færni- eða hæfniprófið aftur. Umsækjendur sem falla í fimm atriðum eða færri skulu taka þau atriði aftur. Ef umsækjendur falla í einhverju atriði upptökuprófs, þ.m.t. þeim atriðum sem þeir stóðust í fyrri tilraun, verða þeir að taka allt prófið aftur. Ákvæði 6. hluta eru ekki hluti af færniprófinu fyrir ATPL- eða MPL-skírteini. Ef umsækjendur falla einungis í 6. hluta eða taka ekki þann hluta verður tegundaráritunin gefin út án réttinda í II. eða III. flokki (CAT II/III). Til að fá viðbótarréttindi fyrir tegundaráritun í II. eða III. flokki (CAT II/III) skulu umsækjendur standast 6. hluta á viðeigandi tegund loftfars.

LEYFILEG FRÁVIK Í FLUGPRÓFI

3. Umsækjendur skulu sýna að þeir geti:

    a) starfrækt flugvélina innan þeirra takmarkana sem henni eru sett,

b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

e) alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur,

f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða, ef við á, og

g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja, ef við á.

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er:

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Hætt við lendingu hefst í ákvörðunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Lágmarkslækkunarhæð (MDH)/fráflugspunktur (MAPt)/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Ferli haldið	
Eftir leiðsögutækjum	± 5°
Fyrir frábrigði frá aðflugshorni	Hálft frávik á skala, áttarhorn og hallageisli (t.d. nákvæmni miðlínugeisla með leiðsögu í lóðréttum fleti (LPV), blindlendingarkerfi (ILS), örbylgju-lendingarkerfi (MLS), lendingarkerfi með gervihnattaleiðsögukerfi (GLS).
Tvívíð (LNAV) og þrívíð (LNAV/VNAV) „línuleg“ lárétt frábrigði.	Hornrétt skekkja/frábrigði skal að öllu jöfnu takmarkast við ±½ af úthlutuðu RNP-gildi fyrir aðferðina. Stutt frábrigði frá þessum staðli, sem nemur að hámarki 1 sinnum RNP-gildið, eru leyfileg.
Þrívíð línuleg, lóðrétt frábrigði (t.d. RNP APCH (LNAV/VNAV)) við notkun leiðsögu í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (Baro-VNAV))	Að hámarki –75 fet undir lóðréttu sniði á hverjum tíma og að hámarki +75 fet yfir lóðréttu sniði í eða undir 1000 fetum yfir flugvelli.
Nefstefna	
allir hreyflar virkir	± 5°
líkt eftir hreyfilbilun	± 10°
Hraði	
allir hreyflar virkir	± 5 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

5. Einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum flugvélum með mikla afkastagetu

a) Eftirfarandi tákn eru notuð með eftirfarandi merkingu:

P = Þjálfaður sem flugstjóri (PIC) eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn (PF) og flugmaður sem fylgist með (PM)

OTD = Nota má annan þjálfunarbúnað við þessa æfingu

X = Nota skal flughermi með fullri hreyfingu við þessa æfingu, að öðrum kosti skal nota flugvél, ef við á, fyrir flugbragðið eða verklagið

P# = Bæta skal við þjálfunina skoðun á flugvélinni undir umsjón

b) Verkleg þjálfun skal fara fram a.m.k. í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

A = flugvél

FFS = flughermir með fullri hreyfingu

FSTD = flughermisþjálfi

c) Stjörnumerkt (*) atriði í 3. hluta B og, fyrir fjölhreyfla flugvélar, í 6. hluta, skulu alfarið fara fram við blindflugsskilyrði ef framlenging/endurnýjun blindflugsáritunar er innifalin í færniprófinu eða hæfniprófinu. Ef stjörnumerktu (*) atriðin fara ekki einungis fram við blindflugsskilyrði í færniprófinu eða hæfniprófinu og þegar réttindi blindflugsáritunar eru ekki metin, verður tegundar-/flokksáritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

d) Ef reynslu sem nemur 10 flugum hefur ekki verið lokið á síðastliðnum 12 mánuðum skal ljúka 3. hluta A til framlengingar á tegundar- eða fjölhreyflaflokksáritun sem takmörkuð er við sjónflugsreglur eingöngu. Ekki er gerð krafa um 3. hluta A ef 3. hluta B er lokið.

e) Ef bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf gefur það til kynna skyldubundna æfingu eða valkost, ef fleiri en ein æfing er sýnd.

f) Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun til tegundar- eða fjölhreyflaflokksáritunar ef hann er hluti af samþykktu námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar. Tekið verður tillit til eftirtalinna atriða við samþykki námskeiðsins:

   i. viðurkenningu flughermisþjálfans, eins og sett er fram í viðeigandi kröfum VI. viðauka (ARA-hluta) og VII. viðauka (ORA-hluta),

   ii. starfsréttinda kennaranna,

   iii. hversu mikið af þjálfuninni á námskeiðinu er veitt í flughermisþjálfa og

   iv. starfsréttinda og fyrri reynsla flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum.

g) Ef sótt er um réttindi fyrir starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi í fyrsta sinn skulu flugmenn, sem eru handhafar réttinda fyrir starfrækslu í einstjórnarumhverfi:

   1) ljúka viðbótarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem inniheldur flugbrögð og verklagsreglur, þ.m.t. áhafnarsamstarf, sem og æfingarnar í 7. hluta, með því að nota hættu- og mistakastjórnun (TEM), stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM) og mannlega þætti og

   2) standast hæfnipróf í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi.

h) Ef sótt er um réttindi fyrir starfrækslu í einstjórnarumhverfi í fyrsta sinn skulu flugmenn, sem eru handhafar réttinda fyrir starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, hljóta þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki og taka próf í eftirfarandi viðbótarflugbrögðum og -verklagsreglum fyrir starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi:

   1) fyrir eins hreyfils flugvélar: liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B og

   2) fyrir fjölhreyflaflugvélar: liður 1.6, 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B.

i) Flugmenn, sem eru handhafar réttinda til starfrækslu bæði í einstjórnar- og fjölstjórnarumhverfi, í samræmi við g- og h-lið, geta framlengt gildistíma réttindanna fyrir báðar tegundir starfrækslu með því að ljúka hæfniprófi í fjölstjórnarumhverfi til viðbótar við æfingarnar, sem um getur í 1. eða 2. lið h-liðar, eftir því sem við á, fyrir starfrækslu í einstjórnarumhverfi.

j) Ef færniprófi eða hæfniprófi er eingöngu lokið í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi skal tegundaráritunin takmarkast við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi. Afnema skal takmörkunina þegar flugmenn uppfylla kröfur h-liðar.

k) Þjálfun, prófanir og mat á hæfni skal fara fram í samræmi við töfluna hér á eftir.

   1) Þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, kröfur um prófanir og mat á hæfni fyrir einstjórnarréttindi.

   2) Þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, kröfur um prófanir og mat á hæfni fyrir fjölstjórnarréttindi.

   3) Þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, kröfur um prófanir og mat á hæfni fyrir flugmenn sem eru handhafar einstjórnarréttinda en leitast eftir að hljóta fjölstjórnarréttindi í fyrsta sinn (viðbótarnámskeið).

   4) Þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, kröfur um prófanir og mat á hæfni fyrir flugmenn sem eru handhafar fjölstjórnarréttinda en leitast eftir að hljóta einstjórnarréttindi í fyrsta sinn (viðbótarnámskeið).

   5) Þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki og kröfur um mat á hæfni fyrir framlengingu og endurnýjun á einstjórnar- og fjölstjórnarréttindum.

	(1)		(2)		(3)		(4)		(5)	
Tegund starfrækslu	SP (einn flugmaður)		MP (margir flugmenn)		SP → MP (fyrsta skipti)		MP → SP (fyrsta skipti)		SP + MP	
	Þjálfun	*Prófun/mat á hæfni*	*Þjálfun*	*Prófun/mat á hæfni*	*Þjálfun*	*Prófun/mat á hæfni*	*Þjálfun, prófun og mat á hæfni (eins hreyfils flugvélar)*	*Þjálfun, prófun og mat á hæfni (fjölhreyflaflugvélar)*	*Eins hreyfils flugvélar*	*Fjölhreyflaflugvélar*
Fyrsta útgáfa: Flókin einstjórnar-flugvél	1.-6. hluti 1.-7. hluti	1.-6. hluti 1.-7. hluti	1.-7. hluti	1.-7. hluti	Áhafnarsamstarf (MCC) Stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM) Mannlegir þættir Hættu- og mistakastjórnun (TEM) 7. hluti	1.-7. hluti	liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	liður 1.6, 6. þáttur og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B		
Framlenging Flókin einstjórnar-flugvél	Á ekki við 1.-7. hluti	1.-6. hluti 1.-7. hluti	Á ekki við	1.-7. hluti	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Fjölstjórnarstarfræksla (MPO): 1.-7. hluti Starfræksla í einstjórnarumhverfi (SPO): liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	Fjölstjórnarstarfræksla (MPO): 1.-7. hluti Starfræksla í einstjórnarumhverfi (SPO): liður 1.6, 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B
Endurnýjun Flókin einstjórnar-flugvél	FCL.740 1.-7. hluti	1.-6. hluti 1.-7. hluti	FCL.740	1.-6. hluti	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framlengingu	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framlengingu

l) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal fara eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.

FERÐAVÉLSVIFFLUGUR OG EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
1. HLUTI						
1	Brottflug	OTD				
1.1	Undirbúningur fyrir flug, þ.m.t.: — flugskjöl, — massi og jafnvægi, — veðurathugun og — tilkynningar til flugmanna.					
1.2	Skoðanir fyrir flug					
1.2.1	Ytri	OTD P#	P		M	
1.2.2	Innri	OTD P#	P		M	
1.3	Gangsetning hreyfils: eðlilegar bilanir.	P——>	——>		M	
1.4	Akstur	P——>	——>		M	
1.5	Athuganir fyrir brottför: hreyfill hitaður upp (ef við á)	P——>	——>		M	
1.6	Verklag við flugtak: — eðlilegt með flapa stillta samkvæmt flughandbók og — í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi).	P——>	——>		M	
1.7	Klifur: — Vx/Vy, — beygjur í nefstefnur og — farið í lárétt flug.	P——>	——>		M	
1.8	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti	P——>			M	
2. HLUTI						
2	Flugstörf (við sjónflugsskilyrði (VMC))	P——>	——>			
2.1	Beint og lárétt flug á mismunandi flughraða, þar á meðal flug á hættulega litlum flughraða með og án flapa (ásamt aðflugi að V V_{mca} ef við á)					

FERÐAVÉLSVIFFLUGUR OG EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
2.2	Krappar beygjur (360° vinstri og hægri með 45° halla)	P——>	——>		M	
2.3	Ofris og viðbrögð við því: i. hreint ofris, ii. flogið að ofrisi í lækkunarbeygju með halla í aðflugsham með hreyfilafli, iii. flogið að ofrisi í lendingarham með hreyfilafli og iv. flogið að ofrisi, klifurbeygja með flugtaks-flapastillingu og klifurafli (aðeins eins hreyfils flugvélar)	P——>	——>		M	
2.4	Flogið með sjálfstýringu og flugbeini (má fara fram í 3. hluta), ef við á	P——>	——>		M	
2.5	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti	P——>	——>		M	
3. ÞÁTTUR A						
3A 3A.1	Verklag á flugleið samkvæmt sjónflugsreglum (sjá c- og d-lið 5. liðar í B-þætti) Flugáætlun, leiðarreikningur og kortalestur	P——>	——>			
3A.2	Hæð, nefstefnu og hraða haldið	P——>	——>			
3A.3	Áttun, tímasetning og endurskoðun áætlaðs komu-tíma	P——>	——>			
3A.4	Notkun leiðsöguvirkja (ef við á)	P——>	——>			
3A.5	Stjórnun flugs (flugdagbók, venjubundin gátun, þar á meðal á eldsneyti, kerfi og ísingu)	P——>	——>			
3A.6	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti	P——>	——>			
3. HLUTI B						
3B 3B.1*	Blindflug Brottför samkvæmt blindflugsreglum	P——>	——>		M	

FERÐAVÉLSVIFFLUGUR OG EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar próf eða mati er lokið
3B.2*	Flogið á flugleið samkvæmt blindflugsreglum	P——>	——>		M	
3B.3*	Verklagsreglur í biðflugi	P——>	——>		M	
3B.4*	Þrívíddar blindaðflug að ákvörðunarhæð/-flughæð(DH/A) 200 fet (60 m) eða að hærri lágmörkum ef aðflugsverklagið krefst þess (nota má sjálfstýringu þar til komið er á mótum lokakafla í blindaðflugi og lóðréttrar flugslóðar (e. *vertical path intercept*))	P——>	——>		M	
3B.5*	Tvívítt blindaðflug að lágmarkslækkunarhæð/-flughæð (MDH/A)	P——>	——>		M	
3B.6*	Flugæfingar, þar á meðal líkt eftir bilun í áttavita og sjónbaug: — 1. stigs beygjur og — viðbrögð við óvenjulegri stöðu.	P——>	——>		M	
3B.7*	Bilun í miðlínusendi eða hallageisla	P——>	——>			
3B.8*	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti	P——>	——>		M	
	Hér á að vera eyða					
4. HLUTI						
4 4.1	Koma og lendingar Verklag við komu að flugvelli	P——>	——>		M	
4.2	Eðlileg lending	P——>	——>		M	
4.3	Lending án flapa	P——>	——>		M	
4.4	Lending í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi)	P——>	——>			
4.5	Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi frá allt að 2000 fetum yfir flugbraut (einungis eins hreyfils flugvélar)	P——>	——>			
4.6	Hætt við lendingu í lágmarkshæð	P——>	——>		M	
4.7	Hætt við lendingu og lending að nóttu til (ef við á)	P——>	——>			
4.8	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti	P——>	——>		M	
5. HLUTI						
5	Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum (þennan hluta má tengja 1.–4. hluta)					

FERÐAVÉLSVIFFLUGUR OG EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
5.1	Hætt við flugtak á hæfilegum hraða	P——>	——>		M	
5.2	Hreyfilbilun, sem líkt er eftir, eftir flugtak (einungis eins hreyfils flugvélar)		P		M	
5.3	Líkt eftir nauðlendingu án hreyfilafls (einungis eins hreyfils flugvélar)		P		M	
5.4	Líkt eftir neyðarástandi: i. eldur eða reykur á flugi og ii. bilanir í kerfum, eftir því sem við á	P——>	——>			
5.5	Á aðeins við um þjálfun í fjölhreyflaflugvél og á ferðavélsvifflugu: hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (í öruggri flughæð ef framkvæmt í loftfarinu)	P——>	——>			
5.6	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti					
6. HLUTI						
6 6.1*	Líkt eftir flugi með biluðum hreyfli (þennan hluta má tengja 1.-5. hluta) Hreyfilbilun, sem líkt er eftir, við flugtak (í öruggri flughæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfi II)	P——>	—>X		M	
6.2*	Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu	P——>	——>		M	
6.3*	Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending	P——>	——>		M	
6.4	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti	P——>	——>		M	
7. HLUTI						
7	UPRT-þjálfun					
7.1	Flugbrögð og verklag					
7.1.1	Handstýrt flug með og án flugbeina (engin sjálfstýring, enginn sjálfvirkur knýr/eldsneytisgjöf (e. *autothrust/autothruttle*) og með mismunandi stýrikerfi ef við á)	P——>	——>			

FERÐAVÉLSVIFFLUGUR OG EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN	
Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
7.1.1.1 Við mismunandi hraða (þ.m.t. hægflug) og flughæðir innan þjálfunarramma flughermisþjálfans (FSTD).	P——>	——>			
7.1.1.2 Krappar beygjur með því að nota 45° halla, 180° til 360° til vinstri og hægri	P——>	——>			
7.1.1.3 Beygjur með og án lyftispilla	P——>	——>			
7.1.1.4 Flug og flugbrögð samkvæmt blindflugsferli, þ.m.t. blindbrottflug og -aðflug og sjónaðflug	P——>	——>			
7.2 Þjálfun í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu 7.2.1 Viðbrögð við ofrisi í: — flugtaksham, — hreinum flugham í lágri flughæð, — hreinum flugham nálægt hámarksflughæð og — lendingarham	P——>	——>			
7.2.2 Eftirfarandi æfingar í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu: — viðbrögð við hárri nefstöðu (e. *nose-high*) við mismunandi beygjuhalla og — viðbrögð við lágri nefstöðu (e. *nose-low*) við mismunandi beygjuhalla.	P Fyrir þetta þjálfunarverkefni er einungis leyfilegt að nota FFS	X Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu		Eingöngu FFS	
7.3 Hætt við lendingu með alla hreyfla virka* á ýmsum stigum blindaðflugs	P—>	——>			
7.4 Hætt við lendingu með alla hreyfla virka: — í ýmsum hæðum undir DH/MDH 15 m (50 fetum) yfir flugbrautarþröskuldi — eftir brautarsnertingu (hætt við lendingu). — Í flugvélum, sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða í mjötluflokki (SFAR 23), skal hætta við lendingu með alla hreyfla virka undir MDH/A eða eftir brautarsnertingu.	P——>	——>			

6. Fjölstjórnarflugvélar og flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu

a) Eftirfarandi tákn eru notuð með eftirfarandi merkingu:

P = Þjálfaður sem flugstjóri (PIC) eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn (PF) og flugmaður sem fylgist með (PM) til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

OTD = Nota má annan þjálfunarbúnað við þessa æfingu

X = Nota skal flughermi með fullri hreyfingu (FFS) við þessa æfingu, að öðrum kosti skal nota flugvél ef við á fyrir flugbragðið eða verklagið

P# = Bæta skal við þjálfunina skoðun á flugvélinni undir umsjón.

b) Verklega þjálfunin skal a.m.k. fara fram í því þjálfunartæki sem merkt er með (P) eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

A = flugvél

FFS = flughermir með fullri hreyfingu

FSTD = flughermisþjálfi.

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði.

d) Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf gefur til kynna að æfingin er skyldubundin.

e) Nota skal flughermi með fullri hreyfingu (FFS) við verklega þjálfun og próf ef þessi flughermir er hluti af samþykktu tegundaráritunarnámskeiði. Tekið verður tillit til eftirtalinna atriða við samþykki námskeiðsins:

i. starfsréttinda kennaranna,

ii. starfsréttinda og umfang þjálfunar í flughermisþjálfa, sem boðið er upp á á námskeiðinu, og

iii. starfsréttinda og fyrri reynslu flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum.

f) Flugbrögð og verklag skulu fela í sér áhafnarsamstarf (MCC) fyrir fjölstjórnarflugvélar og flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi.

g) Í flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, sem starfræktar eru í einstjórnarumhverfi, skulu flugbrögð og verklag fara fram í einstjórnarumhverfi.

h) Hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu takmarkast tegundaráritunin við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi þegar færnipróf eða hæfnipróf er framkvæmt við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi. Ef sótt er um einstjórnarréttindi skulu flugbrögðin/verklagið í liðum 2.5, 3.8.3.4, 4.4, 5.5 og a.m.k. eitt flugbragð/verklag úr lið 3.4 enn fremur framkvæmd í einstjórnarstarfrækslu.

i) Hvað varðar takmarkaða tegundaráritun, sem gefin er út í samræmi við e-lið FCL.720.A, skal umsækjandinn uppfylla sömu kröfur og aðrir umsækjendur um tegundaráritun nema hvað varðar verklegar æfingar í tengslum við flugtak og lendingu.

j) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
Flugbrögð/verklag		FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
1. HLUTI						
1	Undirbúningur flugs	OTD				
1.1.	Útreikningur á afkastagetu	P				
1.2.	Flugvél skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar	OTD P#	P			
1.3.	Skoðun stjórnklefa	P———>	———>			
1.4.	Notkun gátlista áður en hreyflar eru ræstir, verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti	P———>	———>		M	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
1.5.	Akstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara	P———>	———>			
1.6.	Prófanir fyrir flugtak	P———>	———>		M	
2. HLUTI						
2	Flugtak	P———>	———>			
2.1.	Eðlilegt flugtak með mismunandi stillingum flapa, þ.m.t. flugtak í flýti					
2.2*	Flugtak í blindflugi: þess er krafist að skipt sé yfir í blindflug þegar flugvélin er reist í flugtaki eða strax eftir flugtak	P———>	———>			
2.3.	Flugtak í hliðarvindi	P———>	———>			
2.4.	Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur hámarksflugtaksmassi eða hámarksflugtaksmassi sem líkt er eftir)	P———>	———>			
2.5.	Flugtök með hreyfilbilun sem líkt er eftir:	P———>	———>			
2.5.1*	Skömmu eftir að V2 er náð					
	(Í flugvélum sem ekki eru skráðar í flutningaflokki eða mjötluflokki skal ekki líkt eftir hreyfilbilun fyrr en náð hefur verið minnst 500 feta lágmarkshæð yfir brautarenda. Í flugvélum sem hafa sömu afkastagetu og flugvél í flutningaflokki, að því er varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð, má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun skömmu eftir að V2 hefur verið náð)					
2.5.2*	milli V1 og V2	P	X		M Eingöngu FFS	
2.6.	Hætt við flugtak á hæfilegum hraða áður en V1 er náð	P———>	——>X		M	
3. HLUTI						
3	Flugbrögð og verklag	P———>	——>			
3.1.	Handstýrt flug með og án flugbeina					
	(engin sjálfstýring, enginn sjálfvirkur knýr/ eldsneytisgjöf (e. *autothrust/autothruttle*), og með mismunandi stýrikerfi ef við á)					
3.1.1.	Við mismunandi hraða (þ.m.t. hægflug) og flughæðir innan ramma FSTD-þjálfunarinnar	P———>	——>			
3.1.2	Krappar beygjur með því að nota 45° halla, 180° til 360° til vinstri og hægri	P———>	——>			
3.1.3.	Beygjur með og án lyftispilla	P———>	——>			
3.1.4.	Flug og flugbrögð samkvæmt blindflugsferli, þ.m.t. blindbrottflug og -aðflug og sjónaðflug	P———>	——>			

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
3.2.	Dýfutilhneiging (e. *tuck under*) og Mach-hristingur (e. *Mach buffet*) (ef við á) og aðrir sérstakir flugeiginleikar flugvélarinnar (t.d. vængvelta með geigun (e. *Dutch Roll*))	P———>	——>X Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu		Eingöngu FFS	
3.3.	Eðlileg starfræksla kerfa og stjórntækja á mælaborði flugkerfastjóra (ef við á)	OTD P———>	——>			
3.4.	Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa:				M	Velja skal minnst 3 óeðlileg atriði frá 3.4.0 til 3.4.14, að báðum meðtöldum
3.4.0.	Hreyfill (skrúfa, ef nauðsynlegt)	OTD P———>	———>			
3.4.1.	Þrýstijöfnun og loftjöfnun	OTD P———>	———>			
3.4.2.	Hraðanemakerfi	OTD P———>	———>			
3.4.3.	Eldsneytiskerfi	OTD P———>	———>			
3.4.4.	Rafkerfi	OTD P———>	———>			
3.4.5.	Vökvakerfi	OTD P———>	———>			
3.4.6.	Stýrakerfi og stýrisstillikerfi	OTD P———>	———>			
3.4.7.	Ísingarvarnar- og afísingarkerfi, rúðuhitun	OTD P———>	———>			
3.4.8.	Sjálfstýring/flugbeinir	OTD P———>	———>		M (eingöngu einstjórn-arstarfræksla)	
3.4.9.	Ofrisaðvörun eða ofrisvörn og stöðugleikabúnaður	OTD P———>	———>			
3.4.10.	Jarðvarakerfi, veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari	P———>	———>			
3.4.11.	Fjarskiptabúnaður, leiðsögubúnaður, mælitæki, flugstýrikerfi	OTD P———>	———>			

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
3.4.12.	Lendingarbúnaður og hemlakerfi	OTD P———>	———>			
3.4.13.	Raufungur (e. *slat*) og flapakerfi	OTD	———>			
3.4.14.	Aukaaflstöð (APU)	OTD P———>	———>			
	Hér á að vera eyða					
3.6.	Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum:				M	Velja skal minnst 3 atriði frá 3.6.1 til 3.6.9, að báðum meðtöldum
3.6.1.	Brunaæfingar, t.d. bruni í hreyfli, aukaaflstöð, farþegaklefa, farmrými, stjórnklefa, væng og rafmagnseldar, þ.m.t. rýming	P———>	———>			
3.6.2.	Reykhindrun og reykræsting	P———>	———>			
3.6.3.	Hreyfilbilanir, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju í öruggri hæð	P———>	———>			
3.6.4.	Snögglosun eldsneytis (sem líkt er eftir)	P———>	———>			
3.6.5.	Vindhvörf við flugtak/lendingu	P	X		Eingöngu FFS	
3.6.6.	Líkt eftir þrýstingsbilun í farþegaklefa/neyðarlækkun	P———>	———>			
3.6.7.	Óstarfhæfni flugliða í áhöfn	P———>	———>			
3.6.8.	Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í flughandbók viðeigandi flugvélar	P———>	———>			
3.6.9.	Atburður í tengslum við umferðar- og árekstrarvarakerfi (TCAS)	OTD P———>	Ekki skal nota flugvél		Eingöngu FFS	
3.7.	Þjálfun í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu	P	X			
3.7.1.	Viðbrögð við ofrisi í: — flugtaksham, — hreinum flugham í lágri flughæð, — hreinum flugham nálægt hámarksflughæð og — lendingarham.	Fyrir þetta þjálfunarverkefni er einungis leyfilegt að nota FFS	Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu			
3.7.2.	Eftirfarandi æfingar í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu: — viðbrögð við hárri nefstöðu (e. *nose-high*) við mismunandi beygjuhalla og — viðbrögð við lágri nefstöðu (e. *nose-low*) við mismunandi beygjuhalla.	P Fyrir þetta þjálfunarverkefni er einungis leyfilegt að nota FFS	X Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu		Eingöngu FFS	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
3.8.	Verklag í blindflugi					
3.8.1*	Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt	P———>	———>		M	
3.8.2*	Verklag í biðflugi	P———>	———>			
3.8.3*	Flogið þrívíddar blindflugi að ákvörðunarhæð/-flughæð (DH/A) 200 fet (60 m) eða að hærri lágmörkum ef aðflugsverklagið krefst þess					

Athugasemd: Samkvæmt flughandbókinni getur þurft að nota sjálfstýringu eða flugbeini við aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aðferðin við aðflugið, sem er flogið handvirkt, skal valin með tilliti til slíkra takmarkana (t.d. velja blindlendingarkerfi (ILS) fyrir lið 3.8.3.1 ef mælt er fyrir um slíkar takmarkanir í flughandbókinni).

3.8.3.1*	Handflogið, án flugbeinis	P———>	———>		M (færniprof eingöngu)	
3.8.3.2*	Handflogið, með flugbeini	P———>	———>			
3.8.3.3*	Með sjálfstýringu	P———>	———>			
3.8.3.4*	Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli að brautarsnertingu eða í öllu fráfluginu. Í flugvélum, sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða mjötluflokki (SFAR 23), skal aðflug þar sem líkt er eftir hreyfilbilun hafið, og í framhaldi af því hætt við lendingu, í tengslum við grunnaðflugið eins og lýst er í lið 3.8.4. Hætt skal við lendingu þegar náð er útgefinni hæð/flughæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A), þó ekki síðar en náð er lágmarkslækkunarhæð/-flughæð (MDH/A) sem nemur 500 fetum yfir þröskuldi flugbrautar. Í flugvélum, sem hafa sams konar afkastagetu og flugvél í flutningaflokki hvað varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð, má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun í samræmi við lið 3.8.3.4.	P———>	———>		M	
3.8.3.5.*	Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi eftir að farið er yfir ytri markvita að hámarki 4 sjómílur að brautarsnertingu eða í öllu fráfluginu.	P———>	———>		M	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
	Í flugvélum, sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða mjötluflokki (SFAR 23), skal aðflug þar sem líkt er eftir hreyfilbilun hafið, og í framhaldi af því hætt við lendingu, í tengslum við grunnaðflugið eins og lýst er í lið 3.8.4. Hætt skal við lendingu þegar náð er útgefinni hæð/flughæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A), þó ekki síðar en náð er lágmarkslækkunarhæð/-flughæð (MDH/A) sem nemur 500 fetum yfir þröskuldi flugbrautar. Í flugvélum, sem hafa sams konar afkastagetu og flugvél í flutningaflokki hvað varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð, má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun í samræmi við lið 3.8.3.4.					
3.8.4*	Tvívítt blindaðflug niður að lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	P*—>	———>		M	
3.8.5.	Hringaðflug við eftirtaldar aðstæður: a)* aðflug að leyfðri lágmarkshæð hringaðflugs að viðkomandi flugvelli í samræmi við blindaðflugsbúnað á staðnum og við blindflugsskilyrði sem líkt er eftir, og að því loknu: b) hringaðflug að annarri flugbraut sem er minnst 90° frá miðlínu lokaaðflugs, sem notuð var í a-lið, í leyfðri lágmarkshæð hringaðflugs. *Athugasemd:* ef flugumferðarstjórn leyfir ekki a- og b-lið má líkja eftir aðflugsferli í lélegu skyggni.	P*—>	———>			
3.8.6.	Sjónaðflug	P——>	———>			
4. HLUTI						
4	Verklag í fráflugi					
4.1.	Hætt við lendingu með alla hreyfla virka* þegar ákvörðunarhæð er náð við þrívíddaraðflug	P*—>	———>			
4.2.	Hætt við lendingu með alla hreyfla virka* á ýmsum stigum blindaðflugs	P*—>	———>			
4.3.	Annað verklag í fráflugi	P*—>	———>			
4.4*	Handflogið fráflug þegar líkt er eftir því að markhreyfill sé óvirkur eftir blindaðflug þegar ákvörðunarhæð, lágmarkslækkunarhæð eða fráflugshæð (MAPt) er náð	P*——>	———>		M	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
4.5.	Hætt við lendingu með alla hreyfla virka: — úr mismunandi hæðum undir DH/MDH, — eftir brautarsnertingu (hætt við lendingu). Í flugvélum, sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða í mjötluflokki (SFAR 23), skal hætta við lendingu með alla hreyfla virka undir MDH/A eða eftir brautarsnertingu.	P———>	———>			
5. HLUTI						
5	Lendingar	P				
5.1.	Venjulegar lendingar* þegar kennileiti sjást í DA/H eftir blindaðflugsaðgerð					
5.2.	Lending þegar líkt er eftir því að hæðarstýriskambur sé fastur í rangri stöðu	P———>	Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu		Eingöngu FFS	
5.3.	Lendingar í hliðarvindi (í loftfari, ef mögulegt er)	P———>	———>			
5.4.	Umferðarhringur og lending með flapa og raufunga óútdregna eða útdregna að hluta	P———>	———>			
5.5.	Lending þegar líkt er eftir því að markhreyfill sé óvirkur	P———>	———>		M	
5.6.	Lending með tvo hreyfla óvirka: — þriggja hreyfla flugvélar: miðhreyfill og annar ytri hreyfill, eftir því sem framkvæmanlegt er, samkvæmt flughandbók flugvélarinnar og — fjögurra hreyfla flugvélar: tveir hreyflar sömu megin	P	X		M Eingöngu FFS (færniprof eingöngu)	

Almennar athugasemdir:

Sérstakar kröfur vegna viðbótarréttinda við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður að ákvörðunarhæð lægri en 200 fet (60 m), þ.e. til starfrækslu skv. II. eða III. flokki (CAT II/III).

6. HLUTI						
	Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum) (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)).					

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað eða metið í FSTD eða A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi eða mati er lokið
	Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarks-þjálfunarkröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað flugvélar sem krafist er til útgáfu tegundar-skírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum).					
6.1*	Hætt við flugtak við minnsta leyfilegt flugbrautar-skyggni (RVR)	P*———>	——> X Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu		M*	
6.2*	Aðflug skv. II./III. flokki: við blindflugsskilyrði, sem líkt er eftir, niður í viðeigandi ákvörðunarhæð þegar notað er leiðsögu-kerfi. Nota skal staðlað verklag við áhafnarsamstarf (verkaskiptingu, verklag við útköll, gagnkvæmt eftirlit, upplýsingaskipti og upplýsingagjöf).	P———>	———>		M	
6.3*	Hætt við lendingu: eftir aðflug, eins og lýst er í 6.2, þegar ákvörð-unarhæð er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna ónógs flugbrautarskyggnis (sem líkt er eftir), vind-hvarfa, frábrigðis flugvélar út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í flugvélinni áður en ákvörðunarhæð er náð og hætt við lendingu þegar líkt er eftir bilun í tækjabúnaði flugvélarinnar.	P———>	———>		M*	
6.4*	Lending eða lendingar: þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blind-aðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flugleiðsögukerfi leyfir.	P———>	———>		M	

ATHUGASEMD: Aðflug skv. II. eða III. flokki (CAT II/III) skal fara fram í samræmi við viðeigandi flugrekstr-arkröfur.

7. Flokksáritanir — sjór

Ef reynslu sem nemur 10 flugum hefur ekki verið lokið á síðastliðnum 12 mánuðum skal ljúka 6. hluta til framlengingar á flokksáritun fyrir fjölhreyfils sjóflugvélar, einungis samkvæmt sjónflugsreglum.

FLOKKSÁRITUN — SJÓR	VERKLEG ÞJÁLFUN	FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKSÁRITUN
Flugbrögð/verklag	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI		
1 **Brottflug** 1.1. Undirbúningur fyrir flug, þ.m.t.: — flugskjöl, — massi og jafnvægi, — veðurathugun og — tilkynningar til flugmanna.		
1.2. Skoðanir fyrir flug Ytri/innri		
1.3. Gangsetning hreyfla og verklag eftir gangsetningu Eðlilegar bilanir		
1.4. Akstur		
1.5. Hraðakstur á vatni		
1.6. Legufæri: Strönd Hafnargarður Bauja		
1.7. Siglt án hreyfilafls		
1.8. Athuganir fyrir brottför: Hreyfill hitaður upp (ef við á)		
1.9. Verklag við flugtak: — eðlilegt með flapa stillta samkvæmt flughandbók og — í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi).		
1.10. Klifur: — beygjur í nefstefnur — farið í lárétt flug.		
1.11. Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
2. HLUTI		
2 **Flugstörf (í sjónflugi)** 2.1. Beint og lárétt flug á mismunandi flughraða, þar á meðal flug á hættulega litlum flughraða með og án flapa (ásamt aðflugi að V_{MCA} ef við á)		
2.2. Krappar beygjur (360° vinstri og hægri með 45° halla)		

FLOKKSÁRITUN — SJÓR	VERKLEG ÞJÁLFUN	FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKSÁRITUN
Flugbrögð/verklag	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
2.3. Ofris og viðbrögð við því: i. hreint ofris, ii. flogið að ofrisi í lækkunarbeygju með halla í aðflugsham með hreyfilafli, iii. flogið að ofrisi í lendingarham með hreyfilafli og iv. flogið að ofrisi, klifurbeygja með flugtaks-flapastillingu og klifurafli (aðeins eins hreyfils flugvélar).		
2.4. Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
3. HLUTI		
3 **Verklag á flugleið samkvæmt sjónflugsreglum** 3.1. Flugáætlun, leiðarreikningur og kortalestur		
3.2. Hæð, nefstefnu og hraða haldið		
3.3. Áttun, tímasetning og endurskoðun áætlaðs komutíma		
3.4. Notkun leiðsöguvirkja (ef við á)		
3.5. Stjórnun flugs (flugdagbók, venjubundin gátun, þar á meðal á eldsneyti, kerfi og ísingu)		
3.6. Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
4. HLUTI		
4 **Komur og lendingar** 4.1. Verklag við komu að flugvelli (láðs- og lagarflugvélar eingöngu)		
4.2. Eðlileg lending		
4.3. Lending án flapa		
4.4. Lending í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi)		
4.5. Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi frá allt að 2000 fetum yfir vatnsborði (einungis eins hreyfils flugvélar)		
4.6. Hætt við lendingu í lágmarkshæð		

FLOKKSÁRITUN — SJÓR	VERKLEG ÞJÁLFUN	FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF FYRIR FLOKKSÁRITUN
Flugbrögð/verklag	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
4.7. Lending á spegilsléttu vatni Lending á úfnu vatni		
4.8. Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
5. HLUTI		
5 **Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum** (Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta) 5.1. Hætt við flugtak á hæfilegum hraða		
5.2. Hreyfilbilun, sem líkt er eftir, eftir flugtak (einungis eins hreyfils flugvélar)		
5.3. Nauðlending, sem líkt er eftir, án hreyfilafls (einungis eins hreyfils flugvélar)		
5.4. Neyðarástand sem líkt er eftir: i. eldur eða reykur á flugi og ii. bilanir í kerfum eftir því sem við á.		
5.5. Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
6. HLUTI		
6 **Líkt eftir flugi með biluðum hreyfli í fjölhreyfla flugvél** (Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta) 6.1. Hreyfilbilun, sem líkt er eftir, við flugtak (í öruggri flughæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfi II)		
6.2. Hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (einungis færnipróf í fjölhreyfla flugvél)		
6.3. Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu		
6.4. Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending		
6.5. Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		

C. **Sértækar kröfur fyrir þyrlur**

1. Hvað varðar færni- eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir og atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skulu umsækjendur standast 1.-4. hluta og 6. hluta (ef við á) í færni- eða hæfniprófinu. Umsækjendur sem falla í fleiri en fimm atriðum verða að taka allt færni- eða hæfniprófið aftur. Umsækjendur sem falla í fimm atriðum eða færri verða að taka aftur þau atriði sem þeir féllu í. Ef umsækjendur falla í einhverju atriði upptökuprófs, þ.m.t. þau atriði sem þeir stóðust í fyrri tilraun, verða þeir að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

2. Hvað varðar hæfnipróf fyrir blindflugsáritun skulu umsækjendur standast 5. hluta í hæfniprófinu. Umsækjendur sem falla í fleiri en þremur atriðum verða að taka allan 5. hluta aftur. Umsækjendur sem falla í þremur atriðum eða færri verða að taka aftur þau atriði sem þeir féllu í. Ef umsækjendur falla í einhverjum atriðum upptökuprófs, þ.m.t. í þeim atriðum í 5. hluta sem þeir stóðust í fyrri tilraun, verða þeir að taka allt prófið aftur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

3. Umsækjendur skulu sýna að þeir geti:

   a) starfrækt þyrluna innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

   e) alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

   f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða, ef við á, og

   g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja, ef við á.

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar þyrlu sem notuð er.

   a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Hætt við lendingu hefst í ákvörðunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Lágmarkslækkunarhæð (MDH)/fráflugspunktur (MAPt)/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Ferli haldið	
Eftir leiðsögutækjum	± 5°
Fyrir frábrigði frá aðflugshorni	hálft frávik á skala, áttarhorn og hallageisli (t.d. LPV, ILS, MLS, GLS)
Tvívíð (LNAV) og þrívíð (LNAV/VNAV) „línuleg“ lárétt frábrigði	hornrétt skekkja/frábrigði ætti að öllu jöfnu að takmarkast við ±½ af úthlutuðu RNP-gildi fyrir aðferðina. Stutt frábrigði frá þessum staðli, sem nemur að hámarki 1 sinnum RNP-gildið, eru leyfileg.
Þrívíð línuleg, lóðrétt frábrigði (t.d. RNP APCH (LNAV/VNAV)) við notkun leiðsögu í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (Baro-VNAV))	að hámarki –75 fet undir lóðréttu sniði á hverjum tíma og að hámarki +75 fet yfir lóðréttu sniði í eða undir 1000 fetum yfir flugvelli.
Nefstefna	
allir hreyflar virkir	± 5°
líkt eftir hreyfilbilun	± 10°

Hraði	
allir hreyflar virkir	± 5 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

b) Takmarkanir í sjónflugi

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Nefstefna	
Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°
Hraði	
Almennt	± 10 hnútar
Líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar
Rek miðað við jörð	
Vokað í jarðhrifum í flugtaki	± 3 fet
Lending	± 2 fet (0 fet í flugi afturábak eða til hliðar)

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

ALMENNT

5. Eftirfarandi tákn er notað með eftirfarandi merkingu:

   P = Þjálfaður sem flugstjóri fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir einstjórnarþyrlu (SPH) eða þjálfaður sem flugstjóri (PIC) eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn (PF) og flugmaður sem fylgist með (PM) fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu (MPH).

6. Verklega þjálfunin skal a.m.k. fara fram í því þjálfunartæki sem merkt er með (P) eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

   Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

   FFS = flughermir með fullri hreyfingu

   FTD = flugþjálfunartæki

   H = þyrla

7. Stjörnumerkt atriði (*) skulu einungis fara fram við raunveruleg blindflugsskilyrði (IMC) eða blindflugsskilyrði, sem líkt er eftir, ef umsækjendur vilja endurnýja eða framlengja blindflugsáritun fyrir fjölstjórnarþyrlu eða fá viðbótarréttindi fyrir aðra tegund.

8. Verklag í blindflugi (5. hluti) skal einungis framkvæmt af umsækjendum sem vilja endurnýja eða framlengja blindflugsáritun fyrir þyrlu eða fá viðbótarréttindi fyrir aðra tegund. Nota má flughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2/3 í þessum tilgangi.

9. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf gefur til kynna að æfingin er skyldubundin.

10. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef flughermisþjálfinn er hluti af tegundaráritunarnámskeiði. Tekið verður tillit til eftirtalinna atriða við samþykki námskeiðsins:

    a) viðurkenningar flughermisþjálfans, eins og sett er fram í viðeigandi kröfum VI. viðauka (ARA-hluta) og VII. viðauka (ORA-hluta),

    b) starfsréttinda kennarans og prófdómarans,

    c) hversu mikið af þjálfuninni á námskeiðinu er veitt í flughermisþjálfa,

    d) starfsréttinda og fyrri reynslu flugmannanna, sem eru í þjálfun, á svipuðum tegundum og

    e) hversu mikla reynslu flugmaðurinn fær í flugi undir umsjón eftir að nýja tegundaráritunin er gefin út.

FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR

11. Umsækjendur um færnipróf fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu og ATPL(H)-skírteinis skulu aðeins standast 1.-4. hluta og, ef við á, 6. hluta.

12. Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu skulu aðeins standast 1.-4. hluta og, ef við á, 6. hluta.

EINSTJÓRNAR-/FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	H	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FSTD eða H	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI — Fyrirflugsundirbúningur og -skoðanir						
1.1	Þyrla skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar		P		M (ef framkvæmt í þyrlunni)	
1.2	Skoðun stjórnklefa	P	——>		M	
1.3	Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti	P	——>		M	
1.4	Akstur/loftakstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara	P	——>		M	
1.5	Verklag og skoðanir fyrir flugtak	P	——>		M	
2. HLUTI — Flugbrögð og verklag						
2.1	Flugtök (með ýmsu sniði)	P	——>		M	
2.2	Flugtök og lendingar í halla eða í hliðarvindi	P	——>			
2.3	Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur hámarksflugtaksmassi eða hámarksflugtaksmassi sem líkt er eftir)	P	——>			
2.4	Flugtak með hreyfilbilun, sem líkt er eftir, rétt áður en ákvörðunarpunkti flugtaks (TDP) eða skilgreindum öryggispunkti eftir flugtak (DPATO) er náð	P	——>		M	
2.4.1	Flugtak með hreyfilbilun, sem líkt er eftir, skömmu eftir að TDP eða DPATO er náð	P	——>		M	
2.5	Beygjur í klifri og lækkun í ákveðna stefnu	P	——>		M	
2.5.1	Beygjur með 30° halla, 180° til 360° til vinstri og hægri, þegar einungis er stýrt eftir mælitækjum	P	——>		M	
2.6	Lækkun með sjálfsnúningi þyrils	P	——>		M	
2.6.1	Lending með sjálfsnúningi þyrils fyrir eins hreyfils þyrlur (SEH) eða afl endurheimt fyrir fjölhreyfla þyrlur (MEH)	P	——>		M	
2.7	Lendingar, með ýmsu sniði	P	——>		M	
2.7.1	Hætt við lendingu eða lending í kjölfar hreyfilbilunar, sem líkt er eftir, áður en ákvörðunarpunkti í lendingu (LDP) eða skilgreindum öryggispunkti fyrir lendingu (DPBL) er náð.	P	——>		M	
2.7.2	Lending eftir hreyfilbilun, sem líkt er eftir, eftir að LDP eða DPBL er náð.	P	——>		M	

EINSTJÓRNAR-/FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	H	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FSTD eða H	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags						
3	Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags:				M	Velja skal minnst 3 atriði úr þessum hluta
3.1	Hreyfill	P	——>			
3.2	Loftjöfnun (hitun, loftræsting)	P	——>			
3.3	Hraðanemakerfi	P	——>			
3.4	Eldsneytiskerfi	P	——>			
3.5	Rafkerfi	P	——>			
3.6	Vökvakerfi	P	——>			
3.7	Stýrakerfi og stýrisstillikerfi	P	——>			
3.8	Ísingarvarnar- og afísingarkerfi	P	——>			
3.9	Sjálfstýring/flugbeinir	P	——>			
3.10	Stöðugleikabúnaður	P	——>			
3.11	Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari	P	——>			
3.12	Svæðisleiðsögukerfi	P	——>			
3.13	Lendingarbúnaður	P	——>			
3.14	Aukaaflstöð (APU)	P	——>			
3.15	Fjarskiptabúnaður, leiðsögubúnaður, mælitæki og flugstýrikerfi	P	——>			
4. HLUTI — Verklagsreglur við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum						
4	Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum				M	Velja skal minnst 3 atriði úr þessum hluta
4.1	Brunaæfingar (þ.m.t. rýming, ef við á)	P	——>			
4.2	Reykhindrun og reykræsting	P	——>			
4.3	Hreyfilbilanir, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju í öruggri hæð	P	——>			
4.4	Snögglosun eldsneytis (sem líkt er eftir)	P	——>			

EINSTJÓRNAR-/FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	H	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FSTD eða H	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
4.5	Bilun í stjórnbúnaði stélþyrils (ef við á)	P	——>			
4.5.1	Stélþyrill óvirkur (ef við á)	P	Ekki skal nota þyrlu við þessa æfingu			
4.6	Flugverji óstarfhæfur — fjölstjórnarþyrlur eingöngu	P	——>			
4.7	Bilanir í gírkassa	P	——>			
4.8	Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók	P	——>			
5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða blindflugsskilyrði sem líkt er eftir)						
5.1	Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak.	P*	——>*			
5.1.1	Hreyfilbilun, sem líkt er eftir, í brottflugi	P*	——>*		M*	
5.2	Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt	P*	——>*		M*	
5.3	Verklag í biðflugi	P*	——>*			
5.4	Flogið þrívíddar blindflugi að ákvörðunarhæð/-flughæð (DH/A) 200 fet (60 m) eða að hærri lágmörkum ef aðflugsverklagið krefst þess	P*	——>*			
5.4.1	Handflogið, án flugbeinis. Athugasemd: Samkvæmt flughandbókinni getur þurft að nota sjálfstýringu eða flugbeini við aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aðferðin við aðflugið, sem er flogið handvirkt, skal valin með tilliti til slíkra takmarkana (t.d. velja blindlendingarkerfi (ILS) fyrir lið 5.4.1 ef mælt er fyrir um slíkar takmarkanir í flughandbókinni).	P*	——>*		M*	
5.4.2	Handflogið, með flugbeini	P*	——>*		M*	
5.4.3	Með sjálfstýringu tengda	P*	——>*			
5.4.4	Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli að brautarsnertingu eða í öllu fráfluginu	P*	——>*		M*	
5.5	Tvívítt blindaðflug niður að lágmarkslækkunarflughæð/-hæð (MDA/H)	P*	——>*		M*	

EINSTJÓRNAR-/FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR		VERKLEG ÞJÁLFUN			FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
	Flugbrögð/verklag	FSTD	H	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FSTD eða H	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.6	Hætt við lendingu með alla hreyfla virka þegar ákvörðunarflughæð/-hæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð (MDA/H) er náð	P*	——>*			
5.6.1	Annað verklag í fráflugi	P*	——>*			
5.6.2	Hætt við lendingu þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur þegar ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð er náð	P*	——>*		M*	
5.7	Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsskilyrði	P*	——>*		M*	
5.8	Viðbrögð við óvenjulegri stöðu	P*	——>*		M*	
6. HLUTI — Notkun valfrjáls búnaðar						
6	Notkun valfrjáls búnaðar	P	——>			

D. **Sértækar kröfur fyrir vænghnitur**

1. Hvað varðar færni- eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir vænghnitur skulu umsækjendur standast 1.-5. hluta og 6. hluta (ef við á) í færni- eða hæfniprófinu. Umsækjendur sem falla í fleiri en fimm atriðum verða að taka allt færni- eða hæfniprófið aftur. Umsækjendur sem falla í fimm atriðum eða færri verða að taka aftur þau atriði sem þeir féllu í. Ef umsækjendur falla í einhverju atriði upptökuprófs, þ.m.t. þau atriði sem þeir stóðust í fyrri tilraun, verða þeir að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

2. Umsækjendur skulu sýna að þeir geti:
   a) starfrækt vænghnitu innan þeirra takmarka sem henni eru sett,
   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,
   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,
   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,
   e) alltaf haldið góðri stjórn á vænghnitunni með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.
   f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða og
   g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja.
3. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar vænghnitu sem notuð er.
   a) **Takmarkanir í blindflugi**

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Hætt við lendingu hefst í ákvörðunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Ferli haldið	
Eftir leiðsögutækjum	± 5°

Nákvæmnisaðflug	hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli
Nefstefna	
Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°
Hraði	
Almennt	± 10 hnútar
Líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

b) Takmarkanir í sjónflugi:

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Nefstefna	
Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°
Hraði	
Almennt	± 10 hnútar
Líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar
Rek miðað við jörð	
Vokað í jarðhrifum í flugtaki	± 3 fet
Lending	± 2 fet (0 fet í flugi afturábak eða til hliðar)

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

4. Eftirfarandi tákn er notað með eftirfarandi merkingu:

P = Þjálfaður sem flugstjóri (PIC) eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn (PF) og flugmaður sem fylgist með (PM) til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

5. Verklega þjálfunin skal a.m.k. fara fram í því þjálfunartæki sem merkt er með (P) eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

6. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

FFS = flughermir með fullri hreyfingu

FTD = flugþjálfunartæki

OTD = annar þjálfunarbúnaður

PL = vænghnita

a) Umsækjendur um færniprófið fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir vænghnitu skulu standast 1.-5. hluta og, ef við á, 6. hluta.

b) Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á vænghnitu skulu standast 1.-5. hluta og, ef við á, 6. og/eða 7. hluta.

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

7. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf gefur til kynna að æfingin er skyldubundin.

8. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef hann er hluti af samþykktu tegundaráritunarnámskeiði. Tekið verður tillit til eftirtalinna atriða við samþykki námskeiðsins:

a) viðurkenningar flughermisþjálfanna, eins og sett er fram í viðeigandi kröfum VI. viðauka (ARA-hluta) og VII. viðauka (ORA-hluta) og

b) starfsréttinda kennarans.

VÆNGHNITUR		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI — Fyrirflugsundirbúningur og -skoðanir								
1.1	Vænghnita skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar				P			
1.2	Skoðun stjórnklefa	P	——>	——>	——>			
1.3	Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti	P	——>	——>	——>		M	
1.4	Akstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara		P	——>	——>			
1.5	Verklag og skoðanir fyrir flugtak þ.m.t. prófun á afli	P	——>	——>	——>		M	
2. HLUTI — Flugbrögð og verklag								
2.1	Eðlilegt flugtakssnið samkvæmt sjónflugsreglum: Starfræksla á flugbraut (stutt flugtök og lendingar (STOL) og lóðrétt flugtök og lendingar (VTOL)), þ.m.t. hliðarvindur Upphækkaðir þyrluvellir Þyrluvellir á jörðu niðri		P	——>	——>		M	
2.2	Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur hámarksflugtaksmassi eða hámarksflugtaksmassi sem líkt er eftir)		P	——>				
2.3.1	Hætt við flugtak: — við starfrækslu á flugbraut, — við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli og — við starfrækslu nálægt jörðu.		P	——>			M	
2.3.2	Flugtak með hreyfilbilun, sem líkt er eftir, eftir að farið er yfir ákvörðunarpunkt: við starfrækslu á flugbraut, við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli og við starfrækslu nálægt jörðu.		P	——>			M	
2.4	Lækkun með sjálfsnúningi þyrils í þyrluham til jarðar (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P	——>	——>			M FFS eingöngu	
2.4.1	Lækkun með sjálfsnúningi skrúfu í flugvélaham (ekki skal nota flugvél við þessa æfingu)		P	——>			M FFS eingöngu	

VÆNGHNITUR		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
2.5	Eðlilegt lendingarsnið samkvæmt sjón-flugsreglum: Starfræksla á flugbraut (stutt flugtök og lendingar (STOL) og lóðrétt flugtök og lendingar (VTOL)) Upphækkaðir þyrluvellir Þyrluvellir á jörðu niðri		P	——>	——>		M	
2.5.1	Lending með hreyfilbilun, sem líkt er eftir, eftir að ákvörðunarpunkti er náð: — við starfræksla á flugbraut, — við starfræksla á upphækkuðum þyrluvelli og — við starfræksla nálægt jörðu.							
2.6	Hætt við lendingu eða lending í kjölfar hreyfilbilunar, sem líkt er eftir, áður en ákvörðunarpunkti er náð		P	——>			M	
3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags								
3	Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags (má ljúka í flug-hermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna):						M	Velja skal minnst 3 atriði úr þessum hluta
3.1	Hreyfill	P	——>	——>				
3.2	Þrýstijöfnun og loftjöfnun (hitun, loftræsting)	P	——>	——>				
3.3	Hraðanemakerfi	P	——>	——>				
3.4	Eldsneytiskerfi	P	——>	——>				
3.5	Rafkerfi	P	——>	——>				
3.6	Vökvakerfi	P	——>	——>				
3.7	Stýrakerfi og stýrisstillikerfi	P	——>	——>				
3.8	Ísingarvarnar- og afísingarkerfi, rúðuhitun (ef uppsett)	P	——>	——>				
3.9	Sjálfstýring/flugbeinir	P	——>	——>				
3.10	Ofrisaðvörun eða ofrisvörn og stöðugleika-búnaður	P	——>	——>				
3.11	Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjár-svari, jarðvarakerfi (ef uppsett)	P	——>	——>				

VÆNGHNITUR		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.12	Lendingarbúnaður	P	——>	——>				
3.13	Aukaaflstöð (APU)	P	——>	——>				
3.14	Fjarskiptabúnaður, leiðsögubúnaður, mælitæki og flugstýrikerfi	P	——>	——>				
3.15	Flapakerfi	P	——>	——>				
4. HLUTI — Verklagsreglur við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum								
4	Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna)						M	Velja skal minnst 3 atriði úr þessum hluta
4.1	Brunaæfingar, bruni í hreyfli, aukaaflstöð, farmrými, stjórnklefa og rafmagnseldar, þ.m.t. rýming, ef við á	P	——>	——>				
4.2	Reykhindrun og reykræsting	P	——>	——>				
4.3	Hreyfilbilun, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu) þ.m.t. skipt úr þyrluham í flugvélarham með einn hreyfil óstarfhæfan (e. *OEI conversion*) og öfugt	P	——>	——>			FFS eingöngu	
4.4	Snögglosun eldsneytis (sem líkt er eftir, ef uppsett)	P	——>	——>				
4.5	Vindhvörf við flugtak og lendingu (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)			P			FFS eingöngu	
4.6	Líkt eftir þrýstingsbilun í farþegarými/neyðarlækkun (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P	——>	——>			FFS eingöngu	
4.7	Atburður í tengslum við árekstrarvarakerfi (ACAS) (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P	——>	——>			FFS eingöngu	
4.8	Óstarfhæfni flugverja	P	——>	——>				
4.9	Bilanir í gírkassa	P	——>	——>			FFS eingöngu	

VÆNGHNITUR		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
4.10	Viðbrögð við fullu ofrisi (með og án afls) eða eftir að ofrisvörn hefur verið virkjuð í klifri, farflugi og aðflugsham (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P	——>	——>			FFS eingöngu	
4.11	Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók	P	——>	——>				
5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða blindflugsskilyrði sem líkt er eftir)								
5.1	Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak.	P*	——>*	——>*				
5.1.1	Hreyfilbilun, sem líkt er eftir, í brottflugi eftir að ákvörðunarpunkti er náð	P*	——>*	——>*			M*	
5.2	Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt	P*	——>*	——>*			M*	
5.3	Verklag í biðflugi	P*	——>*	——>*				
5.4	Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunarhæð sem er ekki undir 60 m (200 fetum)	P*	——>*	——>*				
5.4.1	Handflogið, án flugbeinis	P*	——>*	——>*			M* (færnipróf eingöngu)	
5.4.2	Handflogið, með flugbeini	P*	——>*	——>*				
5.4.3	Með sjálfstýringu	P*	——>*	——>*				
5.4.4	Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri mark-vita að brautarsnertingu eða í öllu fráflug-inu	P*	——>*	——>*			M*	
5.5	Grunnaðflug niður að lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð	P*	——>*	——>*			M*	
5.6	Hætt við lendingu með alla hreyfla virka þegar ákvörðunarflughæð/-hæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð (MDA/H) er náð	P*	——>*	——>*				

VÆNGHNITUR		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.6.1	Annað verklag í fráflugi	P*	——>*	——>*				
5.6.2	Hætt við lendingu þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur í ákvörðunar-flughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflug-hæð/-hæð	P*					M*	
5.7	Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsskilyrði til að lenda á flugbraut í þyrluham eingöngu (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P*	——>*	——>*			M* Eingöngu FFS	
5.8	Viðbrögð við óvenjulegri stöðu (þetta er háð getu flughermisins með fullri hreyf-ingu)	P*	——>*	——>*			M*	
6. HLUTI — Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum) (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III))								
6	Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)). Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarksþjálfunarkröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað vænghnitu sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum).							
6.1	Hætt við flugtak við minnsta leyfilegt flugbrautarskyggni (RVR)		P	——>			M*	
6.2	Aðflug samkvæmt blindlendingarkerfi: við blindflugsskilyrði, sem líkt er eftir, niður í viðeigandi ákvörðunarhæð þegar notað er leiðsögukerfi. Nota skal staðlaðar verklagslegur við áhafnarsamstarf.		P	——>	——>		M*	

VÆNGHNITUR		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
6.3	Hætt við lendingu: eftir aðflug, eins og lýst er í 6.2, þegar ákvörðunarhæð er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna ónógs flugbrautarskyggnis (sem líkt er eftir), vindhvarfa, frábrigðis loftfars út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í loftfarinu áður en ákvörðunarhæð er náð og, hætt við lendingu þegar líkt er eftir bilun í tækjabúnaði loftfarsins.		P	——>	——>		M*	
6.4	Lending eða lendingar: þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flugleiðsögukerfi leyfir.		P	——>			M*	
7. HLUTI — valfrjáls búnaður								
7	Notkun valfrjáls búnaðar		P	——>	——>			

E. **Sértækar kröfur fyrir loftskip**

1. Hvað varðar færni- eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir loftskip skulu umsækjendur standast 1.-5. hluta og 6. hluta (ef við á) í færni- eða hæfniprófinu. Umsækjendur sem falla í fleiri en fimm atriðum verða að taka allt færni- eða hæfniprófið aftur. Umsækjendur sem falla í fimm atriðum eða færri verða að taka þau atriði aftur sem þeir féllu í. Ef umsækjendur falla í einhverju atriði upptökuprófs, þ.m.t. þau atriði sem þeir stóðust í fyrri tilraun, verða þeir að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

2. Umsækjendur skulu sýna að þeir geti:

   a) starfrækt loftskipið innan þeirra takmarka sem því eru sett,

   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

   e) alltaf haldið góðri stjórn á loftskipinu með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

   f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða og

   g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja.

3. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftskips sem notað er.

a) **Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum:**

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Hætt við lendingu hefst í ákvörðunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Ferli haldið	
Eftir leiðsögutækjum	± 5°
Nákvæmnisaðflug	hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli
Nefstefna	
Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

b) Takmarkanir í sjónflugi:

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Nefstefna	
Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

4. Eftirfarandi tákn er notað með eftirfarandi merkingu:

P = Þjálfaður sem flugstjóri (PIC) eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn (PF) og flugmaður sem fylgist með (PM) til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

5. Verklega þjálfunin skal a.m.k. fara fram í því þjálfunartæki sem merkt er með (P) eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

6. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

FFS = flughermir með fullri hreyfingu
FTD = flugþjálfunartæki
OTD = annar þjálfunarbúnaður
As = loftskip

a) Umsækjendur um færniprófið fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir loftskip skulu standast 1.-5. hluta og, ef við á, 6. hluta.

b) Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á loftskip skulu standast 1.-5. hluta og, ef við á, 6. hluta.

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

7. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf gefur til kynna að æfingin er skyldubundin.

8. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef þeir eru hluti af tegundaráritunarnámskeiði. Tekið verður tillit til eftirtalinna atriða við samþykki námskeiðsins:

a) viðurkenningar flughermisþjálfanna, eins og sett er fram í viðeigandi kröfum VI. viðauka (ARA-hluta) og VII. viðauka (ORA-hluta) og

b) starfsréttinda kennarans.

LOFTSKIP		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	As	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI — Fyrirflugsundirbúningur og -skoðanir								
1.1	Fyrirflugsskoðun				P			
1.2	Skoðun stjórnklefa	P	—>	—>	—>			
1.3	Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti		P	—>	—>		M	
1.4	Verklag þegar loftskip ef laust frá mastri og tilfærslur á jörðu			P	—>		M	
1.5	Verklag og skoðanir fyrir flugtak	P	—>	—>	—>		M	
2. HLUTI — Flugbrögð og verklag								
2.1	Eðlilegt flugtakssnið samkvæmt sjónflugsreglum			P	—>		M	
2.2	Flugtak með hreyfilbilun sem líkt er eftir			P	—>		M	
2.3	Flugtak með þunga > 0 (þungt flugtak)			P	—>			
2.4	Flugtak með þunga < 0 (létt flugtak)			P	—>			
2.5	Verklag við venjulegt klifur			P	—>			
2.6	Klifur í þrýstingshæð			P	—>			
2.7	Greining þrýstingshæðar			P	—>			
2.8	Flug í eða nálægt þrýstingshæð			P	—>		M	
2.9	Eðlileg lækkun flugs og aðflug			P	—>			
2.10	Eðlilegt lendingarsnið samkvæmt sjónflugsreglum			P	—>		M	
2.11	Lending með þunga > 0 (þung lending)			P	—>		M	
2.12	Lending með þunga < 0 (létt lending)			P	—>		M	
	Hér á að vera eyða							
3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags								
3	Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna):						M	Velja skal minnst 3 atriði úr þessum hluta

LOFTSKIP		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.1	Hreyfill	P	—>	—>	—>			
3.2	Þrýstijöfnun belgs	P	—>	—>	—>			
3.3	Hraðanemakerfi	P	—>	—>	—>			
3.4	Eldsneytiskerfi	P	—>	—>	—>			
3.5	Rafkerfi	P	—>	—>	—>			
3.6	Vökvakerfi	P	—>	—>	—>			
3.7	Stýrakerfi og stýrisstillikerfi	P	—>	—>	—>			
3.8	Loftpokakerfi	P	—>	—>	—>			
3.9	Sjálfstýring/flugbeinir	P	—>	—>	—>			
3.10	Stöðugleikabúnaður	P	—>	—>	—>			
3.11	Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari, jarðvarakerfi (ef uppsett)	P	—>	—>	—>			
3.12	Lendingarbúnaður	P	—>	—>	—>			
3.13	Aukaaflstöð (APU)	P	—>	—>	—>			
3.14	Fjarskiptabúnaður, leiðsögubúnaður, mælitæki og flugstýrikerfi	P	—>	—>	—>			
	Hér á að vera eyða							
4. HLUTI — Verklagsreglur við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum								
4	Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna)						M	Velja skal minnst 3 atriði úr þessum hluta
4.1	Brunaæfingar, bruni í hreyfli, aukaaflstöð, farmrými, stjórnklefa og rafmagnseldar, þ.m.t. rýming, ef við á	P	—>	—>	—>			
4.2	Reykhindrun og reykræsting	P	—>	—>	—>			
4.3	Hreyfilbilun, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju: á ákveðnum stigum flugs, þ.m.t. hreyfilbilun í mörgum hreyflum	P	—>	—>	—>			

LOFTSKIP		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag						Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
		OTD	FTD	FFS	As		FFS As	
4.4	Óstarfhæfni flugverja	P	——>	——>	——>			
4.5	Bilanir í skiptingu/gírkassa	P	——>	——>	——>		Eingöngu FFS	
4.6	Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók	P	——>	——>	——>			
5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða blindflugsskilyrði sem líkt er eftir)								
5.1	Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blind-flug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak.	P*	——>*	——>*	——>*			
5.1.1	Hreyfilbilun, sem líkt er eftir, í brottflugi	P*	——>*	——>*	——>*		M*	
5.2	Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt	P*	——>*	——>*	——>*		M*	
5.3	Verklag í biðflugi	P*	——>*	——>*	——>*			
5.4	Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunarhæð sem er ekki undir 60 m (200 fetum)	P*	——>*	——>*	——>*			
5.4.1	Handflogið, án flugbeinis	P*	——>*	——>*	——>*		M* (Færnipróf eingöngu)	
5.4.2	Handflogið, með flugbeini	P*	——>*	——>*	——>*			
5.4.3	Með sjálfstýringu	P*	——>*	——>*	——>*			
5.4.4	Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri mark-vita að brautarsnertingu eða í öllu fráflug-inu	P*	——>*	——>*	——>*		M*	
5.5	Grunnaðflug niður að lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð	P*	——>*	——>*	——>*		M*	
5.6	Hætt við lendingu með alla hreyfla virka þegar ákvörðunarflughæð/-hæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð (MDA/H) er náð	P*	——>*	——>*	——>*			
5.6.1	Annað verklag í fráflugi	P*	——>*	——>*	——>*			

LOFTSKIP		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í FFS As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.6.2	Hætt við lendingu þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur þegar ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð er náð	P*					M*	
5.7	Viðbrögð við óvenjulegri stöðu (þetta er háð getu flughermisins með fullri hreyfingu)	P*	——>*	——>*	——>*		M*	
6. HLUTI — Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum) (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III))								
6	Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum) (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)). Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarksþjálfunarkröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað loftskips sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum).							
6.1	Hætt við flugtak við minnsta leyfilegt flugbrautarskyggni (RVR)		P	——>			M*	
6.2	Aðflug samkvæmt blindlendingarkerfi: við blindflugsskilyrði, sem líkt er eftir, niður í viðeigandi ákvörðunarhæð þegar notað er flugleiðsögukerfi. Nota skal staðlaðar verklagslegur við áhafnarsamstarf.		P	——>			M*	
6.3	Hætt við lendingu Eftir aðflug, eins og lýst er í 6.2, þegar ákvörðunarhæð er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna ónógs flugbrautarskyggnis (sem líkt er eftir), vindhvarfa, frábrigðis loftfars út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í loftfarinu áður en ákvörðunarhæð er náð og, hætt við lendingu þegar líkt er eftir bilun í tækjabúnaði loftfarsins.		P	——>			M*	

LOFTSKIP		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag						Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Metið í	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
		OTD	FTD	FFS	As		FFS As	
6.4	Lending eða lendingar: þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef við-komandi flugleiðsögukerfi leyfir.		P	——>			M*	
7. HLUTI — valfrjáls búnaður								
7	Notkun valfrjáls búnaðar		P	——>.“				

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1975 **2023/EES/62/17**

frá 14. desember 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar flugrekstrarkröfur um svifflugur og rafrænar flugtöskur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) eru sett skilyrði um öryggi ýmissa tegunda starfrækslu sem tekur til mismunandi flokka loftfara, þ.m.t. starfræksla sviffluga.

2) Þess er krafist að flugrekendur, sem taka þátt í starfrækslu loftfara sem tilgreind eru í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, uppfylli viðeigandi grunnkröfur, sem settar eru fram í V. viðauka við þá reglugerð.

3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ([3]) er mælt fyrir um sértækar reglur fyrir starfrækslu sviffluga. Frá og með þeim degi sem sú reglugerð kemur til framkvæmda ætti slík starfræksla ekki lengur að falla undir almennu reglurnar um flugrekstur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Hins vegar ættu reglurnar varðandi eftirlit lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna með flugrekstri, sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 og II. viðauka hennar, að gilda áfram að því er varðar rekstur sviffluga þar eð þessar kröfur gilda ekki um einhvern tiltekinn þátt flugreksturs heldur gilda þær þverlægt um allan flugrekstur.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það þannig að tekið sé tillit til nýju reglnanna sem gilda um starfrækslu sviffluga og skýra nánar hvaða ákvæði í þeirri reglugerð gilda áfram fyrir starfrækslu sviffluga.

5) Að teknu tilliti til náinna tengsla milli ákvæða framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1976 og ákvæða þessarar reglugerðar, ætti að samræma þá dagsetningu sem gerðirnar koma til framkvæmda.

6) Árið 2014 innleiddi Alþjóðaflugmálastofnunin í II. lið í I. og III. hluta 6. viðauka ákvæði um notkun rafrænna flugtaska (e. *electronic flight bags*, EFB) fyrir flutningaflug. Þessi ákvæði fela í sér almennar kröfur um notkun rafrænna flugtaska og einnig kröfu um samþykki fyrir starfrækslu að því er varðar notkun forrita fyrir rafrænar flugtöskur (e. *electronic flight bag applications*) í tengslum við örugga starfrækslu loftfara. Það er því nauðsynlegt að laga reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar með því að innleiða nýja reglu, sem inniheldur almennar kröfur um notkun rafrænna taska fyrir flutningaflug, og ný ákvæði, sem styðja samþykki fyrir starfrækslu fyrir notkun forrita fyrir rafrænar flugtöskur sem sýna bilun sem flokkast í mesta lagi minniháttar.

7) Árið 2014 innleiddi Alþjóðaflugmálastofnunin einnig ákvæði í II. lið í I. og III. hluta 6. viðauka um notkun rafrænna flugtaska fyrir almannaflug. Þau ákvæði fela í sér almennar kröfur um notkun rafrænna flugtaska og einnig kröfu um að samningsríki setji viðmiðanir varðandi notkun forrita fyrir rafrænar flugtöskur fyrir örugga starfrækslu loftfara. Af þeim sökum er nauðsynlegt að laga reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar með því að innleiða nýjar reglur sem innihalda almennar kröfur um notkun rafrænna flugtaska og kröfur varðandi notkun forrita

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffluga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

fyrir rafrænar flugtöskur sem sýna bilun, sem flokkast í mesta lagi sem minniháttar, að því er varðar starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, eða sérstaka starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara. Þessi reglugerð breytir enn fremur reglugerð (ESB) nr. 965/2012 með því að laga kröfurnar er varða handrafeindatæki fyrir starfrækslu loftfara annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, að almennum ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um rafrænan flugtöskubúnað.

8) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins útbjó drög að framkvæmdarreglum tengdar sértækum reglum fyrir starfrækslu svifflugna og lagði þau fram sem álit ([1]) til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

9) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins útbjó drög að framkvæmdarreglum tengdar notkun rafrænna flugtaska og lagði þau fram sem álit ([2]) til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1., 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um rekstur flugvéla og þyrlna, þ.m.t. skoðanir á hlaði á loftförum flugrekenda, sem eru undir öryggiseftirliti annars ríkis, þegar þau lenda á flugvöllum sem staðsettir eru innan yfirráðasvæðis sem fellur undir ákvæði sáttmálanna.

2. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur um skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini flugrekenda sem stunda flutningaflug með loftförunum, sem um getur í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, að loftbelgjum og svifflugum undanskildum, um réttindi og ábyrgð handhafa skírteina sem og um skilyrði þar sem starfræksla skal bönnuð, takmörkuð eða háð tilteknum skilyrðum í öryggisskyni.

3. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur um skilyrði og verklagsreglur að því er varðar yfirlýsingu frá flugrekendum sem stunda sérstaka starfrækslu flugvéla og þyrlna í ábataskyni eða starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, þ.m.t. sérstök starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, sem staðfestir að þeir hafi getu og úrræði til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu loftfara, og um eftirlit með þessum flugrekendum.“,

b) í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Þessi reglugerð gildir ekki um rekstur loftbelgja og svifflugna. Að því er varðar rekstur loftbelgja, að undanskildum tjóðruðum gasloftbelgjum og svifflugum, gilda þó kröfur 3. gr. um eftirlit.“,

2) ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. liðar, liðar 1a og 1b komi eftirfarandi:

„1) „flugvél“: vélknúið, vængjað loftfar sem er þyngra en loft og helst á lofti vegna verkana loftsins á vængi þess,

1a) „þyrla“: loftfar, sem er þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á einn eða fleiri aflknúna þyrla sem snúast á ásum sem eru að verulegu leyti lóðréttir,

1b) „loftbelgur“: mannað loftfar, léttara en andrúmsloftið, sem er ekki aflknúið og haldið er á lofti annaðhvort með gasi, sem er léttara en andrúmsloftið, eða með hitara, sem er um borð, þ.m.t. gasloftbelgir, hitaloftbelgir, hita-/gasloftbelgir og, jafnvel þótt þau séu aflknúin, hitaloftskip,“

([1]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2017 frá 23. ágúst 2017 varðandi drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á rekstrarreglum fyrir svifflugur.

([2]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 10/2017 frá 18. desember 2017 varðandi drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012.

b) eftirfarandi liðir 1c, 1d og 1e bætast við:

„1c) „sviffluga“: loftfar sem er þyngra en loft og haldist getur á flugi vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir og sem krefst ekki hreyfils meðan á frjálsu flugi stendur,

1d) „starfræksla í ábataskyni“: hvers konar starfræksla loftfars, gegn greiðslu eða annars konar gjaldi, fyrir almenning eða ef starfrækslan er ekki fyrir almenning fer hún fram samkvæmt samningi milli flugrekanda og viðskiptavinar þar sem sá síðarnefndi stjórnar flugrekandanum ekki með neinum hætti,

1e) „tjóðraður gasloftbelgur“: gasloftbelgur með tjóðrunarbúnaði sem heldur loftbelgnum ávallt föstum við fastan punkt meðan á starfrækslu stendur,“

c) í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

„9) „kynnisflug“: allur flugrekstur gegn greiðslu eða annars konar gjaldi sem samanstendur af stuttri flugferð í þeim tilgangi að laða að nýja nemendur eða nýja meðlimi, sem fram fer annað hvort á vegum þjálfunarfyrirtækis sem um getur í 10 gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 (*) eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug,

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).“,

3) ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Flugrekendur skulu aðeins starfrækja flugvél eða þyrlu í flutningaflugi í samræmi við ákvæði III. og IV. Viðauka.“,

b) eftirfarandi komi í stað b-liðar í 2. mgr.:

„b) flugvéla og þyrlna sem notaðar eru við flutning á hættulegum varningi,“

c) í stað 4., 5. og 6. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Flugrekendur sem annast starfrækslu flugvéla og þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna, sem er ekki í ábataskyni, þ.m.t. sérstaka starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, skulu starfrækja loftfarið í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram eru í VII. viðauka.

5. Þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10 gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki, skulu starfrækja eftirfarandi loftför við framkvæmd flugþjálfunar til Evrópusambandsins, innan þess eða frá því:

a) flóknar, vélknúnar flugvélar og þyrlur í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VI. viðauka,

b) aðrar flugvélar og þyrlur í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VII. viðauka.

6. Flugrekendur skulu aðeins starfrækja flugvél eða þyrlu í tengslum við sérstaka starfrækslu í ábataskyni í samræmi við kröfurnar í III. og VIII. viðauka.“,

4) ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 5. gr. þessarar reglugerðar og án þess að hafa áhrif á b-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og P-kafla I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 (*) varðandi flugleyfi, skal eftirfarandi flug áfram starfrækt samkvæmt þeim kröfum sem tilgreindar eru í landslögum þess aðildarríkis þar sem flugrekandinn hefur aðalstarfsstöð sína eða, ef flugrekandi hefur ekki neina aðalstarfsstöð, þar sem hann hefur staðfestu eða búsetu:

a) flug, sem tengist því að taka í notkun eða gera breytingar á tegundum flugvéla eða þyrlna sem hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki framkvæma innan réttinda sinna,

b) flug þar sem hvorki er verið að flytja farþega né farm, þar sem flugvélin eða þyrlan er ferjuð vegna endurbóta, viðgerða, viðhaldseftirlits, skoðana, afhendingar, útflutnings eða í sambærilegum tilgangi.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).“,

b) ákvæðum liðar 4a er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað inngangsorðanna:

„4a. Þrátt fyrir 1. og 6. mgr. 5. gr. má eftirfarandi starfræksla, sem tekur til flugvéla og þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna fara fram í samræmi við VII. viðauka:“,

ii. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) kynnisflug, fallhlífarstökk, flugtog á svifflugum eða listflug, sem fram fer á vegum þjálfunarfyrirtækis með aðalstarfsstöð sína í aðildarríki og sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki loftfarið á grundvelli eignarhalds eða tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins, og að flug, þar sem aðilar, sem eiga ekki aðild að fyrirtækinu, eiga hlut að máli, sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins.“,

5) ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 1. mgr. eru númer málsgreinar felld brott og í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Hún kemur til framkvæmda frá og með 28. október 2012.“,

b) ákvæði 2. til 6. mgr. falli brott,

6) ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) ákvæði 6. liðar falli brott,

b) liður 11a falli brott,

c) eftirfarandi liðir 42a, 42b og 42c bætast við:

„42a) „EFB-forrit“ (e. *EFB application*): notkunarhugbúnaður, sem settur er upp á EFB-hýsilverkvang sem veitir sértækar rekstraraðgerðir, eina eða fleiri, sem styðja við flugrekstur,

42b) „EFB-hýsilverkvangur“ (e. *EFB host platform*): sá vélbúnaður sem inniheldur gagnavinnslugetuna og grunnhugbúnaðinn, þ.m.t. stýrikerfið og hugbúnaðinn fyrir ílags-/frálagsgögn,

42c) „EFB-kerfi“ (e. *EFB system*): sá vélbúnaður (þ.m.t. allar rafhlöður, tengingarmöguleikar, íhlutir fyrir ílags-/frálagsgögn) og hugbúnaður (þ.m.t. gagnagrunnar og stýrikerfið) sem þarf til að styðja fyrirhuguð EFB-forrit,“

d) eftirfarandi liður 44a bætist við:

„44a) „rafræn flugtaska (EFB)“: rafrænt upplýsingakerfi, sem samanstendur af búnaði og forritum fyrir flugliða, sem gerir kleift að geyma, uppfæra, birta og vinna úr EFB-aðgerðum til að styðja við flugrekstur eða -skyldur,“

e) ákvæði 57. liðar falli brott,

f) eftirfarandi liður 69a bætist við:

„69a) „notendaskil (HMI): íhlutur í tilteknum tækjum sem getur meðhöndlað samspil manna og véla. Skilflöturinn samanstendur af vélbúnaði og hugbúnaði, sem gerir vélum eða kerfum kleift að túlka og vinna ílag notenda og síðan veita notandanum þær upplýsingar sem krafist er,“

g) í stað liðar 78a komi eftirfarandi:

„78a) „minniháttar bilun“ (e. *minor failure condition*): bilun sem myndi ekki draga verulega úr flugöryggi og sem felur í sér að flugliðar verði að grípa til aðgerða, sem eru algerlega innan getumarka þeirra,“

h) eftirfarandi liður 78b bætist við:

„78b) „misnotkun efna“: notkun flugliða, öryggis- og þjónustuliða og annarra starfsmanna í öryggistengdum störfum á einu eða fleiri geðvirkum efnum, þannig að það:

a) valdi beinni hættu fyrir notandann eða stefni í hættu lífi, heilsu eða velferð annarra og/eða

b) valdi eða geri verri starfstengd, félagsleg, andleg eða líkamleg vandamál eða samsvarandi sjúkdóma,“

i) eftirfarandi liðir 96a og 96b bætast við:

„96a) „færanleg rafræn flugtaska“ (e. *portable EFB*): færanlegur EFB-hýsilverkvangur, sem notaður er í stjórnklefanum, sem ekki er hluti af útfærslu vottaða loftfarsins,

96b) „handrafeindatæki (PED)“: hvers kyns rafeindatæki, venjulega, en þó ekki bundið við sjónvarps-, útvarps- og hljómtæki og skyldan búnað, sem borinn er um borð loftfars af flugverjum, farþegum eða sem hluti af farmi, sem ekki er hluti af útfærslu vottaða loftfarsins. Það tekur til alls búnaðar sem getur notað raforku. Raforkan getur komið úr innri orkugjöfum, svo sem rafhlöðum (endurhlaðanlegar eða ekki endurhlaðanlegar), en einnig má tengja tækin við sértæka orkugjafa um borð í loftfarinu,“

j) eftirfarandi liðir 120a og 120b bætast við:

„120a) „EFB-forrit af gerð A“ (e. *type A EFB application*): EFB-forrit þar sem gangtruflun eða röng notkun forritsins hefur engin áhrif á öryggi,

120b) „EFB-forrit af gerð B“ (e. *type B EFB application*): EFB-forrit:

a) þar sem gangtruflun eða röng notkun forritsins flokkast í mesta lagi sem minniháttar bilun og

b) sem hvorki kemur í staðinn fyrir né heldur skarast á við annað kerfi eða aðrar aðgerðir, sem krafist er samkvæmt lofthæfisreglugerðum, loftrýmiskröfum eða rekstrarreglum,“

2) ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað d-liðar ARO.GEN.120 komi eftirfarandi:

„d) Lögbæra yfirvaldið skal meta allar tillögur fyrirtækis um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í samræmi við:

1) b-lið í ORO.GEN.120 í III. viðauka (ORO-hluta) við þessa reglugerð,

2) fyrir loftbelgi: lið BOP.ADD.010 í II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 (*) eða

3) fyrir sviffflugur: c-lið í SAO.DEC.100 í II. viðauka (SAO-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 (**),

með því að skoða þau gögn sem lögð eru fram og, ef talið er nauðsynlegt, með því að framkvæma skoðun hjá fyrirtækinu.

Þegar lögbært yfirvald telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við framkvæmdarreglur, skal það án ástæðulausrar tafar:

1) tilkynna umsækjanda að hrinda megi í framkvæmd öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta samþykki, leyfi fyrir sérstaka starfrækslu eða vottorði umsækjandans í samræmi við það og

2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af öllum viðeigandi skjölum,

3) tilkynna öðrum aðildarríkjum um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem samþykktar voru.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffluga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).“,

b) í stað a-liðar í ARO.GEN.345 komi eftirfarandi:

„a) Þegar lögbært yfirvald móttekur yfirlýsingu frá fyrirtæki sem stundar eða hyggst stunda starfsemi, sem leggja þarf fram yfirlýsingu fyrir, skal lögbært yfirvald ganga úr skugga um að í yfirlýsingunni komi fram allar þær upplýsingar sem krafist er:

1) samkvæmt lið ORO.DEC.100 í III. viðauka (ORO-hluta) við þessa reglugerð,

2) fyrir umráðendur loftbelgja: samkvæmt lið BOP.ADD.100 í II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða

3) fyrir umráðendur sviffflugna: samkvæmt lið SAO.DEC.100 í II. viðauka (SAO-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976.

Eftir að hafa sannprófað umbeðnar upplýsingar skal lögbæra yfirvaldið staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar við fyrirtækið.“,

c) í stað töflunnar (EASA-eyðublað nr. 139) í II. viðbæti komi eftirfarandi:

„**REKSTRARFORSKRIFTIR** **(með fyrirvara um samþykkt skilyrði í rekstrarhandbókinni)**				
Samskiptaupplýsingar útgáfuyfirvalds Símanúmer (1): _____ Bréfasímanúmer: _____ Tölvupóstfang: _____				
Flugrekandaskírt eini (2): Nafn flugrekanda (3): Starfar undir viðskiptaheitinu: Dagsetning (4): Undirskrift: Númer á rekstrarforskriftum:				
Tegund loftfars (5): Skrásetningarmerki (6):				
Tegund starfrækslu: Flutningaflug ☐Farþegar ☐ Farmur ☐ Aðrar tegundir (7): _____				
Flugsvæði (8):				
Sérstakar takmarkanir (9):				
Sérstök samþykki:	Já	Nei	Forskrift (10)	Athugasemdir
Hættulegur varningur	☐	☐		
Starfræksla í lélegu skyggni Flugtak Aðflug og lending	☐	☐	CAT (11) .... RVR (12): m DA/H: fet RVR:m	
RVSM (13) ☐ Á ekki við	☐	☐		
ETOPS (14) ☐ Á ekki við	☐	☐	Hámarksfjarflugstími (15): mín.	
Leiðsöguforskriftir fyrir starfrækslu þar sem notast er við margþætta, hæfisbundna leiðsögu (16)	☐	☐		(17)
Lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu	☐	☐		
Starfræksla eins hreyfils flugvéla með hverfihreyfli að næturlagi eða við blindflugsskilyrði (SET-IMC)	☐	☐	(18)	
Þyrluflug með aðstoð nætursjónkerfis	☐	☐		
Hífingar með þyrlu	☐	☐		
Sjúkraflug með þyrlu	☐	☐		
Starfræksla þyrlu á hafi úti	☐	☐		
Þjálfun öryggis- og þjónustuliða (19)	☐	☐		
Útgáfa staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða (20)	☐	☐		
Notkun EFB-forrita af gerð B	☐	☐	(21)	
Áframhaldandi lofthæfi	☐	☐	(22)	
Annað (23)				

(1) Síma- og bréfasímanúmer lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. landskóði. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.
(2) Hér skal sett inn númer tilheyrandi flugrekandaskírteinis.
(3) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda og viðskiptaheiti flugrekanda, ef annað. Hér skal setja inn “starfar undir” fyrir framan viðskiptaheitið.
(4) Útgáfudagur rekstrarforskrifta (dd-mm-áááá) og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds.
(5) Hér skal setja inn kóða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um framleiðanda loftfars, tegund og röð eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232).
(6) Skrásetningarmerkin eru annaðhvort tilgreind í rekstrarforskriftum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni. Ef sérstök samþykki eiga ekki öll við um tegund loftfarsins má færa skrásetningarmerki loftfarsins í dálkinn „athugasemdir“ fyrir sérstaka samþykkið.
(7) Hér skal tilgreina aðrar tegundir flutnings (t.d. sjúkraflug).
(8) Hér skal gefa upp landfræðileg svæði þar sem starfræksla er heimiluð (með vísun í landfræðileg hnit eða tilteknar leiðir, flugupplýsingasvæði eða landamæri þjóðríkja eða landsvæða).
(9) Hér skal gefa upp gildandi, sérstakar takmarkanir (t.d. einungis sjónflug (VFR), einungis að degi til o.s.frv.).
(10) Í þennan dálk skal skrá rýmstu viðmiðanirnar fyrir hvert samþykki eða tegund samþykkis (með viðeigandi viðmiðun).
(11) Hér skal setja inn viðeigandi flokk nákvæmnisaðflugs: LTS CAT I, CAT II, OTS CAT II, CAT IIIA, CAT IIIB eða CAT IIIC. Hér skal setja inn lágmarksflugbrautarskyggni (RVR) í metrum og ákvörðunarhæð (DH) í fetum. Ein lína er notuð fyrir hvern skráðan flokk aðflugs.
(12) Hér skal setja inn samþykkt lágmarksflugbrautarskyggni við flugtak í metrum. Nota má eina línu fyrir hvert samþykki ef mismunandi samþykki hafa verið veitt.
(13) Aðeins má haka við í kassann „á ekki við“ ef hámarksflughæð loftfars er undir fluglagi 290.
(14) Fjarflug (ETOPS) á sem stendur aðeins við um tveggja hreyfla loftför. Því má haka við í kassann „á ekki við“ ef loftfarstegundin hefur fleiri eða færri en tvo hreyfla.
(15) Hér má einnig skrá vegalengd þröskulds (í sjómílum), sem og gerð hreyfils.
(16) Hæfisbundin leiðsaga (PBN): ein lína notuð fyrir hvert sérstakt samþykki fyrir margþættri, hæfisbundinni leiðsögu (t.d. RNP AR APCH) og viðeigandi takmarkanir skráðar í dálkana „Forskrift“ og/eða „Athugasemdir“. Samþykki, sem tengjast sérstökum verklagsreglum, fyrir sérstakri starfrækslu samkvæmt RNP AR APCH má skrá í rekstrarforskriftirnar eða rekstrarhandbókina. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
(17) Tilgreina skal hvort sérstaka samþykkið sé takmarkað við tiltekna flugbrautarenda og/eða flugvelli.
(18) Hér skal setja inn viðeigandi flugskrokks- og hreyfilssamsetningu.
(19) Samþykki fyrir því að halda þjálfunarnámskeið og próf, sem umsækjendur þurfa að ljúka til að hægt sé að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
(20) Samþykki fyrir því að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
(21) Listinn yfir EFB-forrit af gerð B skal fylgja ásamt tilvísun í EFB-vélbúnaðinn (fyrir færanlegar rafrænar flugtöskur). Listinn er annaðhvort tilgreindur í rekstrarforskriftunum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
(22) Nafn þess einstaklings/stofnunar sem ber ábyrgð á því að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfars og vísun í reglugerðina, sem inniheldur þessa kröfu, þ.e. G-kafli í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
(23) Hér má setja önnur samþykki eða gögn með því að nota eina línu (eða reit með mörgum línum) fyrir hvert samþykki (t.d. skammbrautarlendingu, starfrækslu í bröttu aðflugi, þyrluflug að/frá almannaheillastað, þyrluflug yfir ótryggu umhverfi sem staðsett er utan þéttbýlis, þyrluflug án getu til að nauðlenda með öruggum hætti, starfrækslu með auknum beygjuhalla, mestu leyfilegu fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis, loftfar sem notað er fyrir starfrækslu sem er ekki í ábataskyni).

EASA-eyðublað nr. 139, 4. útgáfa“,

3) ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað k-liðar í ORO.GEN.110 komi eftirfarandi:

„k) Þrátt fyrir j-lið skulu flugrekendur, sem stunda starfrækslu í ábataskyni sem tekur til einhverra neðangreindra loftfara, tryggja að flugliðar hafi fengið viðeigandi þjálfun eða upplýsingar sem gerir þeim kleift að þekkja hættulega varninginn, sem ekki er gefinn upp, sem kemur um borð með farþegum eða sem farmur:

1) eins hreyfils flugvél, sem er knúin skrúfuhreyflum, með 5700 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minni og hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm eða færri, í flugi þar sem flugtak og lending fer fram á sama flugvelli eða starfrækslusvæði samkvæmt sjónflugsreglum að degi til eða

2) þyrlu, sem ekki flokkast sem flókin, vélknúin þyrla, með einn hreyfil og hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm eða færri, í flugi þar sem flugtak og lending fer fram á sama flugvelli eða starfrækslusvæði samkvæmt sjónflugsreglum að degi til.“,

b) í stað inngangsorðanna í ORO.MLR.101 komi eftirfarandi:

„Að undanskilinni starfrækslu, sem tekur til eins hreyfils flugvélar sem er knúin skrúfuhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta fyrir 5 eða færri eða einfaldra eins hreyfils þyrlna, með hámarksfjölda farþegasæta fyrir 5 eða færri, sem taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði við sjónflugsskilyrði að degi til skal meginefnisskipan rekstrarhandbókarinnar vera þessi:“,

c) í stað b-liðar í ORO.FC.005 komi eftirfarandi:

„b) 2. ÞÆTTI þar sem tilgreindar viðbótarkröfur sem gilda um flutningaflug, að undanskilinni starfrækslu flutningaflugs með farþega, sem fer fram við sjónflugsskilyrði að degi til, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði og innan staðbundins svæðis, sem lögbært yfirvald tilgreinir, að því er varðar:

1) eins hreyfils flugvélar, sem eru knúnar skrúfuhreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem nemur 5700 kg eða minna og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 5 eða færri eða

2) þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur, með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm eða færri,“

d) í stað 13. skilgreiningarliðar í lið ORO.FTL.105 komi eftirfarandi:

„13) „fartími“: að því er varðar flugvélar er þetta tíminn frá því að loftfar hreyfist af stæði sínu til að hefja flug og þar til það stöðvast á stæði, sem því hefur verið úthlutað, eða þar til allir hreyflar hafa verið stöðvaðir.“,

4) ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) liður CAT.GEN.105 falli brott.

b) eftirfarandi liður CAT.GEN.MPA.141 bætist við:

„CAT.GEN.MPA.141 Notkun rafrænna flugtaska (EFB)

a) Ef rafræn flugtaska er notuð um borð í loftfari skal flugrekandinn tryggja að hún hafi ekki truflandi áhrif á nothæfi kerfa eða búnaðar loftfarsins eða á hæfni flugliðans til að starfrækja loftfarið.

b) Flugrekandinn skal ekki nota EFB-forrit af gerð B nema forritið hafi verið samþykkt í samræmi við M-kafla í V. viðauka (SPA-hluta).“,

c) í A-kafla falli 2. þáttur brott,

d) í B-kafla falli 2. þáttur brott,

e) í stað b-liðar í CAT.POL.MAB.105 komi eftirfarandi:

„b) Ef massa- og jafnvægisgögn og -skrár eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandinn:

1) ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagnanna til að tryggja að gögnin séu innan þeirra takmarkana sem tilgreind eru í flughandbókinni og

2) tilgreina leiðbeiningar og málsmeðferðarreglur fyrir notkun þeirra í rekstrarhandbók sinni.“,

f) í lið CAT.POL.MAB.105 falli e-liður brott,

g) í C-kafla falli 4. þáttur brott,

h) í D-kafla falli 3. þáttur brott,

5) eftirfarandi M-kafli bætist við í V. viðauka:

„M-KAFLI

RAFRÆNAR FLUGTÖSKUR (EFB)

SPA.EFB.100 Notkun rafrænna flugtaska (EFB) — samþykki fyrir starfrækslu

a) Flugrekandi í flutningaflugi skal aðeins nota EFB-forrit af gerð B ef flugrekandinn hefur hlotið samþykki lögbæra yfirvaldsins fyrir slíkri notkun.

b) Til þess að hljóta samþykki fyrir starfrækslu frá lögbæra yfirvaldinu fyrir notkun á EFB-forriti af gerð B skal flugrekandinn færa sönnur á:

1) að það hafi verið framkvæmt áhættumat sem tengist notkun EFB-tækisins, sem hýsir forritið, og notkun EFB-forritsins og tengdum aðgerðum þess, til að ákvarða tilheyrandi áhættuþætti og tryggja að þeim sé stýrt og þeir mildaðir með viðeigandi hætti,

2) að búið sé að meta notendaskil EFB-tækisins og EFB-forritsins samkvæmt meginreglum um mannlega þætti,

3) að hann hafi komið á fót stjórnunarkerfi fyrir rafrænar flugtöskur og að búið sé að fastsetja og hrinda í framkvæmd málsmeðferðarreglum og þjálfunarkröfum fyrir stjórnun og notkun EFB-tækisins og EFB-forritsins; þetta felur m.a. í sér málsmeðferðarreglur fyrir:

i. notkun rafrænu flugtöskunnar,

ii. stjórnun breytinga á rafrænu flugtöskunni,

iii. stjórnun EFB-gagna,

iv. viðhald á rafrænni flugtösku og

v. EFB-öryggi,

4) að EFB-hýsilverkvangurinn henti til fyrirhugaðrar notkunar á EFB-forritinu.

Það verður að sýna sérstaklega fram á þetta fyrir EFB-forritið og þeim EFB-hýsilverkvangi þar sem forritið er sett upp.“,

6) ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður NCC.GEN.131 bætist við:

„NCC.GEN.131 Notkun rafrænna flugtaska (EFB)

a) Ef rafræn flugtaska er notuð um borð í loftfari skal flugrekandinn tryggja að hún hafi ekki truflandi áhrif á nothæfi kerfa eða búnaðar loftfarsins eða á hæfni flugliðans til að starfrækja loftfarið.

b) Áður en flugrekandi tekur EFB-forrit af gerð B í notkun skal hann:

1) framkvæma áhættumat sem tengist notkun EFB-tækisins, sem hýsir forritið, og notkun hlutaðeigandi EFB-forrits og tengdum aðgerðum þess, til að ákvarða tilheyrandi áhættuþætti og tryggja að þeim sé stýrt og þeir mildaðir með viðeigandi hætti; áhættumatið skal bregðast við þeim áhættuþáttum sem tengjast notendaskilum EFB-tækisins og hlutaðeigandi EFB-forrits og

2) koma á fót stjórnunarkerfi fyrir rafrænar flugtöskur, sem inniheldur málsmeðferðarreglur og þjálfunarkröfur fyrir stjórnun og notkun tækisins og EFB-forritsins.“,

b) í stað b-liðar í NCC.OP.200 komi eftirfarandi:

„b) Þrátt fyrir a-lið má herma eftir slíkum aðstæðum með flugnema um borð þegar þjálfunarflug fer fram hjá þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10 gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011.“,

7) ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) liður NCO.GEN.102 falli brott.

b) í stað a-liðar í NCO.GEN.103 komi eftirfarandi:

„a) hefjast og því ljúka á sama flugvelli eða starfrækslusvæði,“

c) í stað iii. liðar 4. liðar a-liðar í NCO.GEN.105 komi eftirfarandi:

„iii. að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir framkvæmd þess flugs, séu uppsett í loftfarinu og starfhæf, nema starfræksla sem tekur til óstarfhæfs búnaðar, sé heimiluð samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL), eða sambærilegu skjali, ef við á, eins og kveðið er á um í NCO.IDE.A.105 eða NCO.IDE.H.105,“

d) í stað NCO.GEN.125 komi eftirfarandi:

„NCO.GEN.125 Handrafeindatæki

Flugstjórinn skal ekki heimila neinum um borð í flugvélinni að nota handrafeindatæki, þ.m.t. rafræna flugtösku (EFB) sem gætu haft truflandi áhrif á nothæfi kerfa og búnaðar loftfarsins eða hæfni flugliðans til að starfrækja loftfarið.“,

e) í NCO.GEN.135 falli c-liður brott,

f) í stað fyrirsagnarinnar í NCO.OP.120 komi eftirfarandi:

„NCO.OP.120 Verklagsreglur um hávaðamildun — flugvélar og þyrlur“,

g) liður NCO.OP.156 falli brott.

h) í stað b-liðar í NCO.OP.180 komi eftirfarandi:

„b) Þrátt fyrir a-lið má herma eftir slíkum aðstæðum með flugnema um borð þegar þjálfunarflug fer fram hjá þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10 gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011.“,

i) í stað b-liðar í NCO.POL.105 komi eftirfarandi:

„b) Framleiðandi loftfarsins eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtunina.“,

j) í stað a-liðar í NCO.IDE.A.160 komi eftirfarandi:

„a) Flugvélar, að ELA1-flugvélum undanskildum, skulu búnar a.m.k. einu handslökkvitæki:

1) í stjórnklefanum og

2) í hverju farþegarými sem er aðskilið frá stjórnklefanum, nema ef flugliðarnir ná auðveldlega til rýmisins.“,

k) í D-kafla falli 3. þáttur brott,

8) ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. liðar í c-lið SPO.GEN.005 komi eftirfarandi:

„2. fallhlífarstökk, flugtog á svifflugum með flugvélum eða listflug, sem fram fer á vegum þjálfunarfyrirtækis með aðalstarfsstöð sína í aðildarríki og sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki loftfarið á grundvelli eignarhalds eða tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins, og að flug, þar sem aðilar, sem eiga ekki aðild að fyrirtækinu, eiga hlut að máli, sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins.“,

b) liður SPO.GEN.102 falli brott.

c) í stað iii. liðar 4. liðar a-liðar í SPO.GEN.107 komi eftirfarandi:

„iii. að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir framkvæmd þess flugs, séu uppsett í loftfarinu og starfhæf, nema starfræksla, sem tekur til óstarfhæfs búnaðar, sé heimiluð samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL) eða sambærilegu skjali, ef við á, eins og kveðið er á um í SPO.IDE.A.105 eða SPO.IDE.H.105,“

d) eftirfarandi liður SPO.GEN.131 bætist við:

„SPO.GEN.131 Notkun rafrænna flugtaska (EFB)

a) Ef rafræn flugtaska er notuð um borð í loftfari skal flugrekandinn tryggja að hún hafi ekki truflandi áhrif á nothæfi kerfa eða búnaðar loftfarsins eða á hæfni flugliðans til að starfrækja loftfarið.

b) Áður en flugrekandi tekur EFB-forrit af gerð B í notkun skal hann:

1) framkvæma áhættumat sem tengist notkun EFB-tækisins, sem hýsir forritið, og notkun hlutaðeigandi EFB-forrits og tengdum aðgerðum þess, til að ákvarða tilheyrandi áhættuþætti og tryggja að þeir séu mildaðir með viðeigandi hætti; áhættumatið skal bregðast við þeim áhættuþáttum sem tengjast notendaskilum EFB-tækisins og hlutaðeigandi EFB-forrits og

2) koma á fót stjórnunarkerfi fyrir rafrænar flugtöskur, sem inniheldur málsmeðferðarreglur og þjálfunarkröfur fyrir stjórnun og notkun tækisins og EFB-forritsins.“,

e) í SPO.GEN.140 falli c-liður brott,

f) í stað b-liðar í SPO.POL.105 komi eftirfarandi:

„b) Framleiðandi loftfarsins eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtunina.“,

g) í stað a-liðar í SPO.IDE.A.180 komi eftirfarandi:

„a) Flugvélar, að ELA1-flugvélum undanskildum, skulu búnar a.m.k. einu handslökkvitæki:

1) í stjórnklefanum og

2) í hverju farþegarými sem er aðskilið frá stjórnklefanum, nema ef flugliðarnir ná auðveldlega til rýmisins.“,

h) í D-kafla falli 3. þáttur brott.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1976 **2023/EES/62/18**

frá 14. desember 2018

um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffluguna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin um örugga starfrækslu sviffluguna í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í ljósi þess hvað starfræksla sviffluguna er sérstök í eðli sínu þá er þörf á sérstökum rekstrarreglum, sem mælt er fyrir um í sjálfstæðri reglugerð. Þessar reglur ættu að byggjast á almennu reglunum fyrir flugrekstur, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]), en reglurnar ætti að endurskipuleggja og einfalda til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og byggist á áhættumiðaðri nálgun, á sama tíma og tryggt er að starfræksla sviffluguna sé örugg.

3) Að því er varðar eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum ættu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 og II. viðauka hennar að gilda áfram um flugrekstur með sviffluguur.

4) Í öryggisskyni og með það fyrir augum að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka reglugerðar (ESB) 2018/1139, þá ættu allir flugrekendur sviffluguna sem falla undir þessa reglugerð, að undanskildum hönnunar- eða framleiðslufyrirtækjum sem stunda tiltekna starfsemi, að falla undir röð grunnkrafna.

5) Að teknu tilliti til þess að starfræksla í ábataskyni með sviffluguur er í eðli sínu einfaldari en aðrar tegundir atvinnuflugs, og í ljósi áhættumiðaðrar nálgunar, er við hæfi að fyrir starfrækslu í ábataskyni með sviffluguur sé einungis krafist fyrirframyfirlýsingar til lögbærs yfirvalds eins og sett er fram í a-lið í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um útgáfu slíkra yfirlýsinga.

6) Að teknu tilliti til sérstaks eðlis tiltekinnar starfrækslu og í ljósi áhættumiðaðrar nálgunar þykir rétt að veita tiltekinni starfrækslu með sviffluguur undanþágu frá kröfunni um fyrirframyfirlýsingu.

7) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti og til að gefa öllum viðkomandi aðilum nægjanlegan tíma til að undirbúa sig fyrir beitingu nýja fyrirkomulagsins ætti þessi reglugerð einungis að koma til framkvæmda sex mánuðum eftir gildistöku.

8) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit ([3]) til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.)

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([3]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2017 frá 23. ágúst 2017 varðandi drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á rekstrarreglum fyrir sviffluguur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með sviffflugur þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í I. viðauka sem og eftirfarandi skilgreiningar:

1) „sviffluga“: loftfar sem er þyngra en loft og haldist getur á flugi vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir og sem krefst ekki hreyfils meðan á frjálsu flugi stendur,

2) „hreyfill“: búnaður sem er notaður eða ætlaður til að knýja vélsviffflugu,

3) „vélsviffluga“: sviffluga sem útbúin er með einum eða fleiri hreyflum og hefur einkenni sviffflugu þegar hreyfill/hreyflar hennar eru óstarfhæfir,

4) „starfræksla í ábataskyni“: hvers konar starfræksla sviffflugu, gegn greiðslu eða annars konar gjaldi, fyrir almenning eða ef starfrækslan er ekki fyrir almenning fer hún fram samkvæmt samningi milli flugrekanda og viðskiptavinar þar sem sá síðarnefndi stjórnar flugrekandanum ekki með neinum hætti,

5) „keppnisflug“: allur flugrekstur með sviffflugu í þeim tilgangi að taka þátt í kappflugi eða keppni, þ.m.t. æfingar fyrir slíkt flug ásamt flugi til og frá kappflugi eða keppnum,

6) „flugsýning“: allur flugrekstur með sviffflugu í þeim tilgangi að bjóða upp á sýningu eða skemmtun við auglýstan viðburð sem opinn er almenningi, þ.m.t. æfingar fyrir slíkt flug ásamt flugi til og frá auglýstum viðburði,

7) „kynnisflug“: allur flugrekstur með sviffflugu gegn greiðslu eða annars konar gjaldi sem samanstendur af stuttri flugferð í þeim tilgangi að laða að nýja nemendur eða nýja meðlimi, sem fram fer annaðhvort á vegum þjálfunarfyrirtækis sem um getur í 10 gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([1]) eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug,

8) „listflug“: flugbragð sem framkvæmt er af ásetningi sem felur í sér skyndilega breytingu á stöðu sviffflugu, afbrigðilega stöðu eða afbrigðilega hröðun, sem ekki er nauðsynleg fyrir hefðbundið flug eða vegna kennslu fyrir skírteini, vottorð eða áritanir aðrar en áritun fyrir listflug,

9) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa rekstraraðila sviffflugu þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi sem um getur í þessari reglugerð fer fram,

10) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu sviffflugu á ábyrgð leigutaka.

3. gr.

Flugrekstur

1. Flugrekendur sviffflugna skulu starfrækja sviffflugurnar í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í II. viðauka.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki sem samræmast, eftir því sem við á, ákvæðum 8. og 9. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([2]) og sem starfrækja sviffluguna, innan réttinda sinna, í þeim tilgangi að taka í notkun nýjar tegundir sviffflugna eða gera breytingar á tegundum sviffflugna.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

2. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 fá flugrekendur sviffluga aðeins að stunda starfrækslu í ábataskyni eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi um hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu sviffluga.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um eftirfarandi starfrækslu sviffluga:

a) starfrækslu þar sem kostnaði er skipt (e. *cost-shared operations*), að því tilskildu að beinn kostnaður við flug sviffluganna og hlutfallslegur árlegur kostnaður sem fellur til vegna geymslu, trygginga og viðhalds sviffluganna skiptist niður á einstaklingana sem eru um borð,

b) keppnisflug eða flugsýningar, að því tilskildu að þóknunin eða annars konar greiðsla fyrir slík flug sé takmörkuð við endurheimt beins kostnaðar við flug sviffluganna og hlutfallslegs árlegs kostnaðar sem fellur til vegna geymslu, trygginga og viðhalds sviffluganna og að verðmæti verðlaunanna sé ekki meira en lögbæra yfirvaldið tilgreinir,

c) kynnisflug, flug vegna fallhlífarstökks, flugtog á sviffluga eða listflug, sem fram fer á vegum þjálfunarfyrirtækis með aðalstarfsstöð sína í aðildarríki og sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í þeim tilgangi að kynna sport- eða tómstundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki sviffluguna á grundvelli eignarhalds eða samnings um tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins og að slíkt flug sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins,

d) þjálfunarflug sem fer fram á vegum þjálfunarfyrirtækis með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og sem um getur í 10 gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel föstudagur, 14. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR

[DEF-HLUTI]

Í II. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar,
2. „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC)“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennda aðferð til að uppfylla kröfur eða tillaga um nýja aðferð til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar þar sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt neinar tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,
3. „flugstjóri“: flugmaður sem er tilnefndur sem flugstjóri og sem hefur það hlutverk að tryggja öruggt flug,
4. „flughandbók“: skjal sem inniheldur viðeigandi og samþykkt starfrækslumörk og upplýsingar um sviffluguna,
5. „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarefni og rokgjörn leysiefni, að undanskildu koffíni og tóbaki,
6. „varasömustu stig flugs“: flugtaksbrun, flugtaksflugslóð, lokaaðflug, fráflug, lending, þ.m.t. lendingarbrun og önnur stig flugs sem flugstjóri ákvarðar að séu varasöm að því er varðar örugga starfrækslu sviffluguunnar,
7. „starfrækslusvæði“: svæði, annað en flugvöllur, sem flugstjóri eða flugrekandi velur fyrir lendingu eða flugtak,
8. „sviffluguliði“: einstaklingur sem flugrekandi tilnefnir til að gegna skyldustörfum um borð í sviffluguu undir stjórn flugstjóra þegar hann er ekki flugstjórinn sjálfur,
9. „rafræn flugtaska (EFB)“: rafrænt upplýsingakerfi, sem samanstendur af búnaði og forritum fyrir flugliða, sem gerir kleift að geyma, uppfæra, birta og vinna úr EFB-aðgerðum til að styðja við flugrekstur eða -skyldur,
10. „hættulegur varningur“: hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu og sem er að finna í skránni yfir hættulegan varning í tæknilegu fyrirmælunum eða sem eru flokkuð í samræmi við þessi fyrirmæli,
11. „tæknileg fyrirmæli“: nýjasta gildandi útgáfa af „tæknilegum fyrirmælum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ ásamt viðbætum og hvers konar viðbótum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur birt í skjali 9284-AN/905,
12. „sérstök starfræksla sviffluguu“: öll starfræksla sviffluguu, í ábataskyni eða ekki í ábataskyni, þar sem meginmarkmið hennar tengist ekki dæmigerðri íþrótta- eða tómstundaiðkun, heldur fallhlífarstökksflugi, flugi fyrir fréttamiðla, flugi fyrir sjónvarp eða kvikmyndir, flugsýningum eða álíka sérhæfðri starfsemi,
13. „nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni. Ljósaskipti enda að kvöldi þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring og hefjast að morgni þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring.

———

II. VIÐAUKI

FLUGREKSTUR SVIFFLUGNA

[SAO-HLUTI]

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

SAO.GEN.100 Gildissvið

Í samræmi við 3. gr. eru í þessum kafla settar kröfur sem allir flugrekendur sviffflugna skulu uppfylla, þó ekki hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr.

SAO.GEN.105 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald skal vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar eða, ef hann hefur engar höfuðstöðvar, þar sem hann hefur staðfestu eða búsetu. Það yfirvald skal fara að kröfum 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 í samræmi við 7. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar.

SAO.GEN.110 Sýnt fram á að kröfurnar séu uppfylltar

a) Flugrekandi skal að beiðni lögbæra yfirvaldsins, sem sannreynir að flugrekandi fari áfram að ákvæðum 2. liðar a-liðar í lið ARO.GEN.300 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, sýna fram á að farið hafi verið að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.

b) Til að sýna fram á slíka reglufylgni getur flugrekandinn vísað til eftirfarandi aðferða:

   1) viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC),

   2) aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC).

SAO.GEN.115 Kynnisflug

Kynnisflug skal:

a) flogið samkvæmt sjónflugsreglum að degi til og

b) vera, með tilliti til öryggis, undir umsjón einstaklings sem er tilnefndur af fyrirtækinu sem ber ábyrgð á kynnisfluginu.

SAO.GEN.120 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Flugrekandinn skal innleiða:

a) öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið liðar ARO.GEN.135 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og

b) lofthæfifyrirmæli og aðrar skyldubundnar upplýsingar sem Flugöryggisstofnunin gefur út í samræmi við h-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAO.GEN.125 Tilnefning flugstjóra

Flugrekandinn skal tilnefna flugstjóra sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

SAO.GEN.130 Ábyrgð flugstjórans

Flugstjórinn skal:

a) bera ábyrgð á öryggi sviffflugunnar og einstaklinga sem eru um borð á meðan starfrækslu sviffflugunnar stendur,

b) bera ábyrgð á upphafi, áframhaldi eða stöðvun flugs í öryggisskyni,

c) sjá til þess að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt,

d) aðeins leggja upp í flug ef hann hefur gengið úr skugga um að farið sé að öllum kröfum um starfrækslu, þ.e.:

1) að sviffflugan sé lofthæf,

2) að sviffflugan sé skráð á viðeigandi hátt,

3) að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir framkvæmd flugsins, séu uppsett í sviffflugunni og starfhæf,

4) að massi sviffflugunnar og staðsetning þyngdarmiðju séu þannig að flugið geti farið fram innan þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í flughandbókinni,

5) að öllum búnaði og farangri sé hlaðið á réttan hátt og festur, og að neyðarrýming sé enn möguleg, og

6) að ekki verði í neinum tilvikum farið út fyrir starfrækslutakmarkanir sviffflugunnar, eins og þær eru tilgreindar í flughandbókinni, í fluginu,

e) tryggja að fyrirflugsskoðunin hafi farið fram eins og tilgreint er í flughandbókinni,

f) ekki gegna skyldustörfum um borð í sviffflugu við eftirfarandi aðstæður:

1) ef hann er óhæfur til að gegna skyldustörfum af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, veikinda, inntöku lyfja, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna, eða ef honum finnst hann vera að öðru leyti ófær um það,

2) ef viðeigandi heilbrigðiskröfur eru ekki uppfylltar,

g) neita að flytja eða setja í land fólk eða farangur sem gæti stofnað öryggi sviffflugunnar í hættu eða einstaklinga sem þar eru um borð,

h) ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum geðvirkra efna að það geti stofnað öryggi sviffflugunnar eða einstaklinga sem þar eru um borð í hættu, sé flutt með sviffflugunni,

i) tryggja að á varasömustu stigum flugsins, eða þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni, að allir einstaklingar um borð sitji og hafi sætisólar spenntar,

j) meðan á flugi stendur:

1) hafa sætisólar spenntar og

2) ávallt vera við stýri sviffflugunnar, nema ef annar flugmaður er að taka við stjórninni,

k) grípa til aðgerða í neyðartilviki sem krefst tafarlausrar ákvörðunar og aðgerðar sem flugstjórinn telur rétta miðað við aðstæður; í slíkum tilvikum er flugstjóra heimilt, eftir því sem þurfa þykir í öryggisskyni, að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuaðferðum,

l) ekki halda flugi áfram fram hjá næsta veðurfæra flugvelli eða starfrækslusvæði þegar geta hans til að gegna skyldustörfum er verulega skert vegna veikinda, þreytu, skorts á súrefni eða annarra orsaka,

m) skrá notkunargögn og allar bilanir í sviffflugunni, sem vitað er um eða sem grunur leikur á um að séu til staðar, í tækniflugbók loftfarsins eða leiðarflugbók þess eftir að flugi, eða röð flugferða, er lokið,

n) tilkynna yfirvaldi öryggisrannsókna og neyðarþjónustu í því ríki þar sem atvikið átti sér stað tafarlaust og með fljótlegustu aðferð um öll slys eða alvarleg flugatvik sem sviffflugan á þátt í,

o) leggja skýrslu um ólöglegt athæfi tafarlaust fyrir lögbæra yfirvaldið og tilkynna staðaryfirvaldinu, sem tilnefnt er af því ríki þar sem hið ólöglega athæfi átti sér stað, um það og

p) tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild tafarlaust um hvers kyns hættuleg veður- eða flugskilyrði sem eru líkleg til að hafa áhrif á öryggi annarra loftfara.

SAO.GEN.135 Ábyrgð sviffluguliða

a) Allir sviffluguliðar skulu bera ábyrgð á réttri framkvæmd skyldustarfa sinna að því er varðar starfrækslu sviffflugunnar.

b) Sviffluguliðar skulu ekki gegna skyldustörfum um borð í sviffflugu ef þeir eru óhæfir af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, veikinda, inntöku lyfja, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna eða ef þeim finnst þeir vera að öðru leyti ófærir um það.

c) Sviffluguliðar skulu tilkynna flugstjóra um hvort tveggja eftirfarandi:

1) um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla sem þeir telja að geti haft áhrif á lofthæfi eða örugga starfrækslu sviffflugunnar, að meðtöldum neyðarkerfum,

2) um öll flugatvik.

SAO.GEN.140 Samræmi við lög, reglur og verklagsreglur

a) Flugstjórinn og allir aðrir sviffluguliðar skulu fara að lögum, reglum og verklagsreglum þess aðildarríkis þar sem flugið fer fram.

b) Flugstjórinn skal kunna skil á lögum, reglum og verklagsreglum sem lúta að framkvæmd skyldustarfa hans og mælt er fyrir um fyrir svæðin, sem fyrirhugað er að fljúga yfir, þá flugvelli eða þau starfrækslusvæði, sem fyrirhugað er að nota, og tilheyrandi flugleiðsöguvirki.

SAO.GEN.145 Handrafeindatæki

Flugstjórinn skal ekki heimila neinum um borð í sviffflugunni að nota handrafeindatæki, þ.m.t. rafræna flugtösku (EFB), ef tækið hefur truflandi áhrif á nothæfi kerfa og búnaðar sviffflugunnar eða getuna til að starfrækja hana.

SAO.GEN.150 Hættulegur varningur

a) Flugstjórinn skal ekki heimila neinum um borð að flytja hættulegan varning.

b) Leyfilegt er að flytja hæfilegt magn hluta og efna um borð í sviffflugu, sem væru annars flokkuð sem hættulegur varningur en eru notuð til að efla flugöryggi, þegar flutningur þeirra um borð er ráðlagður til að tryggja að þau séu aðgengileg í tæka tíð í rekstrarlegum tilgangi.

SAO.GEN.155 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem skulu vera um borð

a) Öll eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð, í formi frumrita eða afrita:

1) flughandbókin eða jafngild skjöl,

2) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef þess er krafist í samræmi við 4. þátt viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([1]),

3) gild og hentug flugkort fyrir svæðið sem fyrirhugað er að fljúga yfir,

4) öll önnur gögn, sem geta skipt máli fyrir flugið, eða sem ríkin, sem flugið varðar, gera kröfu um,

5) upplýsingar um þær verklagsreglur og þau sjónmerki sem eineltisloftför og einelt loftför notast við.

b) Auk þess skal afrit af yfirlýsingunni vera um borð í loftfari í hverri flugferð þegar yfirlýsingar er krafist í samræmi við lið SAO.DEC.100.

c) Þegar öll eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar eru ekki um borð skulu þau vera aðgengileg á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu í formi frumrita eða afrita:

1) skráningarskírteinið,

2) lofthæfivottorðið, þ.m.t. viðaukarnir,

3) lofthæfistaðfestingarvottorðið,

4) hljóðstigsvottorðið, ef það hefur verið gefið út fyrir vélsviffflugu,

5) talstöðvarskírteini loftfarsins, ef sviffluga er búin fjarskiptabúnaði í samræmi við lið SAO.IDE.130,

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

6) ábyrgðartryggingarskírteini loftfarsins,

7) leiðarflugbókin eða jafngildi hennar.

d) Þrátt fyrir a- og b-lið má geyma skjölin, handbækurnar og upplýsingarnar, sem tilgreind eru þar, á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu ef um er að ræða flug:

1) sem áætlað er að haldi sér í sjónmáli frá flugvellinum eða starfrækslusvæðinu, eða

2) sem heldur sér innan vegalengdar eða svæðis sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.

e) Ef lögbært yfirvald krefst þess skal flugstjórinn eða flugrekandinn gefa yfirvaldinu aðgang að frumritum skjala innan þess frests sem yfirvaldið tiltekur sem skal ekki vera minni en 24 klst.

SAO.GEN.160 Leiðarflugbók

Fyrir hvert flug, eða röð flugferða, skulu upplýsingar um sviffluguna, áhöfn hennar og hverja ferð geymdar í leiðarflugbók eða jafngildu skjali.

OP-KAFLI

VERKLAGSREGLUR Í FLUGI

SAO.OP.100 Notkun flugvalla og starfrækslusvæða

Flugstjórinn skal einungis nota flugvelli og starfrækslusvæði sem eru viðunandi fyrir hlutaðeigandi tegund sviffflugu og starfrækslu.

SAO.OP.105 Verklagsreglur um hávaðamildun — vélsviffflugur

Flugstjórinn skal taka tillit til verklagsreglna til að draga úr áhrifum hávaða vélsviffflugna en tryggja jafnframt að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun.

SAO.OP.110 Upplýsingar til farþega

Flugstjórinn skal tryggja að fyrir flug og, ef það á við, meðan á flugi stendur fái farþeginn upplýsingar um verklagsreglur við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.

SAO.OP.115 Flutningur á sérstökum flokkum farþega

Flugstjórinn skal tryggja að einstaklingar, sem þarfnast sérstakra aðstæðna, aðstoðar eða búnaðar þegar þeir ferðast með sviffflugu, ferðist við aðstæður sem tryggja öryggi sviffflugunnar og einstaklinga eða eigna um borð.

SAO.OP.120 Undirbúningur flugs

Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann tryggja eftirfarandi:

a) að sú aðstaða sem nauðsynleg er til að tryggja örugga starfrækslu sviffflugunnar sé fullnægjandi fyrir viðkomandi tegund flugs,

b) að veðurskilyrðin séu slík að hægt sé að ljúka flugi með öruggum hætti,

c) að magn eldsneytis eða annarrar orku sé nægilegt svo hægt sé að ljúka flugi með öruggum hætti ef um er að ræða vélsviffflugu og fyrirhugað er að nota hreyfilinn.

SAO.OP.125 Eldsneytistaka og endurhleðsla eða útskipti á rafgeymum á meðan einstaklingar eru um borð — vélsviffluga

Þegar farþegi er um borð í vélsviffflugu:

a) skal ekki setja eldsneyti á sviffluguna og

b) ekki endurhlaða eða skipta út rafgeymum sem notaðir eru fyrir knúningsafl sviffflugunnar.

SAO.OP.130 Reykingar um borð

Reykingar eru bannaðar um borð í svifflugu á öllum stigum flugsins.

SAO.OP.135 Veðurskilyrði

Flugstjórinn skal einungis leggja upp í flug eða halda fluginu áfram ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar benda til þess að til staðar sé öruggur lendingarkostur.

SAO.OP.140 Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á jörðu niðri

Flugstjórinn skal aðeins hefja flugtak ef svifflugan er laus við öll aðskotaefni, sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu eða stjórnhæfi svifflugunnar, nema innan þeirra marka sem tilgreind eru í flughandbókinni.

SAO.OP.145 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar og annarrar orku á flugi — vélsvifflugur

Þegar um er að ræða vélsvifflugur skal flugstjórinn með reglulegu millibili, á meðan flugi stendur, staðfesta að tiltækt magn nýtanlegs eldsneytis eða annarrar orku sé ekki minna en þörf er á til að tryggja örugga lendingu.

SAO.OP.150 Notkun viðbótarsúrefnis

Flugstjórinn skal sjá til þess að allir einstaklingar um borði noti viðbótarsúrefni ef hann telur að skortur á súrefni í þeirri flughæð sem áætlað er að fljúga í gæti leitt til skertrar starfshæfni þeirra eða haft skaðleg áhrif á þá.

SAO.OP.155 Sérstök starfræksla svifflugu

a) Áður en sérstök starfræksla með svifflugu hefst, eða röð slíkrar starfrækslu, skal flugstjórinn framkvæma áhættumat þar sem hann metur flækjustig starfseminnar til að ákvarða hættur og tilheyrandi áhættu, sem fylgir fyrirhugaðri starfrækslu, og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu ef nauðsyn krefur.

b) Sérstök starfræksla svifflugu skal fara fram í samræmi við gátlista. Flugstjórinn skal, á grundvelli áhættumatsins, gera gátlistann og tryggja að hann henti fyrir sérstöku starfræksluna og sviffluguna sem er notuð, með tilliti til allra krafna sem eru settar fram í þessum viðauka. Gátlistinn skal vera vel aðgengilegur flugstjóra og öðrum svifflugumeðlimum í hverju flugi, þegar við á til að þeir geti sinnt skyldum sínum.

c) Flugstjórinn skal endurskoða og uppfæra gátlistann með reglulegu millibili og þegar nauðsyn krefur, til að taka tilhlýðilegt tillit til áhættumatsins.

POL-KAFLI

TAKMARKANIR Á AFKASTAGETU OG STARFRÆKSLU

SAO.POL.100 Vigtun

a) Framleiðandi svifflugunnar skal annast vigtun svifflugu eða hún skal fara fram í samræmi við I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([1]).

b) Flugrekandinn skal tryggja að búið sé að ákvarða massa svifflugunnar með því að vigta hana áður en hún er tekin í notkun í fyrsta sinn. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og skrásetja á tilskilinn hátt. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar flugstjóranum. Endurvigta skal svifflugunaef áhrif breytinga eða viðgerða á massa eru ekki þekkt.

SAO.POL.105 Afkastageta — almennt

Flugstjórinn skal aðeins starfrækja svifflugu ef afkastageta svifflugunnar uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og í samræmi við allar aðrar takmarkanir sem eiga við um flugið, loftrýmið, flugvellina eða starfrækslusvæðin sem notast er við, og jafnframt tryggja að öll kort og landabréf séu af nýjustu fyrirliggjandi útgáfu.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

IDE-KAFLI

MÆLITÆKI, GÖGN OG BÚNAÐUR

SAO.IDE.100 Mælitæki og búnaður — almenn ákvæði

a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða, þegar svifflugan er skráð í þriðja landi, í samræmi við lofthæfikröfur skráningarríkisins, ef eitt af eftirtöldum skilyrðum hefur verið uppfyllt:

1) þau eru notuð af flugliðum til að stjórna flugslóðinni,

2) þau eru notuð til að uppfylla ákvæði liðar SAO.IDE.130 eða SAO.IDE.135,

3) þau eru varanlega uppsett í sviffflugunni.

b) Þrátt fyrir a-lið þarf ekki samþykki fyrir eftirfarandi tækjum eða búnaði þegar hans er krafist í þessum kafla:

1) vasaljósum,

2) nákvæmri klukku,

3) búnaði til að lifa af og merkjabúnaði.

c) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá þeim vinnureit þar sem annaðhvort flugstjórinn eða aðrir sviffluguliðar, sem þurfa að nota þau, sitja.

SAO.IDE.105 Flugmælar og flugleiðsögutæki

a) Sviffflugur skulu búnar búnaði til að mæla og sýna öll eftirfarandi atriði:

1) tíma í klukkustundum og mínútum,

2) málþrýstingshæð,

3) sýndan flughraða,

4) hvað varðar vélsviffflugur: segulstefnu.

b) Til viðbótar við a-lið skulu sviffflugur, sem fljúga við skilyrði þar sem ekki er hægt að halda þeim á æskilegri flugslóð án þess að notast við eitt eða fleiri viðbótartæki, við flug í skýjum eða að nóttu til, búnar búnaði til að mæla og sýna öll eftirfarandi atriði:

1) stig- og fallhraða,

2) horf loftfars eða beygju og skrið,

3) segulstefnu.

SAO.IDE.110 Vinnuljós

Sviffflugur, sem starfræktar eru að nóttu til, skulu búnar öllu eftirfarandi:

a) blikljósakerfi,

b) siglingaljósum,

c) lendingarljósi,

d) ljósum, sem fá rafmagn frá rafkerfi sviffflugunnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu sviffflugunnar,

e) vasaljós fyrir vinnureit flugstjórans og alla vinnureiti sviffluguliða.

SAO.IDE.115 Viðbótarsúrefni

Sviffflugur, sem eru starfræktar við aðstæður þar sem gerð er krafa um súrefnisbirgðir í samræmi við lið SAO.OP.150, skulu hafa búnað til að geyma og gefa súrefni af þeim birgðum sem gerð er krafa um.

SAO.IDE.120 Björgunar- og merkjabúnaður – flug yfir vatni eða hafi

Áður en flugstjóri svifflugu, sem flogið er yfir hafi eða vatni, hefur flug skal hann meta hættuna á að farþegar lifi ekki af nauðlendingu á vatni. Með hliðsjón af þessari áhættu skal hann ákvarða hvort þörf er á að hafa björgunar- og merkjabúnað um borð.

SAO.IDE.125 Björgunar- og merkjabúnaður – erfiðleikar við leit og björgun

Svifflugur sem fljúga yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar skulu búnar þeim björgunar- og merkjabúnaði sem er viðeigandi fyrir það svæði sem flogið er yfir.

SAO.IDE.130 Fjarskiptabúnaður

Svifflugur skulu búnar fjarskiptabúnaði til að gera möguleg fjarskiptin sem krafist er skv. 4. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og, ef flogið er í loftrými þriðja lands, samkvæmt lögum þess þriðja lands.

SAO.IDE.135 Ratsjársvari

Svifflugur skulu búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir allri þeirri getu sem krafist er samkvæmt b-lið liðar SERA.6005 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og, ef flogið er í loftrými þriðja lands, samkvæmt lögum þess þriðja lands.

DEC-KAFLI

YFIRLÝSING

SAO.DEC.100 Yfirlýsing

a) Í yfirlýsingunni sem um getur í 2. mgr. 3. gr. skal flugrekandinn staðfesta að hann uppfylli og muni halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í þessari reglugerð.

b) Í yfirlýsingunni skal flugrekandinn taka fram eftirfarandi upplýsingar:

   1) nafn flugrekanda,

   2) hvar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar,

   3) samskiptaupplýsingar flugrekandans,

   4) upphafsdag starfrækslunnar og, ef við á, dagsetninguna sem breytingin á fyrirliggjandi yfirlýsingu tekur gildi,

   5) að því er varðar allar svifflugur sem notaðar eru við starfrækslu í ábataskyni: tegund svifflugu, skráningu, meginstarfsstöð, tegund starfrækslu og fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

c) Flugrekandi skal, þegar hann gefur út yfirlýsingu, láta lögbæru yfirvaldi í té skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) til að sýna fram á reglufylgni þegar þess er krafist í samræmi við lið SAO.GEN.110. Skráin skal innihalda tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC).

d) Þegar flugrekandinn gefur út yfirlýsingu skal hann nota eyðublaðið sem er að finna í viðbætinum við þennan viðauka.

SAO.DEC.105 Breytingar á yfirlýsingunni og stöðvun starfrækslu í ábataskyni

a) Flugrekandinn skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum þessarar reglugerðar, eins og þær eru tilkynntar lögbæra yfirvaldinu, og allar breytingar að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í b-lið liðar SAO.DEC.100 og skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í c-lið liðar SAO.DEC.100, eins og þær eru skráðar í eða fylgja yfirlýsingunni.

b) Flugrekandinn skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu þegar hann stundar ekki lengur starfrækslu svifflugna í ábataskyni.

———

Viðbætir

YFIRLÝSING

í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976

Flugrekandi

Heiti:

Staður þar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar:

Samskiptaupplýsingar:

Starfræksla með svifflugur

Upphafsdagur starfrækslu í ábataskyni og, ef við á, dagsetning breytingar á fyrirliggjandi starfrækslu í ábataskyni.

Upplýsingar um svifflugur sem notaðar eru, starfrækslu í ábataskyni og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (1):

Tegund sviffflugu	**Skrásetning sviffflugu**	**Meginstarfsstöð**	Tegund eða tegundir starfrækslu (2)	Fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (3)

Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) með tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar (AMC) (sem viðauki við þessa yfirlýsingu):

Yfirlýsingar

☐ Flugrekandinn uppfyllir og mun halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og kröfurnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976.

Flugrekandinn sinnir einkum starfrækslu sinni í ábataskyni í samræmi við eftirfarandi kröfur í II. viðauka við framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2018/1976:

☐ Allar sviffflugur, sem starfræktar eru, hafa lofthæfivottorð (4) sem gefið er út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

☐ Allir flugmenn eru handhafar skírteinis og áritana sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eins og krafist er í lið SAO.GEN.125 í II. viðauka.

☐ Flugrekandinn mun tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort að farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1976, eins og þær eru tilkynntar lögbæra yfirvaldinu með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skrám yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í c-lið liðar SAO.DEC.100 í II. viðauka.

☐ Flugrekandinn staðfestir að allar upplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar, eru tæmandi og réttar.

Dagsetning, nafn og undirskrift

(1) Fylla skal út töfluna. Ef ekki er nægilegt rými til að skrá upplýsingarnar skulu þær skráðar í sérstökum viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður.

(2) „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísar til tegundar starfrækslu sviffflugu í ábataskyni.

(3) Í upplýsingum um fyrirtækið sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins skal koma fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang og tilvísunarnúmer samþykkis.

(4) Lofthæfivottorðið er venjulegt lofthæfivottorð, takmarkað lofthæfivottorð eða flugleyfi sem gefið er út í samræmi við kröfur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/27 **2023/EES/62/19**

frá 19. desember 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23 gr. (1. mgr.), 27 gr. (1. mgr.), 62. gr. (14. og 15. mgr.), 72. gr. (5. mgr.) og 74 gr. (8. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um nákvæmar reglur um tiltekin flugmannsskírteini og um breytingu á þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannsskírteini og um skilyrði fyrir viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum. Í reglugerðinni eru einnig settar fram reglur um heilbrigðisvottorð flugmanna, skilyrði fyrir breytingu á þjóðarheilbrigðisvottorðum og vottun fluglækna og í henni eru ákvæði um heilbrigði öryggis- og þjónustuliða.

2) Við framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 kom í ljós að tiltekin ákvæði hennar innihalda ritstjórnarleg mistök eða eru tvíræðin. Þetta leiðir til vandkvæða við framkvæmdina og vandkvæða við að viðhalda samræmdu öryggisstigi í almenningsflugi í öllum aðildarríkjum. Þessi ákvæði þarf því að skýra nánar og leiðrétta.

3) Við heimsóknir Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) í tengslum við eftirlit með stöðlun og á fundum læknisfræðilega sérfræðingahópsins, sem haldnir voru af Flugöryggisstofnuninni, komu í ljós nokkrar smugur í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, sem gætu mögulega haft áhrif á öryggi, og því ætti að ráða bót á þeim.

4) Í kjölfar slyssins hjá flugrekandanum *Germanwings* í tengslum við flug 9525 vakti starfshópur flugrekandans *Germanwings*, sem var stýrt af Flugöryggisstofnuninni, máls á ýmsum öryggisáhættum og gaf út sex tilmæli til að milda þessar áhættur ([3]). Fjögur þessara tilmæla, nánar tiltekið tilmæli 2 (mat á geðheilbrigði flugáhafnar), tilmæli 3 (forvarnir gegn misnotkun flugáhafnar á áfengi og öðrum geðvirkum efnum), tilmæli 4 (þjálfun, eftirlit og tengslanet fluglækna)

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 8, 10.1.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) http://ec.europa.eu/transport/sites/transport/files/modes/air/news/doc/2015-07-17-germanwings-report/germanwings-task-force-final-report.pdf

og tilmæli 5 (evrópsku fluglækningagagnasafni komið á fót), varða breytingar á reglunum í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir flugáhöfn. Nú þykir rétt að bregðast við þessum fjórum tilmælum.

5) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 varðandi heilbrigðiskröfur og flugheilbrigðisskoðun ætti að laga að viðeigandi ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 ([4]).

6) Flugöryggisstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina drög að framkvæmdarreglum ásamt áliti sínu nr. 09/2016.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir 22a, 22b og 22c bætast við í 2. gr.:

„22a) „ARO.RAMP“: RAMP-kaflinn í II. viðauka við reglugerðina um flugrekstur,

22b) „sjálfvirk fullgilding“ (e. *automatically validated*): þegar ríki, sem er samningsríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og er skráð í fylgiskjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, samþykkir, án formsatriða, flugliðaskírteini sem aðildarríki gefur út í samræmi við I. viðauka við Chicago-samninginn,

22c) „fylgiskjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“: fylgiskjal við sjálfvirkt fullgilt flugliðaskírteini, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn og er fylgiskjalsins getið í flugliðaskírteininu undir atriði XIII.“

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 frá 20. febrúar 2015 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 (Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2015, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað A- og B-kafla kemur eftirfarandi:

„A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Almenn atriði

MED.A.001 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka (MED-hluta) er lögbært yfirvald:

a) að því er varðar fluglæknasetur (AeMC):

   1) það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknasetursins er, tilnefnir,

   2) Flugöryggisstofnunin, ef fluglæknasetrið er í þriðja landi,

b) að því er varðar fluglækna (AME):

   1) það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglækna er, tilnefnir,

   2) það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fluglæknirinn sækir um vottorð fluglæknis, tilnefnir, ef aðalstarfsstöð fluglæknis er í þriðja landi,

c) að því er varðar heimilislækna (GMP): það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem heimilislæknirinn tilkynnir um starfsemi sína, tilnefnir,

d) að því er varðar trúnaðarlækna (e. *occupational health medical practitioners* (OHMP)) sem meta heilbrigði öryggis- og þjónustuliða: það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem trúnaðarlæknirinn tilkynnir um starfsemi sína, tilnefnir.

MED.A.005 Gildissvið

Í þessum viðauka (MED-hluta) eru tilgreindar kröfur fyrir:

a) útgáfu, gildistíma, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorðsins, sem gerð er krafa um í tengslum við neytingu réttinda sem tengjast flugmannsskírteini eða flugnema,

b) heilbrigði öryggis- og þjónustuliða,

c) vottun fluglækna,

d) menntun og hæfi heimilislækna og trúnaðarlækna.

MED.A.010 Skilgreiningar

Í þessum viðauka (MED-hluta) er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „takmörkun“: skilyrði, sem skráð er í heilbrigðisvottorð eða læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða, sem fara skal eftir þegar neytt er réttinda skírteinis eða staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða,

— „flugheilbrigðisskoðun“: athugun, þreifing, ásláttur, hlustun eða aðrar rannsóknaraðferðir sem eru notaðar til að ákvarða að viðkomandi sé nógu heilbrigður til að neyta þeirra réttinda sem skírteinið veitir eða til að sinna störfum öryggis- og þjónustuliða,

— „flugheilbrigðismat“: niðurstaðan varðandi heilbrigði umsækjanda, sem byggist á mati á umsækjandanum, eins og gerð er krafa um í þessum viðauka (MED-hluta), og frekari skoðunum og læknisrannsóknum þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi,

— „alvarlegt/marktækt“: alvarleikastig heilsufarslegs kvilla sem myndi koma í veg fyrir að unnt sé að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti eða sinna störfum öryggis- og þjónustuliða,

— „umsækjandi“: einstaklingur, sem sækir um eða er handhafi heilbrigðisvottorðs, sem gengst undir flugheilbrigðismat til að neyta réttinda skírteinisins eða sinna störfum öryggis- og þjónustuliða,

— „heilsufarssaga“: frásögn eða skrá yfir fyrri sjúkdóma, meiðsl, meðferðir eða önnur læknisfræðileg atriði, þ.m.t. mat á vanhæfni eða takmörkun á heilbrigðisvottorði, sem skipta máli eða geta skipt máli fyrir núverandi heilbrigðisástand umsækjanda og flugheilbrigði,

— „skírteinisyfirvald“: lögbært yfirvald þess aðildarríkis sem gaf út skírteinið eða þar sem einstaklingur sækir um útgáfu skírteinis, eða, þegar einstaklingur hefur enn ekki sótt um skírteini, lögbæra yfirvaldið eins og ákvarðað er í samræmi við lið FCL.001 í I. viðauka (FCL-hluta),

— „litviss“: geta umsækjanda til að greina auðveldlega þá liti sem notaðir eru í flugleiðsögu og greina réttilega lituð ljós sem notuð eru í flugi,

— „rannsókn“: mat á sjúkdómsástandi, sem grunur leikur á um að umsækjandi hafi, með skoðunum og prófunum til að ákvarða hvort heilsufarsástand sé til staðar eða ekki,

— „viðurkennt læknisfræðilegt mat“: niðurstaða sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af skírteinisyfirvaldi, hafa komist að í tilteknu tilviki á grundvelli viðmiðana, sem eru hlutlægar og án mismununar, í samráði við sérfræðinga í flugrekstri eða aðra sérfræðinga, eins og þörf krefur, þar sem mat á rekstraráhættu kann að vera viðeigandi,

— „misnotkun efna“: notkun flugáhafnar á einu eða fleiri geðvirkum efnum, þannig að það:

  a) valdi beinni hættu fyrir notandann eða stefni í hættu lífi, heilsu eða velferð annarra og/eða

  b) valdi eða geri verri starfstengd, félagsleg, andleg eða líkamleg vandamál eða samsvarandi sjúkdóma,

— „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarefni og rokgjörn leysiefni, að undanskildu koffíni og tóbaki,

— „sjónlagsgalli“: sjónlag mælt í þeim ás augans sem mest frávik hefur og er mælt með stöðluðum aðferðum í ljósbrotseiningum (e. *dioptres*).

MED.A.015 Þagnarskylda heilbrigðisstétta

Allir einstaklingar sem koma að flugheilbrigðisskoðunum, flugheilbrigðismati og útgáfu heilbrigðisvottorða skulu tryggja að þagnarskyldan sé ávallt virt.

MED.A.020 Skert heilbrigði

a) Handhafar skírteina skulu aldrei neyta þeirra réttinda sem skírteini, tilheyrandi áritanir eða vottorð veita þeim og flugnemar skulu ekki fljúga einir ef:

  1) þeim er kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi,

  2) þeir taka lyf, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem er líklegt til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti,

  3) þeir sæta læknismeðferð, skurðlækningameðferð eða annarri meðferð sem er líkleg til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Að auki skulu handhafar heilbrigðisvottorðs, án ástæðulausrar tafar og áður en þeir neyta réttinda skírteinis síns, leita ráða fluglæknaseturs, fluglæknis eða heimilislæknis, eftir því sem við á, ef þeir:

  1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð,

  2) hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,

  3) hafa orðið fyrir verulegum líkamsmeiðslum sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,

  4) hafa glímt við hvers kyns alvarleg veikindi sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,

  5) eru barnshafandi,

6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða læknastofu,

7) þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar.

c) Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið:

1) skulu handhafar 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorða leita ráða hjá fluglæknasetri eða fluglækni; í slíkum tilvikum skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn meta heilbrigði þeirra og skera úr um getu þeirra til að neyta réttinda sinna áfram,

2) skulu handhafar heilbrigðisvottorða fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför leita ráða hjá fluglæknasetri, fluglækni eða þeim heimilislækni sem skrifaði undir heilbrigðisvottorðið. Í því tilviki skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn meta heilbrigði þeirra og skera úr um getu þeirra til að neyta réttinda sinna áfram.

d) Öryggis- og þjónustuliðar skulu ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari og, þar sem við á, ekki neyta þeirra réttinda sem staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða veitir þeim, sé þeim kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að gegna skyldu- og ábyrgðarstörfum sínum á sviði öryggismála.

e) Að auki skulu öryggis- og þjónustuliðar, án ástæðulausrar tafar, leita ráða hjá fluglækni, fluglæknasetri eða trúnaðarlækni ef um er að ræða heilsufarslegan kvilla af því tagi sem tilgreindur er í 1.-5. lið b-liðar. Í slíkum tilvikum skal fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða trúnaðarlæknirinn meta heilbrigði öryggis- og þjónustuliða og ákveða hvort þeir séu hæfir að nýju til að sinna öryggisstörfum sínum.

MED.A.025 Skyldur fluglæknaseturs, fluglæknis, heimilislæknis og trúnaðarlæknis

a) Við framkvæmd flugheilbrigðisskoðunar og -mats, eins og krafist er samkvæmt þessum viðauka (MED-hluta), skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn, heimilislæknirinn og trúnaðarlæknirinn:

1) tryggja að samskipti við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,

2) gera umsækjandanum ljósar afleiðingar þess að veita ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína,

3) tilkynna skírteinisyfirvaldinu eða, ef um er að ræða handhafa staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða, tilkynna lögbæra yfirvaldinu ef umsækjandinn veitir ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína,

4) tilkynna skírteinisyfirvaldinu ef umsækjandi dregur til baka umsókn sína um heilbrigðisvottorð á einhverju stigi ferlisins.

b) Að lokinni flugheilbrigðisskoðun og -mati skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn, heimilislæknirinn og trúnaðarlæknirinn:

1) upplýsa umsækjandann um það hvort hann sé hæfur eða ekki hæfur eða vísa honum til skírteinisyfirvaldsins, fluglæknasetursins eða fluglæknisins, eftir því sem við á,

2) upplýsa umsækjandann um allar takmarkanir sem kunna að takmarka flugþjálfun eða þau réttindi sem skírteini hans eða staðfestingarvottorð hans fyrir öryggis- og þjónustuliða veita, eftir því sem við á,

3) ef umsækjandinn hefur verið metinn ekki hæfur, upplýsa hann um rétt hans á því að fá ákvörðunina endurskoðaða í samræmi við málsmeðferðarreglur lögbæra yfirvaldsins,

4) ef um er að ræða umsækjendur um heilbrigðisvottorð, tafarlaust afhenda læknisfræðilegum sérfræðingi skírteinisyfirvaldsins skýrslu sem er undirrituð eða auðkennd með rafrænum hætti og sem inniheldur ítarlegar niðurstöður úr flugheilbrigðisskoðun og -mati, eins og krafist er fyrir flokk heilbrigðisvottorðsins, ásamt afriti af umsóknareyðublaðinu, skoðunareyðublaðinu og heilbrigðisvottorðinu,

5) upplýsa umsækjandann um ábyrgð hans ef um er að ræða skert heilbrigði eins og tilgreint er í MED.A.020.

c) Ef nauðsynlegt er að hafa samráð við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins í samræmi við þennan viðauka (MED-hluta) skal fluglæknasetrið og fluglæknirinn fylgja þeirri málsmeðferð sem lögbæra yfirvaldið kemur á fót.

d) Fluglæknasetur, fluglæknar, heimilislæknar og trúnaðarlæknar skulu halda skrár yfir upplýsingar um flugheilbrigðisskoðanir og -mat, sem framkvæmd eru í samræmi við þennan viðauka (MED-hluta), og yfir niðurstöður sínar í a.m.k. 10 ár eða í lengra tíma ef kveðið er á um það í landslöggjöf.

e) Fluglæknasetur, fluglæknar, heimilislæknar og trúnaðarlæknar skulu framsenda allar flugheilbrigðisskrár og -skýrslur og allar aðrar viðeigandi upplýsingar til læknisfræðilegs sérfræðings lögbæra yfirvaldsins, sé þess óskað, vegna:

1) heilbrigðisvottunar,

2) eftirlitsstarfsemi.

f) Fluglæknasetur og fluglæknar skulu færa inn eða uppfæra gögnin í evrópska fluglækningagagnasafninu í samræmi við d-lið liðar ARA.MED.160.

2. ÞÁTTUR

Kröfur varðandi heilbrigðisvottorð

MED.A.030 Heilbrigðisvottorð

a) Flugnemi skal ekki fljúga einflug nema hann hafi heilbrigðisvottorð eins og krafist er vegna viðeigandi skírteinis.

b) Umsækjandi um skírteini skal, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta), hafa heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við þennan viðauka (MED-hluta) og er viðeigandi fyrir þau réttindi sem sótt eru um.

c) Þegar handhafi neytir réttinda:

1) flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL) skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds heilbrigðisvottorðs vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL-heilbrigðisvottorðs),

2) einkaflugmannsskírteinis, svifflugmannsskírteinis og flugmannsskírteinis fyrir loftbelg skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,

3) skírteinis svifflugmanns eða flugmannsskírteinis fyrir loftbelg, í tengslum við flutningaflug með svifflugu eða loftbelg, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,

4) atvinnuflugmannsskírteinis, fjölstjórnarskírteinis eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks skal flugmaðurinn vera handhafi gilds 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

d) Sé næturflugsáritun bætt við einkaflugmannsskírteini eða flugmannsskírteini fyrir létt loftför skal skírteinishafi vera litviss.

e) Ef blindflugsáritun eða blindflugsáritun í flugleið er bætt við í einkaflugmannsskírteini skal skírteinishafi gangast undir heyrnarmælingu með hreinum tónum í samræmi við þá tíðni og þær kröfur sem krafist er af handhöfum 1. flokks heilbrigðisvottorða.

f) Skírteinishafi skal aldrei hafa nema eitt heilbrigðisvottorð í einu, útgefið í samræmi við þennan viðauka (MED-hluta).

MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð

a) Umsóknir um heilbrigðisvottorð skulu vera á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.

b) Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu, eftir því sem við á, láta fluglæknasetrinu, fluglækninum eða heimilislækninum í té:

1) sönnun um hverjir þeir eru,

2) undirritaða yfirlýsingu:

i. um læknisfræðileg atriði sem varða heilsufarssögu þeirra,

ii. um hvort þeir hafi áður sótt um heilbrigðisvottorð eða gengist undir flugheilbrigðisskoðun vegna heilbrigðisvottorðs og, ef svo er, hjá hverjum og með hvaða niðurstöðu,

iii. um hvort þeir hafi einhvern tímann verið metnir ekki hæfir eða að heilbrigðisvottorð þeirra hafi verið tímabundið fellt úr gildi eða afturkallað.

c) Þegar sótt er um framlengingu eða endurnýjun á heilbrigðisvottorði skulu umsækjendur framvísa síðasta heilbrigðisvottorði sínu í fluglæknasetrinu, hjá fluglækninum eða heimilislækninum, eftir því sem við á, áður en viðeigandi flugheilbrigðisskoðanir fara fram.

MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

a) Aðeins skal gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð þegar búið er að framkvæma tilskildar flugheilbrigðisskoðanir og -mat, eftir því sem við á, og umsækjandinn hefur verið metinn hæfur.

b) *Fyrsta útgáfa*

1) Fluglæknasetur skal gefa út 1. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu gefa út 2. flokks heilbrigðisvottorð.

3) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu gefa út LAPL-heilbrigðisvottorð. Heimilislæknir getur einnig gefið þau út svo fremi sem landslög aðildarríkis skírteinisyfirvaldsins, sem umsóknin um heilbrigðisvottorð var gerð til, heimila slíkt.

c) *Framlenging og endurnýjun*

1) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu gefa út, framlengja eða endurnýja 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu framlengja eða endurnýja LAPL-heilbrigðisvottorð. Heimilislæknir getur einnig framlengt eða endurnýjað þau svo fremi sem landslög aðildarríkis skírteinisyfirvaldsins, sem umsóknin um heilbrigðisvottorð var gerð til, heimila slíkt.

d) Fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir skulu aðeins gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) umsækjandinn hefur látið þeim í té alla heilsufarssögu sína og, ef fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn fer fram á það, niðurstöður heilbrigðisskoðana og -prófana sem framkvæmdar hafa verið af lækni umsækjandans eða öðrum sérfræðilæknum,

2) fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn hefur framkvæmt flugheilbrigðismat sem byggir á heilbrigðisskoðunum og -prófunum, eins og gerð er krafa um vegna viðeigandi heilbrigðisvottorðs, til að sannreyna að umsækjandinn uppfylli allar viðeigandi kröfur þessa viðauka (MED-hluta).

e) Fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða, ef um er að ræða vísun máls, læknisfræðilegur sérfræðingur skírteinisyfirvaldsins getur farið fram á að umsækjandinn gangist undir frekari heilbrigðisskoðanir og -rannsóknir þegar klíníska eða faraldsfræðilegar ábendingar eru fyrir hendi áður en heilbrigðisvottorð er gefið út, framlengt eða endurnýjað.

f) Læknisfræðilegum sérfræðing skírteinisyfirvaldsins er heimilt að gefa út eða endurútgefa heilbrigðisvottorð.

MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

a) *Gildistími*

1) Heilbrigðisvottorð 1. flokks skulu gilda í 12 mánuði.

2) Þrátt fyrir 1. lið skal gildistími 1. flokks heilbrigðisvottorða vera sex mánuðir fyrir skírteinishafa sem:

i. flytja farþega í einstjórnarloftförum í flutningaflugi og hafa náð 40 ára aldri,

ii. hafa náð 60 ára aldri.

3) Heilbrigðisvottorð 2. flokks skulu gilda:

i. í 60 mánuði þar til skírteinishafi nær 40 ára aldri; heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en skírteinishafi nær 40 ára aldri fellur úr gildi þegar skírteinishafi nær 42 ára aldri,

ii. í 24 mánuði fyrir þá skírteinishafa sem eru á milli 40 og 50 ára; heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en skírteinishafi nær 50 ára aldri fellur úr gildi þegar skírteinishafi nær 51 ára aldri,

iii. í 12 mánuði fyrir þá skírteinishafa sem eru eldri en 50 ára.

4) LAPL-heilbrigðisvottorð skulu gilda:

i. í 60 mánuði þar til skírteinishafi nær 40 ára aldri; heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en skírteinishafi nær 40 ára aldri fellur úr gildi þegar skírteinishafi nær 42 ára aldri,

ii. í 24 mánuði fyrir þá skírteinishafa sem eru eldri en 40 ára.

5) Gildistími heilbrigðisvottorðs, þ.m.t. allar tengdar skoðanir eða sérstakar rannsóknir, skal reiknaður út frá dagsetningu flugheilbrigðisskoðunarinnar, ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun, og frá deginum sem fyrra heilbrigðisvottorð fellur úr gildi, ef um er að ræða framlengingu.

b) *Framlenging*

Flugheilbrigðisskoðanir og -mat, eftir því sem við á, vegna framlengingar heilbrigðisvottorðs mega fara fram allt að 45 dögum áður en heilbrigðisvottorðið fellur úr gildi.

c) *Endurnýjun*

1) Uppfylli handhafi heilbrigðisvottorðs ekki ákvæði b-liðar skal gerð krafa um heilbrigðisskoðun og -mat vegna endurnýjunar, eftir því sem við á.

2) Þegar um er að ræða 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorð gildir eftirfarandi:

i. ef heilbrigðisvottorðið féll úr gildi fyrir minna en tveimur árum skal framkvæma venjubundna flugheilbrigðisskoðun vegna framlengingar,

ii. ef heilbrigðisvottorðið féll úr gildi fyrir meira en tveimur árum, en minna en fimm árum, má fluglæknasetrið eða fluglæknirinn aðeins framkvæma flugheilbrigðisskoðun vegna endurnýjunar eftir að heilbrigðisskýrslur umsækjandans hafa verið metnar,

iii. ef heilbrigðisvottorðið féll úr gildi fyrir meira en fimm árum gilda kröfurnar um flugheilbrigðisskoðanir að því er varðar fyrstu útgáfu og skal matið byggt á kröfunum um framlengingu.

3) Ef um er að ræða LAPL-heilbrigðisvottorð skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn meta heilsufarssögu umsækjanda og framkvæma flugheilbrigðisskoðun og -mat, eftir því sem við á, í samræmi við liði MED.B.005 og MED.B.095.

MED.A.046 Tímabundin niðurfelling eða afturköllun heilbrigðisvottorða

a) Skírteinisyfirvaldi er heimilt að fella heilbrigðisvottorð tímabundið úr gildi eða afturkalla það.

b) Við tímabundna niðurfellingu heilbrigðisvottorðs skal handhafi þess skila heilbrigðisvottorðinu til skírteinisyfirvaldsins þegar yfirvaldið óskar eftir því.

c) Við afturköllun heilbrigðisvottorðs skal handhafi þess tafarlaust skila heilbrigðisvottorðinu til skírteinisyfirvaldsins.

MED.A.050 Tilvísun

a) Ef umsækjanda um 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorð er vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins í samræmi við lið MED.B.001 skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn til skírteinisyfirvaldsins.

b) Ef umsækjanda um LAPL-heilbrigðisvottorð er vísað til fluglæknis eða fluglæknaseturs í samræmi við lið MED.B.001 skal heimilislæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn yfir til fluglæknasetursins eða fluglæknisins.

B-KAFLI

KRÖFUR UM HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGMANNA

1. ÞÁTTUR

Almenn atriði

MED.B.001 Takmarkanir í heilbrigðisvottorðum

a) *Takmarkanir í 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorðum*

1) Ef umsækjandinn uppfyllir ekki að fullu kröfurnar sem gilda um viðeigandi flokk heilbrigðisvottorðs en er ekki talinn líklegur til tefla því í tvísýnu að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn:

i. hvað varðar umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð, vísa ákvörðuninni um hæfi umsækjandans til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins, eins og tilgreint er í þessum kafla,

ii. hvað varðar tilvik þar sem tilvísun til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins er ekki tilgreind í þessum kafla, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, þegar viðkomandi uppfyllir eina eða fleiri af þeim takmörkunum sem áritaðar eru á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um) eftir því sem þörf krefur,

iii. hvað varðar umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð, meta það í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins, eins og tilgreint er í þessum kafla, hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, þegar viðkomandi uppfyllir eina eða fleiri af þeim takmörkunum sem áritaðar eru á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um), eftir því sem þörf krefur, í samráði við skírteinisyfirvaldið.

2) Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkun(um) án þess að vísa til eða hafa samráð við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

b) *Takmarkanir í LAPL-heilbrigðisvottorði*

1) Komist heimilislæknir að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til heilsufarssögu umsækjandans, að umsækjandi um LAPL-heilbrigðisvottorð uppfyllir ekki að fullu kröfur um heilbrigði skal hann vísa umsækjandanum til fluglæknaseturs eða fluglæknis, nema umsækjandinn óski eftir takmörkunum sem varða einungis notkun leiðréttingarlinsa eða gildistíma heilbrigðisvottorðsins.

2) Ef umsækjanda um LAPL-heilbrigðisvottorð hefur verið vísað áfram í samræmi við 1. lið skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn, að teknu tilhlýðilegu tilliti til liðar MED.B.005 og MED.B.095, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, þegar viðkomandi uppfyllir eina eða fleiri af þeim takmörkunum sem áritaðar eru á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um) eftir því sem þörf krefur. Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skal alltaf meta þörfina á því að takmarka möguleika umsækjandans á því að fljúga með farþega (takmörkun við flug án farþega (OPL).

3) Heimilislæknir getur framlengt eða endurnýjað LAPL-heilbrigðisvottorð með sömu takmörkun án þess að vísa umsækjanda til fluglæknaseturs eða fluglæknis.

c) Þegar metið er hvort takmörkun sé nauðsynleg skal sérstaklega skoða:

1) hvort viðurkennt læknisfræðilegt mat gefi til kynna að þrátt fyrir að umsækjandinn uppfylli ekki allar tölulegar kröfur eða aðrar kröfur við sérstakar aðstæður sé ólíklegt að hann stofni flugöryggi í hættu með því að neyta þeirra réttinda sem skírteinið, sem sótt er um, veitir honum,

2) getu, hæfni og reynslu umsækjanda sem skipta máli fyrir fyrirhugaða starfrækslu.

d) *Kóðar fyrir starfrækslutakmarkanir*

1) Takmarkanir við fjölstjórnarumhverfi (OML — einungis 1. flokkur)

i. Þegar handhafi atvinnuflugmannsskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eða fjölstjórnarskírteinis stenst ekki að fullu kröfur um 1. flokks heilbrigðisvottorð og honum hefur verið vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins, þá skal þessi læknisfræðilegi sérfræðingur meta hvort gefa megi heilbrigðisvottorðið út með takmörkun við fjölstjórnarumhverfi sem „gildir einungis sem aðstoðarflugmaður eða með aðstoðarflugmanni með réttindi“.

ii. Handhafi heilbrigðisvottorðs með takmörkunum við fjölstjórnarumhverfi skal aðeins starfrækja loftfar í fjölstjórnarumhverfi þegar hinn flugmaðurinn hefur full réttindi á viðeigandi flokki og tegund loftfars, er ekki háður takmörkunum við fjölstjórnarumhverfi og hefur ekki náð 60 ára aldri.

iii. Takmörkun við fjölstjórnarumhverfi fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð skal upphaflega sett af læknisfræðilegum sérfræðingi skírteinisyfirvaldsins og aðeins hann getur afnumið takmörkunina.

2) Krafa um öryggisflugmann (OSL — 2. flokkur og réttindi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför)

i. Handhafi heilbrigðisvottorðs með OSL-takmörkun skal aðeins starfrækja loftfar ef annar flugmaður er um borð með full réttindi sem flugstjóri á viðeigandi flokki og tegund loftfars, ef loftfarið er útbúið tvöföldum stjórntækjum og ef hinn flugmaðurinn situr við stjórntækin.

ii. Læknisfræðilegur sérfræðingur skírteinisyfirvaldsins eða fluglæknasetur eða fluglæknir, að höfðu samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins, má gefa út og afnema OSL-takmörkun fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð.

iii. Læknisfræðilegur sérfræðingur skírteinisyfirvaldsins, fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út og afnema OSL-takmörkun fyrir LAPL-heilbrigðisvottorð.

3) Takmörkun við flug án farþega (OPL – 2. flokkur og réttindi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför)

i. Handhafi heilbrigðisvottorðs með OPL-takmörkun skal aðeins starfrækja loftfar án þess að hafa farþega um borð.

ii. Læknisfræðilegur sérfræðingur skírteinisyfirvaldsins eða fluglæknasetur eða fluglæknir, að höfðu samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins, má gefa út og afnema OPL-takmörkun fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð.

iii. Læknisfræðilegur sérfræðingur skírteinisyfirvaldsins, fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út og afnema OPL-takmörkun fyrir LAPL-heilbrigðisvottorð.

4) Takmörkun við starfrækslu flugmanns (ORL – 2. flokkur og réttindi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför)

i. Handhafi heilbrigðisvottorðs með ORL-takmörkun skal aðeins starfrækja loftfar að því tilskildu að annað af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

A) annar flugmaður er um borð í loftfarinu með full réttindi sem flugstjóri á viðeigandi flokk og tegund loftfars, loftfarið er útbúið tvöföldum stjórntækjum og hinn flugmaðurinn situr við stjórntækin,

B) engir farþegar eru um borð í loftfarinu.

ii. Læknisfræðilegur sérfræðingur skírteinisyfirvaldsins eða fluglæknasetur eða fluglæknir, að höfðu samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins, má gefa út og afnema ORL-takmörkun fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð.

iii. Læknisfræðilegur sérfræðingur skírteinisyfirvaldsins, fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út og afnema ORL-takmörkun fyrir LAPL-heilbrigðisvottorð.

5) Sérstök takmörkun eins og tilgreint er (SSL)

Á eftir SSL-takmörkun á heilbrigðisvottorði skal koma lýsing á takmörkuninni.

e) Læknisfræðilegur sérfræðingur, fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir má setja aðrar takmarkanir á handhafa heilbrigðisvottorðs, eftir því sem við á, ef það er nauðsynlegt til að tryggja flugöryggi.

f) Allar takmarkanir, sem settar eru á handhafa heilbrigðisvottorðs, skulu tilgreindar í vottorðinu.

MED.B.005 Almennar heilbrigðiskröfur

Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu metnir í samræmi við þær ítarlegu heilbrigðiskröfur sem settar eru fram í 2. og 3. þætti.

Að auki skulu þeir ekki metnir hæfir ef þeir þjást af einhverjum af eftirfarandi heilsufarslegum kvillum, sem gætu valdið skerðingu á starfshæfni þeirra og komið í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins, sem sótt er um, með öruggum hætti eða gæti valdið því að umsækjandi yrði skyndilega ófær um að neyta þessara réttinda:

a) galla, annaðhvort meðfædda eða áunna,

b) virkum, duldum, bráðum eða langvinnum sjúkdómi eða fötlun,

c) sári, meiðsli eða afleiðingum aðgerðar,

d) verkanir eða aukaverkanir lyfs hvort sem því hefur verið ávísað eða það er fengið án lyfseðils og hvort sem það er ætlað til meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða til notkunar vegna fyrirbyggjandi eiginleika.

2. ÞÁTTUR

Heilbrigðiskröfur sem varða 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorð

MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi

a) *Skoðun*

1) Tekið skal staðlað 12-leiðara hjartalínurit í hvíld og skýrsla samin ef klínísk ábending er fyrir hendi og við eftirfarandi aðstæður:

i. vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs: við fyrstu skoðun, svo á fimm ára fresti til 30 ára aldurs, annað hvert ár til 40 ára aldurs, árlega til 50 ára aldurs og eftir það við allar skoðanir vegna framlengingar eða endurnýjunar,

ii. vegna 2. flokks heilbrigðisvottorðs: við fyrstu skoðun, við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur og svo við fyrstu skoðun eftir 50 ára aldur og annað hvert ár eftir það.

2) Gerð skal krafa um ítarlegt hjarta- og æðamat ef klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

3) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal framkvæma ítarlegt hjarta- og æðamat við fyrstu skoðun til framlengingar eða endurnýjunar eftir að 65 ára aldri er náð og á fjögurra ára fresti eftir það.

4) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal mæla magn lípíða í sermi, þ.m.t. kólesteról, við fyrstu skoðun og við fyrstu skoðun eftir 40 að ára aldri er náð.

b) *Hjarta- og æðakerfi — almennt*

1) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal ekki meta hæfa ef þeir eru haldnir einhverjum af eftirtöldum kvillum:

i. slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða í kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna, fyrir skurðaðgerð,

ii. marktæk starfræn frábrigði í einhverri af hjartalokunum eða einkenni þar að lútandi,

iii. hafa farið í hjartaígræðslu eða hjarta-/lungnaígræðslu,

iv. ofvaxtarhjartavöðvakvilla með einkennum.

2) Áður en umsókn þeirra er tekin til frekari athugunar skal umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru með skjalfesta heilsufarssögu um eða sjúkdómsgreiningu á einhverjum eftirfarandi kvilla, vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins:

i. útslagæðasjúkdóm, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

ii. slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða í kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna eftir skurðaðgerð,

iii. slagæðargúlp í kviðarholshluta ósæðar, neðan nýrna, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

iv. afbrigðileika í hjartalokum sem hefur litla starfræna þýðingu,

v. afturbati eftir skurðaðgerð á hjartalokum,

vi. galla í gollurshúsi, hjartavöðva eða hjartaþeli,

vii. meðfæddan hjartagalla, fyrir eða eftir lagfæringu með skurðaðgerð,

viii. æðavíkkunaraðsvif án þekktrar orsakar,

ix. segamyndun í slagæð eða bláæðum,

x. lungnablóðrek,

xi. hjarta- og æðasjúkdóm sem krefst kerfistengdrar meðferðar með segavarnarlyfi.

3) Hjartasérfræðingur skal meta umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem hafa staðfesta sjúkdómsgreiningu á einhverjum þeim kvillum sem tilgreindir eru í 1. og 2. lið, áður en hægt er að meta þá hæfa í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

4) Umsækjendur með hjartakvilla aðra en þá sem tilgreindir eru í 1. og 2. lið má meta hæfa með fyrirvara um að hjartarannsóknin skili fullnægjandi niðurstöðu.

c) *Blóðþrýstingur*

1) Blóðþrýstingur umsækjanda skal mældur við hverja skoðun.

2) Ef blóðþrýstingur umsækjanda er ekki innan eðlilegra marka skulu þeir metnir enn frekar með tilliti til hjarta- og æðasjúkdóms þeirra og lyfjagjafar, með það fyrir augum að ákvarða hvort þeir verði metnir ekki hæfir í samræmi við 3. og 4. lið.

3) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal ekki meta hæfa ef þeir eru haldnir einhverjum af eftirtöldum kvillum:

i. lágþrýsting með einkennum,

ii. blóðþrýsting við skoðun sem er stöðugt yfir 160 mm Hg slagbilsþrýstingi eða 95 mm Hg þanbilsþrýstingi, með eða án meðferðar.

4) Umsækjendur sem hafa hafið lyfjameðferð við blóðþrýstingsstjórnun skulu ekki metnir hæfir þar til gengið hefur verið úr skugga um að ekki sé um að ræða neinar alvarlegar hliðarverkanir.

d) *Kransæðasjúkdómur*

1) Áður en umsókn þeirra er tekin til frekari athugunar skal vísa umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem haldnir eru einhverjum af eftirfarandi kvillum, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins og skulu þeir gangast undir hjartarannsókn til að útiloka blóðþurrð í hjartavöðva:

i. grun um blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. einkennalausan, minni háttar kransæðasjúkdóm sem ekki þarfnast meðferðar.

2) Áður en umsókn þeirra er tekin til frekari athugunar skulu umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í 1. lið, gangast undir hjartarannsókn.

3) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. kransæðasjúkdóm með einkennum,

iii. einkenni um kransæðasjúkdóm sem haldið er niðri með lyfjum.

4) Umsækjendur um fyrstu útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs skulu ekki metnir hæfir ef þeir eru með heilsufarssögu um eða sjúkdómsgreiningu á einhverju af eftirfarandi ástandi:

i. blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. kransæðastíflu,

iii. enduræðun eða fóðrun vegna kransæðasjúkdóma.

5) Áður en umsókn þeirra er tekin til frekari athugunar skulu umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru einkennalausir í kjölfar kransæðastíflu eða skurðaðgerðar vegna kransæðasjúkdóms, gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins. Slíkum umsækjendum um framlengingu á 1. flokks heilbrigðisvottorði skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

e) *Truflun á slætti eða leiðni*

1) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. gúls- og gáttarsjúkdóm með einkennum,

ii. fullkomið gáttasleglarof,

iii. lengingu á QT-bilinu með einkennum,

iv. sjálfvirkt, ígræðanlegt hjartastuðtæki,

v. gangráð til að stöðva sleglahraðslátt.

2) Áður en umsókn þeirra er tekin til frekari athugunar skal umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins ef þeir hafa marktækar truflanir á hjartaleiðni eða hjartslætti, þ.m.t. eitthvað af eftirtöldu:

i. truflanir á ofanslegilstakti, þ.m.t. gúls- og gáttartruflanir, hvort sem þær koma fyrir öðru hverju eða stöðugt, gáttatif og/eða -flökt og einkennalaus gúlsstöðvun,

ii. algert vinstra greinrof,

iii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 2,

iv. hraðslátt með gleiðri og/eða mjórri bylgjumynd,

v. slegilforörvun,

vi. einkennalausa lengingu á QT-bilinu,

vii. Brugada-heilkenni (kemur í ljós á hjartariti).

3) Áður en umsókn þeirra er tekin til frekari athugunar skulu umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins ef þeir þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í 2. lið.

4) Umsækjendur með eitthvað af eftirfarandi sjúkdómseinkennum má meta hæfa með fyrirvara um að hjartarannsóknin skili fullnægjandi niðurstöðu og ef ekki er um neinn annan galla að ræða:

i. ófullkomið vinstra greinrof,

ii. fullkomið hægra greinrof,

iii. stöðugt vinstra öxulfrávik,

iv. einkennalausan skútahægslátt,

v. einkennalausan skútahraðtakt,

vi. einkennalaus, einangruð og einsleit aukaslög ofan slegils eða frá slegli (e. *supra-ventricular/ventricular ectopic complexes*),

vii. gáttasleglarof, fyrsta stig,

viii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 1.

5) Umsækjendur skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa ef þeir eru með heilsufarssögu um eitthvað af eftirtöldu:

i. brottnámsmeðferð,

ii. ígræðslu á gangráði.

Slíkum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorði skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins. Slíka umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.015 Öndunarfæri

a) Umsækjendur með verulega skerðingu á lungnastarfsemi skal ekki meta hæfa. Hins vegar má meta þá hæfa þegar lungnastarfsemi er aftur orðin eðlileg og telst fullnægjandi.

b) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu gangast undir prófun að því er varðar formfræði lungna og lungnastarfsemi við fyrstu skoðun og ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

c) Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð skulu gangast undir prófun að því er varðar formfræði lungna og lungnastarfsemi ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

d) Umsækjendur, sem eru með heilsufarssögu um eða greiningu á einhverjum af eftirfarandi kvillum, skulu gangast undir öndunarfæraskoðun með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa:

1) asma sem krefst lyfjameðferðar,

2) virkum bólgusjúkdómi í öndunarfærum,

3) virku sarklíki,

4) loftbrjósti,

5) kæfisvefnsheilkenni,

6) meiri háttar brjóstholsaðgerð,

7) lunganámi,

8) langvinnum lungnasjúkdómi.

Áður en umsókn þeirra er tekin til frekari athugunar skulu umsækjendur, sem eru með staðfesta greiningu á einhverjum þeim kvillum sem tilgreindir eru í 3. og 5. lið, gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu.

e) Flugheilbrigðismat

1) Vísa skal umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í d-lið hér að framan, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

2) Meta skal umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í d-lið hér að framan, í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

f) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal ekki meta hæfa ef þeir hafa farið í lunganám.

MED.B.020 Meltingarkerfið

a) Umsækjendur með einhverjar afleiðingar sjúkdóms eða skurðaðgerðar á hlutum meltingarvegs eða viðhengjum hans, sem líklegt er að valdi óstarfhæfni í flugi, einkum allar hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar, skulu ekki metnir hæfir.

b) Umsækjendur, sem hafa kviðslit af því tagi sem kynni að valda einkennum sem leiða til óstarfhæfni, skulu metnir óhæfir.

c) Umsækjendur, sem hafa einhverja af eftirfarandi truflunum í meltingarkerfinu, má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi mat á meltingarfærum að lokinni árangursríkri meðferð eða fullum bata eftir skurðaðgerð:

1) ítrekaðar meltingartruflanir sem þarfnast lyfjameðferðar,

2) brisbólgu,

3) gallsteina með einkennum,

4) klíníska greiningu á eða skjalfesta heilsufarssögu um langvinna bólgusjúkdóma í þörmum,

5) eftir skurðaðgerð á meltingarvegi eða viðhengjum hans, þ.m.t. skurðaðgerð sem felur í sér brottnám að fullu eða að hluta eða hjáveitu einhvers þessara líffæra.

d) Flugheilbrigðismat

1) Vísa skal umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru með greiningu á heilsufarslegum kvilla af því tagi sem tilgreint er í 2., 4. og 5. lið c-liðar, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

2) Hæfi umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru með greiningu á heilsufarslegum kvilla af því tagi sem tilgreint er í 2. lið c-liðar, skal metið í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlakerfi

a) Umsækjendur með efnaskipta-, næringar- eða innkirtlatruflanir má meta hæfa, með fyrirvara um að sýnt hefur verið fram á að ástandið sé stöðugt og flugheilbrigðismat hafi farið fram með fullnægjandi niðurstöðu.

b) *Sykursýki*

1) Umsækjendur með sykursýki sem krefst insúlíns skal ekki meta hæfa.

2) Umsækjendur með sykursýki sem ekki krefst insúlíns skal ekki meta hæfa nema hægt sé að sýna fram á að búið sé að ná stjórn á blóðsykrinum og hann sé stöðugur.

c) *Flugheilbrigðismat*

1) Vísa skal umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykrinum, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

2) Hæfi umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykrinum, skal metið í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.030 Blóðsjúkdómar

a) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu gangast undir próf til mælingar á blóðrauða við hverja flugheilbrigðisskoðun.

b) Umsækjendur sem eru með blóðsjúkdóma má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi flugheilbrigðismat.

c) Vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru með einhverja eftirfarandi blóðsjúkdóma, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins:

1) óeðlilegan blóðrauða, þ.m.t. en ekki einskorðað við blóðleysi, rauðkornafjölgun eða blóðrauðakvilla,

2) marktæka eitlastækkun,

3) miltisstækkun,

4) blóðstorknunar-, blæðinga- eða segamyndunarröskun,

5) hvítblæði.

d) Hæfi umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru með einhvern af þeim blóðsjúkdómum sem tilgreindir eru í 4. og 5. lið c-liðar, skal metið í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.035 Þvag- og kynfæri

a) Þvagrannsókn skal vera hluti af öllum flugheilbrigðisskoðunum. Umsækjendur skulu ekki metnir hæfir ef þvag þeirra inniheldur óeðlileg efni sem talin eru benda til sjúkdóma og gætu valdið skerðingu á starfshæfni þeirra og komið í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti eða valdið því að umsækjandi yrði skyndilega ófær um að neyta réttinda skírteinisins.

b) Umsækjendur með einhverjar eftirstöðvar sjúkdóms eða skurðaðgerðar í þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra, sem eru líklegar til að valda óstarfhæfni, einkum hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar skulu ekki metnir hæfir.

c) Umsækjendur, sem hafa greiningu á eða heilsufarssögu um eitthvað af eftirfarandi, má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi mat á þvag- og kynfærum, eftir því sem við á:

1) nýrnasjúkdóm,

2) einn eða fleiri þvagfærasteina eða heilsufarssögu um nýrnasteina.

d) Umsækjendur, sem hafa gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra sem felur í sér brottnám að fullu eða að hluta eða hjáveitu þessara líffæra, skulu metnir ekki hæfir. Hins vegar má meta þá hæfa þegar fullum bata hefur verið náð.

e) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem um getur í c- og d-lið, skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.040 Smitsjúkdómar

a) Ekki skal meta umsækjendur hæfa ef þeir hafa heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á smitsjúkdómi sem er líklegur til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

b) Umsækjendur sem eru HIV-jákvæðir má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi flugheilbrigðismat. Slíkum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorði skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.045 Fæðingar- og kvensjúkdómafræði

a) Umsækjendur, sem farið hafa í meiri háttar kvensjúkdómaaðgerð, skulu ekki metnir hæfir. Hins vegar má meta þá hæfa þegar fullum bata hefur verið náð.

b) *Þungun*

1) Ef um þungun er að ræða er umsækjanda heimilt að neyta áfram réttinda sinna fram að lokum 26. viku meðgöngu en eingöngu ef fluglæknasetur og fluglæknir telja hana hæfa til þess.

2) Fyrir handhafa 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru þungaðar, gildir takmörkun við fjölstjórnarumhverfi (OML). Þrátt fyrir ákvæði liðar MED.B.001 er fluglæknasetrinu eða fluglækninum heimilt, í slíku tilviki, að setja eða afmá takmörkunina við fjölstjórnarumhverfi.

3) Umsækjanda er heimilt að neyta réttinda sinna á ný eftir að bata hefur verið náð að lokinni meðgöngu.

MED.B.050 Vöðva- og beinakerfi

a) Umsækjendur, sem hafa ekki nægilega sitjandi hæð, lengd handleggja og fótleggja og vöðvastyrk til að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti, skulu metnir ekki hæfir. Hins vegar má meta umsækjendur hæfa ef þeir eru með nægilega sitjandi hæð þeirra, lengd handleggja og fótleggja og vöðvastyrk til að neyta réttindanna með öruggum hætti að því er varðar tiltekna tegund loftfars, sem hægt er að sýna fram á, ef nauðsyn krefur, með læknisskoðun í flugi eða í flughermi, og skulu réttindi þeirra takmörkuð í samræmi við það.

b) Umsækjendur, sem hafa ekki fullnægjandi starfræn not af vöðva- og beinakerfi til að gera þeim kleift að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti, skulu ekki metnir hæfir. Ef umsækjandi hefur fullnægjandi starfræn not vöðva- og beinakerfis til að neyta réttindanna að því er varðar tiltekna tegund loftfars, sem hægt er að sýna fram á, ef nauðsyn krefur, með læknisskoðun í flugi eða í flughermi, má meta umsækjandann hæfan og réttindi hans takmörkuð í samræmi við það.

c) Ef upp koma efasemdir í tengslum við matið sem um getur í a- og b-lið skal vísa umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins og umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð skulu metnir í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.055 Geðheilbrigði

a) Fyrsta flugheilbrigðisskoðunin fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð felur í sér ítarlegt mat á geðheilbrigði.

b) Fyrsta flugheilbrigðisskoðunin fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð felur í sér fikniefnapróf og áfengismælingu.

c) Umsækjendur með geð- eða atferlisröskun vegna notkunar eða misnotkunar áfengis eða annarra geðvirkra efna skulu ekki metnir hæfir meðan beðið er eftir bata og að viðkomandi verði laus við notkun geðvirkra efna og með fyrirvara um fullnægjandi geðmat að lokinni árangursríkri meðferð.

d) Umsækjendur með skjalfesta heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á einhverjum af eftirfarandi geðrænum kvillum skulu gangast undir geðmat með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa:

1) lyndisröskun,

2) hugsýki,

3) persónuleikaröskun,

4) geð- eða atferlisröskun,

5) misnotkun geðvirkra efna.

e) Umsækjendur, sem hafa skjalfesta heilsufarssögu um að hafa einu sinni eða ítrekað reynt að valda sjálfum sér skaða eða gert tilraun til sjálfsvígs, skulu ekki metnir hæfir. Hins vegar má meta þá hæfa að loknu fullnægjandi geðmati.

f) Flugheilbrigðismat

1) Vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í c-, d- eða e-lið, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

2) Hæfi umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í c-, d- eða e-lið, skal metið í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

g) Umsækjendur með skjalfesta heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á geðklofa, geðklofagerðaröskun eða hugvilluröskun skulu metnir ekki hæfir.

MED.B.065 Taugafræðilegar kröfur

a) Umsækjendur, sem eru með klíníska greiningu á eða staðfesta heilsufarssögu um eitthvað af eftirfarandi, skulu ekki metnir hæfir:

1) flogaveiki, nema í þeim tilvikum sem um getur í 1. og 2. lið b-liðar,

2) ítrekaðar truflanir á meðvitund án þekktrar orsakar.

b) Umsækjendur, sem eru með klíníska greiningu á eða skjalfesta heilsufarssögu um eitthvert af eftirfarandi, skulu gangast undir frekara mat áður en hægt er að meta þá hæfa:

1) flogaveiki, án þess að fá flog eftir fimm ára aldur,

2) flogaveiki, án þess að fá flog og án meðhöndlunar í meira en tíu ár,

3) flogaveikileg frábrigði á heilalínuriti og staðbundnar hægar bylgjur,

4) ágenga eða stöðuga sjúkdóma í taugakerfinu,

5) bólgusjúkdóm í mið- eða úttaugakerfinu,

6) mígreni,

7) eitt atvik þar sem truflun verður á meðvitund án þekktrar orsakar,

8) meðvitundarleysi í kjölfar höfuðáverka,

9) áverki á heila sem nær inn í heilavef,

10) meiðsli á mænu eða úttaugum,

11) kvilla í taugakerfinu vegna æðaskemmda, þ.m.t. atvik þar sem um er að ræða blæðingar og blóðþurrð.

Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins. Hæfi umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal metið í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.070 Sjónkerfi

a) *Skoðun*

1) Fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð:

i. Ítarleg augnskoðun skal vera hluti af fyrstu skoðun sem skal framkvæmd ef klíníska ábendingar gefa tilefni til og með reglulegu millibili með hliðsjón af sjónlagi og starfshæfni augans.

ii. Venjuleg augnskoðun skal vera hluti af öllum skoðunum til framlengingar og endurnýjunar.

2) Fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð:

i. Venjuleg augnskoðun skal vera hluti af fyrstu skoðun og öllum skoðunum til framlengingar og endurnýjunar.

ii. Ítarleg augnskoðun skal framkvæmd ef klíníska ábendingar eru fyrir hendi.

b) *Sjónskerpa*

1) Fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð:

i. Fjarlægðarsjónskerpa, með eða án leiðréttingar, skal vera 6/9 (0,7) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/6 (1,0) eða betri.

ii. Við fyrstu skoðun skal meta umsækjendur með skerta sjón á öðru auga ekki hæfa.

iii. Við skoðun til framlengingar eða endurnýjunar, þrátt fyrir i. lið 1. liðar b-liðar, skal vísa umsækjendum með áunna sjónskerðingu á öðru auga eða áunna eineygissjón til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins og má meta þá sem hæfa eftir augnlæknisfræðilegt mat með fullnægjandi niðurstöðu.

2) Fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð:

i. Fjarlægðarsjónskerpa, með eða án leiðréttingar, skal vera 6/12 (0,5) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/9 (0,7) eða betri.

ii. Þrátt fyrir i. lið 2. liðar b-liðar má meta umsækjendur, sem eru með sjónskerðingu á öðru auga eða eineygissjón, hæfa í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins og eftir augnlæknisfræðilegt mat með fullnægjandi niðurstöðu.

3) Umsækjendur skulu geta lesið N5 spjald eða jafngilt í 30–50 cm fjarlægð og N14 spjald eða jafngilt í 100 cm fjarlægð, ef nauðsyn krefur, með leiðréttingu.

c) *Sjónlagsgalli og sjónlagsmunur*

1) Umsækjendur með mikinn sjónlagsgalla eða sjónlagsmun má meta hæfa eftir sjónpróf með fullnægjandi niðurstöðu.

2) Þrátt fyrir 1. lið c-liðar skal vísa umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af einhverjum af neðangreindum heilsufarslegum kvillum, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins og má meta hann hæfan eftir augnlæknisfræðilegt mat með fullnægjandi niðurstöðu.

i. nærsýni sem meiri en –6,0 ljósbrotseiningar,

ii. sjónskekkja sem er meiri en 2,0 ljósbrotseiningar,

iii. sjónlagsmunur sem er meiri en 2,0 ljósbrotseiningar.

3) Þrátt fyrir 1. lið c-liðar skal vísa umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem eru fjarsýnir meir en nemur +5,0 ljósbrotseiningum, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins og má meta hann hæfan að loknu augnlæknisfræðilegu mati með fullnægjandi niðurstöðu, að því tilskildu að samhæfisgeta augna (e. *fusional reserves*) er nægileg, augnþrýstingur innan eðlilegra marka og forhólf augna einnig, og að ekki hafi verið sýnt fram á nein alvarleg mein. Þrátt fyrir i. lið 1. liðar b-liðar skal leiðrétt sjónskerpa í hvoru auga fyrir sig vera 6/6 eða betri.

4) Umsækjendur með klíníska greiningu á keiluglæru má meta hæfa með fyrirvara um rannsókn augnlæknis sem skilar fullnægjandi niðurstöðu. Slíkum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

d) *Virkni á báðum augum*

1) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu ekki metnir hæfir ef þeir hafa ekki eðlilega virkni á báðum augum og ef þessi heilsufarslegi kvilli getur teflt því í tvísýnu að réttinda skírteinis verði neytt með öruggum hætti, að teknu tilliti til viðeigandi ráðstafana til úrbóta þar sem við á.

2) Umsækjendur með tvísýni skulu ekki metnir hæfir.

e) *Sjónsvið*

Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu ekki metnir hæfir ef þeir hafa ekki eðlilegt sjónsvið og ef þessi heilsufarlegi kvilli er talinn líklegur til að tefla því í tvísýnu að réttinda skírteinis verði neytt með öruggum hætti, að teknu tilliti til viðeigandi ráðstafana til úrbóta þar sem við á.

f) *Augnaðgerð*

Umsækjendur, sem hafa gengist undir augnaðgerð, skulu ekki metnir hæfir. Hins vegar má meta þá hæfa þegar þeir hafa náð fullri sjón á ný og að því tilskildu að augnlæknisfræðilegt mat skili fullnægjandi niðurstöðu.

g) *Gleraugu og snertilinsur*

1) Ef fullnægjandi sjón næst aðeins með notkun sjónleiðréttingar skulu gleraugu eða snertilinsur veita bestu mögulegu sjón, ekki valda óþægindum og vera hentugar til notkunar við flug.

2) Ekki má nota fleiri en ein gleraugu til að uppfylla sjónkröfurnar þegar réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina er neytt.

3) Fyrir fjarsýni skal nota gleraugu eða snertilinsur á meðan réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina er neytt.

4) Fyrir nærsýni skal hafa gleraugu við höndina á meðan réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina er neytt.

5) Varagleraugu með sams konar leiðréttingu fyrir fjarsýni eða nærsýni, eftir því sem við á, skulu vera við hendina þegar réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina er neytt.

6) Ef snertilinsur eru notaðar þegar réttinda viðkomandi skírteinis/skírteina er neytt skulu það vera ólitaðar einskerpulinsur fyrir fjarsýni og ekki valda óþægindum.

7) Umsækjendur með mikinn sjónlagsgalla skulu nota snertilinsur eða hágæðasjóngler.

8) Ekki skal nota hornhimnumótandi linsur (e. *orthokeratological lenses*).

MED.B.075 Litsjón

a) Umsækjendur skulu ekki metnir hæfir ef þeir geta ekki auðveldlega greint þá liti sem nauðsynlegir eru til að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

b) *Skoðun og mat*

1) Umsækjendur skulu gangast undir Ishihara-prófið fyrir fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs. Umsækjendur, sem standast þetta próf, má meta hæfa.

2) Fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð:

i. Vísa skal umsækjendum, sem ekki standast Ishihara-prófið, til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins þar sem þeir skulu gangast undir frekari litskynjunarpróf til að staðfesta að þeir séu litvissir.

ii. Umsækjendur skulu hafa eðlilegt litaskyn eða vera litvissir.

iii. Umsækjendur sem ekki standast frekari litskynjunarpróf skulu metnir ekki hæfir.

3) Fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð:

i. Umsækjendur, sem ekki standast Ishihara-prófið, skulu gangast undir frekari litskynjunarpróf til að staðfesta að þeir séu litvissir.

ii. Umsækjendur, sem hafa ekki fullnægjandi litskyn, skulu aðeins fá að neyta réttinda viðeigandi skírteinis að degi til.

MED.B.080 Háls-, nef- og eyrnalækningar

a) *Skoðun*

1) Heyrn umsækjanda skal prófuð í öllum skoðunum.

i. Fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð og 2. flokks heilbrigðisvottorð, ef bæta á blindflugsáritun eða blindflugsáritun í flugleið við í skírteinið, skal prófa heyrn með heyrnarmælingu með hreinum tónum við fyrstu skoðun og síðan á fimm ára fresti þar til handhafi skírteinisins nær 40 ára aldri og á tveggja ára fresti eftir það.

ii. Við prófun með heyrnarmælingu með hreinum tónum mega umsækjendur við fyrstu skoðun ekki vera með meira heyrnartap en 35 dB við neina af tíðnunum 500, 1000 eða 2000 Hz, eða meira en 50 dB við 3000 Hz í hvoru eyra fyrir sig. Umsækjendur um framlengingu eða endurnýjun með meira heyrnartap skulu sýna fram á viðunandi heyrn.

2) Við fyrstu útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal gerð ítarleg háls-, nef- og eyrnaskoðun og með reglulegu millibili eftir það ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

b) Umsækjendur sem þjást af einhverjum af eftirfarandi heilsufarslegum kvillum skulu gangast undir frekari heilbrigðisskoðun til að staðfesta að kvillinn komi ekki í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins/skírteinanna með öruggum hætti.

1) heyrnarskerðing,

2) virkt sjúkdómsferli í innra- eða miðeyra,

3) ógróna rauf eða vanvirkni í hljóðhimnu eða hljóðhimnum,

4) starfstruflun í kokhlust,

5) röskun á jafnvægisstarfsemi,

6) marktæka þrengingu nefganga,

7) vanvirkni hola,

8) marktæka aflögun eða alvarlega sýkingu í munnholi eða efri öndunarvegi,

9) marktæka truflun á tali eða rödd,

10) eftirköst skurðaðgerðar í innra- eða miðeyra.

c) *Flugheilbrigðismat*

1) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í 1., 4. og 5. lið b-liðar, skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins.

2) Hæfi umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvillum af því tagi sem tilgreint er í 4. og 5. lið b-liðar, skal metið í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

3) Ef bæta á við blindflugsáritun eða blindflugsáritun á flugleið í skírteinið skal meta hæfi umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem þjást af heilsufarslegum kvilla af því tagi sem tilgreint er í 1. lið b-liðar, í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.085 Húðsjúkdómafræðilegar kröfur

Umsækjendur skulu metnir ekki hæfir ef þeir hafa staðfestan húðsjúkdóm sem er líklegur til að koma í veg fyrir örugga nýtingu réttinda skírteinisins.

MED.B.090 Æxlafræðilegar kröfur

a) Áður en umsóknin þeirra er tekin til frekari athugunar skulu umsækjendur með fyrsta eða annars stigs illkynja sjúkdóm gangast undir mat hjá krabbameinslækni með fullnægjandi niðurstöðu. Slíkum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til læknisfræðilegs sérfræðings skírteinisyfirvaldsins. Slíka umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins.

b) Umsækjendur með skjalfesta heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á illkynja heilaæxli skulu ekki metnir hæfir.

3. ÞÁTTUR

Sérstakar kröfur vegna LAPL-heilbrigðisvottorða

MED.B.095 Heilbrigðisskoðun og -mat á umsækjendum um LAPL-heilbrigðisvottorð

a) Umsækjandi um LAPL-heilbrigðisvottorð skal metinn í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.

b) Sérstakur gaumur skal gefinn að allri heilsufarssögu umsækjandans.

c) Frummat, síðara endurmat eftir að handhafi skírteinis hefur náð 50 ára aldri og mat í þeim tilvikum sem fluglæknirinn hefur ekki aðgang að heilsufarssögu umsækjanda skal a.m.k. fela í sér allt af eftirtöldu:

1) klíníska skoðun,

2) mælingu blóðþrýstings,

3) þvagpróf,

4) sjónpróf,

5) heyrnarpróf.

d) Að loknu frummati skal síðara endurmat, þar til handhafi skírteinis hefur náð 50 ára aldri, a.m.k. fela í sér bæði eftirtalin atriði:

1) mat á heilsufarssögu handhafa flugmannsskírteinis fyrir létt loftför,

2) þættina sem tilgreindir eru í c-lið eins og fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir telur nauðsynlegt í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.“

2) Í stað D-kafla komi eftirfarandi:

„D-KAFLI

FLUGLÆKNAR, HEIMILISLÆKNAR, TRÚNAÐARLÆKNAR

1. ÞÁTTUR

Fluglæknar

MED.D.001 Réttindi

a) Réttindi handhafa fluglæknavottorðs er að gefa út, framlengja og endurnýja 2. flokks heilbrigðisvottorð og LAPL-heilbrigðisvottorð og að framkvæma viðeigandi heilbrigðisskoðanir og flugheilbrigðismat.

b) Handhafar fluglæknavottorðs geta sótt um viðbótarréttindi þannig að þau nái yfir heilbrigðisskoðun vegna framlenginga og endurnýjunar á 1. flokks heilbrigðisvottorðum ef þeir uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í lið MED.D.015.

c) Réttindi handhafa fluglæknavottorðs, sem um getur í a- og b- lið, skulu fela í sér réttindi til að framkvæma flugheilbrigðisskoðun og -mat á öryggis- og þjónustuliðum og taka saman tilheyrandi læknisskýrslur öryggis- og þjónustuliða, eftir því sem við á, í samræmi við þennan viðauka (MED-hluta).

d) Á vottorðinu skal tilgreina gildissvið réttinda handhafa fluglæknavottorðs og öll skilyrði í tengslum við það.

e) Handhafi fluglæknavottorðs skal aldrei hafa nema eitt fluglæknavottorð í einu, útgefið í samræmi við þessa reglugerð.

f) Handhafi fluglæknavottorðs skal ekki framkvæma flugheilbrigðisskoðanir og -mat í öðru aðildarríki en því sem gaf út fluglæknavottorð hans, nema hann hafi lokið öllum eftirfarandi skrefum:

1) hitt hlutaðeigandi aðildarríkið hafi veitt honum heimild til að sinna atvinnustarfsemi sinni sem sérmenntaður læknir,

2) hann hafi upplýst lögbært yfirvald hins aðildarríkisins að hann hyggist framkvæma flugheilbrigðisskoðanir og -mat og gefa út heilbrigðisvottorð innan gildissviðs réttinda sinna sem fluglæknir,

3) hann hafi fengið upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi hins aðildarríkisins.

MED.D.005 Umsókn

a) Umsókn um fluglæknavottorð eða um framlengingu á réttindum fluglæknavottorðs skal fylla út á þar til gerðum eyðublöðum og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.

b) Umsækjendur um fluglæknavottorð skulu leggja eftirfarandi fram til lögbærs yfirvalds:

1) persónuupplýsingar þeirra og heimilisfang starfseminnar,

2) gögn sem sýna fram á að þeir uppfylli kröfurnar í lið MED.D.010, þ.m.t. vitnisburð um að þeir hafi lokið með fullnægjandi hætti námskeiði í fluglæknisfræði sem er viðeigandi fyrir þau réttindi sem sótt er um,

3) skriflega yfirlýsingu um að fluglæknirinn muni, um leið og fluglæknavottorðið hefur verið gefið út, gefa út heilbrigðisvottorð á grundvelli krafna í þessari reglugerð.

c) Þegar fluglæknar framkvæma flugheilbrigðisskoðanir á fleiri en einum stað skulu þeir veita lögbæra yfirvaldinu viðeigandi upplýsingar um allar starfsstöðvarnar og -aðstöðu.

MED.D.010 Kröfur um útgáfu fluglæknavottorðs

Umsækjendur skulu fá útgefið fluglæknavottorð ef þeir uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þeir eru með full starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf og hafa vitnisburð um að þeir hafi lokið sérnámi í læknisfræði,

b) þeir hafi lokið grunnnámsskeiði í fluglæknisfræði með fullnægjandi árangri, þ.m.t. verklegri þjálfun í skoðunaraðferðum og flugheilbrigðismati,

c) þeir hafi sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að þeir:

1) hafi viðunandi aðstöðu, verklag, skjalahald og starfshæfan búnað, sem er viðeigandi fyrir flugheilbrigðisskoðanir,

2) hafi ákvarðað nauðsynlegt verklag og skilyrði í því skyni að tryggja þagnarskyldu heilbrigðisstétta.

MED.D.011 Réttindi handhafa fluglæknavottorðs

Útgáfa fluglæknavottorðs veitir handhafa þess réttindi til að gefa út í fyrsta sinn, framlengja og endurnýja allt eftirfarandi:

a) 2. flokks heilbrigðisvottorð,

b) LAPL-heilbrigðisvottorð,

c) læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða.

MED.D.015 Kröfur fyrir viðbótarréttindi

Umsækjendur skulu fá útgefin fluglæknavottorð með viðbótarréttindi til að framlengja og endurnýja 1. flokks heilbrigðisvottorð ef þeir uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) þeir eru handhafar gilds fluglæknavottorðs,

b) þeir hafa lokið a.m.k. 30 skoðunum í tengslum við útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á 2. flokks heilbrigðisvottorðum, eða samsvarandi skoðunum, á að hámarki 3 ára tímabili fyrir umsóknina,

c) þeir hafa lokið framhaldsnámskeiði í fluglæknisfræði með fullnægjandi árangri, þ.m.t. verklegri þjálfun í skoðunaraðferðum og flugheilbrigðismati,

d) þeir hafa lokið, með fullnægjandi árangri, verklegri þjálfun sem er í a.m.k. 2 daga annaðhvort hjá fluglæknasetri eða undir umsjón skírteinisyfirvaldsins.

MED.D.020 Námskeið í fluglæknisfræði

a) Námskeið í fluglæknisfræði, sem um getur í b-lið liðar MED.D.010 og c-lið liðar MED.D.015, skulu aðeins veitt ef lögbært yfirvald þess aðildarríkis þar sem þjálfunarfyrirtækið hefur aðalstarfsstöð sína hefur áður veitt samþykki sitt fyrir námskeiðinu. Til þess að fá slíkt samþykki skal þjálfunarfyrirtækið sýna fram á að námsefni námskeiðsins innihaldi þau námsmarkmið sem þarf til að öðlast nauðsynlega hæfni og að einstaklingarnir, sem sjá um að veita þjálfunina, hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu.

b) Námskeiðunum skal lokið með skriflegu prófi um þau viðfangsefni sem falla undir innihald námskeiðsins, nema ef um er að ræða upprifjunarþjálfun.

c) Þjálfunarfyrirtækið skal gefa út vottorð til handa þátttakendum um að þeir hafi lokið námskeiðinu með fullnægjandi árangri þegar þeir hafa staðist viðkomandi próf.

MED.D.025 Breytingar á fluglæknavottorðinu

a) Handhafar fluglæknavottorðs skulu, án ástæðulausrar tafar, tilkynna lögbæra yfirvaldinu um eftirfarandi aðstæður sem gætu haft áhrif á fluglæknavottorð þeirra:

1) fluglæknirinn sætir viðurlögum vegna agabrota eða er til rannsóknar hjá eftirlitsstofnun heilbrigðismála,

2) breytingar hafa orðið á þeim forsendum sem veiting vottorðsins byggðist á, þ.m.t. á innihaldi þeirra yfirlýsinga sem lagðar voru fram með umsókninni,

3) kröfurnar um útgáfu vottorðs fluglæknis eru ekki lengur uppfylltar,

4) starfsstöð eða starfsstöðvar fluglæknis eða heimilisfang hefur breyst.

b) Sé lögbæra yfirvaldinu ekki tilkynnt um slíkt, í samræmi við a-lið, leiðir það til tímabundinnar sviptingar eða afturköllunar á réttindum fluglæknavottorðsins í samræmi við lið ARA.MED.250 í II. viðauka (ARA-hluta).

MED.D.030 Gildistími fluglæknavottorða

Fluglæknavottorð skal gilda í þrjú ár nema lögbæra yfirvaldið ákveði að stytta tímabilið af tilhlýðilega rökstuddum ástæðum varðandi einstakt tilvik.

Við umsókn handhafans skal vottorðið:

a) framlengt, að því tilskildu að handhafinn:

1) uppfylli áfram þau almennu skilyrði sem krafist er af starfandi læknum og viðhaldi skírteini sínu sem starfandi læknir,

2) hafi fengið upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði innan síðustu þriggja ára,

3) hafi framkvæmt a.m.k. 10 flugheilbrigðisskoðanir, eða samsvarandi skoðanir, á hverju ári,

4) uppfylli enn skilyrðin í vottorði sínu,

5) neyti réttindanna í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka (MED-hluta),

6) hafi sýnt fram á að hann eða hún viðhaldi hæfni sinni í fluglækningum í samræmi við þá málsmeðferð sem lögbæra yfirvaldið kemur á fót,

b) endurnýjað, að því tilskildu að handhafinn fari annaðhvort að þeim kröfum fyrir framlengingu gildistíma, sem settar eru fram í a-lið, eða að öllum eftirfarandi kröfum:

1) uppfylli áfram þau almennu skilyrði sem krafist er af starfandi læknum og viðhaldi skírteini sínu sem starfandi læknir,

2) hafi fengið upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði á næstliðnu ári,

3) hafi lokið verklegri þjálfun á næstliðnu ári með fullnægjandi árangri, annaðhvort hjá fluglæknasetri eða undir umsjón lögbæra yfirvaldsins,

4) uppfylli enn kröfurnar í lið MED.D.010,

5) hafi sýnt fram á að hann eða hún viðhaldi hæfni sinni í fluglækningum í samræmi við þá málsmeðferð sem lögbæra yfirvaldið kemur á fót.

2. ÞÁTTUR

Heimilislæknar

MED.D.035 Kröfur fyrir heimilislækna

Heimilislæknum er heimilt að starfa sem fluglæknar í tengslum við útgáfu LAPL-heilbrigðisvottorða, ef þeir uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) starfsemi þeirra fer fram í aðildarríki þar sem heimilislæknar hafa aðgang að allri heilsufarsskrá umsækjanda,

b) starfsemi þeirra fer fram í samræmi við hvers kyns viðbótarkröfur sem gilda samkvæmt landslögum þess aðildarríkis þar sem lögbært yfirvald þeirra er staðsett,

c) þeir eru með full starfsréttindi og hafa leyfi til að stunda læknisstörf í samræmi við landslög aðildarríkis lögbæra yfirvalds þeirra,

d) þeir hafi tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um það áður en þeir hefja slíka starfsemi.

3. ÞÁTTUR

Trúnaðarlæknar

MED.D.040 Kröfur fyrir trúnaðarlækna

Í aðildarríkjum þar sem lögbæra yfirvaldið hefur hlotið fullvissu um að kröfurnar, sem gilda um trúnaðarlækna samkvæmt heilbrigðiskerfi hvers ríkis, geti tryggt að farið verði að kröfum þessa viðauka (MED-hluta), sem gilda um trúnaðarlækna, er trúnaðarlæknum heimilt að framkvæma flugheilbrigðismat á öryggis- og þjónustuliðum, svo fremi:

a) að þeir eru með full starfsréttindi og hafa leyfi til að stunda læknisstörf og með menntun og hæfi á sviði atvinnulækninga,

b) að vinnuumhverfi öryggis- og þjónustuliða og þau öryggisstörf sem þeim ber að sinna meðan á flugi stendur hafi verið hluti af námsefninu í menntun þeirra á sviði atvinnulækninga eða annarri reynslu af þjálfun eða starfrækslu,

c) að þeir hafi tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um það áður en þeir hefja slíka starfsemi.“

———

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi lið er bætt við í I. þætti í MED-kafla í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011:

„ARA.MED.160 Upplýsingaskipti um heilbrigðisvottorð í gegnum miðlægt gagnasafn.

a) Stofnunin skal koma á fót og reka miðlægt gagnasafn, evrópska fluglækningagagnasafnið (e. *European Aero-Medical Repository*, EAMR).

b) Að því er varðar útgáfu heilbrigðisvottorða og eftirlit með umsækjendum og handhöfum 1. flokks heilbrigðisvottorða og eftirlit með fluglæknum og fluglæknasetrum, skulu þeir einstaklingar sem um getur í c-lið skiptast á eftirfarandi upplýsingum í gegnum evrópska fluglækningagagnasafnið:

1) grunngögn um einstaklinga sem sækja um eða eru handhafar 1. flokks heilbrigðisvottorðs: skírteinisyfirvald, kenninafn og eiginnafn, fæðingardag og -ár, þjóðerni, tölvupóstfang og númerið á einu eða fleiri auðkennisskírteinum (innlendu kennivottorði eða vegabréfi), sem umsækjandi leggur fram,

2) gögn um 1. flokks heilbrigðisvottorð: dagsetning læknisskoðunar eða, ef læknisskoðun er ekki lokið, sú dagsetning sem læknisskoðun hófst, útgáfudag og gildislokadag 1. flokks heilbrigðisvottorðsins, skoðunarstaður, staða takmarkana, staða vottorðsins (nýtt, útgefið, fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað), einkvæmt tilvísunarnúmer fyrir læknisfræðilegan sérfræðing skírteinisyfirvaldsins, fluglæknasetrið eða fluglækninn sem gaf vottorðið út og fyrir lögbært yfirvald þess.

c) Að því er varðar b-lið skulu eftirfarandi einstaklingar hafa aðgang að evrópska fluglækningagagnasafninu og þeim upplýsingum sem þar er að finna:

1) læknisfræðilegir sérfræðingar yfirvaldsins sem gefur út skírteini til handa umsækjanda um eða handhafa 1. flokks heilbrigðisvottorðs, sem og aðrir starfsmenn með fullt umboð þess yfirvalds sem býr til eða hefur umsjón með skrá umsækjandans eða handhafans, eins og krafist er í þessari reglugerð,

2) fluglæknar og aðrir starfsmenn með fullt umboð fluglæknasetra, sem viðkomandi umsækjandi eða skírteinishafi hefur lagt fram yfirlýsingu til í samræmi við 2. lið b-liðar liðar MED.A.035,

3) starfsmenn með fullt umboð lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á eftirliti með fluglæknum eða fluglæknasetrum, sem framkvæma flugheilbrigðismat á þessum umsækjendum eða skírteinishöfum.

Flugöryggisstofnuninni og lögbærum landsyfirvöldum er þar að auki heimilt að veita öðrum einstaklingum aðgang að evrópska fluglækningagagnasafninu og þeim upplýsingum sem þar er að finna, ef nauðsyn krefur í þeim tilgangi að tryggja eðlilega starfsemi evrópska fluglækningagagnasafnsins, einkum að því er varðar tæknilegt viðhald þess. Í slíku tilviki skal Flugöryggisstofnunin eða viðkomandi lögbært landsyfirvald tryggja að þessir einstaklingar hafi til þess fullt umboð og hafi til þess menntun og hæfi, að aðgangur þeirra takmarkist við það sem nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem þeim hefur verið veittur aðgangur og að þeir hafi áður hlotið þjálfun í gildandi löggjöf um vernd persónuupplýsinga og tengdum verndarráðstöfunum. Þegar lögbært yfirvald veitir einstaklingi slíkan aðgang skal það upplýsa Flugöryggisstofnunina um það fyrir fram.

d) Tafarlaust eftir hverja skoðun á einstaklingi sem sækir um eða er handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorðs skulu skírteinisyfirvöldin, fluglæknarnir og fluglæknasetrin, sem um getur í c-lið, færa inn í evrópska fluglækningagagnasafnið þau gögn sem um getur í b-lið eða uppfæra þau gögn ef nauðsyn krefur.

e) Ef gögnin innihalda persónuupplýsingar, eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 ([1]), skal einstaklingurinn, sem sækir um eða er handhafi 1. flokks heilbrigðisvottorð, upplýstur um það fyrir fram í hvert sinn sem slík gögn eru færð inn í gagnasafnið eða slík gögn eru uppfærð.

f) Flugöryggisstofnunin skal tryggja heilleika og öryggi evrópska fluglækningagagnasafnsins og þær upplýsingar sem þar er að finna með viðeigandi grunnvirki í upplýsingatækni. Í samráði við lögbær landsyfirvöld skal hún koma á og beita þeim samskiptareglum og tæknilegum ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að tryggja að aðgangur að evrópska fluglækningagagnasafninu og þeim upplýsingum sem þar eru að finna sé löglegur og öruggur.

g) Flugöryggisstofnunin skal tryggja að öllum upplýsingum í evrópska fluglækningagagnasafninu sé eytt að tíu árum liðnum. Það tímabil skal reiknað frá síðasta gildisdegi fyrir síðasta 1. flokks heilbrigðisvottorðið sem gefið var út til handa viðeigandi umsækjanda eða handhafa eða frá þeim degi sem gögn voru síðast færð inn eða uppfærð að því er varðar þennan umsækjanda eða handhafa, ef sá dagur er síðar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. Desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

h) Flugöryggisstofnunin skal tryggja að þeir sem sækja um eða eru handhafar 1. flokks heilbrigðisvottorða hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem varða þá og er að finna í evrópska fluglækningagagnasafninu og að þeir séu upplýstir um að þeir geti farið þess á leit að þær upplýsingar séu leiðréttar eða þeim sé eytt. Skírteinisyfirvöld skulu meta slíkar beiðnir og, ef þeir telja að viðkomandi upplýsingar séu rangar eða ekki nauðsynlegar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í b-lið, tryggja að upplýsingarnar séu leiðréttar eða þeim sé eytt.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/133 **2023/EES/62/20**

frá 28. janúar 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/640 að því er varðar innleiðingu á nýjum viðbótarlofthæfiforskriftum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 216/2008 ([1]), einkum h-lið 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 ([2]) eru settar fram viðbótarlofthæfikröfur fyrir loftfar ef hönnun þess hefur þegar verið vottuð. Þessar viðbótarlofthæfikröfur eru nauðsynlegar til að styðja við áframhaldandi umbætur á sviði lofthæfis og öryggis. Þetta skýrist af því að þegar Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins („Flugöryggisstofnunin“) uppfærir vottunarforskriftir („CS“), sem hún hefur gefið út skv. 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, til að tryggja að vottunarforskriftir þjóni áfram tilgangi sínum, þarf loftfar, ef hönnun þess hefur þegar verið vottuð, hvorki að uppfylla uppfærða útgáfu af vottunarforskrift á framleiðslutíma sínum né á starfrækslutímanum.

2) Til þess að viðhalda flugöryggi og umhverfiskröfum á háu stigi í Evrópu gæti því verið nauðsynlegt að krefjast þess að loftför uppfylli viðbótarlofthæfikröfur, sem Flugöryggisstofnunin gerði ekki kröfu um á þeim tíma sem hönnunin var vottuð, þar eð þær voru ekki hluti af viðeigandi vottunarforskriftum á þeim tíma. Þessi breyting á reglugerð (ESB) 2015/640 varðar frekari þróun vottunarforskrifta á þremur sviðum.

3) Í fyrsta lagi innleiddu Flugöryggissamtök Evrópu (JAA) árið 1989 nýja hönnunarstaðla fyrir hreyfifræðileg skilyrði farþegasæta og sæta öryggis- og þjónustuliða í stórum flugvélum í þeim tilgangi að auka vörn farþega. Þessir staðlar miðuðu að því að draga úr hættu á áverkum eða dauðaslysum ef til nauðlendingar á landi kæmi. Staðlarnir voru innleiddir í vottunarforskriftir Flugöryggisstofnunarinnar fyrir stórar flugvélar (CS-25) en þeir gilda einungis um stórar flugvélar þar sem sótt hefur verið um vottun á hönnun eftir 1989. Að teknu tilliti til þess að tilteknar stórar flugvélar uppfylli mögulega ekki þessa staðla ætti því að innleiða viðbótarlofthæfiforskriftir. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og áhættu af starfrækslu stórra flugvéla, samtímis því að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi innan Sambandsins, er talið hóflegt og kostnaðarhagkvæmt að innleiða þessar viðbótarlofthæfiforskriftir aðeins fyrir stórar, nýlega framleiddar flugvélar á grundvelli hönnunar sem Flugöryggisstofnunin hefur þegar vottað. Þessar viðbótarlofthæfiforskriftir ættu ekki að gilda um sæti áhafnar í stjórnklefa flugvéla og flugvélar með fá farþegasæti, sem notaðar eru til óreglubundins flutningaflugs samkvæmt pöntun, þar sem það telst hvorki hóflegt né kostnaðarlega hagkvæmt.

4) Í öðru lagi innleiddi Flugöryggisstofnunin árið 2009 nýja staðla um eldfimi fyrir varma- eða hljóðeinangrandi efni í vottunarforskriftir fyrir stórar flugvélar (CS-25 breyting 6) og bætti þar með tiltekna eiginleika einangrandi efna sem komið er fyrir í loftfarsbolnum til að verjast útbreiðslu og gegnþrengingu elds. Þessir nýju staðlar um eldfimi gilda aðeins um stórar flugvélar þar sem sótt hefur verið um vottun fyrir hönnun eftir 2009. Að teknu tilliti til þess að tilteknar stórar flugvélar uppfylli mögulega ekki þessa staðla ætti að innleiða viðbótarlofthæfiforskriftir. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og áhættu af starfrækslu stórra flugvéla, samtímis því að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi innan Sambandsins, er talið hóflegt og kostnaðarhagkvæmt að innleiða viðbótarlofthæfiforskriftirnar, þar sem brugðist er við áhættu af völdum útbreiðslu elds í flugi, aðeins fyrir stórar, nýlega framleiddar flugvélar á grundvelli hönnunar sem Flugöryggisstofnunin hefur þegar vottað. Þessar viðbótarlofthæfiforskriftir ættu einnig að gilda um stórar flugvélar sem eru í notkun þegar varma- eða hljóðeinangrandi efnum er skipt út. Að lokum ætti að innleiða viðbótarlofthæfiforskriftirnar, þar sem brugðist er við áhættu af völdum gegnþrengingu elds inn í flugvélina í kjölfar slyss, fyrir stórar flugvélar með sætaframboð fyrir 20 eða fleiri og skulu þær aðeins gilda um nýlega framleiddar flugvélar á grundvelli hönnunar sem Flugöryggisstofnunin hefur þegar vottað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2019, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).

5) Í þriðja lagi hefur Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) gefið út nýja staðla, með því að breyta 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem gildir frá og með 15. desember 2011, til að draga smám saman úr umhverfisáhrifum af völdum halóns sem notað er í slökkvibúnað. Til að uppfylla þessa staðla ætti að innleiða viðbótarlofthæfiforskriftir fyrir nýlega framleiddar, stórar flugvélar og stórar þyrlur, ef Flugöryggisstofnunin hefur þegar vottað hönnun þeirra á grundvelli vottunarforskrifta sem heimiluðu notkun halóns sem viðeigandi eldvarnarefni.

6) Því ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2015/640 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) „stór flugvél“: flugvél með vottunarforskriftir fyrir stórar flugvélar (CS-25), eða samsvarandi, í vottunargrunni sínum,“.

b) Eftirfarandi c- og d-lið er bætt við:

„c) „stór þyrla“: þyrla með vottunarforskriftir fyrir stórar þyrilvængjur (CS-29), eða samsvarandi, í vottunargrunni sínum,

d) „flugvél með fá farþegasæti“: flugvél sem hefur hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu sem hér segir:

1) 19 sæti eða færri eða

2) þriðjung eða þar undir af hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu flugvélar með tegundarvottorð, eins og tilgreint er á gagnablaði tegundarvottorðsins (TCDS), að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) heildarfjöldi farþegasæta, sem samþykkt hefur verið að nota megi við akstur, flugtak eða lendingu, fari ekki yfir 100 sæti í hverju farþegarými,

b) hámarksfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu meðan á akstri, flugtaki eða lendingu stendur, á hvaða tiltekna svæði sem er á milli tveggja neyðarútganga (eða allra dauðra endasvæða (e. *dead-end zone*)), fari ekki yfir einn þriðja hluta af heildarfjölda heimilaðra farþegasæta fyrir tvo neyðarútganga sem afmarka það svæði (með því að nota farþegasætaheimild fyrir hverja tvo neyðarútganga, eins og skilgreint er með gildandi vottun á grundvelli flugvélarinnar). Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að þessari afmörkun svæðis skal gera ráð fyrir, ef um er að ræða flugvél þar sem neyðarútgangar hafa verið gerðir óvirkir, að allir neyðarútgangar séu virkir.“

2) Ákvæðum I. viðauka (26. hluta) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„EFNISYFIRLIT

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

26.10 Lögbært yfirvald

26.20 Tímabundið óstarfhæfur búnaður

26.30 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

B-KAFLI — STÓRAR FLUGVÉLAR

26.50 Sæti, legurúm, öryggisbelti og öryggistygi

26.60 Nauðlending á landi — hreyfifræðileg skilyrði

26.100 Staðsetning neyðarútganga

26.105 Aðgangur að neyðarútgöngum

26.110 Merkingar neyðarútganga

26.120 Neyðarlýsing inni í vélinni og notkun neyðarljósa

26.150 Rými að innanverðu

26.155 Eldfimi klæðningar í farmrými

26.156 Varma- eða hljóðeinangrandi efni

26.160 Brunavarnir á salernum

26.170 Slökkvitæki

26.200 Lendingarbúnaður – viðvörunarhljóð

26.250 Stýrikerfi stjórnklefahurðar — ef einn flugliði verður óstarfhæfur

C-KAFLI — STÓRAR ÞYRLUR

26.400 Slökkvitæki“.

2) Eftirfarandi lið 26.60 er bætt við:

„**26.60 Nauðlending — hreyfifræðileg skilyrði**

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru til flutningaflugs með farþega, með tegundarvottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og sem hafa tiltekið lofthæfivottorð, sem gefið verður út í fyrsta sinn 18. febrúar 2021 eða síðar, skulu sýna fram á fyrir hverja tegundahönnun sætis, sem samþykkt hefur verið til setu meðan á akstri, flugtaki eða lendingu stendur, að sá sem situr í sætinu sé varinn fyrir álagi við aðstæður sem skapast við nauðlendingu. Sýna skal fram á þetta með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) með hreyfiprófunum sem lýkur á fullnægjandi hátt,

b) með rökréttri greiningu sem veitir jafngilt öryggi, byggt á hreyfiprófunum á samsvarandi hönnun sætistegundar.

Skuldbindingin, sem sett er fram í fyrstu málsgrein, skal ekki gilda um eftirfarandi sæti:

a) sæti áhafnar í stjórnklefa,

b) sæti í flugvélum með fá farþegasæti sem aðeins eru starfræktar í óreglubundnu flutningaflugi samkvæmt pöntun.“

3) Eftirfarandi lið 26.156 er bætt við:

„26.156 Varma- eða hljóðeinangrandi efni

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru til flutningaflugs, með tegundarvottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar skulu tryggja eftirfarandi:

a) fyrir flugvélar, þar sem tiltekið lofthæfivottorð þeirra er gefið út í fyrsta sinn fyrir 18. febrúar 2021, að ný varma- eða hljóðeinangrandi efni, sem komið er fyrir í stað þeirra sem fyrir eru, 18. febrúar 2021 eða síðar, hafi eiginleika sem hefta eða draga úr áhættu af völdum útbreiðslu elds í flugvélinni,

b) fyrir flugvélar, þar sem tiltekið lofthæfivottorð þeirra er gefið út í fyrsta sinn 18. febrúar 2021 eða síðar, að varma- og hljóðeinangrandi efni hafi eiginleika sem hefta eða draga úr áhættu af völdum útbreiðslu elds í flugvélinni,

c) fyrir flugvélar, þar sem tiltekið lofthæfivottorð þeirra er gefið út í fyrsta sinn 18. febrúar 2021 eða síðar, með farþegarými fyrir 20 farþega eða fleiri, að varma- og hljóðeinangrandi efni (þ.m.t. efni til að festa varma- og hljóðeinangrandi efnin við loftfarsbolinn), sem komið er fyrir í lægri helmingi flugvélarinnar, hafi eiginleika sem hefta gegnþrengingu elds inn í flugvélina í kjölfar slyss og tryggja að unnt sé að lifa af í farþegarýminu í þann tíma sem tekur að rýma flugvélina.“

4) Eftirfarandi lið 26.170 er bætt við:

„**26.170 Slökkvitæki**

Flugrekendur stórra flugvéla skulu tryggja að í eftirfarandi slökkvitæki séu ekki notuð halón sem slökkviefni:

a) innbyggð slökkvitæki fyrir hvert sorpílát á salernum fyrir þurrkur, pappír eða úrgang í stórum flugvélum sem tiltekið lofthæfivottorðið verður gefið út fyrir í fyrsta sinn 18. febrúar 2020 eða síðar,

b) handslökkvitæki í stórum flugvélum sem tiltekið lofthæfivottorð verður gefið út fyrir í fyrsta sinn 18. maí 2019 eða síðar.“

5) Eftirfarandi C-kafla er bætt við:

„C-KAFLI — STÓRAR ÞYRLUR

26.400 Slökkvitæki

Flugrekendur stórra þyrlna skulu tryggja að í eftirfarandi slökkvitæki séu ekki notuð halón sem slökkviefni:

a) innbyggð slökkvitæki fyrir hvert sorpílát á salernum fyrir þurrkur, pappír eða úrgang í stórum þyrlum sem tiltekið lofthæfivottorð verður gefið út fyrir í fyrsta sinn 18. febrúar 2020 eða síðar,

b) handslökkvitæki í stórum þyrlum sem tiltekið lofthæfivottorð verður gefið út fyrir í fyrsta sinn 18. maí 2019 eða síðar.“

_____

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/430 **2023/EES/62/21**

frá 18. mars 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í B-kafla I. viðauka („FCL-hluta“) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um kröfurnar fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL).

2) Samkvæmt 3. lið 2. mgr. a í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 er aðildarríkjunum heimilt, til 8. apríl 2020, að beita landsbundnum reglum um skírteini sem veita skjótari aðgang að sumum réttindum flugmanns samanborið við flugmannsskírteini fyrir létt loftför. Þessum landsbundnu reglum um skírteini er einnig beitt til að bjóða upp á áfangaskipta þjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför en að loknum tilteknum þjálfunaráföngum fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför er kleift að fá aðgang að sumum réttindum áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út.

3) Aðildarríki sem beita slíkri áfangaskiptri þjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins að hún stuðli að því að efla sport- og tómstundaflug. Þetta er í samræmi við markmið vegvísisins um almannaflug sem miðar að því að skapa hóflegra, sveigjanlegra og virkara reglukerfi. ([3])

4) Samkvæmt 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 geta aðildarríkin heimilað flugnemum að fljúga eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli með hámarksflugtaksmassa sem fer ekki yfir 2000 kg án eftirlits áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út, sbr. þó tiltekin skilyrði.

5) Í því skyni að stuðla að sveigjanlegra reglukerfi fyrir almannaflug ætti að breyta 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 til að gera aðildarríkjunum kleift að heimila flugnemum, sem sitja þjálfunarnámskeið fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits að loknum tilteknum áfangaskiptum þjálfunaráföngum, að teknu tilliti til umfangs nauðsynlegrar þjálfunar, til að flugmennirnir nái æskilegu hæfnistigi áður en þeir uppfylla allar nauðsynlegar kröfur fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir léttar flugvélar, þyrlur, svifflugur eða loftbelgi.

6) Aðildarríki ættu reglulega að upplýsa framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins ef þau veita flugnemum slíka heimild, skv. 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, og þau ættu að fylgjast með slíkum heimildum til að viðhalda viðunandi flugöryggisstigi.

7) Enn fremur ætti að breyta 8. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 til að framlengja tímabilið sem aðildarríkin geta veitt flugmanni heimild til að neyta tiltekinna takmarkaðra réttinda í því skyni að fljúga flugvélum samkvæmt blindflugsreglum áður en flugmaðurinn uppfyllir allar kröfur sem eru nauðsynlegar til að fá útgefna blindflugsáritun. Þessi framlenging er nauðsynleg á meðan beðið er innleiðingar grunnblindflugsáritunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 75, 19.3.2019, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) https://www.easa.europa.eu/easa-and-you/general-aviation/general-aviation-road-map

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, hafa verið lagðar til í áliti Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 08/2017 skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([4]).

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7) Aðildarríki getur heimilað flugnemendum, sem sitja þjálfunarnámskeið fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en þeir uppfylla allar nauðsynlegar kröfur fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

a) umfang réttindanna byggist á öryggisáhættumati sem aðildarríkið framkvæmir, að teknu tilliti til umfangs nauðsynlegrar þjálfunar, til að flugmaðurinn nái æskilegu hæfnistigi,

b) takmarka skal réttindin við eftirfarandi:

i. allt yfirráðasvæði aðildarríkisins, eða hluta af því, sem veitir heimildina,

ii. loftför sem eru skráð í aðildarríkinu sem veitir heimildina,

iii. flugvélar og þyrlur, hvorar tveggja sem eins hreyfils loftfar með bulluhreyfli með hámarksflugtaksmassa sem fer ekki yfir 2000 kg, svifflugur og loftbelgi,

c) handhafi slíkrar heimildar, sem sækir um útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, skal fá þjálfunina, sem innt er af hendi samkvæmt heimildinni, metna og skal aðildarríkið ákvarða matið á grundvelli tilmæla frá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki,

d) aðildarríkið skal leggja reglubundnar skýrslur og öryggisáhættumat fyrir framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins á þriggja ára fresti,

e) aðildarríkin skulu vakta hvernig heimildirnar, sem gefnar eru út samkvæmt þessari málsgrein, eru notaðar til að tryggja viðunandi flugöryggisstig og grípa til viðeigandi aðgerða ef aukin öryggisáhætta eða einhver annar öryggisvandi greinist.“

2) Í inngangsmálsliðnum í 8. mgr. kemur dagsetningin „8. apríl 2021“ í stað „8. apríl 2019“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/947 **2023/EES/62/22**

frá 24. maí 2019

um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Starfrækja má ómönnuð loftför, óháð massa þeirra, innan samevrópska loftrýmisins við hlið mannaðra loftfara, hvort sem um er að ræða flugvélar eða þyrlur.

2) Krafan um samræmda framkvæmd og fylgni við reglur og verklagsreglur ætti, rétt eins og fyrir mannað flug, að gilda um umráðendur ómannaðra loftfara og ómannaðra loftfarskerfa („UA-kerfi“), þ.m.t. fjarflugmenn, sem og um starfrækslu slíkra ómannaðra loftfara og ómannaðra loftfarskerfa.

3) Að teknu tilliti til sérstakra eiginleika starfrækslu UA-kerfa ætti slík starfræksla að vera jafn örugg og mannað flug.

4) Tækni fyrir ómönnuð loftför gefur möguleika á margs konar starfrækslu. Setja ætti kröfur í tengslum við lofthæfi og þau fyrirtæki og einstaklinga sem koma að starfrækslu UA-kerfa og ómannaðra loftfara, til að tryggja öryggi fólks á jörðu niðri og annarra loftrýmisnotenda meðan á starfrækslu ómannaðra loftfara stendur.

5) Þær reglur og verklagsreglur sem gilda um starfrækslu UA-kerfa ættu að vera í réttu hlutfalli við eðli viðkomandi starfrækslu eða starfsemi og áhættunnar sem í henni felst, og þær lagaðar að rekstrareiginleikum viðkomandi ómannaðs loftfars og einkennum flugsvæðisins, svo sem þéttleika byggðar, yfirborðseiginleikum og hvort byggingar séu til staðar.

6) Til að koma á þremur starfræksluflokkum, þ.e. „opnum“, „sérstökum“ og „vottuðum“ flokki, ætti að styðjast við viðmið fyrir áhættustig sem og önnur viðmið.

7) Setja ætti hlutfallslegar kröfur um áhættumildun fyrir starfrækslu UA-kerfa með tilliti til tilheyrandi áhættustigs, rekstrareiginleika viðkomandi ómannaðs loftfars og einkenna flugsvæðisins.

8) Starfræksla í „opna“ flokknum, sem ætti að taka til starfrækslu sem hefur minnsta áhættu í för með sér, ætti ekki að krefjast notkun UA-kerfa sem falla undir staðlaðar reglufylgniaðferðir fyrir flug, heldur ætti hún að fara fram með því að nota þá flokka UA-kerfa sem skilgreindir eru í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ([2]).

9) Starfræksla í „sérstaka“ flokknum ætti að taka til annarra tegunda starfrækslu sem fela í sér meiri áhættu og sem framkvæma ætti ítarlegt áhættumat fyrir til að ákvarða hvaða kröfur eru nauðsynlegar til að tryggja örugga starfrækslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

10) Kerfi fyrir yfirlýsingar frá umráðendum ætti að greiða fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ef um er að ræða áhættulitla starfrækslu í „sérstaka“ flokknum, sem stöðluð sviðsmynd hefur verið skilgreind fyrir með ítarlegum mildunarráðstöfunum.

11) Starfræksla í „vottaða“ flokknum ætti, að meginreglu til, að falla undir reglur um útgáfu vottorða til umráðenda og fjarflugmanna, til viðbótar við vottun loftfarsins samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2019/945.

12) Fyrir „vottaða flokkinn“ er lögboðið að hafa vottorð frá lögbærum yfirvöldum fyrir starfrækslu ómannaðs loftfars sem og fyrir fjarflugmenn og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi eða fyrir loftfarið, samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2019/945, en slíks vottorðs gæti einnig verið krafist fyrir „sérstaka flokkinn“.

13) Koma ætti á reglum og verklagsreglum um merkingu og auðkenningu ómannaðra loftfara og skráningu umráðenda ómannaðra loftfara eða vottaðra ómannaðra loftfara.

14) Umráðendur ómannaðra loftfara ættu að vera skráðir ef þeir starfrækja ómannað loftfar sem getur, ef um árekstur er að ræða, yfirfært meira en 80 júl af hreyfiorku á manneskju eða ef starfræksla þess skapar áhættu fyrir friðhelgi einkalífsins, vernd persónuupplýsinga og flug- eða umhverfisvernd.

15) Rannsóknir hafa sýnt fram á að ómönnuð loftför með flugtaksmassa sem er 250 grömm eða meiri myndu hafa öryggisáhættu í för með sér og því ætti að krefjast þess að umráðendur UA-kerfa sem starfrækja slík ómönnuð loftför skrái sig þegar þeir starfrækja slík loftför í „opna“ flokknum.

16) Að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem þetta skapar fyrir friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga ættu umráðendur ómannaðra loftfara að vera skráðir ef þeir starfrækja ómannað loftfar sem er búið nema, sem getur safnað persónuupplýsingum. Þetta ætti þó ekki að gilda þegar ómannaða loftfarið telst vera leikfang í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga ([3]).

17) Upplýsingarnar um skráningu á vottuðum ómönnuðum loftförum og umráðendum ómannaðra loftfara, sem falla undir skráningarkröfu, ætti að geyma í stafrænum, samræmdum og rekstrarsamhæfðum landsbundnum skráningarkerfum, sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að hafa aðgang að og skiptast á þessum upplýsingum. Kerfin til að tryggja rekstrarsamhæfi landsskránna í þessari reglugerð ættu ekki að hafa áhrif á reglurnar sem gilda um framtíðargagnasafnið sem um getur í 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

18) Í samræmi við 8. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 hefur þessi reglugerð ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna að mæla fyrir um landsreglur til að setja sérstök skilyrði um starfrækslu ómannaðra loftfara vegna ástæðna sem falla utan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2018/1139, þ.m.t. almannaöryggi eða verndun friðhelgi einkalífsins og persónuupplýsinga í samræmi við lög Sambandsins.

19) Landsbundin skráningarkerfi ættu að fara að viðeigandi Sambandslögum og landslögum um friðhelgi einkalífs og vinnslu persónuupplýsinga og það ætti að vera greiður aðgangur að upplýsingunum sem eru geymdar í þessum skráningarkerfum ([4]).

20) Umráðendur UA-kerfa og fjarflugmenn ættu að tryggja að þeir séu upplýstir með fullnægjandi hætti um gildandi reglur Sambandsins og landsreglur um fyrirhugaða starfrækslu, einkum að því er varðar öryggi, friðhelgi einkalífs, persónuvernd, bótaábyrgð, tryggingar, flug- og umhverfisvernd.

21) Sjúkrahús, svæði þar sem fólk safnast saman, mannvirki og stofnanir eins og fangelsi eða iðjuver, mannvirki fyrir æðstu eða æðri stjórnvöld, náttúruverndarsvæði eða ákveðnir hlutar samgöngugrunnvirkja eru svæði sem geta verið sérstaklega viðkvæm gagnvart sumum eða öllum tegundum starfrækslu UA-kerfa. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna að mæla fyrir um landsreglur til að setja sérstök skilyrði um starfrækslu ómannaðra loftfara vegna ástæðna sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar, þ.m.t. umhverfisvernd, almannaöryggi eða verndun friðhelgi einkalífsins og persónuupplýsinga í samræmi við lög Sambandsins.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

22) Lágmarka ætti hávaða og losun frá ómönnuðum loftförum, eftir því sem unnt er, að teknu tilliti til starfræksluskilyrða og ýmissa séreinkenna einstakra aðildarríkja, svo sem þéttleika byggðar, þar sem hávaði og losun eru áhyggjuefni. Til að auðvelda samþykki samfélagsins fyrir starfrækslu UA-kerfa inniheldur framseld reglugerð (ESB) 2019/945 hámarksgildi fyrir hávaða frá ómönnuðum loftförum sem starfrækt eru nálægt fólki í „opna“ flokknum. Í „sérstaka“ flokknum er gerð krafa um að umráðandi semji leiðbeiningar fyrir fjarflugmenn sína þannig að allt flug sé flogið þannig að það lágmarki óþægindi fyrir fólk og dýr.

23) Aðlaga ætti núverandi þjóðarvottorð að vottorðum sem uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð.

24) Til þess að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að gera viðeigandi umbreytingarráðstafanir. Einkum ættu aðildarríkin og hagsmunaaðilar að hafa nægan tíma til að aðlaga verklagsreglur sínar að nýja reglurammanum áður en þessi reglugerð tekur gildi.

25) Nýi regluramminn fyrir starfrækslu UA-kerfa ætti ekki að hafa áhrif á gildandi umhverfis- og náttúruverndarskuldbindingar sem settar eru fram í öðrum landslögum eða lögum Sambandsins.

26) Á meðan verið er að þróa U-rýmis kerfið (e. *U-space system*), þ.m.t. grunnvirki, þjónustu og verklagsreglur sem eiga að tryggja örugga starfrækslu UA-kerfa og styðja við samþættingu þeirra við flugkerfið, ætti þessi reglugerð nú þegar að innihalda kröfur um framkvæmd þriggja grunnstoða U-rýmis kerfisins, þ.e. skráning, rýmisvitund (e. *geo-awareness*) og fjarauðkenning, sem mun þarfnast frekari þróunar.

27) Þar sem flugmódel teljast vera UA-kerfi og flugmódelfélög og -samtök hafa sýnt fram á hátt öryggisstig í tengslum við módelflug ættu umskiptin úr hinum ýmsu landsbundnu kerfum yfir í nýjan regluramma Sambandsins að vera snurðulaus þannig að flugmódelfélög og -samtök geti starfað áfram eins og þau gera í dag ásamt því að taka tillit til fyrirliggjandi bestu starfsvenja í aðildarríkjunum.

28) Að teknu tilliti til hins háa öryggisstigs sem náðst hefur fyrir loftför í flokki C4, eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa reglugerð, ætti auk þess að heimila áhættulitla starfrækslu slíkra loftfara í „opna“ flokknum. Slík loftför, sem oft eru notuð af stjórnendum flugmódela, eru í samanburði einfaldari en aðrir flokkar ómannaðra loftfara og ættu því ekki að falla undir óhóflegar tæknilegar kröfur.

29) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarleg ákvæði fyrir starfrækslu ómannaðra loftfarskerfa sem og fyrir það starfsfólk, þ.m.t. fjarflugmenn, og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessari starfsemi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í reglugerð (ESB) 2018/1139.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „ómannað loftfarskerfi“ (e. *unmanned aircraft system*, UA-kerfi): ómannað loftfar og búnaður til að fjarstýra því,

2) „umráðandi ómannaðs loftfarskerfis“ (umráðandi UA-kerfis): lögaðili eða einstaklingur sem starfrækir eða hefur í hyggju að starfrækja eitt eða fleiri ómönnuð loftfarskerfi,

3) „mannfjöldi“: samsöfnun fólks þar sem einstaklingar geta ekki komist út úr hópnum vegna þess hve þétt einstaklingar standa,

4) „landfræðilegt svæði fyrir ómönnuð loftfarskerfi“: hluti loftrýmis sem lögbært yfirvald afmarkar, sem auðveldar, takmarkar eða útilokar starfrækslu UA-kerfa til að takast á við áhættu varðandi öryggi, friðhelgi einkalífs, vernd persónuupplýsinga, flugvernd eða umhverfisvernd, sem skapast vegna starfrækslu UA-kerfa,

5) „traustleiki“ (e. *robustness*): áhrif ráðstafana til mildunar sem byggir á samsetningu af þeim öryggisávinningi sem fæst með þessum mildunarráðstöfunum og því fullvissu- og heilleikastigi um að öryggi hafi verið aukið,

6) „stöðluð sviðsmynd“ (e. *standard scenario*): tegund starfrækslu UA-kerfis í „sérstaka“ flokknum, eins og hún er skilgreind í 1. viðbæti við viðaukann, þar sem settur er upp nákvæmur listi yfir ráðstafanir til mildunar þannig að lögbæra yfirvaldið geti tekið yfirlýsingar gildar þar sem umráðendur lýsa því yfir að þeir muni beita þessum mildunarráðstöfunum þegar þeir framkvæma þessa tegund starfrækslu,

7) „flug í augsýn fjarflugmanns“ (e. *visual line of sight operation*, VLOS): tegund starfrækslu UA-kerfis þar sem fjarflugmaðurinn hefur ómannaða loftfarið stöðugt í augsýn án hjálparbúnaðar, sem gerir fjarflugmanninum kleift að stjórna flugslóð ómannaða loftfarsins með tilliti til annarra loftfara, fólks og hindrana í þeim tilgangi að forðast árekstra,

8) „flug úr augsýn fjarflugmanns“ (e. *beyond visual line of sight operation*, BVLOS): tegund starfrækslu UA-kerfis sem fellur ekki undir flug í augsýn fjarflugmanns (VLOS),

9) „vottorð umráðanda létts ómannaðs loftfarskerfis“ (e. *light UAS operator certificate* (LUC-vottorð)): vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi til handa umráðanda UA-kerfis, eins og fram kemur í C-hluta viðaukans,

10) „flugmódelfélag eða -samtök“: samtök löglega stofnuð í aðildarríki í þeim tilgangi að standa fyrir tómstundaflugi, flugsýningum, íþróttastarfsemi eða -keppnum þar sem notast er við UA-kerfi,

11) „hættulegur varningur“: hlutir eða efni, sem eru hluti af farmþunga ómannaða loftfarsins og sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu komi til flugatviks eða slyss, þ.m.t. einkum eftirfarandi:

    a) sprengiefni (hætta á alsprengingu, hætta á höggbylgju eða sprengibrotum, minni háttar hætta á höggbylgju, meiri háttar brunahætta, sprengiefni, afar lítið viðkvæm sprengiefni),

    b) lofttegundir (eldfimar lofttegundir, óeldfimar lofttegundir, eitraðar lofttegundir, súrefni, hætta við innöndun),

    c) eldfimir vökvar (eldfimir vökvar, brennanlegir, eldsneytisolía, bensín),

    d) eldfim föst efni (eldfim föst efni, sjálfkveikjandi föst efni, hættuleg þegar þau eru blaut),

    e) oxandi efni og lífræn peroxíð,

    f) eiturefni og smitandi efni (eitur, líffræðileg hætta),

    g) geislavirk efni,

    h) ætandi efni,

12) „farmþungi“: mælitæki, kerfi, búnaður, hluti, tækjabúnaður, fylgihlutir, eða aukabúnaður, þ.m.t. fjarskiptabúnaður sem er uppsettur í eða festur á loftfarið og er ekki notaður eða ætlaður til notkunar við starfrækslu eða stjórn loftfars á flugi, og er ekki hluti af flugskrokk, hreyfli eða skrúfu,

13) „bein fjarauðkenning“ (e. *direct remote identification*): kerfi sem tryggir staðbundna útsendingu upplýsinga um ómannað loftfar sem verið er að starfrækja, þ.m.t. merki ómannaða loftfarsins þannig að hægt sé að afla þessara upplýsinga án þess að hafa efnislegan aðgang að ómannaða loftfarinu,

14) „fylgihamur“ (e. *follow-me mode*): starfræksluhamur UA-kerfis þar sem ómannaða loftfarið fylgir stöðugt fjarflugmanninum innan fyrirframákveðins radíuss,

15) „rýmisvitund“ (e. *geo-awareness*): virkni sem, á grundvelli gagna frá aðildarríkjunum, greinir mögulegt brot á takmörkunum á notkun loftrýmis og gerir fjarflugmönnum viðvart svo þeir geti gripið til tafarlausra og skilvirkra aðgerða til að koma í veg fyrir brotið,

16) „ómannað loftfarskerfi sem smíðað er af einkaaðila“: UA-kerfi, samsett eða framleitt til eigin nota byggjandans, þar eru ekki meðtalin UA-kerfi sem eru samsett úr hlutum, sem settir eru á markað sem stakar einingar tilbúnar til samsetningar,

17) „sjálfstýrð starfræksla“ (e. *autonomous operation*): starfræksla þar sem ómannað loftfar er starfrækt án þess að fjarflugmaðurinn geti gripið inn í,

18) „óviðkomandi aðilar“ (e. *uninvolved persons*): einstaklingar sem taka ekki þátt í starfrækslu UA-kerfisins eða sem eru ekki meðvitaðir um fyrirmæli og öryggisráðstafanir umráðanda UA-kerfisins,

19) „að bjóða fram á markaði“ öll afhending vöru til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði Sambandsins meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

20) „setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

21) „aðgangsstýrt svæði á jörðu niðri“ (e. *controlled ground area*): svæðið á jörðu niðri þar sem UA-kerfið er starfrækt og þar sem umráðandi UA-kerfisins getur tryggt að aðeins viðkomandi aðilar séu viðstaddir,

22) „hámarksflugtaksmassi“ (MTOM): hámarksmassi ómannaðs loftfars, þ.m.t. farmþungi og eldsneyti, eins og hann er skilgreindur af framleiðanda eða byggjanda, sem hægt að er að starfrækja ómannaða loftfarið með,

23) „ómönnuð sviffluga“: ómannað loftfar sem haldist getur á flugi vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir og sem þarfnast ekki hreyfils meðan á frjálsu flugi stendur. Það kann að vera búið hreyfli til notkunar í neyðartilvikum.

3. gr.

Starfræksluflokkar UA-kerfa

Starfræksla UA-kerfa skal fara fram í „opnum“, „sérstökum“ eða „vottuðum“ flokki sem skilgreindir eru í 4., 5. og 6. gr., eftir því sem við á, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) starfræksla UA-kerfa í „opna“ flokknum skal hvorki vera háð fyrirframgefinni starfræksluheimild né starfræksluyfirlýsingu frá umráðanda UA-kerfisins áður en starfrækslan á sér stað,

b) starfræksla UA-kerfa í „sérstaka“ flokknum skal krefjast starfræksluheimildar, sem gefin er út af lögbæru yfirvaldi skv. 12. gr., eða heimildar, sem fengin er í samræmi við 16. gr., eða, við þær aðstæður sem skilgreindar eru í 5. mgr. 5. gr., yfirlýsingar frá umráðanda UA-kerfis,

c) starfræksla UA-kerfa í „vottaða“ flokknum skal krefjast vottunar UA-kerfisins samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 og vottunar umráðanda, og eftir atvikum fjarflugmannsins.

4. gr.

Starfræksla UA-kerfa í „opna“ flokknum

1. Starfræksla flokkast aðeins sem starfræksla UA-kerfa í „opna“ flokknum ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) UA-kerfið tilheyrir einum af þeim flokkum sem settir eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 eða það er smíðað af einkaaðilum eða uppfyllir skilyrðin sem skilgreind eru í 20. gr.,

b) ómannaða loftfarið hefur hámarksflugtaksmassa sem er minni en 25 kg,

c) fjarflugmaðurinn sér til þess að ómannaða loftfarinu sé haldið í öruggri fjarlægð frá fólki og ekki flogið yfir mannfjölda,

d) fjarflugmaðurinn starfrækir ómannaða loftfarið ávallt í augsýn (VLOS) nema þegar flogið er í fylgiham eða þegar notast er við vaktmann ómannaðs loftfars eins og tilgreint er í A-hluta viðaukans,

e) ómannaða loftfarinu er haldið innan 120 metra frá næsta punkti á yfirborði jarðar meðan á flugi stendur nema þegar flogið er yfir hindrun, eins og tilgreint er í A-hluta viðaukans,

f) ómannaða loftfarið ber ekki hættulegan varning og fleygir engu efni úr loftfarinu meðan á flugi stendur.

2. Starfrækslu UA-kerfa í „opna“ flokknum skal skipt upp í þrjá undirflokka í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans.

5. gr.

Starfræksla UA-kerfa í „sérstaka“ flokknum

1. Ef ein af þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 4. gr. eða í A-hluta viðaukans er ekki uppfyllt skal þess krafist að umráðandi UA-kerfis fái starfræksluheimild skv. 12. gr. frá lögbæra yfirvaldinu í aðildarríkinu þar sem hann er skráður.

2. Þegar umráðandi sækir um starfræksluheimild hjá lögbæru yfirvaldi skv. 12. gr. skal hann framkvæma áhættumat í samræmi við 11. gr. og leggja það fram ásamt umsókninni, þ.m.t. fullnægjandi mildunarráðstafanir.

3. Í samræmi við lið UAS.SPEC.040, sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans, skal lögbæra yfirvaldið gefa út starfræksluheimild ef það telur að áhættan af starfrækslunni sé milduð með fullnægjandi hætti í samræmi við 12. gr.

4. Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina hvort starfræksluheimildin varði:

a) samþykki fyrir einni starfrækslu eða fleiri á ákveðnum tíma eða stað, eða bæði og skal starfræksluheimildin innihalda tilheyrandi nákvæman lista yfir ráðstafanir til mildunar,

b) samþykki fyrir LUC-vottorði í samræmi við C-hluta viðaukans.

5. Ef umráðandi UA-kerfis leggur fram yfirlýsingu til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins í samræmi við lið UAS.SPEC.020, sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans, fyrir starfrækslu sem er í samræmi við staðlaða sviðsmynd, sem skilgreind er í 1. viðbæti við viðaukann, skal umráðandi UA-kerfis ekki þurfa að fá starfræksluheimild í samræmi við 1. til 4. mgr. þessarar greinar og beita skal þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 12. gr.

6. Ekki skal krafist starfræksluheimildar eða yfirlýsingar fyrir:

a) umráðendur sem eru handhafar LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi í samræmi við lið UAS.LUC.060 í viðaukanum,

b) starfrækslu sem fer fram innan flugmódelfélaga og -samtaka sem hafa fengið heimild í samræmi við 16. gr.

6. gr.

Starfræksla UA-kerfa í „vottaða“ flokknum

1. Starfræksla flokkast aðeins sem starfræksla UA-kerfa í „vottaða“ flokknum ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) UA-kerfið er vottað samkvæmt a-, b- og c-lið 1. mgr. 40. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/945 og

b) starfrækslan fer fram við einhver eftirfarandi skilyrða:

   i. flogið er yfir mannfjölda,

   ii. flugið felur í sér flutninga á fólki,

   iii. flugið felur í sér flutning á hættulegum varningi sem getur haft í för með sér mikla áhættu fyrir þriðju aðila ef slys ber að höndum.

2. Að auki skal starfræksla UA-kerfa flokkast sem starfræksla UA-kerfa í „vottaða“ flokknum ef lögbæra yfirvaldið telur, á grundvelli áhættumatsins sem kveðið er á um í 11. gr., að ekki sé hægt að milda áhættuna af starfrækslunni með fullnægjandi hætti án vottunar UA-kerfisins og umráðanda UA-kerfisins og, eftir atvikum, fjarflugmannsins.

7. gr.

Reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu UA-kerfa

1. Starfræksla UA-kerfa í „opna“ flokknum skal fylgja þeim starfrækslutakmörkunum sem settar eru fram í A-hluta viðaukans.

2. Starfræksla UA-kerfa í „sérstaka“ flokknum skal fylgja þeim starfrækslutakmörkunum sem settar eru fram í starfræksluheimildinni sem um getur í 12. gr., í heimildinni sem um getur í 16. gr. eða í staðlaðri sviðsmynd sem skilgreind er í 1. viðbæti við viðaukann, sem umráðandi UA-kerfisins hefur gefið yfirlýsingu um.

Þessi málsgrein gildir ekki ef umráðandi UA-kerfis er handhafi LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi.

Starfræksla UA-kerfa í „sérstaka“ flokknum skal vera háð viðeigandi kröfum um starfrækslu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([5]).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

3. Starfræksla UA-kerfa í „vottaða“ flokknum skal vera háð viðeigandi kröfum um starfrækslu, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([6]) og (ESB) nr. 1332/2011 ([7]).

8. gr.

Reglur og verklagsreglur varðandi hæfni fjarflugmanna

1. Fjarflugmenn, sem starfrækja UA-kerfi í „opna“ flokknum, skulu uppfylla hæfnikröfurnar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans.

2. Fjarflugmenn, sem starfrækja UA-kerfi í „sérstaka“ flokknum, skulu uppfylla hæfnikröfurnar sem settar eru fram í starfræksluheimild lögbæra yfirvaldsins eða í stöðluðu sviðsmyndinni sem skilgreind er í 1. viðbæti við viðaukann eða í LUC-vottorðinu og skulu a.m.k. búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) getu til að beita verklagsreglum í flugi (verklagsreglum við eðlilegar aðstæður, í viðlögum og í neyðartilvikum, gerð flugáætlana, skoðunum fyrir og eftir flug),

b) getu til að stjórna flugfjarskiptum,

c) getu til að stjórna flugslóð ómannaða loftfarsins og allri sjálfvirkni,

d) leiðtogahæfni, samvinnuhæfni, og hæfni til sjálfstæðra vinnubragða,

e) getu til að leysa úr vandamálum og til ákvarðanatöku,

f) getu til að skilja aðstæður,

g) getu til að stjórna vinnuálagi,

h) getu til að samhæfa eða yfirfæra verkefni, eftir því sem við á.

3. Fjarflugmenn, sem starfa innan flugmódelfélaga og -samtaka, skulu uppfylla lágmarkskröfur um hæfni sem skilgreindar eru í heimildinni sem veitt er í samræmi við 16. gr.

9. gr.

Lágmarksaldur fjarflugmanna

1. Lágmarksaldur fjarflugmanna sem starfrækja UA-kerfi í „opna“ og „sérstaka“ flokknum skal vera 16 ár.

2. Ekki skal krafist lágmarksaldurs fyrir fjarflugmenn:

a) þegar þeir starfa í undirflokki A1, eins og tilgreint er í A-hluta þessarar reglugerðar, með UA-kerfi í flokki C0, sem skilgreint er í 1. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, sem er leikfang í skilningi tilskipunar 2009/48/EB,

b) fyrir ómannað loftfarskerfi sem smíðað er af einkaaðila með staðfestan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 250 g,

c) þegar þeir starfa undir beinu eftirliti fjarflugmanns sem uppfyllir ákvæði 1. mgr. og 8. gr.

3. Aðildarríkin geta lækkað lágmarksaldurinn með því að fylgja áhættumiðaðri nálgun þar sem tekið er tillit til sértækrar áhættu við starfræksluna á yfirráðasvæði þeirra:

a) um allt að 4 ár fyrir fjarflugmenn sem starfa í „opna“ flokknum,

b) um allt að 2 ár fyrir fjarflugmenn sem starfa í „sérstaka“ flokknum.

4. Ef aðildarríki lækkar lágmarksaldur fjarflugmanna skal þeim fjarflugmönnum aðeins heimilt að starfrækja UA-kerfi á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

5. Aðildarríkin mega tilgreina annan lágmarksaldur fyrir fjarflugmenn sem starfa innan flugmódelfélaga og -samtaka í heimildinni, sem veitt er í samræmi við 16. gr.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011 frá 16. desember 2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstravara í flugi (Stjtíð. ESB L 336, 20.12.2011, bls. 20).

10. gr.

Reglur og verklagsreglur um lofthæfi UA-kerfa

UA-kerfi, sem notuð eru við starfrækslu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu uppfylla tæknilegar kröfur og reglur og verklagsreglur um lofthæfi, sem skilgreindar eru í framseldu gerðunum sem samþykktar eru skv. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, nema þau séu smíðuð af einkaaðilum eða notuð við starfrækslu sem um getur í 16. gr. eða uppfylli skilyrðin sem skilgreind eru í 20. gr.

11. gr.

Reglur um framkvæmd áhættumats fyrir starfrækslu

1. Áhættumat fyrir starfrækslu skal innihalda:

a) lýsingu á eiginleikum starfrækslu UA-kerfisins,

b) tillögu að fullnægjandi öryggismarkmiðum fyrir starfræksluna,

c) greiningu á áhættunni sem af starfrækslunni stafar á jörðu niðri og í lofti, að teknu tilliti til allra eftirfarandi þátta:

   i. að hvaða marki starfsemin gæti stofnað þriðju aðilum eða eignum á jörðu niðri í hættu,

   ii. hversu flókin viðkomandi ómönnuð loftför eru, afkastagetu þeirra og rekstrareiginleika,

   iii. tilgangs flugsins, tegundar UA-kerfis, líka á árekstri við önnur loftför og flokks loftrýmis sem notast er við,

   iv. gerðar, stærðar og flækjustigs starfsemi eða starfrækslu UA-kerfisins, þ.m.t. ef við á, magns og tegundar umferðarinnar sem ábyrgt fyrirtæki eða einstaklingur sér um,

   v. að hvaða marki þeir einstaklingar sem verða fyrir áhrifum af áhættunni sem felst í starfrækslu UA-kerfisins eru færir um að meta og hafa stjórn á þessari áhættu,

d) greiningu á röð hugsanlegra ráðstafana fyrir mildun áhættu,

e) ákvörðun á þeim traustleika sem valdar mildunarráðstafanir þurfa að hafa svo að starfrækslan geti farið fram með öruggum hætti.

2. Lýsingin á starfrækslu UA-kerfisins skal a.m.k. innihalda lýsingu á eftirfarandi:

a) eðli starfseminnar sem fram fer,

b) starfræksluumhverfi og landsvæði fyrirhugaðrar starfrækslu, einkum mannfjölda sem flogið er yfir, landslagseinkenni, tegund loftrýmis, þann hluta loftrýmis þar sem starfrækslan mun fara fram og þann hluta loftrýmisins sem nota á sem nauðsynlegan áhættuvarnarjaðar, þ.m.t. þær starfrækslukröfur sem tengjast landfræðilegum svæðum,

c) flækjustigi starfrækslunnar, einkum áætlanagerð og framkvæmd, hæfni, reynslu og samsetningu starfsfólks og nauðsynleg tæknileg úrræði sem fyrirhuguð eru til að framkvæma starfræksluna,

d) tæknilegum eiginleikum UA-kerfisins, þ.m.t. frammistaða þess í ljósi aðstæðna við fyrirhugaða starfrækslu og, eftir atvikum, skráningarnúmer þess,

e) hæfni starfsfólks til að annast starfræksluna, þ.m.t. samsetning, hlutverk, skyldur, þjálfun og nýleg reynsla starfsfólksins.

3. Í matinu skal lagt til marköryggisstig, sem skal vera jafngilt öryggisstigi í mönnuðu flugi, að teknu tilliti til sérstakra eiginleika starfrækslu UA-kerfa.

4. Til að greina áhættuþættina skal ákvarða öll eftirfarandi atriði:

a) ómildaða áhættu á jörðu niðri sem stafar af starfrækslunni að teknu tilliti til þess hverrar tegundar starfrækslan er og þeirra aðstæðna sem hún fer fram við, þ.m.t. að minnsta kosti eftirfarandi viðmiðanir:

   i. flug í augsýn fjarflugmanns (VLOS) eða flug úr augsýn fjarflugmanns (BVLOS),

   ii. þéttleika byggðar á þeim svæðum sem flogið er yfir,

   iii. flogið yfir mannfjölda,

   iv. mál ómannaða loftfarsins,

b) ómildaða áhættu í lofti sem stafar af starfrækslunni að teknu tilliti til allra eftirfarandi atriða:

i. nákvæmra upplýsinga um þann hluta loftrýmisins þar sem starfrækslan mun fara fram og skal víkka út þann hluta loftrýmis eins og nauðsynlegt er vegna viðlagaverklagsreglna,

ii. flokks loftrýmisins,

iii. áhrifa á aðra flugumferð og rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM), einkum að því er varðar:

— flughæð starfrækslunnar,

— flugstjórnarrými eða óstjórnað loftrými,

— umhverfi flugvallar eða annað umhverfi,

— loftrými yfir þéttbýli eða dreifbýli,

— aðskilnað frá annarri umferð.

5. Við greiningu á hugsanlegum mildunarráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru til að uppfylla tillagt marköryggisstig, skal tillit tekið til eftirfarandi möguleika:

a) afmörkunarráðstafana fyrir fólk á jörðu niðri,

b) stefnumiðaðra starfrækslutakmarkana fyrir starfrækslu UA-kerfisins, einkum:

i. takmarkana með tilliti til landfræðilegra svæða þar sem starfrækslan fer fram,

ii. takmarkana með tilliti til tímalengdar eða tímaáætlunar fyrir starfræksluna,

c) stefnumiðaðrar mildunar með sameiginlegum flugreglum eða sameiginlegu loftrýmisskipulagi og -þjónustu,

d) getu til að ráða við hugsanlega erfið starfræksluskilyrði,

e) skipulagsþátta eins og verklags- og viðhaldsreglna sem þróaðar eru af umráðanda UA-kerfisins og viðhaldsreglna sem samræmast notendahandbók framleiðandans,

f) hæfnistigs og sérfræðikunnáttu starfsfólksins sem kemur að öryggi flugsins,

g) hættunnar á mannlegum mistökum við beitingu verklagsreglna,

h) hönnunareinkenna og frammistöðu UA-kerfisins, einkum:

i. mögulegra aðferða til að draga úr hættu á árekstri,

ii. mögulegra kerfa sem takmarka orku við árekstur eða brotgirni ómannaða loftfarsins,

iii. hönnunar UA-kerfisins samkvæmt viðurkenndum stöðlum og bilanatraustri hönnun (e. *fail-safe design*).

6. Meta skal traustleika tillagðra mildunarráðstafana til að ákvarða hvort þær séu í réttu samræmi við þau öryggismarkmið og þá áhættu sem fylgir fyrirhugaðri starfrækslu, einkum til að tryggja að starfrækslan sé örugg á öllum stigum.

12. gr.

Veiting heimildar fyrir starfrækslu í „sérstaka“ flokknum

1. Lögbæra yfirvaldið skal meta áhættumatið og traustleika þeirra mildunarráðstafana sem umráðandi UA-kerfisins leggur til í því skyni að tryggja að starfræksla UA-kerfa sé örugg á öllum stigum flugs.

2. Lögbæra yfirvaldið skal veita starfræksluheimild ef matið leiðir til eftirfarandi niðurstaðna:

a) að öryggismarkmiðin fyrir starfræksluna taki mið af þeirri áhættu sem fylgir starfrækslunni,

b) að samsetning mildunarráðstafana varðandi starfræksluskilyrðin sem starfrækslan fer fram við, hæfni viðkomandi starfsfólks og tæknilegir eiginleikar ómannaða loftfarsins sé fullnægjandi og nægjanlega traust til að starfrækslan sé örugg í ljósi þeirrar áhættu sem greinst hefur á jörðu niðri og í lofti,

c) að umráðandi UA-kerfisins hafi gefið yfirlýsingu sem staðfestir að fyrirhuguð starfræksla sé í samræmi við gildandi landsreglur og reglur Sambandsins, einkum að því er varðar friðhelgi einkalífs, persónuvernd, bótaábyrgð, tryggingar, flug- og umhverfisvernd.

3. Ef starfrækslan telst ekki nægilega örugg skal lögbæra yfirvaldið upplýsa umsækjandann um það og gefa upp ástæðurnar fyrir synjun sinni á útgáfu starfræksluheimildar.

4. Starfræksluheimildin, sem lögbæra yfirvaldið veitir, skal innihalda ítarlegar upplýsingar um eftirfarandi:

a) gildissvið heimildarinnar,

b) þau „sérstöku“ skilyrði sem skulu gilda:

i. um starfrækslu og starfrækslutakmarkanir UA-kerfisins,

ii. um hæfnikröfurnar sem gerðar eru til umráðanda UA-kerfisins og eftir atvikum, til fjarflugmannanna,

iii. um tæknilega eiginleika UA-kerfisins, þ.m.t. vottun UA-kerfisins, ef við á,

c) eftirfarandi atriði:

i. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins og tæknilega eiginleika UA-kerfisins,

ii. tilvísun í áhættumatið fyrir starfrækslu, sem umráðandi UA-kerfisins hefur unnið,

iii. starfrækslutakmarkanir og skilyrðin fyrir starfrækslunni,

iv. mildunarráðstafanirnar sem umráðandi UA-kerfisins þarf að beita,

v. þá staðsetningu eða staðsetningar þar sem starfrækslan er heimiluð og allar aðrar staðsetningar sem staðsettar eru í aðildarríki í samræmi við 13. gr.,

vi. öll skjöl og skrár, sem skipta máli fyrir viðkomandi tegund starfrækslu og tegund atburða, sem tilkynna skal um, til viðbótar við þá sem skilgreindir eru í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ([8]).

5. Við móttöku yfirlýsingarinnar, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., skal lögbæra yfirvaldið:

a) sannreyna að hún innihaldi alla þætti sem settir eru fram í 2. mgr. liðar UAS.SPEC.020 í viðaukanum,

b) ef svo er, láta umráðanda UA-kerfisins í té staðfestingu á viðtöku og heildstæði án ástæðulausrar tafar svo að umráðandinn geti hafið starfræksluna.

13. gr.

Starfræksla yfir landamæri eða starfræksla utan skráningarríkis

1. Þegar umráðandi UA-kerfis hyggst framkvæma starfrækslu í „sérstaka“ flokknum, sem starfræksluheimild hefur þegar verið veitt fyrir í samræmi við 12. gr. og sem fyrirhugað er að eigi sér stað að hluta til eða að öllu leyti í loftrými annars aðildarríkis en skráningaraðildarríkisins, skal umráðandi UA-kerfisins láta lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að starfrækslan fari fram, í té umsókn sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

a) afrit af starfræksluheimildinni sem veitt var umráðanda UA-kerfisins í samræmi við 12. gr. og

b) staðsetningu eða staðsetningar fyrirhugaðrar starfrækslu, þ.m.t., ef þörf er á, uppfærðar mildunarráðstafanir til að ráða bót á þeirri áhættu sem greind hefur verið samkvæmt b-lið 2. mgr. 11. gr., sem er sértæk fyrir staðbundna loftrýmið, staðbundin landslags- og íbúaeinkenni og loftslagsskilyrði.

2. Við móttöku umsóknarinnar, sem um getur í 1. mgr., skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að starfrækslan fari fram, meta umsóknina án ástæðulausrar tafar og láta lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins og umráðanda UA-kerfisins í té staðfestingu á að uppfærðu mildunarráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., séu fullnægjandi fyrir starfræksluna á fyrirhugaðri staðsetningu. Við móttöku þessarar staðfestingar er umráðanda UA-kerfisins heimilt að hefja fyrirhugaða starfrækslu og skráningaraðildarríkið skal skrá uppfærðu mildunarráðstafanirnar, sem umráðandi UA-kerfisins þarf að beita, í starfræksluheimildina sem gefin er út í samræmi við 12. gr.

3. Ef umráðandi UA-kerfis hyggst framkvæma starfrækslu í „sérstaka“ flokknum, sem yfirlýsing hefur verið gefin út fyrir í samræmi við 5. mgr. 5. gr. og sem fyrirhugað er að eigi sér stað að hluta til eða að öllu leyti í loftrými annars aðildarríkis en skráningaraðildarríkisins, skal umráðandi UA-kerfisins láta lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að starfrækslan fari fram, í té afrit af yfirlýsingunni sem lögð var fram til skráningaraðildarríkisins, auk afrits af staðfestingunni á viðtöku og heildstæði.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

14. gr.

Skráning umráðenda UA-kerfa og vottaðra UA-kerfa

1. Aðildarríki skulu koma á og viðhalda nákvæmum skráningarkerfum fyrir UA-kerfi sem eru háð vottun á hönnun og fyrir umráðendur sem starfrækja UA-kerfi sem kann að hafa í för með sér áhættu varðandi öryggi, flugvernd, friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga eða umhverfis.

2. Í skráningarkerfunum fyrir umráðendur UA-kerfa skulu vera reitir til að skrá og skiptast á eftirfarandi upplýsingum:

a) fullu nafni og fæðingardegi og -ári einstaklinga og heiti og kenninúmeri lögaðila,

b) heimilisfangi umráðenda UA-kerfa,

c) tölvupóstfangi og símanúmeri þeirra,

d) númeri tryggingarskírteinis fyrir UA-kerfi ef þess er krafist í lögum Sambandsins eða landslögum,

e) staðfestingu lögaðila á eftirfarandi yfirlýsingu: „Allt starfsfólk sem kemur beint að starfrækslunni er hæft til að sinna verkefnum sínum og UA-kerfið verður aðeins starfrækt af fjarflugmönnum sem búa yfir viðeigandi hæfni“,

f) starfræksluheimildum og LUC-vottorðum, sem þeir hafa undir höndum, og yfirlýsingum, sem síðan eru staðfestar í samræmi við b-lið 5. mgr. 12. gr.

3. Í skráningarkerfunum fyrir ómönnuð loftför, sem eru háð vottun á hönnun, skulu vera reitir til að skrá og skiptast á eftirfarandi upplýsingum:

a) nafni framleiðanda,

b) tegundarnúmeri framleiðanda fyrir ómannaða loftfarið,

c) raðnúmeri ómannaða loftfarsins,

d) fullu nafni, heimilisfangi, tölvupóstfangi og símanúmeri einstaklingsins eða lögaðilans sem skráður er fyrir ómannaða loftfarinu.

4. Aðildarríki skulu tryggja að skráningarkerfin séu stafræn og rekstrarsamhæfð og bjóði upp á gagnkvæman aðgang að og skiptum á upplýsingum í gegnum gagnasafnið sem um getur í 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

5. Umráðendur UA-kerfa skulu skrá sig:

a) þegar þeir starfrækja eitthvert af eftirfarandi ómönnuðum loftförum í „opna“ flokknum:

   i. loftfari með hámarksflugtaksmassa sem er 250 g eða meiri, eða sem getur, ef um árekstur er að ræða, yfirfært meira en 80 júl af hreyfiorku í manneskju,

   ii. loftfari sem er búið nema, sem getur safnað persónuupplýsingum, svo framarlega sem að farið sé að ákvæðum tilskipunar 2009/48/EB,

b) þegar þeir starfrækja ómannað loftfar í „sérstaka“ flokknum, sama hver massi þess er.

6. Umráðendur UA-kerfa skulu skrá sig í aðildarríkinu þar sem þeir hafa búsetu, ef um er að ræða einstaklinga, eða þar sem þeir hafa höfuðstöðvar sínar, ef um er að ræða lögaðila, og tryggja að skráningarupplýsingarnar séu réttar. Umráðandi UA-kerfis getur ekki verið skráður í fleiri en einu aðildarríki á hverjum tíma.

Aðildarríki skulu gefa út einkvæmt, stafrænt skráningarnúmer fyrir umráðendur UA-kerfa og fyrir UA-kerfi sem þarf að skrá, sem gerir kleift að aukenna þau hvert um sig.

Skráningarnúmer fyrir umráðendur UA-kerfa skulu ákveðin á grundvelli staðla sem styðja rekstrarsamhæfi skráningarkerfanna,

7. Eigandi ómannaðs loftfars, sem er háð vottun á hönnun, skal skrá ómannaða loftfarið.

Ríkisfang og skrásetningarmerki ómannaðs loftfars skulu ákvörðuð í samræmi við 7. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Ómannað loftfar getur ekki verið skráð í fleiri en einu aðildarríki á hverjum tíma.

8. Umráðendur UA-kerfa skulu setja skráningarnúmer sitt á öll ómönnuð loftför sem uppfylla skilyrðin sem lýst er í 5. mgr.

15. gr.

Starfræksluskilyrði sem gilda um landfræðileg svæði fyrir ómönnuð loftfarskerfi

1. Þegar aðildarríki afmarka landfræðileg svæði fyrir ómönnuð loftfarskerfi af ástæðum er varða öryggi, flugvernd, friðhelgi einkalífs eða umhverfið, geta þau:

a) bannað ákveðna eða alla starfrækslu UA-kerfa, farið fram á tiltekin skilyrði fyrir ákveðna eða alla starfrækslu UA-kerfa eða farið fram á fyrirframgefna starfræksluheimild fyrir tiltekna eða alla starfrækslu UA-kerfa,

b) gert kröfu um að starfræksla UA-kerfa standist tiltekna umhverfisstaðla,

c) aðeins veitt tilteknum flokkum UA-kerfa aðgang,

d) aðeins veitt UA-kerfum aðgang ef þau hafa ákveðna tæknilega eiginleika, einkum fjarauðkenningarkerfi eða rýmisvitundarkerfi.

2. Aðildarríki geta, á grundvelli áhættumats sem framkvæmt er af lögbæru yfirvaldi, tilgreint ákveðin landfræðileg svæði þar sem starfræksla UA-kerfa er undanþegin einni eða fleiri af kröfunum fyrir „opna“ flokkinn.

3. Þegar aðildarríki afmarka landfræðileg svæði fyrir ómönnuð loftfarskerfi skv. 1. eða 2. mgr. af ástæðum er varða rýmisvitund skulu þau tryggja að upplýsingarnar um landfræðilegu svæðin fyrir ómönnuð loftfarskerfin, þ.m.t. gildistími þeirra, séu gerðar aðgengilegar öllum á sameiginlegu og einkvæmu stafrænu formi.

16. gr.

Starfræksla UA-kerfa innan flugmódelfélaga og -samtaka

1. Lögbært yfirvald getur, að fenginni beiðni frá flugmódelfélagi eða -samtökum, gefið út heimild fyrir starfrækslu UA-kerfa innan flugmódelfélaga og -samtaka.

2. Heimildin, sem um getur í 1. mgr., skal gefin út í samræmi við eitthvað af eftirfarandi:

a) viðeigandi landsreglur,

b) settar verklagsreglur, stjórnskipulag og stjórnunarkerfi flugmódelfélagsins eða -samtakanna, sem tryggja:

   i. að fjarflugmenn, sem starfa innan flugmódelfélaga eða -samtaka, séu upplýstir um þau skilyrði og takmarkanir sem skilgreindar eru í heimildinni sem veitt er af lögbæra yfirvaldinu,

   ii. að fjarflugmenn, sem starfa innan flugmódelfélaga og -samtaka, séu aðstoðaðir í að öðlast þá lágmarkshæfni sem krafist er til að starfrækja UA-kerfi örugglega og í samræmi við skilyrðin og takmarkanirnar sem skilgreindar eru í heimildinni,

   iii. að flugmódelfélagið eða -samtökin grípi til viðeigandi aðgerða þegar þau eru upplýst um að fjarflugmaður, sem starfar innan flugmódelfélags eða -samtaka, fari ekki að skilyrðunum og takmörkunum sem skilgreindar eru í heimildinni, og upplýsi lögbæra yfirvaldið ef nauðsyn krefur,

   iv. að flugmódelfélagið eða -samtökin láti í té gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits og vöktunar, óski lögbært yfirvald eftir því.

3. Í heimildinni, sem um getur í 1. mgr., skal tilgreina skilyrðin sem starfræksla innan flugmódelfélaga eða -samtaka má fara fram við og hún gildir aðeins á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem hún er gefin út.

4. Aðildarríki geta gert flugmódelfélögum og -samtökum kleift að skrá meðlimi sína í skráningarkerfin, sem komið er á fót í samræmi við 14. gr., fyrir þeirra hönd. Ef það er ekki gert skulu meðlimir í flugmódelfélögum og -samtökum skrá sig sjálfir í samræmi við 14. gr.

17. gr.

Tilnefning lögbærs yfirvalds

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn eða fleiri aðila sem lögbært yfirvald fyrir verkefnin sem um getur í 18. gr.

2. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en einn aðila sem lögbært yfirvald skal það:

a) skilgreina með skýrum hætti valdsvið hvers lögbærs yfirvalds með tilliti til ábyrgðar,

b) koma á viðeigandi samræmingaraðferð milli þessara aðila til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum fyrirtækjum og einstaklingum sem falla undir þessa reglugerð.

18. gr.

Verkefni lögbærs yfirvalds

Lögbæra yfirvaldið skal bera ábyrgð á:

a) að framfylgja þessari reglugerð,

b) að gefa út, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð umráðenda UA-kerfa og vottorð fjarflugmanna sem starfa í „vottaða“ flokknum fyrir starfrækslu UA-kerfa,

c) að gefa út staðfestingu til handa fjarflugmönnum um að þeir hafi lokið bóklegu prófi á netinu samkvæmt liðum UAS.OPEN.020 og UAS.OPEN.040 í viðaukanum og gefa út, breyta, fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð um hæfni fjarflugmanna samkvæmt lið UAS.OPEN.030 í viðaukanum,

d) að gefa út, breyta, fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla starfræksluheimildir og LUC-vottorð og sannreyna heildstæði yfirlýsinga sem nauðsynlegar eru til að starfrækja UA-kerfi í „sérstaka“ flokknum,

e) að geyma skjöl, skrár og skýrslur varðandi starfræksluheimildir UA-kerfa, vottorð um hæfni fjarflugmanna og LUC-vottorð,

f) að gera upplýsingar um landfræðileg svæði fyrir ómönnuð loftfarskerfi, sem aðildarríkin hafa afmarkað og komið á innan eigin lofthelgi, tiltækar á sameiginlegu og einkvæmu stafrænu formi,

g) að gefa út staðfestingu á viðtöku og heildstæði í samræmi við b-lið 5. mgr. 12. gr. eða staðfestingu í samræmi við 2. mgr. 13. gr.,

h) að þróa áhættumiðað eftirlitskerfi fyrir:

   i. umráðendur UA-kerfa sem hafa lagt fram yfirlýsingu eða eru handhafar starfræksluheimildar eða LUC-vottorðs,

   ii. flugmódelfélög og -samtök sem hafa heimild sem um getur í 16. gr.,

i) að því er varðar starfrækslu aðra en þá sem fer fram í „opna“ flokknum, að koma á endurskoðunaráætlun sem byggir á áhættulýsingunni, samræmisstigi og öryggisframmistöðu umráðenda UA-kerfa sem hafa lagt fram yfirlýsingu, eða eru handhafar vottorðs sem gefið er út af lögbæra yfirvaldinu,

j) að því er varðar starfrækslu aðra en þá sem fer fram í „opna“ flokknum, að framkvæma skoðanir að því er varðar umráðendur UA-kerfa, sem hafa lagt fram yfirlýsingu eða eru handhafar vottorðs sem gefið er út af lögbæra yfirvaldinu sem skoðar UA-kerfi, og tryggja að umráðendur UA-kerfa og fjarflugmenn fari að þessari reglugerð,

k) að koma á kerfi til að greina og rannsaka tilvik þar sem umráðendur UA-kerfa, sem starfa í „opna“ eða „sérstaka“ flokknum, fara ekki að tilskildum ákvæðum og sem tilkynnt eru í samræmi við 2. mgr. 19. gr.,

l) að veita umráðendum UA-kerfa upplýsingar og leiðbeiningar sem stuðla að öryggi í starfrækslu UA-kerfa,

m) að koma á og viðhalda skráningarkerfum fyrir UA-kerfi sem eru háð vottun á hönnun og fyrir umráðendur, sem starfrækja UA-kerfi sem kann að hafa í för með sér áhættu varðandi öryggi, flugvernd, friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga eða umhverfis.

19. gr.

Öryggisupplýsingar

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum og markaðseftirlitsyfirvöld og yfirvöld sem annast landamæragæslu, sem um getur í 36. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/945, skulu vinna saman að öryggismálum og koma á verklagsreglum fyrir skilvirk skipti á öryggisupplýsingum.

2. Sérhver umráðandi UA-kerfis skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um öryggistengd atvik og miðla upplýsingum um UA-kerfi sín í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

3. Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) og lögbær yfirvöld skulu safna, greina og birta öryggisupplýsingar varðandi starfrækslu UA-kerfa á yfirráðasvæði sínu í samræmi við 119. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðir hennar.

4. Þegar Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld taka á móti upplýsingunum sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. skulu þau gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á öryggisvandamálum sem upp koma með bestu tiltæku gögnum og greiningum, að teknu tilliti til víxltengsla á milli mismunandi sviða flugöryggis, og milli flugöryggis, netöryggis og annarra tæknisviða flugreglugerða.

5. Ef lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gerir ráðstafanir í samræmi við 4. mgr. skal yfirvaldið eða stofnunin strax tilkynna það öllum viðeigandi hagsmunaaðilum og fyrirtækjum sem þurfa að fara að þessum ráðstöfunum í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðir hennar.

20. gr.

Sérstök ákvæði varðandi notkun tiltekinna UA-kerfa í „opna“ flokknum

Tegundir UA-kerfa í skilningi ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([9]), sem uppfylla ekki kröfur framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/945 og sem eru ekki smíðuð af einkaaðilum, má starfrækja áfram samkvæmt eftirfarandi skilyrðum ef þau hafa verið sett á markað fyrir 1. júlí 2022:

a) í undirflokki A1 eins og skilgreint er í A-hluta viðaukans, að því tilskildu að ómannaða loftfarið hafi hámarksflugtaksmassa sem er minni en 250 g, að farmþunga meðtöldum,

b) í undirflokki A3 eins og skilgreint er í A-hluta viðaukans, að því tilskildu að ómannaða loftfarið hafi hámarksflugtaksmassa sem er minni en 25 kg, þ.m.t. eldsneyti og farmþungi,

21. gr.

Aðlögun heimilda, yfirlýsinga og vottorða

1. Heimildir, sem veittar eru umráðendum UA-kerfa, vottorð um hæfni fjarflugmanna og yfirlýsingar frá umráðendum UA-kerfa eða sambærileg skjöl, sem gefin eru út á grundvelli landslaga, skulu gilda áfram til 1. júlí 2021.

2. Eigi síðar en 1. júlí 2021 skulu aðildarríkin breyta fyrirliggjandi vottorðum sínum um hæfni fjarflugmanna, heimildum fyrir eða yfirlýsingum frá umráðendum UA-kerfa eða sambærilegum skjölum, þ.m.t. þeim sem gefin eru út fram að þeim degi, í samræmi við þessa reglugerð.

3. Með fyrirvara um ákvæði 14. gr. skal heimilt að halda áfram starfrækslu UA-kerfa, sem fer fram innan flugmódelfélaga og -samtaka, í samræmi við viðeigandi landsreglur og án heimildar í samræmi við 16. gr. til 1. júlí 2022.

22. gr.

Umbreytingarákvæði

Með fyrirvara um ákvæði 20. gr. skal notkun UA-kerfa í „opna“ flokknum, sem uppfylla ekki kröfurnar í 1. til 5. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, heimiluð á tveggja ára aðlögunartímabili sem hefst einu ári eftir gildistökudag þessarar reglugerðar, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) ómönnuð loftför með hámarksflugtaksmassa sem er minni en 500 g eru starfrækt í samræmi við þær starfrækslukröfur sem settar eru fram í 1. lið UAS.OPEN.020 í A-hluta viðaukans af fjarflugmanni sem uppfyllir kröfur viðkomandi aðildarríkis um hæfnistig,

b) ómönnuð loftför með hámarksflugtaksmassa sem er minni en 2 kg eru starfrækt með því að viðhalda láréttri 50 metra fjarlægð frá fólki og skulu fjarflugmennirnir búa yfir hæfni sem er a.m.k. jafngild þeirri hæfni sem sett er fram í 2. lið UAS.OPEN.030 í A-hluta viðaukans,

c) ómönnuð loftför með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 2 kg og minni en 25 kg eru starfrækt í samræmi við þær starfrækslukröfur sem settar eru fram í 1. og 2. lið UAS.OPEN.040 og skulu fjarflugmennirnir búa yfir hæfni sem er a.m.k. jafngild þeirri hæfni sem sett er fram í b-lið 4. liðar UAS.OPEN.020 í A-hluta viðaukans.

([9]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

23. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2020.

2. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. gilda frá og með þeim degi þegar 1. viðbæti við viðaukann er breytt þannig að hann innihaldi viðeigandi staðlaðar sviðsmyndir. Aðildarríkin geta, í samræmi við 5. mgr. 5. gr., samþykkt yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, sem byggðar eru á landsbundnum stöðluðum sviðsmyndum, ef þær sviðsmyndir uppfylla kröfurnar í lið UAS.SPEC.020 í viðaukanum þangað til þessari reglugerð er breytt svo að hún innihaldi stöðluðu sviðsmyndina í 1. viðbæti í viðaukanum.

3. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jan-Clausen JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

STARFRÆKSLA UA-KERFA Í „OPNA“ OG „SÉRSTAKA“ FLOKKNUM

A-HLUTI

STARFRÆKSLA UA-KERFA Í „OPNA“ FLOKKNUM

UAS.OPEN.010 Almenn ákvæði

1) Starfrækslu UA-kerfa í „opna“ flokknum er skipt upp í þrjá undirflokka, A1, A2 og A3, á grundvelli starfrækslutakmarkana, krafna sem gerðar eru til fjarflugmannsins og tæknilegra krafna sem gerðar eru til UA-kerfa.

2) Ef starfræksla UA-kerfis felur í sér flug ómannaðs loftfars, sem hefst í náttúrlegri landhæð á landsvæðinu eða yfir landsvæði með náttúrulegri landhæð, skal UA-kerfinu haldið innan 120 metra frá næsta punkti á yfirborði jarðar. Mæling fjarlægða skal aðlöguð í samræmi við landfræðileg einkenni landslags, s.s. sléttur, hæðir og fjöll.

3) Þegar ómönnuðu loftfari er flogið innan 50 metra láréttrar fjarlægðar frá tilbúinni hindrun sem er hærri en 105 metrar, má hækka hámarkshæðina fyrir starfrækslu UA-kerfisins upp í 15 metra yfir hæð hindrunarinnar að beiðni aðilans sem er ábyrgur fyrir hindruninni.

4) Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar má fljúga ómönnuðum sviffflugum með hámarksflugtaksmassa, að farmþunga meðtöldum, sem er minni en 10 kg, í meira en 120 metra fjarlægð frá næsta punkti á yfirborði jarðar, að því tilskildu að ómönnuðu sviffflugunni sé ekki flogið í meiri hæð en 120 metrum fyrir ofan fjarflugmanninn á hverjum tíma.

UAS.OPEN.020 Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A1

Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A1 skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) Hvað varðar ómönnuð loftför, sem um getur í d-lið 5. liðar, skal starfrækslan framkvæmd á þann hátt að fjarflugmaður ómannaða loftfarsins flýgur ekki yfir mannfjölda og hann hefur ástæðu til að ætla að ekki verði flogið yfir óviðkomandi aðila. Ef flogið er óvænt yfir óviðkomandi aðila skal fjarflugmaðurinn draga eins og kostur er úr þeim tíma sem ómannaða loftfarinu er flogið yfir þessa aðila.

2) Ef um er að ræða ómannað loftfar, sem um getur í a-, b-, og c-lið 5. liðar, skal starfrækslan framkvæmd á þann hátt að fjarflugmanni ómannaða loftfarsins er heimilt að fljúga yfir óviðkomandi aðila en aldrei yfir mannfjölda.

3) Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. skal starfrækslan framkvæmd í allt að 50 metra fjarlægð frá fjarflugmanninum þegar fylgihamur er virkur.

4) Starfrækslan skal framkvæmd af fjarflugmanni:

   a) sem er kunnugur notendahandbókinni sem framleiðandi UA-kerfisins leggur fram,

   b) sem hefur lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og í kjölfarið staðist með fullnægjandi hætti bóklegt próf á netinu, sem haldið er af lögbæru yfirvaldi eða aðila, sem viðurkenndur er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem umráðandi UA-kerfisins er skráður, ef um er að ræða ómönnuð loftför í flokki C1, eins og skilgreint er í 2. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945. Prófið skal samanstanda af 40 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir eftirfarandi námsgreinar:

      i. flugöryggi,

      ii. höft í loftrými,

      iii. flugreglugerðir,

      iv. takmarkanir mannlegrar getu,

      v. verklagsreglur,

      vi. almenn þekking á UA-kerfum,

vii. friðhelgi einkalífs og persónuvernd,

viii. vátryggingar,

ix. flugvernd.

5) Starfrækslan skal framkvæmd með ómönnuðu loftfari:

a) sem hefur hámarksflugtaksmassa, að farmþunga meðtöldum, sem er minni en 250 g og hámarkshraða sem er lægri en 19 m/s, ef um er að ræða ómannað loftfarskerfi sem smíðað er af einkaaðila eða

b) sem uppfyllir kröfurnar sem skilgreindar eru í a-lið 20. gr.,

c) sem er merkt í flokki C0 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 1. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, eða

d) sem er merkt í flokki C1 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 2. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virkum og uppfærðum kerfum fyrir beina fjarauðkenningu og rýmisvitund.

UAS.OPEN.030 Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A2

Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A2 skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) Starfrækslan skal framkvæmd á þann hátt að ómönnuðu loftfari sé ekki flogið yfir óviðkomandi aðila og starfræksla UA-kerfa fari fram í öruggri láréttri fjarlægð sem er a.m.k. 30 metra frá þessum aðilum; fjarflugmaðurinn má minnka lárétta öryggisfjarlægð niður í 5 metra að lágmarki frá óviðkomandi aðilum þegar hann starfrækir ómannað loftfar með virkan lághraðaham og eftir að hafa metið aðstæður varðandi:

a) veðurskilyrði,

b) afkastagetu ómannaða loftfarsins,

c) aðskilnað á svæðinu sem flogið er yfir.

2) Starfrækslan skal framkvæmd af fjarflugmanni sem er kunnugur notendahandbókinni, sem framleiðandi UA-kerfisins leggur fram, og er handhafi vottorðs um hæfni fjarflugmanns, sem er gefið út af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem umráðandi UA-kerfisins er skráður í. Fjarflugmenn skulu fá þetta vottorð þegar þeir hafa uppfyllt öll eftirfarandi skilyrði og í þeirri röð sem hér segir:

a) hafa lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og staðist bóklega prófið á netinu, eins og um getur í b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020,

b) hafa lokið hagnýtu sjálfsnámi að því er varðar starfrækskluskilyrðin í undirflokki A3, sem sett eru fram í 1. og 2. lið í lið UAS.OPEN.040,

c) hafa gefið yfirlýsingu um að þeir hafi lokið hagnýta sjálfsnáminu, sem um getur í b-lið, og staðist bóklegt viðbótarpróf, sem haldið er af lögbæru yfirvaldi eða aðila, sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem umráðandi UA-kerfisins er skráður. Prófið skal samanstanda af 30 fjölvalsspurningum sem miða að því að meta þekkingu fjarflugmannsins á tæknilegum og starfrækslulegum ráðstöfunum fyrir áhættumildun á jörðu niðri, sem dreifast jafnt yfir eftirfarandi námsgreinar:

i. veðurfræði,

ii. afkastagetu UA-kerfisins í flugi,

iii. tæknilegar og starfrækslulegar ráðstafanir fyrir áhættumildun á jörðu niðri.

3) Starfrækslan skal framkvæmd með ómönnuðu loftfari sem er merkt í flokki C2 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og hann er skilgreindur í 3. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virkum og uppfærðum kerfum fyrir beina fjarauðkenningu og rýmisvitund.

UAS.OPEN.040 Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A3

Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A3 skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) Starfrækslan skal framkvæmd á svæði þar sem fjarflugmaðurinn hefur ástæðu til að ætla að óviðkomandi aðilum verði ekki stefnt í hættu innan þess svæðis þar sem ómannaða loftfarinu er flogið allan þann tíma sem starfræksla UA-kerfisins varir.

2) Starfrækslan skal framkvæmd í öruggri láréttri fjarlægð, sem er a.m.k. 150 metra frá íbúða-, verslunar-, iðnaðar- eða tómstundasvæðum.

3) Starfrækslan skal framkvæmd af fjarflugmanni, sem hefur lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og staðist bóklegt próf á netinu, eins og um getur í b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020.

4) Starfrækslan skal framkvæmd með ómönnuðu loftfari:

   a) sem hefur hámarksflugtaksmassa, að farmþunga meðtöldum, sem er minni en 25 kg, ef um er að ræða ómannað loftfarskerfi sem smíðað er af einkaaðila eða

   b) sem uppfyllir kröfurnar sem skilgreindar eru í b-lið 20. gr.,

   c) sem er merkt í flokki C2 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 3. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virkum og uppfærðum kerfum fyrir beina fjarauðkenningu og rýmisvitund eða

   d) sem er merkt í flokki C3 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 4. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virkum og uppfærðum kerfum fyrir beina fjarauðkenningu og rýmisvitund eða

   e) sem er merkt í flokki C4 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 5. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945.

UAS.OPEN.050 Ábyrgð umráðanda UA-kerfis

Umráðandi UA-kerfisins skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hann skal þróa verklagsreglur sem lagaðar eru að þeirri tegund starfrækslu sem um er að ræða og þeirri áhættu sem henni fylgir,

2) hann skal tryggja að við alla starfrækslu sé fjarskiptatíðniróf notað með skilvirkum hætti og stuðlað að skilvirkri notkun þess til að komast hjá skaðlegum truflunum,

3) hann skal tilnefna fjarflugmann fyrir hverja starfrækslu UA-kerfis,

4) hann skal tryggja að fjarflugmenn og annað starfsfólk sem sinnir verkefnum til stuðnings starfrækslunni séu kunnugir notendahandbókinni sem framleiðandi UA-kerfisins leggur fram og:

   a) búi yfir viðeigandi hæfni í undirflokknum sem fyrirhuguð starfræksla UA-kerfis tilheyrir, í samræmi við liði UAS.OPEN.020, UAS.OPEN.030 eða UAS.OPEN.040, til að sinna verkefnum sínum eða, ef um er að ræða starfsfólk annað en fjarflugmanninn, hafi lokið starfsþjálfun á vinnustað sem umráðandinn hefur þróað,

   b) séu vel kunnugir verklagsreglum umráðanda UA-kerfisins,

   c) fái í hendur þær upplýsingar sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu UA-kerfisins varðandi landfræðileg svæði sem starfræksluaðildarríkið birtir í samræmi við 15. gr.,

5) hann skal uppfæra upplýsingarnar í rýmisvitundarkerfinu, eftir því sem við á, í samræmi við fyrirhugaða staðsetningu starfrækslunnar,

6) ef um er að ræða starfrækslu með ómönnuðu loftfari í einum af flokkunum sem skilgreindir eru í 1. til 5. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/945, skal hann tryggja:

   a) að UA-kerfinu fylgi samsvarandi ESB-samræmisyfirlýsing, þ.m.t. tilvísun í viðeigandi flokk og

   b) að viðeigandi auðkennismerkimiði flokksins sé festur á ómannaða loftfarið,

7) hann skal tryggja að ef um er að ræða starfrækslu UA-kerfis í undirflokki A2 eða A3 hafi allir óviðkomandi aðilar, sem eru á starfrækslusvæðinu, verið upplýstir um áhættuna og hafi gefið skýrt samþykki fyrir þátttöku.

UAS.OPEN.060 Ábyrgð fjarflugmanna

1) Áður en starfræksla UA-kerfis hefst skal fjarflugmaðurinn:

a) búa yfir viðeigandi hæfni til að sinna verkefnum sínum í undirflokknum sem fyrirhuguð starfræksla UA-kerfis tilheyrir, í samræmi við liði UAS.OPEN.020, UAS.OPEN.030 eða UAS.OPEN.040, og skal bera á sér sönnun um hæfni meðan hann starfrækir UA-kerfið, nema þegar hann starfrækir ómannað loftfar sem um getur í a-, b- eða c-lið 5. liðar í lið UAS.OPEN.020,

b) fá uppfærðar upplýsingar sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu UA-kerfisins varðandi landfræðileg svæði og sem starfræksluaðildarríkið birtir í samræmi við 15. gr.,

c) virða fyrir sér starfræksluumhverfið, kanna hvort hindranir séu til staðar og, nema að starfrækt sé í undirflokki A1 með ómönnuðu loftfari sem um getur í a-, b- eða c-lið 5. liðar í lið UAS.OPEN.020, kanna hvort einhverjir óviðkomandi aðilar séu á staðnum,

d) tryggja að UA-kerfið sé í ástandi til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti og, ef við á, kanna hvort beina fjarauðkenningin starfi rétt,

e) ef UA-kerfið ber viðbótarfarmþunga, staðfesta að massi þessi fari ekki yfir hámarksflugtaksmassann sem skilgreindur er af framleiðandanum eða þau mörk fyrir hámarksflugtaksmassa sem gilda fyrir flokk loftfarsins.

2) Meðan á fluginu stendur skal fjarflugmaðurinn:

a) ekki sinna skyldustörfum ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna,

b) halda ómannaða loftfarinu í augsýn og fylgjast stöðugt með loftrýminu í kringum ómannaða loftfarið til að forðast hættu á árekstrum við mönnuð loftför; fjarflugmaðurinn skal stöðva flugið ef það stefnir öðrum loftförum, fólki, dýrum, umhverfi eða eignum í hættu,

c) fylgja starfrækslutakmörkunum á landfræðilegum svæðum sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

d) geta viðhaldið stjórn á ómannaða loftfarinu, nema í tilvikum þar sem tenging tapast eða þegar ómannaða loftfarið er í frjálsu flugi,

e) starfrækja UA-kerfið í samræmi við notendahandbókina sem framleiðandi leggur til, þ.m.t. allar viðeigandi takmarkanir,

f) fylgja verklagsreglum umráðandans ef þær liggja fyrir.

3) Meðan á fluginu stendur skulu fjarflugmenn og umráðendur UA-kerfa ekki fljúga nálægt eða innan svæða þar sem neyðaraðgerð stendur yfir nema að þeir hafi leyfi til þess frá neyðarviðbragðaþjónustunni sem ber ábyrgð á aðgerðinni.

4) Að því er varðar b-lið 2. liðar þá er fjarflugmönnum heimilt að njóta aðstoðar vaktmanns ómannaðs loftfars, sem staðsettur er við hlið þeirra og sem aðstoðar fjarflugmanninn við örugga framkvæmd flugs með því að halda beinu sjónrænu sambandi við ómannaða loftfarið án hjálparbúnaðar. Koma skal á skýrum og skilvirkum samskiptum milli fjarflugmanns og vaktmanns ómannaðs loftfars.

UAS.OPEN.070 Gildistími og gildi bóklega prófsins á netinu fyrir fjarflugmenn og vottorða þeirra um hæfni

1) Bóklega prófið á netinu fyrir fjarflugmenn, sem krafist er samkvæmt b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020 og 3. lið í lið UAS.OPEN.040, og vottorðið um hæfni fjarflugmanns, sem krafist er skv. 2. lið í lið UAS.OPEN.030, skulu gilda í fimm ár.

2) Endurnýjun á bóklega prófinu á netinu fyrir fjarflugmenn og vottorðinu um hæfni fjarflugmanns er háð því að sýnt sé fram á hæfni í samræmi við 2. lið í lið UAS.OPEN.030 eða b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020.

B-HLUTI

STARFRÆKSLA UA-KERFA Í „SÉRSTAKA“ FLOKKNUM

UAS.SPEC.010 Almenn ákvæði

Umráðandi UA-kerfis skal láta lögbæru yfirvaldi í té áhættumat fyrir fyrirhugaða starfrækslu í samræmi við 11. gr. eða leggja fram yfirlýsingu þegar liður UAS.SPEC.020 á við, nema umráðandinn sé handhafi LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi í samræmi við C-hluta þessa viðauka. Umráðandi UA-kerfisins skal reglulega meta hvort mildunarráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, séu fullnægjandi og uppfæra þær ef nauðsyn krefur.

UAS.SPEC.020 Starfræksluyfirlýsing

1) Í samræmi við 5. gr. má umráðandi UA-kerfis leggja fram starfræksluyfirlýsingu til lögbærs yfirvalds starfræksluaðildarríkisins um samræmi við staðlaða sviðsmynd, sem skilgreind er í 1. viðbæti við þennan viðauka, sem annan valkost við liði UAS.SPEC.30 og UAS.SPEC.40 í tengslum við starfrækslu:

   a) ómannaðra loftfara sem eru:

      i. að hámarki 3 metrar að stærðarmáli við flug í augsýn fjarflugmanns (VLOS) yfir aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri, nema yfir mannfjölda,

      ii. að hámarki 1 metri að stærðarmáli við flug í augsýn fjarflugmanns, nema yfir mannfjölda,

      iii. að hámarki 1 metri að stærðarmáli við flug úr augsýn fjarflugmanns (BVLOS) yfir strjálbýlum svæðum,

      iv. að hámarki 3 metrar að stærðarmáli við flug úr augsýn fjarflugmanns yfir aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri,

   b) sem framkvæmd er í minna en 120 metra hæð yfir jörðu og:

      i. í óstjórnuðu loftrými (flokkur F eða G) eða

      ii. í flugstjórnarrými eftir samræmingu og einstaka flugheimild í samræmi við útgefnar verklagsreglur fyrir starfrækslusvæðið.

2) Yfirlýsing umráðenda UA-kerfa skal innihalda:

   a) stjórnsýsluupplýsingar um umráðanda UA-kerfisins,

   b) staðhæfingu um að starfrækslan uppfylli þær kröfur um starfrækslu sem settar eru fram í 1. lið og í staðlaðri sviðsmynd sem er skilgreind í 1. viðbæti við viðaukann,

   c) skuldbindingu umráðanda UA-kerfisins um að fara að viðeigandi mildunarráðstöfunum sem gerð er krafa um til að tryggja örugga starfrækslu, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar fyrir starfræksluna, hönnun ómannaða loftfarsins og hæfni hlutaðeigandi starfsfólks.

   d) staðfestingu umráðanda UA-kerfisins á að viðeigandi vátryggingavernd verði til staðar fyrir öll flug sem flogin eru í samræmi við yfirlýsinguna, sé þess krafist í lögum Sambandsins eða landslögum.

3) Er lögbæra yfirvaldið tekur á móti yfirlýsingunni skal það sannreyna að yfirlýsingin innihaldi alla þá þætti sem taldir eru upp í 2. lið og skal láta umráðanda UA-kerfisins í té staðfestingu á viðtöku og heildstæði án ástæðulausrar tafar.

4) Eftir að hafa tekið á móti staðfestingu á viðtöku og heildstæði er umráðanda UA-kerfisins heimilt að hefja starfræksluna.

5) Umráðendur UA-kerfa skulu án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar breytingar á upplýsingunum sem er að finna í starfræksluyfirlýsingunni sem þeir hafa lagt fram.

6) Umráðendur UA-kerfa, sem eru handhafar LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi í samræmi við C-hluta þessa viðauka, þurfa ekki að leggja fram yfirlýsingu.

UAS.SPEC.030 Umsókn um starfræksluheimild

1) Umráðandi UA-kerfis sem hyggst starfrækja UA-kerfi í „sérstaka“ flokknum skal fyrst fá starfræksluheimild frá lögbæru landsyfirvaldi skráningaraðildarríkis nema:

   a) þegar liður UAS.SPEC.020 gildir eða

   b) þegar umráðandinn er handhafi LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi í samræmi við C-hluta þessa viðauka.

2) Umráðandi UA-kerfis skal leggja fram umsókn um uppfærða starfræksluheimild ef verulegar breytingar verða á starfrækslunni eða á þeim mildunarráðstöfunum sem skráðar eru í starfræksluheimildinni.

3) Umsóknin um starfræksluheimild skal vera byggð á áhættumatinu sem um getur í 11. gr. og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar til viðbótar:

   a) skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins,

   b) nafn ábyrgðarmanns eða nafn umráðanda UA-kerfisins ef um er að ræða einstakling,

   c) áhættumatið fyrir starfræksluna,

   d) skrá yfir mildunarráðstafanir, sem umráðandi UA-kerfisins leggur til, með nægilegum upplýsingum fyrir lögbæra yfirvaldið til að meta hvort mildunarráðstafanirnar séu fullnægjandi til að takast á við áhættuna,

   e) rekstrarhandbók þegar þess er krafist vegna áhættunnar af starfrækslunni og þess hversu flókin hún er,

   f) staðfestingu á að viðeigandi vátryggingavernd verði til staðar þegar starfræksla UA-kerfisins hefst, sé þess krafist í lögum Sambandsins eða landslögum.

UAS.SPEC.040 Útgáfa starfræksluheimildar

1) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti umsókn í samræmi við UAS.SPEC.030 skal það án ástæðulausrar tafar gefa út starfræksluheimild í samræmi við 12. gr. þegar það kemst að þeirri niðurstöðu að starfrækslan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

   a) allar upplýsingar hafa verið lagðar fram í samræmi við 3. lið í lið UAS.SPEC.030,

   b) verklagsregla er til staðar fyrir samræmingu við viðeigandi þjónustuveitanda fyrir loftrýmið ef starfrækslan í heild sinni, eða hlutar hennar, fara fram í flugstjórnarrými.

2) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina í starfræksluheimildinni nákvæmt gildissvið heimildarinnar í samræmi við 12. gr.

UAS.SPEC.050 Ábyrgð umráðanda UA-kerfis

1) Umráðandi UA-kerfisins skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) hann skal koma á verklagsreglum og takmörkunum, sem aðlagaðar eru að fyrirhugaðri starfrækslu og þeirri áhættu sem henni tengist, þ.m.t.:

      i. verklagsreglur í flugi til að tryggja öryggi starfrækslunnar,

      ii. verklagsreglur til að tryggja að kröfum um flugvernd, sem gilda á starfrækslusvæðinu, sé fylgt við fyrirhugaða starfrækslu,

      iii. ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi og óheimilan aðgang,

      iv. verklagsreglur til að tryggja að öll starfræksla sé í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga; einkum skal hann framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd skv. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 þegar landsbundin gagnaverndaryfirvöld krefjast þess,

      v. leiðbeiningar fyrir fjarflugmenn sína til að skipuleggja starfrækslu UA-kerfa á þann hátt að það lágmarki óþægindi, þ.m.t. hávaða og önnur losunartengd óþægindi, fyrir fólk og dýr,

   b) hann skal tilnefna fjarflugmann fyrir hverja starfrækslu eða, ef um er að ræða sjálfstýrða starfrækslu, tryggja að á öllum stigum starfrækslunnar sé ábyrgð og verkefnum, sérstaklega þeim sem skilgreind eru í 2. og 3. lið í lið UAS.SPEC.060, úthlutað á tilhlýðilegan hátt í samræmi við verklagsreglurnar sem komið er á samkvæmt a-lið hér að ofan,

c) hann skal tryggja að við alla starfrækslu sé fjarskiptatíðniróf notað með skilvirkum hætti og stuðlað að skilvirkri notkun þess til að komast hjá skaðlegum truflunum,

d) hann skal tryggja að fjarflugmenn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði áður en þeir hefja starfrækslu:

i. að þeir hafi þá hæfni sem þarf til að sinna verkefnum sínum í samræmi við viðeigandi þjálfun sem tilgreind er í starfræksluheimildinni eða, ef liður UAS.SPEC.020 gildir, samkvæmt þeim skilyrðum og takmörkunum sem skilgreind eru í viðeigandi staðlaðri sviðsmynd í 1. viðbæti eða í LUC-vottorðinu.

ii. að þeir fylgi hæfnimiðaðri þjálfun fyrir fjarflugmenn sem felur í sér þá hæfni sem sett er fram í 2. mgr. 8. gr.,

iii. að þeir fylgi þjálfun fyrir fjarflugmenn, eins og skilgreint er í starfræksluheimildinni, í tengslum við starfrækslu þar sem slíkrar heimildar er krafist og skal þessi þjálfun veitt í samstarfi við aðila sem viðurkenndur er af lögbæra yfirvaldinu,

iv. að þeir fylgi þjálfun fyrir fjarflugmenn í tengslum við starfrækslu sem um getur í yfirlýsingunni og skal þessi þjálfun fara fram í samræmi við mildunarráðstafanirnar sem skilgreindar eru í stöðluðu sviðsmyndinni,

v. að þeir hafi verið upplýstir um rekstrarhandbók umráðanda UA-kerfisins, ef gerð er krafa um það í áhættumatinu, og um verklagsreglurnar sem komið er á í samræmi við a-lið,

vi. að þeir hafi aflað uppfærðra upplýsinga, sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu, um landfræðileg svæði sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

e) hann skal tryggja að starfsfólk sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfa, að fjarflugmanninum undanskildum, uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

i. að það hafi lokið starfsþjálfun á vinnustað sem umráðandinn hefur þróað,

ii. að það hafi verið upplýst um rekstrarhandbók umráðanda UA-kerfisins, ef gerð er krafa um það í áhættumatinu, og um verklagsreglurnar sem komið er á í samræmi við a-lið,

iii. að það hafi aflað uppfærðra upplýsinga, sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu, um landfræðileg svæði sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

f) hann skal framkvæma hverja starfrækslu að teknu tilliti til þeirra takmarkana, skilyrða og mildunarráðstafana sem skilgreind eru í yfirlýsingunni eða í starfræksluheimildinni,

g) hann skal halda skrá yfir upplýsingar um starfrækslu UA-kerfa, eins og krafist er í yfirlýsingunni eða í starfræksluheimildinni,

h) hann skal nota UA-kerfi, sem eru að lágmarki hönnuð þannig að hugsanleg bilun leiði ekki til þess að UA-kerfið fljúgi út fyrir starfrækslusvæðið eða leiði til dauðsfalla; notendaskil skulu auk þess vera þannig að þau dragi úr áhættu á mistökum flugmanns og valdi ekki óhóflegri þreytu,

i) hann skal tryggja að UA-kerfið sé haldið við í viðeigandi ástandi fyrir örugga starfrækslu með því að:

i. ákvarða, að lágmarki, viðhaldsleiðbeiningar og hafa í vinnu nægilega þjálfað og hæft starfsfólk til að sjá um viðhald og

ii. fara að lið UAS.SPEC.100, ef þess er krafist,

iii. nota ómannað loftfar sem er hannað til að lágmarka hávaða og aðra losun, að teknu tilliti til tegundar fyrirhugaðrar starfrækslu og landsvæða þar sem hávaði frá loftförum og önnur losun eru áhyggjuefni.

UAS.SPEC.060 Ábyrgð fjarflugmanna

1) Fjarflugmaður skal:

a) ekki sinna skyldustörfum ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna,

b) búa yfir viðeigandi hæfni sem fjarflugmaður, eins og skilgreint er í starfræksluheimildinni, í stöðluðu sviðsmyndinni sem skilgreind er í 1. viðbæti eða í LUC-vottorðinu, og bera á sér sönnun um hæfni meðan hann starfrækir UA-kerfið.

2) Áður en starfræksla UA-kerfisins hefst skal fjarflugmaðurinn uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) hann skal hafa aflað uppfærðra upplýsinga, sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu, um landfræðileg svæði sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

   b) hann skal tryggja að umhverfi starfrækslunnar sé samrýmanlegt við heimilaðar eða yfirlýstar takmarkanir og skilyrði,

   c) hann skal tryggja að UA-kerfið sé í öruggu ástandi til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti, og ef við á, kanna hvort beina fjarauðkenningin starfi rétt,

   d) hann skal tryggja að upplýsingar um starfræksluna hafi verið gerðar tiltækar viðkomandi flugumferðarþjónustudeild, öðrum loftrýmisnotendum og viðkomandi hagsmunaaðilum, eins og krafist er í starfræksluheimildinni eða í skilyrðunum sem aðildarríkin gefa út fyrir landfræðilega svæðið þar sem starfrækslan fer fram, í samræmi við 15. gr.

3) Meðan á fluginu stendur skal fjarflugmaðurinn:

   a) fylgja heimiluðum eða yfirlýstum takmörkunum og skilyrðum,

   b) forðast hættu á árekstrum við mönnuð loftför og hætta flugi ef áframhaldandi flug gæti stofnað öðrum loftförum, fólki, dýrum, umhverfi eða eignum í hættu,

   c) fylgja starfrækslutakmörkunum á landfræðilegum svæðum sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

   d) fylgja verklagsreglum umráðandans,

   e) ekki fljúga nálægt eða innan svæða þar sem neyðaraðgerð stendur yfir nema að hafa leyfi til þess frá neyðarviðbragðaþjónustunni sem ber ábyrgð á aðgerðinni.

UAS.SPEC.070 Framsalshæfi starfrækslueimildar

Starfrækslueimild er ekki framseljanleg.

UAS.SPEC.080 Gildistími og gildi starfrækslueimildar

1) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina gildistíma starfrækslueimildarinnar í heimildinni sjálfri.

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar heldur starfrækslueimildin gildi sínu svo lengi sem umráðandi UA-kerfisins fer að viðeigandi kröfum þessarar reglugerðar og skilyrðunum sem skilgreind eru í starfrækslueimildinni.

3) Þegar starfrækslueimildin er lögð inn eða afturkölluð skal umráðandi UA-kerfisins láta í té staðfestingu á stafrænu formi sem verður að skila til lögbæra yfirvaldsins án tafar.

UAS.SPEC.090 Aðgangur

Í þeim tilgangi að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skal umráðandi UA-kerfis veita einstaklingi, sem hefur fullt umboð frá lögbæra yfirvaldinu, aðgang að sérhverri starfsstöð, UA-kerfinu, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem skiptir máli fyrir starfsemi hans, sem fellur undir starfrækslueimild eða starfræksluyfirlýsingu, óháð því hvort starfsemin sé útvistuð eða unnin sem undirverktakastarfsemi af öðru fyrirtæki.

UAS.SPEC.100 Notkun vottaðs búnaðar og vottaðra ómannaðra loftfara

1) Ef starfræksla UA-kerfis er framkvæmd með ómönnuðu loftfari, sem lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð hefur verið gefið út fyrir, eða ef notaður er vottaður búnaður, skal umráðandi UA-kerfisins skrá starfræksluna eða þjónustutímann í samræmi við annaðhvort þær leiðbeiningar og verklagsreglur sem eiga við um vottaða búnaðinn eða í samræmi við samþykki eða heimild fyrirtækisins.

2) Umráðandi UA-kerfisins skal fylgja leiðbeiningunum, sem um getur í vottorði ómannaða loftfarsins eða vottorði búnaðarins, og fara einnig að öllum lofthæfifyrirmælum eða rekstrarfyrirmælum sem Flugöryggisstofnunin gefur út.

C-HLUTI

VOTTORÐ UMRÁÐANDA LÉTTS ÓMANNAÐS LOFTFARSKERFIS (LUC-VOTTORÐ)

UAS.LUC.010 Almennar kröfur um útgáfu LUC-vottorðs

1) Lögaðili er gjaldgengur til að sækja um LUC-vottorð samkvæmt þessum hluta.

2) Umsókn um LUC-vottorð eða um breytingu á fyrirliggjandi LUC-vottorði skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið og skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar:

   a) lýsingu á stjórnunarkerfi umráðanda UA-kerfis, þ.m.t. stjórnskipulagi hans og öryggisstjórnunarkerfi,

   b) nafn eða nöfn ábyrgs starfsfólks umráðanda UA-kerfis, þ.m.t. nafn einstaklingsins sem ber ábyrgð á því að heimila starfrækslu UA-kerfa,

   c) yfirlýsingu um að umsækjandi hafi staðfest að öll gögn, sem send eru lögbæru yfirvaldi, séu í samræmi við viðeigandi kröfur.

3) Ef kröfurnar í þessum hluta eru uppfylltar má veita handhafa LUC-vottorðs réttindi í samræmi við lið UAS.LUC.060.

UAS.LUC.020 Ábyrgð handhafa LUC-vottorðs

Handhafi LUC-vottorðs skal:

1) uppfylla kröfurnar í liðum UAS.SPEC.050 og UAS.SPEC.060,

2) virða gildissvið og réttindin sem skilgreind eru í skilmálum samþykkis,

3) koma á og viðhalda kerfi til að hafa stjórn á allri starfrækslu sem framkvæmd er samkvæmt skilmálum LUC-vottorðs,

4) framkvæma áhættumat fyrir þá starfrækslu sem fyrirhuguð er í samræmi við 11. gr., nema framkvæma eigi starfrækslu þar sem starfræksluyfirlýsing nægir í samræmi við lið UAS.SPEC.020,

5) halda skrár yfir eftirfarandi þætti á þann hátt að tryggt sé að þær séu verndaðar gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði í a.m.k. þrjú ár fyrir starfrækslu sem framkvæmd er með því að neyta þeirra réttinda sem tilgreind eru í lið UAS.LUC.060:

   a) áhættumatið fyrir starfræksluna, þar sem þess er krafist skv. 4. lið, og fylgiskjöl þess,

   b) mildunarráðstafanir sem gerðar eru og

   c) starfsréttindi og reynslu starfsfólks sem kemur að starfrækslu UA-kerfisins, samræmiseftirliti og öryggisstjórnun,

6) halda skrá yfir þá starfsmenn sem um getur c-lið 5. liðar þann tíma sem einstaklingurinn vinnur fyrir fyrirtækið og í þrjú ár eftir að einstaklingurinn hefur hætt störfum þar.

UAS.LUC.030 Öryggisstjórnunarkerfi

1) Umráðandi UA-kerfis, sem sækir um LUC-vottorð, skal koma á, framfylgja og viðhalda öryggisstjórnunarkerfi sem svarar til stærðar fyrirtækisins, til eðlis og flækjustigs starfseminnar á sama tíma og tekið er tillit til þeirra hætta og tilheyrandi áhætta, sem fylgja þessari starfsemi.

2) Umráðandi UA-kerfisins skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) hann skal tilnefna ábyrgðarmann, sem hefur umboð til að tryggja að öll starfsemi innan fyrirtækisins sé framkvæmd í samræmi við viðeigandi staðla og að stofnunin eða fyrirtækið fylgi stöðugt kröfum stjórnunarkerfisins og þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í LUC-handbókinni sem um getur í lið UAS.LUC.040,

   b) hann skal skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu,

   c) hann skal koma á og viðhalda öryggisstefnu og tengdum samsvarandi öryggismarkmiðum,

   d) hann skal tilnefna lykilstarfsfólk á sviði öryggismála til að annast framkvæmd öryggisstefnunnar,

e) hann skal koma á og viðhalda verklagi fyrir stjórnun öryggisáhættu, þ.m.t. að greina öryggishættur tengdar starfsemi umráðanda UA-kerfisins, sem og að meta þessar hættur og ná stjórn á tengdum áhættuþáttum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til áhættumildunar og að staðfesta skilvirkni þessara aðgerða,

f) hann skal stuðla að öryggi hjá fyrirtækinu með:

i. þjálfun og fræðslu,

ii. samskiptum,

g) hann skal skjalfesta öll lykilferli í öryggisstjórnunarkerfinu til að upplýsa starfsfólkið um ábyrgðarsvið þeirra og um verklagið til að breyta þessum gögnum. Lykilferli eru m.a.:

i. öryggistilkynningar og innri rannsóknir,

ii. stjórn á starfrækslu,

iii. samskipti um öryggismál,

iv. þjálfun og efling öryggis,

v. samræmiseftirlit,

vi. stjórnun öryggisáhættu,

vii. breytingastjórnun,

viii. tenging milli fyrirtækja,

ix. notkun undirverktaka og samstarfsaðila,

h) hann skal koma á óháðu ferli til að vakta hvort viðunandi samræmi sé við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. kerfi til að miðla upplýsingum um niðurstöður til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd ráðstafana til úrbóta eftir því sem nauðsyn krefur,

i) hann skal koma á ferli til að tryggja að öryggisáhættur, sem fylgja þjónustu eða vöru sem afhent er af undirverktökum, séu metnar og þær mildaðar samkvæmt öryggisstjórnunarkerfi umráðandans.

3) Ef fyrirtækið hefur önnur fyrirtækjavottorð sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139 þá má samþætta öryggisstjórnunarkerfi umráðanda UA-kerfisins við það öryggisstjórnunarkerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum.

UAS.LUC.040 LUC-handbók

1) Handhafi LUC-vottorðs skal láta lögbæra yfirvaldinu í té LUC-handbók þar sem fyrirtæki hans, viðeigandi verklagsreglum og þeirri starfsemi sem fram fer, er lýst beint eða með millivísunum.

2) Handbókin skal innihalda yfirlýsingu, sem er undirrituð af ábyrgðarmanninum, sem staðfestir að fyrirtækið muni ávallt vinna í samræmi við þessa reglugerð og samþykkta LUC-handbók. Ef ábyrgðarmaðurinn er ekki framkvæmdastjóri fyrirtækisins, skal framkvæmdastjórinn meðárita yfirlýsinguna.

3) Ef starfsemi er framkvæmd af samstarfsaðilum eða undirverktökum skal umráðandi UA-kerfis hafa í LUC-handbókinni verklagsreglur um hvernig handhafi LUC-vottorðs skuli haga sambandinu við þessa samstarfsaðila eða undirverktaka.

4) Breyta skal LUC-handbókinni eftir þörfum þannig að hún innihaldi uppfærða lýsingu á fyrirtæki handhafa LUC-vottorðsins og skal lögbæra yfirvaldið fá afrit af öllum breytingum.

5) Umráðandi UA-kerfis skal dreifa viðkomandi hlutum LUC-handbókarinnar til alls starfsfólks síns í samræmi við hlutverk þeirra og skyldur.

UAS.LUC.050 Skilyrði fyrir samþykki handhafa LUC-vottorðs

1) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út LUC-vottorð eftir að það hefur gengið úr skugga um að umráðandi UA-kerfisins uppfylli ákvæði liða UAS.LUC.020, UAS.LUC.030 og UAS.LUC.040.

2) LUC-vottorðið skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

   a) auðkenningu umráðanda UA-kerfisins,

   b) réttindi umráðanda UA-kerfisins,

   c) heimilaða tegund eða tegundir starfrækslu,

   d) ef það á við, þann stað, það svæði eða þann loftrýmisflokk þar sem starfræksla er heimiluð,

   e) sérstakar takmarkanir eða skilyrði, ef við á.

UAS.LUC.060 Réttindi handhafa LUC-vottorðs

Ef lögbæra yfirvaldið telur þau upplýsingaskjöl sem lögð hafa verið fram fullnægjandi, skal það:

1) tilgreina skilmála og skilyrði sem fylgja þeim réttindum sem umráðanda UA-kerfis eru veitt í LUC-vottorðinu og

2) innan skilyrðanna fyrir samþykkinu, veita handhafa LUC-vottorðs réttindi til að heimila sína eigin starfrækslu án þess að þurfa:

   a) að leggja fram starfræksluyfirlýsingu,

   b) að sækja um starfræksluheimild.

UAS.LUC.070 Breytingar á stjórnunarkerfinu fyrir LUC-vottorð

Eftir að LUC-vottorð er gefið út þarf lögbæra yfirvaldið að gefa samþykki sitt fyrirfram fyrir eftirfarandi breytingum:

1) öllum breytingum á skilmálum samþykkis umráðanda UA-kerfis,

2) öllum verulegum breytingum á því öryggisstjórnunarkerfi sem handahafi LUC-vottorðs verður að hafa samkvæmt lið UAS.LUC.030.

UAS.LUC.075 Framsalshæfi LUC-vottorðs

Að undanskilinni breytingu á eignarhaldi fyrirtækisins, sem er samþykkt af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við lið UAS.LUC.070, er LUC-vottorð ekki framsalshæft.

UAS.LUC.080 Gildistími og gildi LUC-vottorðs

1) Gefa skal út LUC-vottorð með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

   a) að handhafi LUC-vottorðs uppfylli að staðaldri viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og aðildarríkisins sem gaf út vottorðið og

   b) að það hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

2) Þegar LUC-vottorð er lagt inn eða afturkallað skal handhafi vottorðsins tafarlaust senda lögbæra yfirvaldinu staðfestingu á stafrænu formi.

UAS.LUC.090 Aðgangur

Í þeim tilgangi að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skal handhafi LUC-vottorðs veita einstaklingi, sem hefur fullt umboð frá lögbæra yfirvaldinu, aðgang að sérhverri starfsstöð, UA-kerfinu, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem skiptir máli fyrir starfsemi hans, sem fellur undir starfræksluheimild eða starfræksluyfirlýsingu, óháð því hvort starfsemin sé útvistuð eða unnin sem undirverktakastarfsemi af öðru fyrirtæki.

———

1. viðbætir

fyrir staðlaðar sviðsmyndir til stuðnings yfirlýsingu

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1170 **2023/EES/62/23**

frá 8. júlí 2019

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 43. og 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ([2]) er mælt fyrir um kröfur um samræmda innleiðingu gagnatengingaþjónustu á grunni beinna gagnafjarskipta milli loftfara og jarðstöðva.

2) Með hliðsjón af viðvarandi vandamálum í tengslum við framkvæmd gagnatenginga, aðgerðum til úrbóta, sem gripið var til, og markmiðsins um að starfrækja ætti a.m.k. 75% af flugi með gagnatengingu, ætti að breyta viðmiðununum fyrir undanþágur. Þær viðmiðanir ættu að gilda áfram án þess að leggja óþarfa efnahagslega byrði á tiltekna hópa flugrekenda sem leggja umtalsvert minna af mörkum til heildarfjölda flugferða. Hóparnir ættu að taka til flugrekenda loftfara sem eru búin flugleiðsögukerfi framtíðarinnar (e. *Future Air Navigation Systems* (FANS)) 1/A, flugrekenda eldri loftfara og loftfara sem eru hönnuð til að flytja 19 farþega eða færri.

3) Til að uppfæra reglugerðina ætti að vísa til breytinga á 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 og leiðrétta ætti ýmsar ritvillur.

4) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/310 ([3]) var 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 29/2009 breytt en sú breyting kemur hins vegar ekki nægilega vel fram í samsvarandi 6. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 29/2009. Þetta ónákvæma orðalag ætti að laga.

5) Þar eð þessi reglugerð breytir viðmiðununum fyrir undanþágur skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 29/2009 er við hæfi að laga einnig skilmála síðarnefndu reglugerðarinnar að 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, sem um getur í 44. gr. hennar.

6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 29/2009 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 29/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um:

a) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 1995,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 9.7.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð. ESB L 13, 17.1.2009. bls. 3).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/310 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 441/2014 (Stjtíð. ESB L 56, 27.2.2015, bls. 30).

b) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 31. desember 2003 og sem hætt verður að starfrækja í loftrýminu, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., fyrir 31. desember 2022,

c) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2018 og með uppsettan gagnatengingarbúnað, fyrir þessa dagsetningu, sem uppfyllir kröfurnar í einu af skjölum Evrópusamtaka um búnað í almenningsflugi, eins og fram kemur í 10. lið í III. viðauka,

d) loftför með skráð hámarkssætarými fyrir 19 farþega eða færri og skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 45 359 kg (100 000 pund) eða minni og með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 5. febrúar 2020,

e) ríkisloftför,

f) loftför sem fljúga innan loftrýmisins, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., vegna prófana, afhendingar, viðhalds eða hafa tímabundið óvirka kerfishluta gagnatengingarinnar, með skilyrðum, sem tilgreind eru í gildandi lista yfir lágmarksbúnað sem krafist er í 1. lið í III. viðauka.“

2) Í 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. koma tilvísanir í 2. mgr. 3. gr. í stað tilvísana í 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 3. gr.

3) Í 1., 2. og 3. mgr. 8. gr. koma tilvísanir í 4. mgr. 3. gr. í stað tilvísana í 5. mgr. 3. gr.

4) Í stað „3. mgr. 5. gr. í reglugerð (EB) nr. 549/2004“ í 2. mgr. 14. gr. kemur „3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139“.

5) Í stað 3. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Viðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera eftirfarandi:

a) tegundir/gerðir loftfara, sem bráðlega verður hætt að framleiða, og þar sem fjöldi framleiddra eintaka er takmarkaður og

b) tegundir/gerðir loftfara þar sem kostnaður við endurhönnun myndi vera óhóflegur vegna þess hve gömul hönnunin er.“

6) Í stað III. viðauka kemur texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

1. Liður ORO.MLR.105 í III. viðauka reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur eða 6. viðauki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Operation of aircraft*, I. hluti (*International Commercial Air Transport — Aeroplanes*) (11. útg. júlí 2018, með breytingu nr. 43) eða 6. viðauki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Operation of aircraft*, II. hluti (*International General Aviation — Aeroplanes*) (10. útg. júlí 2018, með breytingu nr. 36).

2. 3. kafli — *Aeronautical Telecommunication Network*, liður 3.5.1.1 *Context Management (CM) application*, a- og b-liður í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007, með breytingum nr. 70-82).

3. 3. kafli — *Aeronautical Telecommunication Network*, liður 3.5.2.2 — *Controller-Pilot Data Link Communications" (CPDLC) application*, a- og b-liður 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007 með breytingum nr. 70-82).

4. 3. kafli — *Aeronautical Telecommunication Network*, liðir 3.3, 3.4 og 3.6 í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007, með breytingum nr. 70-82).

5. 6. kafli — *VHF air–ground digital link (VDL)*, 10. viðauki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — Aeronautical Telecommunications — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007, með breytingu nr. 90).

6. 3. kafli — *General procedures for the international aeronautical telecommunication service*, liður 3.5.1.5 í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — II. bindi (*Communication Procedures including those with PANS status*) (sjöunda útgáfa, júlí 2016, með breytingum nr. 40-90).

7. 2. kafli — *General* — liður 2.26.3 í 11. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Air Traffic Services* (14. útgáfa, júlí 2016, með breytingu nr. 50-A).

8. 6. kafli — *Air traffic services requirements for communications* — liður 6.1.1.2 í 11. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Air Traffic Services* (14. útgáfa, júlí 2016, með breytingu nr. 50-A).

9. Eurocae ED-111, *Functional specifications for CNS/ATM ground recording*, júlí 2002, með breytingu nr. 1 (30. júlí 2003).

10. Eurocae ED-100 (september 2000) og ED-100A (apríl 2005), *Interoperability requirements for ATS applications using ARINC 622 Data Communications*.

11. Eurocae ED-120, *Safety and Performance Requirements Standard for Air Traffic Data Link Services in Continental Airspace*, útgefið í maí 2004 ásamt 1. breytingu, útgefinni í apríl 2007, og 2. breytingu, útgefinni í október 2007.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1383 **2023/EES/62/24**

frá 8. júlí 2019

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 17. gr. og 14. og 15. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([2]) eru reglur um viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi tiltekinna loftfara. Með tilliti til meðalhófs er nauðsynlegt að breyta þessum reglum með því að innleiða einfaldaðar kröfur í samræmi við minni áhættu sem tengist léttum loftförum í almannaflugi sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ([3]). Í því skyni ætti að innleiða nýjar kröfur til að tryggja lofthæfi slíks loftfars. Þessar kröfur ættu að vera vægari en núverandi kröfur að því er varðar viðhaldsáætlanir loftfara, staðfestingar á lofthæfi og lagfæringar bilana sem slegið hefur verið á frest. Ef slíkar viðhaldskröfur myndu gilda um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför ættu þær ekki að koma í veg fyrir að eigandi slíks loftfars semji við viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt skv. II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, um að taka að sér viðhaldsverkefni.

2) Innleiða ætti nýjan reglubálk til að auka sveigjanleika varðandi skilgreiningu og framkvæmd viðhaldsáætlunar loftfars fyrir önnur en flókin, vélknúin loftför sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008. Af þessum sökum ætti að innleiða nýtt samþykki fyrir fyrirtæki með vægari kröfum og samsettum réttindum að því er varðar viðhald, stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

3) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([4]) eru handhafar flugrekandaskírteinis, nú sem stendur, skyldugir til að innleiða stjórnunarkerfi, þ.m.t. verklag við stjórnun öryggisáhættu í tengslum við starfsemi sína. Ein tegund slíkrar starfsemi er stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaraflota þeirra sem þeirra eigið fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO-fyrirtæki) framkvæmir og er samþykkt í samræmi við G-kafla I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014. Hins vegar er ekki að finna, sem stendur, neinar kröfur í G-kafla I. viðauka um stjórnun öryggisáhættu innan CAMO-fyrirtækisins. Því ætti að innleiða stjórnunarkerfi CAMO-fyrirtækja, þ.m.t. stjórnun öryggisáhættu fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem handhafar flugrekendaskírteina nota. Stjórnunarkerfið ætti að gilda um öll CAMO-fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

4) Kveða ætti á um nægilegt umbreytingartímabil fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til að tryggja að farið sé að þeim nýju reglum og verklagsreglum sem innleiddar eru með þessari reglugerð.

5) Í þeim tilgangi að tryggja að hóflegar reglur gildi um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, ættu meginreglur um öryggisstjórnun ekki að gilda um fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (e. *combined airworthiness organisation*, CAO).

6) Að auki er einnig viðeigandi að aðlaga kröfurnar, sem gilda um lögbær yfirvöld, að framþróun hugmyndafræði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um öryggisstjórnun, einkum að því er varðar innleiðingu stjórnunarkerfis fyrir yfirvöld, sem og framkvæmd flugöryggisáætlunar ríkisins og tryggja samræmingu á milli þessara yfirvalda.

7) Rangt lofthæfimat fyrir loftfarið, sökum ófullgerðra skráa um áframhaldandi lofthæfi, getur haft í för með sér áhættu fyrir flugöryggi. Því ætti að breyta gildandi reglum varðandi skrár um áframhaldandi lofthæfi.

8) Leiðrétta ætti nokkrar ritstjórnarvillur sem hafa haft í för með sér vandkvæði við túlkun tiltekinna ákvæða í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 05/2016 ([5]), nr. 06/2016 ([6]) og nr. 13/2016 ([7]) sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 ([8]).

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Kröfur um áframhaldandi lofthæfi

1. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau í samræmi við kröfurnar í I. viðauka (M-hluta), að undanskildum þeim loftförum sem skráð eru í fyrstu undirgrein 2. mgr. en kröfurnar í V. viðauka b (ML-hluta) skulu gilda um þau.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([5]) Álit nr. 05/2016: Starfshópur um endurskoðun á M-hluta fyrir almannaflug (*Task force for the review of Part-M for General Aviation*).

([6]) Álit nr. 06/2016: Kröfur um öryggisstjórnunarkerfi (SMS) eru felldar inn í M-hluta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 (*Embodiment of safety management system (SMS) requirements into Commission Regulation (EU) No 1321/2014 — SMS in Part-M*).

([7]) Álit nr. 13/2016: Tæknileg gögn (*Technical records*).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).

2. Kröfurnar í V. viðauka b (ML-hluta) skulu gilda um eftirfarandi loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför:

a) flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er 2730 kg eða minni,

b) þyrilvængjur með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni, vottaðar fyrir allt að fjóra farþega,

c) önnur ELA2-loftför.

Ef þau loftför sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skulu kröfurnar í I. viðauka (M-hluta) gilda.

3. Til að unnt sé að skrá loftförin, sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr., í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skulu þau uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) lögbært yfirvald hefur samþykkt viðhaldsáætlun þeirra í samræmi við lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta),

b) tilhlýðilegt viðhald, sem krafist er samkvæmt viðhaldsáætluninni sem um getur í a-lið, hefur farið fram og verið vottað í samræmi við liði 145.A.48 og 145.A.50 í II. viðauka (145. hluta),

c) staðfesting á lofthæfi hefur farið fram og nýtt lofthæfistaðfestingarvottorð hefur verið gefið út í samræmi við lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta).

4. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skal tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. gr., sem gefið hefur verið út flugleyfi fyrir, á grundvelli sérstaks fyrirkomulags um áframhaldandi lofthæfi, eins og það er skilgreint í flugleyfinu sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 (*).

5. Viðhaldsáætlanir fyrir loftförin, sem um getur í a-lið 1. gr. og uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta), sem voru í gildi fyrir 24. september 2019, skulu teljast uppfylla kröfurnar, sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) eða lið ML.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, í samræmi við 1. og 2. mgr.

6. Flugrekendur skulu tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau í samræmi við kröfur í V. viðauka a (T-hluta).

7. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi fjölhreyflaflugvéla með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og sem eru búnar skrúfuhverfihreyflum í samræmi við kröfurnar sem gilda um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, eins og sett er fram í liðum M.A.201, M.A.301, M.A.302, M.A.601 og M.A.803 í I. viðauka (M-hluta), lið 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta), liðum 66.A.5, 66.A.30, 66.A.70, V. og VI. viðbæti við III. viðauka (66. hluta), lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), lið CAO.A.010 og I. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta), að því marki að þær gildi um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).“

2) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Samþykki fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi

1. Fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu hljóta samþykki, óski þau eftir því, lögbærs yfirvalds í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á fyrir hvert fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt, fram til 24. september 2020, að gefa út samþykki fyrir fyrirtæki, óski þau eftir því, í samræmi við kröfur F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta). Þessi samþykki skulu gilda til og með 24. september 2021.

3. Samþykki fyrir viðhaldi, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við vottunarforskrift JAR-145, sem um getur í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (*) og gildir fyrir 29. nóvember 2003, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145. hluta) við þessa reglugerð.

4. Fyrirtæki sem hafa gilt samþykki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta) skulu, óski þau eftir því, fá útgefið eyðublað 3-CAO frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í 1. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta).

Réttindi slíks fyrirtækis samkvæmt samþykkinu, sem gefið er út í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), skulu vera þau sömu og réttindi samkvæmt samþykkinu sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta). Hins vegar skulu þessi réttindi ekki vera umfangsmeiri en réttindi fyrirtækis sem um getur í A-þætti V. viðauka d (CAO-hluta).

Fyrirtækinu er heimilt að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum V. viðauka d (CAO-hluta) fram til 24. september 2021. Ef ekki hefur verið ráðin bót á frávikunum eftir þann dag skal samþykkið afturkallað.

Þar til fyrirtækið fer að ákvæðum V. viðauka d (CAO-hluta) eða fram til 24. september 2021, hvort sem ber fyrr að, skal það vottað og haft eftirlit með því í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), eftir því sem við á.

5. Samþykki fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem eru í gildi og gefin út í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta), skulu talin útgefin í samræmi við V. viðauka d (CAMO-hluta).

Fyrirtækið má ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum V. viðauka c (CAMO-hluta) fram til 24. september 2021.

Ef fyrirtækið hefur ráðið bót á frávikunum fyrir þann dag skal lögbæra yfirvaldið gefa út nýtt samþykkisvottorð á eyðublaði nr. 14 í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta). Ef ekki hefur verið ráðin bót á frávikunum eftir þann dag skal samþykkið afturkallað.

Þar til fyrirtækið fer að ákvæðum V. viðauka c (CAMO-hluta) eða fram til 24. september 2021, hvort sem ber fyrr að, skal það vottað og haft eftirlit með því í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta).

6. Litið skal svo á að viðhaldsvottorð og opinber viðhaldsvottorð, sem eru gefin út fyrir 28. október 2008 af viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í landslögum þess aðildarríkis þar sem fyrirtækið hefur staðfestu fyrir loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi, þ.m.t. alla íhluti til ísetningar í þau, hafi verið gefin út í samræmi við liði M.A.801, M.A.802 í I. viðauka (M-hluta) og lið 145.A.50 í II. viðauka (145. hluta).

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).“

3) Í stað 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Viðhaldsvottar skulu hafa réttindi í samræmi við kröfur III. viðauka (66. hluta) nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, d-lið M.A.901 og í M.A.803 í I. viðauka og í c-lið ML.A.801 og ML.A.803 í V. viðauka b (ML-hluta), í d-lið CAO.A.035 og b-lið CAO.A.040 í V. viðauka d (CAO-hluta) og í j-lið 145.A.30 og IV. viðbæti við II. viðauka (145. hluta).“

4) Eftirfarandi 7. gr. a bætist við:

„7. gr. a

Lögbær yfirvöld

1. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eina stofnun sem lögbært yfirvald, sem hefur nauðsynlegar heimildir og er falið ábyrgð á vottun og eftirliti með aðilum og fyrirtækjum sem falla undir þessa reglugerð, skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:

a) skilgreina skal með skýrum hætti valdsvið hvers lögbærs yfirvalds með tilliti til ábyrgðar og landfræðilegra takmarkana,

b) koma skal á samstarfi á milli þessara yfirvalda til að tryggja skilvirka vottun og skilvirkt eftirlit með öllum fyrirtækjum og aðilum, sem falla undir þessa reglugerð, innan viðkomandi valdsviðs þeirra.

2. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærra yfirvalda sinni ekki vottunar- og eftirlitsstarfsemi þegar líkur eru á að hagsmunaárekstrar komi upp, beint eða óbeint, sérstaklega hagsmunir sem tengjast fjölskyldu eða fjárhag.

3. Ef nauðsynlegt er að framkvæma vottunar- eða eftirlitsverkefni, samkvæmt þessari reglugerð, skulu lögbær yfirvöld hafa valdheimildir til:

a) að rannsaka skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna er lúta að vottun og/eða eftirliti,

b) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum og öðru efni,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum frá starfsfólki þessara fyrirtækja,

d) að fá aðgang að viðkomandi athafnasvæði, starfrækslusvæði eða flutningatækjum sem þeir aðilar eiga eða nota,

e) að framkvæma úttektir, rannsóknir, mat, skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, að því er varðar þessi fyrirtæki,

f) að gera framfylgdarráðstafanir eða hrinda þeim í framkvæmd, eins og við á.

4. Valdheimildirnar, sem um getur í 3. mgr., skulu nýttar í samræmi við lagaákvæði viðkomandi aðildarríkis.“

5) Ákvæði 9. gr. falla brott.

6) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

8) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

9) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

10) Ákvæðum V. viðauka a er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

11) Texti VI. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki b.

12) Texti VII. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki c.

13) Texti VIII. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki d.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. mars 2020.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Efnisyfirliti er breytt sem hér segir:

„EFNISYFIRLIT

M.1

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR
A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI
M.A.101 Gildissvið
B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA
M.A.201 Ábyrgð
M.A.202 Tilkynning atvika
C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
M.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi
M.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars
M.A.303 Lofthæfifyrirmæli
M.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir
M.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara
M.A.306 Tækniflugbók loftfars
M.A.307 Afhending skráa loftfara um áframhaldandi lofthæfi
D-KAFLI — VIÐHALDSSTAÐLAR
M.A.401 Viðhaldsgögn
M.A.402 Framkvæmd viðhalds
M.A.403 Bilun í loftfari
E-KAFLI — ÍHLUTIR
M.A.501 Flokkun og ísetning
M.A.502 Viðhald íhluta
M.A.503 Hlutar með tiltekinn endingartíma (e. *life-limited parts*) og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun (e. *time-controlled components*)
M.A.504 Aðskilnaður íhluta
F-KAFLI — VIÐHALDSFYRIRTÆKI
M.A.601 Gildissvið
M.A.602 Umsókn
M.A.603 Umfang samþykkis
M.A.604 Handbók viðhaldsfyrirtækja
M.A.605 Aðstaða
M.A.606 Kröfur varðandi starfsfólk
M.A.607 Viðhaldsvottar og starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi
M.A.608 Íhlutir, búnaður og verkfæri
M.A.609 Viðhaldsgögn
M.A.610 Verkbeiðnir um viðhald
M.A.611 Viðhaldsstaðlar
M.A.612 Viðhaldsvottorð fyrir loftför
M.A.613 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

M.A.614 Viðhaldsskrár og skrár yfir staðfestingu á lofthæfi

M.A.615 Réttindi fyrirtækisins

M.A.616 Úttekt innan fyrirtækisins (e. *organisational review*)

M.A.617 Breytingar á samþykktu viðhaldsfyrirtæki

M.A.618 Áframhaldandi gildi samþykkis

M.A.619 Frávik

G-KAFLI — FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.A.701 Gildissvið

M.A.702 Umsókn

M.A.703 Umfang samþykkis

M.A.704 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

M.A.705 Aðstaða

M.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

M.A.707 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

M.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

M.A.709 Skjöl

M.A.710 Staðfesting á lofthæfi

M.A.711 Réttindi fyrirtækisins

M.A.712 Gæðakerfi

M.A.713 Breytingar á samþykktu fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

M.A.714 Skráahald

M.A.715 Áframhaldandi gildi samþykkis

M.A.716 Frávik

H-KAFLI — VIÐHALDSVOTTORÐ

M.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

M.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

M.A.803 Heimild flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars

I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

M.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara

M.A.902 Gildi lofthæfistaðfestingarvottorðs

M.A.903 Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB

M.A.904 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til ESB

M.A.905 Frávik

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

M.B.101 Gildissvið

M.B.102 Lögbært yfirvald

M.B.103 Frávik og framfylgdarráðstafanir – aðilar

M.B.104 Skráahald

M.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA

M.B.201 Ábyrgð

M.B.202 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.B.301 Viðhaldsáætlun loftfars

M.B.302 Undanþágur

M.B.303 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara

M.B.304 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir

M.B.305 Tækniflugbók loftfars

D-KAFLI — VIÐHALDSSTAÐLAR

E-KAFLI — ÍHLUTIR

F-KAFLI — VIÐHALDSFYRIRTÆKI

M.B.601 Umsókn

M.B.602 Fyrsta samþykki

M.B.603 Útgáfa samþykkis

M.B.604 Samfellt eftirlit

M.B.605 Frávik

M.B.606 Breytingar

M.B.607 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis

G-KAFLI — FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.B.701 Umsókn

M.B.702 Fyrsta samþykki

M.B.703 Útgáfa samþykkis

M.B.704 Samfellt eftirlit

M.B.705 Frávik

M.B.706 Breytingar

M.B.707 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis

H-KAFLI — VIÐHALDSVOTTORÐ

I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

M.B.901 Mat á tilmælum

M.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi

M.B.903 Frávik

M.B.904 Upplýsingaskipti

I. viðbætir — Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

II. viðbætir — Opinbert viðhaldsvottorð — EASA-eyðublað nr. 1

III. viðbætir — Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15

IV. viðbætir — Flokka- og áritunarkerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta)

V. viðbætir — Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)

VII. viðbætir — Flókin viðhaldsverkefni

VIII. viðbætir — Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins“.

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið M.1:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. þegar um er að ræða samþykki viðhaldsáætlunar loftfarsins (AMP), eitt af eftirfarandi:

i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem loftfarið er skráð, tilnefnir,

ii. ef komist hefur verið að samkomulagi við skráningaraðildarríkið um það áður en viðhaldsáætlun loftfarsins er samþykkt, eitt af eftirfarandi:

a) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar, tilnefnir eða, ef hann hefur engar höfuðstöðvar, yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandinn hefur staðfestu eða fasta búsetu, tilnefnir,

b) yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða með fyrirtækinu sem eigandinn hefur gert takmarkaðan samning við, í samræmi við 1. lið i-liðar M.A.201.“

b) Ákvæði 4. liðar falla brott.

3) Í stað liðar M.A.101 kemur eftirfarandi:

„M.A.101 **Gildissvið**

Í þessum þætti er kveðið á um ráðstafanir sem á að gera til að tryggja að lofthæfi loftfarsins sé haldið við, þ.m.t. viðhaldi þess. Einnig eru tilgreind þau skilyrði sem aðilar eða fyrirtæki, sem koma að slíkri starfsemi, þurfa að uppfylla.“

4) Í stað a-liðar í M.A.201 kemur eftirfarandi:

„a) Eigandi loftfarsins skal bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi þess og tryggja að ekkert flug fari fram nema allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1) loftfarið sé í lofthæfu ástandi,

2) öll rekstrartæki og neyðarbúnaður séu rétt ísett og nothæf eða skýrt auðkennd sem ónothæf,

3) lofthæfivottorðið sé gilt,

4) viðhald á loftfarinu sé í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins sem tilgreind er í M.A.302.“

5) Í stað d- til i-liðar í M.A.201 kemur eftirfarandi:

„d) Flugstjórinn eða, ef um er að ræða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, flugrekandinn skal bera ábyrgð á því að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd á fullnægjandi hátt. Flugmaðurinn eða annar aðili með tilskilin réttindi skal annast þá skoðun og ekki er nauðsynlegt að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða viðhaldsvottar annist hana.

e) Þegar um er að ræða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal flugrekandinn bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem hann starfrækir og skal hann:

1) sjá til þess að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO-fyrirtæki), skv. V. viðauka c (CAMO-hluta), sem hluta af flugrekandaskírteini hans fyrir loftfarið sem hann starfrækir,

3) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða gera skriflegan samning í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) við fyrirtæki sem hefur verið samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

f) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni, við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta); ef flugrekandinn hefur ekki sjálfur hlotið samþykki í samræmi við þann þátt skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta),

3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loftförum og íhlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

g) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né f-lið, skal eigandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta); ef eigandinn hefur ekki verið samþykktur sem CAMO-fyrirtæki, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta),

3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loftförum og íhlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

h) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða fyrirtæki, sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO-fyrirtæki), sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d; ef flugrekandinn er ekki sjálfur samþykktur sem CAMO-fyrirtæki, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða sem CAO-fyrirtæki, í samræmi við V. viðauka d, skal hann gera skriflegan samning, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við CAMO-fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða CAO-fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta),

3) að CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla M-hluta þessa viðauka eða sem CAO-fyrirtæki með viðhaldsréttindi, eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla M-hluta þessa viðauka eða V. viðauka d (CAO-hluta) með viðhaldsréttindi.

i) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né h-lið eða sem notuð eru við takmarkaða starfrækslu, skal eigandinn tryggja að flug fari ekki fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt. Í því skyni skal eigandinn annaðhvort:

1) setja verkefnin í tengslum við áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í M.A.301, í hendur CAMO-fyrirtækis eða CAO-fyrirtækis með því að gera við þau skriflegan samning í samræmi við I. viðbæti,

2) eða framkvæma þau verkefni sjálfur.

Ef eigandinn velur að framkvæma þau verkefni sjálfur getur hann einungis ákveðið að framkvæma ekki verkefnin er varða þróun og úrvinnslu samþykkis viðhaldsáætlunar loftfarsins ef CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki framkvæmir þau á grundvelli skriflegs samnings í samræmi við M.A.302.“

6) Í stað liðar M.A.202 kemur eftirfarandi:

„**M.A.202 Tilkynning atvika**

a) Án þess að hafa áhrif á tilkynningarskylduna, sem sett er fram í II. viðauka (145. hluta) og V. viðauka c (CAMO-hluta), skal sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð í samræmi við M.A.201, tilkynna um hvers konar ástand loftfars eða íhlutar, sem viðkomandi verður áskynja um og stofnar flugöryggi í hættu, til:

1) lögbæra yfirvaldsins, sem skráningaraðildarríki loftfarsins tilnefnir, og, ef það er annað en skráningaraðildarríkið, lögbæra yfirvaldsins sem aðildarríki flugrekandans tilnefnir,

2) fyrirtækisins sem ber ábyrgð á tegundarhönnuninni eða viðbótartegundarhönnuninni.

b) Tilkynningarnar, sem um getur í a-lið, skulu skráðar á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í a-lið, ákveður og hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem aðilinn eða fyrirtækið, sem sendir tilkynninguna, hefur öðlast vitneskju um.

c) Ef viðhald eða staðfesting á lofthæfi loftfarsins er framkvæmd á grundvelli skriflegs samnings skal aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi, einnig tilkynna eigandanum og flugrekanda loftfarsins og, ef um er að ræða einhvern annan, viðkomandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki um hvers konar ástand sem um getur í a-lið.

d) Aðilinn eða fyrirtækið skal leggja fram tilkynningarnar, sem um getur í a- og c-lið, eins og fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að aðilinn eða fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

e) Aðilinn eða fyrirtækið skal leggja fram eftirfylgniskýrslu til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem aðilinn eða fyrirtækið ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Leggja skal fram eftirfylgniskýrsluna á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.“

7) Í stað M.A.301 og M.A.302 kemur eftirfarandi:

„**M.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi**

Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfara og að rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf með því að:

a) láta fara fram fyrirflugsskoðanir,

b) lagfæra, samkvæmt gögnum sem tilgreind eru í lið M.A.304 og M.A.401, eftir því sem við á, hvers konar bilanir og skemmdir, sem hafa áhrif á öryggi í starfrækslu, með hliðsjón af listanum yfir lágmarksbúnað og listanum yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug, ef þeir eru fyrir hendi,

c) láta framkvæma allt viðhald í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins, sem um getur í M.A.302,

d) votta að öllu viðhaldi sé lokið í samræmi við H-kafla,

e) gera úttekt á skilvirkni samþykktrar viðhaldsáætlunar loftfars, sem um getur í M.A.302, að því er varðar öll flókin, vélknúin loftför eða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008,

f) hlíta, eftir því sem við á:

1) lofthæfifyrirmælum,

2) rekstrarfyrirmælum sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi,

3) kröfum sem Flugöryggisstofnunin setur um áframhaldandi lofthæfi,

4) ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,

g) framkvæma breytingar og viðgerðir í samræmi við M.A.304,

h) afhenda flugstjóranum eða flugrekandanum, ef um er að ræða flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, gildandi massa- og jafnvægisskýrslu sem endurspeglar gildandi útfærslu loftfarsins,

i) láta fara fram reynsluflug vegna viðhalds, þegar þörf krefur.

M.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars

a) Skipuleggja skal viðhald allra loftfara í samræmi við viðhaldsáætlun loftfars.

b) Viðhaldsáætlun loftfarsins og síðari breytingar á henni skulu hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Þegar CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða þegar skriflegur samningur hefur verið gerður á milli eigandans og CAMO- eða CAO-fyrirtækis, í samræmi við 1. lið i-liðar M.A.201, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.

Í því tilviki skal hlutaðeigandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki ákvarða málsmeðferð við óbeint samþykki sem hluta af starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME), sem um getur í CAMO.A.300 í V. viðauka c, eða sem hluta af starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE), sem um getur í CAO.A.025 í V. viðauka d, og skal lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á þessu CAMO- eða CAO-fyrirtæki, samþykkja hana.

Málsmeðferðinni um óbeint samþykki skal einungis beitt þegar hlutaðeigandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki er undir eftirliti skráningaraðildarríkis loftfarsins nema skriflegur samningur hafi verið gerður í samræmi við 3. lið í M.1 þar sem ábyrgðin á samþykki viðhaldsáætlunar loftfars færist yfir til lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á CAMO- eða CAO-fyrirtækinu.

d) Í viðhaldsáætlun loftfarsins skal sýnt fram á að farið sé að:

1) leiðbeiningunum sem lögbært yfirvald gefur út,

2) leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi:

i. sem handhafar tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, evrópskrar tækniforskriftarheimildar eða hvers konar annarra viðeigandi samþykkja gefa út skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

ii. sem felldar eru inn í vottunarforskriftirnar, sem um getur í 21.A.90B eða 21.A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef við á.

e) Þrátt fyrir d-lið er eigandanum eða fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, heimilt að víkja frá fyrirmælunum, sem um getur í 2. lið d-liðar, og leggja til að lengja tímann á milli viðhaldsverkefna í viðhaldsáætlun loftfarsins, á grundvelli gagna sem fengin eru úr endurskoðunum sem framkvæmdar eru með fullnægjandi hætti í samræmi við h-lið. Ekki er heimilt að beita óbeinu samþykki til að lengja tímann á milli öryggistengdra verkefna. Eigandinn eða fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, er einnig heimilt að leggja til viðbótarleiðbeiningar í viðhaldsáætlun loftfarsins.

f) Í viðhaldsáætlun loftfarsins skulu koma fram upplýsingar um allt viðhald sem framkvæma á, þ.m.t. hversu oft það skal framkvæmt, ásamt öllum sértækum verkefnum sem tengjast tegund og sérhæfni rekstrarins.

g) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför skal áreiðanleikaáætlun vera innifalin í viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún byggist á reglum viðhaldsstýrihóps eða vöktun ásigkomulags.

h) Viðhaldsáætlun loftfarsins skal háð reglubundinni endurskoðun og skal henni breytt til samræmis við það, þegar þörf krefur. Þessar endurskoðanir skulu tryggja að haldið sé áfram að halda viðhaldsáætlun loftfarsins uppfærðri og að hún haldi gildi sínu í ljósi reynslu af starfrækslu og leiðbeiningum frá lögbæru yfirvaldi samtímis því að tillit sé tekið til nýrra eða breyttra viðhaldsleiðbeininga, sem handhafar tegundarvottorða og viðbótartegundarvottorða gefa út, og allra annarra fyrirtækja sem birta slík gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

8) Í stað liðar M.A.304 kemur eftirfarandi:

„**M.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir**

Aðili eða fyrirtæki sem gerir við loftfar eða íhlut skal meta allar mögulegar skemmdir. Við breytingar og viðgerðir skal styðjast við eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

a) gögn sem Flugöryggisstofnunin samþykkir,

b) gögn sem hönnunarfyrirtæki, sem uppfyllir ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, samþykkir,

c) gögn sem er að finna í kröfunum sem um getur í 21.A.90B eða 21.A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

9) Í stað liðar M.A.305 kemur eftirfarandi:

„**M.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara**

a) Að loknu hvers konar viðhaldi skal færa viðhaldsvottorð loftfars, sem krafist er samkvæmt M.A.801 eða 145.A.50, eftir því sem við á, í skráakerfið loftfara fyrir áframhaldandi lofthæfi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 30 dögum eftir lok viðhaldsins.

b) Skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara skal innihalda eftirfarandi:

1. skráningardag, heildarnotkunartíma sem er uppsafnaður í viðeigandi breytu fyrir loftfar, hreyfil/hreyfla og/eða skrúfu/skrúfur,

2. skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi, sem lýst er í c- og d- lið hér á eftir, ásamt sundurliðaðri viðhaldsskrá sem lýst er í e-lið hér á eftir,

3. tækniflugbók loftfarsins þegar þess er krafist samkvæmt M.A.306.

c) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu taka til gildandi massa- og jafnvægisskýrslu og gildandi stöðu á:

1. lofthæfifyrirmælum og ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,

2. breytingum og viðgerðum,

3. hlítni við viðhaldsáætlun loftfarsins,

4. viðhaldsverkefnum og viðgerðum bilana sem slegið hefur verið á frest.

d) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu taka til gildandi stöðu sem á sérstaklega við um íhluti í:

1. hluta með tiltekinn endingartíma, þ.m.t. uppsafnaður endingartími hvers hluta sem verður fyrir áhrifum í tengslum við gildandi breytu vegna takmarkana á lofthæfi og

2. loftfarsíhluti sem eru háðir tímastýrðri notkun þ.m.t. uppsafnaður endingartími fyrir viðeigandi breytu að því er varðar hvern íhlut sem verður fyrir áhrifum, frá síðasta reglubundna viðhaldi, eins og tilgreint er í viðhaldsáætlun loftfarsins.

e) Eigandinn eða flugrekandinn skal koma á fót kerfi til að halda eftirfarandi skjölum og gögnum á því formi sem lögbært yfirvald telur fullnægjandi og fyrir þau tímabil sem tilgreind eru hér á eftir:

1. tækniflugbók loftfars: tækniflugbók eða önnur gögn sem eru sambærileg að því er varðar umfang og nákvæmni og ná yfir 36 mánaða tímabil áður en síðasta færsla er skráð,

2. viðhaldsvottorðið og sundurliðuð viðhaldsskrá:

i. sem sýna að farið sé að lofthæfifyrirmælum og ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda sem varðar loftfarið, hreyfilinn/hreyflana, skrúfuna/skrúfurnar og íhluti sem settir eru í loftfarið, eins og við á, þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna sem þar er að finna og sem taka til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,

ii. sem sýna að farið sé að viðeigandi gögnum í samræmi við M.A.304 fyrir gildandi breytingar og viðgerðir á loftfarinu, hreyflinum/hreyflunum, skrúfunni/skrúfunum og öllum íhlutum sem falla undir takmarkanir á lofthæfi og

iii. fyrir allt reglubundið viðhald eða annað viðhald, sem krafist er fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, hreyfilsins/hreyflanna, skrúfunnar/skrúfnanna, þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna sem þar er að finna en sem taka til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,

3. gögn sem varða sérstaklega tiltekna íhluti:

i. skrá um notkun hvers hluta með takmarkaðan endingartíma en á því byggist ákvörðun um gildandi stöðu um hvort farið sé að kröfum um takmarkanir á lofthæfi,

ii. viðhaldsvottorðið og sundurliðaðar viðhaldsskrár fyrir síðasta reglubundna viðhaldið og allt síðara óreglubundið viðhald allra hluta með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhluta, sem eru háðir tímastýrðri notkun, þar til í stað áætlaðs viðhalds á íhlutum og hlutum hefur komið annað áætlað viðhald sem er jafn umfangsmikið og nákvæmt og hið fyrra en sem tekur til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,

iii. viðhaldsvottorðið og yfirlýsing eiganda um samþykki fyrir alla íhluti sem eru uppsettir í ELA2-loftfar án EASA-eyðublaðs nr. 1, í samræmi við c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, en sem tekur til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,

4. skráahaldstímabil þegar loftfarið er endanlega tekið úr umferð:

i. gögnin sem krafist er skv. 1. lið b-liðar í M.A.305, að því er varðar loftför, hreyfil/hreyfla og skrúfu/skrúfur, sem skal varðveita í a.m.k. 12 mánuði,

ii. síðasta skilvirka stöðuyfirlitið og síðustu skýrslurnar, eins og tilgreint er í c- og d-lið í M.A.305, sem skal varðveita í a.m.k. 12 mánuði og

iii. nýjustu viðhaldsvottorðin og sundurliðaðar viðhaldsskrár, eins og tilgreint er í ii. lið 2. liðar e-liðar og i. lið 3. liðar e-liðar í M.A.305, sem skal varðveita í a.m.k. 12 mánuði.

f) Aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórn verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi samkvæmt M.A.201, skal uppfylla kröfurnar varðandi skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara og láta lögbærum yfirvöldum þær í té að beiðni þeirra.

g) Allar færslur í skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara skulu vera skýrar og nákvæmar. Þegar nauðsynlegt er að leiðrétta færslu skal leiðréttingin gerð á þann hátt að upprunalega færslan komi skýrt fram.“

10) Í stað inngangssetningarinnar í a-lið M.A.306 kemur eftirfarandi:

„a) Þegar um er að ræða flutningaflug, sérstaka starfrækslu í ábataskyni og samþykkt þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn, auk þess að uppfylla kröfurnar í M.A.305, færa í tækniflugbókina eftirfarandi upplýsingar um hvert loftfar:“

11) Í stað b-liðar í M.A.306 kemur eftirfarandi:

„b) Fyrsta útgáfa tækniflugbókar loftfars skal hljóta samþykki lögbærs yfirvalds í samræmi við CAMO.A.105 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða 1. lið CAO.1 í V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á. Öllum síðari breytingum á tækniflugbókinni skal stjórnað í samræmi við c-lið CAMO.A.300 eða c-lið CAO.A.025.“

12) Í M.A.306 fellur c-liður brott.

13) Í stað liðar M.A.307 kemur eftirfarandi:

„a) Þegar loftfar er endanlega fært frá einum eiganda eða flugrekanda til annars skal eigandinn eða flugrekandinn, sem sá um yfirfærsluna, tryggja að einnig séu afhentar skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í M.A.306, og, ef við á, tækniflugbókin sem um getur í M.A.305.

b) Geri eigandinn samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki um að það taki að sér verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal hann sjá til þess að skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í M.A.305, séu afhentar því verktakafyrirtæki.

c) Frestirnir um varðveislu skráa, sem settir eru fram í e-lið M.A.305, skulu gilda áfram um nýja eigandann, flugrekandann, CAMO- eða CAO-fyrirtækið.“

14) Í stað d-liðar M.A.403 kemur eftirfarandi:

„d) Skrá skal allar bilanir, sem eru ekki lagfærðar fyrir flug, í skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem um getur í M.A.305, eða í tækniflugbók loftfars, sem um getur í M.A.306, eftir því sem við á.“

15) Í stað 1. liðar a-liðar í M.A.501 kemur eftirfarandi:

„1) Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1, eða sambærilegu eyðublaði, og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í þessum viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta).“

16) Í stað 3. liðar a-liðar í M.A.501 kemur eftirfarandi:

„3) Íhlutir sem flokkaðir eru sem óendurnýtanlegir vegna þess að þeir eru komnir fram yfir lögboðinn endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim.“

17) Í stað liðar M.A.502 kemur eftirfarandi:

„**M.A.502 Viðhald íhluta**

a) Viðhaldsfyrirtæki, sem eru samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á, skulu framkvæma viðhald íhluta.

b) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í loftfarinu, að viðhald hans sé í höndum viðhaldsfyrirtækis, sem samþykkt er í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða í höndum viðhaldsvotta sem um getur í 2. lið b-liðar í M.A.801. Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða viðhaldsgögn íhlutar ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku viðhaldsfyrirtæki loftfars eða viðhaldsvottum er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.

c) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í hreyflinum eða aukaaflstöð (APU), að viðhald slíks íhlutar sé í höndum viðhaldsfyrirtækis fyrir hreyfla, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta). Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils eða aukaaflstöðvar eða í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku fyrirtæki með heimildir í B-flokki er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds.

Ákvæði a- til c-liðar hér að framan skulu ekki gilda um íhlutina, sem um getur í c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

d) Viðhald íhluta, sem um getur í c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef íhlutnum hefur verið komið fyrir í loftfarinu eða hefur verið fjarlægður tímabundið til að auðvelda aðgengi, skal vera í höndum viðhaldsfyrirtækis loftfars, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða, eftir því sem við á, í höndum viðhaldsvotta, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801 eða í höndum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem um getur í 3. lið b-liðar M.A.801. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.“

18) Í stað liðar M.A.503 kemur eftirfarandi:

„**M.A.503 Hlutar með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun**

a) Ísettir hlutar með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun skulu ekki fara yfir samþykktan endingartíma, eins og tilgreint er í viðhaldsáætlun loftfarsins og í lofthæfifyrirmælum, nema eins og kveðið er á um í c-lið M.A.504.

b) Þegar samþykktur endingartími rennur út skal fjarlægja íhlutinn úr loftfarinu til viðhalds eða förgunar þegar um er að ræða hluta með tiltekinn endingartíma.“

19) Í stað b-liðar í M.A.504 kemur eftirfarandi:

„b) Ekki skal vera heimilt að setja óendurnýtanlega íhluti aftur í íhlutabirgðakerfið nema lögboðinn endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

20) Í stað a- og b-liðar M.A.603 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtæki sem fæst við starfsemi sem fellur undir þennan kafla skal ekki stunda starfsemina nema að fengnu samþykki lögbæra yfirvaldsins. Í þeim tilgangi skal lögbæra yfirvaldið nota eyðublaðið sem sett er fram í V. viðbæti.

b) Tilgreina skal verksviðið, sem er háð samþykki, í handbók viðhaldsfyrirtækisins í samræmi við M.A.604. Flokkar og áritanir, sem nota skal fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja, eru sett fram í IV. viðbæti við þennan hluta.“

21) Í stað 1. liðar a-liðar í M.A.604 kemur eftirfarandi:

„1. yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanninum, sem er tilnefndur í samræmi við a-lið M.A.606, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni ávallt stunda starfsemi sína í samræmi við kröfur þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við handbókina,“.

22) Í stað i-liðar M.A.606 kemur eftirfarandi:

„i) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni í samræmi við ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), skal það hafa starfsfólk með réttindi sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.904 í V. viðauka b (ML-hluta).“

23) Í M.A.606 fellur j-liður brott.

24) Í stað 1. liðar a-liðar M.A.607 kemur eftirfarandi:

„1. að viðhaldsvottar geti sýnt fram á að þeir uppfylli kröfur b-liðar 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) eða, ef þess er krafist í þeim viðauka, að þeir uppfylli kröfur laga aðildarríkisins,“.

25) Í stað liðar M.A.609 kemur eftirfarandi:

„**M.A.609 Viðhaldsgögn**

Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal hafa undir höndum viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn, sem tilgreind eru í M.A.401 í þessum viðauka eða í ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og nota þau við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Í því tilviki sem viðskiptavinurinn leggur fram viðhaldsgögn skal fyrirtækið einungis hafa undir höndum og nota slík gögn meðan á viðhaldsvinnunni stendur.“

26) Í stað M.A.611, M.A.612 og M.A.613 kemur eftirfarandi:

„**M.A.611 Viðhaldsstaðlar**

Allt viðhald skal framkvæmt í samræmi við kröfur D-kafla A-þáttar í þessum viðauka eða kröfur D-kafla A-þáttar í V. viðauka b (ML-hluta), eins og sett er fram í 1. mgr. 3. gr.

M.A.612 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á loftfari er lokið, í samræmi við þennan kafla, skal viðhaldsvottorð fyrir loftför gefið út í samræmi við M.A.801 í þessum viðauka eða ML.A.801 í V. viðauka b (ML-hluta), eins og sett er fram í 1. mgr. 3. gr.

M.A.613 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

a) Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á íhlutum er lokið í samræmi við þennan kafla skal viðhaldsvottorð fyrir íhluti gefið út í samræmi við M.A.802 í þessum viðauka eða ML.A.802 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Gefa skal út EASA-eyðublað nr. 1, nema þegar um er að ræða íhluti sem er viðhaldið í samræmi við b- eða d-lið M.A.502, að því er varðar íhluti, sem eru framleiddir í samræmi við c-lið M.A.603 í þessum viðauka, og íhluti sem annað er ákveðið um í ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta).

b) Eyðublaðið fyrir viðhaldsvottorð íhluta, EASA-eyðublað nr. 1, er hægt að sækja í tölvukerfi.“

27) Í stað b-liðar í M.A.614 kemur eftirfarandi:

„b) Samþykkta viðhaldsfyrirtækið skal láta eiganda eða flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynlegar eru til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305.“

28) Í stað liðar M.A.615 kemur eftirfarandi:

„**M.A.615 Réttindi fyrirtækisins**

Viðhaldsfyrirtækinu, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka, er heimilt:

a) að annast viðhald á sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í handbók viðhaldsfyrirtækisins,

b) að sjá til þess að framkvæmd sérhæfðra verkefna fari fram hjá öðru fyrirtæki, sem hefur tilskilin réttindi og er undir eftirliti viðhaldsfyrirtækisins, eins og lýst er í handbók viðhaldsfyrirtækisins,

c) að viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, hvar svo sem þörf er á viðhaldinu, annaðhvort vegna þess að loftfarið er óflugfært eða tilfallandi viðhald er nauðsynlegt, sbr. þó að skilyrðin, sem tilgreind eru í handbók viðhaldsfyrirtækisins, séu uppfyllt,

d) að gefa út viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi í samræmi við M.A.612 eða M.A.613 í þessum viðauka,

e) ef það hefur sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni, að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta).

Fyrirtækið skal aðeins sjá um viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast, þegar það hefur nauðsynlega aðstöðu, búnað, verkfæri, efnivið, viðhaldsgögn og viðhaldsvotta til taks.“

29) Í stað a- og b-liðar M.A.619 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrsta stigs frávik er sérhver veruleg vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka og V. viðauka b (ML-hluta) sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka og V. viðauka b (ML-hluta), sem getur dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.“

30) Í stað liðar M.A.801 kemur eftirfarandi:

„**M.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför**

a) Gefa skal út viðhaldsvottorð í samræmi við þennan kafla, að undanskildum viðhaldsvottorðum loftfara sem viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta), gefur út.

b) Ekki skal veita loftfari vottun nema viðhaldsvottorð hafi verið gefið út, eftir að öll fyrirskipuð viðhaldsverkefni hafa verið framkvæmd á tilhlýðilegan hátt. Viðurkenndir viðhaldsvottar viðhaldsfyrirtækisins, sem samþykkt er í samræmi við F-kafla þessa viðauka eða V. viðauka d (CAO-hluta), skulu gefa viðhaldsvottorðið út nema að því er varðar viðhaldsverkefni önnur en flókin viðhaldsverkefni, sem eru skráð í VII. viðbæti við þennan viðauka, þar sem viðhaldsvottorðið er annaðhvort gefið út af:

1. óháðum viðhaldsvottum sem starfa í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. þessarar reglugerðar eða

2. flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem starfar í samræmi við M.A.803 þessa viðauka.

c) Þrátt fyrir b-lið er eigandanum heimilt, við ófyrirsjáanlegar aðstæður, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er fyrir hendi neitt viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við þennan viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d, og ekki heldur fyrir hendi neinir óháðir viðhaldsvottar, að leyfa sérhverjum aðila, sem er með minnst þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og er handhafi annaðhvort gilds skírteinis flugvéltæknis, sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, fyrir þá tegund loftfars sem þarfnast viðhalds, eða heimildar viðhaldsvotta, sem er gild fyrir þá vinnu sem krefst vottunar og gefin út af viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að sjá um viðhald loftfarsins í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið. Í því tilviki skal eigandinn:

1. fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins ítarlegar upplýsingar um allt það viðhald sem fer fram og réttindi aðilans sem gefur út viðhaldsvottorðið,

2. tryggja að slíkt viðhald sé sannprófað síðar meir og nýtt viðhaldsvottorð útgefið af hálfu aðila með viðeigandi heimild, sem um getur í b-lið, eða af hálfu fyrirtækis, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), við fyrsta tækifæri en þó innan sjö almanaksdaga frá útgáfu viðhaldsvottorðs af hálfu aðila með heimild frá eigandanum,

3. innan sjö daga frá því að slík heimild hefur verið gefin út, tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þegar samningar hafa tekist við það, eða lögbæra yfirvaldinu ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi.

d) Þegar viðhaldsvottorð er gefið út í samræmi við 2. lið b-liðar er viðhaldsvottum heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri aðila, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti þeirra, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.

e) Í viðhaldsvottorði skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

1. grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram,

2. hvenær viðhaldinu var lokið,

3. heiti fyrirtækisins og/eða nafn aðilans sem gefur út viðhaldsvottorðið, þ.m.t. annaðhvort:

i. tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækisins og viðhaldsvottanna sem gáfu út viðhaldsvottorðið,

ii. í því tilviki sem um getur í 2. lið b-liðar nöfn og, ef við á, skírteinisnúmer þeirra viðhaldsvotta sem gefa út viðhaldsvottorðið,

4. takmarkanir á lofthæfi eða starfrækslu, ef einhverjar eru.

f) Þrátt fyrir b- og g-lið er heimilt að gefa út viðhaldsvottorð, innan ramma samþykktra takmarkana loftfarsins, þegar ekki er hægt að ljúka við tilskilið viðhald. Í því tilviki skal tilgreina í vottorðinu að ekki hefði verið hægt að ljúka viðhaldinu og þar að auki skal tilgreina allar viðeigandi lofthæfitakmarkanir eða takmarkanir á starfrækslu sem hluta af upplýsingunum sem krafist er skv. 4. lið e-liðar.

g) Ekki skal gefa út viðhaldsvottorð ef vitað er um vanefnd gagnvart kröfum sem stofnar flugöryggi í hættu.“

31) Í stað liðar M.A.802 kemur eftirfarandi:

„**M.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti**

a) Gefa skal út viðhaldsvottorð við lok viðhalds á loftfarsíhlut, sem framkvæmt er í samræmi við M.A.502, nema loftfar hljóti viðhaldsvottun viðhaldsfyrirtækis, sem er samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

b) Opinbert viðhaldsvottorð, sem er EASA-eyðublað nr. 1, telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhluti nema þegar viðhald á íhlutum loftfars hefur farið fram samkvæmt b- eða d-lið M.A.502 en þá er viðhaldið háð verklagsreglum fyrir viðhaldsvottun loftfars samkvæmt M.A.801.“

32) Í stað b-liðar í M.A.803 kemur eftirfarandi:

„b) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa og þar undir, sem eru hvorki notuð í flutningaflugi né í starfrækslu í ábataskyni hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, er flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið að loknu takmörkuðu viðhaldi flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eins og tilgreint er í VIII. viðbæti við þennan viðauka.“

33) Í stað d-liðar M.A.803 kemur eftirfarandi:

„d) Færa skal viðhaldsvottorðið inn í skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara og skulu þar koma fram grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvaða viðhaldsgögn voru notuð, hvenær viðhaldinu var lokið, nafn og undirskrift flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins og gefur vottorðið út, ásamt númeri flugmannsskírteinis hans.“

34) Í stað liðar M.A.901 kemur eftirfarandi:

„**M.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara**

Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.

a) Lofthæfistaðfestingarvottorð er gefið út í samræmi við III. viðbæti (EASA-eyðublað nr. 15a eða 15b) við þennan viðauka að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi. Lofthæfistaðfestingarvottorðið skal gilda í 1 ár.

b) Loftfar undir viðurkenndri viðhaldsstjórn er loftfar sem hefur á næstliðnum 12 mánuðum:

1. að staðaldri verið með lofthæfi sitt undir stjórn sama CAMO- eða CAO-fyrirtækis

2. verið viðhaldið af viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), þ.m.t. tilvik þar sem viðhaldsverkefnin, sem um getur í b-lið M.A.803, eru framkvæmd og viðhaldsvottorð gefið út í samræmi við 1. eða 2. lið b-liðar M.A.801 í þessum viðauka.

c) Að því er varðar öll loftför sem flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, nota og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í 1. lið b-liðar og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, í samræmi við CAMO.A.125 og 1. lið c-liðar CAO.A.095, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.901,

2. framlengt allt að tvisvar sinnum gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorðs, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn.

d) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð að loknu fullnægjandi mati, sem byggist á tilmælum frá CAMO- eða CAO-fyrirtæki, sem senda á inn með umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg sem uppfylla annaðhvort eftirfarandi skilyrða:

1. þau eru ekki undir viðurkenndri viðhaldsstjórn,

2. áframhaldandi lofthæfi þeirra er undir stjórn fyrirtækis, sem hefur ekki réttindi til að annast staðfestingu á lofthæfi.

Tilmælin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram í samræmi við M.A.901.

e) Að því er varðar loftför sem ekki eru notuð af flugrekendum, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa 2730 kg eða þar undir, getur sérhvert CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, sem eigandi eða flugrekandi velur í samræmi við CAMO.A.125 eða CAO.A.095 og fellur undir j-lið:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.901,

2. framlengt allt að tvisvar sinnum gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorðs, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn undir stjórn fyrirtækisins.

f) Þrátt fyrir 2. lið c-liðar og 2. lið e-liðar M.A.901, að því er varðar loftför undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í 1. lið b-liðar og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar, framlengt allt að tvisvar sinnum gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorða, sem lögbæra yfirvaldið eða annað CAMO- eða CAO-fyrirtæki hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti.

g) Ef aðstæður leiða í ljós að flugöryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið sjálft annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorðið.

h) Með fyrirvara um g-lið getur lögbæra yfirvaldið sjálft annast staðfestingu á lofthæfi og gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í eftirfarandi tilvikum:

1. ef CAMO- eða CAO-fyrirtæki, sem hefur höfuðstöðvar sínar í þriðja landi, annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi þeirra,

2. fyrir öll önnur loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir, fari eigandinn þess á leit.

i) Ef lögbæra yfirvaldið gefur sjálft út lofthæfistaðfestingarvottorðið í samræmi við g- eða h-lið eða eftir að hafa metið tilmælin í samræmi við M.B.901, skal eigandinn eða flugrekandinn, ef nauðsyn krefur í þessum tilgangi, láta lögbæru yfirvaldi í té:

1. öll þau skjöl sem lögbæra yfirvaldið krefst,

2. hentugt húsnæði á viðeigandi stað fyrir starfsfólk þess,

3. aðstoð fyrir viðhaldsvotta.

j) Hvorki skal gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð né heldur framlengja það ef eitthvað bendir til þess eða ástæða er til að ætla að loftfarið sé ekki í lofthæfu ástandi.

k) Staðfesting á lofthæfi loftfarsins skal fela í sér fullkomlega skjalfesta endurskoðun á skrám loftfarsins sem staðfestir að eftirfarandi kröfur hafi verið uppfylltar:

1. að flugtími flugskrokks, hreyfils og loftskrúfu og notkunarskipti þeirra í flugi hafi verið rétt skráð,

2. að flughandbókin gildi fyrir útfærslu loftfarsins með hliðsjón af síðustu endurskoðun,

3. að allt viðhald á loftfari, samkvæmt samþykktri viðhaldsáætlun loftfarsins, hafi farið fram,

4. að allar bilanir, sem vitað var um, hafi verið lagfærðar eða, þegar við á, að viðgerð hafi verið frestað undir eftirliti í samræmi við M.A.403,

5. að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum hafi verið beitt og þau rétt skráð,

6. að allar breytingar og viðgerðir, sem gerðar hafa verið á loftfarinu, hafi verið skráðar og uppfylli kröfur M.A.304,

7. að allir hlutar með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun, sem eru settir í loftfarið, séu rétt auðkenndir og skráðir og endingartími þeirra ekki runninn út,

8. að allt viðhald hafi verið framkvæmt í samræmi við þennan viðauka,

9. að gildandi massa- og jafnvægisskýrsla endurspegli gildandi útfærslu loftfarsins og sé í gildi,

10. að loftfarið uppfylli kröfur síðustu endurskoðunar á tegundarhönnun þess sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,

11. ef þess er krafist, að loftfarið hafi hljóðstigsvottorð sem samsvarar núverandi útfærslu loftfarsins og uppfylli kröfur I-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

l) Staðfesting á lofthæfi loftfarsins skal fela í sér ástandskönnun á loftfarinu. Að því er varðar þessa könnun skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og hefur ekki tilskilin réttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta), njóta aðstoðar starfsfólks með slík réttindi.

m) Með því að kanna ástand loftfarsins skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sjá til þess að:

1. allar nauðsynlegar merkingar og skilti séu rétt ísett,

2. loftfarið uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktri flughandbók þess,

3. útfærsla loftfarsins uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktum skjölum,

4. engin augljós bilun finnist sem ekki hefur fundist lausn á samkvæmt M.A.403,

5. ekkert ósamræmi finnist á milli loftfarsins og skjalfestrar endurskoðunar á skránum sem um getur í k-lið.

n) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar má staðfesting á lofthæfi fara fram allt að 90 dögum áður, án þess að samfella í framvindu staðfestingar á lofthæfi raskist, til að ástandsskoðun geti farið fram við viðhaldsskoðun.

o) Lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15b) eða tilmæli um útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs (EASA-eyðublað nr. 15a), sem um getur í III. viðbæti við þennan viðauka, skal einungis gefið út:

1. af starfsfólki, sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi, fyrir hönd samþykkta fyrirtækisins,

2. ef staðfesting á lofthæfi hefur verið framkvæmd að fullu.

p) Senda skal afrit innan 10 daga af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til aðildarríkisins þar sem viðkomandi loftfar er skráð.

q) Ekki skal fela undirverktaka verkefni sem tengjast staðfestingu á lofthæfi.

r) Ef niðurstöður staðfestingar á lofthæfi reynast ósannfærandi skal fyrirtækið, sem lét framkvæma staðfestinguna, tilkynna lögbæru yfirvaldi um það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið greinir frá ástæðunni fyrir því að staðfestingin á lofthæfi reynist ósannfærandi.

s) Lofthæfistaðfestingarvottorðið skal ekki gefið út fyrr en atriðin, sem tengjast frávikunum, hafa verið leidd til lykta.“

35) Í stað 5. liðar b-liðar M.A.902 kemur eftirfarandi:

„5. breyting eða viðgerð uppfyllir ekki kröfur M.A.304.“

36) Í stað liðar M.A.904 kemur eftirfarandi:

„**M.A.904 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til ESB**

a) Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis eða frá eftirlitskerfi þar sem reglugerð (ESB) 2018/1139 gildir ekki, skal umsækjandinn:

1. sækja um að lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

2. láta framkvæma staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við M.A.901, fyrir loftför sem ekki eru ný,

3. láta framkvæma allt viðhald, samkvæmt kröfum samþykktrar viðhaldsáætlunar loftfarsins, í samræmi við M.A.302.

b) Þegar fyrirtækið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hefur gengið úr skugga um að loftfarið uppfylli viðeigandi kröfur skal það senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins skjalfest tilmæli um að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð.

c) Eigandi loftfarsins skal veita lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð, aðgang að loftfarinu til skoðunar.

d) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út lofthæfivottorð þegar það hefur gengið úr skugga um að loftfarið uppfylli kröfurnar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

e) Viðkomandi lögbært yfirvald aðildarríkisins skal einnig gefa út lofthæfistaðfestingarvottorðið. Vottorðið skal gilda í eitt ár, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að stytta gildistímann af ástæðum sem varða flugöryggi.“

37) Í stað a- og b-liðar M.A.905 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrsta stigs frávik er sérhver veruleg vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem getur dregið úr öryggiskröfum og stofnað flugöryggi í hættu.“

38) Eftirfarandi liður M.B.103 bætist við:

„**M.B.103 Frávik og framfylgdarráðstafanir – aðilar**

Ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við þennan viðauka, finnur vísbendingar um, við eftirlit eða með öðrum hætti, að handhafi skírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingar, sem gefin er út í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139, fari ekki að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 skal lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á vanefndinni, grípa til hvers konar nauðsynlegra framfylgdarráðstafana til að koma í veg fyrir áframhald þeirrar vanefndar.“

39) Í stað liðar M.B.104 kemur eftirfarandi:

„**M.B.104 Skráahald**

a) Lögbær yfirvöld skulu koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers vottorðs á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Í skrám yfir eftirlit með fyrirtækjum, sem hlotið hafa samþykki í samræmi við þennan viðauka, skal vera a.m.k.:

1. umsókn um samþykki fyrir fyrirtækinu,

2. samþykkisvottorð fyrirtækisins með áorðnum breytingum,

3. afrit af úttektaráætluninni þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og úttekta sem lokið er við,

4. skrár lögbæra yfirvaldsins um samfellt eftirlit, þ.m.t. skrár yfir allar úttektir,

5. afrit af öllum bréfaskiptum sem máli skipta,

6. nákvæmar upplýsingar um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,

7. allar skýrslur frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast eftirliti með fyrirtækinu,

8. starfsemislýsing eða handbók fyrirtækisins ásamt breytingum,

9. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt beint.

c) Skrárnar, sem um getur í b-lið, skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

d) Til að uppfylla lágmarkskröfur um skrár, að því er varðar eftirlit með hverju loftfari, skal í skránum a.m.k. vera afrit af:

1. lofthæfivottorði loftfarsins,

2. lofthæfistaðfestingarvottorðum,

3. tilmælum um staðfestingu á lofthæfi sem fyrirtæki, sem eru samþykkt í samræmi við CAO- eða CAMO-hluta, hafa gefið út,

4. skýrslum um staðfestingar á lofthæfi sem lögbært yfirvald framkvæmdi sjálft,

5. öllum bréfaskiptum sem máli skipta og tengjast loftfarinu,

6. upplýsingum um undanþágur og framfylgdaraðgerð eða -aðgerðir,

7. öllum skjölum sem lögbæra yfirvaldið samþykkir samkvæmt þessum viðauka eða II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (ARO-hluta).

e) Skrárnar, sem eru tilgreindar í d-lið, skulu varðveittar í tvö ár eftir að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.

f) Allar skrár skulu vera tiltækar fyrir annað aðildarríki eða Flugöryggisstofnunina að beiðni þeirra.“

40) Í stað liðar M.B.201 kemur eftirfarandi:

„**M.B.201 Ábyrgð**

Lögbær yfirvöld, eins og þau eru skilgreind í lið M.1, bera ábyrgð á því að framkvæma úttektir, skoðanir og rannsóknir til að staðfesta að farið sé að kröfum þessa viðauka.“

41) Eftirfarandi liður M.B.202 bætist við:

„**M.B.202 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar**

a) Lögbæra yfirvaldið skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139.

b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnuninni mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi, sem eru til komnar vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist samkvæmt M.A.202.“

42) Í stað liðar M.B.301 kemur eftirfarandi:

„**M.B.301 Viðhaldsáætlun loftfars**

a) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að viðhaldsáætlun loftfarsins uppfylli kröfur M.A.302.

b) Viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni skulu hljóta beint samþykki lögbæra yfirvaldsins nema annað sé tekið fram í c-lið M.A.302. Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að öllum þeim gögnum sem krafist er samkvæmt d-, e- og f-lið M.A.302.

c) Þegar um er að ræða óbeint samþykki, eins og kveðið er á um í c-lið M.A.302, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja málsmeðferð CAMO- eða CAO-fyrirtækisins við samþykki á viðhaldsáætlun loftfarsins með því að nota starfsemislýsingu hlutaðeigandi fyrirtækis, eins og um getur í CAO.A.025 og CAMO.A.300.“

43) Eftirfarandi liður M.B.305 bætist við:

„**M.B.305 Tækniflugbók loftfars**

a) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu tækniflugbók loftfars sem krafist er samkvæmt M.A.306.

b) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar á tækniflugbók loftfarsins, án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðeigandi verklagsreglur sem um getur í c-lið CAMO.A.300 eða c-lið CAO.A.025.“

44) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar M.B.602:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í handbók viðhaldsfyrirtækisins, uppfylli kröfur F-kafla þessa viðauka og tryggja að ábyrgðarmaðurinn skrifi undir yfirlýsinguna um skuldbindingu.

c) Lögbæra yfirvaldið skal fullvissa sig um að fyrirtækið uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í F-kafla þessa viðauka.“

45) Í stað a-liðar M.B.603 kemur eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út til handa umsækjanda samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 3 (V. viðbætir við þennan viðauka), þar sem fram kemur umfang samþykkisins, ef viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur viðeigandi liða þessa viðauka.“

46) Í stað a-liðar M.B.604 kemur eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal stýra og uppfæra áætlun þar sem skráð er fyrir hvert viðhaldsfyrirtæki, sem er undir umsjón þess og hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla B-þáttar þessa viðauka, hvaða daga sé áætlað að fara í vitjanir vegna úttekta og hvaða daga slíkar vitjanir áttu sér stað.“

47) Í stað inngangsorða a-liðar í M.B.605 kemur eftirfarandi:

„a) Komi fram vísbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, sem sýna fram á vanefnd gagnvart kröfunni, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka eða V. viðauka b (ML-hluta), skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:“

48) Í stað c-liðar M.B.606 kemur eftirfarandi:

„c) Að því er varðar allar breytingar á handbók viðhaldsfyrirtækisins gildir eftirfarandi:

1. Ef um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum, í samræmi við b-lið M.A.604, skal lögbæra yfirvaldið staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í handbókinni, uppfylli kröfur þessa viðauka áður en það tilkynnir samþykkta fyrirtækinu formlega um samþykkið.

2. Ef um er að ræða óbeint samþykki fyrir breytingum, í samræmi við c-lið M.A.604, skal lögbæra yfirvaldið tryggja að:

i. breytingarnar verði minniháttar,

ii. það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær uppfylli áfram kröfur þessa viðauka.“

49) Í stað 1. liðar M.B.901 kemur eftirfarandi:

„1. skal starfsfólk lögbæra yfirvaldsins með viðeigandi réttindi staðfesta að hlítniyfirlýsingin, sem er að finna í tilmælunum, sýni að staðfesting á lofthæfi, í samræmi við M.A.901, hafi verið framkvæmd að fullu.“

50) Í stað a- og b-liðar M.B.902 kemur eftirfarandi:

„a) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð (III. viðbætir (EASA-eyðublað nr. 15a) við þennan viðauka) skal það staðfesta lofthæfi í samræmi við M.A.901.

b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki til að annast staðfestingu á lofthæfi.

1. Að því er varðar öll loftför, sem flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 nota, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. fimm ára reynslu af því að starfa við áframhaldandi lofthæfi,

b) öðlast viðeigandi skírteini, sem uppfylla kröfur III. viðauka (66. hluta) eða réttindi sem starfsfólk í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa,

c) fengið formlega þjálfun í viðhaldi loftfara,

d) gegnt stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið getur fimm ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis komið í stað kröfunnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar b-liðar M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar b-liðar M.B.902.

2. Að því er varðar loftför, sem flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 nota, og loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa og þar undir, skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. þriggja ára reynslu af því að starfa við áframhaldandi lofthæfi,

b) öðlast viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða réttindi sem starfsfólk í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins, þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa,

c) fengið viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara,

d) gegnt stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið getur fjögurra ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis komið í stað kröfunnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar b-liðar M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar b-liðar M.B.902.“

51) Eftirfarandi liður M.B.904 bætist við:

„**M.B.904 Upplýsingaskipti**

Við móttöku tilkynningar um flutning á loftfari á milli aðildarríkja, samkvæmt M.A.903, skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er sem stendur skráð, upplýsa lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið mun verða skráð, um hvers konar vandamál varðandi loftfarið sem flytja skal. Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið mun verða skráð, skal tryggja að lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er sem stendur skráð, hafi verið upplýst um flutninginn á tilhlýðilegan hátt.“

52) Í stað I. viðbætis kemur eftirfarandi:

„I. viðbætir

Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

1. Geri eigandi eða flugrekandi samning, í samræmi við M.A.201, við CAMO- eða CAO-fyrirtæki um að það sjái um verkefni, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn eða flugrekandinn, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins afrit af samningnum þegar báðir aðilar hafa undirritað hann.

2. Samningurinn skal útfærður með hliðsjón af kröfunum í þessum viðauka og skal skilgreina í honum kvaðir undirritunaraðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.

3. Í honum skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— einkennisstafir loftfars, tegund og raðnúmer,

— nafn eiganda eða skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. heimilisfang,

— upplýsingar um CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, þ.m.t. heimilisfang og

— tegund starfrækslu.

4. Þar skal vera eftirfarandi yfirlýsing:

„Eigandinn eða flugrekandinn felur CAMO- eða CAO-fyrirtæki að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, sem skal hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins, eins og fram kemur í lið M.1, og skipuleggja viðhald á loftfarinu í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun loftfarsins.

Í þessum samningi skuldbinda báðir undirritunaraðilar sig til að uppfylla kvaðir sínar samkvæmt samningnum.

Eigandinn eða flugrekandinn lýsir því yfir að samkvæmt hans bestu vitund séu allar upplýsingar, sem CAMO- eða CAO-fyrirtækinu hafa verið veittar varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, réttar og að svo verði áfram og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirframsamþykkis frá CAMO- eða CAO-fyrirtækinu.

Ef annar undirritunaraðilinn uppfyllir ekki einhver ákvæði þessa samnings verður samningurinn ógildur. Í slíkum tilvikum mun eigandinn eða flugrekandinn bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og eigandinn mun tilkynna lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins um slíkt frávik frá samningnum innan tveggja vikna.“

5. Geri eigandi/flugrekandi samning, í samræmi við M.A.201, CAMO- eða CAO-við fyrirtæki skulu kvaðirnar skiptast á milli samningsaðila á eftirfarandi hátt:

5.1. Eftirfarandi kvaðir hvíla á CAMO- eða CAO-fyrirtækinu:

1. að sjá til þess að tegund loftfarsins sé skráð í skilmálum samþykkis þess,

2. að virða skilyrðin, sem eru tilgreind hér á eftir, um að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins:

a) að semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar áreiðanleikaáætlanir sem eru samdar, ef við á,

b) að gefa upp þau viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætlun loftfarsins) sem flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er heimilt að framkvæma í samræmi við c-lið M.A.803,

c) að sjá til þess viðhaldsáætlun loftfarsins hljóti samþykki,

d) að láta eigandanum eða flugrekandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki,

e) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun loftfarsins til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,

f) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,

g) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum sé beitt,

h) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir sem í ljós koma við reglubundið viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir um,

i) að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,

j) að láta eigandann vita í hvert skipti sem farið skal með loftfarið til samþykkts viðhaldsfyrirtækis,

k) að hafa umsjón með öllum tæknilegum gögnum,

l) að setja öll tæknileg gögn í geymslu,

3. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

4. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 , hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

5. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til samþykkta viðhaldsfyrirtækisins eins og samþykkta fyrirtækið hefur krafist,

6. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur,

7. að tryggja að staðfesting á lofthæfi loftfarsins fari fram, þegar þörf krefur, og tryggja að lofthæfistaðfestingar-vottorðið sé gefið út eða að tilmælin séu send lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins,

8. að senda afrit, innan tíu daga, af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,

9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,

10. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir samningnum upp.

5.2. Eftirfarandi kvaðir hvíla á eiganda eða flugrekanda:

1. að þekkja grundvallaratriði samþykktrar viðhaldsáætlunar loftfarsins,

2. að þekkja grundvallaratriði þessa viðauka,

3. að fara með loftfarið til samþykkta viðhaldsfyrirtækisins í samráði við CAMO- eða CAO-fyrirtækið á þeim tíma sem CAMO- eða CAO-fyrirtækið krefst,

4. að breyta ekki loftfarinu án þess að hafa samráð fyrst við CAMO- eða CAO-fyrirtækið,

5. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu um allt aukaviðhald, sem er framkvæmt án vitneskju og eftirlits CAMO- eða CAO-fyrirtækisins,

6. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu um allar bilanir, sem finnast við starfrækslu loftfarsins, með því að færa þær inn í viðhaldsskrána,

7. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,

8. að tilkynna það CAMO- eða CAO-fyrirtækinu og lögbæra yfirvaldinu í skráningaraðildarríkinu ef loftfarið er selt,

9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,

10. að gefa CAMO- eða CAO-fyrirtækinu reglubundið upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunar-gögn samkvæmt samkomulagi við CAMO- eða CAO-fyrirtækið,

11. að færa viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskrárnar, eins og um getur í d-lið M.A.803, þegar flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, framkvæmir viðhald án þess að farið sé yfir mörk listans yfir viðhaldsverkefni líkt og tilgreint var í samþykktri viðhaldsáætlun loftfarsins eins og mælt er fyrir um í c-lið M.A.803,

12. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, eigi síðar en 30 dögum eftir að viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, er lokið, í samræmi við a-lið M.A.305.

6. Geri eigandi eða flugrekandi samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki, í samræmi við M.A.201, skal tilgreina kvaðir hvors samningsaðila að því er varðar skyldubundna og valfrjálsa skýrslugjöf um atvik í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).“

53) Ákvæðum II. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. lið:

i. Í stað x. liðar í 12. reit kemur eftirfarandi:

„x. Að því er varðar viðhaldsfyrirtæki, sem hafa hlotið samþykki samkvæmt F-kafla I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), yfirlýsingu varðandi viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem um getur í M.A.613 og CAO.A.070, eftir því sem við á:

„Hér með vottast að verkið, sem tilgreint er í 11. reit og lýst í þessum reit, hefur verið framkvæmt í samræmi við kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og að hægt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir eininguna, að því er varðar það verk, nema annað sé tekið fram í þessum reit. ÞETTA ER EKKI VIÐHALDSVOTTORÐ SKV. II. VIÐAUKA (145. HLUTA) VIÐ REGLUGERÐ (ESB) Nr. 1321/2014.“

Ef upplýsingarnar eru prentaðar úr rafrænni útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1 ætti að færa allar viðeigandi upplýsingar í þennan reit sem eiga ekki heima í öðrum reitum.“

ii. Í stað 14. reitar a kemur eftirfarandi:

„Reitur 14a

Merkja skal í viðeigandi reit eða reiti til að sýna hvaða reglur gilda um fullfrágengna verkið. Ef merkt er í reitinn „Aðrar reglur tilgreindar í 12. reit“ verður að tilgreina reglur hins lofthæfiyfirvaldsins eða hinna lofthæfiyfirvaldanna í 12. reit. Merkja verður í a.m.k. annan reitinn eða báða reitina, eftir því sem við á.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, skal haka í boxið „Aðrar reglur sem tilgreindar eru í 12. reit“ og færa skal yfirlýsingu um viðhaldsvottorðið í 12. reit. Í því tilviki er vottunaryfirlýsingin: „nema annað sé tekið fram í þessum reit“, notuð við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi,

b) þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerðar eru kröfur um í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta),

c) þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta); í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við A-þátt II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, er vottunaryfirlýsingin: „nema annað sé tekið fram í 12. reit“, notuð við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi,

b) þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerð er krafa um í II. viðauka (145. hluta),

c) þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í II. viðauka (145. hluta); í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.“

b) Í síðufæti EASA-eyðublaðs nr. 1 (forsíðu) kemur eftirfarandi í stað textans „EASA-eyðublað nr. 1 — MF/145, 2. útgáfa“:

„EASA-eyðublað nr. 1 — MF/CAO/145, 3. útgáfa“.“

54) Í stað III. viðbætis kemur eftirfarandi:

„III. viðbætir

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC)

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: .....

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar eftirfarandi fyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við A-þátt V. viðauka c (CAMO-hluta) eða A-þátt V. viðauka b (CAO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014,

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

Tilvísunarnúmer samþykkis: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS].MG.[NNNN].

hér með að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

(*) Fellur brott fyrir ríki utan ESB

EASA-eyðublað nr. 15b, 5. útgáfa

(*) Fellur brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftskipum.

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC)

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: .....

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

EASA-eyðublað nr. 15a, 5. útgáfa

(*) Fellur brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftskipum.“

55) Ákvæðum IV. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Í stað reitanna sem svara til áritunar A2 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐ-HALD
LOFTFÖR	A2 Flugvélar að hámarki 5700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhalds-verkefni] *Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin* Tilgreina skal hvort útgáfa loft-hæfistaðfestingarvottorða er heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)“.

ii. Í stað reitanna sem svara til áritunar A4 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐ-HALD	LEIÐARVIÐ-HALD
LOFTFÖR	A4 Loftför nema A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (sviffluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleið-anda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa loft-hæfistaðfestingarvottorða er heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)“.

56) Í stað V. viðbætis kemur eftirfarandi:

„V. viðbætir

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki – EASA-eyðublað nr. 3-MF

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi, eins og tilgreint er í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins, eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.
3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu þar til [(færa skal inn dagsetningu - tveimur árum eftir gildistökudag þessarar breytingarreglugerðar] nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað fyrir þann dag.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 4. útgáfa

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

Bls. 2 af 2

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 4. útgáfa

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins).“

57) Ákvæði VI. viðbætis falla brott.

58) Í stað inngangsorðanna í VII. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem um getur í 2. lið b-lið og í c-lið M.A.801:“.

59) Í VIII. viðbæti fellur 9. liður b-liðar brott.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.30:

a) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) skal það hafa starfsfólk með réttindi sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.904 í V. viðauka b (ML-hluta).“

b) Ákvæði l-liðar fellur brott.

2) Í stað 3. liðar a-liðar í 145.A.42 kemur eftirfarandi:

„iii. Íhlutir sem flokkaðir eru sem óendurnýtanlegir vegna þess að þeir eru komnir fram yfir lögboðinn endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim.“

3) Í stað 2. liðar c-liðar 145.A.42 kemur eftirfarandi:

„ii. Ekki skal vera heimilt að setja óendurnýtanlega íhluti aftur í íhlutabirgðakerfið nema lögboðinn endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

4) Í stað d-liðar 145.A.50 kemur eftirfarandi:

„d) Viðhaldsvottorð skal gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald á íhlut hefur verið framkvæmt á meðan íhluturinn er utan loftfarsins. Opinbera viðhaldsvottorðið „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhlutinn, nema annað sé tilgreint í b-lið M.A.502. Ef fyrirtæki hefur íhlut til eigin nota er ef til vill ekki þörf á EASA-eyðublaði nr. 1, með hliðsjón af innri verklagsreglum fyrirtækisins um útgáfu viðhaldsvottorða sem eru skilgreindar í starfsemislýsingu þess.“

5) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar 145.A.55:

„b) Fyrirtækið skal láta eiganda/flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af sundurliðaðri viðhaldsskrá í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynleg er til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305.

c) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem viðhaldsvottorð var gefið út fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við.

1. Varðveita skal skrárnar í tengslum við þennan lið á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

2. Geyma skal allan tölvuvélbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggisafrit, á öðrum stað en vélbúnaðinn, sem inniheldur vinnugögnin, og í umhverfi þar sem gott ásigkomulag hans er tryggt.

3. Þegar fyrirtæki, sem er samþykkt samkvæmt þessum viðauka, hættir rekstri skal senda allar varðveittar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi þrjú ár fyrir starfrækslulok fyrirtækisins til síðasta eiganda eða viðskiptaaðila viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.“

6) Í stað 6. liðar a-liðar í 145.A.70 kemur eftirfarandi:

„6. skrá yfir viðhaldsvotta, faglega ábyrgðarmenn og, ef við á, starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi ásamt gildissviði samþykkis þeirra,“.

7) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.75:

a) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) Ef það hefur hlotið sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir loftfar, sem fellur undir V. viðauka b (ML-hluta), er því heimilt að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við þessa reglugerð.“

b) Ákvæði g-liðar falla brott.

8) Í stað a- og b-liðar 145.A.95 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrsta stigs frávik er sérhver veruleg vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem getur dregið úr öryggiskröfum og stofnað flugöryggi í hættu.“

9) Í stað liðar 145.B.60 kemur eftirfarandi:

„**145.B.60 Undanþágur**

Ef aðildarríki veitir undanþágu frá kröfunum í þessum viðauka, í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, skal lögbæra yfirvaldið skrá undanþáguna. Það skal varðveita þessar skrár í þann tíma sem kveðið er á um í 3. lið 145.B.55.“

10) Í stað III. viðbætis kemur eftirfarandi:

„III. viðbætir

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki - EASA-eyðublað nr. 3-145

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI] (*)

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].145.XXXX

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðið, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur A-þáttar II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis, og til að gefa út viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi, eins og tilgreint er í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins eins og um getur í A-þætti í II. viðauka (145. hluta).

2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglunum sem tilgreindar eru í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. II. viðauka (145. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-145, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

VIÐHALDSFYRIRTÆKI

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].145.[XXXX]

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFAR (**)	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-145, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki.“

———

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað d-liðar 66.A.45 kemur eftirfarandi:

„d) Þrátt fyrir b- og c-lið, að því er varðar loftför í hópi 2 og 3, má einnig skrá loftfarstegundaráritanir í skírteini þegar eftirfarandi þrepum hefur verið lokið:

— viðeigandi tegundarprófi á loftfar í flokki B1, B2 eða C, í samræmi við III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta), hefur verið lokið með fullnægjandi árangri,

— sýnt hefur verið fram á verklega reynslu af viðkomandi loftfarstegund ef um er að ræða flokka B1 og B2. Í slíku tilviki skal verklega reynslan ná yfir dæmigerðan þverskurð af viðhaldsverkum sem eru viðeigandi fyrir skírteinisflokkinn.

Þegar um er að ræða áritun í flokki C fyrir aðila sem telst hafa réttindi verandi handhafi háskólagráðu, eins og um getur í 5. lið a-liðar í 66.A.30, skal fyrsta viðeigandi tegundarprófið á loftfar vera á sama stigi og í flokki B1 eða B2.“

2) Í stað a-liðar í 66.B.25 kemur eftirfarandi:

„a) Lögbær yfirvöld skulu taka þátt í gagnkvæmum skiptum á upplýsingum í samræmi við 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

3) Í stað liðar 66.B.30 kemur eftirfarandi:

„**66.B.30 Undanþágur**

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

4) Í stað töflunnar í 10. áfanga í I. viðbæti kemur eftirfarandi:

„STIG				
	A	B1	B2	B3
10.1 Reglurammi Hlutverk Alþjóðaflugmálastofnunarinnar Hlutverk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins Hlutverk Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) Hlutverk aðildarríkjanna og flugmálayfirvalda þeirra Reglugerð (ESB) 2018/1139, reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 Tengsl á milli mismunandi viðauka (hluta) reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 og reglugerðar (ESB) nr. 965/2012	1	1	1	1“.

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í 147.B.25 kemur eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

2) Í stað II. viðbætis kemur eftirfarandi:

„II. viðbætir

Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki - EASA-eyðublað nr. 11

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðið, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldskennslufyrirtæki sem uppfyllir kröfur A-þáttar IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og hefur hlotið samþykki til að veita þá þjálfun og halda þau próf sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og gefa út tilheyrandi viðurkenningarvottorð til handa nemendum með framangreindum tilvísunarnúmerum.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins, eins og um getur í A-þætti í IV. viðauka (147. hluta).
2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins.
3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldskennslufyrirtækið uppfyllir kröfur skv. IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.
4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 6. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	FLOKKUR SKÍRTEINIS	TAKMÖRKUN	
GRUNNUR (**)	B1 (**)	TB1.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TB1.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
	B2 (**)/(****)	TB2 (**)	RAFEINDABÚNAÐUR LOFTFARS (**)
	B2L (**)	TB2L (**)	RAFEINDABÚNAÐUR LOFTFARS (tilgreina skal kerfisáritanir) (**)
	B3 (**)	TB3 (**)	FLUGVÉLAR SEM KNÚNAR ERU STROKKHREYFLUM EN HAFA EKKI JAFNÞRÝSTIBÚNAÐ OG ERU MEÐ 2000 KG HÁMARKSFLUGTAKSMASSA EÐA ÞAR UNDIR (**)
	A (**)	TA.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TA.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
	L (**) (Aðeins próf)	TL (**)	TILGREINA SKAL VIÐEIGANDI UNDIRFLOKK SKÍRTEINIS (**)
TEGUND/VERKEFNI (**)	C (**)	T4 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	B1 (**)	T1 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	B2 (**)	T2 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	A (**)	T3 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)

Þessi samþykkisskrá takmarkast við þá þjálfun og þau próf sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins.

Tilvísun í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 5. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Samþykki fyrir grunnnámskeiði/-prófi í flokki B2 felur í sér samþykki fyrir grunnnámskeiði/-prófi í flokki B2L fyrir allar kerfisáritanir.“

3) Í stað III. viðbætis kemur eftirfarandi:

„1. **Grunnþjálfun og próf**

Nota skal fyrirmynd að vottorði um grunnþjálfunina til viðurkenningar á því að grunnþjálfun eða grunnþjálfunarprófi eða bæði grunnþjálfun og grunnþjálfunarprófi sé lokið.

Í þjálfunarvottorði skal greina skýrt frá öllum áfangaprófum, raðað eftir þeirri dagsetningu sem viðkomandi stóðst prófið, ásamt samsvarandi útgáfu I. viðbætis við III. viðauka (66. hluta.

Bls. 1 af 1

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX].[YYYYY]

Viðurkenningarvottorðið er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR OG -ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

sem viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

Með þessu vottorði er staðfest að framangreindur aðili hafi með fullnægjandi árangri staðist neðangreint samþykkt þjálfunarnámskeið (**) eða grunnpróf (**) í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.

[GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ (**)] og/eða [GRUNNPRÓF (**)]

[SKRÁ YFIR NÁMSGREINAR SKV. 66. HLUTA/DAGSETNING SEM VIÐKOMANDI STÓÐST PRÓF]

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 148, 3. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið

(**) Strika skal yfir það sem ekki á við

2. **Tegundarþjálfun og -próf**

Nota skal fyrirmynd að vottorði um tegundarþjálfunina til viðurkenningar á því að bóklegum þáttum eða verklegum þáttum eða bæði bóklegum og verklegum þáttum þjálfunarnámskeiðs til tegundaráritunar sé lokið.

Í vottorðinu skal tilgreina þá samsetningu flugskrokks/hreyfils sem þjálfað var fyrir.

Fella skal brott viðeigandi tilvísunarnúmer, eftir því sem við á, og skal tekið fram í rammanum fyrir tegund námskeiðsins hvort það nái aðeins yfir fræðilega eða verklega þætti eða bæði fræðilega og verklega þætti.

Í þjálfunarvottorði skal það koma skýrt fram hvor námskeiðið sé heilt námskeið eða stytt námskeið (s.s. námskeið um flugskrokk eða fullbúinn hreyfil eða rafeinda-/rafkerfi loftfars) eða mismunarnámskeið sem byggist á fyrri reynslu umsækjandans, t.d. A340-námskeið (CFM) fyrir A320-tæknimenn. Ef ekki er um heilt námskeið að ræða skal tilgreint í vottorðinu hvort tekið hafi verið tillit til sviðanna þar sem námskeiðin tengjast.

Bls. 1 af 1

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX].[YYYYY]

Viðurkenningarvottorðið er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR OG -ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

sem viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur aðili hafi með fullnægjandi árangri staðist fræðilega (**) og/eða verklega þætti (**) samþykkta tegundarþjálfunarnámskeiðsins sem tilgreint er að neðan og tengd próf í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.

[ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ Á TEGUND LOFTFARS (**)]

[UPPHAFS- og LOKADAGSETNINGAR]

[TILGREINA SKAL FRÆÐILEGA OG/EÐA VERKLEGA ÞÆTTI]

eða

[PRÓF Á TEGUND LOFTFARS (**)]

[LOKADAGSETNING]

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 149, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem á ekki við.“

———

V. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka a við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„EFNISYFIRLIT

T.1 Lögbært yfirvald

A-þáttur — Tæknilegar kröfur

A-kafli — ALMENN ÁKVÆÐI

T.A.101 Gildissvið

B-kafli — KRÖFUR

T.A.201 Ábyrgð

E-kafli — VIÐHALDSFYRIRTÆKI

T.A.501 Viðhaldsfyrirtæki

G-kafli — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)

T.A.701 Gildissvið

T.A.704 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

T.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.709 Skjöl

T.A.711 Réttindi

T.A.712 Stjórnunarkerfi

T.A.714 Skráahald

T.A.715 Áframhaldandi gildi

T.A.716 Frávik

B-þáttur — Viðbótarverklagsregla fyrir lögbær yfirvöld

A-kafli — Almenn ákvæði

T.B.101 Gildissvið

T.B.104 Skráahald

B-kafli — Ábyrgðarskylda

T.B.201 Ábyrgð

T.B.202 Frávik

G-kafli — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)

T.B.702 Upphafsferli vegna vottunar

T.B.704 Samfellt eftirlit

T.B.705 Frávik og aðgerðir til úrbóta“.

2) Ákvæðum A-þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar T.A.101 kemur eftirfarandi:

„**T.A.101 Gildissvið**

Í þessum þætti eru settar kröfur til að tryggja að áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem um getur í b-lið 1. gr., sé viðhaldið í samræmi við grunnkröfur V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139.

Í þættinum eru einnig tilgreind þau skilyrði sem aðilar og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og viðhaldi slíkra loftfara, þurfa að uppfylla.“

b) Í stað fyrirsagnar G-kafla kemur eftirfarandi:

„VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)“.

c) Í stað liðar T.A.701 kemur eftirfarandi:

„**T.A.701 Gildissvið**

Í þessum kafla eru settar kröfur, til viðbótar við kröfurnar í V. viðauka c (CAMO-hluta), sem fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við þann viðauka, þarf að uppfylla til að hafa rétt til að framkvæma verkefnin sem tilgreind eru í T.A.201.“

d) Í stað liðar T.A.704 kemur eftirfarandi:

„**T.A.704 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

Til viðbótar við kröfurnar, sem kveðið er á um í CAMO.A.300, skal starfsemislýsingin innihalda verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtæki tryggir að farið sé að kröfum þessa viðauka.“

e) Í stað liðar T.A.706 kemur eftirfarandi:

„**T.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk**

Til viðbótar við kröfurnar, sem kveðið er á um í CAMO.A.305, skal starfsfólkið, sem um getur í 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar í CAMO.A.305, hafa nægilega þekkingu á gildandi lögum í þriðja landi þar sem loftfarið er skráð.“

f) Í stað fyrstu málsgreinar í T.A.708 kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir CAMO.A.315, fyrir loftfar þar sem áframhaldandi lofthæfi er stjórnað í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka, skal fyrirtækið:“.

g) Í stað liðar T.A.709 kemur eftirfarandi:

„**T.A.709 Skjöl**

Þrátt fyrir CAMO.A.325 skal fyrirtækið, fyrir hvert loftfar þar sem áframhaldandi lofthæfi er stjórnað í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka, hafa undir höndum og nota viðeigandi viðhaldsgögn sem skráningarríki loftfarsins getur samþykkt.“

h) Í stað T.A.711 og T.A.712 kemur eftirfarandi:

„**T.A.711 Réttindi**

Fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), getur framkvæmt verkefnin, sem tilgreind eru í T.A.708, fyrir loftförin, sem eru skráð á flugrekandaskírteini þess, að því tilskildu að fyrirtækið hafi sett verklagsreglur, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, til að tryggja samræmi við kröfur þessa viðauka.

T.A.712 Stjórnunarkerfi

Til viðbótar við kröfurnar í CAMO.A.200 skal fyrirtækið tryggja að það fari að kröfunum í þessum viðauka.“

i) Í stað T.A.714, T.A.715 og T.A.716 kemur eftirfarandi:

„**T.A.714 Skráahald**

Til viðbótar við kröfurnar í a-lið CAMO.A.220 skal fyrirtækið geyma skrárnar sem um getur í j-lið 1. liðar í T.A.201.

T.A.715 Áframhaldandi gildi

Til að samþykki fyrirtækis, sem annast stjórnun áframhaldandi lofthæfi, gildi áfram skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar til viðbótar við kröfurnar í CAMO.A.135:

a) að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur þessa viðauka og

b) að fyrirtækið sjái til þess að öllum aðilum, sem hafa fengið heimild þar að lútandi frá lögbæru yfirvaldi, sé veittur aðgangur að hvers konar aðstöðu þess, loftförum eða gögnum, sem tengjast starfsemi þess, þ.m.t. hvers konar undirverktakastarfsemi, til að ákvarða hvort kröfur þessa viðauka séu uppfylltar.

T.A.716 Frávik

a) Eftir að hafa móttekið tilkynningu um frávik, í samræmi við T.B.705, skal fyrirtækið gera eftirfarandi:

1) greina frumorsök eða -orsakir vanefndarinnar og áhrifaþætti þar að lútandi,

2) undirbúa, samþykkja og framkvæma áætlun um aðgerðir til úrbóta,

3) sýna lögbæru yfirvaldi sínu fram á það með fullnægjandi hætti að gripið hafi verið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á frávikinu.

b) Aðgerðirnar, sem um getur í 1.–3. lið a-liðar, skulu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem lögbært yfirvald setur í samræmi við T.B.705.“

3) Ákvæðum B-þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„VIÐBÓTARVERKLAGSREGLA FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD“.

b) Í stað fyrirsagnar G-kafla kemur eftirfarandi:

„VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)“.

c) Í stað liðar T.B.702 kemur eftirfarandi:

„**T.B.702 Upphafsferli vegna vottunar**

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt CAMO.B.310, skal lögbært yfirvald sannprófa og staðreyna hvort þessar verklagsreglur uppfylli kröfur þessa viðauka og sannprófa hvort fyrirtækið uppfylli kröfurnar í þessum viðauka.“

d) Í stað T.B.704 og T.B.705 kemur eftirfarandi:

„**T.B.704 Samfellt eftirlit**

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt CAMO.B.305, skal lögbæra yfirvaldið, við hverja eftirlitslotu, gera úrtakskönnun á loftförum sem um getur í b-lið 1. gr. og sem fyrirtækið hefur undir sinni stjórn.

T.B.705 Frávik og aðgerðir til úrbóta

Að því er varðar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem um getur í b-lið 1. gr., skal lögbæra yfirvaldið beita þeim kröfum sem er að finna í CAMO.B.350 þegar sannprófa skal hvort fyrirtækið fari að kröfum þessa viðauka.“

———

VI. VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI b

(ML-hluti)

EFNISYFIRLIT

ML.1

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR
A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI
ML.A.101 Gildissvið
B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA
ML.A.201 Ábyrgð
ML.A.202 Tilkynning atvika
C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
ML.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi
ML.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars
ML.A.303 Lofthæfifyrirmæli
ML.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir
ML.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara
ML.A.307 Afhending skráa loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi
D-KAFLI — VIÐHALDSSTAÐLAR
ML.A.401 Viðhaldsgögn
ML.A.402 Framkvæmd viðhalds
ML.A.403 Bilun í loftfari
E-KAFLI — ÍHLUTIR
ML.A.501 Flokkun og ísetning
ML.A.502 Viðhald íhluta
ML.A.503 Íhlutir með tiltekinn endingartíma
ML.A.504 Eftirlit með ónothæfum íhlutum
H-KAFLI — VIÐHALDSVOTTORÐ
ML.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför
ML.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti
ML.A.803 Heimild flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars
I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ
ML.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara
ML.A.902 Gildi lofthæfistaðfestingarvottorðs
ML.A.903 Ferli við staðfestingu á lofthæfi
ML.A.904 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi
ML.A.905 Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB
ML.A.906 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til Sambandsins
ML.A.907 Frávik

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

ML.B.101 Gildissvið

ML.B.102 Lögbært yfirvald

ML.B.104 Skráahald

ML.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA

ML.B.201 Ábyrgð

C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

ML.B.302 Undanþágur

ML.B.303 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara

ML.B.304 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir

I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

ML.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi

ML.B.903 Frávik

I. viðbætir — Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

II. viðbætir — Takmarkað viðhald af hálfu flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins

III. viðbætir — Flókin viðhaldsverkefni sem flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, má ekki votta

IV. viðbætir — Lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15c)

ML.1

a) Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. gildir þessi viðauki (ML-hluti) um eftirfarandi loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008:

   1) flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er 2730 kg eða minni,

   2) þyrilvængjur með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni, vottaðar fyrir allt að fjóra farþega,

   3) önnur ELA2-loftför.

b) Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald vera það yfirvald sem skráningaraðildarríki loftfarsins tilnefnir.

c) Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   1) „óháðir viðhaldsvottar“: viðhaldsvottar sem starfa ekki fyrir hönd samþykkts viðhaldsfyrirtækis og sem uppfylla annað af eftirfarandi:

      i. kröfur III. viðauka (66. hluta),

      ii. hvað varðar loftför sem falla ekki undir III. viðauka (66. hluta): kröfur um viðhaldsvotta sem eru í gildi í skráningaraðildarríki loftfarsins,

   2) „viðhaldsfyrirtæki“: fyrirtæki sem er handhafi samþykkis sem gefið er út í samræmi við eitt af eftirfarandi:

      i. F-kafla í I. viðauka (M-hluta),

      ii. A-þátt í II. viðauka (145. hluta),

      iii. A-þátt í V. viðauka d (CAO-hluta),

   3) „eigandi“: sá aðili sem er ábyrgur fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þ.m.t.:

      i. skráður eigandi loftfarsins,

      ii. leigutaki ef um er að ræða leigusamning,

      iii. flugrekandinn.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

ML.A.101 Gildissvið

Í þessum þætti eru ákvarðaðar ráðstafanir sem á að gera til að tryggja lofthæfi loftfarsins. Einnig eru tilgreind þau skilyrði sem aðili eða fyrirtæki, sem koma að þeirri starfsemi sem tengist lofthæfi loftfarsins, þurfa að uppfylla.

B-KAFLI

ÁBYRGÐARSKYLDA

ML.A.201 Ábyrgð

a) Eigandi loftfarsins skal bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi þess og tryggja að ekkert flug fari fram nema allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1) loftfarið sé í lofthæfu ástandi,

2) öll rekstrartæki og neyðarbúnaður séu rétt ísett og nothæf eða skýrt auðkennd sem ónothæf,

3) lofthæfivottorðið sé gilt,

4) viðhald á loftfarinu sé framkvæmt í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins, sem tilgreind er í ML.A.302.

b) Þrátt fyrir a-lið skal ábyrgðin, sem sett er fram í a-lið, í tengslum við leigu á loftfari, hvíla á leigutakanum, ef leigutakinn er tilgreindur annaðhvort í skráningarskjali loftfarsins eða í leigusamningnum.

c) Sérhver aðili eða fyrirtæki, sem annast viðhald á loftförum og íhlutum, ber ábyrgð á þeim viðhaldsverkefnum sem eru leyst af hendi.

d) Flugstjóri loftfarsins skal bera ábyrgð á að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd á fullnægjandi hátt. Flugmaðurinn eða annar aðili með tilskilin réttindi skal annast skoðunina en ekki er nauðsynlegt að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða viðhaldsvottar annist hana.

e) Hvað varðar loftför, sem starfrækt eru af samþykktum þjálfunarfyrirtækjum (ATO) og yfirlýstum þjálfunarfyrirtækjum (DTO), sem starfrækt eru í ábataskyni og sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða sem ekki eru starfrækt í samræmi við VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta) eða starfrækt í samræmi við ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 (*), skal flugrekandinn:

1) vera samþykktur sem CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars síns, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða gera samning við slíkt fyrirtæki með því að nota samninginn sem settur er fram í I. viðbæti við þennan viðauka,

2) tryggja að allt viðhald sé framkvæmt af viðhaldsfyrirtækjum sem samþykkt eru í samræmi við 2. lið c-liðar í ML.1,

3) tryggja að kröfur a-liðar séu uppfylltar.

f) Til að uppfylla kröfur a-liðar getur eigandi loftfars, sem fellur ekki undir e-lið, gert samning við fyrirtæki, sem er samþykkt sem CAMO- eða CAO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), um að annast þau verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi. Í því tilviki skal verktakafyrirtækið ábyrgjast að þeim verkefnum sé sinnt á tilhlýðilegan hátt og skriflegur samningur gerður í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka. Ef eigandinn gerir ekki samning við slíkt fyrirtæki er hann ábyrgur fyrir því að verkefnum, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sé sinnt á tilhlýðilegan hátt.

g) Eigandinn skal veita lögbæra yfirvaldinu aðgang að loftfarinu og skrám loftfarsins til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort loftfarið uppfylli kröfur þessa viðauka.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffluga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

ML.A.202 Tilkynning atvika

a) Án þess að hafa áhrif á tilkynningarskylduna, sem sett er fram í II. viðauka (145. hluta) og V. viðauka c (CAMO-hluta), skal sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð í samræmi við ML.A.201, tilkynna um hvers konar ástand loftfars eða íhlutar, sem viðkomandi verður áskynja um og stofnar flugöryggi í hættu, til:

1) lögbæra yfirvaldsins, sem skráningaraðildarríki loftfarsins tilnefnir, og, ef það er annað en skráningaraðildarríkið, lögbæra yfirvaldsins sem aðildarríki flugrekandans tilnefnir,

2) fyrirtækisins sem ber ábyrgð á tegundarhönnuninni eða viðbótartegundarhönnuninni.

b) Tilkynningarnar, sem um getur í a-lið, skulu skráðar á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í a-lið, ákveður og hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem aðilinn eða fyrirtækið, sem sendir tilkynninguna, hefur öðlast vitneskju um.

c) Ef viðhald eða staðfesting á lofthæfi loftfarsins er framkvæmd á grundvelli skriflegs samnings skal aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi, einnig tilkynna eiganda loftfarsins og, ef um er að ræða einhvern annan, viðkomandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki um hvers konar ástand sem um getur í a-lið.

d) Aðilinn eða fyrirtækið skal leggja fram tilkynningarnar, sem um getur í a- og c-lið, eins og fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að aðilinn eða fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

C-KAFLI

ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

ML.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi

Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfara og að rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf með því að:

a) láta fara fram fyrirflugsskoðanir,

b) lagfæra, samkvæmt gögnum sem tilgreind eru í lið ML.A.304 og ML.A.401, eftir því sem við á, hvers konar bilanir og skemmdir, sem hafa áhrif á öryggi í starfrækslu, með hliðsjón af listanum yfir lágmarksbúnað (MEL) og listanum yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug, ef þeir eru til staðar,

c) láta framkvæma allt viðhald í samræmi við þá viðhaldsáætlun loftfars sem um getur í ML.A.302,

d) hlíta, eftir því sem við á:

1) lofthæfifyrirmælum (AD),

2) rekstrarfyrirmælum sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi,

3) kröfum sem Flugöryggisstofnunin setur um áframhaldandi lofthæfi,

4) ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,

e) framkvæma breytingar og viðgerðir í samræmi við ML.A.304,

f) láta fara fram reynsluflug vegna viðhalds, þegar þörf krefur.

ML.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars

a) Viðhald hvers loftfars skal skipulagt í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins.

b) Viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni skulu annaðhvort:

1) gefnar upp af eigandanum, í samræmi við 7. lið c-liðar í ML.A.302, þar sem áframhaldandi lofthæfi loftfarsins er ekki í umsjá CAMO- eða CAO-fyrirtækis,

2) samþykktar af því CAMO- eða CAO-fyrirtæki sem er ábyrgt fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins;

eigandinn, sem gefur upp viðhaldsáætlun loftfarsins í samræmi við 1. lið b-liðar, eða fyrirtækið, sem samþykkir viðhaldsáætlun loftfarsins í samræmi við 2. lið b-liðar, skal sjá til þess að viðhaldsáætlun loftfarsins sé uppfærð.

c) Viðhaldsáætlun loftfarsins:

1) skal auðkenna með skýrum hætti eiganda loftfarsins og loftfarið sem hún tengist, þ.m.t. ísettan hreyfil og skrúfu, eftir því sem við á,

2) skal innihalda annaðhvort:

a) verkefnin eða skoðanirnar, sem er að finna í viðeigandi áætlun um lágmarksskoðun (MIP), sem um getur í d-lið eða

b) leiðbeiningarnar um áframhaldandi lofthæfi (ICA) sem handhafi hönnunarsamþykkis (DAH) gefur út,

3) getur innihaldið viðhaldsaðgerðir til viðbótar við þær sem um getur í 2. lið c-liðar eða viðhaldsaðgerðir, sem eru annar valkostur við þær sem um getur í b-lið 2. liðar c-liðar að tillögu eigandans, CAMO-fyrirtækis eða CAO-fyrirtækis þegar tillögurnar hafa verið samþykktar í samræmi við b-lið; viðhaldsaðgerðir, sem eru annar valkostur við þær sem um getur í b-lið 2. liðar c-liðar, skulu ekki fela í sér minni takmarkanir en þær sem settar eru fram í viðeigandi áætlun um lágmarksskoðun,

4) skal innihalda allar lögboðnar upplýsingar um áframhaldandi lofthæfi, s.s. endurtekin lofthæfifyrirmæli (e. *repetitive Airworthiness Directives*), þáttinn um lofthæfitakmarkanir (ALS) í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi og sérstakar viðhaldskröfur sem er að finna á gagnablaði tegundarvottorðs (TCDS),

5) skal innhalda upplýsingar um hvers konar viðbótarviðhaldsverkefni, sem þarf að framkvæma vegna sérstakrar tegundar og útfærslu loftfarsins, sem og vegna tegundar og sértæki starfrækslunnar, þar sem taka skal tillit til a.m.k. eftirfarandi atriða:

a) tiltekins uppsetts búnaðar og breytinga á loftfarinu,

b) viðgerða sem framkvæmdar hafa verið á loftfarinu,

c) íhluta með tiltekinn endingartíma og íhluta sem eru mikilvægir varðandi öryggi flugsins,

d) tilmæla varðandi viðhald, t.d. tíma sem líður á milli grannskoðana (TBO), sem eru gefin út í formi þjónustuleiðbeininga, bréfa og annarra ólögbundinna þjónustuupplýsinga,

e) viðeigandi rekstrarfyrirmæla eða -krafna sem tengjast reglubundinni skoðun á tilteknum búnaði,

f) tiltekinna samþykkja fyrir starfrækslu,

g) notkunar loftfars og rekstrarumhverfis,

6) skal tilgreina hvort flugmenn, sem eru jafnframt eigendur loftfara, hafi heimild til að framkvæmda viðhald,

7) skal, ef eigandinn gefur áætlunina út, innihalda undirritaða yfirlýsingu þar sem eigandinn lýsir því yfir að þetta sé viðhaldsáætlun fyrir loftfar með viðkomandi einkennisstafi og að hann beri fulla ábyrgð á innihaldi áætlunarinnar og, einkum, á hvers konar frábrigðum frá tilmælum handhafa hönnunarsamþykkis,

8) skal, ef CAMO- eða CAO-fyrirtækið samþykkir hana, undirrituð af þessu fyrirtæki sem skal geyma skýrslur þar sem er að finna rökstuðning fyrir hvers konar frábrigðum frá tilmælum handhafa hönnunarsamþykkis,

9) skal endurskoðuð a.m.k. árlega til að meta skilvirkni hennar og skal þessi endurskoðun annaðhvort framkvæmd:

a) í tengslum við staðfestingu á lofthæfi loftfarsins og vera í höndum þess aðila sem framkvæmir slíka staðfestingu á lofthæfi,

b) af því CAMO- eða CAO-fyrirtæki sem tryggir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins í þeim tilvikum þar sem endurskoðun á viðhaldsáætlun loftfarsins fer ekki fram í tengslum við staðfestingu á lofthæfi.

Ef endurskoðunin sýnir fram á annmarka að því er varðar loftfarið, sem tengja má annmörkum á innihaldi viðhaldsáætlunar loftfarsins, skal breyta viðhaldsáætluninni til samræmis við það. Í því tilviki skal sá aðili sem framkvæmir endurskoðunina upplýsa lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins um það ef hann er ekki samþykkur þeim ráðstöfunum sem eigandinn, CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtæki gerir til að breyta viðhaldsáætlun loftfarsins. Lögbæra yfirvaldið skal ákveða hvaða breytingar á viðhaldsáætlun loftfarsins eru nauðsynlegar, benda á samsvarandi frávik og, ef nauðsyn krefur, bregðast við í samræmi við ML.B.304.

d) Áætlun um lágmarksskoðun:

1) skal fela í sér upplýsingar um þann tíma sem líður á milli skoðana:

a) að því er varðar flugvélar, ferðavélsvifflugur (TMG) og loftbelgi: árlega eða með 100 klukkustunda millibili, hvort heldur sem kemur fyrr, og þar sem beita má vikmörkum sem nema einum mánuði eða tíu klukkustundum; næsta tímabil skal reiknast frá og með þeim degi eða þeirri tímasetningu sem skoðunin fer fram,

b) að því er varðar svifflugur og vélsvifflugur, þó ekki ferðavélsvifflugur: árlega þar sem beita má vikmörkum sem nema einum mánuði; næsta tímabil skal reiknast frá og með þeim degi eða þeirri tímasetningu sem skoðunin fer fram,

2) skal fela í sér eftirfarandi, eftir því sem við á, um tegund loftfarsins:

a) viðhaldsverkefni eins og krafist er af handhafa hönnunarsamþykkis,

b) eftirlit með merkingum,

c) endurskoðun vigtunargagna og vigtunar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, reglugerð (ESB) 2018/395 og reglugerð (ESB) 2018/1976,

d) starfræksluprófun ratsjársvara (ef hann er fyrir hendi),

e) starfræksluprófun hraðanemakerfis,

f) ef um er að ræða flugvélar:

i. virkniprófanir á hreyfilafli og snúningshraða hreyfils á mínútu (rpm), segulrafölum, eldsneytis- og olíuþrýstingi sem og hitastigi hreyfils,

ii. hvað varðar hreyfla með sjálfvirka hreyfilstýringu, birta aðferð við að hita upp hreyfil,

iii. hvað varðar hreyfla með þurrbiðukerfi (e. *dry sump*), hreyfla með hverfiþjöppur og vökvakælda hreyfla, virkniprófun til að athuga hvort merki sé um röskun á vökvaflæði,

g) eftirlit með ástandi og festingum byggingarhluta, -kerfa og -eininga á eftirfarandi sviðum:

i. að því er varðar flugvélar:

flugskrokkur, farþegarými og stjórnklefi, lendingarbúnaður, væng- og miðhluti, stýrakerfi, stél, rafeindabúnaður loftfars og rafkerfi, fullbúnir hreyflar, tengsli og gírkassar, loftskrúfa og ýmis kerfi, s.s. björgunarfallhlífar (e. *ballistic rescue system*),

ii. að því er varðar sviffflugur og vélsviffflugur:

flugskrokkur, farþegarými og stjórnklefi, lendingarbúnaður, væng- og miðhluti, stél, rafeindabúnaður loftfars og rafkerfi, fullbúnir hreyflar (fyrir vélsviffflugur) og ýmis kerfi s.s. færanleg kjölfesta, og/eða bremsufallhlíf og stjórntæki auk vatnskjölfestukerfis.

iii. að því er varðar hitaloftbelgi:

belgur, brennari, karfa, eldsneytisgeymar, búnaður og mælitæki,

iv. að því er varðar gasloftbelgi:

belgur, karfa, búnaður og mælitæki.

Nema í þessum viðauka sé tilgreind áætlun um lágmarksskoðun að því er varðar loftskip og þyrilvængjur skal viðhaldsáætlun þeirra byggð á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi, sem handhafi hönnunarsamþykkis gefur út, eins og um getur í b-lið 2. liðar c-liðar.

e) Þrátt fyrir ákvæði b- og c-liðar þarf ekki yfirlýsingu frá eiganda eða samþykki frá CAMO- eða CAO-fyrirtæki og ekki þarf að framvísa skjali fyrir viðhaldsáætlun loftfars þegar eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

1) öllum leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi, sem handhafi hönnunarsamþykkis gefur út, er fylgt án frábrigða,

2) öllum tilmælum varðandi viðhald, t.d. sá tími sem líður á milli grannskoðana, sem eru gefin út í formi þjónustuleiðbeininga, bréfa og annarra ólögbundinna þjónustuupplýsinga, er fylgt án frábrigða,

3) ekki þarf að framkvæma nein viðbótarviðhaldsverkefni vegna einhvers eftirfarandi:

a) tiltekins uppsetts búnaðar og breytinga á loftfarinu,

b) viðgerða sem framkvæmdar hafa verið á loftfarinu,

c) íhluta með tiltekinn endingartíma og íhluta sem eru mikilvægir varðandi öryggi flugsins,

d) tiltekinna samþykkja fyrir starfrækslu,

e) notkunar loftfars og rekstrarumhverfis.

4) Flugmönnum, sem eru jafnframt eigendur loftfara, er heimilt að framkvæma viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars.

Þessi undanþága á ekki við ef flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eða, ef um er að ræða loftför sem eru í sameign, einhverjum flugmönnum, sem eru jafnframt eigendur, er ekki heimilt að framkvæma viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, vegna þess að það þarf að koma fram í yfirlýstri eða samþykktri viðhaldsáætlun loftfarsins.

f) Ef skilyrðin, sem kveðið er á um í 1.–4. lið e-liðar, eru uppfyllt skal viðhaldsáætlun loftfarsins fela í sér eftirfarandi:

1) leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi sem handhafi hönnunarsamþykkis gefur út,

2) tilmæli varðandi viðhald, t.d. þann tíma sem líður á milli grannskoðana, sem eru gefin út í formi þjónustuleiðbeininga, bréfa og annarra ólögbundinna þjónustuupplýsinga,

3) allar lögboðnar upplýsingar um áframhaldandi lofthæfi, s.s. endurtekin lofthæfifyrirmæli, þáttinn um lofthæfitakmarkanir í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi eða sérstakar viðhaldskröfur sem er að finna á gagnablaði tegundarvottorðs,

4) verkefni sem eru vegna sértækra rekstrar- eða loftrýmisfyrirmæla eða krafna í tengslum við tiltekin mælitæki og búnað.

ML.A.303 Lofthæfifyrirmæli

Framkvæma skal öll viðeigandi lofthæfifyrirmæli í samræmi við kröfur í þeim lofthæfifyrirmælum nema Flugöryggisstofnunin tilgreini annað.

ML.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir

Aðili eða fyrirtæki sem gerir við loftfar eða íhlut skal meta allar mögulegar skemmdir. Við breytingar og viðgerðir skal styðjast við eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

a) gögn sem Flugöryggisstofnunin samþykkir,

b) gögn sem hönnunarfyrirtæki, sem uppfyllir ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, samþykkir,

c) gögn sem er að finna í kröfunum, sem um getur í 21.A.90B eða 21.A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

ML.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara

a) Að loknu hvers konar viðhaldi skal færa viðhaldsvottorðið, sem krafist er samkvæmt ML.A.801, í skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara. Hver færsla skal gerð eins og fljótt og auðið er en eigi síðar 30 dögum eftir að lokið hefur verið við viðhaldsverkefnið.

b) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu samanstanda af viðhaldsskrá loftfars, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrám hreyfils, spjaldskrám yfir notkunartíma hreyfilhluta, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrám loftskrúfu og spjaldskrám fyrir alla íhluti með tiltekinn endingartíma, eins og við á.

c) Færa skal tegund og skrásetningarmerki loftfarsins og dagsetningu inn í viðhaldsskrá loftfarsins ásamt heildarflugtíma og notkunarskiptum í flugi og lendingum.

d) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu innihalda:

1) gildandi stöðu lofthæfifyrirmæla og ráðstafana, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,

2) gildandi stöðu breytinga, viðgerða og annarra viðhaldstilmæla frá handhafa hönnunarsamþykkis,

3) gildandi staða með tilliti til hlítni við kröfur viðhaldsáætlunar loftfarsins,

4) gildandi stöðu íhluta með tiltekinn endingartíma,

5) gildandi massa- og jafnvægisskýrslu,

6) gildandi skrá yfir viðhald sem slegið hefur verið á frest.

e) Auk opinbers viðhaldsvottorðs, sem er EASA-eyðublað nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), eða sambærilegt skjal, skal færa eftirfarandi upplýsingar, sem eiga við um alla ísetta íhluti, s.s. hreyfil, loftskrúfu, hreyfilhluta eða íhlut með tiltekinn endingartíma, inn í viðeigandi viðhaldsskrá hreyfils eða loftskrúfu, í spjaldskrá hreyfilhluta eða íhluta með tiltekinn endingartíma:

1) auðkenni íhlutarins,

2) tegund, raðnúmer og, ef við á, skrásetningarmerki loftfarsins, hreyfilsins, loftskrúfunnar, hreyfilhlutans eða íhlutarins með tiltekinn endingartíma sem tiltekinn íhlutur er settur í, ásamt tilvísun í ísetningu og úrtöku íhlutarins,

3) dagsetningu ásamt uppsöfnuðum heildarflugtíma, notkunarskiptum í flugi, lendingum og almanaksdögum tiltekins íhlutar, eftir því sem við á,

4) gildandi upplýsingar sem um getur í d-lið og eiga við um íhlutinn.

f) Aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórn verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi samkvæmt ML.A.201, skal hafa eftirlit með skránum, sem tilgreindar eru í ML.A.305, og láta lögbærum yfirvöldum þær í té að beiðni þeirra.

g) Allar færslur í skrám loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu vera skýrar og nákvæmar. Þegar nauðsynlegt er að leiðrétta færslu skal leiðréttingin gerð á þann hátt að upprunalega færslan komi skýrt fram.

h) Eigandi skal sjá um að komið sé á fót kerfi þar sem eftirfarandi er skráð og geymt svo lengi sem hér segir:

1) allar sundurliðaðar viðhaldsskrár yfir loftfarið og íhluti með tiltekinn endingartíma sem settir eru í það, þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna sem þar er að finna en eigi skemur en í 36 mánuði eftir að viðhaldsvottorð hefur verið gefið út fyrir loftfarið eða íhlutinn,

2) heildartími notkunar loftfarsins og allra íhluta með tiltekinn endingartíma, þ.e. klukkustundir, almanaksdagar, notkunarskipti og lendingar, í a.m.k. 12 mánuði eftir að loftfarið eða íhluturinn hefur endanlega verið tekinn úr umferð,

3) notkunartími, þ.e. klukkustundir, almanaksdagar, notkunarskipti og lendingar, eins og við á, frá síðasta áætlaða viðhaldi íhlutar með tiltekinn endingartíma, a.m.k. þar til farið hefur fram annað, áætlað viðhald á íhlutnum sem er jafnumfangsmikið og nákvæmt og hið fyrra og

4) gildandi staða með tilliti til hlítni við kröfur viðhaldsáætlunar loftfarsins, a.m.k. þar til farið hefur fram annað, áætlað viðhald á loftfarinu eða íhlutnum sem er jafnumfangsmikið og nákvæmt og hið fyrra,

5) gildandi staða lofthæfifyrirmæla sem varða loftfarið og íhlutina, í a.m.k. 12 mánuði eftir að loftfarið eða íhluturinn hefur endanlega verið tekinn úr umferð,

6) ítarleg lýsing á nýjustu breytingum og viðgerðum sem hafa farið fram á loftfari, hreyflum, loftskrúfum og öllum öðrum íhlutum sem eru nauðsynlegir vegna flugöryggis, í a.m.k. 12 mánuði eftir að þeir hafa endanlega verið teknir úr umferð.

ML.A.307 Afhending skráa loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi

a) Þegar loftfar er endanlega fært frá einum eiganda til annars skal eigandinn, sem sá um yfirfærsluna, tryggja að skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í ML.A.305, séu einnig afhentar.

b) Geri eigandinn samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki um að það taki að sér verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal hann sjá til þess að skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í ML.A.305, séu afhentar verktakafyrirtækinu.

c) Tímaáætlanir um varðveislu skráa, sem settar eru fram í h-lið í ML.A.305, gilda áfram hjá nýja eigandanum, CAMO-fyrirtækinu eða CAO-fyrirtækinu.

D-KAFLI

VIÐHALDSSTAÐLAR

ML.A.401 Viðhaldsgögn

a) Sá aðili eða það fyrirtæki sem annast viðhald á loftfari skal einungis nota viðeigandi viðhaldsgögn við framkvæmd viðhalds.

b) Að því er þennan viðauka varðar merkir „viðeigandi viðhaldsgögn“:

1) allar viðeigandi kröfur, verklagsreglur, staðlar eða upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gefur út,

2) viðeigandi lofthæfifyrirmæli,

3) viðeigandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi sem handhafar tegundarvottorða og viðbótartegundarvottorða gefa út sem og önnur fyrirtæki sem birta gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

4) öll viðeigandi gögn sem eru gefin út í samræmi við d-lið 145.A.45.

ML.A.402 Framkvæmd viðhalds

a) Viðhald, sem samþykkt viðhaldsfyrirtæki framkvæma, skal fara fram í samræmi við F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.

b) Hvað varðar viðhald, sem ekki er framkvæmt í samræmi við a-lið, skal sá aðili sem framkvæmir viðhaldið:

1) vera hæfur til að framkvæma verkefnin í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka,

2) tryggja að svæðið, þar sem viðhald fer fram, sé vel skipulagt og laust við óhreinindi og mengun,

3) nota þær aðferðir, tækni, staðla og leiðbeiningar sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum sem um getur í ML.A.401,

4) nota þau verkfæri, búnað og efnivið sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum sem um getur í ML.A.401; ef þörf krefur skal prófa og kvarða verkfæri og búnað til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal,

5) tryggja að allt viðhald fari fram innan þeirra umhverfistakmarkana sem eru tilgreindar í viðhaldsgögnunum sem um getur í ML.A.401,

6) tryggja að viðeigandi aðstaða sé notuð ef um er að ræða slæm veðurskilyrði eða langvarandi viðhald,

7) tryggja að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,

8) tryggja að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd brýns viðhaldsverkefnis,

9) framkvæma almennt eftirlit í lok viðhalds til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,

10) tryggja að allt viðhald sem framkvæmt er sé rétt skráð og skjalfest.

ML.A.403 Bilun í loftfari

a) Allar bilanir í loftfari, sem stofna flugöryggi í alvarlega hættu, skulu lagfærðar fyrir frekara flug.

b) Eftirtaldir aðilar geta ákveðið að bilun stefni flugöryggi ekki í alvarlega hættu og frestað viðgerð til samræmis við það:

1) flugmaðurinn, að því er varðar bilanir sem hafa áhrif á loftfarsbúnað sem er ekki nauðsynlegur,

2) flugmaðurinn, þegar listi yfir lágmarksbúnað er notaður, að því er varðar bilanir sem hafa áhrif á loftfarsbúnað sem er nauðsynlegur — annars geta aðeins viðurkenndir viðhaldsvottar frestað viðgerð á slíkum bilunum,

3) flugmaðurinn, að því er varðar bilanir aðrar en þær sem um getur í 1. og 2. lið b-liðar, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. loftfarið er starfrækt skv. VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta) eða, ef um er að ræða loftbelgi eða svifflugur, ekki starfrækt samkvæmt ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða ekki í samræmi við DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976,

ii. flugmaðurinn frestar viðgerð með samþykki eiganda loftfarsins eða, ef við á, CAMO- eða CAO-fyrirtækisins, sem samið er við,

4) viðhaldsvottar með tilskilin starfsréttindi, að því er varðar aðrar bilanir en þær sem um getur í 1. og 2. lið b-liðar ef skilyrðin, sem um getur i. og ii. lið 3. liðar, eru ekki uppfyllt.

c) Lagfæra skal allar bilanir í loftfari, sem stofna ekki flugöryggi í alvarlega hættu, eins fljótt og gerlegt er eftir að bilunarinnar í loftfarinu verður fyrst vart og innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum.

d) Allar bilanir, sem eru ekki lagfærðar fyrir flug, skal skrá í skráakerfinu fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara sem um getur í lið ML.A.305 og skal skráin vera aðgengileg flugmanninum.

E-KAFLI

ÍHLUTIR

ML.A.501 Flokkun og ísetning

a) Nema annað sé tekið fram í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka d (CAO-hluta) við þessa reglugerð og I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, má aðeins setja íhlut í ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. hann er í viðunandi ástandi,

ii. gefið hafi verið út viðhaldsvottorð fyrir hann með EASA-eyðublaði nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta), eða sambærilegu eyðublaði,

iii. hann hefur verið merktur í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Áður en íhlutur er settur í loftfar skal aðilinn eða samþykkta viðhaldsfyrirtækið sjá til þess að viðkomandi íhlutur hæfi til ísetningar ef um er að ræða tilvik þar sem mismunandi samskipan breytinga eða lofthæfifyrirmæla á við.

c) Einungis skal festa staðlaða hluta á loftfar eða íhlut þegar stöðluðu hlutarnir eru tilgreindir í viðhaldsgögnunum. Einungis skal festa staðlaða hluta á þegar þeim fylgja gögn um samræmi sem hægt er að heimfæra til gildandi staðals og hægt er að rekja á viðeigandi hátt.

d) Hráefni eða rekstrarvörur má einungis nota í loftfar eða íhlut að því tilskildu:

i. að framleiðandi loftfarsins eða íhlutarins heimili notkun hráefna eða rekstrarefni í viðkomandi viðhaldsgögnum eða eins og tilgreint er í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta).

ii. að slík efni uppfylli tilskilda forskrift og að rekja megi feril þeirra.

iii. að slíkum efnum fylgi gögn sem varða greinilega viðkomandi efni og innihalda yfirlýsingu um að forskriftum sé fylgt auk upplýsinga um framleiðanda og birgi.

e) Ef um er að ræða loftbelgi, þar sem mismunandi samsetningar karfa, brennara og eldsneytishylkja eru mögulegar fyrir tiltekinn belg, skal sá aðili sem sér um uppsetningu þeirra sjá til þess:

1) að karfan, brennarinn og/eða eldsneytishylkin hæfi til ísetningar samkvæmt gagnablaði tegundarvottorðsins eða öðrum skjölum sem um getur á gagnablaði tegundarvottorðsins,

2) að karfan, brennarinn og/eða eldsneytishylkin eru í nothæfu ástandi og eru með viðeigandi viðhaldsskrár.

ML.A.502 Viðhald íhluta

a) Íhlutum, sem eigandi samþykkir í samræmi við c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal viðhaldið af aðila eða fyrirtæki, með fyrirvara um endursamþykki eigandans samkvæmt skilyrðunum í c-lið 21.A.307 í þeim viðauka. Ekki er heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 fyrir þetta viðhald, eins og sett er fram í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara.

b) Íhlutir skulu viðhaldsvottaðir samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Viðhaldsvottun með EASA-eyðublaði nr. 1 (eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta))	**Viðhaldsvottun á loftfarsstigi samkvæmt ML.A.801 (ekki hægt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1)**
Íhlutir sem er viðhaldið í samræmi við viðhaldsgögn <u>íhluta</u> (gögn gefin út af framleiðanda íhlutarins)		
Viðhald annað en grannskoðun	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir íhluti)	i. Viðhaldsfyrirtæki með loftfarsáritun og/eða ii. óháðir viðhaldsvottar
Grannskoðun á íhlutum öðrum en hreyflum og skrúfum	Viðhaldsfyrirtæki með íhlutaáritun	Ekki mögulegt

	Viðhaldsvottun með EASA-eyðublaði nr. 1 (eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta))	**Viðhaldsvottun á loftfarsstigi samkvæmt ML.A.801 (ekki hægt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1)**
Grannskoðun á hreyflum og skrúfum loftfara sem teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir skrúfur)	iii. Viðhaldsfyrirtæki með loftfarsáritun og/eða iv. óháðir viðhaldsvottar
Grannskoðun á hreyflum og skrúfum loftfara sem ekki teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir skrúfur)	Ekki mögulegt
Íhlutir sem viðhaldið er í samræmi við viðhaldsgögn loftfara (gögn gefin út af framleiðanda loftfarsins)		
Allir íhlutir og allar gerðir viðhalds	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir íhluti)	— Viðhaldsfyrirtæki með loftfarsáritun og/eða — óháðir viðhaldsvottar

ML.A.503 Íhlutir með tiltekinn endingartíma

a) Hugtakið „íhlutir með tiltekinn endingartíma“ tekur til eftirfarandi íhluta:

1) íhluta með vottaðan endingartíma sem taka skal úr notkun við lok endingartímans og

2) íhluta með tiltekinn endingartíma sem skulu teknir til viðhalds við lok endingartímans til að koma þeim aftur í nothæft ástand.

b) Ísettir íhlutir með tiltekinn endingartíma skulu ekki fara yfir samþykkt endingartímamörk sem tilgreind eru í viðhaldsáætlun loftfarsins og lofthæfifyrirmælunum, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í c-lið ML.A.504.

c) Samþykktur endingartími er gefinn upp í almanaksdögum, flugstundum, lendingum eða notkunarskiptum, eins og við á.

d) Við lok samþykkts endingartíma verður að fjarlægja íhlutinn úr loftfarinu til viðhalds eða til förgunar þegar um er að ræða íhluti með vottaðan endingartíma.

ML.A.504 Eftirlit með ónothæfum íhlutum

a) Telja skal íhlut ónothæfan við eftirfarandi aðstæður:

1) endingartími íhlutarins, sem er skilgreindur í viðhaldsáætlun loftfarsins, er runninn út,

2) íhluturinn uppfyllir ekki gildandi lofthæfifyrirmæli og aðrar kröfur um áframhaldandi lofthæfi, sem Flugöryggisstofnunin gefur fyrirmæli um,

3) ekki liggja fyrir upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ákvarða lofthæfistöðu íhlutarins eða hæfi hans til ísetningar,

4) ef vart verður við bilun eða ólag í íhlutnum,

5) íhluturinn tengist flugatviki eða flugslysi sem geta haft áhrif á nothæfi hans.

b) Ónothæfir íhlutir skulu auðkenndir sem annaðhvort:

1) ónothæfir og geymdir á öruggum stað, undir eftirliti samþykkts viðhaldsfyrirtækis eða óháðra viðhaldsvotta, þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíð viðkomandi íhlutar eða

2) ónothæfir af þeim aðila eða því fyrirtæki sem lýsti íhlutinn ónothæfan og skal forræði íhlutarins flutt til eiganda loftfarsins eftir að slík yfirfærsla hefur verið skráð í skráakerfið fyrir viðhald loftfara sem um getur í ML.A.305.

c) Ef íhlutir eru komnir fram yfir vottaðan endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra galla eða bilun í þeim skal flokka þá sem óendurnýtanlega og skal ekki vera heimilt að setja þá aftur í íhlutabirgðakerfið nema vottaður endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við ML.A.304.

d) Sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201 skal, ef um er að ræða ónothæfan íhlut, annaðhvort:

1) geyma íhlutinn á þeim stað sem um getur í 1. lið b-liðar eða

2) koma því svo fyrir, áður en ábyrgðin á slíkum íhlut er gefin eftir, að íhluturinn verði skemmdur á þann hátt að tryggt sé að það borgi sig ekki að endurnýta hann eða gera við hann.

e) Þrátt fyrir ákvæði d-liðar getur aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201, fært ábyrgðina á íhlutum, sem flokkaðir eru sem ónothæfir, yfir á þjálfunar- eða rannsóknarfyrirtæki án þess að skemma íhlutinn.

H-KAFLI

VIÐHALDSVOTTORÐ

ML.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

a) Viðhaldsvottorð skal gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald hefur verið framkvæmt á loftfari á tilhlýðilegan hátt.

b) Viðhaldsvottorðið skal gefið út af einhverjum eftirfarandi aðila:

1) viðeigandi viðhaldsvottum fyrir hönd samþykkta viðhaldsfyrirtækisins,

2) óháðum viðhaldsvottum eða

3) flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, í samræmi við ML.A.803.

c) Þrátt fyrir b-lið er eigandanum heimilt, við ófyrirsjáanlegar aðstæður, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er fyrir hendi neitt tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki og ekki heldur fyrir hendi neinir viðeigandi viðhaldsvottar, að leyfa sérhverjum aðila, sem hefur a.m.k. þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og hefur viðeigandi réttindi, að sjá um viðhald í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið. Í því tilviki skal eigandinn:

1) fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins upplýsingar um alla þá vinnu sem fer fram og um réttindi aðilans sem gefur vottorðið út,

2) sjá til þess að allt slíkt viðhald sé athugað aftur og vottað, í samræmi við b-lið ML.A.801, við fyrsta hentugleika en þó innan 7 daga, eða ef um er að ræða loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta), eða ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða ef um er að ræða svifflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976, innan 30 daga,

3) tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, eða lögbæra yfirvaldinu, ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi, um það innan sjö daga frá því að slík heimild er veitt.

d) Þegar viðhaldsvottorð er gefið út skv. 1. eða 2. lið b-liðar er viðhaldsvotti heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri aðila, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti hans, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.

e) Í viðhaldsvottorði skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

1) grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram,

2) hvenær viðhaldinu var lokið,

3) heiti fyrirtækisins eða nafn aðilans sem gaf út viðhaldsvottorðið, þ.m.t. annaðhvort:

i. tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækisins og viðhaldsvottanna sem gáfu út viðhaldsvottorðið eða

ii. þegar um er að ræða viðhaldsvottorð skv. 2. lið b-liðar, nafn og ef við á, skírteinisnúmer þess óháða viðhaldsvotts sem gefur út viðhaldsvottorðið,

4) takmarkanir á lofthæfi eða starfrækslu, ef einhverjar eru.

f) Þrátt fyrir a-lið og með fyrirvara um g-lið má gefa út viðhaldsvottorð, innan ramma samþykktra takmarkana loftfarsins, þegar ekki er hægt að ljúka við tilskilið viðhald. Í því tilviki skal tilgreina í viðhaldsvottorðinu að ekki hafi verið hægt að ljúka viðhaldinu og þar að auki skal tilgreina allar viðeigandi lofthæfitakmarkanir eða takmarkanir á starfrækslu sem hluta af upplýsingunum sem krafist er skv. 4. lið e-liðar.

g) Ekki skal gefa út viðhaldsvottorð ef vitað er um vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem stofnar flugöryggi í hættu.

ML.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

a) Viðhaldsvottorð fyrir íhluti skal gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald hefur verið framkvæmt á loftfarsíhlut á tilhlýðilegan hátt í samræmi við ML.A.502.

b) Opinbert viðhaldsvottorð, sem er EASA-eyðublað nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhluti nema þegar slíkt viðhald er vottað á loftfarsstigi eins og fram kemur í b-lið ML.A.502.

ML.A.803 Heimild flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars

a) Til að teljast flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, verður viðkomandi:

1) að hafa undir höndum gilt flugmannsskírteini, eða jafngildi þess, sem aðildarríki gefur út eða staðfestir fyrir tegundar- eða flokksáritun loftfarsins,

2) að eiga loftfarið, annaðhvort sem einkaeigandi eða meðeigandi, og skal sá eigandi vera annaðhvort:

i. einn þeirra einstaklinga sem fram koma á skráningareyðublaðinu eða

ii. meðlimur í samtökum sem eru lögaðili og eru ekki rekin í hagnaðarskyni ef lögaðili er tilgreindur sem eigandi í skráningarskjölum; viðkomandi meðlimur verður að taka beinan þátt í ákvarðanatöku lögaðila og lögaðilinn skal hafa falið honum að framkvæma viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars.

b) Að því er varðar loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka (NCO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eða, ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla í II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða, ef um er að ræða svifflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla í II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976, getur flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, gefið út viðhaldsvottorð að loknu takmörkuðu viðhaldi af hálfu flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eins og kveðið er á um í II. viðbæti við þennan viðauka.

c) Færa skal viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskrár og skulu þar koma fram grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvaða viðhaldsgögn voru notuð, hvenær viðhaldinu var lokið, nafn og undirskrift flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins og gefur vottorðið út, ásamt númeri flugmannsskírteinis hans (eða jafngildi þess).

I-KAFLI

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC)

ML.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara

Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.

a) Lofthæfistaðfestingarvottorð er gefið út í samræmi við IV. viðbæti (EASA-eyðublað nr. 15c) við þennan viðauka, að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi. Lofthæfistaðfestingarvottorðið skal gilda í eitt ár.

b) Staðfesting á lofthæfi og útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorðs skal framkvæmd í samræmi við ML.A.903 af ýmist:

1) lögbæru yfirvaldi,

2) CAMO- eða CAO-fyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki,

3) samþykktu viðhaldsfyrirtæki sem framkvæmir 100 klst./árlegu skoðunina, sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins, eða

4) að því er varðar loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka (NCO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, eða, ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla í II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða, ef um er að ræða svifflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla í II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976, óháðum viðhaldsvottum sem framkvæma 100 klst./árlegu skoðunina, sem er að finna í viðhaldsáætlun loftfarsins, þegar þeir eru handhafar:

   i. skírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), með tegundaráritun fyrir viðkomandi loftfar, eða, ef III. viðauki (66. hluti) gildir ekki um viðkomandi loftfar, landsbundinna réttinda fyrir viðhaldsvotta sem gilda fyrir viðkomandi loftfar,

   ii. heimildar sem er gefin út annaðhvort af:

      A) lögbæra yfirvaldinu, sem gaf út skírteinið í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða

      B) ef III. viðauki (66. hluti) á ekki við, lögbæra yfirvaldinu, sem ber ábyrgð á landsbundnum réttindum fyrir viðhaldsvotta.

   Óháðir viðhaldsvottar sem eru handhafar skírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), mega staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem eru skráð í einhverju aðildarríkjanna. Þó skulu óháðir viðhaldsvottar með landsbundin réttindi aðeins staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem eru skráð í því aðildarríki sem ber ábyrgð á landsbundnu réttindunum.

   Lofthæfistaðfestingarvottorð, sem eru gefin út af óháðum viðhaldsvottum, sem eru handhafar landsbundinna réttinda, skulu ekki njóta gagnkvæmrar viðurkenningar þegar loftfarið er fært til annars aðildarríkis.

Ef aðstæður leiða í ljós að öryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið sjálft staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorðið.

c) Tilhlýðilega samþykkt CAMO- eða CAO-fyrirtæki má framlengja gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorðs um eitt ár í senn, að hámarki í tvö skipti, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

   1) loftfarið hefur verið undir samfelldri stjórn þessa CAMO- eða CAO-fyrirtækis næstliðna 12 mánuði,

   2) loftfarinu hefur verið viðhaldið af samþykktum viðhaldsfyrirtækjum næstliðna 12 mánuði og tekur þetta til viðhaldsverkefna flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem annaðhvort flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandinn, eða óháðir viðhaldsvottar framkvæma og gefa út viðhaldsvottorð fyrir,

   3) CAMO- eða CAO-fyrirtækið telur engar vísbendingar vera um, eða hefur enga ástæðu til að ætla, að loftfarið sé ekki í lofthæfu ástandi.

   Þessi framlenging af hálfu CAMO- eða CAO-fyrirtækisins er möguleg óháð því hvaða vottur eða fyrirtæki, eins og kveðið er á um í b-lið, gaf lofthæfistaðfestingarvottorðið út upphaflega.

d) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar má framlenging á viðkomandi lofthæfistaðfestingarvottorði fara fram allt að 30 dögum áður, án þess að samfella í framvindu staðfestingar á lofthæfi raskist, til að tryggja að loftfarið sé tiltækt til að setja frumrit lofthæfistaðfestingarvottorðsins um borð.

e) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og/eða gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð skal eigandinn útvega lögbæra yfirvaldinu:

   1) þau skjöl sem lögbæra yfirvaldið krefst,

   2) hentugt húsnæði á viðeigandi stað fyrir starfsfólk þess,

   3) þegar nauðsyn krefur, aðstoð viðeigandi viðhaldsvotta.

ML.A.902 Gildi lofthæfistaðfestingarvottorðs

a) Lofthæfistaðfestingarvottorð fellur úr gildi ef:

   1) það er ógilt tímabundið eða afturkallað,

   2) lofthæfivottorðið er ógilt tímabundið eða afturkallað,

   3) loftfarið er ekki á loftfaraskrá aðildarríkis,

   4) tegundarvottorðið, sem lá til grundvallar útgáfu lofthæfivottorðsins, er ógilt tímabundið eða afturkallað.

b) Ekki má fljúga loftfari ef lofthæfistaðfestingarvottorðið er ógilt eða við eftirfarandi aðstæður:

1) áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða ísetts íhlutar uppfyllir ekki kröfurnar í þessum viðauka,

2) loftfarið er ekki lengur í samræmi við þá tegundarhönnun sem Flugöryggisstofnunin samþykkti,

3) loftfarið hefur verið starfrækt utan takmarkana í samþykktu flughandbókinni eða lofthæfivottorðinu án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir,

4) loftfarið hefur lent í slysi eða flugatviki sem hefur áhrif á lofthæfi loftfarsins án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir í kjölfarið til að endurheimta lofthæfi,

5) breyting eða viðgerð á loftfarinu eða ísettum íhlut uppfyllir ekki kröfur I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

c) Þegar lofthæfistaðfestingarvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

ML.A.903 Ferli við staðfestingu á lofthæfi

a) Til að uppfylla kröfurnar um staðfestingu á lofthæfi loftfars samkvæmt ML.A.901 skal starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi framkvæma skjalfesta endurskoðun á skrám loftfarsins til að staðfesta eftirfarandi:

1) að flugtími flugskrokks, hreyfils og loftskrúfu og notkunarskipti þeirra í flugi hafi verið rétt skráð,

2) að flughandbókin gildi fyrir útfærslu loftfarsins með hliðsjón af síðustu endurskoðun,

3) að allt viðhald á loftfari, samkvæmt viðhaldsáætlun loftfarsins, hafi farið fram,

4) að allar bilanir, sem vitað var um, hafi verið lagfærðar eða að viðgerð hafi verið frestað undir eftirliti,

5) að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum hafi verið beitt og þau rétt skráð,

6) að allar breytingar og viðgerðir, sem gerðar hafa verið á loftfarinu, hafi verið skráðar og að þær uppfylli kröfur I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

7) að allir íhlutir með tiltekinn endingartíma, sem eru settir í loftfarið, séu rétt auðkenndir og skráðir og að samþykktur endingartími þeirra sé ekki runninn út,

8) að allt viðhald hafi verið vottað í samræmi við þennan viðauka,

9) að gildandi massa- og jafnvægisskýrsla endurspegli útfærslu loftfarsins og sé í gildi, ef þess er krafist,

10) að loftfarið uppfylli kröfur síðustu endurskoðunar á tegundarhönnun þess sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,

11) að loftfarið hafi hljóðstigsvottorð sem samsvarar núverandi útfærslu loftfarsins og uppfylli kröfur I-kafla í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef þess er krafist.

b) Starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem um getur í a-lið, skal framkvæma ástandskönnun loftfarsins. Að því er varðar þessa könnun skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og hefur ekki tilskilin starfsréttindi skv. III. viðauka (66. hluta), njóta aðstoðar starfsfólks með slík starfsréttindi.

c) Með því að kanna ástand loftfarsins skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sjá til þess að:

1) allar nauðsynlegar merkingar og skilti séu rétt ísett,

2) loftfarið uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktri flughandbók þess,

3) útfærsla loftfarsins uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktum skjölum,

4) engin augljós bilun finnist sem ekki hefur fundist lausn á samkvæmt ML.A.403,

5) ekkert ósamræmi finnist á milli loftfarsins og skjalfestrar endurskoðunar á skránum sem um getur í a-lið.

d) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar í ML.A.901 má staðfesting á lofthæfi fara fram allt að 90 dögum áður, án þess að samfella í framvindu staðfestingar á lofthæfi raskist, til að ástandsskoðun geti farið fram við viðhaldsskoðun.

e) Lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15c) sem sett er fram í IV. viðbæti skal einungis gefið út:

1) af starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi með viðeigandi heimild,

2) þegar staðfesting á lofthæfi hefur verið framkvæmd að fullu og ráðin hefur verið bót á öllum frávikum,

3) þegar brugðist hefur verið við öllu misræmi sem finnst í viðhaldsáætlun loftfarsins, í samræmi við h-lið, með fullnægjandi hætti.

f) Senda skal afrit innan 10 daga af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til aðildarríkisins þar sem viðkomandi loftfar er skráð.

g) Ekki skal fela undirverktaka verkefni sem tengjast staðfestingu á lofthæfi.

h) Endurskoða má skilvirkni viðhaldsáætlunar loftfarsins í tengslum við staðfestingu á lofthæfi í samræmi við 9. lið c-liðar ML.A.302. Þessi endurskoðun skal framkvæmd af sama aðila og framkvæmdi staðfestinguna á lofthæfi. Ef endurskoðunin sýnir fram á annmarka að því er varðar loftfarið, sem tengja má annmörkum á innihaldi viðhaldsáætlunar loftfarsins, skal breyta viðhaldsáætluninni til samræmis við það. Aðilinn, sem framkvæmir endurskoðunina, skal upplýsa lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins um það ef hann er ekki samþykkur þeim ráðstöfunum sem eigandinn, CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið gerir til að breyta viðhaldsáætlun loftfarsins. Í slíku tilviki skal lögbæra yfirvaldið ákveða hvaða breytingar á viðhaldsáætlun loftfarsins eru nauðsynlegar, vekja athygli á samsvarandi frávikum sem skilgreind eru í ML.B.903 og, ef nauðsyn krefur, bregðast við í samræmi við lið ML.B.304.

ML.A.904 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi

a) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og starfar fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins, skal hafa réttindi í samræmi við ML.B.902.

b) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi fyrir hönd fyrirtækis, sem um getur í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), skulu hafa réttindi í samræmi við F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.

c) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og starfar á eigin vegum eins og heimilað er skv. 4. lið b-liðar ML.A.901, skal hafa undir höndum:

1) skírteini, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta) með tegundaráritun fyrir viðkomandi loftfar, eða, ef III. viðauki (66. hluti) gildir ekki um þetta tiltekna loftfar, landsbundin réttindi fyrir viðhaldsvotta sem gilda fyrir viðkomandi loftfar og

2) heimild sem er gefin út annaðhvort af:

i. lögbæra yfirvaldinu sem gaf út skírteinið í samræmi við III. viðauka (66. hluta),

ii. ef III. viðauki (66. hluti) á ekki við, lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á landsbundnum réttindum viðhaldsvotta.

d) Heimildin, sem krafist er skv. 2. lið c-liðar, skal gefin út af lögbæru yfirvaldi þegar:

1) lögbæra yfirvaldið hefur metið það svo að aðilinn hafi þekkingu á þeim hlutum í þessum viðauka sem varða stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða,

2) aðilinn hefur framkvæmt staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi hætti undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins.

Þess heimild skal gilda í 5 ár svo framarlega sem handhafinn hafi framkvæmt a.m.k. eina staðfestingu á lofthæfi á hverju 12 mánaða tímabili. Ef það er ekki gert skal ný staðfesting á lofthæfi framkvæmd með fullnægjandi hætti undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins.

Þegar heimildin fellur úr gildi skal hún endurnýjuð í 5 ár til viðbótar með fyrirvara um staðfestingu á því að handhafi uppfylli enn kröfur 1. og 2. liðar d-liðar. Engin takmörkun er á fjölda endurnýjana.

Handhafi heimildarinnar skal halda skrár yfir allar þær staðfestingar á lofthæfi sem hann annast og skal, samkvæmt beiðni, hafa skrárnar til reiðu fyrir öll lögbær yfirvöld og alla eigendur loftfara, sem hann annast staðfestingu á lofthæfi fyrir.

Lögbæra yfirvaldið getur hvenær sem er afturkallað þessa heimild ef það er ekki ánægt með hæfni handhafa eða notkun hans á slíkri heimild.

ML.A.905 Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB

a) Við yfirfærslu á skráningu loftfars innan Sambandsins skal umsækjandinn:

1) fyrst tilkynna fyrra aðildarríkinu heiti þess aðildarríkis þar sem loftfarið verður skrásett

2) og sækja síðan um að nýja aðildarríkið gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Þrátt fyrir ákvæði 3. liðar a-liðar ML.A.902 heldur eldra lofthæfivottorðið gildi sínu uns gildistími þess er útrunninn, nema ef lofthæfistaðfestingarvottorðið var gefið út af óháðum viðhaldsvottum með landsbundin réttindi viðhaldsvotta í samræmi við 4. lið b-liðar ML.A.901, en í því tilviki gildir liður ML.A.906.

c) Þrátt fyrir a- og b-lið gildir liður ML.A.906 í þeim tilvikum þar sem loftfarið var ekki í lofthæfu ástandi í fyrra aðildarríkinu eða þegar ekki er hægt að ákvarða lofthæfistöðu loftfarsins út frá fyrirliggjandi skrám.

ML.A.906 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til Sambandsins

a) Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis, skal umsækjandinn:

1) sækja um að lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

2) láta framkvæma staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi niðurstöðu, samkvæmt ML.A.901, fyrir loftför sem ekki eru ný,

3) láta framkvæma allt viðhald sem krafist er í samþykktri eða yfirlýstri viðhaldsáætlun loftfarsins.

b) Ef loftfarið uppfyllir viðeigandi kröfur skal lögbæra yfirvaldið, CAMO- eða CAO-fyrirtækið, viðhaldsfyrirtækið eða óháðu viðhaldsvottarnir, sem annast staðfestingu á lofthæfi eins og kveðið er á um í b-lið ML.A.901, gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð og leggja fram afrit til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins.

c) Eigandinn skal veita lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins aðgang að loftfarinu til skoðunar.

d) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út nýtt lofthæfivottorð ef loftfarið uppfyllir ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

ML.A.907 Frávik

a) Frávik eru flokkuð sem hér segir:

1) Fyrsta stigs frávik er sérhver veruleg vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.

2) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem getur dregið úr öryggiskröfum og stofnað flugöryggi í hættu.

b) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt ML.B.903 skal aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201, semja og leggja fram áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem ætlað er að koma í veg fyrir að slík frávik og frumorsök þeirra komi upp aftur, til lögbæra yfirvaldsins innan ákveðins frests sem samið er um við viðkomandi yfirvald.

B-ÞÁTTUR

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

ML.B.101 Gildissvið

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa viðauka, ber að uppfylla.

ML.B.102 Lögbært yfirvald

a) Almenn ákvæði

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að gefa út, framlengja, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla vottorð og á eftirliti með áframhaldandi lofthæfi. Þetta lögbæra yfirvald skal koma á skjalfestum verklagsreglum og stjórnskipulagi.

b) Mannafli

Fjöldi starfsfólks skal vera nægilegur til að hægt sé að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum þætti.

c) Réttindi og þjálfun

Allt starfsfólk, sem á hlut að starfsemi sem fellur undir þennan viðauka, skal hafa tilskilin réttindi og búa yfir viðeigandi kunnáttu, reynslu, grunnþjálfun og síþjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað.

d) Verklagsreglur

Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli kröfur þessa viðauka.

Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar og þeim breytt til að tryggja að kröfurnar séu áfram uppfylltar.

ML.B.104 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers vottorðs og hverrar heimildar á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Í skrám yfir eftirlit með hverju loftfari skal a.m.k. vera afrit af:

1) lofthæfivottorði loftfarsins,

2) lofthæfistaðfestingarvottorðum,

3) skýrslum um staðfestingar á lofthæfi sem aðildarríkið framkvæmdi sjálft,

4) öllum bréfaskiptum sem máli skipta og tengjast loftfarinu,

5) upplýsingum um undanþágur og framfylgdaraðgerð eða -aðgerðir,

6) öllum skjölum sem lögbæra yfirvaldið samþykkir samkvæmt þessum viðauka eða reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

c) Skrárnar, sem eru tilgreindar í b-lið, skulu varðveittar í tvö ár eftir að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.

d) Allar skrár, sem eru tilteknar í ML.B.104, skulu vera tiltækar fyrir annað aðildarríki eða Flugöryggisstofnunina að beiðni þeirra.

ML.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

a) Til að stuðla að bættu flugöryggi skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á öllum nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við 72. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

b) Með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld aðstoða hvert annað við að annast nauðsynlega eftirlitsstarfsemi þegar um er að ræða hugsanlega ógnun við öryggi sem nær til nokkurra aðildarríkja.

B-KAFLI

ÁBYRGÐARSKYLDA

ML.B.201 Ábyrgð

Lögbæra yfirvaldið, sem um getur í b-lið ML.1, ber ábyrgð á því að framkvæma skoðanir og rannsóknir til að staðfesta að farið sé að kröfum þessa viðauka.

C-KAFLI

ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

ML.B.302 Undanþágur

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

ML.B.303 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara

a) Á grundvelli nálgunar, sem byggist á áhættumati, skal lögbæra yfirvaldið móta könnunaráætlun til að vakta lofthæfistöðu loftfaraflotans sem er á skrá hjá því.

b) Könnunaráætlun skal fela í sér úrtakskannanir á loftförum og skal ná yfir alla lykiláhættuþætti varðandi lofthæfi.

c) Úrtakskönnun skal fela í sér úrtaksprófun til að staðfesta hvaða lofthæfistöðlum er náð á grundvelli gildandi krafna og greina hvers konar frávik.

d) Öll frávik, sem greinast, skulu flokkuð í samræmi við ML.B.903 og þau skulu staðfest skriflega við þann aðila eða það fyrirtæki sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201. Lögbæra yfirvaldið skal hafa viðtekið tiltekið verklag til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.

e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik og aðgerðir til leiðréttingar.

f) Ef vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka eða einhvers annars viðauka kemur í ljós við vöktun á loftfari skal frávikið meðhöndlað eins og mælt er fyrir um í viðeigandi viðauka.

g) Ef þess er krafist, til að tryggja viðeigandi framfylgdaraðgerðir, skal lögbæra yfirvaldið skiptast á upplýsingum við önnur lögbær yfirvöld um vanefndir gagnvart kröfum sem greinast í samræmi við f-lið.

ML.B.304 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) ógilda lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) ógilda tímabundið eða afturkalla lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt a-lið ML.B.903.

Lögbæra yfirvaldið, sem gaf út heimildina fyrir staðfestingu á lofthæfi samkvæmt c-lið ML.A.904 til óháðra viðhaldsvotta, skal afturkalla slíka heimild ef handhafinn framkvæmir ekki staðfestingu á lofthæfi með viðunandi hætti eða notar slíka heimild á óviðeigandi hátt.

I-KAFLI

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC)

ML.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi

a) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorðið, sem sett er fram í IV. viðbæti við þennan viðauka (EASA-eyðublað nr. 15c), skal lögbæra yfirvaldið framkvæma staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.903.

b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki til að annast staðfestingu á lofthæfi. Þetta starfsfólk skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

   1) hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af því að starfa við áframhaldandi lofthæfi,

   2) hafa viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta), eða réttindi sem starfsfólk í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa,

   3) hafa hlotið viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara,

   4) hafa gegnt stöðu sem heimilar þessum aðila að skrifa undir fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins.

   Þrátt fyrir 1.–4. lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis komið í stað kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar ML.B.902 til viðbótar við það sem þegar er krafist skv. 1. lið b-liðar ML.B.902.

c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir allt starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, með upplýsingum um öll viðeigandi réttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

d) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi skal það hafa aðgang að viðeigandi gögnum, sem tilgreind eru í ML.A.305, ML.A.306 og ML.A.401.

e) Starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi skal gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15c), eins og sett er fram í IV. viðbæti, að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi.

f) Ef aðstæður leiða í ljós að öryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið sjálft staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorðið.

ML.B.903 Frávik

Ef vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka kemur í ljós við könnun á loftfari eða með öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið:

a) við fyrsta stigs frávik, krefjast þess að gripið verði til viðeigandi aðgerða til úrbóta áður en frekara flug fer fram og tafarlaust afturkalla eða ógilda lofthæfistaðfestingarvottorðið tímabundið og

b) við annars stigs frávik, leggja á aðgerðir til úrbóta sem eru í samræmi við eðli fráviksins.

———

I. viðbætir

Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

a) Geri eigandi samning, í samræmi við ML.A.201, við CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki um að fyrirtækið sjái um verkefni, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins afrit af samningnum þegar báðir aðilar hafa undirritað hann.

b) Samningurinn skal útfærður með hliðsjón af kröfunum í þessum viðauka og skal skilgreina í honum kvaðir undirritunaraðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.

c) Í honum skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) einkennisstafir loftfars, tegund og raðnúmer,

2) nafn eiganda eða skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. heimilisfang,

3) upplýsingar um CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, þ.m.t. heimilisfang og

4) tegund starfrækslu.

d) Þar skal vera eftirfarandi yfirlýsing:

„Eigandinn felur CAMO-fyrirtækinu eða CAO-fyrirtækinu að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, semja og samþykkja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið og skipuleggja viðhald á loftfarinu í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun fyrir loftför.

Í þessum samningi skuldbinda báðir undirritunaraðilar sig til að uppfylla kvaðir sínar samkvæmt samningnum.

Eigandinn lýsir því yfir að samkvæmt hans bestu vitund séu allar upplýsingar, sem CAMO- eða CAO-fyrirtækinu hafa verið veittar varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, réttar og að svo verði áfram og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirframsamþykkis frá CAMO- eða CAO-fyrirtækinu.

Ef annar undirritunaraðilinn uppfyllir ekki einhver ákvæði þessa samnings verður samningurinn ógildur. Í slíkum tilvikum mun eigandinn bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og eigandinn mun tilkynna lögbæru yfirvaldi eða lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins um uppsögn samningsins innan tveggja vikna.“

e) Geri eigandi samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki í samræmi við ML.A.201 skulu kvaðirnar skiptast á milli samningsaðila á eftirfarandi hátt:

1) **Eftirfarandi kvaðir hvíla á CAMO- eða CAO-fyrirtækinu:**

i. að sjá til þess að tegund loftfarsins sé skráð í skilmálum samþykkis þess,

ii. að virða öll skilyrðin, sem eru tilgreind hér á eftir, um að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins:

A) að semja og samþykkja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið,

B) að láta eigandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki, auk afrits af rökstuðningi fyrir hvers konar frábrigðum frá tilmælum handhafa hönnunarsamþykkis,

C) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun loftfarsins til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,

D) að sjá til þess að allt viðhald sé í höndum samþykkts viðhaldsfyrirtækis eða, sé það heimilt, óháðra viðhaldsvotta,

E) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum sé beitt,

F) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða, sé það heimilt, óháðir viðhaldsvottar, lagfæri allar bilanir sem í ljós koma við viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir um,

G) að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfitilskipana, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,

H) að láta eigandann vita í hvert skipti sem fara verður með loftfarið til samþykkts viðhaldsfyrirtækis, eða, sé það heimilt, til óháðra viðhaldsvotta,

I) að hafa umsjón með öllum tæknileg gögnum og setja þau í geymslu,

iii. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

iv. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

v. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til viðhalds eins og CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, hefur krafist,

vi. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur,

vii. að tryggja að staðfesting á lofthæfi loftfarsins fari fram, þegar þörf krefur, og tryggja að lofthæfistaðfestingar-vottorðið sé gefið út,

viii. að senda afrit, innan tíu daga, af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,

ix. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,

x. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp.

2) **Eftirfarandi kvaðir hvíla á eiganda:**

i. að þekkja grundvallaratriði viðhaldsáætlunar loftfarsins,

ii. að þekkja grundvallaratriði þessa viðauka,

iii. að fara með loftfarið til viðhalds eins og CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, hefur krafist,

iv. að breyta ekki loftfarinu án þess að hafa samráð fyrst við CAMO- eða CAO-fyrirtækið sem samið er við,

v. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, um allt aukaviðhald, sem er framkvæmt án vitneskju og eftirlits CAMO- eða CAO-fyrirtækisins, sem samið er við,

vi. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, um allar bilanir sem finnast við starfrækslu loftfarsins með því að færa þær inn í viðhaldsskrána,

vii. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,

viii. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins og CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, ef loftfarið er selt,

ix. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,

x. að gefa CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, reglubundið upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunargögn samkvæmt samkomulagi við CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við,

xi. að færa viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskrárnar, eins og um getur í c-lið ML.A.803, þegar flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, framkvæmir viðhald,

xii. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, eigi síðar en 30 dögum eftir að viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, er lokið.

———

II. viðbætir

Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins

Til viðbótar við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, skal flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, uppfylla eftirfarandi grundvallarreglur áður en hann framkvæmir viðhaldsverkefni:

a) **Hæfni og ábyrgð**

1) Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, skal alltaf bera ábyrgð á hvers konar viðhaldi sem hann framkvæmir.

2) Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, skal búa yfir þeirri hæfni sem krafist er til að framkvæma verkefnið. Það er á ábyrgð flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, að kynna sér sjálfur staðlað verklag við viðhald á loftfari sínu og viðhaldsáætlun loftfarsins.

b) **Verkefni**

Flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er heimilt að framkvæma einfaldar sjónrænar skoðanir eða aðgerðir til að athuga almennt ástand og augljósar skemmdir og hvort flugskrokkurinn, hreyflar, kerfi og íhlutar starfi með eðlilegum hætti.

Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, skal ekki votta viðhaldsverkefni ef eitthvað af eftirfarandi skilyrðum á við:

1) um er að ræða brýnt viðhaldsverkefni,

2) það krefst þess að mikilvægir íhlutir eða samstæður séu fjarlægðar,

3) það fer fram í samræmi við lofthæfitilskipun (AD) eða atriði úr lofthæfitakmörkunum (ALI) nema það sé sérstaklega leyft í þessari lofthæfitilskipun eða lofthæfitakmörkunum,

4) það krefst þess að notuð séu sérstök verkfæri eða kvörðuð verkfæri (nema skrúflyklar með átaksmæli og verkfæri til kreistitenginga),

5) það krefst notkunar prófunarbúnaðar eða sérstakra prófana (t.d. prófana án eyðileggingar (NDT), kerfisprófana eða virkniprófana á rafeindabúnaði loftfara),

6) það samanstendur af hvers konar ófyrirséðum sérskoðunum (t.d. skoðun á loftfari eftir harkalega lendingu),

7) það hefur áhrif á kerfi sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum (IFR),

8) um er að ræða flókið viðhaldsverkefni í samræmi við III. viðbæti eða viðhaldsverkefni á íhlut í samræmi við a- eða b-lið ML.A.502,

9) það er hluti af 100 klst./árlegu skoðuninni (í þeim tilvikum er viðhaldsverkefnið sameinað staðfestingu á lofthæfi sem viðhaldsfyrirtæki eða óháðir viðhaldsvottar annast).

Viðmiðanirnar, sem um getur í 1.–9. lið, gilda umfram leiðbeiningar sem eru minna takmarkandi og eru gefnar út í samræmi við viðhaldsáætlunina fyrir loftför sem um getur í ML.A.302.

Verkefni, sem lýst er í flughandbók loftfarsins (eða öðrum rekstrarhandbókum), t.d. að undirbúa loftfarið fyrir flug (samsetning á vængjum svifflugu eða fyrirflugsverkefni eða samsetning körfu, brennara, eldsneytishylkja og belgssamsetninga fyrir loftbelg, o.s.frv.), teljast ekki viðhaldsverkefni og því er viðhaldsvottorðs ekki krafist. Engu að síður ber aðilinn, sem setur þessa hluta saman, ábyrgð á því að tryggja að þessir hlutar hæfi til ísetningar og séu í nothæfu ástandi.

c) **Framkvæmd og gögn varðandi viðhaldsverkefni flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins**

Þau viðhaldsgögn sem tilgreind eru í lið ML.A.401 verða alltaf að vera tiltæk meðan viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, fer fram og ber að fara eftir þeim. Í samræmi við d-lið ML.A.803 verða nánari upplýsingar að koma fram í viðhaldsvottorðinu um þau gögn sem stuðst er við þegar viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, fer fram.

Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, verður að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við (ef slíkur samningur er fyrir hendi), um að viðhaldsverkefnum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er lokið eigi síðar en 30 dögum eftir að hann lýkur þessum verkefnum, í samræmi við a-lið M.A.305.

———

III. viðbætir

Flókin viðhaldsverkefni sem flugmaðurinn, sem jafnframt er eigandi loftfarsins, má ekki votta

Öll eftirfarandi verkefni teljast flókin viðhaldsverkefni sem flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, má ekki framkvæma skv. II. viðbæti. Þessi verkefni skulu annaðhvort vottuð af hálfu CAO-fyrirtækis eða óháðra viðhaldsvotta:

a) breyting, viðgerð eða útskipti með því að hnoðnegla, líma, húða eða málmsjóða einhverja eftirfarandi flugskrokkshluta:
   1) lokaðan bita (e. *box beam*),
   2) langband eða þverband vængs,
   3) vængbita,
   4) vængbitaflans,
   5) stangavirkisbita,
   6) lífplötur (e. *the web of a beam*),
   7) kjöl eða húfband á bol eða flotholti flugbáts,
   8) báraða álþynnu sem er í þjöppun og er hluti af smíðavirki væng- eða stélflata,
   9) aðalvængrif,
   10) væng- eða stélstoð,
   11) hreyfilbúkka,
   12) burðarlangband eða ramma bols,
   13) stangavirki, lárétt stangavirki eða þverþil sem er hluti smíðavirkis,
   14) sætisstoð eða -festingu,
   15) útskipti sætisbrautar,
   16) stoðband eða þrýstistoð fyrir lendingarbúnað,
   17) öxul,
   18) hjól og
   19) skíði eða skíðisfót, að undanskilinni endurnýjun á rennilagi skíða,

b) breyting eða viðgerð á einhverjum eftirfarandi hluta:
   1) ytra byrði loftfars eða ytra byrði flotholts loftfars ef nota þarf undirstöðu, smíðaramma eða festingu við verkið,
   2) ytra byrði loftfars sem er undir álagi af þrýstijöfnuði, ef skemmdir á ytra byrðinu ná lengra en 15 cm (6 tommur) í einhverja áttina,
   3) burðarhluta stýrakerfis, þ.m.t. stjórnvölur, fótstig, ás, stýriskvaðrantur, vinkilarmur, vindurör, stýrisflauta og eldsmíðaðir eða steyptir klofar, en að undanskildu:
      i. festingu viðgerðarsamskeytingar eða tengingar á vírum og
      ii. útskiptum hnoðnegldrar endafestingar á ýti- og togstöng,
   4) öðrum burðarvirkjum sem eru ekki skráð í a-lið en sem framleiðandi hefur tilgreint sem aðalburðarvirki í viðhaldshandbók sinni eða handbók fyrir viðgerðir á burðarvirkjum eða leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi,

c) framkvæmd allra eftirfarandi viðhaldsverkefna á strokkhreyfli:
   1) að taka í sundur strokkhreyfil og setja hann síðan aftur saman í öðrum tilgangi en:
      i. að fá aðgengi að stimpil-/strokksamstæðum eða
      ii. að fjarlægja aftari hlíf til að skoða og/eða skipta um olíudælusamstæður, þegar slík vinna felur ekki í sér að fjarlægja innri gíra og setja þá aftur í,
   2) að taka í sundur niðurfærslugír og setja hann aftur saman,

3) að logsjóða og háhitalóða samskeyti, nema þegar um er að ræða minni háttar logsuðuviðgerðir á útblásturskerfi, sem viðurkenndur logsuðumaður eða logsuðumaður með tilskilin réttindi framkvæmir, en sem fela ekki í sér skipti á íhlutum,

4) að raska stökum hlutum eininga, sem eru seldar sem einingar sem hafa verið prófaðar á prófunarbekk, nema þegar um er að ræða skipti eða stillingu hluta sem yfirleitt er hægt að skipta út eða stilla meðan á notkun stendur,

d) jafnvægisstilling á skrúfu, nema:

1) fyrir vottun um kyrrujafnvægisstillingu, þegar þess er krafist samkvæmt viðhaldshandbókinni og

2) fyrir hreyfijafnvægisstillingu á skrúfum, sem eru í loftfari, með því að nota rafrænan jafnvægisstillingarbúnað þegar viðhaldshandbók eða önnur samþykkt lofthæfigögn heimila það,

e) öll viðbótarverkefni sem krefjast:

1) sérstakra verkfæra, sérstaks búnaðar eða sérstakrar aðstöðu eða

2) umtalsverðrar samræmingarmálsmeðferðar vegna þess hve langan tíma verkefnin taka og vegna þess hve margir aðilar koma að verkefnunum.

———

IV. viðbætir

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15c

ATHUGASEMD: aðilar og fyrirtæki sem framkvæma staðfestingu á lofthæfi í tengslum við 100 klst./árlegu skoðunina, geta notað bakhlið þessa eyðublaðs til að gefa út viðhaldsvottorðið sem um getur í lið ML.A.801 og samsvarar 100 klst./árlegu skoðuninni.“

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC) (fyrir loftför sem fara að ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta)

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: .....

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2018/1139:

[HEITI LÖGBÆRA YFIRVALDSINS]

eða

[HEITI SAMÞYKKTS FYRIRTÆKIS, HEIMILISFANG og TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS]

eða

[FULLT HEITI VIÐHALDSVOTTA OG SKÍRTEINISNÚMER 66. HLUTA (EÐA LANDSBUNDIÐ JAFNGILDI ÞESS)]

vottar hér með að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram á eftirfarandi loftfari í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:

Framleiðandi loftfars: ..... Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: ..... Raðnúmer loftfars: .....

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar (ef við á): .....

Fyrsta framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

(*) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.

EASA-eyðublað nr. 15c, 3. útgáfa“.

———

VII. VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI c

(CAMO-hluti)

EFNISYFIRLIT

A-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA
CAMO.A.005 Gildissvið
CAMO.A.105 Lögbært yfirvald
CAMO.A.115 Umsókn um fyrirtækjavottorð
CAMO.A.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur
CAMO.A.125 Skilmálar samþykkis og réttindi
CAMO.A.130 Breytingar á fyrirtækinu
CAMO.A.135 Áframhaldandi gildi
CAMO.A.140 Aðgangur
CAMO.A.150 Frávik
CAMO.A.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli
CAMO.A.160 Tilkynning atvika
CAMO.A.200 Stjórnunarkerfi
CAMO.A.202 Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar
CAMO.A.205 Verktakasamningar og undirverktakasamningar
CAMO.A.215 Aðstaða
CAMO.A.220 Skráahald
CAMO.A.300 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
CAMO.A.305 Kröfur varðandi starfsfólk
CAMO.A.310 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi
CAMO.A.315 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
CAMO.A.320 Staðfesting á lofthæfi
CAMO.A.325 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
B-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA
CAMO.B.005 Gildissvið
CAMO.B.115 Eftirlitsgögn
CAMO.B.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur
CAMO.B.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar
CAMO.B.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli
CAMO.B.200 Stjórnunarkerfi
CAMO.B.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila
CAMO.B.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu
CAMO.B.220 Skráahald
CAMO.B.300 Meginreglur um eftirlit
CAMO.B.305 Eftirlitsáætlun
CAMO.B.310 Upphafsferli vegna vottunar
CAMO.B.330 Breytingar
CAMO.B.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta
CAMO.B.355 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

A-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

CAMO.A.005 Gildissvið

Í þessum þætti eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að fá útgefið eða framlengt samþykki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til ísetningar í þau.

CAMO.A.105 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald vera:

a) það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar, tilnefnir, ef samþykkið er ekki skráð á flugrekandaskírteini,

b) það yfirvald sem aðildarríki flugrekandans tilnefnir, ef samþykkið er skráð á flugrekandaskírteini,

c) Flugöryggisstofnunin, ef höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar í þriðja landi.

CAMO.A.115 Umsókn um fyrirtækjavottorð

a) Umsókn um vottorð eða breytingu á fyrirliggjandi vottorði í samræmi við þennan viðauka skal gerð á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður, að teknu tilliti til viðeigandi krafna í I. viðauka (M-hluta), V. viðauka b (ML-hluta) og þessum viðauka.

b) Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn samkvæmt þessum viðauka skulu umsækjendur leggja eftirfarandi fram til lögbæra yfirvaldsins:

   1) niðurstöður úr undirbúningsúttekt sem fyrirtækið annast samkvæmt viðeigandi kröfum, sem kveðið er á um í I. viðauka (M-hluta), V viðauka b og þessum viðauka,

   2) skjöl sem sýna fram á hvernig þeir munu uppfylla kröfurnar sem komið er á með þessari reglugerð.

   Slík skjöl skulu innihalda verklagsreglur, eins og kveðið er á um í CAMO.A.130, sem lýsa því hvernig breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, verða meðhöndlaðar og tilkynntar til lögbæra yfirvaldsins.

CAMO.A.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í staðinn fyrir viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC), sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, til að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

b) Þegar fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er beitt. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókinni eða verklagsreglum sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

   Fyrirtækið má beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og kveðið er á um í CAMO.B.120.

CAMO.A.125 Skilmálar samþykkis og réttindi fyrirtækisins

a) Samþykkið er skráð á vottorðinu sem um getur í I. viðbæti og sem lögbæra yfirvaldið gefur út.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar, hvað varðar flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal samþykkið vera hluti af flugrekandaskírteininu sem lögbæra yfirvaldið gefur út fyrir loftfarið sem er starfrækt.

c) Verksviðið skal tilgreint í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME) í samræmi við CAMO.A.300.

d) Fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við þennan viðauka, er heimilt:

   1) að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara annarra en þeirra sem notuð eru af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, eins og tilgreint er á vottorðinu,

   2) að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, ef þau eru tilgreind bæði á vottorði hans og flugrekandaskírteini,

3) að sjá til þess að undirverktakafyrirtæki sjái um takmörkuð verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi þegar það starfar samkvæmt stjórnunarkerfi fyrirtækisins eins og tilgreint er á vottorðinu,

4) að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt skilyrðunum í f-lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.

e) Fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við þennan viðauka og er með aðalstarfsstöð sína í einu af aðildarríkjunum, getur að auki hlotið samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á og:

1) gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar eða 2. lið e-liðar M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,

2) gefa út tilmæli um staðfestingu á lofthæfi loftfars til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins, samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í d-lið M.A.901 eða b-lið M.A.904 í I. viðauka (M-hluta).

f) Með fyrirvara um viðeigandi verklagsreglur í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í CAMO.A.300, getur fyrirtæki, sem er með þau réttindi sem um getur í e-lið, að auki hlotið samþykki til að gefa út flugleyfi í samræmi við d-lið 21A.711 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar loftfarið sem fyrirtækið hefur hlotið samþykki til að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir, þegar fyrirtækið staðfestir samræmi við samþykkt flugskilyrði.

CAMO.A.130 Breytingar á fyrirtækinu

a) Eftirfarandi breytingar á fyrirtækinu krefjast fyrirframsamþykkis:

1) breytingar sem hafa áhrif á gildissvið vottorðsins eða skilmála samþykkis fyrirtækisins,

2) breytingar á starfsfólki sem tilnefnt er í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar í CAMO.A.305,

3) breytingar á boðleiðum milli starfsfólksins, sem tilnefnt er í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar í CAMO.A.305, og ábyrgðarmanns,

4) breytingar á verklagsreglum að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, eins og um getur í c-lið.

b) Fyrir allar breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis, í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, skal fyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en nokkrar slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar og að breyta, ef þörf er á, vottorði fyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við CAMO.B.330.

Fyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur sett meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

c) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í verklagsreglunum sem um getur í b-lið CAMO.A.115 og lögbæra yfirvaldið samþykkir í samræmi við h-lið CAMO.B.310.

CAMO.A.135 Áframhaldandi gildi

a) Fyrirtækjavottorðið skal áfram vera í gildi með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) að fyrirtækið fullnægi áfram kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í lið CAMO.B.350,

2) að lögbæra yfirvaldinu sé veittur aðgangur að fyrirtækinu eins og tilgreint er í CAMO.A.140,

3) að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Fyrir flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 ógildir uppsögn, tímabundin ógilding eða afturköllun flugrekandaskírteinis sjálfkrafa fyrirtækjavottorðið í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskírteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.

c) Þegar vottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.

CAMO.A.140 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar skal fyrirtækið ávallt veita aðgang að allri aðstöðu, loftförum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfseminni sem á að votta, óháð því hvort hún hefur verið falin verktaka eða undirverktaka, öllum aðilum sem hafa heimild einhvers eftirtalinna yfirvalda:

a) lögbæra yfirvaldsins sem skilgreint er í CAMO.A.105,

b) yfirvaldsins sem starfar samkvæmt ákvæðum d-liðar CAMO.B.300 eða e-liðar CAMO.B.300.

CAMO.A.150 Frávik

a) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt CAMO.B.350 skal fyrirtækið:

   1) greina frumorsök eða -orsakir vanefndarinnar og áhrifaþætti þar að lútandi,

   2) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,

   3) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.

b) Aðgerðir, sem um getur í 1., 2. og 3. lið a-liðar, skulu framkvæmdar innan þess tíma sem samið var um við lögbæra yfirvaldið eins og skilgreint er í CAMO.B.350.

CAMO.A.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Fyrirtækið skal framfylgja:

a) öllum öryggisráðstöfunum sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um í samræmi við CAMO.B.135,

b) öllum viðeigandi ákvæðum skyldubundinna öryggisupplýsinga sem Flugöryggisstofnunin gefur út.

CAMO.A.160 Tilkynning atvika

a) Sem hluta af stjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið innleiða tilkynningarkerfi um atvik sem uppfyllir kröfur reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1018 (*).

b) Án þess að hafa áhrif á a-lið skal fyrirtækið tryggja að öll flugatvik, bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíræðar upplýsingar sem er að finna í gögnum, í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa eða kunna hafa áhrif á örugga starfrækslu loftfarsins og hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik, séu tilkynnt til lögbæra yfirvaldsins og fyrirtækisins sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins.

c) Án þess að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1018 skulu tilkynningarnar, sem um getur í a- og b-lið, gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar mikilvægar upplýsingar um ástandið, sem fyrirtækið þekkir til.

d) Tilkynningum skal skilað svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

e) Þar sem við á skal fyrirtækið gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 frá 29. júní 2015 um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsflugi sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2015, bls. 1).

CAMO.A.200 Stjórnunarkerfi

a) Fyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi:

1) að skilgreina skýrt skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á öryggginu,

2) að lýsa grundvallarviðhorfi og meginreglum fyrirtækisins með tilliti til öryggis, þ.e.a.s. öryggisstefnunni,

3) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi fyrirtækisins, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til að draga úr áhættunni og sannprófa skilvirkni þessara aðgerða,

4) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,

5) gögn yfir öll lykilferli stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,

6) ferli til að vakta hlítni fyrirtækisins við kröfur; þessi vöktun skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra úrbóta,

7) allar viðbótarkröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

b) Stjórnunarkerfið skal vera í samræmi við stærð fyrirtækisins og eðli starfsemi þess og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu sem fylgja þessari starfsemi.

c) Ef fyrirtækið hefur eitt eða fleiri fyrirtækjavottorð til viðbótar, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðir og framseldar gerðir hennar, má samþætta stjórnunarkerfið við það kerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum,

d) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar, að því er varðar flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal stjórnunarkerfið, sem kveðið er á um í þessum viðauka, vera samþættur hluti af stjórnunarkerfi flugrekandans.

CAMO.A.202 Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar

a) Sem hluta af stjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið koma á innra kerfi fyrir öryggistilkynningar sem gerir kleift að safna upplýsingum um tilkynningarskyld atvik samkvæmt lið CAMO.A.160 og meta þau.

b) Kerfið skal einnig gera kleift að safna upplýsingum um mistök, atvik þar sem liggur við slysi (e. *near misses*) og hættur sem tilkynnt er um innanhúss en falla ekki undir a-lið, og meta þau.

c) Með þessu kerfi skal fyrirtækið:

1) greina orsakir og áhættuþætti mistaka, atvika þar sem liggur við slysi og hætta sem tilkynnt er um og meðhöndla þau sem hluta af stjórnun öryggisáhættu í samræmi við 3. lið a-liðar CAMO.A.200,

2) tryggja mat á öllum viðkomandi upplýsingum sem þekktar eru og tengjast mistökum, vanhæfni til að fylgja verklagsreglum, atvikum þar sem liggur við slysi og hættum, og aðferð til að dreifa upplýsingunum eftir því sem nauðsynlegt er.

d) Fyrirtækið skal veita undirverktakafyrirtækjum aðgang að innra kerfi fyrirtækisins fyrir öryggistilkynningar.

e) Fyrirtækið skal vinna að öryggisrannsóknum með öðrum fyrirtækjum sem geta lagt umtalsvert af mörkum til öryggis starfsemi þess við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

CAMO.A.205 Verktakasamningar og undirverktakasamningar

a) Þegar fyrirtækið gerir verktakasamning um viðhald eða felur undirverktaka einhvern hluta starfsemi sinnar sem snýr að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal það tryggja:

1) að þessi starfsemi uppfylli viðeigandi kröfur og

2) að hættur í tengslum við flugöryggi, sem tengjast slíkum verktaka- eða undirverktakasamningum, teljist hluti af stjórnunarkerfi fyrirtækisins.

b) Þegar fyrirtækið gerir undirverktakasamning við annað fyrirtæki um einhvern hluta starfsemi sinnar sem snýr að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal undirverktakafyrirtækið starfa samkvæmt samþykki fyrirtækisins. Fyrirtækið skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að undirverktakafyrirtækinu til að ákvarða hvort enn sé farið að viðeigandi kröfum.

CAMO.A.215 Aðstaða

Fyrirtækið skal sjá starfsfólkinu, sem tilgreint er í CAMO.A.305, fyrir hentugu skrifstofuhúsnæði á viðeigandi stöðum.

CAMO.A.220 Skráahald

a) Skrár yfir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

1) Fyrirtækið skal tryggja að skrár, sem krafist er samkvæmt M.A.305, ML.A.305 og ef við á, M.A.306, séu geymdar.

2) Fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru.

3) Ef fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í e-lið CAMO.A.125 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum og tilmælum, sem gefin eru út eða framlengd, eftir því sem við á, ásamt öllum fylgiskjölum. Þar að auki skal fyrirtækið varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það hefur framlengt samkvæmt þeim réttindum sem um getur í 4. lið d-liðar CAMO.A.125.

4) Ef fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í f-lið CAMO.A.125 skal það varðveita afrit af öllum flugleyfum sem gefin eru út í samræmi við ákvæði 21.A.729 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

5) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum skrám, sem um getur í 2.–4. lið a-liðar, í þrjú ár eftir að ábyrgð á loftfarinu í samræmi við M.A.201 eða ML.A.201 hefur verið færð til annars aðila eða fyrirtækis.

6) Þegar fyrirtækið hættir rekstri skal afhenda eiganda loftfarsins allar skrár sem hafa verið varðveittar.

b) Skrár sem tengjast stjórnunarkerfinu, verktakasamningum og undirverktakasamningum

1) Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu geymdar:

i. skrár yfir lykilferli í stjórnunarkerfinu eins og skilgreint er í CAMO.A.200,

ii. samningar, bæði verktakasamningar og undirverktakasamningar, í samræmi við lið CAMO.A.205.

2) Geyma skal skrár sem tengjast stjórnunarkerfinu, sem og alla samninga samkvæmt lið CAMO.A.205, í a.m.k. fimm ár.

c) Skrár varðandi starfsfólk

1) Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu geymdar:

i. skrá yfir réttindi og reynslu starfsfólks sem kemur að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hlítnivöktun og öryggisstjórnun,

ii. skrár yfir réttindi og reynslu starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi, auk starfsfólks sem gefur út tilmæli og flugleyfi.

2) Skrár varðandi allt starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi, starfsfólk sem gefur út tilmæli og starfsfólk sem gefur út flugleyfi skulu innihalda upplýsingar um öll viðeigandi réttindi, sem starfsfólkið hefur undir höndum, ásamt samantekt á viðeigandi reynslu af og þjálfun í stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og afriti af heimildinni.

3) Skrár yfir starfsfólk skal geyma þann tíma sem viðkomandi starfsmaður vinnur fyrir fyrirtækið og í þrjú ár eftir að viðkomandi hefur hætt störfum þar.

d) Fyrirtækið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir mögulega viðunandi geymslu og áreiðanlegan rekjanleika hvað varðar alla starfsemi sem framkvæmd er.

e) Snið skráa skal tilgreint í verklagsreglum fyrirtækisins.

f) Varðveita skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

CAMO.A.300 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME)

a) Fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og, eftir atvikum, tengdar handbækur og verklagsreglur, sem innihalda allar eftirfarandi upplýsingar:

1) yfirlýsingu, undirritaða af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni jafnan vinna í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við samþykktu starfsemislýsinguna fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi; ef ábyrgðarmaðurinn er ekki framkvæmdastjóri fyrirtækisins skal framkvæmdastjórinn meðárita yfirlýsinguna,

2) öryggisstefnu fyrirtækisins, sem um getur í 2. lið a-liðar CAMO.A.200,

3) verksvið fyrirtækisins sem skilmálar samþykkisins taka til,

4) almenna lýsingu á þeim mannafla og því kerfi sem er til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til reiðu, eins og krafist er í d-lið CAMO.A.305,

5) starfsheiti og nafn eða nöfn þeirra aðila sem um getur í 3.–5. lið a-liðar, 2. lið b-liðar og f-lið CAMO.A.305,

6) skyldur, ábyrgðarskyldur, ábyrgðir og völd þeirra aðila sem tilnefndir eru skv. 3.–5. lið a-liðar, 2. lið b-liðar og f-lið CAMO.A.305,

7) skipurit sem sýnir hvernig ábyrgðarskyldur og ábyrgðir aðilanna, sem um getur í 3.–5. lið a-liðar, 2. lið b-liðar, e-lið og f-lið CAMO.A.305, eru tengdar og tengjast 1. lið a-liðar CAMO.A.200,

8) skrá yfir starfsfólk sem hefur heimild til að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli, sem um getur í e-lið CAMO.A.305, þar sem tilgreint er, eftir atvikum, hvaða starfsfólki er heimilt að gefa út flugleyfi í samræmi við c-lið CAMO.A.125,

9) almenna lýsingu á aðstöðunni og staðsetningu hennar,

10) lýsingu á innra kerfinu fyrir öryggistilkynningar, eins og krafist er samkvæmt CAMO.A.202,

11) verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtækið tryggir að farið sé að ákvæðum þessa viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, einkum:

i. gögn yfir lykilferli í stjórnunarkerfinu eins og krafist er í CAMO.A.200,

ii. verklagsreglur þar sem skilgreint er hvernig fyrirtækið hefur eftirlit með starfsemi sem falin er verktaka eða undirverktaka, eins og krafist er samkvæmt CAMO.A.205 og c-lið CAMO.A.315,

iii. verklagsreglur í tengslum við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi, eftir því sem við á,

iv. verklagsregluna til að ákvarða umfang breytinga sem þarfnast ekki fyrirframsamþykkis og þar sem því er lýst hvernig slíkum breytingum verður hagað og þær tilkynntar, eins krafist er í b-lið CAMO.A.115 og c-lið CAMO.A.130,

v. verklagsreglur í tengslum við breytingu á starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

12) skrána yfir samþykktar viðhaldsáætlanir loftfara þar sem samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi hefur verið gerður í samræmi við M.A.201 eða ML.A.201,

13) skrána yfir viðhaldssamninga í samræmi við c-lið CAMO.A.315,

14) skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem eru sem stendur samþykktar.

b) Lögbært yfirvald skal samþykkja fyrstu útgáfuna af starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi. Henni skal breytt eins og nauðsyn krefur svo hún verði áfram uppfærð lýsing á fyrirtækinu.

c) Meðhöndla skal breytingar á starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við verklagsregluna sem um getur í iv. lið 11. liðar. Lögbært yfirvald skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið þessarar verklagsreglu, sem og breytingar sem tengjast breytingunum, sem eru tilgreindar í a-lið CAMO.A.130.

CAMO.A.305 Kröfur varðandi starfsfólk

a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfi og að starfsemin geti farið fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar reglugerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Ábyrgðarmaðurinn skal:

1) sjá til þess að öll nauðsynleg hjálpargögn séu fyrir hendi til að unnt sé að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við samþykkisvottorð fyrirtækisins,

2) koma á og kynna gæðastefnuna sem tilgreind er í CAMO.A.200,

3) tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á því að fyrirtækið uppfylli ávallt viðeigandi kröfur varðandi stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi í þessum viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta),

4) tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á umsjón með hlítnivöktun sem hluta af stjórnunarkerfinu,

5) tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á umsjón með þróun, stjórnun og viðhaldi skilvirkra öryggis-stjórnunferla sem hluta af stjórnunarkerfinu,

6) tryggja að aðilinn eða hópur aðila, sem tilnefndir eru í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar CAMO.A.305, hafi beinan aðgang til að viðkomandi sé nægilega vel upplýstur um mál er varða hlítni við kröfur og öryggi,

7) sýna fram á grundvallarskilning á þessari reglugerð.

b) Hvað varðar fyrirtæki sem einnig eru samþykkt sem flugrekendur og hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal ábyrgðarmaðurinn að auki:

1) vera sá aðili sem er tilnefndur sem ábyrgðarmaður fyrir flugrekandann, eins og krafist er samkvæmt a-lið ORO.GEN.210 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012,

2) tilnefna aðila, sem er ábyrgur fyrir stjórnun á og eftirliti með áframhaldandi lofthæfi, sem skal ekki starfa fyrir fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) og er samningsbundið flugrekandanum, nema það hafi verið sérstaklega samþykkt af lögbæra yfirvaldinu.

c) Aðilinn eða aðilarnir, sem tilnefndir eru í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar CAMO.A.305, skulu geta sýnt fram á að þeir hafi bæði viðeigandi þekkingu, viðeigandi bakgrunn og fullnægjandi reynslu í tengslum við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem og hagnýta þekkingu á þessari reglugerð. Þessi aðili eða þessir aðilar skulu bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

d) Fyrirtækið skal hafa kerfi til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til reiðu svo tryggja megi að fyrirtækið hafi nægilegan fjölda starfsfólks með viðeigandi réttindi til að skipuleggja, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfsemi fyrirtækisins í samræmi við skilmála samþykkisins.

e) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi eða gefa út tilmæli í samræmi við e-lið CAMO.A.125, og, ef við á, gefa út flugleyfi í samræmi við f-lið CAMO.A.125, skal fyrirtækið hafa á að skipa sérmenntuðu starfsfólki sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við CAMO.A.310.

f) Að því er varðar fyrirtæki sem framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, í samræmi við 4. lið d-liðar CAMO.A.125, skal fyrirtækið tilnefna aðila sem hafa til þess heimild.

g) Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks, sem vinnur við hlítnivöktun, öryggisstjórnun, stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi eða útgáfu tilmæla og, ef við á, útgáfu flugleyfa í samræmi við málsmeðferð og staðla sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt. Hæfni verður, auk nauðsynlegrar sérfræðikunnáttu til að gegna starfinu, að fela í sér skilning á öryggisstjórnun og meginreglum mannþáttafræði að því er varðar starf og ábyrgð viðkomandi starfsmanns hjá fyrirtækinu.

CAMO.A.310 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi

a) Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli í samræmi við e-lið CAMO.A.125 og, ef við á, gefur út flugleyfi í samræmi við f-lið CAMO.A.125, skal hafa:

1) a.m.k. 5 ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi,

2) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi,

3) fengið formlega þjálfun í viðhaldi loftfara,

4) gegnt stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkta fyrirtækisins.

b) Þrátt fyrir 1., 3. og 4. lið a-liðar hér að framan getur 5 ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirrar kröfu sem mælt er fyrir um í 2. lið a-liðar, til viðbótar við það sem þegar er krafist skv. 1. lið a-liðar.

c) Starfsfólk, sem fyrirtækið tilnefnir til að annast staðfestingu á lofthæfi, getur aðeins fengið heimild frá fyrirtækinu ef viðkomandi aðili hefur hlotið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa lokið staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi árangri undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins, eða undir eftirliti starfsfólks sem starfar hjá fyrirtækinu og hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við málsmeðferð sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt sem hluta af starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

d) Fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi loftfara, geti sýnt fram á nýlega, viðeigandi reynslu af stjórnun áframhaldandi lofthæfi.

CAMO.A.315 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

a) Fyrirtækið skal tryggja að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi fari fram í samræmi við C-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) eða C-kafla A-þáttar V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

b) Fyrir sérhvert loftfar sem er undir stjórn fyrirtækisins, skal fyrirtækið:

1) sjá til þess að samin sé viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar viðeigandi áreiðanleikaáætlanir, eins og krafist er í M.A.302 eða ML.A.302, eftir því sem við á, og að haft sé eftirlit með þeim,

2) að því er varðar loftför sem ekki eru notuð af flugrekendum með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, senda ábyrgum eiganda eða flugrekanda, í samræmi við M.A.201 eða ML.A.201, eftir því sem við á, afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins,

3) sjá til þess að gögn sem notuð eru fyrir breytingar og viðgerðir uppfylli kröfur M.A.304 eða ML.A.304 eftir því sem við á,

4) að því er varðar flókin, vélknúin loftför eða loftför sem notuð er af flugrekendum með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, koma á verklagi til að meta valfrjálsar breytingar og/eða skoðanir og ákveða hvort þær verði gerðar, og nota til þess ferli fyrirtækisins fyrir stjórnun öryggisáhættu, eins og krafist er í 3. lið a-liðar CAMO.A.200,

5) sjá til þess að farið sé með loftfarið, hreyfilinn/hreyflana, skrúfuna/skrúfurnar og íhluti sem settir eru í loftfarið, til tilhlýðilega samþykkts viðhaldsfyrirtækis sem um getur í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), þegar nauðsyn krefur,

6) fyrirskipa viðhald, hafa umsjón með starfsemi og samræma tengdar ákvarðanir til að tryggja að viðhald fari rétt fram og sé vottað á viðeigandi hátt í þeim tilgangi að ákvarða lofthæfi loftfarsins.

c) Ef fyrirtækið er ekki tilhlýðilega samþykkt í samræmi við F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) skal það, í samráði við flugrekandann, hafa umsjón með skriflegu viðhaldssamningunum, sem gerð er krafa um í 3. lið e-liðar, 3. lið f-liðar, 3. lið g-liðar og 3. lið h-liðar í M.A.201 eða ML.A.201, til að tryggja:

1) að tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,

2) að þær aðgerðir sem krafist er skv. 2. lið a-liðar, 3. lið a-liðar, 6. lið a-liðar og 7. lið a-liðar M.A.301 eða ML.A.301, eftir því sem við á, séu skýrt tilgreindar.

d) Þrátt fyrir c-lið getur samningurinn verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækisins að því er varðar:

1) loftfar sem þarf á ófyrirséðu leiðarviðhaldi að halda,

2) viðhald íhluta, þ.m.t. viðhald hreyfla og loftskrúfa, eftir því sem við á.

e) Fyrirtækið skal tryggja að tekið sé tillit til mannþáttafræði og takmarkana mannlegrar getu í tengslum við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. í tengslum við starfsemi sem falin er verktaka eða undirverktaka.

CAMO.A.320 Staðfesting á lofthæfi

Þegar fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við e-lið CAMO.A.125, annast staðfestingu á lofthæfi skal hún framkvæmd í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

CAMO.A.325 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Fyrirtækið skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) við framkvæmd verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAMO.A.315. Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilviki skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, aðeins geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt a-lið CAMO.A.220.

B-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

CAMO.B.005 Gildissvið

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur og kröfur stjórnunarkerfisins sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á framkvæmd og framfylgd ákvæða A-þáttar þessa viðauka, ber að uppfylla.

CAMO.B.115 Eftirlitsgögn

Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

CAMO.B.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC) sem má nota til að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

c) Lögbært yfirvald skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvaldið notar sjálft eða sem fyrirtæki undir þeirra eftirliti nota, geri kleift að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

d) Lögbæra yfirvaldið skal meta allar tillögur fyrirtækis um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í samræmi við CAMO.A.120 með því að skoða þau gögn sem lögð eru fram og, ef það er talið nauðsynlegt, með því að framkvæma skoðun hjá fyrirtækinu.

Þegar lögbæra yfirvaldið telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, skal það án ástæðulausrar tafar:

1) tilkynna umsækjanda um að hrinda megi í framkvæmd öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta samþykki eða vottorði umsækjandans í samræmi við það,

2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af öllum viðeigandi gögnum.

e) Þegar lögbæra yfirvaldið notast sjálft við aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að samrýmast reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, skal það:

1) gera þær tiltækar öllum fyrirtækjum og aðilum, sem það hefur eftirlit með,

2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þær án ástæðulausrar tafar.

Lögbæra yfirvaldið skal útvega Flugöryggisstofnuninni nákvæma lýsingu á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, þ.m.t. allar breytingar á verklagsreglum sem geta skipt máli, auk mats sem sýnir fram á að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

CAMO.B.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

a) Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma veruleg vandamál við beitingu reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnuninni mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi, sem eru til komnar vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist samkvæmt CAMO.A.160.

CAMO.B.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

a) Lögbæra yfirvaldið skal taka upp kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti, sbr. þó reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 (*).

b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, aðilum eða fyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu.

d) Aðgerðirnar, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar öllum aðilum eða fyrirtækjum sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þessar aðgerðir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

CAMO.B.200 Stjórnunarkerfi

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur að lágmarki:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og aðferðum til að fara að reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar; verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,

2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,

3) starfsfólk sem hefur réttindi til að inna af hendi störf sem þeim eru úthlutuð og hafa nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja áframhaldandi hæfni,

4) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að sinna úthlutuðum verkefnum,

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 frá 29. júní 2015 um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsflugi sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2015, bls. 1).

5) ferli til að vakta hlítni stjórnunarkerfisins við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót verklagi fyrir innri úttektir og verklagi fyrir stjórnun öryggisáhættu; þessi vöktun skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta,

6) aðila eða hóp aðila, sem bera endanlega ábyrgð á hlítnivöktuninni gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.

b) Fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, skal lögbæra yfirvaldið tilnefna einn eða fleiri aðila sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.

c) Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. um öll frávik sem koma upp og eftirfylgniaðgerðir sem gripið er til í kjölfar eftirlits með aðilum eða fyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni.

d) Afrit af verklagsreglunum sem tengjast stjórnunarkerfinu og breytingum þar á skulu gerðar aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni af ástæðum er varða stöðlun og fyrirtækjunum, sem falla undir þessa reglugerð, ef þess er óskað.

CAMO.B.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila (e. *qualified entities*)

a) Aðildarríkin mega aðeins úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með aðilum eða fyrirtækjum, sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, til hæfra aðila. Þegar lögbæra yfirvaldið úthlutar verkefnum skal það tryggja að það hafi:

1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og símat á því að hæfi aðilinn fari að kröfum VI. viðauka, „Grunnkröfur sem gerðar eru til hæfra aðila“, í reglugerð (ESB) 2018/1139; þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfestar,

2) komið á skjalfestu samkomulagi við hæfa aðilann, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem tilgreint er með skýrum hætti:

i. verkefnin sem inna á af hendi,

ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja á fram,

iii. tæknileg skilyrði, sem á að uppfylla þegar slík verkefni eru innt af hendi,

iv. tilheyrandi bótaábyrgð,

v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að ferlið fyrir innri úttekt og ferlið fyrir stjórnun öryggisáhættu, sem gerð er krafa um í 5. lið a-liðar CAMO.B.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfellt eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd yfirvaldsins.

CAMO.B.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu

a) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt til að endurspegla tímanlega allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

CAMO.B.220 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, réttindi og heimildir starfsfólks þess,

3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í CAMO.B.205, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) vottunarferli og samfellt eftirlit með vottuðum fyrirtækjum, þ.m.t.:

i. umsókn um fyrirtækjavottorð,

ii. áætlun lögbæra yfirvaldsins um samfellt eftirlit, þ.m.t. allar mats-, úttektar- og skoðunarskrár,

iii. fyrirtækjavottorðið með áorðnum breytingum,

iv. afrit af áætluninni um samfellt eftirlit þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,

v. afrit af öllum formlegum bréfaskiptum,

vi. upplýsingar um frávik, aðgerðir til úrbóta, dagsetningu fyrir lok aðgerða, undanþágur og framfylgdaraðgerðir,

vii. mats-, úttektar- og skoðunarskýrslur útgefnar af öðru lögbæru yfirvaldi samkvæmt d-lið CAMO.B.300,

viii. afrit af öllum starfsemislýsingum fyrirtækisins fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME) eða handbókum fyrirtækisins og breytingum á þeim,

ix. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt,

5) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur sem lögbæra yfirvaldið notast sjálft við,

6) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni í samræmi við CAMO.B.125,

7) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll fyrirtækjavottorð sem það gefur út.

c) Geyma skal öll gögn, sem um getur í a- og b-lið, í minnst fimm ár, sbr. þó gildandi lög um gagnavernd.

d) Allar skrár sem um getur í a- og b-lið skulu gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni sé þess óskað.

CAMO.B.300 Meginreglur um eftirlit

a) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta:

1) hlítni við þær kröfur sem eiga við um fyrirtæki, áður en gefið er út fyrirtækjavottorð, ef við á,

2) að fyrirtæki, sem það hefur vottað, fari enn að viðeigandi kröfum,

3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, eins og skilgreint er í c- og d-lið í CAMO.B.135.

b) Þessi staðfesting skal:

1) studd skjölum, sem einkum er ætlað að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti, um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2) veita hlutaðeigandi fyrirtækjum niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,

3) byggð á mati, úttektum og skoðunum, þ.m.t. fyrirvaralausum skoðunum,

4) útvega lögbæra yfirvaldinu þær upplýsingar sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í CAMO.B.350 „Frávik og aðgerðir til úrbóta“.

c) Umfang eftirlitsins, eins og það er skilgreint í a- og b-lið, skal ákvarðast að teknu tilliti til niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og til forgangsröðunar í öryggismálum.

d) Ef fyrirtæki er með aðstöðu í fleiri en einu ríki getur lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í CAMO.A.105, samþykkt að eftirlitsverkefni séu framkvæmd af lögbæru yfirvaldi eða lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu eða aðildarríkjunum þar sem aðstaðan er staðsett eða af Flugöryggisstofnuninni þegar um er að ræða aðstöðu sem staðsett er í þriðja landi. Öll fyrirtæki, sem heyra undir slíkt samkomulag, skulu upplýst um tilvist þess og umfang.

e) Hvað varðar eftirlit, sem fer fram í aðstöðu sem staðsett er í öðru ríki, skal lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í CAMO.A.105, upplýsa lögbært yfirvald í viðkomandi ríki, eða Flugöryggisstofnunina þegar um er að ræða aðstöðu fyrirtækja sem hafa höfuðstöðvar sínar í þriðja landi, áður en það fer á staðinn til að framkvæma úttekt eða skoðun á slíkri aðstöðu.

f) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast gagnlegar við eftirlit, þ.m.t. við fyrirvaralausar skoðanir.

CAMO.B.305 Eftirlitsáætlun

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í CAMO.B.300.

b) Eftirlitsáætlunin skal mótuð með tilliti til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er, niðurstaðna úr fyrri vottunum og/eða eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:

1) mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, og, eftir því sem við á:

i. mat á stjórnunarkerfum og úttektir á ferlum,

ii. úttektir á framleiðsluvörum á viðeigandi úrtaki af loftförum sem eru undir stjórn fyrirtækisins,

iii. úrtakskönnun á staðfestingum á lofthæfi sem framkvæmdar hafa verið,

iv. úrtakskönnun á flugleyfum sem gefin hafa verið út,

2) fundi sem boðaðir eru á milli ábyrgðarmanns og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um mikilvæg atriði.

c) Að því er varðar fyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið hefur vottað, skal nota eftirlitslotu sem er ekki lengri en 24 mánuðir.

d) Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotuna að hámarki í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

1) að fyrirtækið hafi með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,

2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á, samkvæmt CAMO.A.130, að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum,

3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,

4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, eins og skilgreint er í CAMO.B.350.

Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotu aftur um að hámarki 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við skilyrðin í 1.–4. lið fyrsta undirliðar, komið á fót og lögbæra yfirvaldið samþykkt skilvirkt kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs.

e) Stytta má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.

f) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir dagsetningar fyrirhugaðra úttekta, skoðana og funda og hvenær lokið var við slíkar úttektir, skoðanir og fundi.

g) Við lok hverrar eftirlitslotu skal lögbæra yfirvaldið gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á samþykki.

CAMO.B.310 Upphafsferli vegna vottunar

a) Við móttöku umsóknar um fyrstu útgáfu vottorðs fyrir fyrirtæki skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur.

b) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanni fyrirtækisins a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna fyrstu vottunar fer fram til að tryggja að hann/hún skilji til fulls merkingu vottunarferlisins og ástæðu þess að skrifa þurfi undir yfirlýsingu fyrirtækisins um að fylgja verklagsreglunum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til úrbóta (aðgerðir til að ráða bót á frávikum) og tilmæli.

d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta skriflega við fyrirtækið öll frávik sem komu í ljós við sannprófunina. Þegar um er að ræða fyrstu vottun þarf fyrirtækið að ráða bót á öllum frávikum með fullnægjandi hætti að mati lögbæra yfirvaldsins áður er hægt er að gefa út vottorðið.

e) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það:

1) gefa út vottorðið sem um getur í I. viðbæti, „EASA-eyðublað nr. 14“, við þennan viðauka,

2) formlega samþykkja starfsemislýsinguna fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

f) Tilvísunarnúmer vottorðsins skal koma fram á EASA-eyðublaði nr. 14 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

g) Vottorðið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi og umfang starfseminnar, sem fyrirtækið hefur heimild til að annast, þ.m.t. allar takmarkanir eftir því sem við á, skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins sem fylgja vottorðinu.

h) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við c-lið CAMO.A.130 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðkomandi starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verða meðhöndlaðar og þær tilkynntar.

CAMO.B.330 Breytingar

a) Við móttöku umsóknar um breytingu sem krefst fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið.

b) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða með hvaða skilyrðum fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi.

c) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.

d) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir skal lögbæra yfirvaldið fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð fyrirtækisins ef fyrirtækið gerir breytingar, sem krefjast fyrirframsamþykkis, án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins samkvæmt c-lið.

e) Hvað varðar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar, sem fram koma í tilkynningunni sem fyrirtækið sendir í samræmi við c-lið CAMO.A.130, til að ganga úr skugga um að viðeigandi kröfur séu uppfylltar. Ef um er að ræða vanefndir gagnvart kröfum skal lögbæra yfirvaldið:

1) tilkynna fyrirtækinu um þessa vanefnd og fara fram á frekari breytingar,

2) ef um er að ræða fyrsta eða annars stigs frávik, fara eftir ákvæðum CAMO.B.350.

CAMO.B.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta

a) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar um er að ræða verulegar vanefndir gagnvart kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða skilmálum samþykkis eða vottorðs, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í mikla hættu.

Fyrsta stigs frávik tekur m.a. til eftirfarandi:

1) lögbæra yfirvaldinu er ekki veittur aðgangur að húsnæði fyrirtækisins, eins og skilgreint er í CAMO.A.140, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

2) fyrirtækjavottorð er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skrifleg gögn,

3) sannanir um misferli eða sviksamlega notkun fyrirtækjavottorðsins,

4) vöntun á ábyrgðarmanni.

c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út annars stigs frávik þegar í ljós kemur vanefnd gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða ákvæðum samþykkis eða vottorðs, sem gæti dregið úr öryggi eða stofnað flugöryggi í hættu.

d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers kyns viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, senda fyrirtækinu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim vanefndum sem komu í ljós. Ef frávik tengist loftfari beint skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til þess ríkis þar sem loftfarið er skráð.

1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi og, ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að grípa til árangursríkra aðgerða til úrbóta.

2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinu sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó aldrei lengri í upphafi en þrír mánuðir. Fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávikið til fyrirtækisins þar sem krafist er aðgerða til úrbóta til að bregðast við þeim vanefndum sem komu í ljós; við lok þessa tímabils og með hliðsjón af eðli fráviksins og fyrri öryggisframmistöðu fyrirtækisins er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,

ii. meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem fyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum.

3) Ef fyrirtæki leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða framkvæmir ekki til aðgerðir til úrbóta, innan þess tímafrests sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skal frávikið hækkað upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

4) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það vekur máls á eða sem því hefur borist tilkynning um í samræmi við e-lið, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem frávik eru leidd til lykta.

e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir gildir það að ef yfirvald í aðildarríki, sem starfar samkvæmt ákvæðum d-liðar CAMO.B.300, uppgötvar að fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni, fari ekki að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, skal það upplýsa viðkomandi lögbæra yfirvald þar um og tilgreina á hvaða stigi frávikið er.

CAMO.B.355 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) ógilda vottorð tímabundið á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað,

b) ógilda vottorð tímabundið, afturkalla það eða takmarka samkvæmt CAMO.B.350.

c) ógilda vottorð tímabundið ef skoðunarmenn lögbæra yfirvaldsins geta ekki, á 24 mánaða tímabili, leyst af hendi eftirlitsskyldur sínar með úttekt eða úttektum á starfsstöð vegna stöðu flugverndar í ríkinu þar sem aðstaðan er staðsett.

———

I. viðbætir

Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi — EASA-eyðublað nr. 14

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

VOTTORÐ FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].CAMO.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS*] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem uppfyllir kröfur A-þáttar V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eins og um getur í A-þætti í V. viðauka c (CAMO-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem er samþykkt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) og V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
4. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við einn eða fleiri undirverktaka innan ramma eigin stjórnunarkerfis, gildir þetta vottorð áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin haldi áfram að uppfylla viðeigandi samningsskyldur.
5. Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir handhafa flugrekandaskírteinis (flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008), skal númeri flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði koma í staðinn fyrir skilyrði nr. 5:

6. Þetta vottorð er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í skilyrði 1. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.
7. Þetta vottorð ógildist sjálfkrafa með tilliti til þeirra loftfara sem skráð eru á flugrekandaskírteininu ef flugrekandaskírteini flugrekanda, sem er með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, fellur úr gildi, er fellt tímabundið úr gildi eða það afturkallað, nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.
8. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

Blaðsíða ...af ...

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].CAMO.XXXX

(Tilvísunarnr.: AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Undirvertakafyrirtæki
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við verksvið, sem um getur í samþykktu starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, í þætti

Tilvísun í starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning síðustu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 14, 5. útgáfa

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(***) Strika skal út það sem ekki á við ef fyrirtæki er ekki samþykkt.“

VIII. VIÐAUKI

„V. viðauki d

(CAO-hluti)

EFNISYFIRLIT

CAO.1 Almenn ákvæði

A-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

CAO.A.010 Gildissvið

CAO.A.015 Umsókn

CAO.A.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

CAO.A.020 Skilmálar samþykkis

CAO.A.025 Starfsemislýsing vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (e. *combined airworthiness exposition*)

CAO.A.030 Aðstaða

CAO.A.035 Kröfur varðandi starfsfólk

CAO.A.040 Viðhaldsvottar

CAO.A.045 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

CAO.A.050 Íhlutir, búnaður og verkfæri

CAO.A.055 Viðhaldsgögn og verkbeiðnir

CAO.A.060 Viðhaldsstaðlar

CAO.A.065 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

CAO.A.070 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

CAO.A.075 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

CAO.A.080 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

CAO.A.085 Staðfesting á lofthæfi

CAO.A.090 Skráahald

CAO.A.095 Réttindi fyrirtækisins

CAO.A.100 Gæðakerfi og úttekt innan fyrirtækisins (e. *organisational review*)

CAO.A.105 Breytingar á fyrirtækinu

CAO.A.110 Áframhaldandi gildi

CAO.A.115 Frávik

B-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

CAO.B.010 Gildissvið

CAO.B.015 Lögbært yfirvald

CAO.B.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

CAO.B.020 Skráahald

CAO.B.025 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

CAO.B.030 Ábyrgð

CAO.B.035 Undanþágur

CAO.B.040 Umsókn

CAO.B.045 Fyrsta samþykki

CAO.B.050 Útgáfa samþykkis

CAO.B.055 Samfellt eftirlit

CAO.B.060 Frávik

CAO.B.065 Breytingar

CAO.B.070 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

I. viðbætir — Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis

CAO.1 Almenn ákvæði

Að því er varðar þennan viðauka (CAO-hluta) gildir eftirfarandi:

1) „lögbært yfirvald“ skal:

   a) þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki, vera það yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir,

   b) þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í þriðja landi, vera Flugöryggisstofnunin,

2) með „eiganda“ er átt við þann aðila sem er ábyrgur fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þ.m.t. eftirfarandi aðilar:

   i. skráður eigandi loftfarsins,

   ii. leigutaki ef um er að ræða leigusamning,

   iii. flugrekandinn.

A-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

CAO.A.010 Gildissvið

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO-fyrirtæki) þarf að uppfylla til að fá útgefið, á grundvelli umsóknar, samþykki til að annast viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars og íhluta til ísetningar í það, og til að halda áfram að annast þá starfsemi ef slík loftför eru ekki flokkuð sem flókin, vélknúin loftför og eru ekki skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008.

CAO.A.015 Umsókn

CAO-fyrirtæki skulu sækja um útgáfu, eða breytingu á, CAO-samþykki til lögbæra yfirvaldsins á þann hátt sem það yfirvald ákveður.

CAO.A.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í staðinn fyrir viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, til að staðfesta að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar séu uppfylltar.

b) Þegar fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er hrint í framkvæmd. Sú lýsing skal innihalda mat sem sýnir að þessar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar.

   Fyrirtækið má beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og kveðið er á um í CAO.B.017.

CAO.A.020 Skilmálar samþykkis

a) CAO-fyrirtækið skal tilgreina samþykkt verksvið í starfsemislýsingu sinni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE), eins og kveðið er á um í CAO.A.025.

   1) Þegar um er að ræða flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 2730 kg og þyrlur með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 1200 kg, eða ef þær eru vottaðar fyrir fleiri en fjóra farþega, skal tilgreina viðkomandi tegundir loftfara í verksviðinu. Breytingar á þessu verksviði skulu samþykktar af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við a-lið CAO.A.105 og a-lið CAO.B.065.

2) Þegar um er að ræða fullgerða hverfihreyfla skal tilgreina í verksviðinu framleiðanda hreyfilsins eða hóp eða röð eða tegund hreyfils eða viðhaldsverkefni. Breytingar á þessu verksviði skulu samþykktar af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við a-lið CAO.A.105 og a-lið CAO.B.065.

3) CAO-fyrirtæki, sem hefur einungis einn starfsmann bæði til að skipuleggja og framkvæma allt viðhald, má ekki hafa réttindi til að sinna viðhaldi:

   a) flugvéla sem eru búnar hverfihreyflum (þegar um er að ræða fyrirtæki með loftfarstegundaráritun),

   b) þyrla sem eru búnar hverfihreyflum eða fleiri en einum strokkhreyfli (þegar um er að ræða fyrirtæki með loftfarstegundaráritun),

   c) fullgerðra strokkhreyfla sem eru 450 hestöfl eða meira (þegar um er að ræða fyrirtæki með hreyfiláritun) og

   d) fullgerðra hverfihreyfla (þegar um er að ræða fyrirtæki með hreyfiláritun).

4) Hvað varðar loftför önnur en þau sem tilgreind eru í 1. lið, íhluti sem eru ólíkir fullgerðum hverfihreyflum og sérhæfða þjónustu vegna prófana án eyðileggingar, skal verksviðið vera undir eftirliti CAO-fyrirtækisins í samræmi við verklagsregluna sem sett er fram í 11. lið a-liðar CAO.A.025. Hvað varðar viðhald íhluta, sem eru ólíkir fullgerðum hverfihreyflum, skal verksviðið flokkað í samræmi við eftirfarandi kerfisáritanir:

   i. C1: loft- og þrýstijöfnun,

   ii. C2: sjálfstýring,

   iii. C3: fjarskipti og flugleiðsaga,

   iv. C4: hurðir og lúgur,

   v. C5: rafafl og ljós,

   vi. C6: búnaður,

   vii. C7: hreyfill,

   viii. C8: stýri,

   ix. C9: eldsneyti,

   x. C10: þyrla – þyrlar,

   xi. C11: þyrla – drif,

   xii. C12: vökvaafl,

   xiii. C13: vísi- og skráningarbúnaður,

   xiv. C14: lendingarbúnaður,

   xv. C15: súrefni,

   xvi. C16: loftskrúfur,

   xvii. C17: loftþrýsti- og lofttæmikerfi,

   xviii. C18: vörn gegn ísingu, regni og eldi,

   xix. C19: gluggar,

   xx. C20: burðarvirki,

   xxi. C21: vatnskjölfesta og

   xxii. C22: knýaukning.

   Fyrirtæki, sem hljóta samþykki í samræmi við þennan viðauka á grundvelli fyrirliggjandi samþykkis fyrir fyrirtæki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), í samræmi við 4. mgr. 4. gr., skulu láta koma fram í verksviðinu allar nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja að réttindin séu þau sömu og í fyrirliggjandi samþykkinu.

b) CAO-samþykkið skal gefið út á grundvelli sniðmátsins sem sett er fram í I. viðbæti við þennan viðauka.

c) CAO-fyrirtæki getur framleitt, í samræmi við viðhaldsgögn, takmarkað úrval af hlutum til nota við yfirstandandi vinnu í eigin aðstöðu, eins og tilgreint er í starfsemislýsingu þess vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.

CAO.A.025 Starfsemislýsing vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis

a) Fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis skal leggja fram handbók þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

1) yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni jafnan vinna í samræmi við kröfur þessa viðauka og starfsemislýsinguna vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis,

2) verksvið samkvæmt starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis,

3) starfsheiti og nafn eða nöfn aðilanna sem um getur í a- og b-lið CAO.A.035,

4) skipurit sem sýnir hvernig ábyrgð aðilanna, sem um getur í a- og b-lið CAO.A.035, er tengd,

5) skrá yfir viðhaldsvotta og gildissvið samþykkis þeirra, ef slíkt starfsfólk er til staðar,

6) skrá yfir starfsfólk sem ber ábyrgð á að semja og samþykkja viðhaldsáætlanir loftfara ásamt gildissviði samþykkis þeirra, ef slíkt starfsfólk er til staðar,

7) skrá yfir starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi og gildissvið samþykkis þeirra, ef slíkt starfsfólk er til staðar,

8) skrá yfir starfsfólk sem ber ábyrgð á útgáfu flugleyfa, ef slíkt starfsfólk er til staðar,

9) almenna lýsingu á aðstöðunni og staðsetningu hennar,

10) verklagsreglur sem tilgreina hvernig CAO-fyrirtækið eigi að tryggja að farið sé að kröfum þessa viðauka,

11) verklagsregla vegna breytinga á starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, eins og kveðið er á um í b-lið CAO.A.105.

b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu útgáfu starfsemislýsingarinnar vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.

c) Breytingar á starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis skulu meðhöndlaðar í samræmi við CAO.A.105.

CAO.A.030 Aðstaða

CAO-fyrirtækið skal tryggja að öll nauðsynleg aðstaða, þ.m.t. fullnægjandi skrifstofuhúsnæði, sé til staðar svo það geti innt af hendi alla áætlaða vinnu.

Ef gildissvið samþykkis fyrirtækisins tekur að auki til viðhaldsstarfsemi skal CAO-fyrirtækið tryggja:

a) að sérhæfð verkstæði, flugskýli og vinnubásar veiti fullnægjandi vernd gegn mengun og skjól fyrir veðri og vindum.

b) að öruggt geymsluhúsnæði undir íhluti, búnað, verkfæri og efni sé fyrir hendi, við skilyrði þar sem tryggt er að ónothæfir íhlutir og efni séu aðskilin frá öllum öðrum íhlutum, efnum, búnaði og verkfærum, að farið sé að leiðbeiningum framleiðanda um geymslu og að aðgangur að geymsluaðstöðunni sé takmarkaður við starfsfólk með aðgangsheimild.

CAO.A.035 Kröfur varðandi starfsfólk

a) CAO-fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að tryggja að unnt sé að fjármagna alla starfsemi fyrirtækisins svo að hún fari fram í samræmi við kröfur þessa viðauka.

b) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á því að tryggja að CAO-fyrirtækið fari alltaf að kröfum þessa viðauka. Þessi aðili eða aðilar skulu bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

c) Allir þeir aðilar sem um getur í b-lið skulu hafa viðeigandi kunnáttu, starfsferil og reynslu sem tengist stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða viðhaldi, eftir því sem við á fyrir störf þeirra.

d) CAO-fyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks með tilskilin starfsréttindi til að geta sinnt þeirri vinnu sem áætluð er. CAO-fyrirtækinu skal vera heimilt að nota undirverktaka sem ráðnir eru tímabundið.

e) CAO-fyrirtækið skal meta og skrá réttindi alls starfsfólks.

f) Starfsfólk, sem annast sérhæfð verkefni eins og málmsuðu, prófanir eða skoðanir án eyðileggingar, aðrar en að leita að skemmdum með litarefnum, skal hafa réttindi í samræmi við opinberlega viðurkenndan staðal.

CAO.A.040 Viðhaldsvottar

a) Viðhaldsvottar skulu uppfylla kröfurnar í 5. gr. Þeir skulu aðeins beita réttindum sínum til að gefa út viðhaldsvottorð ef CAO-fyrirtækið hefur tryggt:

1) að þessir viðhaldsvottar uppfylli kröfur b-liðar 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) nema þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinnar löggjafar aðildarríkis, en þá skulu þeir uppfylla kröfur þeirrar löggjafar,

2) að þessir viðhaldsvottar hafi næga þekkingu á viðkomandi loftfari, sem kemur til viðhalds, og/eða íhlutum þess, ásamt tilheyrandi verklagsreglum fyrirtækisins sem þörf er á til að annast slíkt viðhald.

b) Þrátt fyrir a-lið gildir það að við ófyrirsjáanlegar aðstæður þar sem loftfar er kyrrsett á öðrum stað en í höfuðstöðvunum og ekki heldur fyrir hendi neinir viðeigandi viðhaldsvottar þá er CAO-fyrirtækinu, sem annast viðhald samkvæmt samningi, heimilt að gefa út staka vottunarheimild annaðhvort til handa:

1) einum starfsmanni sínum sem hefur tegundarréttindi fyrir loftför með svipaðan tæknibúnað, byggingu og kerfi eða

2) sérhverjum aðila með minnst þriggja ára reynslu af viðhaldi og með gilt ICAO-skírteini flugvéltæknis með tegundaráritun fyrir loftfarið sem þarf að fá vottun, að því tilskildu að á þeim stað sé ekkert fyrirtæki með samþykki í samræmi við þennan viðauka og að CAO-fyrirtækið, sem samið er við, hafi fengið og geymi skráðar hjá sér staðfestar upplýsingar um reynslu og skírteini hlutaðeigandi aðila.

CAO-fyrirtækið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um útgáfu stakrar vottunarheimildar innan 7 daga frá útgáfu. CAO-fyrirtækið sem gefur út staka vottunarheimild skal tryggja að allt slíkt viðhald, sem gæti haft áhrif á flugöryggi, sé yfirfarið aftur.

c) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar er CAO-fyrirtækinu heimilt að notast við viðhaldsvotta, sem hlotið hafa réttindi í samræmi við eftirfarandi kröfur, þegar það annast viðhald fyrir flugrekendur sem stunda starfrækslu í ábataskyni, að því tilskildu að viðeigandi verklagsreglur hafi verið viðurkenndar sem hluti af starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis:

1) ef um er að ræða endurtekin lofthæfifyrirmæli, sem framkvæma á fyrir hvert flug og sem kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli, getur CAO-fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir viðhaldsvotta til handa flugstjóranum á grundvelli flugliðaskírteinis hans, að því tilskildu að CAO-fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að flugstjóri loftfarsins hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt lofthæfifyrirmælin samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.

2) ef um er að ræða loftfar, sem er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu, getur CAO-fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir viðhaldsvotta til handa flugstjóranum á grundvelli flugliðaskírteinis hans, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að sá aðili hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt verkið samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.

d) CAO-fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um viðhaldsvotta og halda uppfærða skrá yfir alla viðhaldsvotta ásamt gildissviði samþykkis þeirra sem hluti af handbók fyrirtækisins.

CAO.A.045 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

a) Til þess að CAO-fyrirtæki geti verið samþykkt til að annast staðfestingu á lofthæfi og, ef við á, gefa út flugleyfi skal það hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

1) það hafi öðlast a.m.k. 1 árs reynslu af áframhaldandi lofthæfi að því er varðar sviffflugur og loftbelgi og a.m.k. 3 ára reynslu að því er varðar öll önnur loftför,

2) það hafi viðeigandi skírteini, sem er gefið út í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar, eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi hennar eða reynslu af áframhaldandi lofthæfi til viðbótar við þá sem um getur í 1. lið sem nemur a.m.k. 2 árum að því er varðar sviffflugur og loftbelgi og a.m.k. 4 árum að því er varðar öll önnur loftför,

3) það hafi hlotið viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara.

b) Áður en CAO-fyrirtækið gefur út heimild til handa starfsmanni til að annast staðfestingu á lofthæfi skal það tilnefna þann aðila sem mun framkvæma staðfestingu á lofthæfi loftfars undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti aðila sem hefur þegar fengið heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi hjá CAO-fyrirtækinu. Ef niðurstaða þessa eftirlits er fullnægjandi skal lögbæra yfirvaldið samþykkja starfsfólkið formlega sem starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi.

c) CAO-fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk þess sem annast staðfestingu á lofthæfi geti sýnt fram á nýlega, viðeigandi reynslu af áframhaldandi lofthæfi.

d) Allt starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi skal auðkennt í skrá í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sem inniheldur einnig heimildina til annast staðfestingu á lofthæfi sem um getur í b-lið.

e) CAO-fyrirtækið skal halda skrá yfir allt starfsfólk sitt sem annast staðfestingu á lofthæfi, með upplýsingum um öll viðeigandi réttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun viðkomandi aðila af áframhaldandi lofthæfi, auk afrits af heimild hans eða hennar. Það skal geyma þá skrá í a.m.k. tvö ár eftir að viðkomandi aðili hættir að starfa fyrir fyrirtækið.

CAO.A.050 Íhlutir, búnaður og verkfæri

a) CAO-fyrirtækið skal:

1) hafa yfir að ráða þeim búnaði og verkfærum sem eru tilgreind í viðhaldsgögnunum, sem kveðið er á um í CAO.A.055, eða sannprófuðum og jafngildum búnaði og verkfærum sem eru skráð í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, sem nauðsynleg eru til daglegs viðhalds innan gildissviðs samþykkis fyrirtækisins,

2) hafa verklagsreglu til að tryggja að það hafi aðgang að öllum öðrum búnaði og verkfærum sem eru nauðsynleg til að framkvæma vinna sína en eru einungis notuð stöku sinnum, þegar þörf er á.

b) CAO-fyrirtækið skal tryggja að verkfærin og búnaðurinn, sem notast er við, séu prófuð og kvörðuð til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal. Fyrirtækið skal halda skrá yfir slíka kvörðun og staðalinn sem er notaður og fara að kröfum CAO.A.090.

c) CAO-fyrirtækið skal skoða og flokka alla íhluti, sem henni berast, og aðskilja þá á tilhlýðilegan hátt í samræmi við M.A.501 og M.A.504 í I. viðauka (M-hluta) eða við ML.A.501 og ML.A.504 í V. viðauka b (ML-hluti), eftir því sem við á.

CAO.A.055 Viðhaldsgögn og verkbeiðnir

a) CAO-fyrirtækið skal hafa undir höndum viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn, sem tilgreind eru í M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða í ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og nota þau við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Í því tilviki sem viðskiptaaðilinn leggur fram viðhaldsgögn er þess einungis krafist að fyrirtækið hafi slík gögn undir höndum meðan á vinnunni stendur.

b) Áður en viðhald hefst skal skrifleg verkbeiðni liggja fyrir milli CAO-fyrirtækisins og aðilans eða fyrirtækisins, sem óskar eftir viðhaldi, þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram.

CAO.A.060 Viðhaldsstaðlar

Þegar CAO-fyrirtækið annast viðhald skal það uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) tryggja að hver sá aðili sem annast viðhald hafi til þess réttindi í samræmi við kröfur þessa viðauka,

b) tryggja að svæðið, þar sem viðhald fer fram, sé vel skipulagt og hreint (laust við óhreinindi eða mengun),

c) nota þær aðferðir, tækni, staðla og leiðbeiningar sem tilgreindar eru í viðhaldsgögnum og verkbeiðnum sem um getur í lið CAO.A.055,

d) nota þau verkfæri, búnað og efnivið sem tilgreind eru í lið CAO.A.050,

e) tryggja að allt viðhald fari fram innan þeirra umhverfistakmarkana sem eru tilgreindar í viðhaldsgögnunum sem um getur í lið CAO.A.055,

f) tryggja að viðeigandi aðstaða sé notuð ef um er að ræða slæm veðurskilyrði eða langvarandi viðhald,

g) tryggja að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,

h) tryggja að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd brýns viðhaldsverkefnis,

i) framkvæma almennt eftirlit í lok viðhalds til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,

j) tryggja að allt viðhald sem framkvæmt er sé rétt skráð og skjalfest.

CAO.A.065 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

Þegar viðhaldi á loftfari er lokið í samræmi við þennan viðauka skal viðhaldsvottorð fyrir loftför gefið út í samræmi við M.A.801 í I. viðauka (M-hluta) eða við ML.A.801 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

CAO.A.070 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

a) Þegar öllu viðhaldi á íhlutum er lokið í samræmi við þennan viðauka skal viðhaldsvottorð fyrir íhluti gefið út í samræmi við M.A.802 í I. viðauka (M-hluta) eða við ML.A.802 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Gefa skal út EASA-eyðublað nr. 1 í samræmi við II. viðbæti í I. viðauka (M-hluta), nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í b- eða d-lið M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) og ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta) og að undanskildum íhlutum sem framleiddir eru í samræmi við c-lið CAO.A.020.

b) EASA-eyðublað nr. 1, sem um getur í a-lið, er hægt að sækja í tölvugagnagrunn.

CAO.A.075 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

a) Öll stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal fara fram í samræmi við kröfur C-kafla í I. viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

b) Fyrir sérhvert loftfar sem CAO-fyrirtæki sér um skal fyrirtækið:

1) semja og hafa eftirlit með viðhaldsáætluninni fyrir viðkomandi loftfar og:

i. ef um er að ræða loftfar sem samrýmist ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta), samþykkja viðhaldsáætlunina og breytingar á henni eða

ii. ef um er að ræða loftfar sem samrýmist ákvæðum I. viðauka (M-hluta), leggja viðhaldsáætlunina og breytingar á henni fyrir lögbæra yfirvaldið til samþykkis, nema að samþykkið falli undir málsmeðferð við óbeint samþykki í samræmi við c-lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta),

2) láta eigandanum í té afrit af viðhaldsáætluninni fyrir loftför,

3) sjá til þess að gögn sem notuð eru fyrir breytingar og viðgerðir uppfylli kröfur M.A.304 eða ML.A.304 eftir því sem við á,

4) sjá til þess að allt viðhald fari fram í samræmi við viðhaldsáætlunina fyrir loftför og að gefið sé út viðhaldsvottorð í samræmi við H-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta), A-þátt í II. viðauka (145. hluta) eða H-kafla A-þáttar í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,

5) tryggja að öll gildandi lofthæfifyrirmæli og öll rekstrarfyrirmæli, sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd,

6) tryggja að tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða óháðir viðhaldsvottar lagfæri allar bilanir sem koma í ljós við viðhald eða sem tilkynnt er um,

7) tryggja að farið sé með loftfarið til tilhlýðilega samþykkts fyrirtækis eða óháðra viðhaldsvotta til viðhalds þegar nauðsyn ber til,

8) samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og skoðun á íhlutum til að tryggja að vinnan fari rétt fram,

9) annast stjórnun á öllum skrám yfir áframhaldandi lofthæfi og, ef við á, tækniflugbók loftfarsins og koma þeim í geymslu,

10) tryggja að massa- og jafnvægisskýrslan endurspegli núverandi stöðu loftfarsins.

CAO.A.080 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

CAO-fyrirtækið skal hafa og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna er lúta að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAMO.A.315 annars vegar og CAO.A.075 hins vegar. Eigandinn getur lagt þessi gögn fram, með fyrirvara um samning eins og um getur í 2. lið h-liðar, 1. lið i-liðar, e- eða f-lið M.A.201, en í því tilviki þarf CAO-fyrirtækið eingöngu að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi, nema því beri að halda gögnunum eftir samkvæmt b-lið CAO.A.090.

CAO.A.085 Staðfesting á lofthæfi

CAO-fyrirtækið skal annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.903 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.

CAO.A.090 Skráahald

a) CAO-fyrirtækið skal geyma eftirfarandi skrár:

   1) þær viðhaldsskrár sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að allar kröfur þessa viðauka hafi verið uppfylltar fyrir útgáfu viðhaldsvottorðsins, þ.m.t. viðhaldsskjöl undirverktaka; CAO-fyrirtækið skal láta eiganda loftfarsins í té afrit af sérhverju viðhaldsvottorði, ásamt afriti af öllum sértækum gögnum um viðgerðir eða breytingar sem notuð eru við þær viðgerðir eða breytingar sem gerðar eru,

   2) þær skrár yfir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem krafist er í einhverjum eftirfarandi liða:

      i. M.A.305 og, ef við á, M.A.306 í I. viðauka (M-hluta),

      ii. ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta),

   3) ef CAO-fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í c-lið CAO.A.095 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það hefur gefið út í samræmi við a-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta) og tilmælum sem það hefur gefið út eða framlengt, eftir því sem við á, ásamt öllum fylgiskjölum,

   4) ef CAO-fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í d-lið CAO.A.095 skal það varðveita afrit af öllum flugleyfum sem það gefur út í samræmi við 21.A.729 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) CAO-fyrirtækið skal varðveita afrit af þeim skrám sem lýst er í 1. lið a-liðar og öllum tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem það gaf út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið eða loftfarsíhlutinn sem unnið var við,

c) CAO-fyrirtækið skal varðveita afrit af þeim skrám sem um getur í 2.–4. lið a-liðar í tvö ár frá því að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.

d) Geyma skal allar skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

e) Geyma skal allan tölvuvélbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggisafrit af viðhaldsskrám, á öðrum stað en vélbúnaðinn, sem inniheldur gögnin, og í umhverfi þar sem gott ásigkomulag hans er tryggt.

f) Þegar stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars færist til annars fyrirtækis eða aðila skal afhenda viðkomandi fyrirtæki eða aðila allar skrár sem hafa verið varðveittar skv. 2.–4. lið a-liðar. Frá því að yfirfærslan á sér stað gilda ákvæði b- og c-liðar fyrir viðkomandi fyrirtæki eða aðila.

g) Þegar CAO-fyrirtækið hættir rekstri skal afhenda allar skrár sem hafa verið varðveittar sem hér segir:

   1) skrárnar sem um getur í 1. lið a-liðar skulu afhentar síðasta eiganda eða viðskiptaaðila viðkomandi loftfars eða íhlutar eða geymdar eins og tilgreint er af lögbæru yfirvaldi,

   2) skrárnar sem um getur í 2.–4. lið a-liðar skulu afhentar eiganda loftfarsins.

CAO.A.095 Réttindi fyrirtækisins

CAO-fyrirtækið skal hafa eftirfarandi réttindi:

a) Viðhald

   1) að annast viðhald á sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis,

2) að sjá til þess að framkvæmd sérhæfðra verkefna fari fram hjá öðru fyrirtæki, sem hefur tilskilin réttindi og er undir eftirliti CAO-fyrirtækisins, í samræmi við viðeigandi verklagsreglur sem settar eru fram í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis og samþykktar af lögbæru yfirvaldi,

3) að viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, hvar svo sem þörf er á viðhaldinu, annaðhvort vegna þess að loftfarið er óflugfært eða að tilfallandi viðhald er nauðsynlegt, sbr. þó skilyrðin sem tilgreind eru í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.

4) að gefa út viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi, í samræmi við CAO.A.065 eða CAO.A.070.

b) Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

1) að stjórna áframhaldandi lofthæfi allra loftfara sem samþykki þess nær til,

2) að samþykkja viðhaldsáætlun fyrir loftför, í samræmi við 2. lið b-liðar ML.A.302, að því er varðar loftför sem er stjórnað í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta),

3) að láta takmörkuð verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi í hendur verktakafyrirtækis, sem starfar samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins, eins og tilgreint er á samþykkisvottorðinu,

4) að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, sem er gefið út af lögbæru yfirvaldi, öðru CAO-fyrirtæki eða CAMO-fyrirtæki, í samræmi við f-lið M.A.901 í I viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

c) Staðfesting á lofthæfi:

1) CAO-fyrirtæki, sem er með höfuðstöðvar sínar í einu af aðildarríkjunum og sem hefur samþykki sem tekur til réttindanna sem um getur í b-lið, getur hlotið samþykki til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og:

i. gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli um útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs,

ii. framlengja gildistíma gildandi lofthæfistaðfestingarvottorðs.

2) CAO-fyrirtæki, sem er með höfuðstöðvar sínar í einu af aðildarríkjunum og sem hefur samþykki sem tekur til réttindanna sem um getur í a-lið, getur hlotið samþykki til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) og gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð.

d) Flugleyfi

CAO-fyrirtæki, sem er með höfuðstöðvar sínar í einu af aðildarríkjunum og sem hefur samþykki sem tekur til réttindanna sem um getur í c-lið, getur hlotið samþykki til að gefa út flugleyfi í samræmi við d-lið 21.A.711 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 fyrir þau loftför sem það má gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir þegar það staðfestir samræmi við samþykkt flugskilyrði samkvæmt fullnægjandi verklagsreglu, sem kveðið er á um í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.

e) Hægt er að veita CAO-fyrirtæki samþykki vegna einna eða fleiri réttinda.

CAO.A.100 Gæðakerfi og úttekt innan fyrirtækisins (e. *organisational review*)

a) Til að tryggja að CAO-fyrirtækið haldi áfram að uppfylla kröfur þessa viðauka, skal fyrirtækið koma á gæðakerfi og tilnefna gæðastjóra.

b) Með gæðakerfinu skal vakta framkvæmd þeirrar starfsemi fyrirtækisins sem fellur undir þennan viðauka. Það skal einkum vakta:

1) að öll sú starfsemi fari fram í samræmi við samþykktar verklagsreglur,

2) að öll samningsbundin viðhaldsverk fari fram í samræmi við samninginn,

3) að fyrirtækið haldi áfram að uppfylla kröfur þessa viðauka.

c) Varðveita skal skrár yfir þessa vöktun fyrir a.m.k. næstliðin tvö ár.

d) Ef fyrirtæki er handhafi CAO-samþykkis og hlýtur að auki samþykki í samræmi við annan viðauka en þennan viðauka, má sameina gæðakerfið því sem krafist er samkvæmt hinum viðaukanum.

e) CAO-fyrirtæki skal teljast lítið CAO-fyrirtæki ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1) verksvið CAO-fyrirtækisins tekur aðeins til loftfara sem falla undir ML-hluta,

2) CAO-fyrirtækið hefur ekki fleiri en 10 starfsmenn í fullri vinnu sem fást við viðhald,

3) CAO-fyrirtækið hefur ekki fleiri en 5 starfsmenn í fullri vinnu sem fást við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

f) Ef um er að ræða lítið CAO-fyrirtæki geta reglubundnar úttektir innan fyrirtækisins komið í stað gæðakerfisins, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds. Í því tilviki skal CAO-fyrirtækið ekki gera samning við aðra aðila um verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

CAO.A.105 Breytingar á fyrirtækinu

a) Til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa hluta skal samþykkt viðhaldsfyrirtæki tilkynna því um allar tillögur að breytingum, er varða eftirfarandi atriði, áður en breytingarnar eru gerðar:

1) breytingar sem hafa áhrif á þær upplýsingar sem er að finna í samþykkisvottorðinu sem mælt er fyrir um í I. viðbæti og samþykkisskilmálum þessa viðauka,

2) breytingar á þeim aðilum sem um getur í a- og b-lið CAO.A.035,

3) breytingar á þeim tegundum loftfara sem falla undir verksviðið sem um getur í 1. lið a-liðar CAO.A.020 þegar um er að ræða flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 2730 kg og þyrlur með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 1200 kg eða eru vottaðar fyrir fleiri en fjóra farþega,

4) breytingar á verksviðinu sem um getur í 2. lið a-liðar CAO.A.020 þegar um er að ræða fullgerða hverfihreyfla,

5) breytingar á verklagsreglunni um eftirlit sem sett er fram í b-lið þessa liðar.

b) Allar aðrar breytingar á staðsetningu, aðstöðu, búnaði, verkfærum, efni, verklagsreglum, verksviði og starfsfólki skulu vera undir eftirliti CAO-fyrirtækisins samkvæmt verklagsreglu um eftirlit, sem kveðið er á um í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis. CAO-fyrirtækið skal leggja fram lýsingu á þessum breytingum og samsvarandi breytingum á starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis til lögbæra yfirvaldsins innan 15 daga frá því að breytingin átti sér stað.

CAO.A.110 Áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út samþykki með ótakmarkaðan gildistíma og skal það halda gildi sínu með fyrirvara um:

1) að fyrirtækið uppfylli áfram kröfur þessa viðauka, einkum varðandi hvernig frávik eru meðhöndluð í samræmi við CAO.A.115,

2) að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að það uppfylli áfram kröfur þessa viðauka,

3) að lögbæra yfirvaldið hafi ekki skilað inn samþykkinu eða afturkallað það.

b) Þegar samþykki er skilað inn eða það afturkallað skal fyrirtækið skila samþykkisvottorðinu til lögbæra yfirvaldsins.

CAO.A.115 Frávik

a) Fyrsta stigs frávik er sérhver mikilvæg vanefnd gagnvart kröfum CAO-hluta sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum CAO-hluta sem getur dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.

c) Eftir að hafa móttekið tilkynningu um frávik, í samræmi við CAO.B.060, skal CAO-fyrirtækið samþykkja áætlun um aðgerðir til úrbóta og sýna lögbæra yfirvaldi sínu fram á það með fullnægjandi hætti að það hafi gripið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á frávikinu innan þeirra tímamarka sem viðkomandi yfirvald setur.

B-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

CAO.B.010 Gildissvið

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum ber að uppfylla í tengslum við kröfurnar sem gerðar eru til fyrirtækja sem settar eru fram í A-þætti.

CAO.B.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC) sem má nota til að sýna fram á að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar séu uppfylltar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að sýna fram á að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar séu uppfylltar.

c) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki undir eftirliti þess nota, geri kleift að staðfesta að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar séu uppfylltar.

d) Lögbæra yfirvaldið skal meta allar tillögur fyrirtækis um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í samræmi við CAO.A.017 með því að skoða þau gögn sem lögð eru fram og, ef það er talið nauðsynlegt, með því að framkvæma skoðun hjá fyrirtækinu.

Þegar lögbæra yfirvaldið telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, skal það án ástæðulausrar tafar:

1) tilkynna umsækjandanum um að nota megi aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta samþykki eða vottorði umsækjandans í samræmi við það,

2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af öllum viðeigandi gögnum.

CAO.B.020 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja með fullnægjandi hætti ferlið við varðveislu skráa vegna útgáfu, framlengingar, breytingar, tímabundinnar ógildingar eða afturköllunar sérhvers útgefins vottorðs.

b) Í skrám lögbæra yfirvaldsins að því er varðar eftirlit með fyrirtækjum, sem hlotið hafa samþykki í samræmi við þennan viðauka, skal a.m.k. vera:

1) umsókn um samþykki fyrir fyrirtækinu,

2) samþykkisvottorð fyrirtækisins með áorðnum breytingum,

3) afrit af úttektaráætlun fyrirtækisins, þar sem skráðar eru dagsetningar úttekta sem lokið er við og fyrirhugaðra úttekta,

4) skrár yfir samfellt eftirlit, þ.m.t. skrár yfir allar úttektir, eins og kveðið er á um í CAO.B.055,

5) öll frávik, aðgerðir til að leiða frávik til lykta og tilmæli,

6) afrit af öllum bréfaskiptum við fyrirtækið sem máli skipta,

7) upplýsingar um allar undanþágur í samræmi við CAO.B.035 og framfylgdaraðgerðir,

8) allar skýrslur frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast eftirliti með fyrirtækinu,

9) starfsemislýsing vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE) og breytingar á henni,

10) afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.

c) Varðveislutímabilið fyrir skrárnar, sem um getur í b-lið, skal vera a.m.k. 5 ár.

d) Allar skrár skulu vera tiltækar lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni að beiðni þeirra.

CAO.B.025 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

a) Lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum ef nauðsyn krefur til þess að þau geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

b) Þegar um er að ræða hugsanlega ógnun við öryggi, sem nær til nokkurra aðildarríkja, skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld aðstoða hvert annað við að framkvæma nauðsynlegar eftirlitsaðgerðir.

CAO.B.030 Ábyrgð

Lögbæra yfirvaldið skal framkvæma nauðsynlegar skoðanir og rannsóknir til að sannreyna og tryggja að fyrirtækin, sem það ber ábyrgð á í samræmi við CAO.1, uppfylli kröfurnar í A-þætti þessa viðauka.

CAO.B.035 Undanþágur

Ef aðildarríki veitir undanþágu frá kröfunum í þessum viðauka í samræmi við 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 skal lögbæra yfirvaldið skrá undanþáguna. Það skal varðveita þessar skrár eins og kveðið er á um í 6. lið b-liðar CAO.B.020.

CAO.B.040 Umsókn

Ef CAO-fyrirtækið hefur aðstöðu í fleiri en einu aðildarríki skal upphafsferlið vegna vottunar og samfellt eftirlit með samþykkinu fara fram í samvinnu við lögbær yfirvöld sem aðildarríkin, þar sem aðstöðuna er að finna, tilnefna enda sé aðstaðan á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja.

CAO.B.045 Upphafsferli vegna vottunar

a) Ef sýnt hefur verið fram á að fyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið CAO.A.035, skal lögbæra yfirvaldið tilkynna umsækjandanum með formlegum hætti um að starfsfólkið hafi verið samþykkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal sjá til þess að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, uppfylli kröfur A-þáttar og að ábyrgðarmaðurinn hafi undirritað yfirlýsinguna um skuldbindingu, sem um getur í 1. lið a-liðar CAO.A.025.

c) Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa að fyrirtækið uppfylli kröfur A-þáttar.

d) Lögbæra yfirvaldið skal boða til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna samþykkis fer fram til að tryggja að hann eða hún skilji til fulls merkingu samþykkisins og yfirlýsingarinnar sem um getur í 1. lið a-liðar CAO.A.025.

e) Fyrirtækið sem sækir um skal fá skriflega staðfestingu á öllum frávikum í samræmi við CAO.B.060.

g) Áður en það gefur út samþykki skal lögbæra yfirvaldið leiða til lykta öll frávik eftir að fyrirtækið hefur ráðið bót á þeim.

h) Þrátt fyrir ákvæði a- til g-liðar og a-liðar CAO.B.50 skal lögbæra yfirvaldið, að því er varðar fyrirtæki sem sækja um samþykki í samræmi við þennan viðauka, á grundvelli gildandi samþykkis fyrir fyrirtæki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), í samræmi við 4. mgr. 4. gr.:

   1) gefa út samþykki í samræmi við þennan viðauka með því að nota EASA-eyðublað nr. 3 – CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti við þennan viðauka,

   2) sannreyna innan tveggja ára frá því að það gaf út samþykkið sem um getur í 1. lið að viðkomandi fyrirtæki uppfylli kröfur þessa viðauka um réttindin sem það hefur.

CAO.B.050 Útgáfa fyrsta vottorðs

a) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur staðfest að umsækjandinn uppfylli ákvæði CAO.B.45 skal það gefa út vottorðið með því að nota sniðmátið að EASA-eyðublaði nr. 3 – CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti og tilgreina skilmála samþykkis.

b) Lögbæra yfirvaldið skal láta fylgja tilvísunarnúmer CAO-fyrirtækisins, eins og tilgreint er á sniðmáti EASA-eyðublaðs nr. 3 – CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti.

CAO.B.055 Samfellt eftirlit

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og uppfæra eftirlitsáætlun með upplýsingum um öll CAO-fyrirtæki, sem það hefur gefið út vottorð fyrir, sem og dagsetningar fyrirhugaðra og lokinna úttekta hjá þessum fyrirtækjum.

b) Lögbæra yfirvaldið skal gera úttekt á sérhverju CAO-fyrirtæki og það hefur gefið út samþykki fyrir, á a.m.k. 24 mánaða fresti. Þessar úttektir skulu einkum beinast að breytingum á fyrirtækinu sem yfirvaldinu hefur borist tilkynningar um í samræmi við verklagsregluna sem tilgreind er í b-lið CAO.A.105.

c) Gera skal viðeigandi úrtakskönnun á 24 mánaða fresti á loftförum sem CAO-fyrirtækið hefur undir stjórn sinni, hafi það samþykki til þess. Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða stærð úrtaksins á grundvelli fyrri úttekta og úrtakskannana.

d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta skriflega við CAO-fyrirtækið öll frávik sem koma í ljós meðan á þessum úttektum stendur.

e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik sem koma í ljós meðan á þessum úttektum stendur sem og hvers kyns aðgerðir til að leiða frávikin til lykta og öll tilmæli sem gefin eru út.

f) Lögbæra yfirvaldið skal boða til fundar með ábyrgðarmanni CAO-fyrirtækisins á a.m.k. 24 mánaða fresti.

CAO.B.060 Frávik

a) Komi fram vísbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, um vanefndir gagnvart kröfum CAO-hluta skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:

   1) við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa til tafarlausra aðgerða til að afturkalla, takmarka eða ógilda samþykkið fyrir CAO-fyrirtækinu tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að grípa til fullnægjandi aðgerða til úrbóta og

   2) við annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið veita frest til aðgerða til úrbóta sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrír mánuði — við lok þessa tímabils er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta.

b) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að ógilda samþykkið tímabundið, í heild eða að hluta, ef tímafresturinn sem lögbæra yfirvaldið gaf er ekki virtur.

CAO.B.065 Breytingar

a) Við móttöku umsóknar um breytingu í samræmi við a-lið CAO.A.105 skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið fyrir breytingunni.

b) Lögbæra yfirvaldið getur tilgreint með hvaða skilyrðum CAO-fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi vegna eðlis eða umfangs breytinganna.

c) Að því er varðar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta, meðan að eftirlitsstarfsemi fer fram, hvort CAO-fyrirtækið uppfylli samþykktu verklagsregluna um eftirlit, sem kveðið er á um í b-lið CAO.A.105, og uppfylli viðeigandi kröfur.

CAO.B.070 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) fella samþykki tímabundið úr gildi á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) fella samþykki tímabundið úr gildi, afturkalla það eða takmarka samkvæmt lið CAO.B.060.

———

I. viðbætir

Vottorð fyrirtækis sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO) — EASA-eyðublað nr. 3-CAO

a) Innan verksviðsins, sem tilgreint er í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, skal tilgreina nákvæmlega takmarkanir samþykkisins með hliðsjón af þeim flokki eða flokkum og þeirri áritun eða áritunum samþykkisins sem lögbæra yfirvaldið hefur ákvarðað. Það er því mikilvægt að flokkur/flokkar og áritun/áritanir samþykkisins samsvari verksviði fyrirtækisins.

b) **Loftfarsáritun** felur í sér, með tilliti til viðhaldsréttinda, að CAO-fyrirtækinu er heimilt að annast viðhald á loftfarinu og íhlutum þess (þ.m.t. hreyflum) í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða viðhaldsgögn íhlutarins, ef lögbært yfirvald samþykkir það, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður getur CAO-fyrirtæki með **loftfarsáritun** fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir kröfur b-liðar. Í því tilviki verður viðhaldið háð því að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja.

c) **Hreyfiláritun (hverfill, strokkur eða rafknúinn)** felur í sér að CAO-fyrirtækinu er heimilt að annast viðhald á óísettum hreyfli og íhlutum hreyfils í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum. Engu að síður getur CAO-fyrirtæki með **hreyfiláritun** fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir kröfur c-liðar. CAO-fyrirtæki með **hreyfiláritun** er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum hreyfli við aðal- og leiðarviðhald, að því tilskildu að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja.

d) **Íhlutaáritun (fyrir aðra íhluti en fullgerða hreyfla)** merkir að CAO-fyrirtækinu er heimilt að annast viðhald á óísettum íhlutum (að undanskildum fullgerðum hreyflum) sem setja á í loftfarið eða hreyfilinn. Þessu CAO-fyrirtæki er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum íhlut (öðrum en fullgerðum hreyflum) við aðal- og leiðarviðhald eða í viðhaldsaðstöðu fyrir hreyfla, að því tilskildu að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja.

e) **Áritun fyrir prófun án eyðileggingar** er sjálfstæð áritun sem þarf ekki endilega að tengjast sérstöku loftfari, hreyfli eða öðrum íhlut. Áritun fyrir prófun án eyðileggingar er aðeins nauðsynleg fyrir CAO-fyrirtæki sem tekur að sér prófun án eyðileggingar sem sérstakt verkefni fyrir annað fyrirtæki. CAO-fyrirtæki, sem hefur loftfars-, hreyfil- eða íhlutaáritun, er heimilt að gera prófun án eyðileggingar á framleiðsluvörum, sem það annast viðhald á, án þess að hafa áritun til prófunar án eyðileggingar, að því tilskildu að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis séu verklagsreglur fyrir prófanir án eyðileggingar.“

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM ANNAST SAMSETT VERKEFNI VEGNA LOFTHÆFIS (CAO)

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].CAO.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, og með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

sem fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis sem uppfyllir kröfur A-þáttar V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

SKILYRÐI:

(a) þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í skilmálum samþykkis, sem er meðfylgjandi, og í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, eins og um getur í A-þætti V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og

(b) forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í samþykktri starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis og

(c) þetta samþykki gildir á meðan samþykkta fyrirtækið sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis uppfyllir kröfur V. viðauka d (CAO-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014, og

(d) ef samþykkta fyrirtækið sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta samþykki áfram, að því tilskildu að viðkomandi fyrirtæki uppfylli gildandi samningsskyldur og

(e) svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur samþykkisvottorðsins: .....

Dagsetning endurskoðunar samþykkisvottorðsins: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

EASA-eyðublað nr. 3-CAO, 1. útgáfa.

Bls. 2 af 2

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST SAMSETT VERKEFNI VEGNA LOFTHÆFIS

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].CAO.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	**ÁRITUN**	**RÉTTINDI (***)**
LOFTFAR (**)	Flugvélar — loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför (**)	☐ Viðhald ☐ Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ☐ Staðfesting á lofthæfi ☐ Flugleyfi
	Flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er 2730 kg eða minni (**)	☐ Viðhald ☐ Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ☐ Staðfesting á lofthæfi ☐ Flugleyfi
	Þyrlur — loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför (**)	☐ Viðhald ☐ Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ☐ Staðfesting á lofthæfi ☐ Flugleyfi
	Þyrlur með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni, vottaðar fyrir allt að fjóra farþega (**)	☐ Viðhald ☐ Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ☐ Staðfesting á lofthæfi ☐ Flugleyfi
	Loftskip (**)	☐ Viðhald ☐ Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ☐ Staðfesting á lofthæfi ☐ Flugleyfi
	Loftbelgir (**)	☐ Viðhald ☐ Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ☐ Staðfesting á lofthæfi ☐ Flugleyfi
	Sviffflugur (**)	☐ Viðhald ☐ Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ☐ Staðfesting á lofthæfi ☐ Flugleyfi
ÍHLUTIR (**)	Fullgerðir hverfihreyflar (**)	☐ Viðhald
	Fullgerðir strokkhreyflar (**)	
	Rafhreyflar (**)	
	Aðrir íhlutir en fullgerðir hreyflar (**)	
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	Prófun án eyðileggingar (NDT) (**)	☐ NDT Tilgreina skal viðkomandi aðferðir við prófun án eyðileggingar

TAKMARKANIR **(aðeins fyrir fyrirtæki með áritun fyrir flugvélar, þyrlur eða fullgerða hreyfla, ef þau eru aðeins með einn aðila sem skipuleggur og framkvæmir öll viðhaldsverkefni)**
Eftirfarandi viðhald fellur ekki undir verksviðið (***): — viðhald á flugvélum sem eru búnar hverfihreyfli, — viðhald á þyrlum sem eru búnar hverfihreyfli eða með fleiri en einn strokkhreyfil og — viðhald á fullgerðum strokkhreyflum sem eru 450 hö eða meira, og á fullgerðum hverfihreyflum.

Skrá yfir fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi (***)

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluti og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.

Tilvísun í starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis: .....

Dagsetning fyrstu útgáfu starfsemislýsingarinnar: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Útfyllist ef við á.

EASA-eyðublað nr. 3-CAO, 1. útgáfa“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1384 **2023/EES/62/25**

frá 24. júlí 2019

um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 965/2012 og (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar notkun loftfara, sem eru skráð á flugrekandaskírteini, í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni og í sérstakri starfrækslu, ákvörðun rekstrarlegra krafna í tengslum við framkvæmd reynsluflugs vegna viðhalds, ákvörðun reglna um starfrækslu sem er ekki í ábataskyni þar sem öryggis- og þjónustuliðum um borð hefur verið fækkað og innleiðingu ritstjórnarlegra uppfærslna varðandi kröfur um flugrekstur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 17. gr. og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um starfrækslu flutningaflugs, um starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni og loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, um sérstaka starfrækslu í ábataskyni og sérstaka starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, sem og um tiltekna áhættusama, sérstaka starfrækslu í ábataskyni. Í þessum reglum er ekki tekið tillit til þess að nota mætti sama loftfarið fyrir margar tegundir starfrækslu á endingartíma þess.

2) Þar af leiðandi ætti að innleiða nýjar reglur sem gera kleift að nota áfram loftfar, sem var notað við flutningaflug, fyrir starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sérstaka starfrækslu. Þessar reglur ættu að vera nægilega sveigjanlegar til að gera flugrekendum, sem stunda starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sérstaka starfrækslu, kleift að nota sama loftfarið án þess að fjarlægja það úr flugrekandaskírteininu. Þessi nýi rekstrarrammi ætti einnig að tryggja snurðulausa framkvæmd og skilvirkt eftirlit með þessari starfrækslu án þess að það hafi áhrif á öryggi hennar.

3) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 ber lögbæra yfirvaldinu að samþykkja þær mismunandi verklagsreglur sem handhafi flugrekandaskírteinis beitir í tengslum við margvíslega starfrækslu sína sem er ekki í ábataskyni. Þessi krafa felur í sér ójafna meðferð á handhöfum flugrekendaskírteina og flugrekendum, sem stunda starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, sem framkvæma sömu tegund starfrækslu og hana ætti því að fella niður til að tryggja samræmi á sviði reglusetningar.

4) Á grundvelli öryggistilmæla og endurgjafar frá aðildarríkjum og hagsmunaaðilum, þ.m.t. úr eftirliti með stöðlun, er framkvæmdastjórnin þeirrar skoðunar að uppfæra ætti reglugerð (ESB) nr. 965/2012 í því skyni að endurspegla nýjustu tækni og bestu starfsvenjur að því er varðar ýmsar flugrekstrarkröfur. Gera ætti ritstjórnarlegar breytingar til að uppfæra nokkrar tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar, nánar tiltekið reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2042/2003 ([3]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([4]). Þar að auki ætti að bæta við nýju orðalagi til að skýra nokkur gildandi ákvæði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 106. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

5) Nokkur flugslys eða -atvik hafa átt sér stað við starfrækslu loftfara sem höfðu nýlega gengist undir ófullkomið eða ófullnægjandi viðhald eða í flugi sem fór fram í því skyni að sannprófa hvort að viðhald loftfarsins sé fullnægjandi („reynsluflug vegna viðhalds“). Að teknu tilliti til slyssins þar sem loftfarið Airbus A320-232 átti hluta að máli 27. nóvember 2008 úti fyrir strönd Canet-Plage (Frakklandi), ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 í því skyni að útfæra ítarlega skilgreiningu á þessum flokki flugs og að ákvarða, ef þörf krefur, lágmarkskröfur fyrir flugliða og málsmeðferðarreglurnar sem ber að fara eftir við undirbúning og framkvæmd þessa flugs.

6) Þar að auki ætti að innleiða vægari kröfur fyrir starfrækslu sem er ekki í ábataskyni og án öryggis- þjónustuliða um borð að því er varðar loftför með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu yfir 19 og með að hámarki 19 farþegum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Flugrekendur ættu að fá leyfi til að beita þessum vægari kröfum aðeins með því skilyrði að þeir geri viðeigandi ráðstafanir til að milda áhættuna sem af slíkri starfrækslu stafar.

7) Í reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er þess krafist að flugrekendur sem stunda flutningaflug upplýsi farþega og fái þeim í hendur spjald með öryggisleiðbeiningum þar sem leiðbeint er í myndum um notkun neyðarbúnaðar og -útganga sem líklegt er að farþegar noti. Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 ætti að innihalda nýja skilgreiningu á neyðarútgöngum.

8) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við I. viðauka við þessa reglugerð.

9) Þegar notkun loftfars er breytt frá flutningaflugi yfir í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sérstaka starfrækslu ætti áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem falla undir þessa breytingu, áfram að vera á ábyrgð handhafa flugrekandaskírteinis. Því ætti að breyta I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 ([5]) til samræmis við það.

10) Flugöryggisstofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit til framkvæmdastjórnarinnar ([6]) í samræmi við 75. og 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„7. „sérstök starfræksla“: öll starfræksla önnur en flutningaflug þar sem loftfarið er notað fyrir sérstaka starfsemi eins og landbúnað, byggingastarfsemi, ljósmyndun, landmælingar, athuganir, eftirlit og eftirlit úr lofti, auglýsingaflug eða reynsluflug vegna viðhalds,“.

2) Í stað b-liðar 3. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„b) flug þar sem hvorki er verið að flytja farþega né farm, þar sem flugvélin eða þyrlan er ferjuð vegna endurbóta, viðgerða, skoðana, afhendingar, útflutnings eða í sambærilegum tilgangi, að því tilskildu að loftfarið sé ekki tilgreint í flugrekandaskírteini eða yfirlýsingu.“

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([6]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 04/2017 frá 29. júní 2017 varðandi drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á reglum um flugrekstur og áframhaldandi lofthæfi og álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2017 frá 7. mars 2017 varðandi drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á reglum um flugrekstur að því er varðar reynsluflug vegna viðhalds.

3) Eftirfarandi 9. gr. aa bætist við:

„9. gr. aa

Kröfur að því er varðar flugliða í reynsluflugi vegna viðhalds

Flugmaður sem starfaði, fyrir 24. september 2019, sem flugstjóri í reynsluflugi vegna viðhalds sem, í samræmi við skilgreininguna í lið SPO.SPEC.MCF.100 í VIII. viðauka, er flokkað sem reynsluflug vegna viðhalds í A-flokki, skal fá það viðurkennt í þeim tilgangi að uppfylla kröfur 1. liðar a-liðar SPO.SPEC.MCF.115 þess viðauka. Í því tilviki skal flugrekandinn tryggja að flugstjórinn fái upplýsingar um hugsanlegan mismun á milli þeirra starfshátta, sem komið var á fyrir 24. september 2019, og þeirra skylda sem kveðið er á um í 5. og 6. þætti í E-kafla VII. viðauka við þessa reglugerð, þ.m.t. þær skyldur sem eiga rætur sínar að rekja til tengdra verklagsreglna sem flugrekandinn setur.“

4) Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka (DEF-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað 17. liðar kemur eftirfarandi:

„17) „þyrlur í A-flokki“: fjölhreyfla þyrla sem er hönnuð með hreyflum og kerfum sem hægt er að einangra, eins og tilgreint er í viðeigandi vottunarforskriftum, og unnt er að starfrækja með því að nota flugtaks- og lendingargögn, sem eiga við þegar markhreyfill verður óvirkur og tryggir að þar til ætlað yfirborðssvæði og afkastageta séu fullnægjandi til að halda áfram öruggu flugi eða til að hætta við flugtak á öruggan hátt,“.

b) Eftirfarandi liður 45a bætist við:

„45a) „neyðarútgangur“: útgönguleið úr loftfarinu sem hámarkar úrræði öryggis- og þjónustuliða við að rýma farþegarými innan hæfilegs tíma og felur í sér hurð í gólfhæð, gluggaútgönguleið eða aðra gerð útgönguleiðar, t.d. lúgu í stjórnklefanum og útgang um stélkeilu,“.

c) Eftirfarandi liður 48a bætist við:

„48a) „flugliði“: flugverji sem er handhafi flugliðaskírteinis og er falið starf, meðan hann er á flugvakt, sem er nauðsynlegt við starfrækslu loftfarsins,“.

d) Eftirfarandi liður 49a bætist við:

„49a) „flugumsjónarmaður“ (e. *flight operations officer, flight dispatcher*): einstaklingur með viðeigandi réttindi og hæfi, sem flugrekandi hefur tilnefnt til að hafa eftirlit og umsjón með flugrekstri, sem styður, upplýsir og/eða aðstoðar flugstjóra í því skyni að tryggja öruggt flug,“.

e) Eftirfarandi liður 76a bætist við:

„76a) „reynsluflug vegna viðhalds“: flug loftfars, með lofthæfivottorð eða flugleyfi, sem fer fram vegna bilanaleitar eða til að athuga starfsemi eins eða fleiri kerfa, hluta eða búnaðar eftir viðhald, ef ekki er mögulegt að staðfesta starfsemi kerfanna, hlutanna eða búnaðarins við athuganir á jörðu niðri og sem er framkvæmt við einhverjar eftirfarandi aðstæður:

a) ef þess er krafist samkvæmt fyrirmælum í viðhaldshandbók loftfarsins eða öðrum viðhaldsgögnum, sem eru gefin út af handhafa hönnunarsamþykkis sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins,

b) að loknu viðhaldi, ef flugrekandi krefst þess eða ef fyrirtækið, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, leggur það til,

c) ef viðhaldsfyrirtækið óskar eftir því til að sannprófa að bilun hafi verið lagfærð með fullnægjandi hætti,

d) til að aðstoða við einangrun bilana eða bilanaleit,“.

f) Eftirfarandi liðir 95a og 95b bætast við:

„95a) „fólksflutningsbúnaður“ (e. *personnel-carrying device system, PCDS*): kerfi sem samanstendur af einu eða fleiri tækjum, sem eru annaðhvort áföst hífingarbúnaði eða farmkrók eða fest á flugskrokk þyrlu við þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs (e. *human external cargo*, HEC) eða við hífingar með þyrlu (e. *helicopter hoist operations*, HHO). Tækin skulu hafa þann styrkleika og eiginleika burðarvirkis sem þörf er á til að flytja þá sem eru utan við þyrluna, t.d. öryggistygi með eða án hraðsleppibúnaðar og ól með tengihring, harðri körfu eða búri,

95b) „einfaldur fólksflutningsbúnaður“ (e. *simple personnel carrying device system*): fólksflutningsbúnaður sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) hann uppfyllir samhæfðan staðal samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 (*) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB (**),

b) hann er hannaður til að festa einn einstakling (t.d. stjórnanda hífingarbúnaðar eða farmkróks, sérfræðing í sérhæfðum verkefnum eða ljósmyndara) inni í farþegarýminu eða til að festa að hámarki tvo einstaklinga utan farþegarýmisins,

c) hann er ekki hart burðarvirki á borð við búr, pall eða körfu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).“

g) Eftirfarandi liður 103b bætist við:

„103b) „flugreglur“: reglurnar sem voru settar með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 (*).

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“

2) Ákvæðum II. viðauka (ARO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Lið ARO.GEN.120 er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-, b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

c) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvaldið notar sjálft eða sem aðilar og einstaklingar undir þeirra eftirliti nota, séu í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar. Þetta kerfi skal fela í sér málsmeðferðarreglur til að takmarka, afnema eða breyta öðrum samþykktum aðferðum til að uppfylla kröfur, ef lögbæra yfirvaldið hefur sýnt fram á að þessar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur eru ekki í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar.“

ii. Í þriðju málsgrein d-liðar fellur 3. liður brott.

b) Í stað a-liðar í ARO.GEN.135 kemur eftirfarandi:

„a) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*) skal lögbæra yfirvaldið taka upp kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).“

c) Í stað 2. liðar a-liðar ARO.GEN.300 kemur eftirfarandi:

„2) að áfram sé farið að kröfum, sem gilda um fyrirtæki sem það hefur vottað, sérstaka starfrækslu, sem það hefur veitt leyfi fyrir, eða fyrirtæki sem það hefur móttekið yfirlýsingu frá,“.

d) Í stað 4. liðar d-liðar ARO.GEN.350 kemur eftirfarandi:

„4) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það vekur máls á eða sem því hefur borist tilkynning um í samræmi við e-lið, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna frávika er lokið.“

e) Lið ARO.OPS.110 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) ákvæði e-liðar ORO.AOC.110 um að leigja út loftfar í tómaleigu til hvaða flugrekanda sem er, nema í tilvikum sem tilgreind eru í lið ORO.GEN.310 í III. viðauka,“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) leigusala er bannað að stunda flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (*),

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15)“.

— Eftirfarandi 3. liður bætist við:

„3) heimildin sem er gefin út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 (*) hefur verð felld tímabundið úr gildi, afturkölluð eða lögð inn.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).“

iii. Í stað 1. og 2. liðar í d-lið kemur eftirfarandi:

„1) viðeigandi samræmingu við lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á samfelldu eftirliti loftfarsins, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 (*), eða á starfrækslu loftfarsins sé það ekki sama yfirvald,

2)að loftfarið verði tímanlega fellt brott úr flugrekandaskírteini flugrekandans, nema í tilvikum sem tilgreind eru í lið ORO.GEN.310 Í III. viðauka.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).“

f) Í stað b-liðar í ARO.OPS.150 kemur eftirfarandi:

„b) Þegar lögbært yfirvald flugrekanda telur áhættumatið og stöðluðu verklagsreglurnar fullnægjandi skal það gefa út leyfið, eins og kveðið er á um í IV. viðbæti. Gefa má út leyfið með takmarkaðan eða ótakmarkaðan gildistíma. Skilyrðin, sem gilda um leyfi flugrekanda til að framkvæma eina eða fleiri tegundir af áhættusamri sérstakri starfrækslu í ábataskyni, skulu tilgreind í leyfinu.“

g) Í stað 2. liðar b-liðar í ARO.OPS.200 kemur eftirfarandi:

„2) skránni yfir sérstök samþykki, sem komið er á í III. viðbæti, fyrir starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, og sértæka starfrækslu.“

h) Í stað 5. liðar b-liðar í ARO.RAMP.105 kemur eftirfarandi:

„5) loftfara, sem flugrekandi frá þriðja landi notar til að fljúga í fyrsta skipti til yfirráðasvæðis, sem fellur undir ákvæði sáttmálans, innan þess eða frá því, eða sem er með heimild, sem er gefin út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 452/2014, sem er takmörkuð eða endurútgefin eftir tímabundna niðurfellingu eða afturköllun.“

i) Í stað 3. liðar b-liðar í ARO.RAMP.115 kemur eftirfarandi:

„3) viðhalda gildi réttinda sinna með því að stunda reglubundna þjálfun og framkvæma a.m.k. 12 skoðanir á hverju almanaksári.“

j) Lið ARO.RAMP.125 er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Skoðanir á hlaði skulu fara fram með stöðluðum hætti.“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þegar skoðun á hlaði er lokið skal flugstjóra, eða, ef hann er ekki á staðnum, öðrum flugliða eða fulltrúa flugrekanda tilkynnt um niðurstöður skoðunarinnar.“

k) Í stað 2. liðar d-liðar ARO.RAMP.140 kemur eftirfarandi:

„2) að flugrekandi hafi öðlast flugleyfi fyrir loftför, sem skráð eru í aðildarríki, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

l) Í stað 1. liðar a-liðar í ARO.RAMP.150 kemur eftirfarandi:

„1) upplýsingunum, sem um getur í ARO.RAMP.145,“.

m) Í stað I. til IV. viðbætis kemur eftirfarandi:

„I. viðbætir

<table>
<tr><td colspan="3">FLUGREKANDASKÍRTEINI
(Samþykkisskrá fyrir flugrekendur í flutningaflugi)

Tegund starfrækslu: Flutningaflug (CAT) ☐ Farþegaflug ☐ Farmur
☐ Annað (1): _____</td></tr>
<tr><td rowspan="2">(4)</td><td>Ríki flugrekanda (2)</td><td rowspan="2">(5)</td></tr>
<tr><td>Útgáfuyfirvald (3)</td></tr>
<tr><td>Flugrekandaskírteini # (6):

</td><td colspan="2" rowspan="4">Nafn flugrekanda (7)
Starfar undir viðskiptaheitinu (8)
Heimilisfang flugrekanda (10):
Símanúmer (11):
Bréfasímanúmer:
Tölvupóstfang:</td></tr>
<tr><td colspan="3">Með þessu skírteini vottast að _____ (13) hefur heimild til að annast flutningaflug, eins og það er skilgreint í meðfylgjandi rekstrarforskriftum, í samræmi við rekstrarhandbókina, V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.</td></tr>
<tr><td>Útgáfudagur (14):</td><td colspan="2">Nafn og undirskrift (15):
Titill:</td></tr>
<tr><td colspan="3">(1) Hér skal tilgreina aðrar tegundir flutnings.
(2) Hér skal sett inn heiti ríkis flugrekanda.
(3) Hér skal sett inn auðkenni útgáfuyfirvaldsins.
(4) Til notkunar fyrir lögbært yfirvald.
(5) Til notkunar fyrir lögbært yfirvald.
(6) Tilvísunarnúmer samþykkis sem lögbært yfirvald gefur út.
(7) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda.
(8) Viðskiptaheiti flugrekanda, ef það er annað. Setja skal „starfar undir“ fyrir framan viðskiptaheitið.</td></tr>
</table>

(9) Til samskiptaupplýsinga teljast m.a. símanúmer og bréfasímanúmer, að landskóða meðtöldum, og tölvupóstfang (ef það er tiltækt), þar sem hægt er að ná í rekstrarstjórnendur án ótilhlýðilegrar tafar vegna mála í tengslum við flugrekstur, lofthæfi, hæfni flugliða og öryggis- og þjónustuliða, hættulegan varning og önnur tengd mál, eftir því sem við á.
(10) Heimilisfang höfuðstöðva flugrekanda.
(11) Síma- og bréfasímanúmer, ásamt landskóða, í höfuðstöðvum flugrekanda. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.
(12) Stýrt skjal (e. *controlled document*) skal látið fylgja og haft um borð í loftfarinu þar sem samskiptaupplýsingar eru tilgreindar með vísan í viðeigandi málsgrein eða blaðsíðu. T.d.: „Samskiptaupplýsingar ... eru skráðar í rekstrarhandbókinni undir almenn atriði/grunnatriði, kafla 1, 1.1", eða „... eru skráðar í rekstrarforskriftum, bls. 1", eða „... eru skráðar í viðhengi við þetta skjal".
(13) Skráð heiti flugrekanda.
(14) Útgáfudagur flugrekandaskírteinis (dd-mm-áááá).
(15) Titill, nafn og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds. Auk þess má setja opinberan stimpil á flugrekandaskírteinið.

EASA-eyðublað nr. 138, 2. útgáfa.

———

II. viðbætir

REKSTRARFORSKRIFTIR
(með fyrirvara um samþykkt skilyrði í rekstrarhandbókinni)

Samskiptaupplýsingar útgáfuyfirvalds
Símanúmer (1): _____ , Bréfasímanúmer: _____ ,
Tölvupóstfang: _____

Flugrekandaskírteini (2):	Nafn flugrekanda (3):	Dagsetning (4):	Undirskrift:
	Starfar undir viðskiptaheitinu		
Rekstrarforskriftir nr.:			

Tegund loftfars (5)
Skrásetningarmerki (6):

Tegund starfrækslu: Flutningaflug

☐ Farþegar ☐ Farmur ☐ Aðrar tegundir (7): _____

Flugsvæði (8):

Sérstakar takmarkanir (9):

Sérstök samþykki:	Já	Nei	Forskriftir (10)	Athugasemdir
Hættulegur varningur	☐	☐		
Starfræksla í lélegu skyggni Flugtak Aðflug og lending	☐	☐	CAT (11) … RVR (12): m DA/H: fet RVR: m	
RVSM (13) ☐ Á ekki við	☐	☐		
ETOPS (14) ☐ Á ekki við	☐	☐	Hámarksfjarflugstími (15): mín.	

Leiðsöguforskriftir fyrir starfrækslu þar sem notast er við margþætta, hæfisbundna leiðsögu ([16])	☐	☐		([17])
Lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu	☐	☐		
Starfræksla eins hreyfils flugvéla með hverfihreyfli að næturlagi eða við blindflugsskilyrði (SET-IMC)	☐	☐	([18])	
Þyrluflug með aðstoð nætursjónkerfis	☐	☐		
Hífingar með þyrlu	☐	☐		
Sjúkraflug með þyrlu	☐	☐		
Starfræksla þyrlu á hafi úti	☐	☐		
Þjálfun öryggis- og þjónustuliða ([19])	☐	☐		
Útgáfa staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða ([20])	☐	☐		
Notkun EFB-forrita af gerð B	☐	☐	([21])	
Áframhaldandi lofthæfi	☐	☐	([22])	
Annað ([23])				

([1]) Síma- og bréfasímanúmer lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. landskóði. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.
([2]) Hér skal sett inn númer tilheyrandi flugrekandaskírteinis.
([3]) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda og viðskiptaheiti flugrekanda, ef annað. Hér skal setja inn „starfar undir“ fyrir framan viðskiptaheitið.
([4]) Útgáfudagur rekstrarforskrifta (dd-mm-áááá) og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds.
([5]) Hér skal setja inn kóða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um framleiðanda loftfars, tegund og röð eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232).
([6]) Skrásetningarmerkin eru annaðhvort tilgreind í rekstrarforskriftum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni. Ef sérstök samþykki eiga ekki öll við um tegund loftfarsins má færa skrásetningarmerki loftfarsins í dálkinn „athugasemdir“ fyrir sérstaka samþykkið.
([7]) Hér skal tilgreina aðrar tegundir flutnings (t.d. sjúkraflug).
([8]) Hér skal gefa upp landfræðileg svæði þar sem starfræksla er heimiluð (með vísun í landfræðileg hnit eða tilteknar leiðir, flugupplýsingasvæði eða landamæri þjóðríkja eða landsvæða).
([9]) Hér skal gefa upp gildandi, sérstakar takmarkanir (t.d. einungis sjónflug (VFR), einungis að degi til o.s.frv.).
([10]) Í þennan dálk skal skrá rýmstu viðmiðanirnar fyrir hvert samþykki eða tegund samþykkis (með viðeigandi viðmiðun).
([11]) Hér skal setja inn viðeigandi flokk nákvæmnisaðflugs: LTS CAT I, CAT II, OTS CAT II, CAT IIIA, CAT IIIB eða CAT IIIC. Hér skal setja inn lágmarksflugbrautarskyggni (RVR) í metrum og ákvörðunarhæð (DA/H) í fetum. Ein lína er notuð fyrir hvern skráðan flokk aðflugs.
([12]) Hér skal setja inn samþykkt lágmarksflugbrautarskyggni við flugtak í metrum. Nota má eina línu fyrir hvert samþykki ef mismunandi samþykki hafa verið veitt.
([13]) Aðeins má haka við í kassann „á ekki við“ ef hámarksflughæð loftfars er undir fluglagi 290.
([14]) Fjarflug (ETOPS) á sem stendur aðeins við um tveggja hreyfla loftför. Því má haka við í kassann „á ekki við“ ef loftfarstegundin hefur fleiri eða færri en tvo hreyfla.
([15]) Hér má einnig skrá vegalengd þröskulds (í sjómílum), sem og gerð hreyfils.

(16) Hæfisbundin leiðsaga (PBN): ein lína notuð fyrir hvert sérstakt samþykki fyrir margþættri, hæfisbundinni leiðsögu (t.d. RNP AR APCH) og viðeigandi takmarkanir skráðar í dálkana „Forskrift“ og/eða „Athugasemdir“. Samþykki, sem tengjast sérstökum verklagsreglum, fyrir sérstakri starfrækslu samkvæmt RNP AR APCH má skrá í rekstrarforskriftirnar eða rekstrarhandbókina. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
(17) Tilgreina skal hvort sérstaka samþykkið sé takmarkað við tiltekna flugbrautarenda eða flugvelli eða bæði.
(18) Hér skal setja inn viðeigandi flugskrokks- eða hreyfilssamsetningu.
(19) Samþykki fyrir því að halda þjálfunarnámskeið og próf, sem umsækjendur þurfa að ljúka til að hægt sé að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
(20) Samþykki fyrir því að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
(21) Skráin yfir EFB-forrit af gerð B skal fylgja ásamt tilvísun í EFB-vélbúnaðinn (fyrir færanlegar rafrænar flugtöskur). Skráin er annaðhvort tilgreind í rekstrarforskriftunum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
(22) Nafn þess einstaklings eða stofnunar sem ber ábyrgð á því að tryggja áframhaldandi lofthæfi í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
(23) Hér má setja önnur samþykki eða gögn með því að nota eina línu (eða reit með mörgum línum) fyrir hvert samþykki (t.d. skammbrautarlendingu, starfrækslu í bröttu aðflugi, þyrluflug að/frá almannaheillastað, þyrluflug yfir ótryggu umhverfi sem staðsett er utan þéttbýlis, þyrluflug án getu til að nauðlenda með öruggum hætti, starfrækslu með auknum beygjuhalla, mestu leyfilegu fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis).

EASA-eyðublað nr. 139, 5. útgáfa

———

III. viðbætir

Skrá yfir sérstök samþykki

Starfræksla sem er ekki í ábataskyni

Sérstök starfræksla

(með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru í samþykkinu og koma fram í rekstrarhandbókinni eða í flughandbókinni)

Útgáfuyfirvald (1):		
Skrá yfir sérstök samþykki nr. (2): Nafn flugrekanda: Dagsetning (3): Undirskrift:		
Tegund loftfars og skrásetningarmerki (4):		
Tegund sérstakrar starfrækslu (SPO), ef við á: ☐ (5) …		
Sérstök samþykki (6):	Forskriftir (7)	Athugasemdir
…		
…		

…		
…		

(1) Hér skal setja inn heiti og samskiptaupplýsingar.
(2) Hér skal setja inn viðeigandi númer.
(3) Útgáfudagur sérstakra samþykkja (dd-mm-áááá) og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds.
(4) Hér skal setja inn kóða öryggishóps vegna flutningaflugs (e. *Commercial Aviation Safety Team* (CAST))/Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um framleiðanda loftfars, tegund og röð, eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232). Flokkunarfræði öryggishópsins vegna flutningaflugs/Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er aðgengileg á: http://www.intlaviationstandards.org/Skrásetningarmerkin skulu annaðhvort tilgreind í skránni yfir sérstök samþykki eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu skal í skránni yfir sérstök samþykki vera tilvísun í tilsvarandi blaðsíðu í rekstrarhandbókinni.
(5) Tilgreina skal tegund starfrækslu, t.d. í tengslum við landbúnað, byggingavinnu, ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, auglýsingaflug eða reynsluflug vegna viðhalds.
(6) Í þennan dálk skal skrá alla þá starfrækslu sem hefur fengið samþykki, t.d. hættulegur varningur, LVO, RVSM, PBN, MNPS, HOFO.
(7) Í þennan dálk skal skrá rýmstu viðmiðanir fyrir hvert samþykki, t.d. ákvörðunarhæð og lágmarkskröfur um flugbrautarskyggni fyrir starfrækslu skv. II flokki.

EASA-eyðublað nr. 140, 2. útgáfa.

———

IV. viðbætir

LEYFI FYRIR ÁHÆTTUSAMRI SÉRSTAKRI STARFRÆKSLU Í ÁBATASKYNI	
Útgáfuyfirvald: (1) Leyfisnúmer: (2)	
Nafn flugrekanda: (3) Heimilisfang flugrekanda: (4) Símanúmer: (5) Bréfasími: Tölvupóstfang:	
Tegund loftfars og skrásetningarmerki: (6)	
Sérstök starfræksla sem er leyfð: (7)	
Leyfilegt flug- eða starfrækslusvæði: (8)	
Sérstakar takmarkanir: (9)	
Hér með staðfestist að _____ hefur leyfi til að stunda áhættusama sérstaka starfrækslu í ábataskyni í samræmi við þetta leyfi, staðlaðar verklagsreglur flugrekanda, V. viðauka reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.	
Útgáfudagur (10):	Nafn og undirskrift (11): Titill:

(1) Nafn og samskiptaupplýsingar lögbærs yfirvalds:
(2) Hér skal sett inn viðeigandi leyfisnúmer.
(3) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda og viðskiptaheiti flugrekanda, ef annað. Hér skal setja inn „starfar undir“ fyrir framan viðskiptaheitið.
(4) Heimilisfang höfuðstöðva flugrekanda.
(5) Síma- og bréfasímanúmer, ásamt landskóða, í höfuðstöðvum flugrekanda. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.

(6) Hér skal setja inn kóða öryggishóps vegna flutningaflugs (e. *Commercial Aviation Safety Team* (CAST))/Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um framleiðanda loftfars, tegund og röð, eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232). Flokkunarfræði öryggishópsins vegna flutningaflugs/Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er aðgengileg á: http://www.intlaviationstandards.org. Skrásetningarmerkin skulu annaðhvort tilgreind í skránni yfir sérstök samþykki eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu skal í skránni yfir sérstök samþykki vera tilvísun í tilsvarandi blaðsíðu í rekstrarhandbókinni.
(7) Tilgreina skal tegund starfrækslu, t.d. í tengslum við landbúnað, byggingavinnu, ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, auglýsingaflug eða reynsluflug vegna viðhalds.
(8) Hér skal gefa upp landfræðileg svæði eða staði þar sem starfræksla er heimiluð (með vísun í landfræðileg hnit eða flugupplýsingasvæði eða landamæri þjóðríkja eða landsvæða).
(9) Hér skal gefa upp gildandi, sérstakar takmarkanir (t.d. einungis sjónflug (VFR), einungis að degi til o.s.frv.).
(10) Útgáfudagur leyfisins (dd-mm-áááá).
(11) Titill, nafn og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds. Auk þess má setja opinberan stimpil á leyfið.

EASA-eyðublað nr. 151, 2. útgáfa“.

———

n) Ákvæði V. og VI. viðbætis falla brott.

3) Ákvæðum III. viðauka (ORO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað h-liðar í ORO.GEN.110 kemur eftirfarandi:

„h) Flugrekandinn skal útbúa gátlista fyrir hverja tegund loftfars, sem flugverjar skulu notast við á öllum stigum flugs, við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður, til að tryggja að verklagsreglum í rekstrarhandbók sé fylgt. Við hönnun og notkun gátlistanna skulu meginreglur um mannlega þætti virtar og tillit tekið til nýjustu viðeigandi gagna frá handhafa hönnunarsamþykkisins.“

b) Í stað a-liðar í ORO.GEN.135 kemur eftirfarandi:

„a) Skírteini flugrekanda skal áfram vera í gildi með fyrirvara um öll eftirfarandi skilyrði:

1) að flugrekandinn fullnægi áfram viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í lið ORO.GEN.150 í þessum viðauka,

2) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að flugrekandanum, eins og skilgreint er í lið ORO.GEN.140 í þessum viðauka, til að ákvarða hvort enn sé farið að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar,

3) að skírteinið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.“

c) Í stað a-liðar í ORO.GEN.140 kemur eftirfarandi:

„a) Í þeim tilgangi að ákvarða hvort viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar er fullnægt skal flugrekandi ávallt veita aðgang að öllum búnaði, loftförum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfseminni sem á að votta, leyfi fyrir sérstakri starfrækslu (SPO-leyfi) eða yfirlýsingu, hvort sem það er bundið í samning eða ekki, öllum einstaklingum sem hafa leyfi einhvers eftirtalinna yfirvalda:

1) lögbæra yfirvaldsins sem skilgreint er í ORO.GEN.105 í III. viðauka við þessa reglugerð,

2) yfirvaldsins sem starfar í samræmi við ákvæði d- eða e-liðar liðar ARO.GEN.300 eða RAMP-kaflans í II. viðauka við þessa reglugerð.“

d) Lið ORO.GEN.160 er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu og öllum öðrum fyrirtækjum, sem ríki flugrekanda krefst að látin séu vita, um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 (*) og reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Tilkynningarnar, sem um getur í a- og b-lið, skulu gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar mikilvægar upplýsingar um ástandið, sem flugrekandinn þekkir til, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 996/2010 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014.“

e) Í stað a-liðar í ORO.GEN.205 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal tryggja að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt þegar þjónusta eða vara er útvistuð eða aðkeypt sem hluti af starfsemi hans:

1) að útvistuð eða aðkeypt þjónusta eða vara uppfylli viðeigandi kröfur,

2) að stjórnunarkerfi flugrekandans taki tillit til hætta í tengslum við flugöryggi sem af útvistaðri eða aðkeyptri þjónustu eða vöru stafar.“

f) Eftirfarandi 3. þáttur bætist við í GEN-kafla:

„3. þáttur

Viðbótarskipulagskröfur

ORO.GEN.310 Notkun loftfara, sem eru skráð í flugrekandaskírteini, við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni og sértæka starfrækslu

a) Loftfar, sem er skráð í flugrekandaskírteini flugrekandans, má vera áfram skráð í skírteininu ef það er starfrækt við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

1) ef handhafi flugrekandaskírteinisins notar það sjálfur við sértæka starfrækslu í samræmi við VIII. viðauka (SPO-hluta),

2) ef aðrir flugrekendur nota það við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða við sértæka starfrækslu sem framkvæmd er í samræmi við VI. viðauka (NCC-hluta), VII. viðauka (NCO-hluta) eða VIII. viðauka (SPO-hluta), að því tilskildu að loftfarið sé notað í að hámarki 30 daga samfleytt.

b) Ef loftfarið er notað í samræmi við 2. lið a-liðar skal sá handhafi flugrekandaskírteinis sem leggur til loftfarið og sá flugrekandi sem notar loftfarið setja verklagsreglu:

1) þar sem kemur skýrt fram hvaða flugrekandi er ábyrgur fyrir flugrekstrarstjórn hvers flugs og með lýsingu á því hvernig flugrekstrarstjórn flyst milli þeirra,

2) með lýsingu á fyrirkomulaginu við afhendingu loftfarsins þegar því er skilað aftur til handhafa flugrekandaskírteinis.

Þetta fyrirkomulag skal vera í rekstrarhandbók allra flugrekanda eða í samningi milli handhafa flugrekandaskírteinisins og flugrekandans sem notar loftfarið í samræmi við 2. lið a-liðar. Handhafi flugrekandaskírteinisins skal gera sniðmát að slíkum samningi. Ákvæði liðar ORO.GEN.220 skulu gilda um skráahald fyrir þessa samninga.

Handhafi flugrekandaskírteinisins og flugrekandinn sem notar loftfarið í samræmi við 2. lið a-liðar skulu tryggja að hlutaðeigandi starfsfólk sé upplýst um þetta fyrirkomulag.

c) Handhafi flugrekandaskírteinisins skal leggja fyrirkomulagið, sem um getur í b-lið, fyrir lögbæra yfirvaldið til fyrirframsamþykkis.

Handhafi flugrekandaskírteinisins skal komast að samkomulagi við lögbæra yfirvaldið um hvernig og hve oft eigi að veita yfirvaldinu upplýsingar um flutning á flugrekstrarstjórn í samræmi við c-lið ORO.GEN.130.

d) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 skal fyrirtækið, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem skráð er í flugrekandaskírteininu, tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem er notað í samræmi við a-lið.

e) Sá handhafi flugrekandaskírteinis sem leggur til loftfarið, í samræmi við a-lið, skal:

1) tilgreina í rekstrarhandbók sinni skrásetningarmerki loftfaranna sem eru lögð til og tegund starfrækslu sem þessi loftför eru notuð í,

2) ávallt vera upplýstur um og halda skrár yfir hvern flugrekanda sem fer með flugrekstrarstjórn loftfarsins á hverjum tíma þar til loftfarinu er skilað aftur til handhafa flugrekandaskírteinisins,

3) tryggja að ráðstafanir, sem hann hefur gert m.t.t. hættugreiningar, áhættumats og áhættumildunar, nái yfir alla starfrækslu sem þessi loftför eru notuð í.

f) Að því er varðar starfrækslu í samræmi við VI. viðauka (NCC-hluta) og VIII. viðauka (SPO-hluta) skal flugrekandinn, sem notar loftfarið í samræmi við a-lið, tryggja að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) að allt flug sem er framkvæmt meðan hann fer með flugrekstrarstjórn sé skráð í tækniflugbók loftfarsins,

2) að engar breytingar séu gerðar á kerfum eða útfærslu loftfarsins,

3) að fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO-fyrirtæki) fyrir handhafa flugrekandaskírteinisins fái skýrslu um allar bilanir eða tæknilegar bilanir, sem eiga sér stað á meðan flugrekandinn fer með flugrekstrarstjórn loftfarsins,

4) að handhafi flugrekandaskírteinisins fái afrit af öllum tilkynningum um atvik í tengslum við þau flug sem loftfarið var notað í, sem skulu fylltar út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 (*).

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 frá 29. júní 2015 um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsflugi sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2015, bls.1).“

g) Í stað c-liðar ORO.AOC.110 kemur eftirfarandi:

„Tekið á þjónustuleigu (e. wet lease-in)

c) Umsækjandi um samþykki fyrir samningi um þjónustuleigu loftfars hjá flugrekanda frá þriðja landi skal sýna lögbæru yfirvaldi fram á að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) að flugrekandinn frá þriðja landi hafi gilt flugrekandaskírteini, sem er gefið út í samræmi við 6. viðauka Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningsflug,

2) að öryggiskröfur flugrekandans frá þriðja landi varðandi áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur, séu jafngildar viðeigandi kröfum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og í þessari reglugerð,

3) að loftfarið sé með staðlað lofthæfivottorð, sem er gefið út í samræmi við 8. viðauka Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningsflug.“

h) Í stað liðar ORO.AOC.125 kemur eftirfarandi:

„**ORO.AOC.125 Starfræksla, sem er ekki í ábataskyni, sem handhafi flugrekandaskírteinis hefur með höndum með loftför sem eru skráð í flugrekandaskírteinið hans**

a) Handhafi flugrekandaskírteinisins má hafa með höndum starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, í samræmi við VI. viðauka (NCC-hluta) eða VII. viðauka (NCO-hluta), með loftför sem eru skráð í rekstrarforskriftirnar við flugrekandaskírteinið hans eða í rekstrarhandbókinni hans, að því tilskildu að hann lýsi slíkri starfrækslu í smáatriðum í rekstrarhandbókinni, þ.m.t. eftirfarandi:

1) tilgreini viðeigandi kröfur,

2) lýsi mismun á verklagsreglum sem notaðar eru í flutningaflugi og við starfrækslu sem ekki er í ábataskyni,

3) aðferð til að tryggja að allt starfsfólk, sem tekur þátt í starfrækslunni, sé vel kunnugt tengdum verklagsreglum.

b) Handhafi flugrekandaskírteinis skal uppfylla kröfur:

1) VIII. viðauka (SPO-hluta) við framkvæmd reynsluflugs vegna viðhalds á flóknum, vélknúnum loftförum,

2) VII. viðauka (NCO-hluta) við framkvæmd reynsluflugs vegna viðhalds á loftförum, öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum.

c) Ekki er gerð krafa um að handhafi flugrekandaskírteinis, sem hefur með höndum starfrækslu sem um getur í a- og b-lið, leggi fram yfirlýsingu í samræmi við þennan viðauka.

d) Handhafi flugrekandaskírteinisins skal tilgreina tegund flugs, eins og það er skráð er í rekstrarhandbók hans, í flugtengd gögn (leiðarflugáætlun, hleðsluskrá og önnur jafngild gögn).“

i) Í stað a-liðar í ORO.AOC.135 kemur eftirfarandi:

„a) Í samræmi við b-lið ORO.GEN.210 skal flugrekandinn tilnefna einstaklinga til að hafa umsjón með stjórnun og eftirliti á eftirfarandi sviðum:

1) flugrekstri,

2) þjálfun flugverja,

3) rekstri á jörðu niðri,

4) áframhaldandi lofthæfi eða samnings um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, eftir því sem við á.“

j) Í stað c-liðar ORO.SPO.100 kemur eftirfarandi:

„c) Flugrekandi, sem stundar sérstaka starfrækslu í ábataskyni, skal fá fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1) í tengslum við þjónustuleigu loftfars hjá flugrekanda frá þriðja landi:

i. að öryggiskröfur flugrekanda frá þriðja landi varðandi áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur, eru jafngildar viðeigandi kröfum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 (*) og í þessari reglugerð,

ii. að loftfar flugrekanda frá þriðja landi sé með staðlað lofthæfivottorð, sem er gefið út í samræmi við 8. viðauka Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningsflug,

iii. að þjónustuleigan vari ekki lengur en í sjö mánuði á tólf mánaða samfelldu tímabili,

2) í tengslum við tómaleigu loftfars sem er skráð í þriðja landi:

i. að sýnt hafi verið fram á rekstrarþörf, sem ekki er unnt að fullnægja með leigu á loftfari sem skráð er í Sambandinu,

ii. að tómaleigan vari ekki lengur en í sjö mánuði á tólf mánaða samfelldu tímabili,

iii. að öryggiskröfur sem gerðar eru til loftfars frá þriðja landi hvað varðar áframhaldandi lofthæfi séu jafngildar viðeigandi kröfum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,

iv. að loftfarið sé búið tækjum í samræmi við VIII. viðauka (SPO-hluta).

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).“

k) Í stað liðar ORO.CC.100 kemur eftirfarandi:

„**ORO.CC.100 Fjöldi í þjónustuáhöfn og samsetning hennar**

a) Við starfrækslu loftfars með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en nítján skal a.m.k. einn öryggis- og þjónustuliði vera starfandi, ef verið er að flytja einn farþega eða fleiri.

b) Í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a-liðar skal lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða vera meiri en eftirfarandi:

1) sá fjöldi öryggis- og þjónustuliða sem ákveðinn er í vottunarferli loftfarsins, í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir, að því er varðar þá tilhögun sem flugrekandi notast við fyrir farþegarými loftfarsins,

2) hafi fjöldinn, sem tilgreindur er í 1. lið, ekki verið ákveðinn, sá fjöldi öryggis- og þjónustuliða sem ákveðinn er í vottunarferli fyrir hámarksfjölda í vottuðu sætafyrirkomulagi (MCPSC) sem minnkar um einn fyrir hver 50 farþegasæti, í því fyrirkomulagi sem flugrekandi notast við fyrir farþegarýmið og er undir vottuðu hámarkssætarými,

3) einn öryggis- og þjónustuliði fyrir hver 50 farþegasæti eða brot af þeirri tölu sem eru á sama þilfari í loftfarinu sem á að starfrækja.

c) Í flugi með fleiri en einn öryggis- og þjónustuliða skal flugrekandinn tilnefna einn öryggis- og þjónustuliða sem á að vera ábyrgur gagnvart flugstjóranum.

d) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar er leyfilegt að starfrækja loftfar sem er með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en nítján og starfrækslan er ekki í ábataskyni án þess að hafa starfandi öryggis- og þjónustuliða um borð, með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins. Til að hljóta samþykkið skal flugrekandinn tryggja að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) að það séu að hámarki 19 farþegar um borð,

2) að flugrekandinn hafi þróað verklagsreglur fyrir viðkomandi starfrækslu.“

l) Í stað liðar ORO.CC.205 kemur eftirfarandi:

„**ORO.CC.205 Fækkun öryggis- og þjónustuliða við rekstur á jörðu niðri og við ófyrirséðar aðstæður**

a) Þegar farþegar eru um borð í loftfari skal sá lágmarksfjöldi öryggis- og þjónustuliða, sem gerð er krafa um í samræmi við ORO.CC.100, vera staðsettur í loftfarinu og reiðubúinn til starfa.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar má draga úr lágmarksfjölda öryggis- og þjónustuliða í eftirfarandi tilvikum:

1) við hefðbundinn rekstur á jörðu niðri sem felur ekki í sér áfyllingu eða losun eldsneytis þegar loftfarið er í loftfarastæði,

2) við ófyrirséðar aðstæður ef farþegum, sem á að flytja, er fækkað; í slíku tilviki skal lögbæra yfirvaldið fá skýrslu um málið að fluginu loknu,

3) í þeim tilgangi að veita hvíld meðan á farflugi stendur, annaðhvort í samræmi við e-lið ORO.FTL.205 eða sem ráðstöfun flugrekanda í því skyni að draga úr þreytu.

c) Að því er varðar 1. og 2. lið. b-liðar skulu verklagsreglur í rekstrarhandbók flugrekandans tryggja:

1) að sambærilegu öryggisstigi sé náð með færri öryggis- og þjónustuliðum, einkum varðandi rýmingu farþegarýmis,

2) að fyrsti öryggis- og þjónustuliði sé viðstaddur í samræmi við ORO.CC.200 þrátt fyrir fækkun öryggis- og þjónustuliða,

3) að krafist sé viðveru eins öryggis- og þjónustuliða fyrir hver 50 farþegasæti, eða brot af þeirri tölu, sem eru á sama þilfari loftfarsins,

4) að ef um er að ræða hefðbundinn rekstur á jörðu niðri með loftförum, sem krafist er að séu starfrækt með fleiri en einum öryggis- og þjónustuliða, skuli talan, sem kveðið er á um í 3. lið, hækkuð þannig að fyrir hverja samstæðu af neyðarútgöngum í gólfhæð sé einn öryggis- og þjónustuliði.

d) Að því er varðar 3. lið b-liðar skal flugrekandinn:

1) framkvæma áhættumat til ákvarða hve margir öryggis- og þjónustuliðar skuli viðstaddir og ávallt reiðubúnir til starfa meðan á farflugi stendur,

2) ákvarða ráðstafanir til að milda áhrif sökum þess að færri öryggis- og þjónustuliðar eru viðstaddir og reiðubúnir til starfa meðan á farflugi stendur,

3) tilgreina í rekstrarhandbókinni sértækar verklagsreglur, þ.m.t. að því er varðar hvíld fyrsta öryggis- og þjónustuliða meðan á flugi stendur, sem tryggja ávallt viðeigandi meðhöndlun farþega og skilvirka stjórnun við allar óvenjulegar aðstæður eða við neyðaraðstæður,

4) tilgreina í áætlunum um flugtímaforskriftir, í samræmi við ORO.FTL.125, við hvaða aðstæður megi veita öryggis- og þjónustuliðum hvíld meðan á flugi stendur.“

m) Í stað I. viðbætis kemur eftirfarandi:

„I. viðbætir

YFIRLÝSING
í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um flugrekstur

Flugrekandi
Heiti:
Staðurinn þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar eða, ef flugrekandinn hefur engar höfuðstöðvar, staðurinn þar sem flugrekandi hefur staðfestu eða búsetu og staðurinn þaðan sem rekstrinum er stjórnað:
Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:

Starfræksla loftfara

Upphafsdagur starfrækslu eða gildistökudagur breytingar:

Upplýsingar um loftfar, starfrækslu og fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ([1]):

Raðnúmer framleiðanda loftfars	Tegund loftfars	Einkennisstafir loftfars ([2])	Höfuðstöðvar	Tegund eða tegundir starfrækslu ([3])	Fyrirtæki sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ([4])

Eftir atvikum, upplýsingar um samþykki sem honum hafa verið veitt (sérstök samþykki skulu fylgja með, þ.m.t. sérstök samþykki sem þriðja land veitir, ef við á).

Eftir atvikum, upplýsingar um leyfi til sérstakrar starfrækslu (leyfin skulu fylgja með, ef við á).

Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur með tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir sem þær koma í staðinn fyrir (aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) skulu fylgja með)

Yfirlýsingar

☐ Flugrekandinn uppfyllir og mun halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
☐ Gögn stjórnunarkerfis, þ.m.t. rekstrarhandbókin, uppfylla kröfur III. viðauka (ORO-hluta), V. viðauka (SPA-hluta), VI. viðauka (NCC-hluta) eða VIII. viðauka (SPO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og öll flug munu fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar eins og krafist er í b-lið liðar ORO.GEN.110 í III. viðauka við þá reglugerð.

☐ Öll loftför, sem starfrækt eru, hafa gilt lofthæfivottorð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 eða uppfylla sértækar lofthæfikröfur sem gilda um loftför sem eru skráð í þriðja landi og falla undir leigusamning.
☐ Allir flugliðar eru handhafar skírteinis í samræmi við I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, eins og krafist í c-lið liðar ORO.FC.100 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, og öryggis- og þjónustuliðar, eftir því sem við á, hafa hlotið þjálfun í samræmi við CC-kafla í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
☐ (Ef við á) Flugrekandi hefur komið í framkvæmd staðli, sem er viðurkenndur innan iðnaðarins, og sýnt fram á að hann fari að þessum staðli. Tilvísun í staðalinn: Vottunaraðili: Dagsetning síðustu úttektar á samræmi:
☐ Flugrekandi mun tilkynna lögbæru yfirvaldi um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum reglugerðar (ESB) nr. 965/2012, eins og þær eru tilkynntar lögbæru yfirvaldi með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skrám yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í a-lið liðar ORO.GEN.120 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
☐ Flugrekandi staðfestir að upplýsingarnar, sem fram koma í þessari yfirlýsingu, séu réttar.
Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns
([1]) Ef ekki er nægilegt rými til að skrá upplýsingarnar í yfirlýsingunni, skulu þær skráðar í sérstökum viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður. ([2]) Ef loftfarið er einnig skráð á handhafa flugrekandaskírteinis, tilgreinið númer flugrekandaskírteinis handhafans. ([3]) „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísar til tegundar starfrækslu loftfarsins, t.d. starfræksla sem er ekki í ábataskyni eða sérstök starfræksla á borð við flug vegna ljósmyndunar úr lofti, auglýsingaflug, flug fyrir fréttamiðla, flug fyrir sjónvarp eða kvikmyndir, fallhlífarstökksflug, fallhlífarstökk eða reynsluflug vegna viðhalds. ([4]) Í upplýsingum um fyrirtækið sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins kemur fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang og tilvísunarnúmer samþykkis.“

4) Ákvæðum IV. viðauka (CAT-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Lið CAT.GEN.MPA.105 er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað 12. og 13. liðar kemur eftirfarandi:

„12) tryggja að fyrirflugsskoðun hafi farið fram í samræmi við kröfur I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,

13) vera fullviss um að viðeigandi neyðarbúnaður sé ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust,“.

— Eftirfarandi 14. liður bætist við:

„14) skrá notkunargögn og allar bilanir loftfarsins, sem vitað er um eða sem grunur leikur á um að séu til staðar, í tækniflugbók loftfarsins eða leiðarflugbók þess eftir að flugi er lokið.“

ii. Eftirfarandi e-liður bætist við:

„e) Flugstjórinn skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild, svo fljótt sem auðið er, um hvers kyns hættuleg veður- eða flugskilyrði sem eru líkleg til að hafa áhrif á öryggi annarra loftfara.“

b) Í stað CAT.GEN.MPA.150 kemur eftirfarandi:

„CAT.GEN.MPA.150 Nauðlending á vatni — flugvélar

Flugrekandi skal aðeins starfrækja flugvél með sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 í flugi yfir sjó eða vötnum þar sem fjarlægð frá landi, þar sem hægt væri að nauðlenda, nemur meira en 120 mínútum á farflugshraða eða 400 sjómílum, hvort heldur er skemmra, ef flugvélin uppfyllir ákvæði gildandi vottunarforskriftar eða -forskrifta um nauðlendingu á vatni.“

c) Í stað 10. liðar a-liðar CAT.GEN.MPA.180 kemur eftirfarandi:

„10) tækniflugbók loftfars, í samræmi við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,“.

d) Í stað CAT.GEN.MPA.210 kemur eftirfarandi:

„CAT.GEN.MPA.210 Staðsetning loftfars í nauð — Flugvélar

Eftirfarandi flugvélar skulu búnar sterkbyggðum og sjálfvirkum búnaði til að ákvarða nákvæmlega staðsetninguna þar sem flugi lýkur þegar flugvélin á hlut að slysi þar sem hún verður fyrir alvarlegum skemmdum:

1) allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg, hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2023 eða síðar,

2) allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 45 500 kg og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2023 eða síðar.“

e) Í stað b-liðar í CAT.OP.MPA.170 kemur eftirfarandi:

„b) fái í hendur spjald með öryggisleiðbeiningum þar sem leiðbeint er í myndum um notkun öryggis- og neyðarbúnaðar og neyðarútganga sem líklegt er að farþegar noti.“

f) Í stað liðar CAT.OP.MPA.320 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.320 Flugvélaflokkar**

a) Flugvélaflokkar skulu byggjast á sýndum flughraða yfir þröskuldi (V_{AT}) sem er jafn ofrishraða með flapa í lendingarham (V_{SO}), sem er margfaldaður með 1,3 eða ofrishraða sem miðast við 1G (V_{S1G}), margfaldað með 1,23 í lendingarham við skráðan hámarkslendingamassa. Ef bæði V_{SO}- og V_{S1g}-ofrishraðar eru fyrir hendi skal nota þann hraða sem gefur hærri flughraða yfir þröskuldi (VAT).

b) Notast skal við flugvélaflokkana sem tilgreindir eru í töflunni hér á eftir.

Tafla 1: Flugvélaflokkar sem samsvara V_{AT}-gildum

Flugvélaflokkur	V_{AT}
A	Minna en 91 hnútur
B	Frá 91–120 hnúta
C	Frá 121–140 hnúta
D	Frá 141–165 hnúta
E	Frá 166–210 hnúta

c) Lendingarhamur, sem taka á tillit til, skal tilgreindur í rekstrarhandbókinni.

d) Flugrekandi má nota lægri lendingarmassa við ákvörðun á flughraða yfir þröskuldi (V_{AT}) ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíkur lægri lendingarmassi skal vera varanlegt gildi, óháð breytilegum aðstæðum í daglegum rekstri.“

g) Í stað b-liðar í CAT.IDE.A.100 kemur eftirfarandi:

„b) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka (CAT-hluta), sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð, en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða lið CAT.IDE.A.330, CAT.IDE.A.335, CAT.IDE.A.340 og CAT.IDE.A.345 í þessum viðauka,

2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi flugvélarinnar jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

h) Í stað b-liðar í CAT.IDE.A.105 kemur eftirfarandi:

„b) flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja flugvélina innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) í samræmi við j-lið ORO.MLR.105 í III. viðauka.“

i) Lið CAT.IDE.A.125 er breytt sem hér segir:

i. Í stað iii. liðar 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

j) Lið CAT.IDE.A.130 er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Tvö tæki til að mæla og sýna loftþrýstingshæð.“

ii. Í stað 1. liðar h-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

k) Lið CAT.IDE.A.205 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols fyrir hvert farþegasæti og festingar fyrir hvert legurúm ef um er að ræða flugvélar, sem eru með skráðan hámarksflugtaksmassa sem nemur 5700 kg eða minna og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri sem og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 8. apríl 2015 eða síðar,“.

ii. Í stað 3. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„3) á sætum flugliða og í öllum sætum hjá flugmannssætinu skal annaðhvort hafa:

i. tvær ólar fyrir axlir og sætisbelti, sem nota má hvort í sínu lagi, eða

ii. skáliggjandi axlaról og sætisbelti, sem nota má hvort í sínu lagi, í eftirfarandi flugvélum:

A) flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, sem uppfylla hreyfifræðileg skilyrði fyrir nauðlendingar, sem skilgreind eru í viðeigandi vottunarforskrift,

B) flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, sem uppfylla ekki hreyfifræðileg skilyrði fyrir nauðlendingar, sem skilgreind eru í viðeigandi vottunarforskrift, og sem hafa sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 28. október 2014,

C) flugvélum sem eru vottaðar í samræmi við CS-VLA (e. *Certification Specification for Very Light Aircraft*) eða sambærilega forskrift og CS-LSA (e. *Certification Specifications for Light Sport Aeroplanes*) eða sambærilega forskrift.“

l) Í stað d-liðar CAT.IDE.A.245 kemur eftirfarandi:

„d) Flugvélar skulu hafa beranlegar öndunarhlífar til viðbótar sem skulu geymdar nálægt handslökkvitækinu, sem um getur í b- og c-lið liðar CAT.IDE.A.250, eða nálægt dyrum farmrýmisins, ef handslökkvitækið hefur verið sett upp í farmrýminu.“

m) Í stað c- og d-liðar CAT.IDE.A.275 kemur eftirfarandi:

„c) Að því er varðar flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri, sem eru vottaðar á grundvelli vottunarforskriftar Flugöryggisstofnunarinnar, skal búnaðurinn til neyðarlýsingar, sem um getur í a-lið, fela í sér búnaðinn sem um getur í 1., 2. og 3. lið b-liðar.

d) Að því er varðar flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri, sem eru ekki vottaðar á grundvelli vottunarforskriftar Flugöryggisstofnunarinnar, skal búnaðurinn til neyðarlýsingar, sem um getur í a-lið, fela í sér búnaðinn sem um getur í 1. lið b-liðar.“

n) Í stað c-liðar CAT.IDE.A.285 kemur eftirfarandi:

„c) Lagarflugvélar, sem flogið er yfir hafi eða vatni, skulu búnar eftirfarandi:

1) rekakkeri og öðrum búnaði sem nauðsynlegur er til að auðveldara sé að leggja lagarflugvélinni við legufæri eða við akkeri eða að stýra henni á vatni, með hliðsjón af stærð hennar, massa og stjórnunareiginleikum,

2) tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.“

o) Í stað c-liðar CAT.IDE.A.345 kemur eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir b-lið skulu flugvélar á stuttum flugleiðum innan NAT HLA-loftrýmisins (*e. North Atlantic high-level airspace*), sem fljúga ekki yfir Norður-Atlantshafið, búnar a.m.k. einu langdrægu fjarskiptakerfi (HF-kerfi), ef aðrar verklagsreglur um fjarskipti hafa verið gefnar út fyrir viðkomandi loftrými.“

p) Lið CAT.IDE.H.100 er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi, nema eftirfarandi atriði:

1) vasaljós,

2) nákvæm klukka,

3) kortahaldari,

4) sjúkrakassi,

5) gjallarhorn,

6) búnaður til að lifa af og merkjabúnaður,

7) rekakkeri og búnaður til að liggja við legufæri,

8) festibúnaður fyrir börn.“

ii. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka (CAT-hluta), sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð, en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða lið CAT.IDE.H.330, CAT.IDE.H.335, CAT.IDE.H.340 og CAT.IDE.H.345 í þessum viðauka,

2) mælitæki og búnaður skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi þyrlunnar, jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

q) Í stað b-liðar í CAT.IDE.H.105 kemur eftirfarandi:

„b) flugrekandinn hafi samþykki lögbæra yfirvaldsins til þess að starfrækja þyrluna innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) Í samræmi við j-lið ORO.MLR.105 í III. viðauka.“

r) Lið CAT.IDE.H.125 er breytt sem hér segir:

i. Í stað iii. liðar 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

s) Lið CAT.IDE.H.130 er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Tvö tæki til að mæla og sýna loftþrýstingshæð. Að því er varðar starfrækslu í einstjórnarumhverfi samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til getur ratsjárhæðarmælir komið í staðinn fyrir einn þrýstingshæðarmæli.“

ii. Í stað 1. liðar h-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

t) Í stað a-liðar í CAT.IDE.H.315 kemur eftirfarandi:

„a) rekakkeri og annan búnað sem nauðsynlegur er til að auðveldara sé að leggja þyrlunni við legufæri eða akkeri eða stýra þyrlunni á vatni, með hliðsjón af stærð, massa og stjórnunareiginleikum þyrlunnar, og“.

u) Í stað liðar CAT.IDE.H.320 kemur eftirfarandi:

„**CAT.IDE.H.320 Allar þyrlur sem fljúga yfir vatni — nauðlending á vatni**

a) Þyrlur skulu hannaðar til að lenda á vatni, eða hafa vottorð til að nauðlenda á vatni í samræmi við viðkomandi vottunarforskrift, þegar þær eru starfræktar í afkastagetuflokki 1 eða 2 í flugi yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða.

b) Þyrlur skulu hannaðar til að lenda á vatni eða hafa vottorð til að nauðlenda á vatni í samræmi við viðkomandi vottunarforskrift eða hafa neyðarflotbúnað þegar þær eru starfræktar:

1) í afkastagetuflokki 1 eða 2 í flugi yfir vatni eða hafi í öruggu umhverfi, í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða,

2) í afkastagetuflokki 2, þegar þær hefja sig á loft eða lenda yfir vatni eða hafi, nema ef um er að ræða HEMS-flug, þar sem lending eða flugtak á starfrækslusvæði fyrir HEMS-flug, sem staðsett er í þéttbýli, fer fram yfir vatni til að draga úr áhættu,

3) í afkastagetuflokki 3 í flugi yfir vatni eða hafi sem er lengra en örugg nauðlendingarvegalengd frá landi.“

5) Ákvæðum V. viðauka (SPA-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar SPA.GEN.100 kemur eftirfarandi:

„**SPA.GEN.100 Lögbært yfirvald**

a) Lögbært yfirvald sem sér um útgáfu á sérstöku samþykki skal vera:

1) hvað varðar flugrekanda, sem stundar starfrækslu í ábataskyni: yfirvald aðildarríkisins þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar,

2) hvað varðar flugrekanda, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni: yfirvald ríkisins þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar, staðfestu eða búsetu.

b) Þrátt fyrir 2. lið a-liðar gilda viðeigandi kröfur þessa viðauka um samþykki fyrir eftirfarandi tegundir starfrækslu ekki um flugrekendur sem stunda starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, með loftför sem eru skráð í þriðja landi, ef slík samþykki eru gefin út af skráningarríki sem er þriðja land:

1) hæfisbundin leiðsaga (PBN),

2) lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS),

3) loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM),

4) starfræksla í lélegu skyggni (LVO).“

b) Í stað e-liðar í SPA.DG.110 kemur eftirfarandi:

„e) tryggja að afriti af þeim upplýsingum sem flugstjóra var afhent sé haldið eftir á jörðu niðri og að auðvelt sé fyrir flugumsjónarmann eða tilnefnt starfsfólk á jörðu niðri sem ber ábyrgð á þeirra hluta flugrekstursins, að nálgast þetta afrit, eða upplýsingarnar í því, þangað til að fluginu, sem upplýsingarnar eiga við, er lokið.“

c) Í stað b-liðar í SPA.NVIS.110 kemur eftirfarandi:

„b) *Ratsjárhæðarmælir*. Þyrlan skal búin ratsjárhæðarmæli sem getur gefið frá sér viðvörunarhljóðmerki undir forstilltri hæð og viðvörunarhljóðmerki og -ljós í hæð sem flugmaður getur valið, sem skal tafarlaust greinanlegur á öllum stigum NVIS-flugs.“

d) Í stað liðar SPA.HHO.110 kemur eftirfarandi:

„**SPA.HHO.110 Kröfur um búnað fyrir hífingar á þyrlu**

a) Fyrir uppsetningu á öllum hífingarbúnaði í þyrlu, öðrum en einföldum fólksflutningsbúnaði, þ.m.t. öllum fjarskiptabúnaði til að uppfylla kröfur liðar SPA.HHO.115 og allar síðari breytingar, skal lofthæfivottun, sem samsvarar fyrirhugaðri notkun, vera til staðar. Aukabúnaður skal hannaður og prófaður samkvæmt viðeigandi stöðlum eins og lögbært yfirvald gerir kröfu um.

b) Flugrekandi skal gefa út fyrirmæli um viðhald á HHO-búnaði og -kerfum í samráði við framleiðanda og setja þau inn í viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir þyrlu, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.“

6) Ákvæðum VI. viðauka (NCC-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar NCC.GEN.100 kemur eftirfarandi:

„**NCC.GEN.100 Lögbært yfirvald**

Lögbært yfirvald skal vera það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar, staðfestu eða búsetu, tilnefnir.“

b) Eftirfarandi liður NCC.GEN.101 bætist við:

„**NCC.GEN.101 Viðbótarkröfur fyrir flugþjálfunarfyrirtæki**

Samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem krafist er að uppfylli ákvæði þessa viðauka skulu einnig uppfylla ákvæði liðar ORO.GEN.310 í III. viðauka, eftir því sem við á.“

c) Í stað c-liðar NCC.IDE.A.100 kemur eftirfarandi:

„c) Mælitæki og búnaður eða aukahlutir, sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða NCC.IDE.A.245 og NCC.IDE.A.250 í þessum viðauka,

2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi flugvélarinnar jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

d) Í stað b-liðar í NCC.IDE.A.105 kemur eftirfarandi:

„b) flugrekandinn hafi samþykki lögbæra yfirvaldsins til þess að starfrækja flugvélina innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) í samræmi við j-lið ORO.MLR.105 í III. viðauka, eða“.

e) Lið NCC.IDE.A.120 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

f) Lið NCC.IDE.A.125 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

iii. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) neyðaraflgjafa, sem er óháður aðalrafkerfinu, í þeim tilgangi að starfrækja og lýsa upp sjónbaugskerfi í a.m.k. 30 mínútur. Neyðaraflgjafinn skal fara í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu og það skal koma skýrt fram á mælinum eða mælaborðinu að sjónbaugurinn gangi fyrir neyðarafli.“

g) Í stað b-liðar í NCC.IDE.A.180 kemur eftirfarandi:

„b) Sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols skal:

1) vera hægt að losa með einu átaki,

2) hafa tvær ólar fyrir axlir og sætisbelti, sem nota má hvort í sínu lagi í sætum fyrir lágmarksfjölda flugliða sem skylt er að hafa um borð,

3) á sætum flugliða og í öllum sætum hjá flugmannssætinu, annaðhvort hafa:

i. tvær ólar fyrir axlir og sætisbelti, sem nota má hvort í sínu lagi, eða

ii. skáliggjandi axlaról og sætisbelti, sem nota má hvort í sínu lagi, í eftirfarandi flugvélum:

A) flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, sem uppfylla hreyfifræðileg skilyrði fyrir nauðlendingar, sem skilgreind eru í viðeigandi vottunarforskrift,

B) flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, sem uppfylla ekki hreyfifræðileg skilyrði fyrir nauðlendingar, sem skilgreind eru í viðeigandi vottunarforskrift, og sem hafa sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 25. ágúst 2016.“

h) Eftirfarandi e-liður bætist við NCC.IDE.A.250:

„e) Flugvélar skulu búnar kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

i) Í stað c-liðar NCC.IDE.H.100 kemur eftirfarandi:

„c) Mælitæki og búnaður eða aukabúnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða NCC.IDE.H.245 og NCC.IDE.H.250 í þessum viðauka,

2) mælitæki og búnaður skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi þyrlunnar, jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

j) Í stað b-liðar í NCC.IDE.H.105 kemur eftirfarandi:

„b) flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja þyrluna innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) í samræmi við j-lið ORO.MLR.105 í III. viðauka, eða“.

k) Lið NCC.IDE.H.120 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

l) Lið NCC.IDE.H.125 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

m) Í stað liðar NCC.IDE.H.235 kemur eftirfarandi:

„**NCC.IDE.H.235 Allar þyrlur í flugi yfir hafi eða vatni — nauðlending á vatni**

Þyrlur skulu hannaðar til að lenda á vatni, eða hafa vottorð til að nauðlenda á vatni í samræmi við viðkomandi vottunarforskriftir, eða þær skulu búnar neyðarflotbúnaði þegar þær eru starfræktar í flugi yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða.“

n) Eftirfarandi e-liður bætist við NCC.IDE.H.250:

„e) Þyrlur skulu búnar kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

7) Ákvæðum VII. viðauka (NCO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar í NCO.GEN.100 kemur eftirfarandi:

„b) Ef loftfarið er skráð í þriðja landi skal lögbært yfirvald vera yfirvaldið sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar, búsetu eða staðfestu.“

b) Eftirfarandi liður NCO.GEN.104 bætist við:

„**NCO.GEN.104 Notkun flugrekanda, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, á loftförum sem eru skráð í flugrekandaskírteini**

a) Flugrekanda, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, er heimilt að nota loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda í tengslum við starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, í samræmi við þennan viðauka.

b) Flugrekandi, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, sem notar loftfarið í samræmi við a-lið skal setja verklagsreglu sem inniheldur:

1) greinargóða lýsingu á því hvernig flugrekstrarstjórn loftfarsins er flutt á milli handhafa flugrekandaskírteinisins og flugrekandans, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, eins og um getur í ORO.GEN.310 í III. viðauka,

2) lýsingu á fyrirkomulaginu við afhendingu loftfarsins þegar því er skilað aftur til handhafa flugrekandaskírteinis.

Þessi verklagsregla skal koma fram í samningi milli handhafa flugrekandaskírteinisins og flugrekandans, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni.

Flugrekandinn, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, skal tryggja að viðkomandi starfsfólk sé upplýst um þessa verklagsreglu.

c) Áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem er notað samkvæmt a-lið skal vera undir stjórn fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem skráð er á flugrekandaskírteininu, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

d) Flugrekandinn, sem stundar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, sem notar loftfarið í samræmi við a-lið skal tryggja eftirfarandi:

1) að allt flug sem er framkvæmt meðan hann fer með flugrekstrarstjórn sé skráð í tækniflugbók loftfarsins,

2) að engar breytingar séu gerðar á kerfum eða útfærslu loftfarsins,

3) að fyrirtækið, sem um getur í c-lið, fái skýrslu um allar bilanir eða tæknilegar bilanir, sem eiga sér stað á meðan loftfarið er undir flugrekstrarstjórn þess, um leið og flugi lýkur,

4) að handhafi flugrekandaskírteinisins fái afrit af öllum tilkynningum um atvik í tengslum við þau flug sem loftfarið var notað í, sem skulu fylltar út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og reglugerð (ESB) 2015/1018.“

d) Í stað b- og c-liðar NCO.IDE.A.100 kemur eftirfarandi:

„b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1) bræðivörum til vara,

2) vasaljósum,

3) nákvæmri klukku,

4) sjúkrakassa,

5) búnaði til að lifa af og merkjabúnaður,

6) rekakkeri og búnaði til að liggja við legufæri,

7) festibúnaði fyrir börn,

8) einföldum fólksflutningsbúnaði sem sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum notar sem festibúnað.

c) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt VII. viðauka (NCO-hluta), sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð, en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum eða búnaði, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða NCO.IDE.A.190 og NCO.IDE.A.195 í VII. viðauka,

2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi flugvélarinnar jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

e) Í stað 3. liðar a-liðar NCO.IDE.A.120 kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

f) Í stað 3. liðar a-liðar NCO.IDE.A.125 kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

g) Í stað 2. liðar a-liðar NCO.IDE.A.140 kemur eftirfarandi:

„2) sætisbelti fyrir hvert sæti og festingar fyrir hvert legurúm,“.

h) Eftirfarandi e-liður bætist við NCO.IDE.A.195:

„e) Flugvélar skulu búnar kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

i) Í stað b- og c-liðar NCO.IDE.H.100 kemur eftirfarandi:

„b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1) vasaljósum,

2) nákvæmri klukku,

3) sjúkrakassa,

4) búnaði til að lifa af og merkjabúnaði,

5) rekakkeri og búnaði til að liggja við legufæri,

6) festibúnaði fyrir börn,

7) einföldum fólksflutningsbúnaði sem sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum notar sem festibúnað.

c) Mælitæki og búnaður eða aukabúnaður, sem ekki er krafist samkvæmt VII. viðauka (NCO-hluta), sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða NCO.IDE.H.190 og NCO.IDE.H.195 í VII. viðauka,

2) mælitækin og búnaðurinn eða aukabúnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi þyrlunnar, jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

j) Í stað 3. liðar a-liðar NCO.IDE.H.120 kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

k) Í stað 3. liðar a-liðar NCO.IDE.H.125 kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

l) Í stað 1. og 2. liðar a-liðar NCO.IDE.H.140 kemur eftirfarandi:

„1) sæti eða legurúmi fyrir hvern farþega um borð sem náð hefur a.m.k. 24 mánaða aldri, eða vinnureit fyrir hvern flugverja eða sérfræðing í sérhæfðum verkefnum um borð,

2) sætisbelti fyrir hvert farþegasæti og festingar fyrir hvert legurúm, og festibúnaði fyrir hvern vinnureit,“.

m) Í stað liðar NCO.IDE.H.185 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.185 Allar þyrlur í flugi yfir hafi eða vatni — nauðlending á vatni**

Þyrlur í flugi yfir hafi eða vatni á ótryggu hafsvæði lengra en 50 sjómílum frá landi skulu uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) þær eru hannaðar þannig að þær geti lent á vatni í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir,

b) þær hafa vottorð til að nauðlenda á vatni í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir, eða

c) þær eru búnar neyðarflotbúnaði.“

n) Eftirfarandi e-liður bætist við NCO.IDE.H.195:

„e) Þyrlur skulu búnar kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

o) Í stað b-liðar í NCO.SPEC.HEC.105 kemur eftirfarandi:

„b) Fyrir uppsetningu á öllum hífingar- og farmkróksbúnaði, að einföldum fólksflutningsbúnaði undanskildum, og allar síðari breytingar, skal lofthæfivottun, sem samsvarar fyrirhugaðri notkun, vera til staðar.“

p) Í stað liðar NCO.SPEC.PAR.120 kemur eftirfarandi:

„**NCO.SPEC.PAR.120 Flutningur og losun hættulegs varnings**

Þrátt fyrir ákvæði liðar NCO.SPEC.160 mega fallhlífarstökkvarar stökkva fallhlífarstökk með reykmerkjabúnað á sýningu yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum, að því tilskildu að búnaðurinn sé framleiddur í þeim tilgangi.“

q) Eftirfarandi 6. þáttur bætist við í E-kafla:

„6. ÞÁTTUR

Reynsluflug vegna viðhalds (MCF)

NCO.SPEC.MCF.100 Flokkar reynsluflugs vegna viðhalds

Áður en reynsluflug vegna viðhalds fer fram skal flugrekandinn ákvarða viðeigandi flokk reynsluflugsins á eftirfarandi hátt:

a) reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ fyrir flug þar sem gert er ráð fyrir að notað sé verklag við óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum, eins og skilgreint er í flughandbókinni, eða þar sem flugs er krafist til að staðfesta að öryggisafritunarkerfi eða annar öryggisbúnaður starfi rétt,

b) reynsluflug vegna viðhalds í „B-flokki“ fyrir allt annað en reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“.

NCO.SPEC.MCF.105 Starfrækslutakmarkanir

a) Þrátt fyrir 4. lið a-liðar NCO.GEN.105 í þessum viðauka er heimilt að framkvæma reynsluflug vegna viðhalds með því að nota loftfar sem hefur fengið viðhaldsvottorð án þess að viðhaldi sé lokið, í samræmi við g-lið M.A.801 eða e-lið 145.A.50 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.

b) Þrátt fyrir ákvæði liðar NCO.IDE.A.105 eða NCO.IDE.H.105 er flugstjóra heimilt að nota loftfar þar sem búnaður þess eða virkni, sem krafist er fyrir flugið, er í ólagi eða vantar, ef þessi búnaður eða virkni er tilgreind í gátlistanum sem um getur í NCO.SPEC.MCF.110.

NCO.SPEC.MCF.110 Gátlisti og öryggisleiðbeiningar

a) Gátlistinn, sem um getur í NCO.SPEC.105, skal uppfærður eftir þörfum áður en reynsluflug vegna viðhalds hefst og í honum skal tekið mið af verklagsreglunum sem áætlað er að fylgja í viðkomandi reynsluflugi vegna viðhalds.

b) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar NCO.SPEC.125 er krafist öryggisleiðbeininga frá sérfræðingi í sérhæfðum verkefnum fyrir hvert reynsluflug vegna viðhalds.

NCO.SPEC.MCF.120 Kröfur að því er varðar flugliða

Þegar flugrekandinn velur flugliða fyrir reynsluflug vegna viðhalds skal hann taka til athugunar hversu flókið loftfarið er og til flokks reynsluflugsins vegna viðhalds eins og skilgreint er í NCO.SPEC.MCF.100.

NCO.SPEC.MCF.125 Samsetning áhafnar og einstaklingar um borð

a) Flugstjórinn skal ákvarða þörfina fyrir viðbótarfluglliða eða sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum, eða bæði, fyrir hvert fyrirhugað reynsluflug vegna viðhalds þar sem tekið er mið af áætluðu vinnuálagi fluglliða eða sérfræðings í sérhæfðum verkefnum sem og af áhættumati.

b) Flugstjórinn skal ekki heimila öðrum einstaklingum um borð en þeim sem krafist er samkvæmt a-lið í tengslum við reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“.

NCO.SPEC.MCF.130 Hermt eftir verklagi í flugi við óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum

Þrátt fyrir lið NCO.SPEC.145 er flugstjóra heimilt að herma eftir aðstæðum þar sem þess er krafist að notast sé við verklag fyrir óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum með sérfræðing í sérhæfðum verkefnum um borð, ef hermunin er nauðsynleg til að uppfylla tilgang flugsins og hún hefur verið tilgreind á gátlistanum sem um getur í lið NCO.SPEC.MCF.110 eða í verklagsreglum.

NCO.SPEC.MCF.140 Kerfi og búnaður

Ef tilgangur reynsluflugs vegna viðhalds er að ganga úr skugga um að kerfi eða búnaður starfi rétt skal það kerfi eða sá búnaður auðkenndur sem hugsanlega óáreiðanlegur og viðeigandi mildunarráðstafanir skulu ákveðnar fyrir flugið til þess að lágmarka áhættu fyrir flugöryggi.“

8) Ákvæðum VIII. viðauka (SPO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar í SPO.GEN.005 kemur eftirfarandi:

„a) Þessi viðauki gildir um alla sérstaka starfrækslu þar sem loftfar er notað fyrir sérstaka starfsemi eins og landbúnað, byggingastarfsemi, ljósmyndun, landmælingar, athuganir, eftirlit og eftirlit úr lofti, auglýsingaflug eða reynsluflug vegna viðhalds.“

b) Í stað liðar SPO.GEN.100 kemur eftirfarandi:

„**SPO.GEN.100 Lögbært yfirvald**

Lögbært yfirvald skal vera það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar, staðfestu eða búsetu, tilnefnir.“

c) Í stað a-liðar í SPO.POL.110 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal koma á massa- og jafnvægiskerfi fyrir hvert flug eða röð flugferða til að ákvarða eftirfarandi:

1) þurrarekstrarmassa loftfars,

2) massa flutningshleðslu,

3) massa eldsneytis,

4) hleðslu loftfars og dreifingu hleðslu,

5) flugtaksmassa, lendingarmassa og þurramassa,

6) viðeigandi staðsetningu þyngdarmiðju loftfarsins.“

d) Í stað b- og c-liðar SPO.IDE.A.100 kemur eftirfarandi:

„b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1) bræðivörum til vara,

2) vasaljósum,

3) nákvæmri klukku,

4) kortahaldara,

5) sjúkrakössum,

6) búnaði til að lifa af og merkjabúnaði,

7) rekakkeri og búnaði til að liggja við legufæri,

8) einföldum fólksflutningsbúnaði sem sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum notar sem festibúnað.

c) Mælitæki, búnaður eða aukabúnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka (SPO-hluta), sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða SPO.IDE.A.215 og SPO.IDE.A.220 í þessum viðauka,

2) mælitækin, búnaðurinn eða aukabúnaðurinn skal ekki hafa áhrif á lofthæfi flugvélarinnar jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

e) Í stað liðar SPO.IDE.A.105 kemur eftirfarandi:

„**SPO.IDE.A.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug**

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum flugvélarinnar, búnaður hennar eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar, nema eitthvert eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) flugvélin er starfrækt samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL),

b) að því er varðar flóknar, vélknúnar flugvélar og allar flugvélar sem starfræktar eru í ábataskyni: að flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja flugvélina innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) í samræmi við j-lið ORO.MLR.105 í III. viðauka,

c) flugvélin hafi flugleyfi sem gefið er út í samræmi við gildandi kröfur um lofthæfi.“

f) Lið SPO.IDE.A.120 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

g) Lið SPO.IDE.A.125 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

iii. Í stað 4. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„4) neyðaraflgjafa, sem er óháður aðalrafkerfinu, í þeim tilgangi að starfrækja og lýsa upp sjónbaugskerfi í a.m.k. 30 mínútur. Neyðaraflgjafinn skal fara í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu og það skal koma skýrt fram á mælinum eða mælaborðinu að sjónbaugurinn gangi fyrir neyðarafli.“

h) Í stað e-liðar SPO.IDE.A.160 kemur eftirfarandi:

„e) Sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols, sem krafist er samkvæmt d-lið, skal:

1) vera hægt að losa með einu átaki,

2) á sætum flugliða og í öllum sætum hjá flugmannssætinu, annaðhvort hafa:

i. tvær ólar fyrir axlir og sætisbelti, sem nota má hvort í sínu lagi, eða

ii. skáliggjandi axlaról og sætisbelti, sem nota má hvort í sínu lagi, í eftirfarandi flugvélum:

A) flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, sem uppfylla hreyfifræðileg skilyrði fyrir nauðlendingar, sem skilgreind eru í viðeigandi vottunarforskrift,

B) flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir níu eða færri, sem uppfylla ekki hreyfifræðileg skilyrði fyrir nauðlendingar, sem skilgreind eru í viðeigandi vottunarforskrift, og sem hafa sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 25. ágúst 2016.“

i) Eftirfarandi e-liður bætist við SPO.IDE.A.220:

„e) Flugvélar skulu búnar kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

j) Lið SPO.IDE.H.100 er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1) vasaljósum,

2) nákvæmri klukku,

3) sjúkrakassa,

4) búnaði til að lifa af og merkjabúnaði,

5) rekakkeri og búnaði til að liggja við legufæri,

6) festibúnaði fyrir börn og

7) einföldum fólksflutningsbúnaði sem sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum notar sem festibúnað.“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Mælitæki, búnaður eða aukabúnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka (SPO-hluta), sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessari reglugerð en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða SPO.IDE.H.215 og SPO.IDE.H220 í þessum viðauka,

2) mælitækin, búnaðurinn eða aukabúnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi þyrlunnar, jafnvel þótt um sé að ræða bilun eða ólag.“

k) Í stað liðar SPO.IDE.H.105 kemur eftirfarandi:

„**SPO.IDE.H.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug**

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum þyrlunnar, búnaðar hennar eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar nema eitthvert eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) þyrlan er starfrækt samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL),

b) að því er varðar flóknar, vélknúnar þyrlur og allar þyrlur, sem eru starfræktar í ábataskyni: að flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja þyrluna innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) í samræmi við j-lið ORO.MLR.105 í III. viðauka,

c) þyrlan hafi flugleyfi sem gefið er út í samræmi við gildandi kröfur um lofthæfi.“

l) Lið SPO.IDE.H.120 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar í d-lið komi eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

m) Lið SPO.IDE.H.125 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) loftþrýstingshæð,“.

ii. Í stað 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„1) loftþrýstingshæð,“.

n) Eftirfarandi e-liður bætist við SPO.IDE.H.220:

„e) Þyrlur skulu búnar kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

o) Í stað liðar SPO.SPEC.HESLO.100 kemur eftirfarandi:

„**SPO.SPEC.HESLO.100 Staðlaðar verklagsreglur**

Í stöðluðum verklagsreglum fyrir þyrluvinnu með farm utanborðs í stroffum og krók skal tilgreina:

a) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað, eftir því sem við á,

b) samsetningu áhafnar og kröfur um reynslu flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

c) viðeigandi fræðilega og verklega þjálfun flugverja og viðeigandi þjálfun sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum svo þeir geti innt af hendi verkefni sín og hæfni og tilnefning þeirra einstaklinga sem veita flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum slíka þjálfun,

d) ábyrgð og starfsskyldur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

e) þær kröfur um afkastagetu þyrlu sem nauðsynlegt er að uppfylla í tengslum við þyrluvinnu með farm utanborðs í stroffum og krók,

f) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.“

p) Í stað liðar SPO.SPEC.HEC.100 kemur eftirfarandi:

„**SPO.SPEC.HEC.100 Staðlaðar verklagsreglur**

Í stöðluðum verklagsreglum fyrir þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs skal tilgreina:

a) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað, eftir því sem við á,

b) samsetningu áhafnar og kröfur um reynslu flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

c) viðeigandi fræðilega og verklega þjálfun flugverja og viðeigandi þjálfun sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum svo þeir geti innt af hendi verkefni sín og hæfni og tilnefning þeirra einstaklinga sem veita flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum slíka þjálfun,

d) ábyrgð og starfsskyldur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

e) þær kröfur um afkastagetu þyrlu sem nauðsynlegt er að uppfylla í tengslum við þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs,

f) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.“

q) Í stað b-liðar í SPO.SPEC.HEC.105 kemur eftirfarandi:

„b) Fyrir uppsetningu á öllum hífingar- og farmkróksbúnaði, að einföldum fólksflutningsbúnaði undanskildum, og allar síðari breytingar, skal lofthæfivottun, sem samsvarar fyrirhugaðri notkun, vera til staðar.“

r) Í stað liðar SPO.SPEC.PAR.125 kemur eftirfarandi:

„**SPO.SPEC.PAR.125 Losun á hættulegum varningi**

Þrátt fyrir ákvæði SPO.GEN.155 mega fallhlífarstökkvarar stökkva fallhlífarstökk á sýningu yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum, með reykmerkjabúnað, að því tilskildu að hann sé framleiddur í þeim tilgangi.“

s) Eftirfarandi 5. þáttur bætist við í E-kafla:

„5. ÞÁTTUR

Reynsluflug vegna viðhalds

SPO.SPEC.MCF.100 Flokkar reynsluflugs vegna viðhalds

Áður en reynsluflug vegna viðhalds fer fram skal flugrekandinn ákvarða viðeigandi flokk reynsluflugsins á eftirfarandi hátt:

a) reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ fyrir flug þar sem gert er ráð fyrir að notað sé verklag við óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum, eins og skilgreint er í flughandbókinni, eða þar sem flugs er krafist til að staðfesta að öryggisafritunarkerfi eða annar öryggisbúnaður starfi rétt,

b) reynsluflug vegna viðhalds í „B-flokki“ fyrir allt annað reynsluflug vegna viðhalds en reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“.

SPO.SPEC.MCF.105 Aðgerðaráætlun flugs fyrir reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“

Áður en reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ fer fram með flóknu, vélknúnu loftfari skal flugrekandinn þróa og skjalfesta aðgerðaráætlun flugs.

SPO.SPEC.MCF.110 Handbók fyrir reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“

Flugrekandi sem stundar reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ skal:

a) lýsa þessari starfsemi og tengdum verklagsreglum í rekstrarhandbókinni sem um getur í lið ORO.MLR.100 í III. viðauka eða í sérstakri handbók fyrir reynsluflug vegna viðhalds,

b) uppfæra handbókina eftir þörfum,

c) upplýsa allt viðkomandi starfsfólk um handbókina og breytingar á henni sem varða skyldustörf þeirra,

d) láta lögbæra yfirvaldinu í té handbókina og uppfærslur á henni.

SPO.SPEC.MCF.115 Kröfur að því er varðar flugliða í reynsluflugi vegna viðhalds í „A-flokki“

a) Flugrekandinn skal velja viðeigandi flugliða með hliðsjón af hversu flókið loftfarið er og flokki reynsluflugsins vegna viðhalds. Þegar flugrekandinn velur flugliða fyrir reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ með flóknu, vélknúnu loftfari skal hann tryggja að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) að flugstjórinn hafi lokið þjálfunarnámskeiði í samræmi við lið SPO.SPEC.MCF.120; ef þjálfunin fór fram í flughermi skal flugstjórinn fljúga a.m.k. eitt reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ sem flugmaður sem fylgist með eða sem áhorfandi áður en hann flýgur sem flugstjóri í reynsluflugi vegna viðhalds í „A-flokki“,

2) að flugstjórinn hafi lokið að lágmarki 1000 klst. fartíma í loftfari af sömu gerð og loftarið sem á að fljúga, þar af a.m.k. 400 klst. sem flugstjóri á flóknu, vélknúnu loftfari og a.m.k. 50 klst. á viðkomandi tegund loftfars.

Ef flugrekandinn bætir við nýrri tegund loftfars fyrir starfsemi sína og hefur metið starfsréttindi flugmanns í samræmi við viðurkennda matsaðferð er honum heimilt, þrátt fyrir 2. lið fyrstu málsgreinar, að velja flugmann sem er með færri en 50 fartíma á viðkomandi tegund loftfars.

b) Flugmenn, sem eru handhafar reynsluflugsáritunar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu fá þjálfunarnámskeiðið, sem kveðið er á um í 1. lið a-liðar þessa liðar, viðurkennt að fullu, að því tilskildu að flugmenn sem eru handhafar reynsluflugsáritunar hafi hlotið grunnþjálfun og reglubundna þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu í samræmi við liði ORO.FC.115 og ORO.FC.215 í III. viðauka.

c) Flugstjóri skal ekki framkvæma reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ á flóknu, vélknúnu loftfari nema hann hafi flogið reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ á síðastliðnum 36 mánuðum.

d) Krafan um nýlega reynslu flugstjóra af reynsluflugi vegna viðhalds í „A-flokki“ telst uppfyllt að nýju að loknu reynsluflugi vegna viðhalds í „A-flokki sem áhorfandi eða flugmaður sem fylgist með, eða eftir að hafa verið í hlutverki flugstjóra í reynsluflugi vegna viðhalds í „A-flokki“ í flughermi.

SPO.SPEC.MCF.120 Þjálfunarnámskeið flugliða fyrir reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“

a) Þjálfunarnámskeiðið, sem krafist er fyrir reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“, skal fara fram í samræmi við ítarlega námskrá.

b) Flugkennsla þjálfunarnámskeiðsins skal annaðhvort fara fram:

1) í flughermi sem endurspeglar, í þjálfunarskyni, á fullnægjandi hátt viðbrögð loftfarsins og kerfa þess við prófununum sem er verið að gera eða

2) meðan á flugi stendur í loftfari þar sem sýndar eru þær aðferðir sem notaðar eru við reynsluflug vegna viðhalds.

c) Þjálfunarnámskeiði sem er lokið á einni gerð loftfars telst gilt fyrir allar tegundir loftfara þeirrar gerðar.

d) Í tengslum við val á loftfari, sem nota á við þjálfunina, og loftfari, sem verður flogið í tengslum við reynsluflugið vegna viðhalds, skal flugrekandinn tilgreina hvort þörf sé á mismunar- eða kynningarþjálfun og lýsa innihaldi slíkrar þjálfunar.

SPO.SPEC.MCF.125 Samsetning áhafnar og einstaklingar um borð

a) Flugrekandinn skal setja verklagsreglur til að ákvarða hvort þörf sé á fleiri sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum.

b) Í handbók sinni skal flugrekandinn skilgreina viðmiðunarreglur fyrir aðra einstaklinga um borð í tengslum við reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“.

c) Í reynsluflugi vegna viðhalds í „A-flokki“ er þess krafist að í stjórnklefa sé sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum eða viðbótarflugmaður til þess að aðstoða flugliða, nema ef útfærsla loftfarsins útilokar það eða ef flugrekandinn getur réttlætt, með hliðsjón af vinnuálagi flugliða á grundvelli aðgerðaráætlunar flugsins, að flugliðarnir þarfnist ekki frekari aðstoðar.

SPO.SPEC.MCF.130 Hermt eftir verklagi í flugi við óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum

Þrátt fyrir lið SPO.OP.185 má sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum vera um borð í reynsluflugi vegna viðhalds í „ A-flokki“ ef hans er þörf til að uppfylla tilgang flugsins og hann er tilgreindur í aðgerðaráætlun flugsins.

SPO.SPEC.MCF.135 Fartímamörk og reglur um hvíldartíma

Þegar flugverjar eru skráðir í reynsluflug vegna viðhalds skulu flugrekendur, sem falla undir FTL-kafla í III. viðauka (ORO-hluta), beita ákvæðum þess kafla.

SPO.SPEC.MCF.140 Kerfi og búnaður

Ef reynsluflugi vegna viðhalds er ætlað að ganga úr skugga um að kerfi eða búnaður starfi rétt skal kerfið eða búnaðurinn auðkenndur sem hugsanlega óáreiðanlegur og fyrir flugið skal ákveða viðeigandi mildunarráðstafanir til þess að draga úr áhættu fyrir flugöryggi.

SPO.SPEC.MCF.145 Kröfur um hljóðrita, ferðrita og skráningu gagnatenginga fyrir handhafa flugrekanda-skírteinis

Ef reynsluflug vegna viðhalds fer fram í loftfari, sem almennt er notað í flutningaflugi, gilda ákvæði IV. viðauka (CAT-hluta) áfram um hljóðrita (CVR), ferðarita (FDR) og skráningu gagnatenginga (DLR).“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og V. viðauka b við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi k-liður bætist við í lið M.A.201 í I. viðauka (M-hluta):

„k) Ef loftfar, sem skráð er á flugrekandaskírteini, er notað við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sértæka starfrækslu samkvæmt lið ORO.GEN.310 í III. viðauka eða lið NCO.GEN.104 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal flugrekandinn tryggja að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi séu framkvæmd fyrir hönd handhafa flugrekandaskírteinis af CAMO-fyrirtæki, sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða af fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (e. *combined airworthiness organisation*, CAO-fyrirtæki), sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.“

2) Eftirfarandi h-liður bætist við í lið ML.A.201 í V. viðauka b (ML-hluta):

„h) Ef loftfar, sem skráð er á flugrekandaskírteini, er notað við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sértæka starfrækslu samkvæmt lið ORO.GEN.310 í III. viðauka eða lið NCO.GEN.104 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal flugrekandinn tryggja að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi séu framkvæmd fyrir hönd handhafa flugrekandaskírteinis af CAMO-fyrirtæki, sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða af CAO-fyrirtæki, sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1387 **2023/EES/62/26**

frá 1. ágúst 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um útreikninga á afkastagetu flugvélar við lendingu og viðmiðin til að meta ástand yfirborðs flugbrautar, uppfærslu á tilteknum búnaði og kröfum sem varða öryggi loftfara sem og starfrækslu án þess að hafa undir höndum fjarflugsleyfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur varðandi öryggismörk í tengslum við skilyrði um afkastagetu við aðflug og lendingu og varðandi flug með tveggja hreyfla flugvélar með einn hreyfil óstarfhæfan, án þess að hafa undir höndum fjarflugsleyfi (ETOPS), sem og tæknilegar kröfur um að flugriti sé hafður um borð. Í þeirri reglugerð er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur um örugga stjórnklefahurð fyrir flugvélar í afkastagetuflokki A sem hafa hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 manns.

2) Rannsóknarskýrslur um slys hafa leitt í ljós að hinar ýmsu aðferðir til að meta ástand yfirborðs flugbrautar fyrir lendingu og til að tilkynna um ástand þeirra eftir lendingu eigi verulegan þátt í því að farið er út fyrir flugbraut, einkum þegar flugbrautin er blaut eða spillt. Núverandi kröfur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um útreikninga á afkastagetu flugvélar taka ekki nægilega vel til alls ástands yfirborðs á blautum eða spilltum flugbrautum með tilliti til þeirrar aðferðar sem notuð er til að meta og tilkynna um ástand yfirborðs flugbrautar.

3) Í þessu tilliti hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt fjölda krafna og ráðlagðra starfsvenja í 6., 8., 14. og 15. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago-samninginn) og hefur útbúið ítarlegar meðfylgjandi leiðbeiningar. Tilgangurinn með þessum gögnum er að koma á hnattsamræmdu skýrslusniði fyrir ástand yfirborðs flugbrauta og þeim lofthæfistöðlum sem nauðsynlegir eru til að meta lendingarvegalengd fyrir flugvélar sem og að fastsetja rekstrarákvæði fyrir útreikninga á afkastagetu við lendingu og tilkynningar um ástand yfirborðs flugbrauta.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að ráða bót á þeim öryggistilmælum, sem rannsóknaryfirvöld gefa út, og til að hrinda viðeigandi kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í framkvæmd. Til að uppfylla tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ættu breyttu kröfurnar að öðlast gildi eigi síðar en 5. nóvember 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 229, 5.9.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

5) Í tengslum við flutningaflug er flugvélum í tilteknum afkastagetuflokkum (A og B) enn fremur heimilað, samkvæmt öðrum eftirlitskerfum, að lenda innan styttrar tiltækrar lendingarvegalengdar á fyrirhugaðri flugbraut, að því tilskildu að þeim sé veitt fyrirframleyfi frá lögbæra yfirvaldinu og þær uppfylla fjölda skilyrða um áhættumildun. Í reglugerð (ESB) nr. 965/2012 ætti að skilgreina við hvaða skilyrði framkvæma megi slíka starfrækslu um leið og viðunandi öryggisstigi er viðhaldið. Breyta ætti viðeigandi stjórnsýslueyðublaði fyrir samþykki fyrir starfrækslu þannig að það taki til starfrækslu af þessu tagi.

6) Skýrslur úr rannsóknum slysa hafa leitt í ljós að í sumum tilvikum hefði samfelld skráning hljóðrita og tengdra umhverfishljóðnema þeirra í stjórnklefa getað veitt gagnlegar upplýsingar eftir truflun í aðalrafkerfinu. Til að draga úr áhættu á hverskyns mögulegri truflun á aðalrafkerfinu ætti að krefjast varaaflgjafa. Þetta er í samræmi við I. hluta 6. viðauka Chicago-samningsins.

7) Fyrir suma flokka léttra flugvéla og þyrlna, sem starfræktar eru í flutningaflugi, er þess krafist í nýlega samþykktum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum í 6. viðauka við Chicago-samninginn að skráningarbúnaður sé hafður um borð meðan á flugi stendur. Að auki beindu öryggisrannsóknaryfirvöld tólf öryggistilmælum til Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) varðandi þörfina á skráningum meðan á flugi stendur fyrir léttar flugvélar og þyrlur.

8) Í samræmi við meðalhófsregluna og á grundvelli áhættumats ætti skyldan um uppsetningu flugrita í nýju loftfari að endurspegla stærð loftfarsins og hversu flókið það er sem og tegund starfrækslu. Því ættu léttar flugvélar og þyrlur, sem eru nýlega framleiddar og notaðar eru í flutningaflugi eða í sérstakri starfrækslu í ábataskyni (SPO), að vera búnar flugritum þegar þær uppfylla tilteknar viðmiðanir varðandi hámarksflugtaksþyngd, tegund knúningsafls eða hámarkfjölda farþega. Að auki ætti að breyta kröfum um meðferð skráninga úr flugrita (varðveisla, framvísun, vernd og notkun) þannig að þær taki til þeirra tegunda flugrita sem teknir eru í notkun samkvæmt nýju kröfunum um að flugriti sé hafður um borð.

9) Að því er varðar kröfurnar um að loftfarið skuli búið öruggri stjórnklefahurð, breytti Alþjóðaflugmálastofnunin kröfum sínum og ráðlögðum starfsvenjum með því að breyta mörkunum fyrir massa sem ákvarða hvort örugg stjórnklefahurð sé skyldubundin. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það til að tryggja samhæfingu á reglum um flugrekstur og jöfn samkeppnisskilyrði fyrir flugrekendur frá Sambandinu annars vegar og þriðju löndum hins vegar.

10) Í reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru skilgreindar hæfisviðmiðanir (skráður hámarksflugtaksmassi og skráð viðmiðunarmörk hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu) fyrir framkvæmd flugs, án þess að hafa fjarflugsleyfi, í flugvél í afkastagetuflokki A á flugleið þar sem einhver hluti leiðarinnar liggur meira en 60 mínútum og allt að 120 mínútum frá viðunandi flugvelli við farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan. Heimilt er að starfrækja flugvélar í flokki A, sem uppfylla þessar hæfisviðmiðanir, í fjarlægð á bilinu 120 og 180 mínútur frá viðunandi flugvelli, að því tilskildu að þær hafi fengið samþykki frá lögbæru yfirvaldi og að því tilskildu að flugvélin hafi hlotið samþykki fyrir tegundarhönnun fyrir slíka starfrækslu.

11) Nokkrir flugvélaframleiðendur hafa nú þegar hannað eða eru að hanna flugvélar í afkastagetuflokki A sem uppfylla þessar hæfisviðmiðanir fyrir starfrækslu án fjarflugsleyfis. Núverandi ákvæði raska samkeppni milli flugrekenda þjónustuflugs með flugvélum sem uppfylla ekki þessi viðmið. Þar sem engin önnur meiriháttar eftirlitsstofnun hefur komið á slíkum viðmiðunum fyrir starfrækslu án fjarflugsleyfis ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það.

12) Að því er varðar súrefnistæki til skyndihjálpar til nota í flutningaflugi hefur nýjasta tækniþróun á slíku tæki náð sambærilegu öryggisstigi og því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að heimila notkun slíkra tækja.

13) Kröfur um lista yfir lágmarksbúnað í III. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 gilda ekki um samþykkt þjálfunarfyrirtæki og því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að gefa út samþykki fyrir því að samþykkt þjálfunarfyrirtæki útbúi lista yfir lágmarksbúnað.

14) Á grundvelli nýlegra breytinga á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([3]) ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að leiðrétta millivísanir á milli þessara tveggja reglugerða.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

15) Flugöryggisstofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit nr. 02/2019 til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

1) Í stað 9. gr. aa kemur eftirfarandi:

„9. gr. aa

Kröfur að því er varðar flugliða í reynsluflugi vegna viðhalds

Flugmaður sem starfaði, fyrir 25. september 2019, sem flugstjóri í reynsluflugi vegna viðhalds sem, í samræmi við skilgreininguna í lið SPO.SPEC.MCF.100 í VIII. viðauka, er flokkað sem reynsluflug vegna viðhalds í A-flokki, skal fá það viðurkennt í þeim tilgangi að uppfylla kröfur 1. liðar a-liðar í SPO.SPEC.MCF.115 þess viðauka. Í því tilviki skal flugrekandinn tryggja að flugstjórinn fái upplýsingar um hugsanlegan mismun á milli þeirra starfshátta, sem komið var á fyrir 25. september 2019, og þeirra skylda sem kveðið er á um í 5. þætti í E-kafla VIII. viðauka við þessa reglugerð, þ.m.t. þær skyldur sem eiga rætur sínar að rekja til tengdra verklagsreglna sem flugrekandinn setur.“

2) Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistökudagur og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Eftirfarandi liðir viðaukans skulu gilda frá 25. september 2019:

— a-liður 4. liðar,

— b-liður 6. liðar,

— b-liður 8. liðar.

Eftirfarandi liðir í 4. lið viðaukans skulu gilda frá 5. nóvember 2020:

— c-liður,

— d-liður,

— e-liður,

— f-liður,

— g-liður,

— n-liður,

— q-liður.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., IV., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka (Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í II.–VIII. viðauka) er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður 22a bætist við:

„22a) „hljóðriti“: brotþolinn flugriti sem notast við samsetningu af hljóðnemum og öðrum hljóðrænum og stafrænum einingum til að safna og skrá öll hljóð í stjórnklefa og samskipti til, frá og á milli flugliða,“.

b) Í stað 25. liðar kemur:

„25) „spillt flugbraut“: flugbraut þar sem verulegur hluti yfirborðs hennar (hvort sem það er á afmörkuðu svæði eða ekki), innan þeirrar lengdar og breiddar sem notuð er, er þakin einu eða fleiri efnum sem skráð eru í lýsingu á ástandi yfirborðs flugbrautar,“.

c) Ákvæði 32. liðar falla brott.

d) Í stað 42. liðar kemur eftirfarandi:

„42) „þurr flugbraut“: flugbraut sem er hvorki með sýnilegan raka á yfirborðinu né heldur spillt innan þess svæðis sem nota skal,“.

e) Eftirfarandi liður 49b bætist við:

„49b) „ferðriti“: brotþolinn flugriti sem notast við samsetningu af gagnagjöfum til að safna og skrá breytur sem endurspegla ástand og afkastagetu loftfarsins,“.

f) Eftirfarandi liður 49c bætist við:

„49c) „flugriti“: hvers konar skráningarbúnaður sem komið er fyrir í loftfarinu til að auðvelda öryggisrannsóknir á slysum eða flugatvikum,“.

g) Eftirfarandi liður 70a bætist við:

„70a) „lendingarvegalengd við komutíma“ (LDTA): lendingarvegalengd sem hægt er að ná við venjulega starfrækslu á grundvelli gagna um afkastagetu við lendingu og tengdum verklagsreglum sem ákvarðaðar eru fyrir ríkjandi skilyrði við lendingartíma,“.

h) Eftirfarandi liður 103c bætist við:

„103c) „skýrsla um ástand flugbrautar“ (RCR): ítarleg, stöðluð skýrsla varðandi ástand yfirborðs flugbrautar og áhrif þess á afkastagetu flugvélarinnar við lendingu og flugtak, sem lýst er með kóða fyrir ástand flugbrautar,“.

i) Eftirfarandi liður 107a bætist við:

„107a) „sérstaklega undirbúin vetrarflugbraut“: flugbraut með þurrt, frosið yfirborð af samanþjöppuðum snjó eða ís sem hefur verið meðhöndluð með sandi eða möl eða sem hefur verið meðhöndluð á vélrænan hátt til að bæta núningsviðnám flugbrautar,“.

j) Í stað 128. liðar kemur:

„128) „blaut flugbraut“: flugbraut þar sem yfirborðið er sýnilega þakið allt að 3 mm raka eða vatni innan þess svæðis sem áætlað er að nota.“

2) Í stað II. viðbætis í II. viðauka (ARO-hluta) kemur eftirfarandi:

„II. viðbætir

REKSTRARFORSKRIFTIR **(með fyrirvara um samþykkt skilyrði í rekstrarhandbókinni)**				
Samskiptaupplýsingar útgáfuyfirvalds Símanúmer ([1]): _____ , Bréfasímanúmer: _____ , Tölvupóstfang: _____				
Flugrekandaskírteini ([2]): Nafn flugrekanda ([3]): Dagsetning ([4]): Undirskrift: Starfar undir viðskiptaheitinu Rekstrarforskriftir #:				
Tegund loftfars ([5]): Skrásetningarmerki ([6]):				
Tegund starfrækslu: Starfræksla í ábataskyni ☐ Farþegar ☐ Farmur ☐ Annað ([7]): _____				
Flugsvæði ([8]):				
Sérstakar takmarkanir ([9]):				
Sérstök samþykki:	Já	Nei	Forskrift ([10])	Athugasemdir
Hættulegur varningur	☐	☐		
Starfræksla í lélegu skyggni Flugtak Aðflug og lending	 ☐	 ☐	Flutningaflug ([11]) … RVR ([12]): m DA/H: fet RVR: m	
RVSM ([13]) ☐ Á ekki við	☐	☐		
ETOPS ([14]) ☐ Á ekki við	☐	☐	Hámarksfjarflugstími ([15]): mín.	
Leiðsöguforskriftir fyrir starfrækslu þar sem notast er við margþætta, hæfisbundna leiðsögu ([16])	☐	☐		([17])
Lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu	☐	☐		
Starfræksla eins hreyfils flugvéla með hverfihreyfli að næturlagi eða við blindflugsskilyrði (SET-IMC)	☐	☐	([18])	
Þyrluflug með aðstoð næturgleraugna	☐	☐		
Hífingar með þyrlu	☐			
Sjúkraflug með þyrlu	☐	☐		

Starfræksla þyrlu á hafi úti	☐	☐		
Þjálfun öryggis- og þjónustuliða ([19])	☐	☐		
Útgáfa staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða ([20])	☐	☐		
Notkun EFB-forrita af gerð B	☐	☐	([21])	
Áframhaldandi lofthæfi	☐	☐	([22])	
Annað ([23])				

([1]) Síma- og bréfasímanúmer lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. landskóði. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.
([2]) Hér skal sett inn númer tilheyrandi flugrekandaskírteinis.
([3]) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda og viðskiptaheiti flugrekanda, ef annað. Hér skal setja inn „starfar undir“ fyrir framan viðskiptaheitið.
([4]) Útgáfudagur rekstrarforskrifta (dd-mm-áááá) og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds.
([5]) Hér skal setja inn kóða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um framleiðanda loftfars, tegund og röð eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232).
([6]) Skrásetningarmerkin eru annaðhvort tilgreind í rekstrarforskriftum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni. Ef sérstök samþykki eiga ekki öll við um tegund loftfarsins má færa skrásetningarmerki loftfarsins í dálkinn „athugasemdir“ fyrir sérstaka samþykkið.
([7]) Hér skal tilgreina aðrar tegundir flutnings (t.d. sjúkraflug).
([8]) Hér skal gefa upp landfræðileg svæði þar sem starfræksla er heimiluð (með vísun í landfræðileg hnit eða tilteknar leiðir, flugupplýsingasvæði eða landamæri þjóðríkja eða landsvæða).
([9]) Hér skal gefa upp gildandi, sérstakar takmarkanir (t.d. einungis sjónflug (VFR), einungis að degi til o.s.frv.).
([10]) Í þennan dálk skal skrá rýmstu viðmiðanirnar fyrir hvert samþykki eða tegund samþykkis (með viðeigandi viðmiðun).
([11]) Hér skal setja inn viðeigandi flokk nákvæmnisaðflugs: LTS CAT I, CAT II, OTS CAT II, CAT IIIA, CAT IIIB eða CAT IIIC. Hér skal setja inn lágmarksflugbrautarskyggni í metrum og ákvörðunarhæð í fetum. Ein lína er notuð fyrir hvern skráðan flokk aðflugs.
([12]) Hér skal setja inn samþykkt lágmarksflugbrautarskyggni við flugtak í metrum. Nota má eina línu fyrir hvert samþykki ef mismunandi samþykki hafa verið veitt.
([13]) Aðeins má haka við í kassann „á ekki við“ ef hámarksflughæð loftfars er undir fluglagi 290.
([14]) Fjarflug (ETOPS) á sem stendur aðeins við um tveggja hreyfla loftför. Því má haka við í kassann „á ekki við“ ef loftfarstegundin hefur færri eða fleiri en tvo hreyfla.
([15]) Hér má einnig skrá vegalengd þröskulds (í sjómílum), sem og gerð hreyfils.
([16]) Hæfisbundin leiðsaga (PBN): ein lína notuð fyrir hvert sérstakt samþykki fyrir margþættri, hæfisbundinni leiðsögu (t.d. RNP AR APCH) og viðeigandi takmarkanir skráðar í dálkana „Forskrift“ og/eða „Athugasemdir“. Samþykki, sem tengjast sérstökum verklagsreglum, fyrir sérstakri starfrækslu samkvæmt RNP AR APCH má skrá í rekstrarforskriftirnar eða rekstrarhandbókina. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
([17]) Tilgreina skal hvort sérstaka samþykkið sé takmarkað við tiltekna flugbrautarenda eða flugvelli eða bæði.
([18]) Hér skal setja inn viðeigandi flugskrokks- eða hreyfilssamsetningu.
([19]) Heimild til að halda þjálfunarnámskeið og próf, sem umsækjendur þurfa að ljúka til að hægt sé að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
([20]) Heimild til að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
([21]) Skráin yfir EFB-forrit af gerð B skal fylgja ásamt tilvísun í EFB-vélbúnaðinn (fyrir færanlegar rafrænar flugtöskur). Skráin er annaðhvort tilgreind í rekstrarforskriftunum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
([22]) Nafn þess einstaklings eða stofnunar sem ber ábyrgð á því að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfars og vísun í reglugerðina, sem inniheldur þessa kröfu, þ.e. G-kafli í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
([23]) Hér má setja aðrar heimildir eða gögn með því að nota eina línu (eða reit með mörgum línum) fyrir hverri heimild (t.d. skammbrautarlendingar, starfræksla í bröttu aðflugi, stytt tilskilin lendingarvegalengd, þyrluflug að/frá almannaheillastað, þyrluflug yfir ótryggu umhverfi sem staðsett er utan þéttbýlis, þyrluflug án getu til að nauðlenda með öruggum hætti, starfræksla með auknum beygjuhalla, mesta leyfilega fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis).
EASA-eyðublað nr. 139, 6. útgáfa.“

3) Ákvæðum III. viðauka (ORO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) í stað f-liðar 3. liðar ORO.GEN.310 kemur eftirfarandi:

„3) að gefin sé skýrsla um allar bilanir eða tæknilegar bilanir sem eiga sér stað á meðan loftfarið er undir flugrekstrarstjórn þess til stofnunarinnar sem um getur í d-lið,“

b) Í stað ORO.SEC.100 kemur eftirfarandi:

„ORO.SEC.100 Flugvernd í stjórnklefa — flugvélar

a) Í flugvél með öruggri stjórnklefahurð skal vera hægt að læsa hurðinni og séð fyrir aðferðum sem öryggis- og þjónustuliðar fara eftir til að gera flugliðum viðvart um grunsamlegt athæfi eða brot sem framin eru í farþegaklefa og ógna öryggi flugvélarinnar.

b) Allar farþegaflugvélar sem notaðar eru við flutningaflug, sem hafa farþega um borð, skulu útbúnar samþykktri, öruggri stjórnklefahurð sem hægt er að læsa og taka úr lás frá vinnureit hvers flugmanns og er hönnuð þannig að hún uppfylli viðeigandi lofthæfikröfur, ef slíkar flugvélar falla undir einhvern af eftirfarandi flokkum:

1) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 54 500 kg,

2) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 45 500 kg og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 eða

3) flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu sem er yfir 60.

c) Í öllum flugvélum sem eru með örugga stjórnklefahurð í samræmi við b-lið:

1) skal þessari hurð lokað áður en hreyflar eru ræstir fyrir flugtak og skal vera læst þegar þess er krafist, samkvæmt verklagsreglum við flugvernd eða af flugstjóranum, þar til hreyflar hafa verið stöðvaðir eftir lendingu nema þegar nauðsynlegt er fyrir þá sem hafa til þess heimild að fara inn eða út í samræmi við flugverndaráætlun í hverju ríki fyrir sig,

2) skal vera búnaður til að vakta allt svæðið í kringum hurðina fyrir utan stjórnklefann frá hvorum vinnureit flugmanns sem er, að því marki sem nauðsynlegt er, til að bera kennsl á einstaklinga, sem óska þess að fá aðgang og greina grunsamlega hegðun eða hugsanlega ógnun.“

4) Ákvæðum IV. viðauka (CAT-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað CAT.GEN.MPA.195 kemur eftirfarandi:

„**CAT.GEN.MPA.195 Meðferð skráninga úr flugrita: varðveisla, framvísun, vernd og notkun**

a) Í kjölfar slyss, alvarlegs flugatviks eða atviks, sem rannsóknaryfirvaldið ber kennsl á, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna úr flugritum í 60 daga eða þar til rannsóknaryfirvaldið gefur fyrirmæli um annað.

b) Flugrekandinn skal framkvæma virkniprófanir og mat á skráningum til að tryggja áframhaldandi nothæfi skráningarbúnaðarins sem á að vera um borð samkvæmt þessari reglugerð.

c) Flugrekandinn skal tryggja að skráningar á flugritabreytum og fjarskiptaboðum um gagnatengingu, sem flugritar eiga að skrá, séu varðveittar. Þegar flugriti er prófaður eða honum viðhaldið er hins vegar heimilt að þurrka út allt að einum klukkutíma af þeim skráningum sem elstar eru þegar prófun fer fram.

d) Flugrekandinn skal geyma og uppfæra gögn þar sem fram koma upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að umbreyta óunnum fluggögnum í flugritabreytur, sem gefnar eru upp sem tækniupplýsingar.

e) Flugrekandinn skal gera allar varðveittar skráningar úr flugrita aðgengilegar ef lögbært yfirvald fer fram á það.

f) Án þess að þetta hafi áhrif á reglugerð (ESB) nr. 996/2010 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 (*) gildir eftirfarandi:

1) Ekki skal birta eða nota hljóðupptökur úr flugritum nema það sé gert til að tryggja starfhæfi flugrita og að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð slíkra hljóðupptaka og eftirrita þeirra,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt,

iii. slíkar hljóðupptökur séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

1a) Þegar flugrekandinn skoðar hljóðupptökur úr flugrita til að tryggja starfhæfi flugrita skal hann tryggja að þessar hljóðupptökur brjóti ekki gegn friðhelgi einkalífsins og sjá til þess að þær séu ekki birtar eða notaðar í öðrum tilgangi en að tryggja starfhæfi flugrita.

2) Flugritabreytur eða fjarskiptaboð um gagnatengingu, sem flugriti skráir, skulu ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um, nema slíkar skráningar uppfylli eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. þær eru eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald,

ii. þær eru brenglaðar svo að ekki verði borin kennsl á neinn,

iii. þær eru birtar í samræmi við leyndarreglur.

3) Ekki skal birta eða nota myndir úr stjórnklefa, sem teknar eru í flugrita, nema það sé gert til að tryggja starfhæfi flugrita og að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð slíkra mynda,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt,

iii. slíkar myndir séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

3a) Ef myndir úr stjórnklefa, sem teknar eru í flugrita, eru skoðaðar til að tryggja starfhæfi flugrita gildir eftirfarandi:

i. þessar myndir skulu ekki birtar eða notaðar í öðrum tilgangi en að tryggja starfhæfi flugrita,

ii. ef líklegt er að líkamshlutar flugverja sjáist á myndunum skal flugrekandinn tryggja að þessar myndir brjóti ekki gegn friðhelgi einkalífsins.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).“

b) Ákvæðum CAT.OP.MPA.140 er breytt sem hér segir:

— Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal ekki starfrækja tveggja hreyfla flugvél, nema með samþykki lögbærs yfirvalds, í samræmi við F-kafla í V. viðauka (SPA-hluta), á flugleið þar sem einhver hluti leiðarinnar liggur lengra frá viðunandi flugvelli, við staðalskilyrði og í logni, en einhver af neðangreindum vegalengdum sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi tegund flugvélar:

1) fyrir flugvélar í afkastagetuflokki A með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu (MOPSC) fyrir 20 eða fleiri: sú vegalengd sem flogin er á 60 mínútum við þann farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan sem ákvarðaður er í samræmi við b-lið,

2) fyrir flugvélar í afkastagetuflokki A með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu (MOPSC) fyrir 19 eða færri: sú vegalengd sem flogin er á 120 mínútum eða, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds, allt að 180 mínútum fyrir þotur við þann farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan sem ákvarðaður er í samræmi við b-lið,

3) fyrir flugvélar í afkastagetuflokki B eða C, hvort sem er styttra:

i. sú vegalengd sem flogin er á 120 mínútum við þann farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan sem ákvarðaður er í samræmi við b-lið,

ii. 300 sjómílur.“

— Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Til að hljóta samþykkið, sem um getur í 2. lið a-liðar, skal flugrekandinn sýna fram á:

1) að settar hafa verið verklagsreglur fyrir gerð flugáætlana og brottför flugs,

2) að sértæk viðhaldsfyrirmæli og -ferli hafi verið innleidd og séu tilgreind í viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir loftför, til að tryggja áætlað stig áframhaldandi lofthæfis og áreiðanleika flugvélarinnar, þ.m.t. hreyfla hennar, í samræmi við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, þ.m.t.:

i. áætlun fyrir smurolíunotkun,

ii. vöktunaráætlun fyrir ástand hreyfils,“.

c) Í stað CAT.OP.MPA.300 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.300 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann:

a) ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum sem honum eða henni eru tiltækar sé veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar , sem fyrirhugað er að nota, með þeim hætti að hvorugt eigi að spilla öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í rekstrarhandbók,

b) framkvæma mat á lendingarvegalengd í samræmi við lið CAT.OP.MPA.303.“

d) Eftirfarandi liður CAT.OP.MPA.301 bætist við:

„**CAT.OP.MPA.301 Aðflugs- og lendingarskilyrði — þyrlur**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum sem honum eru tiltækar sé veður á flugvellinum og ástand lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, með þeim hætti að hvorugt myndi spilla öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í rekstrarhandbók.“

e) Eftirfarandi liður CAT.OP.MPA.303 bætist við:

„**CAT.OP.MPA.303 Athugun, meðan á flugi stendur, á lendingarvegalengd við komutíma — flugvélar**

a) Ekki skal halda áfram aðflugi til lendingar nema tiltæk lendingarvegalengd á flugbrautinni, þar sem fyrirhugað er að lenda, sé a.m.k. 115% af lendingarvegalengdinni, miðað við áætlaðan lendingartíma, sem ákvörðuð er í samræmi við upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma (LDTA), og aðflugið til lendingar sé framkvæmt með flugvélum í afkastagetuflokki A sem eru vottaðar í samræmi við aðra eftirfarandi vottunarforskrifta, eins og tilgreint er í tegundarvottorðinu:

1) CS-25 eða jafngildi,

2) CS-23 á 4. þrepi með afkastagetuna „háhraði“ eða jafngildi þess.

b) Að því er varðar flugvélar í afkastagetuflokki A, aðrar en þær sem um getur í a-lið, skal ekki halda aðflugi til lendingar áfram, nema í öðrum hvorum eftirfarandi aðstæðum:

1) tiltæk lendingarvegalengd á flugbrautinni, þar sem fyrirhugað er að lenda, er a.m.k. 115% af lendingarvegalengdinni, miðað við áætlaðan lendingartíma, sem ákvörðuð er í samræmi við upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma,

2) ef upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma eru ekki til staðar skal tiltæk lendingarvegalengd á flugbrautinni, þar sem fyrirhugað er að lenda, vera a.m.k. tilskilin lendingarvegalengd, sem ákvörðuð er í samræmi við lið CAT.POL.A.230 eða lið CAT.POL.A.235, eftir því sem við á.

c) Að því er varðar flugvélar í afkastagetuflokki B skal ekki halda aðflugi til lendingar áfram, nema í öðrum hvorum eftirfarandi aðstæðum:

1) tiltæk lendingarvegalengd á flugbrautinni, þar sem fyrirhugað er að lenda, er a.m.k. 115% af lendingarvegalengdinni, miðað við áætlaðan lendingartíma, sem ákvörðuð er í samræmi við upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma,

2) ef upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma eru ekki til staðar skal tiltæk lendingarvegalengd á flugbrautinni, þar sem fyrirhugað er að lenda, vera a.m.k. tilskilin lendingarvegalengd, sem ákvörðuð er í samræmi við lið CAT.POL.A.330 eða lið CAT.POL.A.335, eftir því sem við á.

d) Að því er varðar flugvélar í afkastagetuflokki C skal ekki halda aðflugi til lendingar áfram, nema í öðrum hvorum eftirfarandi aðstæðum:

1) tiltæk lendingarvegalengd á flugbrautinni, þar sem fyrirhugað er að lenda, er a.m.k. 115% af lendingarvegalengdinni, miðað við áætlaðan lendingartíma, sem ákvörðuð er í samræmi við upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma,

2) ef upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma eru ekki til staðar skal tiltæk lendingarvegalengd á flugbrautinni, þar sem fyrirhugað er að lenda, vera a.m.k. tilskilin lendingarvegalengd, sem ákvörðuð er í samræmi við lið CAT.POL.A.430 eða lið CAT.POL.A.435, eftir því sem við á.

e) Upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma skulu byggðar á samþykktum gögnum í flughandbókinni. Ef samþykkt gögn í flughandbókinni eru ófullnægjandi með tilliti til mats á lendingarvegalengd við komutíma skal bæta við þau öðrum gögnum, sem eru annaðhvort ákvörðuð í samræmi við gildandi vottunarstaðla fyrir flugvélar eða í samræmi við viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem gefnar eru út af Flugöryggisstofnuninni.

f) Flugrekandinn skal tilgreina í rekstrarhandbókinni upplýsingar um afkastagetu fyrir mat á lendingarvegalengd við komutíma og forsendur sem beitt er við þróun hennar, þ.m.t. önnur gögn sem, í samræmi við e-lið, má nota til að bæta við gögnin sem er að finna í flughandbókinni.“

f) Eftirfarandi liður CAT.OP.MPA.311 bætist við:

„**CAT.OP.MPA.311 Skýrslugjöf um hemlunarskilyrði flugbrautar**

Ef hemlunarskilyrði flugbrautar við lendingarbrun eru ekki eins góð og það sem rekstraraðili flugvallar hefur gefið til kynna í skýrslunni um ástand flugbrautar (RCR) skal flugstjórinn tilkynna flugumferðarþjónustu um það eins fljótt og auðið er með sérstakri tilkynningu frá loftfari (AIREP).“

g) Í stað d-liðar CAT.POL.A.105 kemur eftirfarandi:

„d) Flugrekandinn skal taka tillit til nákvæmni í kortagerð þegar flugtakskröfur í viðeigandi kafla eru metnar.“

h) Í lið CAT.POL.A.105 fellur e-liður brott.

i) Í stað b-, c- og d-liðar í lið CAT.POL.A.215 kemur eftirfarandi:

„b) Halli raunflugslóðar á flugleið skal vera jákvæður í a.m.k. 1000 fetum yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á allt að 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril.

c) Á raunflugslóð á flugleið skal flugvélin geta haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við lið CAT.POL.A.230 eða CAT.POL.A.235, eftir því sem við á. Á raunflugslóð á flugleið skal lóðrétt hindranabil vera a.m.k. 2000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á allt að 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril, að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:

1) gert er ráð fyrir að hreyfillinn verði óstarfhæfur á versta stað á leiðinni,

2) tillit er tekið til áhrifa vinda á flugslóðina,

3) snögglosun eldsneytis er leyfileg ef öruggt verklag er viðhaft og að því marki að hægt sé að komast á flugvöllinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir að hreyfillinn verður óstarfhæfur, með þeim eldsneytisbirgðum sem krafist er í lið CAT.OP.MPA.150, sem er viðeigandi fyrir varaflugvöll,

4) flugvöllurinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir að hreyfillinn verður óstarfhæfur, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. kröfum um afkastagetu, miðað við áætlaðan lendingarmassa, er fullnægt,

ii. veðurlýsingar eða veðurspár og skýrslur um ástand flugbrautarinnar gefa til kynna að unnt verði að lenda á öruggan hátt á áætluðum lendingartíma,

5) ef flughandbókin inniheldur ekki gögn um raunflugslóð á flugleið, skal minnka heildarflugslóð flugvélar á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan um 1,1% klifurhalla fyrir tveggja hreyfla flugvélar, um 1,4% fyrir þriggja hreyfla flugvélar og um 1,6% fyrir fjögurra hreyfla flugvélar.

d) Flugrekandinn skal breikka beltin, sem kveðið er á um í b- og c-lið, í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki a.m.k. leiðsöguforskrift RNAV 5.“

j) Í stað liðar CAT.POL.A.220 kemur eftirfarandi:

„**CAT.POL.A.220 Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir**

a) Flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri skal eigi vera fjær en svo frá flugvelli, sem uppfyllir kröfur liðar CAT.POL.A.230 eða a-liðar CAT.POL.A.235 um áætlaðan lendingarmassa, að unnt sé að ná þangað á áætluðum ferli á 90 mínútum, með alla hreyfla virka við farflugsafl eða -kný, eins og við á, við staðalhita í logni, nema kröfur b- til f-liðar séu uppfylltar.

b) Gögn um raunflugslóð á flugleið með tvo hreyfla óstarfhæfa skulu gera flugvélinni kleift að halda fluginu áfram við þau veðurskilyrði sem búist er við, frá þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á sama tíma, til flugvallar þar sem unnt er að lenda og stöðva vélina að fullu með því að nota tilskilið verklag fyrir lendingu með tvo hreyfla óstarfhæfa. Á raunflugslóð á flugleið skal lóðrétt hindranabil vera a.m.k. 2000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á allt að 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril. Í þeirri hæð og við veðurskilyrði þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin skal taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð á flugleið. Ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki a.m.k. leiðsöguforskrift RNAV 5, skal flugrekandinn breikka framangreint belti, sem kveðið er á um í öðrum málslið, í 18,5 km (10 sjómílur).

c) Gera skal ráð fyrir því að hreyflarnir tveir bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin er í meira en 90 mínútna fjarlægð frá flugvellinum sem um getur í a-lið, með alla hreyfla virka við farflugsafl eða -kný, eftir því sem við á, við staðalhita í logni.

d) Raunflugslóðin skal hafa jákvæðan halla í 1500 fetum yfir flugvelli þar sem ráðgert er að lenda eftir að tveir hreyflar hafa bilað.

e) Snögglosun eldsneytis er leyfileg ef öruggt verklag er viðhaft og að því marki að hægt sé að komast á flugvöllinn með þeim eldsneytisbirgðum sem krafist er í f-lið.

f) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, skal ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 450 m hæð (1500 feta hæð) beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það við farflugsafl eða -kný, eins og við á.“

k) Í stað liðar CAT.POL.A.230 kemur eftirfarandi:

„**CAT.POL.A.230 Lending — Þurrar flugbrautir**

a) Lendingarmassi flugvélarinnar á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og öllum varaflugvöllum, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A.105, skal vera þannig að hægt sé að framkvæma stöðvunarlendingu úr 50 fetum yfir þröskuldi:

1) þegar um er að ræða flugvélar knúnar þotuhreyflum: innan við 60% af tiltækri lendingarvegalengd (LDA),

2) þegar um er að ræða flugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum: innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd,

3) þrátt fyrir 1. og 2. lið a-liðar, þegar um er að ræða flugvélar sem eru samþykktar fyrir lendingar með styttri lendingarvegalengd samkvæmt lið CAT.POL.A.255: innan við 80% af tiltækri lendingarvegalengd.

b) Þegar um er að ræða starfrækslu í bröttu aðflugi skal flugrekandinn nota gögn um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við 1. eða 2. lið a-liðar, eftir því sem við á, á grundvelli lágmarkshæðar yfir ímynduðum hindrunum sem er minni en 60 fet en ekki minni en 35 fet, og skal uppfylla ákvæði liðar CAT.POL.A.245.

c) Þegar um er að ræða starfrækslu með skammbrautarlendingu skal flugrekandinn nota gögn um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við 1. eða 2. lið a-liðar eftir því sem við á, og uppfylla ákvæði liðar CAT.POL.A.250.

d) Þegar lendingarmassi er ákvarðaður skal flugrekandinn taka tillit til eftirfarandi:

1) að ekki sé reiknað með meira en 50% af mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af meðvindsstuðli,

2) leiðréttingar eins og kveðið er á um í flughandbókinni.

e) Þegar flugvél er send af stað í flug skal flugvélin annaðhvort:

1) lenda á hagstæðustu flugbrautinni í logni eða

2) lenda á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar, stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og annarra aðstæðna, s.s. lendingartækja og landslags.

f) Ef flugrekandinn getur ekki farið að 2. lið e-liðar um ákvörðunarflugvöll skal aðeins senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem gerir kleift að uppfylla að öllu leyti annað hvort:

1) ákvæði a- til d-liðar, ef flugbrautin er þurr á áætluðum komutíma eða

2) ákvæði a- til d-liðar í lið CAT.POL.A.235, ef flugbrautin er blaut eða spillt á áætluðum komutíma.“

l) Í stað liðar CAT.POL.A.235 kemur eftirfarandi:

„**CAT.POL.A.235 Lending — blautar og spilltar flugbrautir**

a) Ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða hvort tveggja, gefa til kynna að flugbraut kunni að vera blaut á fyrirhuguðum komutíma skal tiltæk lendingarvegalengd vera ein eftirfarandi vegalengda:

1) lendingarvegalengd, sem kveðið er á um í flughandbókinni og notuð er fyrir flugbrautir sem eru blautar á hlaðfarartíma, en þó ekki styttri en sú vegalengd sem krafist er skv. 1. eða 2. lið a-liðar CAT.POL.A.230, eftir því sem við á,

2) ef ekki er kveðið á um lendingarvegalengd í flughandbókinni sem nota á fyrir flugbrautir sem eru blautar á hlaðfarartíma: a.m.k. 115% af tilskilinni lendingarvegalengd, sem ákvörðuð er í samræmi við lið 1. eða 2. lið a-liðar CAT.POL.A.230, eftir því sem við á,

3) lendingarvegalengd sem er styttri en sú sem krafist er skv. 2.lið a-liðar en þó ekki styttri en krafist er skv. 1. eða 2. lið a-liðar CAT.POL.A.230, eftir því sem við á, ef flugbrautin hefur sérstaka eiginleika sem bæta núningsmótstöðu og í flughandbókinni eru sértækar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengd fyrir þá tegund flugbrautar,

4) þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. liðar a-liðar fyrir flugvélar sem eru samþykktar fyrir starfrækslu við styttri lendingarvegalengd samkvæmt lið CAT.POL.A.255: sú lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við B-lið v. liðar 2. liðar b-liðar í lið CAT.POL.A.255.

b) Ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera spillt á áætluðum komutíma skal tiltæk lendingarvegalengd vera ein eftirfarandi vegalengda:

1) a.m.k. sú sama og ákvörðuð er í samræmi við a-lið eða a.m.k. 115% af þeirri lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við samþykkt gögn um lendingarvegalengd á spilltri braut eða sambærileg gögn, eftir því hvort er lengra,

2) á sérstaklega undirbúnum vetrarflugbrautum er heimilt að nota lendingarvegalengd sem er styttri en krafist er skv. 1. lið b-liðar en þó ekki styttri en sú sem krafist er samkvæmt a-lið, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á spilltum flugbrautum er að finna í flughandbókinni. Slík lendingarvegalengd skal vera a.m.k. 115% af lendingarvegalengdinni sem kemur fram í flughandbókinni.

c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar er ekki nauðsynlegt að beita 15% aukningu ef hún er þegar innifalin í samþykktum gögnum um lendingarvegalengd eða sambærilegum gögnum.

d) Að því er varðar a- og b-lið gilda viðmiðanirnar í b-, c- og d-lið liðar CAT.POL.A.230 til samræmis við það.

e) Þegar flugvél er send af stað í flug skal flugvélin annaðhvort:

1) lenda á hagstæðustu flugbrautinni í logni eða

2) lenda á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar, stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og annarra aðstæðna, s.s. lendingartækja og landslags.

f) Ef flugrekandinn getur ekki farið að 1. lið e-liðar um ákvörðunarflugvöll, þar sem viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera spillt á áætluðum komutíma og þar sem lending er háð tilteknum vindstuðli, má aðeins senda flugvélina af stað ef tilgreindir eru tveir varaflugvellir.

g) Ef flugrekandinn getur ekki farið að 2. lið e-liðar um ákvörðunarflugvöll, þar sem viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera blaut eða spillt á áætluðum komutíma má aðeins senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur.

h) Að því er varðar f- og g-lið skal tilgreindur varaflugvöllur eða varaflugvellir gera kleift að uppfylla annaðhvort:

1) ákvæði a- til d-liðar í lið CAT.POL.A.230, ef flugbrautin er þurr á áætluðum komutíma eða

2) ákvæði a- til d-liðar í lið CAT.POL.A.235, ef flugbrautin er blaut eða spillt á áætluðum komutíma.“

m) Eftirfarandi liður 11a bætist við b-lið CAT.POL.A.250:

„11a) lending með styttri tilskilinni lendingarvegalengd í samræmi við lið CAT.POL.A.255 er bönnuð,“.

n) Eftirfarandi liður CAT.POL.A.255 bætist við:

„**CAT.POL.A.255 Leyfi til að lenda þar sem notast er við stytta tilskilda lendingarvegalengd**

a) Flugrekanda er heimilt að framkvæma lendingar með innan við 80% af tiltækri lendingarvegalengd ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) flugvélin hefur hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri,

2) flughandbókin inniheldur yfirlýsingu um að flugvélin geti komið til greina fyrir styttri tilskilinni lendingarvegalengd,

3) flugvélin er notuð í óreglubundnu flutningaflugi samkvæmt pöntun,

4) lendingarmassi flugvélarinnar gerir kleift að framkvæma stöðvunarlendingu innan styttrar lendingarvegalengdar,

5) flugrekandinn hefur fengið fyrirframleyfi frá lögbæra yfirvaldinu.

b) Til að hljóta leyfið, sem um getur í 5. lið a-liðar, skal flugrekandinn sýna fram á að um sé að ræða aðrar hvorar af eftirfarandi aðstæðum:

1) að áhættumat hafi verið framkvæmt til að staðfesta að náðst hafi öryggisstig sem jafngildir því sem um getur í 1. eða 2. lið a-liðar CAT.POL.A.230, eftir því sem við á,

2) að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

i. sértækt aðflugsverklag, s.s. bratt aðflug, áætluð lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum sem eru hærri en 60 fet eða minni en 35 fet, starfræksla í lélegu skyggni, aðflug sem fellur ekki undir viðmiðanir um stöðugt aðflug sem er samþykkt samkvæmt a-lið CAT.OP.MPA.115, er bannað,

ii. skammbrautarlendingar í samræmi við lið CAT.POL.A.250 eru bannaðar,

iii. lending á spilltum flugbrautum er bönnuð,

iv. fullnægjandi ferli hefur verið komið á fót fyrir flugliða að því er varðar þjálfun, hæfnimat og vöktun,

v. flugrekandinn hefur komið á fót áætlun um greiningu á lendingum á flugvelli (e. *aerodrome landing analysis programme* (ALAP)) til að tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

A) ekki er gert ráð fyrir meðvind á áætluðum komutíma,

B) ef gert er ráð fyrir að flugbrautin sé blaut á áætluðum komutíma skal lendingarvegalengdin við brottför flugs annaðhvort ákvörðuð í samræmi við a- eða b-lið CAT.OP.MPA.303, eftir því sem við á, eða vera 115% af lendingarvegalengdinni sem ákvörðuð er fyrir þurrar flugbrautir, hvor heldur sem er lengri,

C) ekki er gert ráð fyrir spilltri flugbraut á áætluðum komutíma,

D) ekki er gert ráð fyrir óhagstæðum veðurskilyrðum á áætluðum komutíma,

vi. allur búnaður sem hefur áhrif á lendingargetu er starfhæfur áður en flug hefst,

vii. flugáhöfnin samanstendur af a.m.k. tveimur flugmönnum með réttindi og hæfi sem hafa nýlega reynslu af lendingum með styttri tilskilinni lendingarvegalengd,

viii. á grundvelli ríkjandi aðstæðna fyrir fyrirhugað flug skal flugstjórinn taka endanlega ákvörðun um hvort framkvæma eigi lendingu með styttri tilskilinni lendingarvegalengd og er honum eða henni heimilt að ákveða að gera það ekki ef hann eða hún telur það vera í öryggisskyni,

ix. önnur skilyrði á flugvellinum, ef lögbæra yfirvaldið sem hefur vottað flugvöllinn tekur slíkt fram, að teknu tilliti til landslagseinkenna á aðflugssvæðinu, tiltækra leiðsögutækja fyrir aðflug, atriða sem taka þarf til greina í tengslum við fráflug eða við lendingu sem óvænt er hætt við (e. *balked landing*).“

o) Í stað liðar CAT.POL.A.330 kemur eftirfarandi:

„**CAT.POL.A.330 Lending — þurrar flugbrautir**

a) Lendingarmassi flugvélarinnar á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og öllum varaflugvöllum, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A.105, skal vera þannig að hægt sé að framkvæma stöðvunarlendingu úr 50 fetum yfir þröskuldi, á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd.

b) Þrátt fyrir a-lið og ef farið er að lið CAT.POL.A.355 skal lendingarmassi flugvélarinnar á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið CAT.POL.A.105, vera þannig að hægt sé að framkvæma stöðvunarlendingu úr 50 fetum yfir þröskuldi, á innan við 80% af tiltækri lendingarvegalengd.

c) Þegar lendingarmassinn er ákvarðaður skal flugrekandinn taka tillit til eftirfarandi:

1) hæð flugvallarins yfir sjávarmáli,

2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af meðvindsstuðli,

3) gerðar yfirborðs flugbrautar,

4) halla flugbrautar í lendingarátt.

d) Þegar um er að ræða starfrækslu í bröttu aðflugi skal flugrekandinn nota gögn um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við a-lið, á grundvelli lágmarkshæðar yfir ímynduðum hindrunum sem er minni en 60 fet en ekki minni en 35 fet, og skal uppfylla ákvæði liðar CAT.POL.A.345.

e) Þegar um er að ræða skammbrautarlendingu skal flugrekandinn nota gögn um lendingarvegalengdir, sem eru leiðrétt í samræmi við a-lið, og uppfylla ákvæði liðar CAT.POL.A.350.

f) Þegar flugvél er send af stað í flug skal flugvélin annaðhvort:

1) lenda á hagstæðustu flugbrautinni í logni eða

2) lenda á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð, með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar, stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og annarra aðstæðna, s.s. lendingartækja og landslags.

g) Ef flugrekandinn getur ekki farið að 2. lið f-liðar um ákvörðunarflugvöll skal aðeins senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti a- til f-lið.“

p) Í stað liðar CAT.POL.A.335 kemur eftirfarandi:

„**CAT.POL.A.335 Lending — blautar og spilltar flugbrautir**

a) Ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera blaut á áætluðum komutíma skal tiltæk lendingarvegalengd vera ein eftirfarandi vegalengda:

1) lendingarvegalengd, sem kveðið er á um í flughandbókinni og notuð er fyrir flugbrautir sem eru blautar á hlaðfarartíma, en þó ekki styttri en sú sem krafist er samkvæmt lið CAT.POL.A.330,

2) ef ekki er kveðið á um lendingarvegalengd í flughandbókinni sem nota á fyrir flugbrautir sem eru blautar á hlaðfarartíma: a.m.k. 115% af tilskilinni lendingarvegalengd, sem ákvörðuð er í samræmi við a-lið CAT.POL.A.330,

3) lendingarvegalengd sem er styttri en sú sem krafist er skv. 2. lið a-liðar en þó ekki styttri en sú sem krafist er samkvæmt a-lið CAT.POL.A.330, eftir því sem við á, ef flugbrautin hefur sérstaka eiginleika sem bæta núningsmótstöðu og í flughandbókinni eru sértækar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengd fyrir þá tegund flugbrautar,

4) þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. liðar a-liðar, þegar um er að ræða flugvélar sem eru samþykktar fyrir lendingar með styttri lendingarvegalengd samkvæmt lið CAT.POL.A.355: sú lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við iii. lið 7. liðar b-liðar CAT.POL.A.355.

b) Ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera spillt á áætluðum komutíma skal lendingarvegalengd ekki vera lengri en tiltæk lendingarvegalengd. Flugrekandinn skal tilgreina í rekstrarhandbókinni hvaða gögn um lendingarvegalengd eigi að nota.“

q) Eftirfarandi liður CAT.POL.A.355 bætist við:

„**CAT.POL.A.355 Leyfi til að lenda þar sem notast er við stytta tilskilda lendingarvegalengd**

a) Starfræksla með lendingarmassa flugvélar sem gerir kleift að framkvæma stöðvunarlendingu á innan við 80% af tiltækri lendingarvegalengd krefst fyrirframleyfis frá lögbæru yfirvaldi. Slíkt leyfi skal fengið fyrir hverja þá flugbraut þar sem framkvæmd er lending þar sem notast er við stytta tilskilda lendingarvegalengd.

b) Til að fá leyfið, sem um getur í a-lið, skal flugrekandinn framkvæma áhættumat til að staðfesta að náðst hafi öryggisstig sem jafngildir því sem um getur í a-lið CAT.POL.A.330 og að a.m.k. eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) ríkið þar sem flugvöllurinn er hefur ákvarðað að vegna almannahagsmuna og reksturs sé þörf á slíku flugi, annaðhvort vegna þess að flugvöllurinn er afskekktur eða að landfræðilegar takmarkanir séu á því að framlengja flugbrautina,

2) skammbrautarlendingar í samræmi við lið CAT.POL.A.350 og aðflug, sem fellur ekki undir viðmiðanir um stöðugt aðflug sem er samþykkt samkvæmt a-lið CAT.OP.MPA.115, er bannað,

3) lending á spilltum flugbrautum er bönnuð,

4) sérstök aðferð fyrir eftirlit með snertisvæðinu er skilgreind í rekstrarhandbókinni og komið í framkvæmd og skal þessi aðferð fela í sér fullnægjandi leiðbeiningar um það þegar hætt er við lendingu og lendingar sem óvænt er hætt við þegar ekki er hægt að ná brautarsnertingu á skilgreindu svæði,

5) komið hefur verið á fót viðunandi flugvallartengdri þjálfunar- og prófunaráætlun fyrir flugliða,

6) flugliðar hafa réttindi og hæfi og nýlega reynslu í lendingum þar sem notast er við stytta tilskilda lendingarvegalengd á hlutaðeigandi flugvelli,

7) flugrekandinn hefur komið á fót áætlun um greiningu á lendingum á flugvelli (ALAP) til að tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. ekki er gert ráð fyrir meðvind á áætluðum komutíma,

ii. ef gert er ráð fyrir að flugbrautin sé blaut á áætluðum komutíma skal lendingarvegalengdin við brottför flugs annaðhvort ákvörðuð í samræmi við c-lið CAT.OP.MPA.303 eða vera 115% af lendingarvegalengdinni sem ákvörðuð er fyrir þurrar flugbrautir, hvor heldur sem er lengri,

iii. ekki er gert ráð fyrir spilltri flugbraut á áætluðum komutíma,

iv. ekki er gert ráð fyrir óhagstæðum veðurskilyrðum á áætluðum komutíma,

8) verklagsreglur eru í gildi til að tryggja:

i. að allur búnaður, sem hefur áhrif á lendingargetu og lendingarvegalengd, sé starfhæfur áður en flug hefst,

ii. að flugliðar noti hraðalækkunarbúnað á réttan hátt,

9) sértækum viðhaldsfyrirmælum og verklagsreglum hefur verið komið á fót fyrir hraðalækkunarbúnað flugvélar til að auka áreiðanleika þessara kerfa,

10) lokaaðflug og lending fer aðeins fram við sjónflugsskilyrði,

11) önnur skilyrði á flugvellinum, ef lögbæra yfirvaldið sem hefur vottað flugvöllinn tekur slíkt fram, að teknu tilliti til landslagseinkenna á aðflugssvæðinu, tiltækra leiðsögutækja fyrir aðflug, atriða sem taka þarf til greina í tengslum við fráflug eða lendingar sem óvænt er hætt við.“

r) Í stað d- og e-liðar CAT.POL.A.415 komi eftirfarandi:

„d) Breikka skal beltið, sem kveðið er á um í a-lið, í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær a.m.k. ekki leiðsöguforskrift RNAV 5.

e) Snögglosun eldsneytis er leyfileg ef öruggt verklag er viðhaft og að því marki að hægt sé að komast á flugvöllinn, þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir að hreyfillinn verður óstarfhæfur, með þeim eldsneytisbirgðum sem krafist er í samræmi við lið CAT.OP.MPA.150, sem er viðeigandi fyrir varaflugvöll.“

s) Í stað liðar CAT.POL.A.420 kemur eftirfarandi:

„**CAT.POL.A.420 Á flugleið — flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óstarfhæfir**

a) Flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri skal eigi vera fjær en svo frá flugvelli, sem uppfyllir gildandi kröfur liðar CAT.POL.A.430 um áætlaðan lendingarmassa, að unnt sé að ná þangað á 90 mínútum, með alla hreyfla virka við farflugsafl eða -kný, eins og við á, við staðalhita í logni, nema kröfur b- til e-liðar séu uppfylltar.

b) Á flugslóð, sem gefin er upp fyrir flugvél með tvo hreyfla óstarfhæfa, skal vera mögulegt að fljúga áfram við þau veðurskilyrði sem búist var við og fljúga yfir allar hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með a.m.k. 2000 feta lóðrétt hindranabil til flugvallar sem uppfyllir gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

c) Gera skal ráð fyrir því að hreyflarnir tveir bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin er í meira en 90 mínútna fjarlægð frá flugvellinum sem um getur í a-lið, með alla hreyfla virka við farflugsafl eða -kný, eftir því sem við á, við staðalhita í logni.

d) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar, þar sem gert er ráð fyrir að lenda, og skal flugvélin koma í a.m.k. 450 m hæð (1500 feta hæð) beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það við farflugsafl eða -kný, eins og við á.

e) Tiltækur stighraði flugvélarinnar skal vera 150 fetum minni á mínútu en tilgreindur stighraði.

f) Breikka skal beltið, sem kveðið er á um í b-lið, í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær a.m.k. ekki leiðsöguforskrift RNAV 5.

g) Snögglosun eldsneytis er leyfileg ef öruggt verklag er viðhaft og að því marki að hægt sé að komast á flugvöllinn með þeim eldsneytisbirgðum sem krafist er í d-lið.“

t) Í stað 4. liðar a-liðar CAT.POL.A.430 kemur eftirfarandi:

„4) halla flugbrautar í lendingarátt.“

u) Í stað a-liðar í CAT.POL.A.435 kemur eftirfarandi:

„a) Ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár gefa til kynna að flugbraut kunni að vera blaut á áætluðum komutíma skal tiltæk lendingarvegalengd vera ein eftirfarandi vegalengda:

1) lendingarvegalengd, sem kveðið er á um í flughandbókinni og notuð er fyrir flugbrautir sem eru blautar á hlaðfarartíma, en þó ekki styttri en sú sem krafist er samkvæmt lið CAT.POL.A.430,

2) ef ekki er kveðið á um lendingarvegalengd í flughandbókinni sem nota á fyrir flugbrautir sem eru blautar á hlaðfarartíma: a.m.k. 115% af tilskilinni lendingarvegalengd, sem ákvörðuð er í samræmi við lið CAT.POL.A.430.“

v) Eftirfarandi i-liður bætist við CAT.IDE.A.185:

„i) Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27 000 kg með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 5. september 2022 eða síðar, skulu búnar varaaflgjafa sem hljóðritinn og umhverfishljóðneminn í stjórnklefanum skipta sjálfvirkt yfir á ef allt annað afl til hljóðritans rofnar.“

w) Eftirfarandi liður CAT.IDE.A.191 bætist við:

„**CAT.IDE.A.191 Léttur flugriti**

a) Flugvélar með hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á 2250 kg eða meira, og flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu skulu útbúnar flugrita ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) þær eru ekki innan gildissviðs a-liðar CAT.IDE.A.190,

2) þær eru með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 5. september 2022 eða síðar.

b) Flugritinn skal skrá, með flugritagögnum eða myndum, upplýsingar sem eru fullnægjandi til að ákvarða flugslóðina og hraða loftfarsins.

c) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt flugritagögnin og myndirnar sem hann skráði síðustu fimm klukkustundirnar.

d) Flugritinn skal hefja sjálfvirka skráningu áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og sjálfkrafa hætta skráningu þegar flugvélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

e) Ef flugritinn skráir myndir eða hljóð úr stjórnklefanum þá verður að vera aðgerð sem flugstjórinn getur stjórnað og sem breytir mynda- og hljóðskráningum, sem gerðar voru áður en þessi aðgerð var virkjuð, þannig að ekki sé hægt að endurheimta þessar skráningar með því að nota venjulega afspilunar- eða afritunartækni.“

x) Í stað b-liðar CAT.IDE.A.230 kemur eftirfarandi:

„b) Súrefnisbirgðirnar, sem um getur í a-lið, skulu vera nægilegar fyrir minnst 2% fluttra farþega og minnst einn farþega það sem eftir er flugsins frá því að þrýstingur tapast af farþegaklefa í meira en 8 000 feta hæð en ekki yfir 15 000 feta inniþrýstingshæð.“

y) Í stað d-liðar CAT.IDE.A.230 kemur eftirfarandi:

„d) Súrefnisbúnaðurinn til skyndihjálpar skal geta gefið hverjum einstaklingi súrefni.“

z) Ákvæðum CAT.IDE.A.345 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnar greinarinnar kemur eftirfarandi:

„**CAT.IDE.A.345 Fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarbúnaður fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum“.**

ii. Í stað a-liðar í lið CAT.IDE.A.345 kemur eftirfarandi:

„a) Flugvélar, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum eða samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum, skulu búnar fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

aa) Eftirfarandi liður CAT.IDE.H.191 bætist við:

„CAT.IDE.H.191 Léttur flugriti

a) Þyrlur með hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á 2250 kg eða meira skulu útbúnar flugrita ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) þær eru ekki innan gildissviðs a-liðar CAT.IDE.H.190,

2) þær eru með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 5. september 2022 eða síðar.

b) Flugritinn skal skrá, með flugritagögnum eða myndum, upplýsingar sem eru fullnægjandi til að ákvarða flugslóðina og hraða loftfarsins.

c) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt flugritagögnin og myndirnar sem hann skráði síðustu fimm klukkustundirnar.

d) Flugritinn skal hefja sjálfvirka skráningu áður en þyrlan getur hreyfst fyrir eigin afli og sjálfkrafa hætta skráningu þegar þyrlan getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

e) Ef flugritinn skráir myndir eða hljóð úr stjórnklefanum þá verður að vera aðgerð sem flugstjórinn getur stjórnað og sem breytir mynda- og hljóðskráningum, sem gerðar voru áður en þessi aðgerð var virkjuð, þannig að ekki sé hægt að endurheimta þessar skráningar með því að nota venjulega afspilunar- eða afritunartækni.“

bb) Ákvæðum CAT.IDE.H.345 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnar greinarinnar kemur eftirfarandi:

„**CAT.IDE.H.345 Fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarbúnaður fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum“.**

ii. Í stað a-liðar í lið CAT.IDE.H.345 kemur eftirfarandi:

„a) Þyrlur, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum eða samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum, skulu búnar fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarbúnaði í samræmi við viðeigandi loftrýmiskröfur.“

5) Ákvæðum V. viðauka (SPA-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar í lið SPA.SET-IMC.105 kemur eftirfarandi:

„b) að sértæk viðhaldsfyrirmæli og -ferli hafi verið innleidd og séu tilgreind í viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir loftför, til að tryggja áætlað stig áframhaldandi lofthæfis og áreiðanleika flugvélarinnar og knúningskerfis hennar, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, þ.m.t. eftirfarandi þættir:

1) vöktunaráætlun um þróun hreyfils, að undanskildum flugvélum með lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 31. desember 2004, sem hafa sjálfvirkt kerfi til að vakta þróunina,

2) áreiðanleikaáætlun fyrir knúningskerfi og tilheyrandi kerfi,“.

6) Ákvæðum VI. viðauka (NCC-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað NCC.GEN.101 kemur eftirfarandi:

„Samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem krafist er að uppfylli þennan viðauka, skulu einnig uppfylla:

a) lið ORO.GEN.310, eftir því sem við á, og

b) lið ORO.MLR.105.“

b) Í stað NCC.GEN.145 kemur eftirfarandi:

„**NCC.GEN.145 Meðferð upptaka úr flugrita: varðveisla, framvísun, vernd og notkun**

a) Í kjölfar slyss, alvarlegs flugatviks eða atviks, sem rannsóknaryfirvaldið ber kennsl á, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna úr flugritum í 60 daga eða þar til rannsóknaryfirvaldið gefur fyrirmæli um annað.

b) Flugrekandinn skal framkvæma virkniprófanir og mat á flugritaskráningum til að tryggja áframhaldandi nothæfi flugritanna sem eiga að vera um borð.

c) Flugrekandinn skal tryggja að skráningar á flugritabreytum og fjarskiptaboðum um gagnatengingu, sem flugritar eiga að skrá, séu varðveittar. Þegar flugriti er prófaður eða honum viðhaldið er hins vegar heimilt að þurrka út allt að einum klukkutíma af þeim skráningum sem elstar eru þegar prófun fer fram.

d) Flugrekandinn skal geyma og uppfæra gögn þar sem fram koma upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að umbreyta óunnum fluggögnum í flugritabreytur, sem gefnar eru upp sem tækniupplýsingar.

e) Flugrekandinn skal gera allar varðveittar skráningar úr flugrita aðgengilegar ef lögbært yfirvald fer fram á það.

f) Með fyrirvara um reglugerðir (ESB) nr. 996/2010 og (ESB) 2016/679:

1) Ekki skal birta eða nota hljóðupptökur úr flugritum nema það sé gert til að tryggja starfhæfi flugrita og að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð slíkra hljóðupptaka og eftirrita þeirra,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt,

iii. slíkar hljóðupptökur séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

1a) Þegar flugrekandinn skoðar hljóðupptökur úr flugrita til að tryggja starfhæfi flugrita skal hann tryggja að þessar hljóðupptökur brjóti ekki gegn friðhelgi einkalífsins og sjá til að þær séu ekki birtar eða notaðar í öðrum tilgangi en að tryggja starfhæfi flugrita.

2) Flugritabreytur eða fjarskiptaboð um gagnatengingu, sem flugriti skráir, skulu ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um, nema slíkar skráningar uppfylli eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. þær eru eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald,

ii. þær eru brenglaðar svo að ekki verði borin kennsl á neinn,

iii. þær eru birtar í samræmi við leyndarreglur.

3) Fyrir utan að tryggja starfhæfi flugrita skal ekki birta eða nota myndir úr stjórnklefa sem teknar eru í flugrita nema öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð slíkra mynda,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt,

iii. slíkar myndir séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

3a) Ef myndir úr stjórnklefa, sem teknar eru í flugrita, eru skoðaðar til að tryggja starfhæfi flugrita gildir eftirfarandi:

i. þessar myndir skulu ekki birtar eða notaðar í öðrum tilgangi en að tryggja starfhæfi flugrita,

ii. ef líklegt er að líkamshlutar flugverja sjáist á myndunum skal flugrekandinn tryggja að þessar myndir brjóti ekki gegn friðhelgi einkalífsins.“

c) Í stað liðar NCC.OP.225 kemur eftirfarandi:

„**NCC.OP.225 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.“

d) Eftirfarandi liður NCC.OP.226 bætist við:

„**NCC.OP.226 Aðflugs- og lendingarskilyrði — þyrlur**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.“

7) Ákvæðum VII. viðauka (NCO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar NCO.OP.205 kemur eftirfarandi:

„**NCO.OP.205 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.“

b) Eftirfarandi liður NCO.OP.206 bætist við:

„**NCO.OP.206 Aðflugs- og lendingarskilyrði — þyrlur**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu, ástand lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.“

c) Í stað a-liðar í lið NCO.SPEC.MCF.105 kemur eftirfarandi:

„b) Þrátt fyrir 4. lið a-liðar NCO.GEN.105 er heimilt að framkvæma reynsluflug vegna viðhalds með því að nota loftfar sem hefur fengið viðhaldsvottorð án þess að viðhaldi sé lokið, í samræmi við f-lið M.A.801 í I. viðauka (M-hluta), e-lið 145.A.50 í II. viðauka (145. hluta) eða f-lið ML.A.801 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.“

d) Í stað liðar NCO.SPEC.MCF.130 kemur eftirfarandi:

„NCO.SPEC.MCF.130 Hermt eftir verklagi í flugi við óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum

Þrátt fyrir lið NCO.SPEC.145 er flugstjóra heimilt að herma eftir aðstæðum þar sem þess er krafist að notast sé við verklag fyrir óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum með sérfræðing í sérhæfðum verkefnum um borð, ef hermunin er nauðsynleg til að uppfylla tilgang flugsins og hún hefur verið tilgreind á gátlistanum sem um getur í lið NCO.SPEC.MCF.110 eða í verklagsreglum.“

8) Ákvæðum VIII. viðauka (SPO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað 10. liðar a-liðar SPO.GEN.140 kemur eftirfarandi:

„10) tækniflugbók loftfars, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, ef við á,“.

b) Í stað liðar SPO.GEN.145 kemur eftirfarandi:

„**SPO.GEN.145 Meðferð upptaka úr flugrita: varðveisla, framvísun, vernd og notkun**

a) Í kjölfar slyss, alvarlegs flugatviks eða atviks, sem rannsóknaryfirvaldið ber kennsl á, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna úr flugritum í 60 daga eða þar til rannsóknaryfirvaldið gefur fyrirmæli um annað.

b) Flugrekandinn skal framkvæma virkniprófanir og mat á flugritaskráningum til að tryggja áframhaldandi nothæfi flugritanna sem eiga að vera um borð.

c) Flugrekandinn skal tryggja að skráningar á flugritabreytum og fjarskiptaboðum um gagnatengingu, sem flugritar eiga að skrá, séu varðveittar. Þegar flugriti er prófaður eða honum viðhaldið er hins vegar heimilt að þurrka út allt að einum klukkutíma af þeim skráningum sem elstar eru þegar prófun fer fram.

d) Flugrekandinn skal geyma og uppfæra gögn þar sem fram koma upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að umbreyta óunnum fluggögnum í flugritabreytur, sem gefnar eru upp sem tækniupplýsingar.

e) Flugrekandinn skal gera allar varðveittar skráningar úr flugrita aðgengilegar ef lögbært yfirvald fer fram á það.

f) Með fyrirvara um reglugerðir (ESB) nr. 996/2010 og (ESB) 2016/679 og fyrir utan að tryggja starfhæfi flugrita:

1) skal ekki birta eða nota hljóðupptökur úr flugritum nema öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð slíkra hljóðupptaka og eftirrita þeirra,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt,

iii. slíkar hljóðupptökur séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

1a) Þegar flugrekandinn skoðar hljóðupptökur úr flugrita til að tryggja starfhæfi flugrita skal hann tryggja að þessar hljóðupptökur brjóti ekki gegn friðhelgi einkalífsins og sjá til að þær séu ekki birtar eða notaðar í öðrum tilgangi en að tryggja starfhæfi flugrita.

2) Flugritabreytur eða fjarskiptaboð um gagnatengingu, sem flugriti skráir, skal ekki nota í öðrum tilgangi en þeim að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um. Sú takmörkun skal ekki gilda nema slíkar skráningar uppfylli eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. þær eru eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald,

ii. þær eru brenglaðar svo að ekki verði borin kennsl á neinn,

iii. þær eru birtar í samræmi við leyndarreglur.

3) Ekki skal birta eða nota myndir úr stjórnklefa, sem teknar eru í flugrita, nema það sé gert til að tryggja starfhæfi flugrita og að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð slíkra mynda,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt,

iii. slíkar myndir séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

3a) Ef myndir úr stjórnklefa, sem teknar eru í flugrita, eru skoðaðar til að tryggja starfhæfi flugrita gildir eftirfarandi:

i. þessar myndir skulu ekki birtar eða notaðar í öðrum tilgangi en að tryggja starfhæfi flugrita,

ii. ef líklegt er að líkamshlutar flugverja sjáist á myndunum skal flugrekandinn tryggja að þessar myndir brjóti ekki gegn friðhelgi einkalífsins.“

c) Í stað liðar SPO.OP.210 kemur eftirfarandi:

„**SPO.OP.210 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.“

d) Eftirfarandi liður SPO.OP.211 bætist við:

„**SPO.OP.211 Aðflugs- og lendingarskilyrði — þyrlur**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.“

e) Eftirfarandi liður SPO.IDE.A.146 bætist við:

„**SPO.IDE.A.146 Léttur flugriti**

a) Flugvélar með hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á 2250 kg eða meira, og flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu skulu útbúnar flugrita ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) þær eru ekki innan gildissviðs a-liðar SPO.IDE.A.145,

2) þær eru notaðar fyrir starfrækslu í ábataskyni,

3) þær eru með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 5. september 2022 eða síðar.

b) Flugritinn skal skrá, með flugritagögnum eða myndum, upplýsingar sem eru fullnægjandi til að ákvarða flugslóðina og hraða loftfarsins.

c) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt flugritagögnin og myndirnar sem hann skráði síðustu fimm klukkustundirnar.

d) Flugritinn skal hefja sjálfvirka skráningu áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og sjálfkrafa hætta skráningu þegar flugvélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

e) Ef flugritinn skráir myndir eða hljóð úr stjórnklefanum þá verður að vera aðgerð sem flugstjórinn getur stjórnað og sem breytir mynda- og hljóðskráningum, sem gerðar voru áður en þessi aðgerð var virkjuð, þannig að ekki sé hægt að endurheimta þessar skráningar með því að nota venjulega afspilunar- eða afritunartækni.“

f) Eftirfarandi liður SPO.IDE.H.146 bætist við:

„**SPO.IDE.H.146 Léttur flugriti**

a) Þyrlur með hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa upp á 2250 kg eða meira, skulu útbúnar flugrita ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) þær eru innan gildissviðs a-liðar SPO.IDE.H.145,

2) þær eru notaðar fyrir starfrækslu í ábataskyni,

3) þær eru með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 5. september 2022 eða síðar.

b) Flugritinn skal skrá, með flugritagögnum eða myndum, upplýsingar sem eru fullnægjandi til að ákvarða flugslóðina og hraða loftfarsins.

c) Flugritinn skal a.m.k. geta geymt flugritagögnin og myndirnar sem hann skráði síðustu fimm klukkustundirnar.

d) Flugritinn skal hefja sjálfvirka skráningu áður en þyrlan getur hreyfst fyrir eigin afli og sjálfkrafa hætta skráningu þegar þyrlan getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

e) Ef flugritinn skráir myndir eða hljóð úr stjórnklefanum þá verður að vera aðgerð sem flugstjórinn getur stjórnað og sem breytir mynda- og hljóðskráningum, sem gerðar voru áður en þessi aðgerð var virkjuð, þannig að ekki sé hægt að endurheimta þessar skráningar með því að nota venjulega afspilunar- eða afritunartækni.“

g) Í stað a-liðar í lið SPO.SPEC.MCF.100 kemur eftirfarandi:

„a) reynsluflug vegna viðhalds í „A-flokki“ fyrir flug þar sem gert er ráð fyrir að notað sé verklag við óeðlilegar aðstæður eða í neyðartilvikum, eins og skilgreint er í flughandbókinni, eða þar sem flugs er krafist til að staðfesta að öryggisafritunarkerfi eða annar öryggisbúnaður starfi rétt.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1747 **2023/EES/62/27**

frá 15. október 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar kröfur fyrir tiltekin vottorð og flugliðaskírteini, reglur um þjálfunarfyrirtæki og lögbær yfirvöld (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. gr. (1. mgr.), 27. gr. (1. mgr.) og 62. gr. (14. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varðar áhöfn í almenningsflugi.

2) Við framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 kom í ljós að tilteknar kröfur innihéldu ritstjórnarleg mistök eða tvíræðni. Þar að auki hafa margir frestir eða ákvæði, sem voru upphaflega sett til að gefa aðildarríkjunum nægan tíma til að laga landsreglur sínar að reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, fallið úr gildi. Þetta hefur leitt til vandamála varðandi framkvæmd og gagnsæi reglna Sambandsins. Þessar kröfur þarf að skýra nánar og leiðrétta. Innleiða ætti nýjar skilgreiningar til að tryggja að skilmálarnir séu framkvæmdir á samræmdan hátt.

3) Í því skyni að auka meðalhóf og gagnsæi reglukerfisins fyrir almannaflug ætti að breyta reglunum sem gilda um flugmenn léttra loftfara, einkaflugmenn, flugmenn sviffluga og flugmenn loftbelgja til að kveða á um viðbótarréttindi og tilgreina nákvæmlega efni þjálfunar og prófa. Að því er varðar viðbótarréttindi ætti að skýra nánar sjóflugsáritanir, kröfur um nýlega reynslu, kröfur um próf í bóklegri þekkingu og kröfur um viðurkenningu.

4) Breyta ætti kröfunum um blindflugsáritun fyrir flugvélar og þyrlur til að skýra nánar ákvæðin í tengslum við bóklega þekkingu og flugkennslu og kröfurnar um framlengingu og endurnýjun.

5) Gera ætti breytingar á kröfum um tegundar- eða flokksáritanir að því er varðar afbrigði, gildistíma og endurnýjun til að tryggja skýrleika og samkvæmni. Enn fremur ætti að gera breytingar til að skýra nánar kröfurnar um áritun fyrir listflug, áritanir fyrir flugtog á sviffflugum og flugtog á borðum, næturflugsáritun og fjallaflugsáritun.

6) Við framkvæmd reglnanna kom í ljós að nokkrar af þeim kröfum sem eiga við um kennara og prófdómara eru óljósar. Að því er varðar kennara ætti því að breyta kröfum í tengslum við kennaravottorð, forsendur, hæfnismat, gildistíma, réttindi og skilyrði, sem og innihald þjálfunarnámskeiðs, framlengingu og endurnýjun. Að því er varðar prófdómara ætti að breyta kröfum í tengslum við prófdómaravottorð, samræmingarnámskeið, forsendur, hæfnismat, gildistíma, réttindi og skilyrði sem og framlengingu og endurnýjun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 268, 22.10.2019, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 er kveðið á um möguleika á að viðurkenna þjálfun og reynslu á tegundum loftfara sem falla ekki undir reglugerð (ESB) 2018/1139 (I. viðauki „Loftfarið sem um getur í d-lið 3. mgr. 2. gr.“) í þeim tilgangi að fá skírteini samkvæmt FCL-hluta. Af þessum sökum ætti að breyta viðeigandi reglum fyrir þjálfunarfyrirtæki og lögbær yfirvöld til að gera slíka viðurkenningu mögulega.

8) Við framkvæmd reglna sem varða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (DTO) ([3]) kom í ljós að nauðsynlegt er að skýra nánar gildandi reglur til að tryggja skilvirkt lögboðið eftirlit með yfirlýstum þjálfunarfyrirtækjum. Breyta ætti kröfunum til að tryggja að þjálfun hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki sé einungis leyfð ef viðkomandi yfirlýst þjálfunarfyrirtæki er staðsett á yfirráðasvæði, sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum.

9) Við framkvæmd reglna varðandi möguleikann á að flytja skírteini samkvæmt FCL-hluta og tengd heilbrigðisvottorð kom í ljós að nauðsynlegt er að skýra nánar ábyrgð hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda og tímasetningu flutnings eftirlitsábyrgðar. Af þessum sökum ætti að breyta viðkomandi reglum.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, hafa verið lagðar til í áliti Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 05/2017 samkvæmt b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og í tengslum við tæknilegar viðræður sem fylgdu í kjölfarið.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„3) mismunandi heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn, skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heilbrigðisvottorðin, réttindi og skyldur handhafa heilbrigðisvottorða,“.

2) Í 2. gr. falla 4., 9., 10. og 13. mgr. brott.

3) Í 4. gr. fellur 1. mgr. brott.

4) Í stað 6. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Þrátt fyrir 3. mgr. skulu handhafar vottorða sem flokkskennarar eða flokksprófdómarar, sem hafa réttindi fyrir afkastamikil flókin einstjórnarloftför, breyta þessum réttindum í vottorð sem tegundarkennarar eða tegundaprófdómarar fyrir einstjórnarloftför.“

5) Ákvæði 5. gr. falla brott.

6) Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar útgáfu skírteina samkvæmt FCL-hluta í samræmi við I. viðauka skal viðurkenna að fullu þjálfun sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi í samræmi við kröfur og málsmeðferðarreglur Flugöryggissamtaka Evrópu, undir lögboðnu eftirliti aðildarríkis sem mælt hefur verið með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfis Flugöryggissamtaka Evrópu í tengslum við viðeigandi JAR-kröfur, að því tilskildu að þjálfun og prófun sé lokið eigi síðar en 8. apríl 2016 og skírteini samkvæmt FCL-hluta sé gefið út eigi síðar en 1. apríl 2020.“

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1119 frá 31. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 204, 13.8.2018, bls. 13).

7) Ákvæðum 10. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Fyrirtæki skulu, í samræmi við 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, hafa rétt til að annast þjálfun flugmanna sem taka þátt í starfrækslu loftfarsins, sem um getur í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, en þó einungis í þeim tilvikum þar sem lögbært yfirvald hefur gefið út samþykki þar sem staðfest er að fyrirtækin uppfylli nauðsynlegu kröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í VII. viðauka við þessa reglugerð. Með hliðsjón af 6. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 skulu fyrirtækin, sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki, þó hafa rétt til að veita þjálfunina, sem um getur í DTO.GEN.110 við VIII. viðauka við þessa reglugerð, án slíks samþykkis, innan yfirráðasvæðisins sem aðildarríki bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, þegar þau hafa lagt fram yfirlýsingu hjá lögbæru yfirvaldi í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í DTO.GEN.115 í þeim viðauka og þar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt þjálfunaráætlunina, ef þess er krafist samkvæmt c-lið DTO.GEN.230 í þeim viðauka.“

b) Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. falla brott.

8) Í 10. gr. b falla 2. og 3. mgr. brott.

9) Í 10. gr. c falla 2. og 3. mgr. brott.

10) Í 11. gr. fellur 2. mgr. brott.

11) Í 11. gr. a falla 2. og 3. mgr. brott.

12) Í 12. gr. falla 1. mgr. b., 2., 3., 5. og 6. mgr. brott.

13) Í stað 7. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Þegar aðildarríki nýtir sér kröfur 2. mgr. a og 4. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það. Í þessari tilkynningu skal lýsa ástæðunum fyrir slíkum undanþágum sem og áætluninni um framkvæmd, sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar.“

14) Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta), VI. viðauka (ARA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 57., 58., 59. og 66. liðar viðaukans við þessa reglugerð koma þó til framkvæmda frá og með 21. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (FCL-hluta) er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.010:

a) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „blindaðflug miðað við aðflugshorn“:

„„Hæfnismat“: sönnun á hæfni, þekkingu og viðhorfi vegna fyrstu útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar kennaravottorðs eða prófdómaravottorðs.“

b) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „flugleiðsöguþjálfi“:

„„Flogið að öllu leyti út frá mælitækjum“: flugmenn fljúga loftfarinu án útsýnis til kennileita við raunveruleg eða eftirlíkt blindflugsskilyrði.“

c) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „blindaðflug miðað við línuleg frávik“:

„„Leiðarflug undir umsjón“ (LIFUS): leiðarflug eftir samþykkt námskeið til tegundarréttinda sem fer eingöngu fram í flughermi eða leiðarflug sem krafist er samkvæmt skýrslu um gögn um örugga starfrækslu (OSD).“

d) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „nótt“:

„„gögn um örugga starfrækslu“ (OSD): gögn sem kveðið er á um í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

e) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „tegund loftfars“:

„„Skrá yfir tegundaráritanir og skráningar í skírteini“ (e. *type rating and licence endorsement list*): skrá sem Flugöryggisstofnunin gefur út á grundvelli niðurstaða úr mati á gögnum um örugga starfrækslu og inniheldur flokka flugvéla og tegundir loftfara að því er varðar veitingu flugliðaskírteina.“

f) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „nótt“ kemur eftirfarandi:

„„Nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eða annað slíkt tímabil milli sólseturs og sólarupprásar sem hlutaðeigandi yfirvald mælir fyrir um.“

g) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „annar þjálfunarbúnaður“ kemur eftirfarandi:

„„Annar þjálfunarbúnaður“: þjálfunarbúnaður annar en flughermisþjálfar sem notaður er við flugþjálfun þegar fullbúið stjórnklefaumhverfi er ekki nauðsynlegt.“

h) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „hæfnipróf“ kemur eftirfarandi:

„„Hæfnipróf“: sýnt fram á hæfni til að framlengja eða endurnýja áritanir eða réttindi, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.025:

a) Í stað 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Umsækjendur skulu taka öll próf í bóklegri þekkingu í tengslum við sérstakt skírteini eða áritun á ábyrgð lögbærs yfirvalds í einu og sama aðildarríkinu.“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Prófkröfur

1) Umsækjandi telst hafa staðist próf í bóklegri þekkingu ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið. Ekki skal beita refsieiningum.

2) Umsækjandi hefur, nema kveðið sé á um annað í þessum hluta, lokið prófi í bóklegri þekkingu til viðeigandi flugmannsskírteinis eða áritunar á fullnægjandi hátt ef hann eða hún hefur staðist öll þau próf í bóklegri þekkingu sem krafist er innan 18 mánaða tímabils, talið frá lokum þess almanaksmánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst próf.

3) Ef umsækjandi um bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (bóklegt ATPL-próf) eða um útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis (CPL-skírteini), blindflugsáritunar (IR) eða blindflugsáritunar í flugleið (EIR) hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin eftir annaðhvort sex prófsetur eða innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið b-liðar skal hann eða hún þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.

4) Ef umsækjendur um útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL-skírteinis), einkaflugmannsskírteinis (PPL-skírteinis), sviffflugmannsskírteinis (SPL-skírteinis) eða flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis) hafa ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hafa ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið b-liðar skulu þeir þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.

5) Áður en umsækjendur taka prófin aftur í bóklegri þekkingu skulu þeir gangast undir frekari þjálfun hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki (DTO) eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki (ATO). Umfang þeirrar þjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjendanna.“

3) Í stað liðar FCL.040 kemur eftirfarandi:

„**FCL.040 Neyting réttinda skírteina**

Neyting þeirra réttinda sem skírteinið veitir ákvarðast af því hvort áritanirnar, sem eru í þessu skírteini, og heilbrigðisvottorðið, sem samsvarar þeim réttindum sem neytt er, séu í gildi.“

4) Í stað liðar FCL.055 kemur eftirfarandi:

„**FCL.055 Tungumálakunnátta**

a) Almennt. Flugmenn í flugvélum, þyrlum, vænghnitum og loftskipum, sem krafa er um að noti talstöðvar, skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna og áritana nema í skírteini þeirra sé skráð tungumálafærni í annaðhvort ensku eða því tungumáli sem notað er í talstöðvasamskiptum í viðkomandi flugi. Tungumálið, kunnáttustigið og gildisdagurinn skulu koma fram í skráningunni og skal hún gerð í samræmi við málsmeðferð sem lögbært yfirvald kemur á fót. Í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka er starfrækslustigið (4. stig) lægsta ásættanlega stig tungumálafærni.

b) Í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka skal umsækjandi um skráningu tungumálafærni sýna fram á að hann hafi tungumálafærni sem svarar a.m.k. til starfrækslustigs, bæði hvað varðar orðfæri og venjulegt málfar, gagnvart matsmanni sem vottaður hefur verið af lögbæru yfirvaldi eða stofnun sem prófar tungumálakunnáttu og samþykkt hefur verið af lögbæru yfirvaldi eftir því sem við á. Til að gera það skal umsækjandi geta:

1) átt virk talsamskipti í síma/talstöð og samskipti augliti til auglitis,

2) haft samskipti um almenn og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,

3) notað viðeigandi aðferðir til boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,

4) leyst á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur og

5) notað mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.

c) Að undanskildum þeim flugmönnum sem hafa sýnt fram á tungumálafærni á sérfræðistigi (6. stigi), í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka, skal skráning tungumálafærni endurmetin:

1) á fjögurra ára fresti, ef sýnt hefur verið fram á starfrækslustig (4. stig) eða

2) á sex ára fresti, ef sýnt hefur verið fram á framhaldsstig (5. stig).

d) Sérstakar kröfur sem handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið þurfa að uppfylla. Án þess að hafa áhrif á liðina hér að framan skulu handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið hafa sýnt fram á færni til þess að nota enska tungu á viðeigandi hæfnisstigi eins og skilgreint er í 2. viðbæti við þennan viðauka.

e) Handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið skulu sýna fram á tungumálafærni sína og færni til þess að nota enska tungu með því að nota þá matsaðferð sem lögbært yfirvald ákveður.“

5) Í stað 2. liðar c-liðar í FCL.060 kemur eftirfarandi:

„2) Ef flugmaðurinn uppfyllir ekki kröfuna í 1. lið skal hann eða hún ljúka þjálfunarflugi með kennara sem hefur réttindi í samræmi við J-kafla til að kenna á þá tegund loftfars. Þjálfunarflugið skal fara fram í loftfarinu eða í flughermi með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem nota á og skal fela í sér a.m.k. kröfurnar sem lýst er í 1. og 2. lið b-liðar áður en hann eða hún getur neytt réttinda sinna.“

6) Í FCL.115 er nýjum d-lið bætt við:

„d) Að því er varðar þjálfun fyrir flokksáritun fyrir eins hreyfils sjóflugvél með bulluhreyfli skal taka tillit til þátta í 7. lið (flokksáritun – sjór) í B-hluta (sértækar kröfur fyrir flugvélar) í 9. viðbæti við þennan viðauka.“

7) Í stað liðar FCL.120 kemur eftirfarandi:

„FCL.120 LAPL — Próf í bóklegri þekkingu

a) Umsækjendur um LAPL(A)-skírteini og LAPL(H)-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

— lög og reglur um loftferðir og verklagsreglur fyrir flugumferðarstjórn (ATC)

— mannleg geta,

— veðurfræði,

— fjarskipti,

— flugleiðsaga,

2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

— flugeðlisfræði,

— verklagsreglur í flugi,

— afkastageta og áætlanagerð,

— almenn þekking á loftförum.

b) Umsækjendur um LAPL(B)-skírteini og LAPL(S)-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

— lög og reglur um loftferðir og verklagsreglur fyrir flugumferðarstjórn (ATC),

— mannleg geta,

— veðurfræði og

— fjarskipti,

2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

— flugeðlisfræði,

— verklagsreglur í flugi,

— afkastageta og áætlanagerð,

— almenn þekking á loftförum og

— flugleiðsaga.“

8) Í stað liðar FCL.105.A kemur eftirfarandi:

„FCL.105.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar (LAPL(A)) — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi

Réttindi handhafa LAPL-skírteinis heimila honum að starfa sem flugstjóri á eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli, eins hreyfils sjóflugvél með bulluhreyfli eða ferðavélsvifflugu með skráðum hámarksflugtaksmassa, sem er 2000 kg eða minni, með að hámarki þrjá farþega, þannig að aldrei séu fleiri en fjórar manneskjur um borð í loftfarinu.

b) Skilyrði

1) Handhafar LAPL(A)-skírteinis mega aðeins fljúga með farþega ef þeir hafa lokið tíu fartímum sem flugstjóri flugvélar eða ferðavélsvifflugu eftir útgáfu skírteinisins.

2) Handhafar LAPL(A)-skírteinis, sem hafa áður verið handhafar ATPL(A)-skírteinis, MPL(A)-skírteinis, CPL(A)-skírteinis eða PPL(A)-skírteinis, eru undanþegnir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 1. lið b-liðar.“

9) Í stað b-liðar í FCL.135.A kemur eftirfarandi:

„b) Vilji flugmaður fá viðbótarréttindi fyrir annað afbrigði innan sama flokks er þess krafist að hann gangist annaðhvort undir mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun. Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins eða í sambærilegt skjal og hún undirrituð af kennara.“

10) Í stað liðar FCL.140.A kemur eftirfarandi:

„FCL.140.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — Kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafar LAPL(A)-skírteinis skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna ef þeir hafa á næstliðnum tveimur árum uppfyllt eitthvert eftirfarandi skilyrða sem flugmenn flugvéla eða ferðavélsvifflugna:

1) þeir hafa lokið a.m.k. 12 fartímum sem flugstjórar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara, þ.m.t.:

— 12 flugtök og lendingar,

— upprifjunarþjálfun sem er a.m.k. ein klukkustund af heildarfartíma með kennara,

2) þeir hafa staðist hæfnipróf fyrir LAPL(A)-skírteini með prófdómara; áætlunin um hæfnipróf skal byggð á færniprófinu fyrir LAPL(A)-skírteini.

b) Ef handhafar LAPL(A)-skírteinis hafa bæði réttindi fyrir eins hreyfils landflugvélar með bulluhreyfli og eins hreyfils sjóflugvélar með bulluhreyfli geta þeir uppfyllt kröfurnar í 1. lið a-liðar í hvorum flokknum sem er eða sambland af þessu, sem skal gilda fyrir bæði réttindin. Í þessum tilgangi skal a.m.k. einni klukkustund af fartíma og 6 af þeim 12 flugtökum og lendingum, sem krafist er, lokið í hverjum flokki.“

11) Í stað liðar FCL.140.H kemur eftirfarandi:

„FCL.140.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur (LAPL(H)) — Kröfur um nýlega reynslu

Handhafar LAPL(H)-skírteinis skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á tiltekna tegund ef þeir hafa á næstliðnum tólf mánuðum annaðhvort:

a) lokið a.m.k. 6 fartímum á þessari tegund af þyrlu sem flugstjóri, með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara, þ.m.t. 6 flugtök, aðflug og lendingar, og hafa lokið upprifjunarþjálfun sem er a.m.k. ein klukkustund af heildarfartíma með kennara eða

b) staðist hæfnipróf með prófdómara á viðeigandi tegund áður en þeir neyta réttinda skírteina sinna á ný. Þessi áætlun um hæfnipróf skal byggð á færniprófinu fyrir LAPL(H)-skírteini.“

12) Í stað liðar FCL.215 kemur eftirfarandi:

„FCL.215 Próf í bóklegri þekkingu

a) Umsækjendur um PPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

— lög og reglur um loftferðir,

— mannleg geta,

— veðurfræði og

— fjarskipti og

— flugleiðsaga,

2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

— flugeðlisfræði,

— verklagsreglur í flugi,

— afkastageta og áætlanagerð og

— almenn þekking á loftförum.

b) Umsækjendur um BPL-skírteini eða SPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

— lög og reglur um loftferðir,

— mannleg geta,

— veðurfræði og

— fjarskipti.

2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

— flugeðlisfræði,

— verklagsreglur í flugi,

— afkastageta og áætlanagerð,

— almenn þekking á loftförum og

— flugleiðsaga.“

13) Í stað a-liðar í FCL.205.A kemur eftirfarandi:

„a) Réttindi handhafa PPL(A)-skírteinis heimila þeim að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmenn í flugi sem ekki er í ábataskyni á flugvélum eða ferðavélsvifflugum og að neyta allra réttinda handhafa LAPL(A)-skírteinis.“

14) Í stað a-liðar í FCL.205.H kemur eftirfarandi:

„a) Réttindi handhafa PPL(H)-skírteinis heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á þyrlum og neyta allra réttinda handhafa LAPL(H)-skírteinis.“

15) Í stað liðar FCL.625 kemur eftirfarandi:

„FCL.625 Blindflugsáritun — Gildistími, framlenging og endurnýjun

a) Gildistími

Blindflugsáritun skal gilda í eitt ár.

b) Framlenging

1) Blindflugsáritun skal framlengd innan næstliðinna þriggja mánaða áður en áritunin fellur úr gildi með því að uppfylla viðmiðanirnar um framlengingu fyrir viðkomandi gerð loftfars.

2) Ef umsækjendur velja að uppfylla kröfurnar um framlengingu fyrr en mælt er fyrir um í 1. lið skal nýi gildistíminn hefjast frá og með dagsetningu hæfniprófsins.

3) Umsækjendur, sem ekki standast viðeigandi hluta hæfniprófs vegna blindflugsáritunar áður en gildistími blindflugsáritunarinnar rennur út, skulu aðeins neyta blindflugsréttinda sinna ef þeir hafa staðist hæfniprófið vegna blindflugsáritunar.

c) Endurnýjun

Ef blindflugsáritun er útrunnin skulu umsækjendur uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að endurnýja réttindi sín:

1) ljúka upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki ef samþykkta þjálfunarfyrirtækið telur það nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem krafist er til að standast blindflugshluta færniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka,

2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka, á viðeigandi gerð loftfars,

3) hafa undir höndum viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema annað sé tilgreint í þessum viðauka.

d) Ef blindflugsáritunin hefur ekki verið framlengd eða endurnýjuð á næstliðnum sjö árum er umsækjendunum um blindflugsáritun skylt að standast aftur prófið í bóklegri þekkingu og færniprófið fyrir blindflugsáritun.

e) Handhafar gildrar blindflugsáritunar, sem er skráð í flugmannsskírteini sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, skulu undanþegnir því að uppfylla kröfurnar í 1. lið c-liðar og í d-lið er þeir endurnýja blindflugsréttindin sem skráð eru í skírteini sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka.

f) Hæfniprófið, sem um getur í 2. lið c-liðar og í e-lið, má taka með hæfniprófinu fyrir endurnýjun á viðeigandi flokks- eða tegundaráritun.“

16) Í stað a-liðar í FCL.625.A kemur eftirfarandi:

„a) Framlenging.

Til að framlengja blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu umsækjendur:

1) hafa undir höndum viðeigandi flokks- eða tegundaráritun nema ef framlenging á blindflugsáritun er gerð samhliða endurnýjun á viðeigandi flokks- eða tegundaráritun,

2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka ef framlenging á blindflugsáritun er gerð samhliða framlengingu á flokks- eða tegundaráritun,

3) ef framlenging á blindflugsáritun er ekki gerð samhliða framlengingu á flokks- eða tegundaráritun gildir eftirfarandi:

i. að því er varðar einstjórnarflugvélar skulu umsækjendur hafa lokið 3. hluta b og þeim liðum í 1. hluta sem eiga við fyrirhugað flug í hæfniprófinu, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka,

ii. að því er varðar fjölhreyfla flugvélar skulu umsækjendur ljúka 6. hluta hæfniprófsins fyrir einstjórnarflugvélar, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka, þar sem flogið er eftir mælitækjum eingöngu.

4) Nota má flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðeigandi flokki eða tegund flugvélar, fyrir framlenginguna skv. 2. lið svo fremi sem a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar fyrir flugvélar fari fram í flugvél.“

17) Í stað liðar FCL.625.H kemur eftirfarandi:

„FCL.625.H Blindflugsáritun fyrir þyrlur — Framlenging

a) Til að framlengja blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu umsækjendur:

1) hafa undir höndum viðeigandi tegundaráritun nema ef framlenging á blindflugsáritun er gerð samhliða endurnýjun á viðeigandi tegundaráritun,

2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðeigandi þyrlutegund ef endurnýjun á blindflugsáritun er gerð samhliða framlengingu á tegundaráritun,

3) ef framlenging á blindflugsáritun er ekki gerð samhliða framlengingu á tegundaráritun skulu umsækjendur ljúka 5. hluta og viðeigandi hlutum í 1. hluta hæfniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðeigandi þyrlutegund.

b) Nota má flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðeigandi þyrlutegund, fyrir hæfniprófið skv. 3. lið a-liðar svo fremi sem a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu á blindflugsáritun fyrir þyrlur fari fram í þyrlu.

c) Viðurkenningu skal veita í samræmi við 8. viðbæti við þennan viðauka.“

18) Í stað liðar FCL.710 kemur eftirfarandi:

„FCL.710 Flokks- og tegundaráritanir — Afbrigði

a) Flugmenn skulu ljúka mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun til að fá viðbótarréttindi fyrir annað afbrigði loftfars innan sömu flokks eða tegundaráritunar. Ef um er að ræða afbrigði innan flokks- eða tegundaráritunar skal mismunarþjálfunin eða kynningarþjálfunin taka til viðeigandi þátta sem skilgreindir eru í gögnunum um örugga starfrækslu, eftir atvikum.

b) Mismunarþjálfunin skal fara fram hjá einhverjum af eftirfarandi:

1) samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

2) yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki að því er varðar þau loftför sem um getur í c-lið 1. liðar a-liðar og c-lið 2. liðar a-liðar í DTO.GEN.110 í VIII. viðauka,

3) handhafa flugrekandaskírteinis sem hefur viðurkennda mismunarþjálfunaráætlun fyrir viðkomandi flokk eða tegund.

c) Þrátt fyrir kröfuna í b-lið mega kennarar með viðeigandi réttindi sjá um mismunarþjálfun fyrir ferðavélsviffflugu, eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli, eins hreyfils flugvél með hverfihreyfli og fjölhreyfla flugvél með bulluhreyfli, nema kveðið sé um annað í gögnunum um örugga starfrækslu.

d) Hafi flugmenn ekki flogið afbrigðinu á næstliðnum tveimur árum eftir þjálfunina sem talin er upp í b-lið, skal ljúka frekari mismunarþjálfun eða hæfniprófi á því afbrigði, að undanskildum tegundum eða afbrigðum sem falla undir flokksáritanir fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og fyrir ferðavélsviffflugur.

e) Skrá skal mismunarþjálfunina eða hæfniprófið á því afbrigði í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara eða prófdómara, eins og við á.“

19) Eftirfarandi 5. liður bætist við b-lið FCL.725:

„5) Fyrir eins hreyfils og fjölhreyfla einstjórnarsjóflugvélar skal prófið vera skriflegt og samanstanda af 30 fjölvalsspurningum.“

20) Í stað liðar FCL.740 kemur eftirfarandi:

„FCL.740 Gildi og endurnýjun flokks- og tegundaráritana

a) Gildistími

Gildistími flokks- og tegundaráritana skal vera eitt ár, nema hvað varðar flokksáritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarloftför, en gildistími þeirra skal vera tvö ár, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu. Ef flugmenn velja að uppfylla kröfur um framlengingu fyrr en mælt er fyrir um í liðum FCL.740.A, FCL.740.H, FCL.740.PL og FCL.740.As skal nýi gildistíminn hefjast frá og með dagsetningu hæfnisprófsins.

b) Endurnýjun

Fyrir endurnýjun á flokks- eða tegundaráritun skal umsækjandinn uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) ljúka hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka,

2) áður en hann undirgengst hæfniprófið, sem um getur í 1. lið, ljúka upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki ef samþykkta þjálfunarfyrirtækið telur það nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem krafist er til að tryggja örugga starfrækslu viðeigandi flokks eða tegundar loftfars, nema viðkomandi hafi gilda áritun fyrir sama flokk eða tegund loftfars á flugmannsskírteini sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicagosamninginn og viðkomandi hefur rétt til að neyta réttinda þeirrar áritunar. Umsækjandinn getur lokið þjálfuninni:

i. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki ef útrunna áritunin varðaði flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu, flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu eða tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur sem um getur í lið c-lið 2. liðar a-liðar í DTO.GEN.110 í VIII. viðauka,

ii. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hjá kennara ef áritunin rann út í mesta lagi þremur árum áður og áritunin varðaði flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu eða flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu.

3) Þrátt fyrir 1. lið b-liðar og 2. lið b-liðar skulu flugmenn, sem eru handhafar reynsluflugsáritunar sem gefin er út í samræmi við lið FCL.820, og sem tóku þátt í reynsluflugi á þróunar-, vottunar- eða framleiðslustigi fyrir loftfarstegund og hafa lokið annaðhvort 50 klst. heildarfartíma eða 10 klst. fartíma sem flugstjórar í reynsluflugi á þeirri tegund á næstliðnu ári fyrir dagsetningu umsóknar, hafa rétt til þess að sækja um framlengingu gildistíma eða endurnýjun áritunar fyrir viðeigandi gerð loftfars.“

21) Í stað d-liðar FCL.805 kemur eftirfarandi:

„d) Réttindi áritana fyrir flugtog á svifflugum og flugtog á borðum skulu takmarkast við flugvélar eða ferðavélsvifflugur, eftir því á hvoru loftfarinu flugkennslan fór fram. Fyrir flugtog á borðum skulu réttindin takmarkast við þá flugtogaðferð sem notuð var í flugkennslunni. Veita skal viðbótarréttindi ef flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. þremur þjálfunarflugum með kennara þar sem farið er yfir allt efni námskrár flugtogsþjálfunar á öðru hvoru loftfarinu og aðferðina fyrir flugtog á borðum.“

22) Í stað inngangsmálsliðar 1. liðar a-liðar í lið FCL.810 kemur eftirfarandi:

„1) Til að neyta réttinda LAPL-skírteinis, SPL-skírteinis eða PPL-skírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki innan sex mánaða. Námskeiðið skal samanstanda af:“.

23) Í stað e-liðar í lið FCL.815 kemur eftirfarandi:

„e) Framlenging

Til að framlengja gildistíma fjallaflugsáritunar skulu umsækjendur annaðhvort:

1) hafa lokið a.m.k. sex lendingum á yfirborði, sem talið er að krefjist fjallaflugsáritunar, á næstliðnum tveimur árum eða

2) standast hæfnipróf sem uppfyllir kröfurnar í c-lið.“

24) Í stað c-liðar FCL.900 kemur eftirfarandi:

„c) Kennsla sem veitt er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir a-lið, ef um er að ræða flugkennslu sem veitt er í tengslum við þjálfunarnámskeið sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka og sem fer fram utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út kennaravottorð til umsækjenda sem:

i. hafa flugmannsskírteini sem uppfyllir allar eftirfarandi viðmiðanir:

A) það samræmist 1. viðauka við Chicago-samninginn,

B) það er í öllum tilvikum a.m.k. CPL-skírteini á viðeigandi gerð loftfars með viðeigandi áritun eða vottorði,

ii. uppfylla kröfurnar, sem komið er á í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi kennaravottorðs,

iii) sýna lögbæru yfirvaldi fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum til að geta neytt réttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið skal takmarka við flugkennslu á þjálfunarnámskeiði sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

i. það er haldið utan yfirráðasvæðisins sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum,

ii. það er haldið fyrir flugnema sem hafa nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.“

25) Í stað a-liðar í lið FCL.935 kemur eftirfarandi:

„a) Að undanskildum kennurum í áhafnarsamstarfi (MCCI), flugþjálfakennurum á einstjórnarloftför (STI), fjallaflugskennurum (MI) og reynsluflugskennurum (FTI) skal umsækjandi um kennaravottorð standast hæfnismat á viðeigandi gerð loftfars, í viðeigandi flokki eða tegund eða á viðeigandi flughermisþjálfa, til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við K-kafla í þessum viðauka, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu viðkomandi skírteinis, áritunar eða vottorðs.“

26) Í stað liðar FCL.940 kemur eftirfarandi:

„FCL.940 Gildistími kennaravottorða

Að undanskildu vottorði fjallaflugskennara og án þess að hafa áhrif á 1. lið b-liðar í FCL.900 og 2. lið e-liðar í FCL.915 skulu kennaravottorð gilda í þrjú ár.“

27) Í stað liðar FCL.905.FI kemur eftirfarandi:

„FCL.905.FI Réttindi og skilyrði

Réttindi flugkennara eru að veita flugkennslu til útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar:

a) PPL-skírteinis, SPL-skírteinis, BPL-skírteinis og LAPL-skírteinis á viðeigandi gerð loftfars,

b) flokks- og tegundaráritana fyrir einstjórnarloftför, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, sem og viðbótar við flokks- eða hópréttindi fyrir loftbelgi og vottorða um nýlega reynslu fyrir sviffflugur,

c) flokks- og tegundaráritana fyrir einstjórnarloftför, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því tilskildu að flugkennarar uppfylli eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

1) viðkomandi er eða hefur verið handhafi vottorðs tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar,

2) viðkomandi hefur lokið eftirfarandi:

i. a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður í fjölstjórnarumhverfi á flugvélum og

ii. þjálfunarnámskeiðinu fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við lið FCL.930.MCCI,

d) tegundaráritana fyrir einstjórnar- eða fjölstjórnarloftskip,

e) CPL-skírteinis á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn hafi lokið a.m.k. 200 flugkennslutímum á viðeigandi gerð loftfars,

f) næturflugsáritunarinnar, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1) hann hefur réttindi til að fljúga að nóttu til á viðeigandi gerð loftfars,

2) hann hefur sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið, fram á hæfni til að kenna að nóttu til,

3) hann uppfyllir kröfurnar um reynslu í næturflugi sem mælt er fyrir um í 2. lið b-liðar FCL.060,

g) áritunar fyrir flugtog eða listflug eða, að því er varðar flugkennara á svifflugu, skýjaflugsáritunar, að því tilskildu að slík réttindi séu til staðar og að flugkennarinn hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir þá áritun,

h) blindflugsáritunar í flugleið eða blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1) hann hefur lokið a.m.k. 200 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, en þar af mega allt að 50 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II,

2) hann hefur lokið blindflugskennaranámskeiði sem flugnemi og staðist hæfnismatið fyrir blindflugskennaravottorðið,

3) hann uppfyllir kröfur a-liðar FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935 ef um er að ræða fjölhreyfla flugvél og uppfyllir kröfur 1. liðar c-liðar FCL.910.TRI og 2. liðar d-liðar FCL.910.TRI ef um er að ræða fjölhreyfla þyrlur,

i) flokks- eða tegundaráritana fyrir fjölhreyfla einstjórnarloftför að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli eftirfarandi skilyrði:

1) ef um er að ræða flugvélar, uppfylli kröfur a-liðar FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935,

2) ef um er að ræða þyrlur, uppfylli kröfur 1. liðar c-liðar FCL.910.TRI og 2. lið d-liðar FCL.915.TRI,

j) vottorðs flugkennara (FI), blindflugskennara (IRI), flokkskennara (CRI), flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför (STI) eða fjallaflugskennara (MI), að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1) hvað varðar flugkennara á svifflugu, að hafa lokið a.m.k. 50 tímum eða 150 flugtökum í flugkennslu á svifflugum, hvað varðar flugkennara á loftbelgi, að hafa lokið a.m.k. 50 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu á loftbelgjum og í öllum öðrum tilvikum, að hafa lokið 500 tímum í flugkennslu á viðeigandi gerð loftfars,

2) hann hefur staðist hæfnismat í samræmi við lið FCL.935 á viðeigandi gerð loftfars til að sýna flugkennaraprófdómara (FIE) fram á hæfni til þess að veita kennslu með tilliti til viðeigandi skírteinis,

k) MPL-skírteinis, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1) fyrir það stig þjálfunarinnar sem lýtur að grunnþjálfun í flugfærni, lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum, þar á meðal a.m.k. 200 flugkennslutímum,

2) fyrir grunnstig þjálfunarinnar:

i. blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar og réttindi til þess að veita kennslu fyrir blindflugsáritun,

ii. lokið a.m.k. 1500 fartímum í fjölstjórnarumhverfi,

3) þegar um er að ræða flugkennara sem hefur réttindi til að kenna á samtvinnuðum ATP(A)- eða CPL(A)/IR-þjálfunarnámskeiðum má, í stað kröfunnar í ii. lið 2. liðar, ljúka sérstaklega útfærðu námskeiði sem felur í sér:

i. kennslu í áhafnarsamstarfi,

ii. að fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 3. áfanga námskeiðs fyrir MPL-skírteini,

iii. að fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 4. áfanga námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,

iv. að fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í reglubundinni leiðarflugsþjálfun (LOFT) hjá flugrekanda,

v. efnisskrá námskeiðs fyrir kennara í áhafnarsamstarfi.

Í því tilviki skulu flugkennarar stjórna fyrstu fimm kennslulotunum sínum undir umsjón tegundarkennara á flugvélar (TRI(A)), kennara í áhafnarsamstarfi á flugvélar (MCCI(A)) eða flugþjálfakennara á flugvélar (SFI(A)), sem hafa réttindi til að veita kennslu til MPL-skírteinis.“

28) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.915.FI:

a) Í stað i. liðar 2. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„i. staðist viðeigandi bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis (bóklegt CPL-próf) sem hægt er að taka án þess að ljúka bóklegu atvinnuflugmannsnámskeiði og skal ekki veita rétt til útgáfu CPL-skírteinis, nema fyrir flugkennara á flugvélar sem veita aðeins þjálfun fyrir LAPL(A)-skírteini og“.

b) Í stað 2. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„2) a.m.k. 200 tímum sem flugstjóri, ef umsækjandinn hefur a.m.k. PPL(H)-skírteini og hefur staðist CPL-prófið, sem hægt er að taka án þess að ljúka bóklegu CPL-námskeiði og skal ekki veita rétt til útgáfu CPL-skírteinis,“.

29) Eftirfarandi c-liður bætist við FCL.930.FI:

„c) Umsækjendur um vottorð flugkennara sem eru eða hafa verið handhafar annarra kennaravottorða, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, skulu teljast standast kröfurnar í 1. lið b-liðar.“

30) Í stað liðar FCL.940.FI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.FI — Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging

1) Til að framlengja flugkennaravottorði skulu handhafar uppfylla a.m.k. tvær af þremur eftirfarandi kröfum áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi:

i. þeir skulu hafa lokið:

A) hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur: a.m.k. 50 flugkennslutímum á viðeigandi gerð loftfara sem flugkennarar, tegundarkennarar, flokkskennarar, blindflugskennarar, fjallaflugskennarar eða prófdómarar; ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu a.m.k. 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi,

B) hvað varðar flugkennara á loftskip: a.m.k. 20 flugkennslutímum á loftskipum sem flugkennarar, blindflugskennarar eða sem prófdómarar; ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu a.m.k. 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi,

C) hvað varðar flugkennara á svifflugum: a.m.k. 60 flugtökum eða 30 flugkennslutímum á svifflugum, vélsvifflugum eða ferðavélsvifflugum sem flugkennarar eða prófdómarar,

D) hvað varðar flugkennara á loftbelgi: a.m.k. 6 flugkennslutíma á loftbelgjum sem flugkennarar eða sem prófdómarar,

ii. þeir skulu hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hjá lögbæra yfirvaldinu; flugkennurum á loftbelgi og flugkennurum á svifflugur er heimilt að ljúka þessari upprifjunarþjálfun fyrir kennara hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki,

iii. þeir skulu hafa staðist hæfnismat í samræmi við FCL.935 innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi.

2) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu hvað varðar flugkennara á flugvélar eða þyrlur eða þriðju hverja framlengingu hvað varðar flugkennara á loftskip, svifflugur og loftbelgi skulu handhafar viðeigandi flugkennaravottorða standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

b) Endurnýjun.

Ef flugkennaravottorðið er fallið úr gildi skulu umsækjendur, innan 12 næstliðinna mánaða fyrir umsóknardag endurnýjunar, hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða lögbæru yfirvaldi eða, ef um er að ræða flugkennara á loftbelgi eða flugkennara á svifflugur, hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða lögbæru yfirvaldi og ljúka hæfnismati í samræmi við lið FCL.935.“

31) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar FCL.905.TRI:

„b) útgáfu vottorða tegundarkennara eða flugþjálfakennara, að því tilskildu að handhafinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1) að hafa a.m.k. 50 klukkustunda reynslu af flugkennslu sem tegundarkennari eða flugþjálfakennari í samræmi við þessa reglugerð eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012,

2) að hafa kennt verklega hlutann á viðeigandi hluta tegundarkennaranámskeiðsins, skv. 3. lið a-liðar FCL.930.TRI, með fullnægjandi hætti að mati skólastjóra samþykkts þjálfunarfyrirtækis og

c) hvað varðar tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu að því tilskildu að umsækjandinn sæki um réttindi til starfrækslu í einstjórnarumhverfi;

veita má tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)) viðbótarréttindi þannig að þau taki til flugkennslu fyrir tegundaráritanir á flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því gefnu að tegundarkennarinn uppfylli eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. hann er eða hefur verið handhafi tegundarkennaravottorðs á fjölstjórnarflugvélar,

ii. hann hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður í flugvélum við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við FCL.930.MCCI,

2) grunnstig MPL-námskeiðs, að því tilskildu að hann hafi viðbótarréttindi sem taka til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hann er eða hefur verið handhafi vottorðs flugkennara á flugvélar (FI(A)) eða blindflugskennara á flugvélar (IRI(A)),“.

32) Í stað liðar FCL.910.TRI kemur eftirfarandi:

„FCL.910.TRI Takmörkuð réttindi

a) Almennt. Ef tegundarkennaraþjálfunin fer eingöngu fram í flughermisþjálfum skulu réttindi tegundarkennara takmarkast við þjálfun í slíkum flughermisþjálfum. Þessi takmörkun skal hins vegar fela í sér eftirfarandi réttindi til að stjórna neðangreindu í loftfari:

1) leiðarflugi undir umsjón (LIFUS), að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér þá þjálfun sem tiltekin er í i. lið 4. liðar a-liðar FCL.930.TRI,

2) lendingarþjálfun, að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér þá þjálfun sem tiltekin er í ii. lið 4. liðar a-liðar FCL.930.TRI eða

3) þjálfunarfluginu sem tilgreint er í 2. lið c-liðar FCL.060, að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér þá þjálfun sem um getur í 1. lið a-liðar eða 2. lið a-liðar.

Aflétta skal takmörkunina við flughermisþjálfa ef tegundakennarar hafa lokið hæfnismati í loftfarinu.

b) Tegundarkennarar á flugvélar og á vænghnitur — TRI(A) og (TRI(PL)). Réttindi tegundarkennara takmarkast við þá tegund flugvélar eða vænghnitu sem þjálfunin og hæfnismatið fór fram á. Nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu skal veita viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundakennarar hafa:

1) lokið, á næstliðnum tólf mánuðum áður en umsóknin er lögð fram, a.m.k. 15 flugum, þ.m.t. flugtökum og lendingum á viðeigandi loftfarstegund, þar af má ljúka að hámarki 7 flugum í flughermisþjálfa,

2) lokið við viðeigandi hluta tækniþjálfunar og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,

3) staðist viðeigandi hluta hæfnismatsins, í samræmi við lið FCL.935, í þeim tilgangi að sýna flugkennaraprófdómara eða tegundarprófdómara, sem hafa réttindi í samræmi við K-kafla í þessum viðauka, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegum greinum.

Veita skal tegundarkennurum viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra afbrigða í samræmi við gögnin um örugga starfrækslu ef tegundarkennarar hafa lokið viðeigandi hlutum tækniþjálfunar og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.

c) Tegundarkennarar á þyrlur — TRI(H).

1) Réttindi tegundarkennara á þyrlur takmarkast við þá tegund þyrlu sem hæfnismatið var tekið á fyrir útgáfu tegundarkennaravottorðsins. Nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu skal veita tegundarkennurum viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundakennarar hafa:

i. lokið við viðeigandi hluta tegundarkennaranámskeiðsins er snúa að tækniþjálfun og flugkennslu,

ii. lokið, innan næstliðinna tólf mánaða fyrir umsóknardaginn, a.m.k. 10 tímum á viðeigandi tegund þyrlu, þar af má ljúka að hámarki 5 tímum í flughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2/3 og

iii. staðist viðeigandi hluta hæfnismatsins, í samræmi við lið FCL.935, í þeim tilgangi að sýna flugkennara-prófdómara eða tegundarprófdómara, sem hafa réttindi í samræmi við K-kafla í þessum viðauka, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegum greinum.

Veita skal tegundarkennurum viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra afbrigða í samræmi við gögnin um örugga starfrækslu ef tegundarkennarar hafa lokið viðeigandi hlutum tækniþjálfunar og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.

2) Áður en tegundarkennara á þyrlu í einstjórnarumhverfi eru veitt viðbótarréttindi þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi á sömu tegund þyrlna, skal handhafinn hafa starfrækt flug í fjölstjórnarumhverfi á þeirri tegund í a.m.k. 100 klst.

d) Þrátt fyrir liðina hér að ofan skulu handhafar tegundarkennaravottorðs, sem hafa fengið tegundaráritun í samræmi við e-lið FCL.725, eiga rétt á því að fá viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til þeirrar nýju tegundar loftfars.“

33) Í stað 1. liðar c-liðar í FCL.915.TRI kemur eftirfarandi:

„c) fyrir vottorð tegundarkennara á einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)):

1) innan næstliðinna tólf mánaða fyrir umsóknardaginn, hafa lokið a.m.k. 30 flugum, þar á meðal flugtökum og lendingum sem flugstjóri á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka að hámarki 15 flugum í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund og“.

34) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.930.TRI:

a) Í stað inngangsmálsliðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Tegundarkennaranámskeiðið skal aðeins fara fram í loftfarinu ef enginn flughermisþjálfi er tiltækur og aðgengilegur og skal samanstanda af:“.

b) Í stað 3. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

„3) 5 flugkennslutímum á viðeigandi loftfari eða flughermisþjálfa, sem líkir eftir því loftfari, fyrir einstjórnarloftför og 10 tímum fyrir fjölstjórnarloftför eða flughermisþjálfa, sem líkir eftir því loftfari,“.

c) Nýr 4. liður bætist við:

„4) eftirfarandi þjálfun, eftir því sem við á:

i. sértækri viðbótarþjálfun áður en leiðarflug undir umsjón (LIFUS) fer fram,

ii. sértækri viðbótarþjálfun áður en lendingarþjálfun fer fram. Þessi þjálfun í flughermisþjálfanum skal taka til þjálfunar í verklagsreglum í neyðartilvikum sem tengjast loftfarinu.“

35) Í stað liðar FCL.935.TRI kemur eftirfarandi:

„FCL.935.TRI Hæfnismat

a) Hæfnismat tegundarkennara fyrir fjölstjórnarflugvélar og vænghnitur skal fara fram í flughermi með fullri hreyfingu. Nota skal loftfar ef enginn flughermir með fullri hreyfingu er tiltækur eða aðgengilegur.

b) Hæfnismat tegundarkennara fyrir flóknar einstjórnarflugvélar og -þyrlur með mikla afkastagetu skal fara fram í einhverju af eftirfarandi:

1) í tiltækum og aðgengilegum flughermi með fullri hreyfingu,

2) í bæði flughermisþjálfa og loftfari, ef enginn flughermir með fullri hreyfingu er tiltækur eða aðgengilegur,

3) í loftfari, ef enginn flughermisþjálfi er tiltækur eða aðgengilegur.“

36) Í stað liðar FCL.940.TRI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.TRI Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging

1) Flugvélar

Til að framlengja vottorð tegundarkennara á flugvélar (TRI(A)) skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en vottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

i. stjórna einum af eftirtöldum hlutum af heildstæðu tegundarnámskeiði eða reglubundnu þjálfunarnámskeiði: flughermissetu í a.m.k. 3 klst. eða einni flugæfingu sem er a.m.k. 1 klst. og samanstendur af a.m.k. tveimur flugtökum og lendingum,

ii. ljúka upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari á flugvélar hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. standast hæfnismatið í samræmi við lið FCL.935. Umsækjendur sem hafa uppfyllt 3. lið b-liðar FCL.910.TRI skulu teljast uppfylla þessa kröfu.

2) Þyrlur og vænghnitur

Til að framlengja vottorð tegundarkennara á þyrlur (TRI(H)) eða á vænghnitur (TRI(PL)), skulu umsækjendur, áður en tegundarkennaravottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þrem kröfum:

i. ljúka a.m.k. 50 flugkennslutímum á öllum þeim tegundum loftfara sem hann hefur kennsluréttindi fyrir eða í flughermisþjálfa, sem líkir eftir þessum tegundum, þar af skal ljúka a.m.k. 15 tímum innan næstliðinna tólf mánaða áður en tegundarkennaravottorðið fellur úr gildi; hvað varðar tegundarkennara á vænghnitur skal þessum tímum lokið sem tegundarkennari eða tegundarprófdómari eða sem flugþjálfakennari eða flugþjálfaprófdómari; hvað varðar tegundarkennara á þyrlur (TRI(H)) skal í þessum tilgangi einnig taka tillit til þess fartíma sem floginn er sem flugkennari, blindflugskennari, flugþjálfakennari fyrir einstjórnarloftför eða sem hvers kyns prófdómari,

ii. ljúka upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari á þyrlur eða tegundarkennari á vænghnitur, eftir því sem við á, hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. hafa, á næstliðnum tólf mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, staðist hæfnismat í samræmi við lið FCL.935, 3. lið b-liðar FCL.910.TRI eða 3. lið c-liðar FCL.910.TRI, eftir því sem við á.

3) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á tegundarkennaravottorði skulu handhafar standast hæfnismat í samræmi við lið FCL.935.

4) Ef tegundarkennari er handhafi vottorðs fyrir fleiri en eina tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið, sem fer fram á einni þessara tegunda, fela í sér framlengingu á tegundarkennaravottorðinu fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu.

5) Sértækar kröfur fyrir framlengingu á vottorði tegundarkennara á þyrlur

Tegundarkennari á þyrlur, sem er handhafi vottorðs flugkennara á þyrlur á viðeigandi tegund, skal teljast uppfylla kröfur a-liðar. Í því tilviki skal vottorð tegundarkennara á þyrlur vera í gildi þar til vottorð flugkennara á þyrlur fellur úr gildi.

b) Endurnýjun

Til að endurnýja tegundarkennaravottorð skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða fyrir umsóknardaginn, hafa staðist hæfnismat í samræmi við lið FCL.935 og skulu hafa lokið eftirfarandi:

1) fyrir flugvélar:

i. a.m.k. 30 flugum, þ.m.t. flugtökum og lendingum á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka að hámarki 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu,

ii. upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem skal ná yfir viðeigandi þætti tegundarkennaranámskeiðsins,

2) fyrir þyrlur og vænghnitur:

i. a.m.k. 30 fartímum, þ.m.t. flugtökum og lendingum á viðeigandi tegund loftfars, þar af má ljúka að hámarki 5 tímum í flughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2/3,

ii. upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem skal ná yfir viðeigandi þætti tegundarkennaranámskeiðsins.

3) Ef umsækjendur eru handhafar vottorðs fyrir fleiri en eina tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið, sem fer fram á einni þessara tegunda, fela í sér endurnýjun á tegundarkennaravottorðinu fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu.“

37) Eftirfarandi ba-liður bætist við eftir b-lið í lið FCL.905.CRI:

„ba) Réttindi flokkskennara eru þau að veita kennslu fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, sem flogið er í fjölstjórnarumhverfi, að því tilskildu að flokkskennarar uppfylli einhver eftirfarandi skilyrða:

1) viðkomandi er eða hefur verið handhafi vottorðs tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar,

2) viðkomandi hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður í flugvélum við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hefur lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við lið FCL.930.MCCI.“

38) Í stað 3. liðar a-liðar í FCL.930.CRI kemur eftirfarandi:

„3) 5 flugkennslutímum í fjölhreyfla flugvélum eða flughermisþjálfa sem samsvarar þeim flokki eða tegund flugvélar, þ.m.t. a.m.k. 3 tímum í flugvélinni, eða a.m.k. 3 flugkennslutímum í eins hreyfils flugvélum, en flugkennsla skal vera í höndum flugkennara á flugvél, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið FCL.905.FI.“

39) Í stað liðar FCL.940.CRI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.CRI Framlenging og endurnýjun

a) Til að framlengja flokkskennaravottorð skulu umsækjendur, áður en flokkskennaravottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þrem kröfum:

1) veita a.m.k. 10 flugkennslutíma sem flokkskennari; ef umsækjendurnir hafa réttindi flokkskennara á bæði eins hreyfils og fjölhreyfla flugvélar skal þessum flugkennslutímum skipt jafnt á milli eins hreyfils og fjölhreyfla flugvéla,

2) ljúka upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hjá lögbæru yfirvaldi,

3) standast hæfnismatið í samræmi við lið FCL.935 fyrir fjölhreyfla eða eins hreyfils flugvélar, eins og við á.

b) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á flokkskennaravottorði skulu handhafar hafa uppfyllt kröfuna í 3. lið a-liðar.

c) Endurnýjun

Ef flokkskennaravottorðið er fallið úr gildi skal endurnýja það ef umsækjendur hafa, á næstliðnu tólf mánaða tímabili áður en umsókn um endurnýjun er lögð fram:

1) lokið upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hjá lögbæru yfirvaldi,

2) lokið hæfnismati eins og krafist er í lið FCL.935.“

40) Í stað 2. liðar b-liðar FCL.915.IRI kemur eftirfarandi:

„2) hvað varðar umsækjendur um blindflugsáritun fyrir fjölhreyflaþyrlur, uppfylla kröfurnar í ii. lið 3. liðar h-liðar FCL.905.FI,“.

41) Í stað ii. liðar 3. liðar a-liðar FCL.930.IRI kemur eftirfarandi:

„ii. fyrir blindflugskennararéttindi á þyrlur, a.m.k. 10 flugkennslutíma á þyrlu, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III. Ef um er að ræða umsækjendur með vottorð flugkennara á þyrlur fer þessi tímafjöldi niður í a.m.k. fimm.“

42) Í stað liðar FCL.905.SFI kemur eftirfarandi:

„FCL.905.SFI Réttindi og skilyrði

a) Réttindi flugþjálfakennara eru að veita kennslu í flugþjálfa innan viðeigandi gerðar loftfars fyrir:

1) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að þeir séu eða hafi verið handhafar blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars,

2) útgáfu blindflugsáritunar, að því tilskildu að þeir séu eða hafi verið handhafar blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars og hafi lokið blindflugskennaranámskeiði.

b) Réttindi flugþjálfakennara fyrir einstjórnarflugvélar eru að veita kennslu í flugþjálfa fyrir:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu ef umsækjendurnir sækja um réttindi til starfrækslu í einstjórnarumhverfi;

veita má flugþjálfakennara með réttindi á einstjórnarflugvélar viðbótarréttindi þannig að þau taki til flugkennslu fyrir tegundaráritanir á flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því gefnu að flugþjálfakennarinn uppfylli eftirfarandi skilyrði:

i. viðkomandi er eða hefur verið handhafi vottorðs tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar,

ii. viðkomandi hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður í flugvélum við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hefur lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við lið FCL.930.MCCI,

2) grunnstig námskeiðsins í áhafnarsamstarfi og MPL-þjálfunarnámskeiðsins, að því tilskildu að veitt hafi verið viðbótaráritun við réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi í samræmi við 1. lið.

c) Réttindi flugþjálfakennara fyrir fjölstjórnarflugvélar eru að veita kennslu í flugþjálfa fyrir:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir fjölstjórnarflugvélar og, ef umsækjendur sækja um réttindi til að starfrækja flug í fjölstjórnarumhverfi, fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu,

2) námskeiðið í áhafnarsamstarfi,

3) grunn-, milli- og framhaldsstig MPL-þjálfunarnámskeiðsins, að því tilskildu, hvað varðar grunnstigið, að þeir eru eða hafa verið handhafar vottorðs flugkennara eða blindflugskennara á flugvélar,

d) Réttindi flugþjálfakennara fyrir þyrlur eru að veita kennslu í flugþjálfa fyrir:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir þyrlur,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi ef flugþjálfakennarar hafa réttindi til að kenna á fjölstjórnarþyrlur.“

43) Í stað liðar FCL.910.SFI kemur eftirfarandi:

„FCL.910.SFI Takmörkuð réttindi

Takmarka skal réttindi flugþjálfakennara við flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem notað var á flugþjálfakennaranámskeiðinu.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum innan sömu gerðar loftfars, ef handhafar hafa:

a) lokið þeim hluta námskeiðsins til tegundaráritunar sem snýr að flughermum,

b) lokið við viðeigandi hluta tækniþjálfunar og flughermisþjálfahluta flugkennslunámskrárinnar á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,

c) stjórnað, á heildstæðu námskeiði til tegundaráritunar, flugkennslu sem stendur í minnst þrjá tíma og sem tengist störfum flugþjálfakennara á viðeigandi tegund undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati tegundarprófdómara eða flugþjálfaprófdómara, sem hefur réttindi þar að lútandi.

Veita skal flugþjálfakennara viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra afbrigða í samræmi við gögnin um örugga starfrækslu ef flugþjálfakennarinn hefur lokið þeim hlutum tækniþjálfunarinnar er snúa að tegundinni og flughermisþjálfahluta flugkennslunámskrárinnar á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.“

44) Í stað 2. liðar a-liðar í FCL.930.SFI kemur eftirfarandi:

„2) viðeigandi hluta tækniþjálfunarinnar og flughermisþjálfahluta flugkennslunámskrárinnar á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.“

45) Í stað liðar FCL.940.SFI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.SFI Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging

Fyrir framlengingu á vottorði flugþjálfakennara skulu umsækjendur, áður en vottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þrem kröfum:

1) hafa lokið a.m.k. 50 tímum sem kennarar eða prófdómarar í flughermisþjálfum, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera innan næstliðinna tólf mánaða áður en vottorðið fyrir flugþjálfakennara fellur úr gildi,

2) hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

3) hafa staðist viðeigandi þætti hæfnismatsins í samræmi við lið FCL.935.

b) Umsækjendurnir skulu enn fremur hafa lokið hæfniprófum fyrir útgáfu þessara tilteknu tegundaráritana fyrir loftför, í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeim tegundum sem þeir hafa réttindi fyrir.

c) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flugþjálfakennara skulu handhafar uppfylla kröfuna í 3. lið a-liðar.

d) Ef flugþjálfakennari er handhafi vottorðs fyrir fleiri en eina tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið, sem fram fer er á einni þessara tegunda, fela í sér framlengingu á vottorði flugþjálfakennara fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu.

e) Endurnýjun

Til að endurnýja vottorð flugþjálfakennara skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en umsóknin um endurnýjun er lögð fram, uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

2) hafa staðist hæfnismatið í samræmi við lið FCL.935,

3) hafa lokið færniprófinu fyrir útgáfu þessara tilteknu tegundaráritana fyrir loftför, í flughermi sem líkir eftir þeim tegundum sem réttindin skulu endurnýjuð fyrir.“

46) Í stað liðar FCL.910.STI kemur eftirfarandi:

„FCL.910.STI Takmörkuð réttindi

Réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarloftför (STI) skulu takmarkast við þann flughermisþjálfa sem notaður var á flugþjálfakennaranámskeiðinu fyrir einstjórnarloftför.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum loftfara, ef handhafar, á næstliðnum 12 mánuðum áður en umsóknin er lögð fram, hafa:

a) lokið við þann hluta flokkskennara- eða tegundarkennaranámskeiðsins sem snýr að flughermum um þann flokk eða þá tegund loftfars sem sótt er um kennsluréttindi fyrir,

b) staðist viðeigandi hluta hæfniprófsins, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermisþjálfa þar sem flugkennsla fer fram;

fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar,

c) stjórnað, á námskeiði til CPL-skírteinis, blindflugsáritunar, PPL-skírteinis eða á námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar, a.m.k. 3 flugkennslutímum undir umsjón flugkennara, flokkskennara á flugvél, blindflugskennara eða tegundarkennara, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t. a.m.k. einum flugkennslutíma undir eftirliti flugkennaraprófdómara á viðeigandi gerð loftfars.“

47) Í stað liðar FCL.915.STI kemur eftirfarandi:

„FCL.915.STI Forsendur

a) Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skulu:

1) innan þriggja næstliðinna ára áður en umsóknin var lögð fram, vera eða hafa verið handhafar flugmannsskírteinis og kennsluréttinda sem hæfa námskeiðunum sem kennslan er ætluð fyrir,

2) hafa lokið viðeigandi hæfniprófi á flughermisþjálfa fyrir flokks- eða tegundaráritunina, á næstliðnum 12 mánuðum áður en umsóknin er lögð fram.

Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem óska eftir því að kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skulu ljúka æfingunum sem eiga aðeins við um færnipróf fyrir útgáfu PPL(A)-skírteinis.

b) Til viðbótar þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a-lið skulu umsækjendur um útgáfu vottorðs flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlur (STI(H)) hafa lokið a.m.k. einum fartíma sem áhorfandi í stjórnklefa á viðkomandi þyrlutegund á næstliðnum tólf mánuðum áður en umsóknin er lögð fram.“

48) Í stað liðar FCL.940.STI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.STI Framlenging og endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför

a) Framlenging

Til að framlengja vottorð flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en vottorðið fellur úr gildi, uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hafa stjórnað a.m.k. 3 flugkennslutímum í flughermisþjálfa sem hluta af heildstæðu námskeiði til CPL-skírteinis, blindflugsáritunar, PPL-skírteinis eða námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar,

2) hafa staðist viðeigandi hluta hæfniprófsins, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermisþjálfa þar sem flugkennsla fer fram.

Fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu PPL(A)-skírteinis.

b) Endurnýjun

Til að endurnýja vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en umsóknin um endurnýjun er lögð fram:

1) ljúka upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari á einstjórnarloftför hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

2) standast viðeigandi hluta hæfniprófsins, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermisþjálfa þar sem flugkennsla fer fram;

fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu PPL(A)-skírteinis,

3) stjórna, á viðeigandi gerð loftfars, á heildstæðu námskeiði til CPL-skírteinis, blindflugsáritunar, PPL-skírteinis eða á námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar, a.m.k. 3 flugkennslutímum undir umsjón flugkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða tegundarkennara, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t. a.m.k. einum flugkennslutíma undir eftirliti flugkennaraprófdómara á viðeigandi gerð loftfars.“

49) Í stað liðar FCL.1000 kemur eftirfarandi:

„**FCL.1000 Prófdómaravottorð**

a) Almennt

Handhafar prófdómaravottorðs skulu:

1) nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka, vera handhafar skírteinis, áritunar eða vottorðs, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færniprófum, hæfniprófum eða hæfnismati, og vera með réttindi til að veita kennslu þar að lútandi,

2) hafa réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftfarinu við færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat ef slíkt fer fram á loftfarinu.

b) Sérstök skilyrði:

1) Lögbæra yfirvaldið má gefa út sérstakt vottorð sem gefur réttindi til að framkvæma færni- og hæfnipróf og hæfnismat ef ekki reynist mögulegt að fara að kröfunum, sem settar eru fram í þessum kafla, í tengslum við eftirfarandi:

i. þegar ný tegund loftfars er tekin í notkun í aðildarríkjunum eða í flota flugrekanda,

ii. innleiðingu nýrra þjálfunarnámskeiða í þessum viðauka.

Slíkt vottorð takmarkast við þau færni- og hæfnipróf og hæfnismat sem nauðsynleg eru þegar nýja loftfarstegundin er tekin í notkun eða við innleiðingu nýja þjálfunarnámskeiðsins en gildistími þess skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en eitt ár.

2) Handhafar vottorðs, sem gefið er út í samræmi við 1. lið b-liðar, sem vilja sækja um prófdómaravottorð skulu uppfylla forsendurnar og kröfurnar um framlengingu sem gilda fyrir prófdómaravottorð í þeim flokki.

3) Ef enginn prófdómari sem hefur réttindi er tiltækur mega lögbær yfirvöld, í hverju tilviki fyrir sig, leyfa eftirlitsmönnum eða prófdómurum, sem ekki uppfylla viðeigandi kröfur sem eru tilgreindar í a-lið varðandi kennara eða tegundar- eða flokksáritanir, að framkvæma færnipróf, hæfnipróf og hæfnismat.

c) Próf sem haldið er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna:

1) Þrátt fyrir a-lið, ef um er að ræða færnipróf og hæfnipróf sem haldin eru utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út prófdómaravottorð til umsækjenda sem eru handhafar flugmannsskírteinis sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjendurnir:

i. séu að minnsta kosti handhafar skírteinis, áritunar eða vottorðs, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færniprófum, hæfniprófum eða hæfnismati og séu í öllum tilvikum a.m.k. handhafar CPL-skírteinis,

ii. hafi réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftfarinu við færnipróf eða hæfnipróf sem fer fram á loftfarinu,

iii. uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í þessum kafla fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs og

iv. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt prófdómararéttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið sem vísað er til í 1. lið skal takmarkast við það að framkvæma færni- og hæfnipróf:

i. utan yfirráðasvæðanna sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og

ii. til handa flugmönnum sem hafa nægilega kunnátta á því tungumáli sem færni-/hæfniprófið fer fram á.“

50) Í stað liðar FCL.1005 kemur eftirfarandi:

„FCL.1005 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni

Prófdómarar skulu ekki framkvæma:

a) færnipróf eða hæfnismat umsækjenda vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs hjá þeim sem þeir hafa sjálfir veitt meira en 25% af þeirri flugkennslu sem krafist er fyrir það skírteini, áritun eða vottorð, sem færniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir og

b) færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat ef þeir eru ekki vissir um að þeir geti verið hlutlausir.“

51) Í stað liðar FCL.1025 kemur eftirfarandi:

„FCL.1025 Gildistími, framlenging og endurnýjun prófdómaravottorða

a) Gildistími

Prófdómaravottorð skal gilda í 3 ár.

b) Framlenging

Til að framlengja gildistíma prófdómaravottorðs skulu handhafar uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hafa framkvæmt sex færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismöt áður en vottorðið fellur úr gildi,

2) hafa lokið, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, upprifjunarnámskeiði fyrir prófdómara sem lögbæra yfirvaldið heldur eða sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur og samþykkt er af lögbæra yfirvaldinu; prófdómari, sem er handhafi vottorðs fyrir svifflugur eða loftbelgi má hafa, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, sótt upprifjunarnámskeið fyrir prófdómara sem yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og lögbæra yfirvaldið samþykkir,

3) á næstliðnum 12 mánuðum áður en prófdómaravottorðið fellur úr gildi skulu þeir framkvæma eitt færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat, sem um getur í 1. lið, og skulu:

i. hafa verið metnir af eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða af yfirprófdómara, sem hefur til þess sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu eða

ii. uppfylla kröfurnar í lið FCL.1020.

Ef umsækjendur um framlenginguna eru handhafar réttinda í fleiri en einum flokki má framlengja öll prófdómararéttindi ef umsækjendurnir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið b-liðar og í lið FCL.1020 fyrir einn þeirra flokka sem prófdómaravottorð þeirra taka til, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.

c) Endurnýjun

Ef vottorðið er útrunnið skulu umsækjendurnir, áður en þeir neyta réttindanna á ný, uppfylla kröfurnar í 2. lið b-liðar og í lið FCL.1020 á næstliðnum 12 mánuðum áður en umsóknin um endurnýjun er lögð fram.

d) Prófdómaravottorð skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjendurnir sýna fram á að þeir fari enn að kröfunum sem mælt er fyrir um í liðum FCL.1010 og FCL.1030.“

52) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.1005.TRE:

a) Í stað 5. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða fyrir tegundarkennara eða flugþjálfakennara á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómarar og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið FCL.1015.“

b) Í stað 4. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„4) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða tegundarkennara á þyrlur eða flugþjálfakennara á þyrlur, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið FCL.1015.“

53) Í stað b-liðar í FCL.1005.CRE kemur eftirfarandi:

„b) hæfnipróf fyrir:

1) framlengingu eða endurnýjun flokks- og tegundaráritana,

2) framlengingu blindflugsáritana, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 1500 fartíma sem flugmaður á flugvélum og hafi lokið a.m.k. 450 fartímum samkvæmt blindflugsreglum,

3) endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að þeir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-lið FCL.1010.IRE og

4) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana í flugleið, að því tilskildu að þeir hafi lokið a.m.k. 1500 fartímum sem flugmaður á flugvél og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. lið a-liðar í FCL.1010.IRE.“

54) Í stað b-liðar í FCL.1010.CRE kemur eftirfarandi:

„b) hafa flokkskennara- eða flugkennaravottorð með kennsluréttindi fyrir viðeigandi flokk eða tegund,“.

55) Í stað liðar FCL.1010.IRE kemur eftirfarandi:

„FCL.1010.IRE Forsendur

a) Blindflugsprófdómari fyrir flugvélar

Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir flugvélar skulu vera handhafar vottorðs blindflugskennara á flugvélar eða flugkennara á flugvélar með réttindi til að veita kennslu til blindflugsáritunar á flugvélar og skulu hafa lokið:

1) 2000 fartímum sem flugmenn á flugvélum og

2) 450 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu 250 fartímar vera í hlutverki kennara.

b) Blindflugsprófdómari fyrir þyrlur

Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu vera handhafar vottorðs blindflugskennara á þyrlur eða flugkennara á þyrlur með réttindi til að veita kennslu til blindflugsáritunar á þyrlur og skulu hafa lokið:

1) 2000 fartímum sem flugmenn á þyrlum og

2) 300 blindflugstímum á þyrlum, þar af skulu 200 fartímar vera í hlutverki kennara.

c) Blindflugsprófdómari fyrir loftskip

Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir loftskip skulu vera handhafar vottorðs blindflugskennara á loftskip eða flugkennara á loftskip með réttindi til að veita kennslu til blindflugsáritunar á loftskip og skulu hafa lokið:

1) 500 fartímum sem flugmenn á loftskipum og

2) 100 blindflugstímum á loftskipum, þar af skulu 50 fartímar vera í hlutverki kennara.“

56) Í stað liðar FCL.1005.SFE kemur eftirfarandi:

„FCL.1005.SFE Réttindi og skilyrði

a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar (SFE(A)) og flugþjálfaprófdómari fyrir vænghnitur (SFE(PL))

Réttindi flugþjálfaprófdómara fyrir flugvélar eða fyrir vænghnitur eru að framkvæma eftirfarandi í flughermi með fullri hreyfingu eða í viðeigandi flughermisþjálfa fyrir matið í 5. lið:

1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana fyrir flugvélar eða vænghnitur, eftir því sem við á,

2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritana ef það er gert á sama tíma og tegundaráritun er framlengd eða endurnýjuð, að því tilskildu að þeir hafi staðist hæfnipróf fyrir loftfarstegundina, þ.m.t. blindflugsáritunina, á næstliðnu ári,

3) færnipróf fyrir útgáfu ATPL(A)-skírteinis,

4) færnipróf fyrir útgáfu MPL-skírteinis, að því tilskildu að þeir hafi uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið FCL.925 og

5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem flugþjálfaprófdómari á flugvélar og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið liðar FCL.1015.

b) Flugþjálfaprófdómari á þyrlur (SFE(H))

Réttindi flugþjálfaprófdómara á þyrlur eru að framkvæma eftirfarandi í flughermi með fullri hreyfingu eða í viðeigandi flughermisþjálfa að því er varðar matið í 4. lið:

1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana,

2) hæfnipróf fyrir framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana ef þau próf eru tekin á sama tíma og tegundaráritun er framlengd eða endurnýjuð, að því tilskildu að flugþjálfaprófdómararnir hafi staðist hæfnipróf fyrir viðkomandi loftfarstegund, þ.m.t. blindflugsáritunina, á næstliðnu ári áður en hæfniprófið er þreytt,

3) færnipróf fyrir útgáfu ATPL(H)-skírteinis og

4) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara á þyrlur, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari fyrir þyrlur og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið liðar FCL.1015.“

57) Í stað liðar FCL.1010.SFE kemur eftirfarandi:

„FCL.1010.SFE Forsendur

a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar

Umsækjendur um vottorð flugþjálfaprófdómara fyrir flugvélar skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hvað varðar fjölstjórnarflugvélar:

i. vera eða hafa verið handhafar ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar fyrir viðeigandi tegund flugvélar,

ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi tegund flugvélar og

iii. hafa a.m.k. 1500 fartíma sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum,

2) hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

i. vera eða hafa verið handhafar CPL(A)- eða ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar fyrir viðeigandi tegund flugvélar,

ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi flokk eða tegund flugvélar,

iii. hafa a.m.k. 500 fartíma sem flugmenn á einstjórnarflugvélum,

3) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfa sem tegundarkennari á flugvélar eða flugþjálfakennari á flugvélar, á viðeigandi tegund.

b) Flugþjálfaprófdómari fyrir þyrlur

Umsækjendur um vottorð flugþjálfaprófdómara fyrir þyrlur skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) vera eða hafa verið handhafar ATPL(H)-skírteinis og tegundaráritunar fyrir viðeigandi tegund þyrlna,

2) vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir þyrlur fyrir viðeigandi tegund þyrlna,

3) hafa a.m.k. 1000 fartíma sem flugmenn á fjölstjórnarþyrlum,

4) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfa sem tegundarkennari á þyrlur eða flugþjálfakennari á þyrlur, á viðeigandi tegund.“

58) Í stað liða 1.1 og 1.2 í 1. viðbæti kemur eftirfarandi:

„1.1. Fyrir útgáfu LAPL-skírteinis skal handhafi LAPL-skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í lið FCL.120. Hins vegar skal námsgreinin „flugleiðsaga“ aðeins hljóta slíka viðurkenningu ef um er að ræða handhafa LAPL(A)-skírteinis sem sækir um útgáfu LAPL(H)-skírteinis eða handhafa LAPL(H)-skírteinis sem sækir um LAPL(A)-skírteini.

1.2. Fyrir útgáfu LAPL(A)-skírteinis, LAPL(H)-skírteinis eða PPL-skírteinis skulu handhafar PPL-skírteinis, CPL-skírteinis eða ATPL-skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í 1. lið a-liðar FCL.215.“

59) Í 1. viðbæti bætist við nýr liður sem liður 1.2a:

„1.2a Fyrir útgáfu LAPL(B)-skírteinis, LAPL(S)-skírteinis, BPL-skírteinis eða SPL-skírteinis skulu handhafar skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í 1. lið b-liðar FCL.215.“

60) Í stað b-liðar 9. liðar í A-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:

„b) 70 tímum sem flugstjóri, þar af mega allt að 55 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC); blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími sem flugstjóri að hámarki upp að 20 fartímum,“.

61) Í stað b-liðar 8. liðar í C-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:

„b) 70 tímum sem flugstjóri, þar af mega allt að 55 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC); blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími sem flugstjóri að hámarki upp að 20 fartímum,“.

62) Í stað b-liðar 8. liðar í D-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:

„b) 70 tímum sem flugstjóri, þar af mega allt að 55 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC),“.

63) Í stað a-liðar 3. liðar í E-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:

„a) hafa lokið 150 fartímum.

Að undanskilinni kröfunni um 50 fartíma sem flugstjóri í flugvélum, má meta tíma sem flugstjóri í öðrum gerðum loftfara upp í kröfuna um 150 fartíma í flugvél í eftirfarandi tilvikum:

1) 20 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(H)-skírteinis,

2) 50 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(H)-skírteinis,

3) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum,

4) 20 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(As)-skírteinis,

5) 50 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(As)-skírteinis,“.

64) Í stað a-liðar 3. liðar í K-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:

„a) hafa lokið 155 fartímum, þ.m.t. 50 tímum sem flugstjóri á þyrlu, en þar af skulu 10 tímar vera í landflugi.

Að undanskilinni kröfunni um 50 tíma sem flugstjóri í þyrlum má meta tíma sem flugstjóri í öðrum gerðum loftfara upp í kröfuna um 155 fartíma í þyrlu í eftirfarandi tilvikum:

1) 20 tíma á flugvélum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(A)-skírteinis,

2) 50 tíma á flugvélum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(A)-skírteinis,

3) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum,

4) 20 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(As)-skírteinis,

5) 50 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(As)-skírteinis,“.

65) Í stað töflunnar „EFNI PRÓFSINS“ varðandi flokkinn „flugvélar“ í 7. viðbæti kemur eftirfarandi tafla:

„Flugvélar

1. HLUTI — AÐGERÐIR FYRIR FLUG OG BROTTFLUG Nota skal gátlista, flugmennsku, ísingarvarnir/afísingaraðgerðir, o.s.frv., í öllum hlutunum	
a	Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars
b	Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu
c	Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og flugsáætlunar/leiðarflugbókar fyrir blindflug
d	Auðkenna tilskilin leiðsöguvirki fyrir brottflug, komuflug og aðflug
e	Fyrirflugsskoðun
f	Lágmarksveðurskilyrði
g	Akstur
h	Brottflug sem byggir á hæfisbundinni leiðsögu (ef við á): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts
i	Kynning fyrir flugtak, flugtak
j (°)	Skipt yfir í blindflug
k (°)	Verklagsreglur um blindbrottflug, þ.m.t. brottflug með hæfisbundinni leiðsögu, og stilling hæðarmælis
l (°)	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN (°)	
a	Stjórn flugvélarinnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal lárétt flug á mismunandi hraða, stilling stýra
b	Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju
c	Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 45° halla og bröttum lækkunarbeygjum
d (*)	Komist hjá yfirvofandi ofrisi í láréttu flugi eða klifurbeygjum/lækkunarbeygjum og í lendingarham
e	Bilaðir mælar, stöðugt klifur eða lækkun með 1. stigs beygju í gefna nefstefnu, komist úr óvenjulegri stöðu

3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ (°)	
a	Ferli haldið og komist á feril, t.d. að/frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) eða ferill milli varða (e. *Waypoints*)
b	Notkun leiðsögukerfa og aðflugstækja
c	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, flughæðar og flughraða, stilling afls, aðferðir við stillingu stýra
d	Stilling hæðarmælis
e	Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma (ETA) (biðflug – ef þörf krefur)
f	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa
g	Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt, ef þörf krefur
h	Samband við flugumferðarstjórn – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
HLUTI 3a — VERKLAGSREGLUR VIÐ KOMU	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja og auðkenni leiðsöguvirkja, ef við á
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Hæðar- og hraðatakmarkanir, ef við á
d	Komuflug með hæfisbundinni leiðsögu (ef við á): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
4. HLUTI (°) — ÞRÍVÍÐ BLINDFLUGSAÐGERÐ (++)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Athugun á lóðréttu flugslóðarhorni (e. *vertical path angle*) Fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
b	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar, þ.m.t. auðkenning á búnaði
c (+)	Verklagsreglur við biðflug
d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs
f	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
g (+)	Hætt við lendingu
h (+)	Verklagsreglur við fráflug/lendingu
i	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti
5. HLUTI (°) — TVÍVÍÐ BLINDAÐFLUGSAÐGERÐ (++)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
b	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar, þ.m.t. auðkenning á búnaði
c (+)	Verklagsreglur við biðflug
d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs

f	Stjórnun flughæðar/fjarlægðar að fráflugspunkti (MAPt), hraða og stefnu (stöðugt aðflug), stigbundin lækkun (e. *stepdown fixes*), ef við á
g (+)	Hætt við lendingu
h (+)	Verklagsreglur við fráflug/lendingu
i	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti
6. HLUTI — FLUG MEÐ EINN HREYFIL ÓSTARFHÆFAN (á eingöngu við um fjölhreyfla flugvélar) (°)	
a	Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak eða þegar hætt er við lendingu
b	Aðflug, hætt við lendingu og fráflug samkvæmt verklagsreglum með einn hreyfil óstarfhæfan
c	Aðflug og lending með einn hreyfil óstarfhæfan
d	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti

(°) Verður að framkvæma eingöngu út frá mælitækjum.
(*) Má framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II.
(+) Má framkvæma í annaðhvort 4. eða 5. hluta.
(++) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu í annaðhvort 4. eða 5. hluta skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.“

66) Í stað 8. viðbætis kemur eftirfarandi:

„8. VIÐBÆTIR

Viðurkenning veitt fyrir blindflugshluta hæfniprófs fyrir flokks- eða tegundaráritun

A. Flugvélar

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafar framlengja eða endurnýja réttindi blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar og fjölhreyfla einstjórnarflugvélar, eins og við á.

Þegar blindflugshlutinn er tekinn með færniprófinu eða hæfniprófinu og handhafar hafa í gildi:	Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniprófs:
tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvélar, tegundaráritun fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnar-flugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu, aðeins metinn 3. hluti B í hæfniprófinu í 5. lið í B-þætti 9. viðbætis
flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnar-flugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu í einstjórnarstarfrækslu	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar og flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnar-flugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu
flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnar-flugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu, sem takmarkaðar eru við fjölstjórnarstarfrækslu	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnar-flugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu
flokks- eða tegundaráritun fyrir eins hreyfils einstjórnar-flugvélar	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar

(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjendur flogið a.m.k. þrjú blindbrottflug og -aðflug og neytt réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu, þ.m.t. a.m.k. eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH) á flugvél í einstjórnarflokki eða -tegund flugvélar í einstjórnarstarfrækslu, eða, hvað varðar fjölhreyfla flugvélar aðrar en flóknar flugvélar með mikla afkastagetu, að umsækjendur hafi staðist 6. hluta færniprófsins fyrir einstjórnarflugvélar aðrar en flóknar flugvélar með mikilli afkastagetu, sem flogið er eingöngu út frá mælitækjum í einstjórnarumhverfi.

B. Þyrlur

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafar framlengja réttindi blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils og fjölhreyfla einstjórnarþyrlur eins og við á.

Þegar blindflugshlutinn er tekinn með færniprófinu eða hæfniprófinu og handhafar hafa í gildi:	Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniprófs:
tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur	tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur (*) og tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur (*)
tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur í einstjórnarstarfrækslu	tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur (*) og tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur (*)
tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur sem takmörkuð er við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi	tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur (*) og tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur (*)
tegundaráritun fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur í einstjórnarstarfrækslu	tegundaráritun fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur í einstjórnarstarfrækslu

(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjandinn flogið a.m.k. þrjú blindbrottflug og -aðflug og neytt réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu, þ.m.t. eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH)(t.a.m. aðflug samkvæmt viðmiðunarhniti (e. *point in space approach*), á einstjórnarþyrlu í einstjórnarstarfrækslu.“

67) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-þætti í 9. viðbæti:

a) Í stað töflunnar í 5. lið k-liðar kemur eftirfarandi:

	„(1)		(2)		(3)		(4)		(5)	
Tegund starfrækslu	**SP (einstjórnar)**		**MP (fjölstjórnar)**		**SP→MP (fyrsta skipti)**		**MP→SP (fyrsta skipti)**		**SP + MP**	
	Þjálfun	*Prófun/mat á hæfni*	*Þjálfun*	*Prófun/mat á hæfni*	*Þjálfun*	*Prófun/mat á hæfni*	*Þjálfun, prófun og mat á hæfni (eins hreyfils flugvélar)*	*Þjálfun, prófun og mat á hæfni (fjölhreyfla-flugvélar)*	*Eins hreyfils flugvélar*	*Fjölhreyflaflugvélar*
Fyrsta útgáfa: Flókin einstjórnar-flugvél	Hlutar 1-6 1-7	Hlutar 1-6 1-6	1.-7. hluti	Hlutar 1-6	Áhafnarsam-starf (MCC) Stjórnun áhafnarsam-vinnu (CRM) Mannlegir þættir Hættu- og mistaka-stjórnun (TEM) 7. hluti	Hlutar 1-6	liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	liður 1.6 og 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B		
Framlenging Flókin einstjórnar-flugvél	Á ekki við Á ekki við	Hlutar 1-6 1-6	Á ekki við	Hlutar 1-6	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Fjölstjórnarstarf-ræksla (MPO): 1.-7. hluti (þjálfun) 1.-6. hluti (mat á hæfni) Starfræksla í einstjórnarum-hverfi (SPO): liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	Fjölstjórnarstarf-ræksla (MPO): 1.-7. hluti (þjálfun) 1.-6. hluti (mat á hæfni) Starfræksla í ein-stjórnarumhverfi (SPO): liður 1.6 og 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B
Endurnýjun Flókin einstjórnar-flugvél	FCL.740	Hlutar 1-6 1-6	FCL.740	Hlutar 1-6	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framleng-ingu	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framleng-ingu“.

b) Í stað raðar 7.2.2 (æfingar) í töflunni í l-lið 5. liðar kemur eftirfarandi:

„7.2.2	Eftirfarandi æfingar í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu: — viðbrögð við hárri nefstöðu (e. *nose-high*) við mismunandi beygjuhalla og — viðbrögð við lágri nefstöðu (e. *nose-low*) við mismunandi beygjuhalla.	P	X Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu“.			

Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

68) Í stað 11. og 12. liðar a-liðar í ARA.GEN.220 kemur eftirfarandi og nýr 13. liður a-liðar bætist við sem hér segir:

„11) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni,

12) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og

13) mats- og heimildarferlið fyrir þau loftför sem mælt er fyrir um í a-lið liðar ORA.ATO.135 og a-lið liðar DTO.GEN.240.“

69) Nýr liður, ARA.GEN.360, bætist við sem hér segir:

„**ARA.GEN.360 Skipt um lögbært yfirvald**

a) Við móttöku beiðni frá skírteinishafa um að skipta um lögbært yfirvald, eins og tilgreint er í d-lið liðar FCL.015 í I. viðauka (FCL-hluta), skal lögbæra viðtökuyfirvaldið, án ótilhlýðilegrar tafar, fara þess á leit við lögbært yfirvald skírteinishafans að flytja, án ótilhlýðilegrar tafar, öll eftirfarandi gögn:

1) sannprófun skírteinis,

2) afrit af heilbrigðisskýrslum skírteinishafa sem viðkomandi lögbært yfirvald geymir í samræmi við liði ARA.GEN.220 og ARA.MED.150. Heilbrigðisskýrslurnar skulu fluttar í samræmi við lið MED.A.015 í IV. viðauka (MED-hluta) og skulu innihalda samantekt á viðeigandi heilsufarssögu umsækjandans, sem hefur verið staðfest og undirrituð af læknisfræðilegum sérfræðing.

b) Lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, skal geyma upprunalegar skrár skírteinishafa um skírteini hans og heilbrigði í samræmi við liði ARA.GEN.220, ARA.FCL.120 og ARA.MED.150.

c) Lögbært viðtökuyfirvald skal, án ótilhlýðilegrar tafar, endurútgefa skírteinið og heilbrigðisvottorðið að því tilskildu að það hafi móttekið og meðhöndlað öll þau gögn sem tilgreind eru í a-lið. Við endurútgáfu skírteinisins og heilbrigðisvottorðsins skal lögbæra viðtökuyfirvaldið án tafar fara þess á leit við skírteinishafann að hann skili inn skírteininu sem lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, gaf út og tengdu heilbrigðisvottorði.

d) Lögbært viðtökuyfirvald skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem annast flutninginn, þegar það hefur endurútgefið skírteinið og heilbrigðisvottorðið til skírteinishafans og skírteinishafinn hefur skilað inn skírteininu og heilbrigðisvottorðinu samkvæmt c-lið. Þar til slík tilkynning hefur verið móttekin ber lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, áfram ábyrgð á skírteininu og heilbrigðisvottorðinu sem upprunalega var gefið út til skírteinishafans.“

Ákvæðum VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

70) Í stað a-liðar í ORA.ATO.135 kemur eftirfarandi:

„a) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal hafa nægilega stóran flota af loftförum til þjálfunar eða flughermisþjálfum sem skulu búnir tækjabúnaði sem hentar þeim þjálfunarnámskeiðum sem í boði eru. Loftfaraflotinn skal samanstanda af loftförum sem uppfylla allar kröfur sem skilgreindar eru í reglugerð (ESB) 2018/1139. Loftför, sem falla undir a-, b-, c- eða d-lið í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, má nota fyrir þjálfun ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) lögbæra yfirvaldið hefur, í tengslum við matsferli, staðfest öryggisstig sem er sambærilegt því sem skilgreint er með öllum þeim grunnkröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,

2) lögbæra yfirvaldið hefur heimilað notkun loftfarsins við þjálfun hjá samþykkta þjálfunarfyrirtækinu.“

Ákvæðum VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (DTO-hluta) er breytt sem hér segir:

71) Í stað a-liðar í DTO.GEN.240 kemur eftirfarandi:

„a) Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið skal hafa nægilega stóran flota af loftförum til þjálfunar eða flughermisþjálfum sem skulu búnir tækjabúnaði sem hentar þeim þjálfunarnámskeiðum sem í boði eru. Loftfaraflotinn skal samanstanda af loftförum sem uppfylla allar kröfur sem skilgreindar eru í reglugerð (ESB) 2018/1139. Loftför, sem falla undir a-, b-, c- eða d-lið í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, má nota fyrir þjálfun ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) lögbæra yfirvaldið hefur, í tengslum við matsferli, staðfest öryggisstig sem er sambærilegt því sem skilgreint er með öllum þeim grunnkröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,

2) lögbæra yfirvaldið hefur heimilað notkun loftfarsins við þjálfun hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2153 **2023/EES/62/28**

frá 16. desember 2019

um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 319/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 4. mgr. 126. gr.,

að höfðu samráði við stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 hefur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) m.a. tekjur af þóknunum frá umsækjendum og handhöfum vottorða sem Flugöryggisstofnunin gefur út og frá aðilum sem hafa skráð yfirlýsingar hjá Flugöryggisstofnuninni, og af innheimtum gjöldum vegna útgáfu efnis, kærumeðferðar, þjálfunar og annarrar þjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014 ([2]) voru ákvarðaðar þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnunin á að innheimta. Gjaldskránum þarf þó að breyta til að endurheimta kostnað sem og til að koma í veg fyrir verulegan uppsafnaðan afgang í samræmi við ákvæði 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

3) Í þessu samhengi ætti að taka mið af spám Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar vinnuálag hennar, tengdan kostnað og aðra þætti sem máli skipta.

4) Ákvarða ætti þóknanir og gjöld, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, á gagnsæjan, sanngjarnan og samræmdan hátt og án mismununar.

5) Með fyrirvara um meginregluna um greiðslu kostnaðar, sem sett er fram í 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, ættu þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnunin innheimtir ekki að stofna samkeppnishæfni viðkomandi atvinnugreinar í Sambandinu í hættu. Einnig ætti að ákvarða þessi gjöld og þóknanir á grundvelli viðmiðana þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til greiðslugetu viðkomandi lögaðila eða einstaklinga, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

6) Jafnvel þótt öryggi í almenningsflugi ætti að vera það sem mestu varðar ætti Flugöryggisstofnunin samt sem áður að taka fullt tillit til kostnaðarhagkvæmni við framkvæmd verkefna sem hvíla á herðum hennar, með hliðsjón af umfangi þessara verkefna eftir gildistöku reglugerðar (ESB) 2018/1139 og þeim tilföngum sem hún hefur aðgang að.

7) Flugöryggisstofnuninni skal gert kleift að innheimta þóknanir og gjöld fyrir vottunarverkefni eða veitingu annarrar þjónustu, sem er ekki sérstaklega tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð en er innan ramma reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 327, 17.12.2019, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014 frá 27. mars 2014 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 593/2007 (Stjtíð. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 58).

8) Samningarnir, sem um getur í 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, ættu að liggja til grundvallar mati á raunverulegu vinnuálagi sem felst í vottun framleiðsluvara frá þriðju löndum. Að meginreglu til er ferlinu við fullgildingu Flugöryggisstofnunarinnar á vottorðum, sem þriðja land gefur út og Sambandið hefur gert viðeigandi samning við, lýst í slíkum samningum og ætti það að leiða til annars konar vinnuálags en þess sem krafist er vegna vottunarstarfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.

9) Fastsetja ætti tímamörk fyrir greiðslu þóknana og gjalda sem lögð eru á samkvæmt þessari reglugerð.

10) Til að stuðla að endurheimt þóknana og gjalda að því marki sem frekast er unnt ætti að kveða á um viðeigandi úrræði vegna vanskila eða hættu á vanskilum.

11) Landfræðileg staðsetning fyrirtækja á yfirráðasvæði aðildarríkjanna ætti ekki að hafa í för með sér mismunun. Af þessum sökum ætti að leggja saman ferðakostnað í tengslum við vottunarverkefni, sem framkvæmd eru vegna slíkra fyrirtækja, og deila honum niður á umsækjendur.

12) Í því skyni að auka fyrirsjáanleika ættu umsækjendur að geta óskað eftir mati á þeirri fjárhæð sem ber að greiða fyrir vottunarverkefni og þjónustu. Í ákveðnum tilvikum gæti Flugöryggisstofnunin þurft að framkvæma tæknilega forgreiningu fyrir undirbúning matsins. Í ljósi kostnaðar vegna slíkrar greiningar er réttlætanlegt að Flugöryggisstofnunin fái laun til samræmis við það.

13) Rétt þykir að gjöld, sem lögð eru á vegna kæru ákvarðana á vegum Flugöryggisstofnunarinnar, séu greidd að fullu áður en kæra er tekin til greina.

14) Þessi reglugerð ætti að gera atvinnugreininni kleift að áætla fjárhæð þeirra þóknana og gjalda sem hún mun verða krafin um að greiða en nauðsynlegt er að kanna reglubundið hvort endurskoða þurfi skilmála hennar í samræmi við 3. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

15) Hafa ætti samráð við hagsmunaaðila áður en gerðar eru breytingar á þóknunum sem og að veita þeim upplýsingar um hvernig þóknanirnar eru reiknaðar út. Slíkar upplýsingar ættu að veita hagsmunaaðilum yfirsýn yfir þann kostnað sem til fellur hjá Flugöryggisstofnuninni og framleiðni hennar.

16) Við endurskoðun á gjaldskrám ætti að fylgja málsmeðferð sem heimilar breytingar án ástæðulausra tafa á grundvelli reynslu Flugöryggisstofnunarinnar af beitingu þessarar reglugerðar, af samfelldri vöktun með tilföngum og vinnuaðferðum sem og af samfelldu mati á fjármagnsþörf.

17) Fella ætti reglugerð (ESB) nr. 319/2014 úr gildi með fyrirvara um umbreytingarákvæði.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er ákveðið í hvaða tilvikum beri að greiða Flugöryggisstofnuninni þóknanir og gjöld, fjárhæð þessara þóknana og gjalda og með hvaða hætti greiðslan fer fram.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „þóknanir“: fjárhæðir sem Flugöryggisstofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir vottunarverkefni,

b) „gjöld“: fjárhæðir sem Flugöryggisstofnunin innheimtir fyrir aðra þjónustu en vottunarverkefni,

c) „vottunarverkefni“: hvers konar starfsemi sem Flugöryggisstofnunin annast beint eða óbeint í þeim tilgangi að gefa út, viðhalda eða breyta vottorðum samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli téðrar reglugerðar,

d) „þjónusta“: hvers konar starfsemi sem Flugöryggisstofnunin innir af hendi, að undanskildum vottunarverkefnum, þ.m.t. afhending vöru,

e) „umsækjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem biður Flugöryggisstofnunina að framkvæma vottunarverkefni eða veita þjónustu,

f) „reikningstímabil“ (e. *billing cycle*): endurtekið tólf mánaða tímabil sem notað er fyrir verkefni til margra ára og eftirlitsverkefni. Tímabilið hefst:

1) að því er varðar þóknanir og gjöld sem eru tilgreind í töflum 1–6 í I. hluta viðaukans, þann dag þegar umsóknin berst,

2) að því er varðar þóknanir sem eru tilgreindar í töflu 8 í I. hluta viðaukans, 1. júní í kjölfar útgáfu vottorðsins,

3) að því er varðar samþykkisþóknanir sem eru tilgreindar í töflum 9–15 í I. hluta viðaukans, þann dag þegar umsóknin berst,

4) að því er varðar eftirlitsþóknanir sem eru tilgreindar í töflum 9–15 í I. hluta viðaukans, þann dag þegar umsóknin berst.

3. gr.

Ákvörðun þóknana og gjalda

1. Einungis Flugöryggisstofnunin skal innheimta og leggja á þóknanir og gjöld í samræmi við þessa reglugerð.

2. Nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð skulu þóknanir og gjöld reiknuð út samkvæmt tímataxtanum í II. hluta viðaukans.

3. Aðildarríki skulu ekki innheimta þóknanir fyrir verkefni sem falla innan valdsviðs Flugöryggisstofnunarinnar, jafnvel þótt þau annist þessi verkefni fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar. Flugöryggisstofnunin skal endurgreiða aðildarríkjunum fyrir vinnu við verkefni sem þau annast fyrir hennar hönd.

4. Þóknanir og gjöld skulu gefin upp og greidd í evrum.

5. Fjárhæðirnar, sem um getur í I., II. og II. hluta a viðaukans, skulu vera verðtryggðar, frá og með 1. janúar ár hvert, og fylgja verðbólgu sem mæld er í samræmi við aðferðina í IV. hluta viðaukans.

6. Þrátt fyrir þóknanirnar, sem um getur í viðaukanum, geta þóknanir fyrir vottunarverkefni, sem framkvæmd eru í tengslum við tvíhliða samning á milli Sambandsins og þriðja lands, fallið undir sérstök ákvæði sem mælt er fyrir um í viðkomandi tvíhliða samningi.

4. gr.

Greiðsla þóknana eða gjalda

1. Flugöryggisstofnunin skal setja skilmála um greiðslu þóknana og gjalda þar sem fram kemur við hvaða skilyrði Flugöryggisstofnunin leggur á gjöld fyrir vottunarverkefni og þjónustu. Flugöryggisstofnunin skal birta skilmálana á vefsetri sínu.

2. Umsækjandinn skal greiða að fullu þá fjárhæð sem honum ber innan 30 almanaksdaga frá því að umsækjandanum er tilkynnt um reikninginn.

3. Hafi Flugöryggisstofnunin ekki móttekið greiðslu reiknings að loknum frestinum, sem um getur í 2. mgr., er Flugöryggisstofnuninni heimilt að innheimta vexti fyrir hvern þann almanaksdag sem greiðsla dregst.

4. Vextirnir skulu vera þeir vextir sem Seðlabanki Evrópu notar við skammtímalánafyrirgreiðslur sínar og eru birtir í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, ásamt því að vera í gildi á fyrsta almanaksdegi þess mánaðar þegar greiðslan fellur í gjalddaga, að viðbættum átta prósentustigum.

5. gr.

Synjun eða stöðvun af fjárhagsástæðum

1. Án þess að það hafi áhrif á starfsreglur Flugöryggisstofnunarinnar er henni heimilt:

a) að synja umsókn ef þóknanir eða gjöld hafa ekki borist áður en tímabilið, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er liðið,

b) að synja eða stöðva umsókn ef sannanir liggja fyrir um bresti í fjárhagslegri getu umsækjanda nema umsækjandi leggi fram bankaábyrgð eða örugga innborgun,

c) að synja eða stöðva umsókn í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 8. gr.,

d) að synja beiðni um framsal vottorðs, ef ekki er staðið skil á greiðslum fyrir vottunarverkefni eða þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin hefur innt af hendi.

2. Áður en Flugöryggisstofnunin gerir ráðstafanir í samræmi við 1. mgr. skal hún hafa samráð við umsækjandann um fyrirhugaðar ráðstafanir sínar.

6. gr.

Ferðakostnaður

1. Ef vottunarverkefni eða þjónusta fer fram að öllu leyti eða að hluta til utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, skal umsækjandinn greiða ferðakostnað í samræmi við reiknireglu: $d = v + a + h - e$.

2. Að því er varðar reiknireglu, sem um getur í 1. mgr., gildir eftirfarandi:

d = ferðakostnaður sem greiða skal,

v = flutningskostnaður,

a = opinberir staðlaðir taxtar framkvæmdastjórnarinnar fyrir dagpeninga að því er varðar gistingu, máltíðir, kostnað við ferðir innan svæðisins í tengslum við viðkomandi verkefni og ýmis önnur útgjöld ([3]),

h = ferðatími (staðlaður ferðatími í klukkustundum á hvern ákvörðunarstað, sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar), samkvæmt tímataxtanum í II. hluta viðaukans ([4]), í tilviki viðskiptaferða, sem tengjast nokkrum verkefnum, skal upphæðinni skipt niður til samræmis við það,

e (e-þáttur) = meðalferðakostnaður innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, að meðtöldum meðalflutningskostnaði og meðalferðatíma innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, sem eru margfaldaðir með tímataxtanum í II. hluta viðaukans. Þetta gildi er endurskoðað árlega og lagðar á það verðbætur.

3. Ferðakostnaður vegna útgjalda í tengslum við veitingu þjónustu sem um getur í 2. mgr. 14. gr. skal eingöngu innheimtur í samræmi við II. hluta a viðaukans.

7. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Að fenginni beiðni frá umsækjanda, og með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., skal Flugöryggisstofnunin leggja fram fjárhagsáætlun.

2. Í þeim tilvikum þar sem Flugöryggisstofnunin þarf að framkvæma tæknilega forgreiningu fyrir ofangreinda fjárhagsáætlun, sökum vænts flækjustigs verkefnisins, skal innheimta fyrir greininguna á grunni tímavinnu samkvæmt samningsbundnu samkomulagi sem umsækjandinn og Flugöryggisstofnunin gera með sér.

([3]) Sjá gildandi taxta fyrir dagpeninga í „Current per diem rates“ á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar fyrir þróunaraðstoð Evrópu (EuropeAid) (http://ec.europa.eu/europeaid/work/procedures/ implementation/per_diems/index_en.htm).

([4]) Sjá staðlaðan ferðatíma í „Standard number of hours“ eins og kemur fram í „Standard travel time list“ á vefsetri Flugöryggisstofnunarinnar (https://www.easa.europa.eu/).

3. Að fenginni beiðni umsækjandans skal starfsemin stöðvuð tímabundið þar til Flugöryggisstofnunin hefur lagt fram áætlunina sem óskað er eftir og umsækjandinn hefur samþykkt hana.

4. Flugöryggisstofnunin skal breyta fjárhagsáætluninni ef í ljós kemur að verkefnið er einfaldara eða unnt er að vinna það hraðar en upphaflega var talið eða ef það er flóknara og tekur lengri tíma að vinna það en Flugöryggisstofnunin gat með góðu móti séð fyrir.

II. KAFLI

ÞÓKNANIR

8. gr.

Almenn ákvæði um greiðslu þóknana

1. Framkvæmd vottunarverkefna er háð því að þóknunin sé greidd fyrir fram að fullu, nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir tilhlýðilegt mat á tengdri fjárhagslegri áhættu. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að reikningsfæra þóknunina í einni greiðslu eftir að hafa tekið við umsókninni eða í upphafi árstímabilsins eða eftirlitstímabilsins.

2. Fyrir ákveðið vottunarverkefni skal umsækjandinn annaðhvort greiða:

a) fasta þóknun, eins og sett er fram í I. hluta viðaukans,

b) breytilega þóknun.

3. Breytilega þóknunin, sem um getur í b-lið 2. mgr., skal ákveðin með því að margfalda raunfjölda vinnustunda með tímataxtanum í II. hluta viðaukans.

4. Ef það er réttlætanlegt af tæknilegum aðstæðum sem varða þóknanirnar, sem eru ákvarðaðar í þessari reglugerð, þá er Flugöryggisstofnuninni heimilt, með fyrirvara um samþykki umsækjandans:

a) að endurflokka umsókn innan flokkanna sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa reglugerð,

b) að endurflokka nokkrar umsóknir sem eina staka umsókn, að því tilskildu að þessar umsóknir varði sömu tegundarhönnun og að þær varði eitt eða fleiri eftirfarandi atriði, í hvaða samsetningu sem er:

   i. meiri háttar breytingar,

   ii. meiri háttar viðgerðir, eða

   iii. viðbótartegundarvottorð.

Ef umsækjandinn er ekki sammála þeirri endurflokkun sem lögð er til getur Flugöryggisstofnunin synjað eða stöðvað viðkomandi umsókn(ir).

9. gr.

Greiðslutímabil

1. Þóknanirnar, sem um getur í töflu 1, 2 og 3 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil. Eftir fyrstu 12 mánuðina skal þóknunin vera 1/365 af viðkomandi þóknun á ársgrundvelli fyrir hvern dag.

2. Þóknanirnar, sem um getur í töflu 4 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn.

3. Þóknanirnar, sem um getur í töflu 8 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil.

4. Þóknanirnar, sem um getur í töflum 9–14 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar sem hér segir:

a) samþykkisþóknanir skulu innheimtar fyrir hverja umsókn,

b) eftirlitsþóknanir skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil,

Allar breytingar á fyrirtæki, sem hafa áhrif á samþykki þess, leiða til endurútreiknings á eftirlitsþóknun frá og með næsta 12 mánaða tímabili eftir að breytingin er samþykkt.

5. Í þeim tilvikum sem um getur í 2. lið f-liðar í 2. gr. skulu þóknanir, sem greiða skal fyrir tímabilið milli útgáfudags vottorðsins og upphafs fyrsta reikningstímabilsins eftir það, reiknaðar í réttu hlutfalli út frá tíma, á grundvelli töflu 8 í I. hluta viðaukans.

6. Ef endurflokkun umsóknar leiðir til breytinga á viðeigandi þóknunum skulu þær endurreiknaðar á eftirfarandi hátt:

a) þóknanir, sem eru innheimtar fyrir hverja umsókn, skulu endurreiknaðar frá og með viðtökudegi umsóknarinnar,

b) þóknanir, sem eru innheimtar fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu endurreiknaðar frá og með núverandi reikningstímabili,

c) ef Flugöryggisstofnunin endurflokkar nokkrar umsóknir í eina staka umsókn, í samræmi við 4. mgr. 8. gr., skal endurreikna þóknunina frá og með þeim degi sem talinn er skipta máli fyrir endurflokkunina.

10. gr.

Synjun umsókna, stöðvun og hlé gert á vinnu við verkefni sem tengjast umsóknum

1. Í tilvikum þar sem umsókn er synjað eða þar sem vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð eða hlé gert á henni skulu viðeigandi þóknanir, ásamt tengdum ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða, greiddar að fullu þegar Flugöryggisstofnunin hættir vinnu við verkefni.

2. Í tilvikum þar sem umsókn er synjað eða þar sem vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð skulu eftirstöðvar þeirra þóknana sem greiða skal reiknaðar sem hér segir:

a) að því er varðar þóknanir, sem um getur í töflum 1, 2 og 3 í I. hluta þessa viðauka, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar þóknana fyrir yfirstandandi reikningstímabil vera 1/365 af viðkomandi þóknun á ársgrundvelli fyrir hvern dag; viðeigandi þóknanir skulu greiddar að því er varðar tímabilin fyrir yfirstandandi 12 mánaða tímabil,

b) að því er varðar þóknanir, sem um getur í töflum 4 og 15 í I. hluta viðaukans, og fastar þóknanir, sem um getur í II. hluta viðaukans, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar þóknana vera 50% af viðeigandi þóknun,

c) að því er varðar þóknanir, sem um getur í töflum 9 til 14 í I. hluta viðaukans, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar þóknana reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun en mega þó ekki vera hærri en viðeigandi föst þóknun,

d) að því er varðar þóknanir, sem um getur í II. hluta viðaukans, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar þóknana reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun,

e) að því er varðar þóknanir, sem ekki er getið í a- til d-lið, skulu eftirstöðvarnar reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun nema umsækjandinn og Flugöryggisstofnunin komi sér saman um annað.

3. Ef gert er hlé á vinnu við verkefni sem tengist umsókn innan fyrsta reikningstímabilsins skulu þóknanir fyrir það reikningstímabil ekki endurgreiddar. Ef slíkt hlé er gert að loknu fyrsta reikningstímabilinu skulu eftirstöðvar þóknananna reiknaðar út í samræmi við viðmiðunina sem er sett fram í a-lið 2. mgr. Ef Flugöryggisstofnunin tekur aftur til starfa við verkefni sem tengist umsókn, í kjölfar hlés á téðu verkefni, skal hún sjálfkrafa innheimta nýja þóknun að liðnu því tímabili sem umsækjandinn velur fyrir hléið eða fyrr ef umsækjandi óskar eftir því, án tillits til þeirra þóknana sem þegar hafa verið greiddar fyrir verkefnið sem gert var hlé á.

4. Að því er varðar þessa reglugerð:

a) skal stöðvun vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem beiðnin berst,

b) skal stöðvun vinnu við verkefni að frumkvæði Flugöryggisstofnunarinnar taka gildi þann dag sem ákvörðunin um stöðvun er tilkynnt umsækjandanum,

c) skal hlé sem gert er á vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem umsækjandinn tilgreinir en þó ekki fyrr en þann dag sem beiðnin berst Flugöryggisstofnuninni.

5. Ekki skal tekið tillit til þóknana, sem greiddar hafa verið fyrir vinnu við verkefni sem tengist umsókn, sem hefur verið stöðvað, í tengslum við síðari verkefni jafnvel þó þau séu af sama toga og verkefnið sem var stöðvað.

11. gr.

Tímabundin ógilding eða afturköllun vottorða

1. Ef greiðslur hafa ekki borist vegna útistandandi þóknana að loknu tímabilinu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er Flugöryggisstofnuninni heimilt að fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það, að höfðu samráði við handhafa vottorðsins.

2. Ef Flugöryggisstofnunin fellir vottorð tímabundið úr gildi vegna þess að handhafi vottorðsins uppfyllir ekki gildandi kröfur eða greiðir ekki árlegu þóknunina eða eftirlitsþóknunina, skal Flugöryggisstofnunin, þrátt fyrir tímabundnu ógildinguna, halda áfram að reikningsfæra árlegu þóknunina eða eftirlitsþóknunina í einni greiðslu í upphafi árstímabilsins eða eftirlitstímabilsins. Flugöryggisstofnunin má afturkalla viðkomandi vottorð ef handhafi vottorðsins vanrækir greiðsluskuldbindingar sínar innan eins árs frá þeim degi sem tilkynnt var um tímabundnu niðurfellinguna. Til að vottorðið öðlist gildi á ný er þess krafist að eftirstöðvar þóknunarinnar fyrir tímabil tímabundnu ógildingarinnar séu greiddar að fullu sem og aðrar fjárhæðir sem eru útistandandi á þeim tíma.

3. Ef Flugöryggisstofnunin afturkallar vottorð vegna þess að handhafi vottorðsins uppfyllir ekki gildandi kröfur eða greiðir ekki árlegu þóknunina eða eftirlitsþóknunina, skulu eftirstöðvar þóknana fyrir yfirstandandi reikningstímabil reiknaðar sem hér segir:

a) að því er varðar árlega fasta þóknun eða fasta eftirlitsþóknun, sem er innheimt fyrir hvert vottorð eða fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar þóknana vera 1/365 af viðkomandi fastri þóknun fyrir hvern dag,

b) að því er varðar árlegar þóknanir og eftirlitsþóknanir, sem eru innheimtar samkvæmt tímaþóknun, skulu eftirstöðvar þóknana reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun.

Fjárhæðirnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, ásamt ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða, skulu greiddar að fullu daginn sem afturköllunin tekur gildi.

12. gr.

Innskil eða framsal vottorða og flughermisþjálfar gerðir óvirkir

1. Ef handhafi vottorðsins skilar inn vottorði skulu eftirstöðvar þóknana fyrir yfirstandandi 12 mánaða tímabil reiknaðar sem hér segir:

a) að því er varðar fasta árlega þóknun eða fasta eftirlitsþóknun, sem er innheimt fyrir hvert vottorð eða fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar þóknana vera 1/365 af viðkomandi árlegri fastri þóknun fyrir hvern dag,

b) að því er varðar árlegar þóknanir eða eftirlitsþóknanir, sem eru innheimtar samkvæmt tímaþóknun, skulu eftirstöðvarnar reiknaðar samkvæmt tímaþóknun.

Fjárhæðirnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skulu greiddar að fullu ásamt ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða daginn þegar innskilin öðlast gildi.

2. Við framsal vottorðs skal nýr handhafi vottorðsins greiða þóknanirnar sem um getur í töflum 8–15 frá og með því reikningstímabili sem kemur á eftir þeim degi þegar framsalið öðlast gildi.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í töflu 14 í I. hluta viðaukans skal þóknun fyrir eftirlit með flughermisþjálfum lækkuð að beiðni umsækjandans í réttu hlutfalli við tímalengdina sem flughermisþjálfar eru gerðir óvirkir.

13. gr.

Vottunarverkefni í sérstökum undantekningartilvikum

Gera skal sérstaka breytingu á innheimtri þóknun til að standa undir öllum kostnaði sem Flugöryggisstofnunin stofnar til í tengslum við ákveðið vottunarverkefni, ef framkvæmd verkefnisins krefst þess að Flugöryggisstofnunin feli verkefnið hópum starfsfólks og/eða fjölda starfsfólks, sem Flugöryggisstofnunin gerir að jafnaði ekki samkvæmt staðlaðri málsmeðferð sinni.

III. KAFLI

GJÖLD

14. gr.

Almenn ákvæði um greiðslu gjalda

1. Fjárhæð gjaldanna sem Flugöryggisstofnunin innheimtir í samræmi við II. hluta viðaukans skal reikningsfærð samkvæmt viðeigandi tímataxta.

2. Gjöld fyrir veitingu þjálfunarþjónustu, þ.m.t. að því er varðar ferðakostnað, skulu innheimt skv. II. hluta a í viðaukanum.

15. gr.

Sá tími sem gjöld eru innheimt og greiðslutímabil

1. Innheimta skal gjaldið áður en þjónustan er veitt nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til tengdrar fjárhagslegrar áhættu.

2. Gjöldin, sem um getur í töflu 6 (1. lið) í I. hluta viðaukans, skulu innheimt fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil. Eftir fyrstu 12 mánuðina skulu gjöldin vera 1/365 af viðkomandi gjaldi á ársgrundvelli fyrir hvern dag.

3. Gjöldin, sem um getur í töflum 5 og 6 (2. lið) í I. hluta viðaukans, skulu innheimt fyrir hverja umsókn.

4. Ef endurflokkun umsóknar leiðir til breytinga á viðeigandi gjaldi, skulu gjöldin endurreiknuð til samræmis við það frá viðtökudegi umsóknarinnar.

16. gr.

Synjun umsókna, stöðvun og hlé gert á vinnu við verkefni sem tengjast umsóknum

1. Í tilvikum þar sem umsókn er synjað eða þar sem vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð eða hlé gert á henni skulu viðeigandi gjöld, ásamt tengdum ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða, greidd að fullu þegar Flugöryggisstofnunin hættir vinnu við verkefni.

2. Ef umsókn er synjað eða ef vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð eða hlé gert á henni skulu eftirstöðvar gjaldanna reiknaðar út sem hér segir:

a) að því er varðar gjöldin sem um getur í töflu 6 (1. lið) í I. hluta viðaukans, sem eru innheimt fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar gjaldanna fyrir yfirstandandi 12 mánaða tímabil vera 1/365 af viðkomandi gjaldi á ársgrundvelli fyrir hvern dag; hvað varðar tímabilin á undan yfirstandandi 12 mánaða tímabili eru viðeigandi gjöld áfram til greiðslu,

b) að því er varðar gjöldin sem um getur í töflum 5 og 6 (2. lið) í I. hluta viðaukans og föstu gjöldin sem um getur í II. hluta viðaukans, sem eru innheimt fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar gjaldanna vera 50% af viðeigandi gjaldi,

c) að því er varðar gjöldin sem um getur í II. hluta viðaukans, sem eru innheimt samkvæmt tímaþóknun, skulu eftirstöðvarnar reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun,

d) að því er varðar gjöld sem ekki er getið í ofangreindum málsgreinum skulu eftirstöðvarnar reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun nema umsækjandinn og Flugöryggisstofnunin komi sér saman um annað.

3. Ef gert er hlé á vinnu við verkefni, sem tengist umsókn, innan fyrsta reikningstímabilsins skulu gjöldin fyrir það reikningstímabil ekki endurgreidd. Ef slíkt hlé er gert að loknu fyrsta reikningstímabilinu skulu eftirstöðvar gjaldanna reiknaðar út í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í a-lið 2. mgr. Ef Flugöryggisstofnunin tekur aftur til starfa við verkefni sem tengist umsókn, í kjölfar hlés á téðu verkefni, skal hún sjálfkrafa innheimta nýtt gjald, án tillits til þeirra gjalda sem þegar hafa verið greidd fyrir verkefnið sem gert var hlé á, að liðnu því tímabili sem umsækjandinn velur fyrir hléið eða fyrr ef umsækjandi óskar eftir því.

4. Að því er varðar þessa reglugerð:

a) skal stöðvun vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem beiðnin berst,

b) skal stöðvun vinnu við verkefni að frumkvæði Flugöryggisstofnunarinnar taka gildi þann dag sem ákvörðunin um stöðvun er tilkynnt umsækjandanum,

c) skal hlé sem gert er á vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem umsækjandinn tilgreinir en þó ekki fyrr en þann dag sem beiðnin berst Flugöryggisstofnuninni.

5. Ekki skal tekið tillit til greiðsla, sem greiddar hafa verið fyrir vinnu við verkefni, sem tengist umsókn, sem hefur verið stöðvað, í tengslum við síðari verkefni jafnvel þó þau séu af sama toga og verkefnið sem var stöðvað.

IV. KAFLI

KÆRUR

17. gr.

Kærumeðferð

1. Gjöld skulu innheimt fyrir meðhöndlun kæra sem lagðar eru fram skv. 108. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139. Fjárhæð gjalda skal reiknuð út í samræmi við aðferðina sem sett er fram í III. hluta viðaukans. Kæra skal aðeins talin lögmæt ef kærugjaldið hefur verið greitt innan þeirra tímamarka sem um getur í 3. mgr.

2. Lögaðili, sem leggur fram kæru, skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina vottorð, undirritað af viðurkenndum embættismanni, þar sem velta stefnanda er tilgreind. Þetta vottorð skal lagt fyrir Flugöryggisstofnunina ásamt kærunni.

3. Greiða skal kærugjöld, samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum Flugöryggisstofnunarinnar, innan 60 almanaksdaga frá því að kæran var skráð hjá Flugöryggisstofnuninni.

4. Ef stefnandi fær málið dæmt sér í vil skal Flugöryggisstofnunin endurgreiða kærugjöldin.

V. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐARREGLUR FLUGÖRYGGISSTOFNUNARINNAR

18. gr.

Almenn ákvæði

Flugöryggisstofnunin skal halda tekjum og útgjöldum vegna vottunarverkefna og veittrar þjónustu aðgreindum frá tekjum og útgjöldum vegna aðgerða sem eru fjármagnaðar með öðrum leiðum.

Í því skyni:

a) skulu þóknanir og gjöld, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, færðar í aðskilið bókhald og gildir sérstök reikningsskilamálsmeðferð um þau,

b) skal Flugöryggisstofnunin taka saman og halda sundurliðaða reikninga yfir tekjur sínar og útgjöld.

19. gr.

Mat og endurskoðun

1. Flugöryggisstofnunin skal árlega veita framkvæmdastjórninni, stjórninni og ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, sem komið er á fót í samræmi við 4. mgr. 98. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, upplýsingar um þá þætti sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæð þóknana. Þessar upplýsingar skulu einkum ná yfir sundurliðun kostnaðar sem tengist næstliðnum árum og næstu árum.

2. Flugöryggisstofnunin skal endurskoða viðaukann reglulega með það fyrir augum að sannreyna hvort mikilvægar upplýsingar, sem tengjast undirliggjandi forsendum um áætlaðar tekjur og útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar, endurspeglist á viðeigandi hátt í fjárhæðum þóknana og gjalda sem Flugöryggisstofnunin innheimtir.

3. Þessi reglugerð skal endurskoðuð þegar nauðsyn krefur, einkum með tilliti til tekna Flugöryggisstofnunarinnar og tengds kostnaðar hennar.

4. Áður en Flugöryggisstofnunin gefur álit sitt skal hún hafa samráð við ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við 4. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og rökstyðja ástæður fyrirhugaðra breytinga.

VI. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

20. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 319/2014 er felld úr gildi með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. 21. gr.

21. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Árlegar þóknanir og eftirlitsþóknanir, sem settar eru fram í töflum 1, 2, 3, 8–13 og 15 í I. hluta viðaukans, gilda um öll yfirstandandi vottunarverkefni við gildistöku þessarar reglugerðar frá og með næsta reikningstímabili sem hefst eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

2. Tímataxtarnir, sem eru settir fram í II. hluta viðaukans, gilda frá og með gildistöku þessarar reglugerðar um öll yfirstandandi verkefni við gildistöku þessarar reglugerðar og um verkefni þar sem þóknanir og gjöld eru reiknuð samkvæmt tímaþóknun.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í töflum 5 og 6 í I. hluta viðaukans og að því er varðar samþykkisþóknanir fyrir fyrirtæki og samþykkisþóknanir fyrir viðurkenningu á þeim búnaði sem um getur í töflu 14 í I. hluta viðaukans, og þrátt fyrir þessi ákvæði, reiknast þóknanir og gjöld sem tengjast fyrirliggjandi umsóknum við gildistöku þessarar reglugerðar skv. II. hluta viðaukans þar til verkefnum, sem leiða af þessum umsóknum, er lokið.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í töflu 14 í I. hluta viðaukans, öðrum en þeim sem um getur í 3. mgr., skulu þóknanirnar sem um getur í töflunni gilda frá og með gildistöku þessarar reglugerðar.

5. Með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 4. mgr., skulu þóknanir og gjöld varðandi yfirstandandi reikningstímabil við gildistöku þessarar reglugerðar reiknuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 319/2014.

22. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

EFNI:

I. hluti: Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun

II. hluti: Vottunarverkefni eða þjónusta þar sem innheimt er samkvæmt tímaþóknun

II. hluti a: Gjöld fyrir veitingu þjálfunarþjónustu

III. hluti: Gjöld fyrir kærur

IV. hluti: Ársverðbólga

V. hluti: Til skýringar

I. HLUTI

Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun

Tafla 1

Tegundarvottorð, takmörkuð tegundarvottorð og evrópskar tækniforskriftarheimildir

(sem um getur í B- og O-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012) ([1])

	Föst þóknun (evrur)
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)	
Yfir 150 000 kg	2 055 230
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	1 693 040
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	564 350
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	420 700
Yfir 2730 kg og allt að 5700 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 1200 kg og allt að 2730 kg)	139 980
Yfir 1200 kg og allt að 2730 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu sem nemur allt að 1200 kg)	15 890
Allt að 1200 kg	5 300
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lóðrétt (VTOL)	
Stór	476 100
Meðalstór	190 450
Lítil	23 850
Mjög létt	23 850
Loftbelgir	7 380
Stór loftskip	42 950
Meðalstór loftskip	16 360
Lítil loftskip	8 190

Knúningsafl	
Hverfihreyflar með flugtakskný sem er 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2000 kW	405 310
Hverfihreyflar með flugtakskný allt að 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2000 kW	270 170
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	36 920
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	18 460
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5700 kg	12 610
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5700 kg hámarks-flugtaksþyngd	3 600
Loftskrúfa í flokki CS-22J	1 800
Hlutar og óuppsettur búnaður	
Verðmæti yfir 20 000 evrum	9 300
Verðmæti á bilinu 2000 til 20 000 evrur	5 320
Verðmæti undir 2000 evrum	3 090
Aukaaflstöðvar (APU)	221 120

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

Tafla 2

Viðbótartegundarvottorð

(sem um getur í E-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun (evrur)			
	Flókin, veruleg	Veruleg	Stöðluð	Einföld
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)				
Yfir 150 000 kg	952 500	76 480	16 330	4 650
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	680 880	45 900	13 060	3 660
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	378 140	30 600	9 790	3 330
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	290 420	18 360	6 540	3 330
Yfir 2730 kg og allt að 5700 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 1200 kg og allt að 2730 kg)	119 970	5 610	2 580	1 290
Yfir 1200 kg og allt að 2730 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu sem nemur allt að 1200 kg)	6 140	1 970	1 230	610
Allt að 1200 kg	3 630	310	310	310
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lóðrétt (VTOL)				
Stór	321 710	58 950	8 840	2 950
Meðalstór	188 500	29 480	5 900	2 360

Lítil	15 080	11 800	4 420	1 480
Mjög létt	9 610	1 110	490	310
Önnur mönnuð loftför				
Loftbelgir	3 630	1 050	490	310
Stór loftskip	37 700	15 970	12 780	6 390
Meðalstór loftskip	15 090	4 910	3 930	1 970
Lítil loftskip	7 520	2 460	1 970	990
Knúningsafl				
Hverfihreyflar með flugtakskný sem er 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2000 kW	190 090	14 740	8 840	5 900
Hverfihreyflar með flugtakskný allt að 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2000 kW	185 830	8 840	6 940	4 630
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	34 710	3 440	1 540	770
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	17 410	1 730	770	370
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5700 kg	7 020	2 460	1 230	610
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5700 kg hámarksflugtaksþyngd	2 140	1 840	920	470
Loftskrúfa í flokki CS-22J	1 080	920	470	230
Hlutar og óuppsettur búnaður				
Verðmæti yfir 20 000 evrum	—	—	—	—
Verðmæti á bilinu 2000 til 20 000 evrur	—	—	—	—
Verðmæti undir 2000 evrum	—	—	—	—
Aukaaflstöðvar (APU)	136 280	7 370	4 920	2 460

Tafla 3

Meiri háttar breytingar og meiri háttar viðgerðir

(sem um getur í D- og M-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun (evrur)				
	Gerðarþóknun (e. *model fee*) ([1])	Flókin, veruleg	Veruleg	Stöðluð	Einföld
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)					
Yfir 150 000 kg	100 000	800 000	78 010	14 330	5 110
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	59 880	479 050	39 030	10 750	3 290
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	39 910	319 280	31 230	7 170	2 560
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	31 930	255 450	19 520	3 580	2 560

Yfir 2730 kg og allt að 5700 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 1200 kg og allt að 2730 kg)	15 110	120 900	5 360	2 500	1 240
Yfir 1200 kg og allt að 2730 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu sem nemur allt að 1200 kg)	530	4 230	1 360	610	310
Allt að 1200 kg	450	3 630	310	310	310
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lóðrétt (VTOL)					
Stór	30 160	241 280	53 440	10 690	3 560
Meðalstór	18 850	150 800	28 500	7 120	2 490
Lítil	1 890	15 080	11 410	5 340	1 430
Mjög létt	1 130	9 060	1 050	490	490
Önnur mönnuð loftför					
Loftbelgir	450	3 630	1 050	490	490
Stór loftskip	3 770	30 160	14 250	10 690	7 120
Meðalstór loftskip	1 510	12 060	3 930	2 940	1 970
Lítil loftskip	750	6 030	1 970	1 470	990
Knúningsafl					
Hverfihreyflar með flugtakskný sem er 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2000 kW	13 130	105 040	9 840	3 620	2 180
Hverfihreyflar með flugtakskný allt að 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2000 kW	11 310	90 480	5 340	1 810	1 090
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	1 890	15 110	1 600	740	500
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	940	7 550	740	370	370
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5700 kg	470	3 780	1 320	500	500
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5700 kg hámarksflugtaksþyngd	150	1 160	1 000	470	470
Loftskrúfa í flokki CS-22J	70	590	500	160	160
Hlutar og óuppsettur búnaður					
Verðmæti yfir 20 000 evrum	—	—	—	—	—
Verðmæti á bilinu 2000 til 20 000 evrur	—	—	—	—	—
Verðmæti undir 2000 evrum	—	—	—	—	—
Aukaaflstöðvar (APU)	8 760	70 070	3 690	1 230	740

([1]) Gerðarþóknunin skal standa straum af því þegar gerð er bætt við tegundarhönnunina og skal innheimt fyrir hverja umsókn og hverja gerð. Hún verður að tengjast umsókn um staðlaða, verulega eða flókna, verulega breytingu. Viðeigandi þóknunarflokkur á hverja umsókn og gerð skal ákvarðast af þeim þóknunarflokki sem er úthlutaður tengdri tegundarhönnun.

Tafla 4

Minni háttar breytingar og minni háttar viðgerðir

(sem um getur í D- og M-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun ([1]) (evrur)
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)	
Yfir 150 000 kg	1 890
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	1 890
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	1 890
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	1 890
Yfir 2730 kg og allt að 5700 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 1200 kg og allt að 2730 kg)	610
Yfir 1200 kg og allt að 2730 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu sem nemur allt að 1200 kg)	500
Allt að 1200 kg	310
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lóðrétt (VTOL)	
Stór	970
Meðalstór	970
Litlar	970
Mjög létt	490
Önnur mönnuð loftför	
Loftbelgir	490
Stór loftskip	1 720
Meðalstór loftskip	970
Lítil loftskip	970
Knúningsafl	
Hverfihreyflar með flugtakskný sem er 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2000 kW	1 270
Hverfihreyflar með flugtakskný allt að 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2000 kW	1 270
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	610
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	370
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5700 kg	500
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5700 kg hámarksflugtaksþyngd	470
Loftskrúfa í flokki CS-22J	320
Hlutar og óuppsettur búnaður	
Verðmæti yfir 20 000 evrum	1 860
Verðmæti á bilinu 2000 til 20 000 evrur	1 070
Verðmæti undir 2000 evrum	620
Aukaaflstöðvar (APU)	490

([1]) Þóknanirnar, sem eru tilgreindar í þessari töflu, skulu ekki vera þær sömu og teknar eru fyrir minni háttar breytingar og minni háttar viðgerðir sem hönnunarfyrirtæki annast í samræmi við 2. lið c-liðar 21.A.263 í J-kafla A-þáttar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

Tafla 5

Stuðningur við fullgildingu vegna vottunar

Þjónusta sem veitt er til að styðja yfirvöld í þriðju löndum við vottun/viðurkenningu á vottorði Flugöryggisstofnunar Evrópu og tækniaðstoð sem veitt er vegna aðgerða til að staðfesta samræmi

Þjónustupakki	Fast gjald (evrur)
Stór	2 500
Meðalstór	1 000
Lítill	250

Tafla 6

Stjórn um endurskoðun á viðhaldi (MRB)

Þjónusta sem veitt er til að styðja við viðurkenningu á skýrslu stjórnar um endurskoðun á viðhaldi og endurskoðuðum útgáfum hennar

	Fast gjald (evrur)
1 — **Fyrsta skýrsla stjórnarinnar um endurskoðun á viðhaldi**	
CS 25 loftför	350 000
CS 27 og CS 29 loftför	150 000
Viðbótartegundarvottorð	50 000
2 —**Endurskoðun á skýrslum frá stjórninni um endurskoðun á viðhaldi**	
CS-25 yfir 150 000 kg	120 000
CS-25 yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	100 000
CS-25 yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	80 000
CS-25 yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg	40 000
CS 27 og CS 29 loftför	30 000
Viðbótartegundarvottorð	20 000

Tafla 7

Flugrekendur frá þriðja landi

(sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014) ([1])

	Föst þóknun (evrur)
Heimsókn á starfsstöð ([2])	19 000
Tæknifundur í Köln	10 000

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 1).

([2]) Fyrir utan ferðakostnað (sem verður innheimtur til viðbótar við ofangreinda fasta þóknun).

Tafla 8

Árleg þóknun fyrir handhafa EASA-tegundarvottorða, takmarkaðra EASA-tegundarvottorða, evrópskra tækniforskriftarheimilda EASA og annarra tegundarvottorða eða tækniforskriftarheimilda sem teljast viðurkenndar samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139

(sem um getur í B- og O-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun (evrur)	
	Hönnun í Evrópusambandinu	Hönnun utan Evrópusambandsins
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)		
Yfir 150 000 kg	1 155 160	360 270
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	975 480	274 490
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	293 940	110 140
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	48 050	16 320
Yfir 2730 kg og allt að 5700 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 1200 kg og allt að 2730 kg)	5 320	1 770
Yfir 1200 kg og allt að 2730 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu sem nemur allt að 1200 kg)	2 460	830
Allt að 1200 kg	230	70
Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lóðrétt (VTOL)		
Stór	102 930	37 740
Meðalstór	57 190	21 280
Lítil	23 880	8 670
Mjög létt	3 700	1 230
Önnur mönnuð loftför		
Loftbelgir	840	360
Stór loftskip	4 000	1 330
Meðalstór loftskip	2 460	820
Lítil loftskip	1 970	660
Knúningsafl		
Hverfihreyflar með flugtakskný sem er 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2000 kW	120 090	32 140
Hverfihreyflar með flugtakskný allt að 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2000 kW	58 180	27 450
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	1 120	140
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	610	310
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5700 kg	420	220

Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5700 kg hámarksflugtaksþyngd	240	50
Loftskrúfa í flokki CS-22J	230	70
Hlutar og óuppsettur búnaður		
Verðmæti yfir 20 000 evrum	2 440	680
Verðmæti á bilinu 2000 til 20 000 evrur	1 290	460
Verðmæti undir 2000 evrum	520	420
Aukaaflstöðvar (APU)	87 880	10 510

Þrátt fyrir töfluna hér að ofan gildir eftirfarandi:

A. Þegar um er að ræða loftfar til farmflutninga með eigin tegundarvottorð er þóknunin reiknuð út með því að margfalda hana með reiknistuðlinum 0,85 fyrir samsvarandi loftfar til farþegaflutninga.

B. Þegar um er að ræða handhafa margra EASA-tegundarvottorða og/eða margra takmarkaðra EASA-tegundarvottorða, evrópskra tækniforskriftarheimilda EASA og/eða margra annarra tegundarvottorða eða tækniforskriftarheimilda, er árleg þóknun lækkuð um 25% frá og með fjórða vottorði með fyrirvara um sömu flötu þóknunina í sama þóknunarflokki sem er tilgreindur í töflunni hér að ofan.

C. Tímataxtinn í II. hluta viðaukans, allt að fjárhæð fullrar þóknunar fyrir viðkomandi þóknunarflokk, skal innheimtur í eftirfarandi tilvikum:

1. Fyrir loftför

   a. sem hafa ekki verið framleidd í meira en 20 ár, eða

   b. sem hafa verið framleidd í færri en 50 einingum á heimsvísu, eða

   c. sem hafa verið framleidd í 50 eða fleiri einingum á heimsvísu, að því tilskildu að handhafi vottorðsins sýni fram á að innan við 50 einingar séu í notkun á heimsvísu.

2. Fyrir hreyfla og loftskrúfur

   a. sem hafa ekki verið framleidd í meira en 20 ár, eða

   b. sem hafa verið framleidd í færri en 100 einingum á heimsvísu, eða

   c. sem hafa verið framleidd í 100 eða fleiri einingum á heimsvísu, að því tilskildu að handhafi vottorðsins sýni fram á að hreyfillinn eða loftskrúfan sé uppsett í færri en 50 loftförum í notkun.

3. Fyrir hluta og óuppsettan búnað

   a. sem hefur ekki verið framleiddur í meira en 15 ár, eða

   b. sem hefur verið framleiddur í færri en 400 einingum á heimsvísu, eða

   c. sem hefur verið framleiddur í 400 einingum eða fleiri á heimsvísu, að því tilskildu að handhafi vottorðsins sýni fram á að hlutinn eða óuppsetti búnaðurinn sé uppsettur í færri en 50 loftförum í notkun.

Þær viðmiðanir sem eru fastsettar í c-lið skulu metnar með vísun til 1. janúar þess árs sem viðkomandi reikningstímabil hefst.

Tímabilið, sem heimilt er að leiðrétta afturvirkt reikning fyrir þóknun vegna áframhaldandi lofthæfis, með hliðsjón af ofangreindri töflu og undanþágum, takmarkast við eitt ár frá útgáfudegi hans.

Tafla 9A

Samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki

(sem um getur í J-kafla A-þáttar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

Samþykkisþóknun (evrur)					
	1A	1B 2A	1C 2B 3A	2C 3B	3C
Tengt starfsfólk færra en 10	14 400	11 330	8 470	5 720	4 430
10–49	40 510	28 930	17 360	11 580	—
50–399	179 410	134 600	89 620	68 660	—
400–999	358 820	269 030	224 220	188 770	—
1 000–2 499	717 640	—	—	—	—
2 500–4 999	1 076 300	—	—	—	—
5 000–7 000	1 152 600				
Yfir 7 000	5 979 800	—	—	—	—

Eftirlitsþóknun (evrur)					
	1A	1B 2A	1C 2B 3A	2C 3B	3C
Tengt starfsfólk færra en 10	7 200	5 670	4 240	2 860	2 210
10–49	20 260	14 470	8 680	5 780	—
50–399	78 060	58 590	38 930	31 250	—
400–999	156 260	117 230	97 650	85 920	—
1 000–2 499	312 520	—	—	—	—
2 500–4 999	468 780	—	—	—	—
5 000–7 000	995 500				
Yfir 7 000	2 604 820	—	—	—	—

Tafla 9B

Aðrar aðferðir við samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki

(sem um getur í J-kafla A-þáttar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

Flokkur	Lýsing	Þóknun (evrur)
1A	Tegundarvottun	7 940
1B	Tegundarvottun – Aðeins vegna áframhaldandi lofthæfis	3 180
2A	Viðbótartegundarvottorð og/eða meiri háttar viðgerðir	6 350
2B	Viðbótartegundarvottorð og/eða meiri háttar viðgerðir – aðeins vegna áframhaldandi lofthæfis	2 650

3A	Evrópsk tækniforskriftarheimild (ETSO-heimild)	6 350
3B	ETSO-heimild – Aðeins vegna áframhaldandi lofthæfis	3 180

Tafla 10

Samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki

(sem um getur í G-kafla A-þáttar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

Samþykkisþóknun (evrur)			
	Dýrasta varan undir 5 000 evrum ([1])	Dýrasta varan á bilinu 5 000 og 100 000 evrur ([1])	Dýrasta varan yfir 100 000 evrur ([1])
Tengt starfsfólk færra en 100	20 650	39 710	55 600
Á bilinu 100–499	31 770	63 540	111 200
Á bilinu 500 til 999	59 570	119 140	238 280
Á bilinu 1 000–4 999	158 850	317 700	794 250
Á bilinu 5 000–20 000	595 670	1 191 380	2 779 880
Yfir 20 000	992 810	1 985 630	3 971 250
Eftirlitsþóknun (evrur)			
	Dýrasta varan undir 5 000 evrum ([1])	Dýrasta varan á bilinu 5 000 og 100 000 evrur ([1])	Dýrasta varan yfir 100 000 evrur ([1])
Tengt starfsfólk færra en 100	13 770	26 480	37 070
Á bilinu 100–499	21 180	42 360	74 120
Á bilinu 500 til 999	39 710	79 430	158 580
Á bilinu 1 000–4 999	105 900	211 800	529 500
Á bilinu 5 000–20 000	397 130	794 290	1 853 250
Yfir 20 000	625 000	1 323 750	2 647 500

([1]) Virði (eins og getið er í viðeigandi skráðu verði framleiðandans) dýrustu vöru, hluta eða óuppsetts búnaðar sem fellur undir samþykkt verksvið (verkleyfislista) handhafa EASA-samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki.

Tafla 11

Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki

(sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014) ([1])

	Samþykkisþóknun ([2])(evrur)	Eftirlitsþóknun ([2])(evrur)
Tengt starfsfólk færra en 5	3 700	2 830
Á bilinu 5–9	6 150	4 920
Á bilinu 10–49	24 620	15 250
Á bilinu 50–99	39 400	30 500
Á bilinu 100–499	52 660	40 770
Á bilinu 500 til 999	72 720	56 300
Yfir 999	102 100	79 000

Tæknilegt mat	Föst þóknun sem er byggð á tæknilegu mati ([3]) (evrur)	Föst þóknun sem er byggð á tæknilegu mati ([3])
A 1	20 980	16 240
A 2	4 780	3 700
A 3	9 540	7 380
A 4	950	740
B 1	9 540	7 380
B 2	4 780	3 700
B 3	950	740
C/D	950	740

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([2]) Þóknunin, sem ber að greiða, skal samsett úr fastri þóknun, sem byggist á fjölda tengds starfsfólks, að viðbættri fastri þóknun sem byggist á tæknilegu mati.

([3]) Að því er varðar fyrirtæki, sem hafa fleiri en eitt A- og/eða B-mat, skal einungis innheimta hæstu þóknunina. Að því er varðar fyrirtæki, sem hafa eitt C- og/eða D-mat eða fleiri, skal innheimt þóknun fyrir hvert mat samkvæmt þóknun fyrir „C/D-mat“.

Tafla 12

Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki

(sem um getur í IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014)

	Samþykkisþóknun (evrur)	Eftirlitsþóknun (evrur)
Tengt starfsfólk færra en 5	3 700	2 830
Á bilinu 5–9	10 460	8 120
Á bilinu 10–49	22 510	20 820
Á bilinu 50–99	43 750	34 660
Yfir 99	57 610	52 950
Þóknun fyrir: — samþykki fyrir verklagsreglu í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækis um þjálfun utan starfsstöðvar (e. *„off-site“ procedure*) ([1]) — aðra og síðari viðbótaraðstöðu ([2]) ([3])	3 530 3 530	2 650 2 650
Þóknun fyrir annað og síðari viðbótarþjálfunarnámskeið ([2]) ([3])	3 530	—

([1]) Sem um getur í B-kafla A-þáttar í IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.

([2]) Fyrir fyrsta samþykki fyrir fyrirtæki eru innheimtar þóknanir fyrir hverja aðstöðu og námskeið. Fyrsta aðstaða og fyrsta þjálfunarnámskeið er innifalið í samþykkisþóknun viðkomandi starfsfólks.

([3]) Fyrir þegar samþykkt fyrirtæki sem sækja um viðbótaraðstöðu eða -þjálfunarnámskeið skal innheimta viðeigandi þóknun fyrir hverja aðstöðu eða þjálfunarnámskeið.

Tafla 13

Samþykki fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í þriðja landi

(sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014)

	Föst þóknun ([1])(evrur)
Samþykkisþóknun	52 950
Eftirlitsþóknun	52 950

Tæknilegt mat	Föst þóknun sem byggist á tæknilegu mati ([2]) (evrur) – Fyrsta samþykki	Föst þóknun sem byggist á tæknilegu mati ([2]) (evrur) – Eftirlit
A1 = flugvélar yfir 5700 kg	13 240	13 240
A2 = flugvélar að hámarki 5700 kg	6 620	6 620
A3 = þyrlur	6 620	6 620
A4 = allt annað	6 620	6 620

([1]) Þóknunin, sem ber að greiða, skal samsett úr föstu þóknuninni að viðbættri föstu þóknuninni sem byggist á tæknilegu mati.
([2]) Að því er varðar fyrirtæki, sem hafa fleiri en eitt A-mat, skal einungis innheimta hæstu þóknunina.

Tafla 14

Flughermisþjálfar (FSTD) og fyrirtæki sem starfrækja flughermisþjálfa

(eins og um getur í FSTD-kafla ARA-hluta og FSTD-kafla ORA-hluta í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, með áorðnum breytingum) ([1])

Samþykkisþóknun fyrirtækis (evrur)

Föst þóknun fyrir hverja staðsetningu	12 350

Samþykkisþóknun fyrir viðurkenningu búnaðar (evrur)

	Fyrirkomulag uppsetningar með einum hreyfli og búnaði	Fyrirkomulag uppsetningar með tveimur hreyflum og/eða tvenns konar búnaði	Fyrirkomulag uppsetningar með þrjá hreyfla eða fleiri og/eða þrenns konar búnaði eða fleiri
Flughermir með fullri hreyfingu (FFS)	32 110	39 520	45 940
Flugþjálfunartæki (FTD)	13 590	16 070	22 480
	Eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Fjölhreyfla flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Eins hreyfils/fjölhreyfla þota með skrúfuhverfihreyflum eða tvístreymishreyflum eða sambærileg
Flugleiðsöguþjálfi (FNPT)	9 880	13 590	18 530

Eftirlitsþóknun fyrir fyrirtæki (evrur)			
Föst þóknun fyrir hverja staðsetningu (flókin)	5 560		
Föst þóknun fyrir hverja staðsetningu (einföld)	2 780		
Eftirlitsþóknun fyrir búnað (evrur)			
Flughermir með fullri hreyfingu (FFS)	9 130		
Flughermir með fullri hreyfingu (FFS) — Eingöngu flugvélar — með fyrirvara um tvíhliða samninga ([2])	2 800		
Flugþjálfunartæki (FTD)	5 210		
	Eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Fjölhreyfla flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Eins hreyfils/fjölhreyfla þota með skrúfuhverfihreyflum eða tvístreymishreyflum eða sambærileg
Flugleiðsöguþjálfi (FNPT)	3 710	4 940	7 410
Útvíkkuð matsáætlun (EEP) — Eftirlitsþóknun fyrir fyrirtæki (evrur)			
Föst þóknun fyrir hverja staðsetningu (flókin)	11 120		
Föst þóknun fyrir hverja staðsetningu (einföld)	5 560		
Eftirlitsþóknun fyrir búnað (evrur)			
	Útvíkkuð matsáætlun til 3 ára		
Flughermir með fullri hreyfingu (FFS)	4 090		
Flugþjálfunartæki (FTD)	2 440		
	Eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Fjölhreyfla flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Eins hreyfils/fjölhreyfla þota með skrúfuhverfihreyflum eða tvístreymishreyflum eða sambærileg
Flugleiðsöguþjálfi (FNPT)	1 900	2 310	3 300
	Útvíkkuð matsáætlun til 2 ára		
Flughermir með fullri hreyfingu (FFS)	5 310		
Flugþjálfunartæki (FTD)	3 170		

	Eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Fjölhreyfla flugvél með bulluhreyfli eða sambærileg	Eins hreyfils/fjölhreyfla þota með skrúfuhverfihreyflum eða tvístreymishreyflum eða sambærileg
Flugleiðsöguþjálfi (FNPT)	2 350	2 970	4 330

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1–193).

([2]) Gildir eingöngu um flughermi eða flugherma sem eru staðsettir í þriðja landinu sem er tilgreint í tvíhliða samningnum.

Tafla 15

Viðurkenning samþykkis sem jafngildir samþykki í „145. hluta“ og „147. hluta“ í samræmi við gildandi tvíhliða samninga

	Föst þóknun (evrur)
Ný samþykki, fyrir hverja umsókn	900
Framlenging gildandi samþykkis, á 12 mánaða tímabili	900

II. HLUTI

Vottunarverkefni eða þjónusta þar sem innheimt er samkvæmt tímaþóknun

Tímataxti

Viðeigandi tímataxti (evrur/klst.)	247

Klukkustundir sem liggja til grundvallar viðkomandi verkefnum ([1]):

Framleiðsla án samþykkis	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Framsal vottorða	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð samþykkts þjálfunarfyrirtækis	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð fluglæknaseturs	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð fyrirtækja eða stofnana sem veita rekstrarstjórnun flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð fyrirtækja sem annast þjálfun flugumferðarstjóra	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Viðurkenning á skýrslum matsnefndarinnar í flugrekstrarmálum	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Stuðningur við fullgildingu vegna vottunar: Einstaklingsbundin þjónusta	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Flughermisþjálfar: Aðrar sértækar aðgerðir	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Breytingar á öðrum aðferðum við samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Lofthæfivottorð vegna útflutnings (E-CoA) fyrir CS-25 loftför	6 klst.

Lofthæfivottorð vegna útflutnings (E-CoA) fyrir önnur loftför	2 klst.
Aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur lofthæfifyrirmæla (AMOC)	4 klst.
Samþykkt flugskilyrða fyrir flugleyfi	3 klst.
Grunnviðbótartegundarvottorð með einu raðnúmeri	2 klst.
Endurútgáfa skjala af hálfu stjórnsýslu án tæknilegrar aðkomu	1 klst.
Athugun á hæfni	1 klst.

([1]) Þessi skrá yfir verkefni er ekki tæmandi. Endurskoða skal reglulega skrána yfir verkefni í þessum hluta. Þrátt fyrir að verkefni sé ekki nefnt í þessum hluta skal ekki sjálfkrafa gengið út frá því að Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins geti ekki innt það af hendi.

II. HLUTI a

Gjöld fyrir veitingu þjálfunarþjónustu

A. ***Þjálfunarþjónusta sem fellur undir gjaldtöku***

1. Með fyrirvara um B-lið, skulu gjöld fyrir þjálfunarþjónustu, sem starfsmenn Flugöryggisstofnunarinnar veita innan starfssviðs síns, innheimt sem hér segir:

   a) fyrir þjálfun í kennslustofu, annaðhvort innanhúss eða á starfsstöð, og fyrir þjálfun á netinu, í samræmi við samsvarandi fjárhæðir sem eru settar fram í viðbætinum,

   b) fyrir aðrar gerðir þjálfunarþjónustu eða tengdar beiðnir, í samræmi við tímataxtann sem er settur fram í viðbætinum,

2. Gjöld fyrir þjálfun í kennslustofu, sem samningsbundinn veitandi þjálfunarþjónustu veitir, annaðhvort innanhúss eða á starfsstöð, skulu innheimt á grundvelli heildarkostnaðar hvers námskeiðs deilt með meðaltali bekkjarstærðar.

3. Í tilvikum þar sem þjálfun fer ekki fram í húsnæði Flugöryggisstofnunar Evrópu en stofnunin, sem óskar eftir þjálfuninni, býður ekki upp á viðeigandi þjálfunaraðstöðu, skal innheimta tengdan beinan kostnað.

B. ***Undanþága frá gjöldunum sem kveðið er á um í viðbætinum***

Flugöryggisstofnunin getur veitt undanþágu frá gjöldunum, sem kveðið er á um í viðbætinum, fyrir þjálfunarþjónustu sem hún veitir:

a) landsbundnum flugmálayfirvöldum, alþjóðastofnunum og öðrum mikilvægum hagsmunaaðilum ef það tryggt er að þeir veiti Flugöryggisstofnuninni jafn gagnlega þjálfunarþjónustu,

b) ríkis- eða einkaháskólum eða sambærilegum stofnunum, ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

— þjálfunarþjónustan er hluti af námi sem leiðir til prófgráðu á fyrsta stigi eða framhaldsstigi háskólanáms í námsgrein sem tengist flugi,

— námið varir að lágmarki því sem nemur einu skólaári,

— meginmarkmið eða áhrif námsins er ekki að veita grunnþjálfun eða áframhaldandi þjálfun fagfólks í flugi eða á tengdum sviðum,

c) aðilum sem styðja eða taka þátt í starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar og þurfa á þjálfun að halda til að tryggja kunnáttu á ferlum stofnunarinnar og sértækum verkfærum sem tengjast þessari starfsemi.

C. ***Endurgreiðsla ferðakostnaðar***

1. Þrátt fyrir undanþágur sem veittar eru í samræmi við B-lið og með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. skulu þeir sem kaupa þjálfun eða þjálfunartengda þjónustu, sem er veitt á starfsstöð, endurgreiða ferðakostnað þess starfsfólks Flugöryggis-stofnunarinnar sem veitir þjálfunina, samkvæmt reiknireglunni d = v + a + h.

2. Að því er varðar reiknireglunna, sem um getur í 1. mgr., gildir eftirfarandi:

d = ferðakostnaður sem greiða skal,

v = flutningskostnaður,

a = opinberir staðlaðir taxtar framkvæmdastjórnarinnar fyrir dagpeninga að því er varðar gistingu, máltíðir, kostnað við ferðir innan svæðisins í tengslum við viðkomandi verkefni og ýmis önnur útgjöld ([1]),

h = ferðatími (staðlaður ferðatími í klukkustundum á hvern ákvörðunarstað, sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar), samkvæmt tímataxtanum í II. hluta viðaukans ([2]), í tilviki viðskiptaferða, sem tengjast nokkrum verkefnum, skal tímanum skipt niður til samræmis við það.

3. Yfirvöld, stofnanir eða hagsmunaaðilar, sem um getur í a-lið B-liðar, geta fengið undanþágu frá kröfunni um endurgreiðslu ferðakostnaðar, sem um getur í 1. mgr., ef þeir veita þjálfun á starfsstöð eða þjálfunartengda þjónustu í húsnæði Flugör-yggisstofnunarinnar, sem felur í sér ferðir sem jafngilda ferðum sem krafist er við þjálfun á starfsstöð eða þjálfunarþjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir í húsnæði þessara aðila.

Viðbætir við II. hluta a

Þjálfun í kennslustofu	Lengd þjálfunar í dögum							
	0,5	1	1,5	2	2,5	3	4	5
Gjald fyrir einstaklingsþjálfun (evrur/dag)	440	710	925	1 088	1 263	1 425	1 725	2 000
Gjald fyrir lotu (evrur/dag)	3 500	5 700	7 400	8 700	10 100	11 400	13 800	16 000

Þjálfun á netinu	Lengd þjálfunar í klukkustundum							
	1	2	3	4	5	6	7	8
Gjald fyrir einstaklingsþjálfun (evrur/klst.)	50	100	150	200	250	300	350	400

Önnur þjálfunarþjónusta: Tímataxti í samræmi við II. hluta þessa viðauka.

III. HLUTI

Gjöld fyrir kærur

Gjöld fyrir kærur skulu reiknuð út sem hér segir: fastagjaldið er margfaldað með reiknistuðlinum sem er tilgreindur fyrir samsvarandi gjaldflokk viðkomandi einstaklings eða fyrirtækis.

Fastagjald	10 000 (evrur)
Gjaldflokkur fyrir einstaklinga	Reiknistuðull
	0,10

([1]) Sjá gildandi taxta fyrir dagpeninga í „Current per diem rates“ á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar fyrir þróunaraðstoð Evrópu (EuropeAid) (https://ec.europa.eu/europeaid/work/procedures/implementation/per_diems/index_en.htm_en).

([2]) Sjá staðlaðan ferðatíma í „Standard number of hours“ eins og kemur fram í „Standard travel time list“ á vefsetri Flugöryggisstofnunarinnar (https://www.easa.europa.eu/).

Gjaldflokkur fyrir lögaðila í samræmi við veltu áfrýjanda (í evrum)	Reiknistuðull
minna en 100 001	0,25
á bilinu 100 001–1 200 000	0,50
á bilinu 1 200 001–2 500 000	0,75
á bilinu 2 500 001–5 000 000	1,00
á bilinu 5 000 001–50 000 000	2,50
á bilinu 50 000 001–500 000 000	5,00
á bilinu 500 000 001–1 000 000 000	7,50
yfir 1 000 000 000	10,00

IV. HLUTI

Ársverðbólga

Ársverðbólga sem á að nota:	„Samræmd vísitala neysluverðs (allir liðir) fyrir öll ESB-löndin“ (2015=100) Hlutfallsleg breyting/12 mánaða meðaltals
Grunngildi sem á að nota:	Meðaltal vísitölunnar þremur mánuðum fyrir framkvæmd verðbótanna

V. HLUTI

Til skýringar

1) „Vottunarforskriftir“ (CS), sem um getur í þessum viðauka, eru þær sem voru samþykktar skv. 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og birtar á vefsetri Flugöryggisstofnunarinnar (https://www.easa.europa.eu/document-library/certification-specifications).

2) „VTOL“ vísar til þyrilvængja eða annarra loftfara sem eru þyngri en loft sem geta lent og/eða hafið flug lóðrétt. „HTOL“ vísar til loftfara, sem eru þyngri en loft, sem eru ekki VTOL-loftför.

3) „Stór VTOL-loftför“ vísar til CS-29- og CS-27-loftför í flokki A; „lítil VTOL-loftför“ vísar til CS-27-loftfara með hámarksflugtaksþyngd (MTOW) undir 3175 kg og takmarkast við fjögur sæti, þ.m.t. flugmannssæti; „miðlungsstór VTOL-loftför“ vísar til annarra CS-27-loftfara.

4) Loftför með mikla afkastagetu (HPA) í þyngdarflokknum allt að 5700 kg eru flugvélar með hámarkshraða miðað við Mach-mæli (e. *maximum operating Mach number* (M_{MO})) sem er meiri en 0,6 og/eða hámarksflughæð yfir 25 000 fetum. Til að reikna út gjöldin sem innheimta skal miðast við einn flokk fyrir ofan þann flokk sem ákvarðast af hámarksflugtaksþyngd þeirra án þess þó að fara yfir flokkinn „yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg“.

5) „Lítil loftskip“ vísar til:

   — allra hitaloftskipa, óháð stærð þeirra,

   — gasloftskipa, allt að 2000 m^3,

   „meðalstór loftskip“ vísar til gasloftskipa sem eru meira en 2000 m^3 og allt að 15 000 m^3;

   „stór loftskip“ vísar til gasloftskipa sem eru meira en 15 000 m^3.

6) Í töflum 1, 4 og 8 í I. hluta viðaukans vísar virði „hluta og óuppsetts búnað“ til viðeigandi skráðs verðs framleiðandans. Í töflu 10 í I. hluta samsvarar dýrasta varan til virðis (samkvæmt skráðu verði viðeigandi framleiðanda) dýrustu vörunnar, dýrasta hlutans eða dýrasta óuppsetts búnaðar sem fellur undir samþykkt verksvið (verkleyfislista) EASA-samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki.

7) Að því er varðar þóknanir sem eru innheimtar í samræmi við töflur 2–4 og 8 í I. hluta viðaukans skal viðeigandi þóknunarflokkur á hverja umsókn ákvarðast af þeim þóknunarflokki sem er úthlutaður tengdri tegundarhönnun. Ef fleiri gerðir eru vottaðar samkvæmt einni tegundarhönnun skal nota þann þóknunarflokk sem gildir fyrir meirihluta þessara gerða. Ef tegundirnar dreifast jafnt milli þóknunarflokka gildir sá þóknunarflokkur sem er hærri. Að því er varðar umsóknir sem varða fleiri en eina tegundarhönnun gildir sá þóknunarflokkur sem hæstur er.

8) Ef umsókn felur í sér gerð skráar yfir samþykktar gerðir hækkar samsvarandi þóknun um 20%. Við endurskoðun á skrá yfir samþykktar gerðir gilda þóknanirnar sem eru skráðar í töflu 2, 3 og 4 í I. hluta viðaukans.

9) Í töflum 2 og 3 í I. hluta viðaukans vísa hugtökin „einföld“, „stöðluð“, „veruleg“ og „flókin, veruleg“ til eftirfarandi:

	Einföld	Stöðluð	Veruleg	Flókin, veruleg
EASA-viðbótartegundarvottorð	Viðbótartegundarvottorð, meiri háttar breyting á hönnun eða viðgerð, eingöngu á grundvelli núgildandi og rökstuddra aðferða, þar sem unnt er að senda heildargögn (lýsingu, gátlista fyrir samræmi og samræmisgögn) á sama tíma og umsókn er lögð fram og þar sem umsækjandi hefur sýnt fram á reynslu og stjórnandi vottunarverkefna getur einn metið það eða með takmörkuðum afskiptum sérfræðings innan eins fræðasviðs.	Öll önnur viðbótartegundarvottorð, meiri háttar breytingar á hönnun eða viðgerðir	Hugtakið „veruleg“ er skilgreint í b-lið 21.A.101 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 (og á sambærilegan hátt í b-lið FAA 14CFR 21.101).	Hugtakið „flókin, veruleg breyting“ er veruleg breyting (sbr. leiðbeiningar 21.A.101 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012) sem felur í sér a.m.k. tvær ástæður sem rökstyðja flokkun hennar sem verulega (dæmi um viðmiðanir í 21.A.101 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012: breyting sem varðar heildarútfærslu, breyting sem varðar meginreglur um smíði, forsendur sem notaðar eru við vottun hafa verið ógildar) eða veruleg breyting sem felur í sér tvö eða fleiri af þeim dæmum sem er lýst sem verulegri breytingu (dálkurinn „Lýsing á breytingum“ í töflum í 2. Viðbæti við 21.A101 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012). Ef slíkt er réttlætanlegt vegna tæknilegra aðstæðna er Flugöryggisstofnuninni heimilt að endurflokka umsókn um flókna, verulega breytingu sem umsókn um verulega breytingu.
Meiri háttar breytingar á hönnun (EASA)				
Meiri háttar viðgerðir (EASA)			Á ekki við	Á ekki við

10) Í töflu 5 í I. hluta viðaukans vísar „lítill“ til umsókna sem eru meðhöndlaðar án tæknilegrar aðkomu, „stór“ vísar til stuðnings við fullgildingu fyrir stórar flugvélar, stórar þyrilvængjur og hverfihreyfla, „meðalstór“ vísar til stuðnings við fullgildingu fyrir aðra vöruflokka sem og fyrir hluta og óuppsettan búnað. Gjöld fyrir tækniaðstoð eða -stuðning í tengslum við aðgerðir til að staðfesta samræmi skulu innheimt sem stök þjónusta ef Flugöryggisstofnunin staðfestir að sú vinna sem er nauðsynleg sé umtalsvert meiri en sú vinna sem er innifalin í fyrirfram skilgreindum þjónustupökkum.

11) Í töflu 9A í I. hluta viðaukans eru hönnunarfyrirtæki flokkuð á eftirfarandi hátt:

Gildissvið samkomulags hönnunarfyrirtækja	Hópur A	Hópur B	Hópur C
DOA 1 Handhafar tegundarvottorða ETSO-heimild fyrir aukaaflstöð (ETSOA-APU)	Afar flókin/Stór	Flókin/lítil-meðalstór	Ekki eins flókin/mjög lítil
DOA 2 Viðbótartegundarvottorð/ breytingar/viðgerðir/ETSO-heimildir (þó ekki ETSOA-APU)	Ótakmörkuð	Takmörkuð (tæknisvið)	Takmörkuð (stærð loftfars)
	Afar flókin/Stór	Flókin/lítil-meðalstór	Ekki eins flókin/mjög lítil
DOA 3 Minni háttar breytingar/viðgerðir	Ótakmörkuð	Takmörkuð (tæknisvið)	Takmörkuð (stærð loftfars)

12) Í töflum 9A, 10, 11 og 12 í I. hluta viðaukans tengist fjöldi starfsfólks, sem tekið er tillit til, þeirri starfsemi sem fellur undir gildissvið samkomulagsins.

13) Í töflu 14 er „staðsetning“ staðurinn eða staðirnir þaðan sem starfsemi fyrirtækisins er stjórnað eða þar sem starfsemin fer fram.

Í því sambandi:

— teljast höfuðstöðvar til staðsetningar, án tillits til starfrækslu flughermisþjálfa,

— telst heimilisfang, sem er ekki heimilisfang höfuðstöðvanna og þar sem flughermisþjálfar eru starfræktir, til viðbótarstaðsetningar ef regluvörður er tilnefndur á þessari staðsetningu.

Ekki er innheimt viðbótareftirlitsþóknun við rýmkun staðsetningar, þ.e. ef staðsetning er í hæfilegri fjarlægð frá staðsetningu sem gerir stjórnendum kleift að tryggja að farið sé að kröfum án þess að þurfa að tilnefna viðbótarstarfslið.

Í ljósi þess að öll fyrirtæki eru ólík skal framkvæma sérsniðna greiningu til að meta hversu flókið fyrirtækið er með hliðsjón af fjölda starfsmanna, stærð þess og umfangi, sem og fjölda flughermisþjálfa, getu þeirra og fjölda loftfara sem þeir líkja eftir.

EEP2: Tólf mánaða tímabilið framlengt um að hámarki 24 mánuði samkvæmt lið ORA.FSTD.225.

EEP3: Tólf mánaða tímabilið framlengt um að hámarki 36 mánuði samkvæmt lið ORA.FSTD.225.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/208 **2023/EES/62/29**

frá 14. febrúar 2020

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ([2]), þar sem mælt er fyrir um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið, er þess krafist að notaðar séu sérstakar vinnuaðferðir við gagnaskipti á milli búnaðar í lofti og á jörðu niðri. Framkvæma verður slíkar sértækar vinnuaðferðir á samræmdan hátt til að tryggja rekstrarsamhæfi og samfelldan rekstur.

2) Nýlega var skjalið *Eurocae ED - 120, Safety and Performance Requirements Standard for Air Traffic Data Link Services in Continental Airspace* endurskoðað til að fella brott hvers konar tilvísanir í niðurtengingarskeytið (DM) 89 *MONITORING [unit name] [frequency]* , eins og þörf var á til að styðja við starfrækslu gagnatenginga. Núverandi tilvísun í ED-120, sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 29/2009, endurspeglar ekki lengur þróun staðla og meginreglna um rekstrarstarfsemi og hentar ekki lengur til að styðja við starfrækslu gagnatenginga fyrir vottuð loftför með sífellt umfangsmeiri aðgerðir innan rekstrarstjórnunar flugumferðar.

3) Þar af leiðandi ætti að breyta tæknilegu lágmarksstöðlunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 29/2009, sem flugrekendur eiga að fara að, til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð. ESB L 13, 17.1.2009. bls. 3).

VIÐAUKI

Í stað 11. liðar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur eftirfarandi:

„11. Eurocae ED-120 - *Safety and Performance Requirements Standard for Air Traffic Data Link Services in Continental Airspace*, útgefið í maí 2004, þ.m.t.:

a) fyrir flugrekendur:

— með 1. breytingu, útgefinni í apríl 2007, og 2. breytingu, útgefinni í október 2007, eða

— með 1. breytingu, útgefinni í apríl 2007, 2. breytingu, útgefinni í október 2007, og 3. breytingu, útgefinni í september 2019,

b) fyrir veitendur flugumferðarþjónustu:

— með 1. breytingu, útgefinni í apríl 2007, 2. breytingu, útgefinni í október 2007, og 3. breytingu, útgefinni í september 2019.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/270 **2023/EES/62/30**

frá 25. febrúar 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar umbreytingarráðstafanir fyrir fyrirtæki sem annast áframhaldandi lofthæfi fyrir almannaflug ásamt stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og um leiðréttingu á þeirri reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 17. gr. og 14. og 15. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 ([2]) voru gerðar tilslakanir á kröfum reglugerðar framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([3]) varðandi viðhald á léttum loftförum. Með henni var einnig bætt við ráðstöfunum vegna stjórnunar öryggisáhættu fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem eru starfrækt af handhöfum flugrekandaskírteinis.

2) Sem skref í átt að því að farið sé að fullu að þeim nýju reglum og verklagsreglum sem innleiddar eru með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383 er í sömu reglugerð kveðið á um umbreytingarráðstafanir fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta. Í því skyni að skýra nánar eftirlitsskyldur þessara fyrirtækja ætti að breyta umbreytingarráðstöfununum.

3) Einnig ætti að leiðrétta nokkrar rangar tilvísanir milli viðaukanna í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383 og bæta við tilvísunum sem vantar.

4) Í ljósi þess að framkvæmdastjórnin ætlar sér ekki að framlengja umbreytingartímabilið ætti að samræma gildistökudagsetningu þessarar breytingar við þá dagsetningu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 56, 27.2.2020, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Samþykki fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi [loftfara]

1. Fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu hljóta samþykki, óski þau eftir því, lögbærs yfirvalds í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145-hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) og V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á fyrir hvert fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt, fram til 24. september 2020, að gefa út samþykki fyrir fyrirtæki, óski þau eftir því, í samræmi við kröfur F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta). Öll samþykki, sem eru gefin út í samræmi við F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta), skulu gilda til 24. september 2021.

3. Samþykkisvottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við vottunarforskrift JAR-145, sem um getur í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (*) og gildir fyrir 29. nóvember 2003, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145-hluta) við þessa reglugerð.

4. Fyrirtæki, sem hafa gilt samþykkisvottorð fyrirtækis, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145-hluta), skulu, óski þau eftir því, fá útgefið eyðublað 3-CAO frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í I. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta) og vera eftir það undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta).

Réttindi slíks fyrirtækis samkvæmt samþykkinu, sem gefið er út í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), skulu vera þau sömu og réttindi samkvæmt samþykkinu sem gefið er út í samræmi við F-kafla eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða við II. viðauka (145-hluta). Hins vegar skulu þessi réttindi ekki vera umfangsmeiri en réttindi fyrirtækis sem um getur í A-hluta V. viðauka d (CAO-hluta).

Þrátt fyrir lið CAO.B.060 í V. viðauka d (CAO-hluta) er fyrirtækinu heimilt, til 24. september 2021, að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum, sem voru settar fram í V. viðauka d (CAO-hluta) og er ekki að finna í F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða í II. viðauka (145. hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki ráðið bót á þessum frávikum í síðasta lagi 24. september 2021 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

5. Fyrirtæki sem hafa gilt samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem gefið er út í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta), skulu, fari þau þess á leit, fá útgefið samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 14 frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í V. viðauka c (CAMO-hluta), og vera eftir það undir eftirliti lögbærs yfirvalds í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta).

Þrátt fyrir lið CAMO.B.350 í V. viðauka c (CAMO-hluta), má fyrirtækið, fram til 24. september 2021, ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum sem voru settar fram í V. viðauka c (CAMO-hluta) og er ekki að finna í G-kafla I. viðauka (M-hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta í síðasta lagi 24. september 2021 skal afnema samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

6. Líta skal svo á að vottorð og samþykki viðhaldsáætlunar fyrir loftför, sem hafa verið gefin út samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, eins og hún gilti fyrir 24. mars 2020, hafi verið veitt í samræmi við þessa reglugerð.

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).“

2. gr.

Ákvæði I., II., III. og IV. viðauka, V. viðauka a, V. viðauka b, V. viðauka c og V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. mars 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III. og IV. viðauka, V. viðauka a, V. viðauka b, V. viðauka c og V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði I. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) Liður M.1 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað b-liðar ii. liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„b) yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða með fyrirtækinu sem eigandinn hefur gert takmarkaðan samning við í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201.“

ii. Eftirfarandi 4. liður bætist við:

„4. þegar um er að ræða eftirlit með fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eins og tilgreint er í G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta):

i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar, tilnefnir, ef samþykkið er ekki skráð á flugrekandaskírteini,

ii. yfirvald sem aðildarríki flugrekandans tilnefnir, ef samþykkið er skráð á flugrekandaskírteini,

iii. Flugöryggisstofnunin ef fyrirtækið er staðsett í þriðja landi.“

b) Liður M.A.201 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað e-, f-, g-, h- og i-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Þegar um er að ræða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 (*) skal flugrekandinn bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem hann starfrækir og skal hann:

1) sjá til þess að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki sem fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO-fyrirtæki) skv. V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta), sem hluta af flugrekandaskírteini hans fyrir loftfarið sem hann starfrækir,

3) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða gera skriflegan samning í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta) við fyrirtæki sem hefur verið samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

f) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni, við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (**) og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta); ef flugrekandinn hefur ekki sjálfur hlotið samþykki sem CAMO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta),

3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loftförum og íhlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

g) Hvað varðar flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né f-lið, skal eigandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta); ef eigandinn hefur ekki verið samþykktur sem CAMO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta),

3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loftförum og íhlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

h) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,

2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO-fyrirtæki) sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta); ef flugrekandinn hefur ekki hlotið samþykki sem CAMO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta), eða sem CAO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta) skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða við CAO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta),

3) að CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða sem CAO-fyrirtæki með viðhaldsréttindi, eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) með viðhaldsréttindi.

i) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né h-lið eða sem notuð eru við takmarkaða starfrækslu, skal eigandinn tryggja að flug fari ekki fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt. Í því skyni skal eigandinn:

1) setja verkefnin í tengslum við áframhaldandi flughæfi, sem um getur í M.A.301, í hendur CAMO-fyrirtækis eða CAO-fyrirtækis með því að gera við þau skriflegan samning í samræmi við I. viðbæti, eða

2) framkvæma þessi verkefni sjálfur, eða

3) framkvæma þessi verkefni sjálfur að undanskildum verkefnum varðandi þróun og úrvinnslu samþykkis viðhaldsáætlunar loftfarsins, en þó eingöngu ef CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki framkvæmir þau á grundvelli takmarkaðs samnings sem gerður er í samræmi við M.A.302.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).“

ii. Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) Ef loftfar, sem skráð er á flugrekandaskírteini, er notað við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sértæka starfrækslu samkvæmt lið ORO.GEN.310 í III. viðauka eða lið NCO.GEN.104 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal flugrekandinn tryggja að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtækinu sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða af CAO-fyrirtækinu sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.“

c) Í stað fyrsta og annars málsliðar c-liðar M.A.302 kemur eftirfarandi:

„Þegar CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða þegar takmarkaður samningur hefur verið gerður á milli eigandans og CAMO- eða CAO-fyrirtækis, í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.

Í því tilviki skal viðkomandi CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki taka málsmeðferð við óbeint samþykki upp sem hluta af starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME), sem um getur í lið CAMO.A.300 í V. viðauka c eða lið M.A.704 þessa viðauka, eða sem hluta af starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE), sem um getur í lið CAO.A.025 í V. viðauka d, og skal lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á þessu CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, samþykkja hana.“

d) Í stað b-liðar í M.A.306 kemur eftirfarandi:

„b) Fyrsta útgáfa tækniflugbókar loftfars skal hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsin sem er tilgreint í lið CAMO.A.105 í V. viðauka c (CAMO-hluta), í lið M.1 þessa viðauka (M-hluta) eða 1. lið CAO.1 í V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á. Öllum síðari breytingum á tækniflugbókinni skal stjórnað í samræmi við c-lið CAMO.A.300 eða b- og c-lið M.A.704 eða c-lið CAO.A.025.“

e) Liður M.A.502 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað fyrsta málsliðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í loftfarinu, að viðhald hans sé í höndum viðhaldsfyrirtækis, sem samþykkt er í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða í höndum viðhaldsvotta sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801.“

ii. Í stað fyrsta málsliðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„Viðhald íhluta, sem um getur í c-lið í 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef íhlutnum hefur verið komið fyrir í loftfarinu eða hefur verið fjarlægður tímabundið til að auðvelda aðgengi, skal vera í höndum viðhaldsfyrirtækis loftfars, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða, eftir því sem við á, í höndum viðhaldsvotta, sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801 eða í höndum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801.“

f) Í stað a-liðar M.A.503 kemur eftirfarandi:

„a) Ísettir hlutar með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun skulu ekki fara yfir samþykktan endingartíma, eins og tilgreint er í viðhaldsáætlun loftfarsins og í lofthæfifyrirmælunum, nema eins og kveðið er á um b-lið M.A.504.“

g) Í stað 5. liðar a-liðar M.A.604 kemur eftirfarandi:

„5. skrá yfir viðhaldsvotta og, ef við á, starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi ásamt gildissviði samþykkis þeirra, og,“.

h) Liður M.A.606 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Sýna skal fram á og skrá réttindi alls starfsfólks sem vinnur við viðhald og annast staðfestingu á lofthæfi.“

ii. Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni, í samræmi við lið ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), skal það hafa sérmenntað starfsfólk sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi og uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:

1. það skal hafa undir höndum heimild fyrir viðhaldsvotta viðkomandi loftfars,

2. það skal hafa a.m.k. þriggja ára reynslu sem viðhaldsvottar,

3. það skal starfa óháð stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem verið er að staðfesta, eða bera heildarábyrgð á stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem verið er að staðfesta,

4. það skal hafa öðlast þekkingu á C-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta),

5. það skal hafa öðlast viðurkennda þekkingu á þeim ferlum viðhaldsfyrirtækisins sem skipta máli fyrir staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs,

6. það skal hafa fengið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa framkvæmt staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti starfsfólks fyrirtækisins, sem annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við aðferð sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,

7. það skal hafa annast a.m.k. eina staðfestingu á lofthæfi á undangengnu tólf mánaða tímabili.“

i) Í stað a- og b-liðar M.A.614 kemur eftirfarandi:

„a) Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru. Varðveita skal skrár, sem eru nauðsynlegar til að sanna að öllum kröfum hafi verið fullnægt fyrir útgáfu allra viðhaldsvottorða, þ.m.t. viðhaldsvottorða undirverktaka, og fyrir útgáfu allra lofthæfistaðfestingarvottorða.

b) Samþykkta viðhaldsfyrirtækið skal láta eiganda eða flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynlegar eru til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305 þessa viðauka (M-hluta) eða ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“

j) Í stað annars málsliðar c-liðar M.A.614 kemur eftirfarandi:

„Fyrirtækið skal auk þess varðveita afrit af öllum gögnum sem tengjast útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða í þrjú ár frá útgáfudegi og láta eiganda loftfarsins í té afrit af þessum gögnum.“

k) Í stað inngangsmálsliða a-liðar M.A.618 kemur eftirfarandi:

„a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. september 2021, að því tilskildu:“.

l) Ákvæði a-liðar M.A.704 eru leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanni, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni ávallt vinna samkvæmt þessum viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,“.

ii. Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtækið tryggir að farið sé að ákvæðum þessa viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á og“.

m) Liður M.A.706 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfis og að starfsemin geti farið fram í samræmi við þennan viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Tilnefna skal einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á því að fyrirtækið uppfylli ávallt viðeigandi kröfur varðandi stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi í þessum viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta). Skal hann eða þeir bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.“

iii. Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) Að því er varðar fyrirtæki sem framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, í samræmi við 4. lið a-liðar M.A.711 og M.A.901 þessa viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, skal fyrirtækið tilnefna einstaklinga, sem hafa til þess heimild, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.“

n) Í stað inngangsorða a-liðar M.A.707 kemur eftirfarandi:

„a) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi, og, ef við á, gefa út flugleyfi, skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli, sem um getur í I-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) eða I-kafla A-þáttar V. viðauka b (ML-hluta) og, ef við á, gefur út flugleyfi í samræmi við c-lið M.A.711:“

o) Liður M.A.708 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal tryggja að öll stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfi fari fram í samræmi við C-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og C-kafla A-þáttar V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“

ii. Ákvæði b-liðar eru leiðrétt sem hér segir:

— Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:

„1. sjá til þess að samin sé viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar viðeigandi áreiðanleikaáætlanir, eins og krafist er í M.A.302 þessa viðauka (M-hluta) eða ML.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og að haft sé eftirlit með þeim,

2. að því er varðar loftför sem ekki eru notuð af flugrekendum með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, senda ábyrgum eiganda eða flugrekand, í samræmi við M.A.201 þessa viðauka (M-hluta) eða ML.A.201 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, afrit af viðhaldsáætluninni fyrir loftför,“.

— Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. sjá til þess að allt viðhald fari fram í samræmi við samþykkta viðhaldsáætlun og að gefið sé út viðhaldsvottorð í samræmi við H-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða H-kafla V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,“.

iii. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför eða loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, eða loftför notuð við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, og þegar CAMO-fyrirtækið hefur ekki hlotið tilhlýðilegt samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta), skal viðkomandi fyrirtæki, í samráði við flugrekandann, gera skriflegan viðhaldssamning við fyrirtæki, sem er með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða við annan flugrekanda, þar sem

nákvæmlega eru taldir upp starfsþættir , sem tilgreindir eru í b-, c-, f- og g-lið M.A.301 þessa viðauka (M-hluta) eða b- til e-lið ML.A.301 í V. viðauka b (ML-hluta), til að tryggja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) annist í raun allt viðhald og skilgreina hvernig styrkja skuli starfsþætti gæðakerfisins sem um getur í b-lið M.A.712 í þessum viðauka (M-hluta).

d) Þrátt fyrir c-lið getur samningurinn verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækis sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) að því er varðar:

1. loftfar sem þarf á ófyrirséðu leiðarviðhaldi að halda,

2. viðhald íhluta, þ.m.t. viðhald hreyfla.“

p) Í stað liðar M.A.709 kemur eftirfarandi:

„M.A.709 **Skjöl**

a) Samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í þessum viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna er lúta að áframhaldandi lofthæfi sem um getur í M.A.708 í þessum viðauka (M-hluta). Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilviki þarf fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, aðeins að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt M.A.714 í þessum viðauka (M-hluta).

b) Viðurkennt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, getur þróað „grunnviðhaldsáætlanir“ og/eða „almennar viðhaldsáætlanir“ fyrir loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, til að gera fyrsta samþykki eða rýmkun gildissviðs samþykkis kleift án þess að samningarnir, sem um getur í I. viðbæti við þennan viðauka (M-hluta) eða í I. viðbæti við V. viðauka b (ML-hluta), séu fyrir hendi, eftir því sem við á. Þessar „grunnviðhaldsáætlanir“ og „almennu viðhaldsáætlanir“ koma þó ekki í veg fyrir nauðsyn þess að koma á fullnægjandi viðhaldsáætlun fyrir loftför í samræmi við M.A.302 í þessum viðauka (M-hluta) eða ML.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, í tæka tíð áður en réttindanna, sem um getur í M.A.711 í þessum viðauka (M-hluta), er neytt.“

q) Í stað liðar M.A.710 kemur eftirfarandi:

„M.A.710 **Staðfesting á lofthæfi**

Þegar fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við b-lið M.A.711 þessa viðauka (M-hluta), annast staðfestingu á lofthæfi skal hún framkvæmd í samræmi við M.A.901 í þessum viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“

r) Liður M.A.711 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað 4. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„4. að framlengja, samkvæmt skilyrðum f-liðar M.A.901 í þessum viðauka (M-hluta) eða c-liðar ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, lofthæfistaðfestingarvottorð sem lögbært yfirvald, annað fyrirtæki eða annar aðili hefur gefið út, eftir því sem við á,“.

ii. Eftirfarandi 5. liður bætist við í a-lið:

„5. að samþykkja viðkomandi viðhaldsáætlun fyrir loftför, í samræmi við 2. lið b-liðar ML.A.302, að því er varðar loftför sem er stjórnað í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta).“

iii. Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1. gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð með þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar eða 2. lið e-liðar M.A.901 í þessum viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og“.

s) Í stað a-liðar M.A.714 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru. Varðveita skal skrár sem krafist er samkvæmt lið M.A.305 í þessum viðauka (M-hluta) eða lið ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og, ef við á, samkvæmt lið M.A.306 í þessum viðauka (M-hluta).“

t) Í stað inngangsmálsliðar a-liðar M.A.715 kemur eftirfarandi:

„a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. september 2021, að því tilskildu:“.

u) Í stað a- og b-liðar M.A.716 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrsta stigs frávik er sérhver mikilvæg vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.

b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, sem getur dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.“

v) Í stað a-liðar M.A.802 kemur eftirfarandi:

„a) Gefa skal út viðhaldsvottorð í lok viðhalds á loftfarsíhlut, sem framkvæmt er í samræmi við M.A.502 í þessum viðauka (M-hluta), nema íhlutur hljóti viðhaldsvottun viðhaldsfyrirtækis, sem er samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).“

w) Liður M.A.901 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna í c-lið kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar öll loftför sem flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, nota og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í 1. lið b-liðar og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, í samræmi við e-lið CAMO.A.125 í V. viðauka c eða b-lið M.A.711 í þessum viðauka eða 1. lið c-liðar CAO.A.095 í V. viðauka d, eftir því sem við á, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar:“

ii. Í stað inngangsorðanna í e-lið kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar loftför sem ekki eru notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa 2730 kg eða þar undir, getur sérhvert CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, sem eigandi eða flugrekandi velur í samræmi við e-lið CAMO.A.125 í V. viðauka c eða b-lið M.A.711 í þessum viðauka eða c-lið CAO.A.095 í V. viðauka d, eftir því sem við á, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar:“.

x) Í stað 3. liðar d-liðar M.B.104 kemur eftirfarandi:

„3. tilmælum um staðfestingu á lofthæfi sem CAO- eða CAMO-fyrirtæki hafa gefið út,“.

y) Í stað a-liðar M.B.105 kemur eftirfarandi:

„a) Til að stuðla að bættu flugöryggi skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á öllum nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við 72. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

z) Í stað c-liðar M.B.301 kemur eftirfarandi:

„c) Þegar um er að ræða óbeint samþykki, eins og kveðið er á um í c-lið M.A.302, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja málsmeðferð CAMO- eða CAO-fyrirtækisins við samþykki á viðhaldsáætlun loftfarsins með því að nota starfsemislýsingu viðkomandi fyrirtækis, eins og um getur í lið CAO.A.025 í V. viðauka d, lið M.A.704 í þessum viðauka eða lið CAMO.A.300 í V. viðauka c, eftir því sem við á.“

aa) Í stað liðar M.B.302 kemur eftirfarandi:

„M.B.302 **Undanþágur**

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 71. gr. í reglugerð (ESB) 2018/1139.“

bb) Í stað b-liðar í M.B.305 kemur eftirfarandi:

„b) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar á tækniflugbók loftfars, án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðeigandi verklagsreglu sem um getur í c-lið CAMO.A.300 í V. viðauka c, c-lið M.A.704 í þessum viðauka eða c-lið CAO.A.025 í V. viðauka d.“

cc) Í stað liðar M.B.703 kemur eftirfarandi:

„M.B.703 **Útgáfa samþykkis**

a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út til handa umsækjanda samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 14-MG (VI. viðbætir við þennan viðauka), þar sem fram kemur umfang samþykkisins, ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfur G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta).

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina gildistíma samþykkisins á samþykkisvottorði á EASA-eyðublaði nr. 14-MG.

c) Tilvísunarnúmerið skal koma fram á samþykkisvottorði á eyðublaði nr. 14-MG á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

d) Þegar um er að ræða flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skulu upplýsingar á EASA-eyðublaði nr. 14-MG koma fram á flugrekandaskírteininu.“

dd) Í stað inngangsorða a-liðar M.B.705 kemur eftirfarandi:

„a) Komi fram vísbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, sem sýna fram á vanefnd gagnvart kröfu sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:“.

ee) Í stað c-liðar M.B.706 kemur eftirfarandi:

„c) Að því er varðar allar breytingar á starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi gildir eftirfarandi:

1. Ef um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum, í samræmi við b-lið M.A.704 í þessum viðauka (M-hluta), skal lögbæra yfirvaldið staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni, uppfylli kröfur þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, áður en það tilkynnir samþykkta fyrirtækinu formlega um samþykkið.

2. Í þeim tilvikum þegar málsmeðferð við óbeint samþykki er notuð fyrir samþykki á breytingunum í samræmi við c-lið M.A.704 í þessum viðauka (M-hluta) skal lögbæra yfirvaldið tryggja alla eftirfarandi þætti:

i. að breytingarnar verði minni háttar,

ii. að það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær uppfylli áfram kröfur þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“

ff) Ákvæði III. viðbætis eru leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað orðalagsins varðandi vottun á EASA-eyðublaði nr. 15b kemur eftirfarandi:

„Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar eftirfarandi fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við A-þátt V. viðauka c (CAMO-hluta) eða A-þátt G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða A-þátt V. viðauka b (CAO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014,

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

[TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS]

hér með að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars samkvæmt M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:“.

ii. Í stað útgáfunúmers EASA-eyðublaðs nr. 15b kemur „6. útgáfa“.

gg) Taflan í 13. lið IV. viðbætis er leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað reitanna sem svara til áritunar A2 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A2 Flugvélar að hámarki 5700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin* Tilgreina skal hvort útgáfa loft-hæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki.	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)“.

ii. Í stað reitanna sem svara til áritunar A4 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A4 Loftför nema A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (sviffluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki.	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)“.

hh) Í stað V. viðbætis kemur eftirfarandi:

„V. viðbætir

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) - EASA-eyðublað nr. 3-MF

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis, og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt lið ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók viðhaldsfyrirtækisins, eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.

2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykkta viðhalds-fyrirtækisins.

3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.

4. Með fyrirvara um að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. september 2021 nema það hafi verið lagt inn, annað hafi komið í þess stað, ógilt tímabundið eða afturkallað fyrir þann dag.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 5. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(****)
	(***)	(****)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 5. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins).“

ii. Eftirfarandi VI. viðbæti er bætt við sem hér segir:

„VI. viðbætir

Vottorð fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta) - EASA-eyðublað nr. 14-MG

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðið, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli og lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta) og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út flugleyfi, eins og tilgreint er í c-lið M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð.

SKILYRÐI

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eins og um getur í G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgst sé verklagsreglunum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem er samþykkt í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykkta fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfurnar skv. I. viðauka (M-hluta), og, ef við á, skv. V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

4. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta vottorð áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin uppfylli gildandi samningsskyldur.

5. Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. september 2021 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

   Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal númeri flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði 6, 7 og 8, koma í staðinn fyrir skilyrði 5:

6. Þetta vottorð er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í skilyrði 1. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.

7. Þetta vottorð ógildist sjálfkrafa með tilliti til þeirra loftfara sem skráð eru á flugrekandaskírteininu ef flugrekandaskírteinið fellur úr gildi, er fellt tímabundið úr gildi eða það afturkallað, nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.

8. Svo fremi að skilyrði 1–4, 6 og 7 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. september 2021 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

Bls. 1 af 2

EASA-eyðublað nr. 14-MG, 5. útgáfa.

Bls. 2 af 2

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MG.XXXX

(tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessi skilmálar samþykkis takmarkast við gildissvið verksviðsins sem tilgreint er í þættinum um samþykkta starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi .....

Tilvísun í starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS *]

EASA-eyðublað nr. 14-MG, 5. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(***) Strika skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.“

jj) Í stað 3. liðar a-liðar í VIII. viðbæti kemur eftirfarandi:

„3. Flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins (eða CAMO- eða CAO-fyrirtækið sem hann hefur samið við) ber ábyrgð á að tilgreina verkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, í samræmi við þessar grundvallarreglur í viðhaldsáætluninni og að tryggja að skjalið sé uppfært tímanlega.“

2) Ákvæði II. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) Liður 145.A.30 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað fyrsta málsliðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við viðhald, staðfestingu á lofthæfi, stjórnun og/eða gæðaúttektir í samræmi við verklagsreglu og staðal sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á.“

ii. Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.L.903 í V. viðauka b (ML-hluta), skal það hafa starfsfólk með réttindi sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi og uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:

1. það skal hafa undir höndum heimild fyrir viðhaldsvotta viðkomandi loftfars,

2. það skal hafa a.m.k. þriggja ára reynslu sem viðhaldsvottar,

3. það skal starfa óháð stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem verið er að staðfesta, eða bera heildarábyrgð á stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem verið er að staðfesta,

4. það skal hafa öðlast þekkingu á C-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta),

5. það skal hafa öðlast viðurkennda þekkingu á þeim ferlum viðhaldsfyrirtækisins sem skipta máli fyrir staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs,

6. það skal hafa fengið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa framkvæmt staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti starfsfólks fyrirtækisins, sem annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við aðferð sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,

7. það skal hafa annast a.m.k. eina staðfestingu á lofthæfi á undangengnu tólf mánaða tímabili.“

b) Í stað d-liðar 145.A.48 kemur eftirfarandi:

„d) að stuðst sé við gögn, sem tilgreind eru í M.A.304 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.304 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar.“

c) Í stað annars málsliðar d-liðar 145.A.50 kemur eftirfarandi:

„Opinbert viðhaldsvottorðið „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhlutinn, nema annað sé tilgreint í M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“

d) Liður 145.A.55 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um þau viðhaldsverk sem unnin eru. Fyrirtækið skal að lágmarki varðveita skrár sem nauðsynlegar eru til að sanna að öllum kröfum hefur verið fullnægt fyrir útgáfu viðhaldsvottorðs, þ.m.t. afhendingarskjöl undirverktaka, og fyrir útgáfu allra lofthæfistaðfestingarvottorða.

b) Fyrirtækið skal láta eiganda/flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af sundurliðaðri viðhaldsskrá í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynleg er til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“

ii. Í stað fyrsta málsliðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem viðhaldsvottorð var gefið út fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við. Fyrirtækið skal auk þess varðveita afrit af öllum gögnum sem tengjast útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða í þrjú ár frá útgáfudegi og láta eiganda loftfarsins í té afrit af þessum gögnum.“

e) Í stað 12. liðar a-liðar 145.A.70 kemur eftirfarandi:

„12. verklagsreglur og gæðakerfi, sem fyrirtækið hefur komið á samkvæmt liðum 145.A.25 til 145.A.90 í þessum viðauka (145. hluta), og hvers konar viðbótarverklagsreglur sem fylgja á í samræmi við I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,“.

f) Ákvæði III. viðbætis eru leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað orðalagsins varðandi vottun á bls. 1 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 3-145 kemur eftirfarandi:

"Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki í samræmi við A-þátt í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við þá reglugerð að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis."

ii. Í töflunni á bls. 2 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 3-145 kemur „(****)" í stað textans í línunum fyrir „LOFTFAR" í dálkinum „TAKMÖRKUN".

3) Í stað 10. áfanga í 2. lið I. viðbætis III. viðauka (66. hluta) kemur eftirfarandi:

„10. ÁFANGI. LÖG UM LOFTFERÐIR

	STIG			
	A	B1	B2 B2L	B3
10.1 *Regluramm* Hlutverk Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Hlutverk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hlutverk Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA). Hlutverk aðildarríkjanna og flugmálayfirvalda þeirra. Reglugerð (ESB) 2018/1139, reglugerð (ESB) nr. 748/2012, reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014. Tengsl á milli mismunandi viðauka (hluta) reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 og reglugerðar (ESB) nr. 965/2012.	1	1	1	1
10.2 *Viðhaldsvottar — Viðhald* Ítarleg þekking á 66. hluta.	2	2	2	2
10.3 *Samþykkt viðhaldsfyrirtæki* Ítarleg þekking á 145. hluta og F-kafla M-hluta.	2	2	2	2
10.4 *Flugrekstur* Almennur þekking á reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Flugrekandaskírteini. Ábyrgð flugrekanda, einkum varðandi áframhaldandi lofthæfi og viðhald. Viðhaldsáætlun fyrir loftför. Listi yfir lágmarksbúnað/listi yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug. Skjöl sem skulu vera um borð. Skilti (merkingar) í loftförum.	1	1	1	1
10.5 *Vottun tiltekinna loftfara, hluta og búnaðar*				
a) Almenn ákvæði Almenn þekking á 21. hluta og vottunarforskriftum Flugöryggisstofnunar Evrópu CS-23, 25, 27, 29.	—	1	1	1

	STIG			
	A	B1	B2 B2L	B3
b) Skjöl Lofthæfivottorð, takmörkuð lofthæfivottorð og flugleyfi. Skráningarskírteini. Hljóðstigsvottorð. Vigtunaráætlun. Fjarskiptastöðvarskírteini og -samþykki.	—	2	2	2
10.6 *Áframhaldandi lofthæfi* Ítarleg þekking á ákvæðum 21. hluta sem tengjast áframhaldandi lofthæfi. Ítarleg þekking á M-hluta.	2	2	2	2
10.7 *Gildandi landsbundnar og alþjóðlegar kröfur er varða (ef kröfur ESB leysa þær ekki af hólmi):*				
a) Viðhaldsáætlanir, viðhaldseftirlit og viðhaldsskoðanir. Lofthæfifyrirmæli. Þjónustutilkynningar og þjónustuupplýsingar framleiðanda. Breytingar og viðgerðir. Viðhaldsskjöl: viðhaldshandbækur, handbækur um viðgerðir á burðarvirki, skrá með skýringarmyndum af hlutum o.s.frv. Eingöngu fyrir skírteini í flokkum A til B2: Grunnlista yfir lágmarksbúnað (MMEL), lista yfir lágmarksbúnað (MEL) og leiðbeiningalista fyrir flug með skertan búnað (DDL),	1	2	2	2
b) Áframhaldandi lofthæfi. Kröfur um lágmarksbúnað — reynsluflug. Eingöngu fyrir skírteini í flokkum B1 og B2: Fjarflug (ETOPS), kröfur um viðhald og afgreiðslu. Starfræksla í skertu skyggni, starfræksla í flokki 2 eða 3.	—	1	1	1“.

4) Á bls. 2 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 11 í II. viðbæti við IV. viðauka (147. hluta) kemur „6. útgáfa“ í stað útgáfunúmersins sem tilgreint er þar.

5) Í stað A-kafla B-þáttar í efnisyfirliti V. viðauka a (T-hluta) kemur eftirfarandi:

„A-kafli — Almenn ákvæði

T.B.101 Gildissvið

T.B.102 Lögbært yfirvald

T.B.104 Skráahald

T.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum“.

6) Ákvæði V. viðauka b (ML-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

a) Liður ML.A.201 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„1) vera samþykktur sem CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars síns, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða gera samning við slíkt fyrirtæki með því að nota samninginn sem settur er fram í I. viðbæti við þennan viðauka,“.

ii. Í stað fyrsta málsliðar f-liðar kemur eftirfarandi:

„Til að uppfylla kröfur a-liðar getur eigandi loftfars, sem fellur ekki undir e-lið, gert samning við fyrirtæki, sem er samþykkt sem CAMO- eða CAO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), um að annast þau verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

iii. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) Ef loftfar, sem skráð er á flugrekandaskírteini, er notað við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sértæka starfrækslu samkvæmt lið ORO.GEN.310 í III. viðauka eða lið NCO.GEN.104 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (*), skal flugrekandinn tryggja að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi séu framkvæmd af CAMO-fyrirtækinu, sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða af CAO-fyrirtækinu, sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).“

b) Ákvæði b-liðar ML.A.901 eru leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) samþykktu viðhaldsfyrirtæki samhliða því sem það framkvæmir 100 klst./árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins,“.

ii. Í stað inngangsorða 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4) að því er varðar loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta), eða, ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 (*), eða, ef um er að ræða sviffflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 (**), óháðum viðhaldsvottum samhliða því sem þeir framkvæma 100 klst./árlegu skoðunina, sem er að finna í viðhaldsáætlun loftfarsins þegar þeir eru handhafar:

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffluga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).“

c) Í stað b-liðar ML.A.904 kemur eftirfarandi:

„b) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi fyrir hönd fyrirtækis, sem um getur í F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), skulu hafa réttindi í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.“

d) Í stað d-liðar ML.B.902 kemur eftirfarandi:

„d) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi skal það hafa aðgang að viðeigandi gögnum, sem tilgreind eru í ML.A.305 og ML.A.401.“

e) Í stað fyrsta málsliðar í III. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Öll eftirfarandi verkefni teljast flókin viðhaldsverkefni sem flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, má ekki framkvæma skv. II. viðbæti. Þessi verkefni skulu annaðhvort framkvæmd af samþykktu viðhaldsfyrirtæki eða óháðum viðhaldsvottum:“.

7) Ákvæði V. viðauka c (CAMO-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

a) Efnisyfirlitið er leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnar CAMO.A.125 kemur eftirfarandi:

„Skilmálar samþykkis og réttindi fyrirtækisins“.

ii. Í stað fyrirsagnar CAMO.A.300 kemur eftirfarandi:

„Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME)“.

iii. Eftirfarandi færslu er bætt við:

„I. viðbætir — Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi - EASA-eyðublað nr. 14“.

b) Liður CAMO.A.125 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað 4. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„4) að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt skilyrðunum í f-lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,“.

ii. Eftirfarandi 5. liður d-liðar bætist við:

„5) að samþykkja viðkomandi viðhaldsáætlun fyrir loftför, í samræmi við 2. lið b-liðar ML.A.302, að því er varðar loftför sem er stjórnað í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta).“

iii. Í stað 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„1) „gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar og 2. lið e-liðar M.A.901 í I viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,“.

c) Í stað c-liðar CAMO.A.300 kemur eftirfarandi:

„c) Meðhöndla skal breytingar á starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við verklagsregluna sem um getur í iv. og v. lið 11. liðar a-liðar. Lögbært yfirvald skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið verklagsreglunnar sem um getur í iv. lið 11. liðar a-liðar, sem og breytingar sem tengjast breytingunum sem eru tilgreindar í a-lið CAMO.A.130.“

d) Í stað 2. liðar c-liðar CAMO.A.315 kemur eftirfarandi:

„2) að þær aðgerðir sem krafist er samkvæmt b-, c-, f- og g-lið M.A.301 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.301 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, séu skýrt tilgreindar.“

e) Í stað liðar CAMO.A.325 kemur eftirfarandi:

„CAMO.A.325 **Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

Fyrirtækið skal haf undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAMO.A.315 í þessum viðauka (CAMO-hluta). Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilviki skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, aðeins geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt a-lið CAMO.A.220.“

8) Ákvæði V. viðauka d (CAO-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

a) Efnisyfirlitið er leiðrétt sem hér segir:

i. Færslan fyrir CAO.B.015 fellur brott.

ii. Í stað fyrirsagnar við CAO.B.045 kemur eftirfarandi:

„Upphafsferli vegna vottunar“.

iii. Í stað fyrirsagnar CAO.B.050 kemur eftirfarandi:

„Útgáfa fyrsta vottorðs“.

iv. Í stað fyrirsagnar I. viðbætis kemur eftirfarandi:

„Vottorð fyrirtækis sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO) — EASA-eyðublað nr. 3-CAO“.

b) Í stað a-liðar CAO.A.017 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í staðinn fyrir viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, til að staðfesta að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar séu uppfylltar.“

c) Í stað liðar CAO.A.080 kemur eftirfarandi:

„CAO.A.080 **Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

CAO-fyrirtækið skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna er lúta að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAO.A.075 í þessum viðauka (CAMO-hluta). Eigandinn getur lagt þessi gögn fram, með fyrirvara um samning eins og um getur í 2. lið h-liðar M.A.201 eða 1. lið i-liðar M.A.201 eða 3. lið i-liðar í I. viðauka (M-hluta) eða 1. lið e-liðar ML.A.201 eða f-liðar ML.A.201 í V. viðauka b (ML-hluta), en í því tilviki þarf CAO-fyrirtækið eingöngu að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi, nema því beri að halda gögnunum eftir samkvæmt b-lið CAO.A.090 í þessum viðauka (CAO-hluta).“

d) Í stað CAO.A.085 kemur eftirfarandi:

„CAO.A.085 **Staðfesting á lofthæfi**

CAO-fyrirtækið skal annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.“

e) Í stað 4. liðar b-liðar í CAO.A.095 kemur eftirfarandi:

„4) að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi, öðru fyrirtæki eða öðrum aðila, eftir því sem við á, í samræmi við f-lið M.A.901 í I viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).“

f) Í CAO.B.045 fellur h-liður brott.

g) Í stað a-liðar CAO.B.050 kemur eftirfarandi:

„a) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur staðfest að umsækjandinn uppfylli ákvæði CAO.B.045 skal það gefa út vottorðið með því að nota sniðmátið að EASA-eyðublaði nr. 3-CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti og tilgreina skilmála samþykkis.“

h) Í töflunni á bls. 2 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 3-CAO í I. viðbæti kemur „□ NDT“ í stað textans í dálkinum „RÉTTINDI“ (***), í línunni „SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/357 **2023/EES/62/31**

frá 4. mars 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/395 að því er varðar flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. gr., 27. gr. og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákvarða kröfurnar fyrir flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL-skírteini) í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í ljósi þess að veiting flugliðaskírteina fyrir loftbelgi er sérstaks eðlis ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur um veitingu skírteina í sjálfstæðum reglugerðum. Þessar kröfur ættu að byggjast á almennu reglunum um veitingu flugliðaskírteina sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]). Hins vegar ætti að endurskipuleggja og einfalda kröfurnar til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og byggist á áhættumiðaðri nálgun, á sama tíma og tryggt er að flugmenn loftbelgja séu hæfir til að sinna starfi sínu og skyldum.

3) Samkvæmt 3. lið 2. mgr. a í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 er aðildarríkjunum heimilt, til 8. apríl 2020, að beita áfram landsbundnum reglum um skírteini sem veita aðgang að grunnréttindum flugmanna. Nokkur aðildarríki hafa í þessu samhengi tilkynnt framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins að áframhaldandi beiting þessara landsbundnu reglna um skírteini, þar sem flugnemar neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits og fá grunnréttindi í áföngum, stuðli að því að efla sport- og tómstundaflug, því það veitir greiðari og enn hagkvæmari aðgang að flugi. Að stuðla að greiðari aðgangi að almannaflugi er í samræmi við markmiðin í vegvísi Flugöryggisstofnunar Evrópu um almannaflug, sem miðar að því að skapa hóflegra, sveigjanlegra og virkara reglukerfi ([3]). Af þessum sökum ætti aðildarríkjunum að vera frjálst að beita áfram þessum landsbundnu reglum um skírteini, í samræmi við meginreglurnar sem voru innleiddar með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/430 ([4]), í þeim tilgangi að gefa út flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL-skírteini). Aðildarríkin ættu þó að upplýsa framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu þegar þeir nýta sér slíkar heimildir. Aðildarríkin ættu einnig að vakta notkun slíkra heimilda til þess að viðhalda viðunandi flugöryggisstigi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) https://www.easa.europa.eu/easa-and-you/general-aviation/general-aviation-road-map

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/430 frá 18. mars 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út (Stjtíð. ESB L 75, 19.3.2019, bls. 66).

4) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti ættu öll vottorð, leyfi og samþykki, sem voru gefin út til flugmanna loftbelgja í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að halda gildi sínu. Breyta ætti þjóðarskírteinum loftbelgsflugmanna, sem gefin voru út fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, í skírteini sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð samkvæmt umbreytingarskýrslum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, að höfðu samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu.

5) Þjálfun loftbelgsflugmanna, sem hófst í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ætti að hljóta fulla viðurkenningu vegna þess að hún uppfyllir sömu eða enn umfangsmeiri þjálfunarkröfur en þær sem innleiddar eru með þessari reglugerð. Þjálfun loftbelgsflugmanna, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, ætti að hljóta fulla viðurkenningu á grundvelli viðurkenningarskýrslna aðildarríkjanna.

6) Núverandi þjálfunarfyrirtæki ættu að fá viðeigandi tíma til að aðlaga þjálfunaráætlanir sínar að einfölduðu þjálfunarkröfunum, ef nauðsyn krefur.

7) Einnig ætti að uppfæra ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ([5]) að því er varðar starfrækslu loftbelgja, svo taka megi til greina fengna reynslu frá því að reglugerðin var samþykkt og til að skýra tiltekna þætti, svo sem framlagningu yfirlýsinga um starfrækslu í ábataskyni.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2019 ([6]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (EB) nr. 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2018/395 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi: „Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139“.

2) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með loftbelgi sem og um útgáfu og viðhald flugmannsskírteina og tengdra áritana, réttinda og vottorða fyrir loftbelgi, þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

([6]) Álit nr. 01/2019, A- og B-hluti, 19.2.2019 sem ber titilinn *Easier access for GA pilots to IFR flying & Revision of the balloon and sailplane licensing requirements*. Aðgengilegt á: https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

3) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 (*) nema hugtökin séu skilgreind á annan hátt í þessari grein:

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).“

b) Eftirfarandi liður 7a bætist við:

„7a) „starfræksla í ábataskyni“: hvers konar starfræksla loftbelgs, gegn greiðslu eða annars konar gjaldi, fyrir almenning eða ef starfrækslan er ekki fyrir almenning fer hún fram samkvæmt samningi milli flugrekanda og viðskiptavinar þar sem sá síðarnefndi stjórnar flugrekandanum ekki með neinum hætti,".

c) Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10) „kynnisflug“: allur flugrekstur gegn greiðslu eða annars konar gjaldi sem samanstendur af stuttri flugferð í þeim tilgangi að laða að nýja nemendur eða nýja meðlimi, sem fram fer annaðhvort á vegum þjálfunarfyrirtækis sem um getur í 10 gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug,“.

d) Í stað 12. liðar kemur eftirfarandi:

„12) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu loftbelgs á ábyrgð leigutaka,“.

e) Eftirfarandi 13.-15. liðir bætast við:

„13) „þjóðarskírteini“: flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landslöggjöf fyrir þann dag sem III. viðauki (BFCL-hluti) við þessa reglugerð eða I. viðauki (FCL-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 kemur til framkvæmda,

14) „skírteini samkvæmt BFCL-hluta“: flugliðaskírteini sem uppfyllir kröfur III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð,

15) „umbreytingarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar umbreytingar á skírteini í skírteini samkvæmt BFCL-hluta.“

4) Ákvæðum 2. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„2. Flugrekendur loftbelgja skulu eingöngu stunda starfrækslu í ábataskyni eftir að hafa tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu loftbelgs.“

b) Önnur undirgrein fellur brott.

c) Þriðju undirgrein er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Fyrsta undirgrein gildir ekki um eftirfarandi starfrækslu loftbelgja:“.

ii. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) kynnisflug með fjórum einstaklingum eða færri, þ.m.t. flugstjóranum, og flug vegna fallhlífarstökks, sem fram fer annaðhvort á vegum þjálfunarfyrirtækis, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og er með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, að því tilskildu að fyrirtækið starfræki loftbelginn á grundvelli eignarhalds eða samnings um tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins og að slíkt flug sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins,

d) þjálfunarflug sem fer fram á vegum þjálfunarfyrirtækis sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og er með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki.“

5) Eftirfarandi 3. gr. a til 3. gr. d bætast við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Flugmannsskírteini og heilbrigðisvottorð

1. Með fyrirvara um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) (*) skulu flugmenn loftfara, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, uppfylla tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

2. Sem undanþága frá þeim réttindum sem handhafar skírteina hafa, eins og skilgreint er í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð, er handhöfum slíkra skírteina heimilt að starfrækja flug sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 3. gr. án þess að uppfylla kröfurnar í lið BFCL.215 í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð.

3. Aðildarríki getur heimilað flugnemum, sem sitja þjálfunarnámskeið fyrir BPL-skírteini, að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en þeir uppfylla allar kröfur sem eru nauðsynlegar fyrir útgáfu BPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta), sbr. þó öll eftirfarandi skilyrði:

   a) umfang þeirra réttinda sem veitt eru byggist á öryggisáhættumati sem aðildarríkið framkvæmir, að teknu tilliti til umfangs nauðsynlegrar þjálfunar, til að flugmaðurinn nái æskilegu hæfnistigi,

   b) takmarka skal réttindin við eftirfarandi:

      i. allt yfirráðasvæði aðildarríkisins, eða hluta af því, sem veitir heimildina,

      ii. loftbelgi sem eru skráðir í aðildarríkinu sem veitir heimildina,

   c) handhafi slíkrar heimildar, sem sækir um útgáfu BPL-skírteinis, skal fá þjálfunina, sem innt er af hendi samkvæmt heimildinni, metna og skal aðildarríkið ákvarða matið á grundvelli tilmæla frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki (ATO) eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki (DTO),

   d) aðildarríkið skal leggja skýrslur og öryggisáhættumat fyrir framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins á þriggja ára fresti,

   e) aðildarríkið skal vakta hvernig heimildirnar, sem gefnar eru út samkvæmt þessari málsgrein, eru notaðar til að tryggja viðunandi flugöryggisstig og grípa til viðeigandi aðgerða ef aukin öryggisáhætta eða einhver annar öryggisvandi greinist.

3. gr. b

Núverandi flugmannsskírteini og þjóðarheilbrigðisvottorð

1. Skírteini samkvæmt FCL-hluta fyrir loftbelgi og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út af aðildarríki fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu skipta þessum skírteinum út fyrir skírteini sem fylgja því sniði sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 þegar þau endurútgefa skírteini af stjórnsýslulegum ástæðum eða að beiðni skírteinishafa.

2. Þegar aðildarríki endurútgefur skírteini og tengd réttindi, áritanir og vottorð í samræmi við 1. mgr. þessar greinar skulu aðildarríkin, eftir því sem við á:

   a) flytja öll réttindin sem þegar hafa verið skráð í skírteini samkvæmt FCL-hluta yfir á hið nýja snið skírteinis,

   b) breyta réttindunum, sem tengjast skírteini samkvæmt FCL-hluta, fyrir flug í tjóðruðum loftbelg eða starfrækslu í ábataskyni, yfir í áritun fyrir flug í tjóðruðum loftbelg eða áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni í samræmi við ákvæði liðar BFCL.200 og BFCL.215 í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð,

   c) skrá í leiðarflugbók flugmanns þá dagsetningu sem flugkennaravottorð, sem tengist skírteini samkvæmt FCL-hluta, fellur úr gildi eða gefa út jafngilt skjal. Eftir þann dag skulu þessir flugmenn aðeins neyta kennararéttinda ef þeir uppfylla kröfurnar í lið BFCL.360 í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð.

3. Handhöfum þjóðarskírteina fyrir loftbelgi, sem aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (BFCL-hluti) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skal vera heimilt að neyta áfram réttinda skírteina sinna fram til 8. apríl 2021. Fyrir þann dag skulu aðildarríkin hafa breytt þessum skírteinum í skírteini samkvæmt BFCL-hluta og tengdum áritunum, réttindum og vottorðum í samræmi við þá þætti sem mælt er fyrir um í umbreytingarskýrslu sem uppfyllir kröfurnar í 4. og 5. mgr. 4. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. Þjóðarheilbrigðisvottorð flugmanna í tengslum við skírteini, eins og tilgreint er í 2. mgr. þessarar greinar og aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (BFCL-hluti) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skulu halda gildi sínu fram að dagsetningu næstu framlengingar á gildistíma eða til 8. apríl 2021, eftir því hvort er á undan. Við framlengingu á þessum heilbrigðisvottorðum skal fara að kröfum IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

3. gr. c

Viðurkenning fyrir þjálfun sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda

1. Að því er varðar útgáfu á skírteinum samkvæmt BFCL-hluta og tengdum réttindum, áritunum eða vottorðum, í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð, skal þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, teljast uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð, að því tilskildu að BPL-skírteinið sé gefið út eigi síðar en 8. apríl 2021. Í því tilviki gildir eftirfarandi:

   a) þjálfun fyrir útgáfu BPL-skírteinis sem hófst í loftbelgjum sem falla undir flokk hitaloftskipa, þ.m.t. tengdar prófanir, má ljúka á þessum loftbelgjum,

   b) veita skal fulla viðurkenningu upp í kröfuna í b-lið BFCL.130 í III. viðauka fyrir þá þjálfunartíma sem lokið er í flokki hitaloftbelgja í öðrum loftbelgjum en þeim sem falla undir hóp A í þessum flokki loftbelgja.

2. veita skal viðurkenningu fyrir þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð eða I. viðauki (FCL-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 kemur til framkvæmda, í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, í tengslum við útgáfu skírteina samkvæmt BFCL-hluta á grundvelli viðurkenningarskýrslu sem unnin er af aðildarríkinu í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins.

3. Í viðurkenningarskýrslunni, sem um getur í 2. mgr., skal lýsa umfangi þjálfunarinnar, tilgreina fyrir hvaða kröfur úr BFCL-hluta viðurkenning er veitt fyrir og, ef við á, hvaða kröfur umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá útgefið skírteini samkvæmt BFCL-hluta. Hún skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að staðfesta umfang þjálfunarinnar sem og afrit af þeim landsbundnu reglugerðum og málsmeðferðarreglum sem þjálfunin hófst í samræmi við.

3. gr. d

Þjálfunarfyrirtæki

1. Þjálfunarfyrirtæki fyrir flugmannsskírteini, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skulu uppfylla kröfurnar í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

2. Þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar sem hafa samþykki sem gefið er út í samræmi við VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða hafa lagt fram yfirlýsingu í samræmi við VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu aðlaga þjálfunaráætlanir sínar, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 8. apríl 2021.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 4. mars 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).“

6) Ákvæðum I. viðauka (DEF-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæðum II. viðauka (BOP-hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

8) Nýr III. viðauki (BFCL-hluta) bætist við, eins og sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka „skilgreiningar“ (DEF-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 sem og í lið FCL.010 í I. viðauka (FCL-hluta) þeirrar reglugerðar, nema hugtökin séu skilgreind á annan hátt í þessum viðauka:“.

2) Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:

„1. „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar,

2. „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC)“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennda aðferð til að uppfylla kröfur eða tillaga um nýja aðferð til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar þar sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt neinar tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,“.

3) Eftirfarandi liður 11a bætist við:

„11a. „fartími“: sá heildartími frá því að karfan lyftist frá jörðu í því skyni að hefja sig á loft þar til að hún stöðvast að afloknu flugi,“.

4) Eftirfarandi liðir 17a og 17b bætast við:

„17a. „flokkur loftbelgja“: flokkun á loftbelgjum sem tekur tillit til þeirra aðferða sem notaðar eru til að halda flugi,

17b. „hæfnipróf“: sýnt fram á færni í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð um nýlega reynslu, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,“.

5) Í stað 22. liðar kemur eftirfarandi:

„22. „hópur loftbelgja“: flokkun á loftbelgjum þar sem tekið er tillit til stærðar eða rúmmáls belgsins,“.

6) Eftirfarandi 23.-26. liðir bætast við:

„23. „færnipróf“: sýnt fram á færni vegna útgáfu skírteinis eða áritunar, eða viðbótarréttinda, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,

24. „hæfnismat“: sönnun á hæfni, þekkingu og viðhorfi vegna fyrstu útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar kennaravottorðs eða prófdómaravottorðs,

25. „einflug“: flug þar sem flugnemi er einn í loftbelgnum,

26. „flug í tjóðruðum loftbelg“: flug með tjóðrunarbúnaði sem heldur loftbelgnum föstum við fastan punkt meðan á starfrækslu stendur, að undanskildum tjóðrunarbúnaði sem má nota sem hluta af verklagi við flugtak.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka „flugrekstur loftbelgja“ (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar BOP.BAS.010 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandi skal, að beiðni þess lögbæra yfirvalds sem sannreynir að flugrekandinn fari enn að ákvæðum 2. liðar a-liðar í lið ARO.GEN.300 í II. viðauka (ARO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, sýna fram á að hann fari að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.“

2) Í stað liðar BOP.BAS.020 kemur eftirfarandi:

„BOP.BAS.020 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Flugrekandinn skal innleiða:

a) öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið liðar ARO.GEN.135 í II. viðauka (ARO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og

b) lofthæfifyrirmæli og aðrar skyldubundnar upplýsingar sem Flugöryggisstofnunin gefur út í samræmi við h-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

3) Í stað liðar BOP.BAS.025 kemur eftirfarandi:

„BOP.BAS.025 Tilnefning sem flugstjóri

Flugrekandinn skal tilnefna flugstjóra sem hefur réttindi til að starfa sem flugstjóri í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð.“

4) Í stað c-liðar BOP.BAS.300 kemur eftirfarandi:

„c) Mælitæki og búnaður sem ekki er krafist samkvæmt þessum lið, sem og annar búnaður sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka en er þó hafður með um borð í loftbelg á flugi, skulu uppfylla eftirfarandi tvö skilyrði:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum eða búnaði, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla grunnkröfur um lofthæfi sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,

2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi loftbelgsins, jafnvel ef um er að ræða bilun eða ólag.“

5) Í stað a-liðar BOP.ADD.005 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn ber ábyrgð á að loftbelgurinn sé starfræktur í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfur þessa kafla og yfirlýsingu sína.“

6) Í stað a-liðar BOP.ADD.015 kemur eftirfarandi:

„a) Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum þessarar reglugerðar, skal flugrekandinn veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, hvenær sem er aðgang að öllum starfsstöðvum, loftbelgjum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfsemi flugrekandans sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, óháð því hvort starfsemin hefur verið útvistuð eða ekki.“

7) Í stað liðar BOP.ADD.035 kemur eftirfarandi:

„BOP.ADD.035 Útvistuð starfsemi

Ef flugrekandinn útvistar hluta af starfsemi sinni, sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, skal hann bera ábyrgð á því að stofnunin eða fyrirtækið, sem samið er við, annist starfsemina í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í þessari reglugerð. Flugrekandinn skal einnig tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að stofnuninni eða fyrirtækinu, sem samið er við, til að ákvarða hvort flugrekandinn uppfylli þessar kröfur.“

8) Í stað a-liðar BOP.ADD.040 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar og að starfsemin geti farið fram í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og við kröfur þessarar reglugerðar. Ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.“

9) Í stað liðar BOP.ADD.045 kemur eftirfarandi:

„BOP.ADD.045 Kröfur um aðstöðu

Flugrekandinn skal búa yfir aðstöðu til að hægt sé að framkvæma og stýra öllum verkefnum og þeirri starfsemi sem þörf er á til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.“

10) Í stað a-liðar BOP.ADD.100 kemur eftirfarandi:

„a) Í yfirlýsingunni sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr. skal flugrekandi staðfesta að hann uppfylli og muni halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í þessari reglugerð.“

11) Í stað a-liðar BOP.ADD.105 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum þessarar reglugerðar, eins og þær eru tilkynntar lögbæra yfirvaldinu, og allar breytingar að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í b-lið BOP.ADD.100 og skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem um getur í c-lið BOP.ADD.100, eins og þær eru skráðar í eða fylgja yfirlýsingunni.“

12) Í stað c-liðar BOP.ADD.115 kemur eftirfarandi:

„c) Ef loftbelgur sem er skráður í þriðja landi fellur undir samning um tómaleigu skal flugrekandi slíks loftbelgs tryggja að farið sé að grunnkröfunum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi sem eru settar fram í II. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.“

13) Í stað c-liðar BOP.ADD.300 kemur eftirfarandi:

„c) Allir flugliðar skulu vera handhafar skírteinis og áritana, sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð og skulu vera viðeigandi fyrir þau skyldustörf sem þeim eru falin.“

14) Í stað e-liðar BOP.ADD.300 kemur eftirfarandi:

„e) Þegar flugrekandinn ræður til sín flugliða, sem vinna í lausamennsku eða í hlutastarfi, skal hann ganga úr skugga um að farið sé að öllum eftirfarandi kröfum:

1) kröfum þessa kafla,

2) ákvæðum III. viðauka við þessa reglugerð, þ.m.t. kröfum um nýlega reynslu,

3) fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma í samræmi við landslög aðildarríkisins þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem flugliðinn veitir öðrum flugrekendum.“

15) Í stað b-liðar BOP.ADD.305 kemur eftirfarandi:

„b) Flugrekandinn skal aðeins tilnefna flugmann sem flugstjóra ef viðkomandi hefur:

1) réttindi til að starfa sem flugstjóri í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð,

2) þá lágmarksreynslu sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni og

3) fullnægjandi þekkingu á svæðinu sem fljúga á yfir.“

16) Í stað liðar BOP.ADD.310 kemur eftirfarandi:

„BOP.ADD.310 Tilhögun þjálfunar og hæfniprófa

Öll þjálfun og hæfnipróf flugliða sem krafist er samkvæmt lið BOP.ADD.315 skal fara fram sem hér segir:

a) í samræmi við þær þjálfunaráætlanir og -námskrár sem flugrekandinn hefur skráð í rekstrarhandbókina,

b) af hálfu einstaklinga með viðeigandi réttindi og, að því er varðar flugþjálfun og hæfnipróf, af hálfu einstaklinga með viðeigandi réttindi í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.“

17) Í stað viðbætisins kemur eftirfarandi:

„Viðbætir

YFIRLÝSING

í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395

Flugrekandi
Heiti:
Staður þar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar:
Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:

Starfræksla loftbelgja

Upphafsdagur starfrækslu í ábataskyni og, ef við á, dagsetning breytingar á fyrirliggjandi starfrækslu í ábataskyni.

Upplýsingar um loftbelg eða loftbelgi sem notaðir eru, starfrækslu í ábataskyni og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi: (1)

Tegund loftbelgs	**Einkennisstafir loftbelgs**	**Höfuðstöðvar**	**Tegund eða tegundir starfrækslu** (2)	**Fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi** (3)

Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur með tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar (sem viðauki við þessa yfirlýsingu):

Yfirlýsingar

☐ Flugrekandinn uppfyllir og mun halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og kröfurnar í reglugerð (ESB) 2018/395.
Flugrekandinn sinnir einkum starfrækslu sinni í ábataskyni í samræmi við eftirfarandi kröfur í ADD-kafla í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/395:

☐ Gögn stjórnunarkerfisins, þ.m.t. rekstrarhandbókin, uppfylla kröfurnar í ADD-kafla og öll flug munu fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar eins og krafist er í b-lið BOP.ADD.005 í ADD-kafla.

☐ Allir loftbelgir, sem eru starfræktir, hafa annaðhvort lofthæfivottorð sem er gefið út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða þeir uppfylla sértækar lofthæfikröfur sem gilda um loftbelgi, sem eru skráðir í þriðja landi og falla undir samning um þjónustuleigu eða samning um tómaleigu, eins og krafist er í lið BOP.ADD.110 og í b- og c-lið BOP.ADD.115 í ADD-kafla.

☐ Allir flugliðar eru handhafar skírteinis og áritana, sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/395, eins og krafist er í c-lið liðar BOP.ADD.300 í ADD-kafla.

☐ Flugrekandinn mun tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/395, eins og þær eru tilkynntar lögbæru yfirvaldi með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skrám yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í a-lið BOP.ADD.105 í ADD-kafla.

☐ Flugrekandinn staðfestir að allar upplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar, eru tæmandi og réttar.

Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns

(1) Fylla skal út töfluna. Ef ekki er nægilegt rými til að skrá upplýsingarnar skulu þær skráðar í sérstökum viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður.
(2) „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísar til tegundar starfrækslu loftbelgs í ábataskyni.
(3) Í upplýsingum um fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal koma fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang og tilvísunarnúmer samþykkis.“

III. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI VEITINGU FLUGLIÐASKÍRTEINA FYRIR LOFTBELGI

[BFCL-HLUTI]

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

BFCL.001 Gildissvið

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær kröfur sem gilda vegna útgáfu flugmannsskírteina fyrir loftbelgi (BPL-skírteina) og tengdra réttinda, áritana og vottorða og skilyrðin fyrir gildi þeirra og notkun.

BFCL.005 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka skal lögbært yfirvald vera yfirvald sem aðildarríkið tilnefnir til að taka við umsóknum einstaklinga um BPL-skírteini eða tengd réttindi, áritanir eða vottorð.

BFCL.010 Flokkar og hópar loftbelgja

Að því er varðar þennan viðauka skulu loftbelgir flokkaðir í eftirfarandi flokka og hópa:

a) flokkur „hitaloftbelgja“:

   1) hópur A: rúmmál belgs allt að 3400 m^3 (120 069 fet^3),

   2) hópur B: rúmmál belgs milli 3401 m^3 (120 070 fet^3) og 6000 m^3 (211 888 fet^3),

   3) hópur C: rúmmál belgs milli 6001 m^3 (211 889 fet^3) og 10 500 m^3 (370 804 fet^3),

   4) hópur D: rúmmál belgs meiri en 10 500 m^3 (370 804 fet^3),

b) flokkur „gasloftbelgja“,

c) flokkur „hita-/gasloftbelgja“,

d) flokkur „hitaloftskipa“.

BFCL.015 Umsókn um og útgáfa, framlenging og endurnýjun BPL-skírteinis sem og tengdra réttinda, áritana og vottorða

a) Umsókn um eftirfarandi skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið á því formi og á þann hátt sem viðkomandi lögbært yfirvald ákveður:

   1) útgáfu BPL-skírteinis og tengdar áritanir,

   2) viðbótarréttindi BPL-skírteinis,

   3) útgáfu vottorðs flugkennara (á loftbelgi) (FI(B)),

   4) útgáfu, framlengingu og endurnýjun flugprófdómaravottorðs (fyrir loftbelgi) (FE(B)) og

   5) breytingar á BPL-skírteininu og tengdum réttindum, áritunum og vottorðum.

b) Gögn sem sýna fram á að umsækjandinn fari að viðeigandi kröfum, sem komið er á í þessum viðauka og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu fylgja umsóknum sem tilgreindar eru í a-lið.

c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá í skírteinið eða vottorðið allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skírteini, áritun eða vottorð veitir.

d) Einstaklingur skal aldrei hafa nema eitt BPL-skírteini, sem gefið er út í samræmi við þennan hluta.

e) Skírteinishafi skal leggja fram umsóknir, samkvæmt a-lið, til lögbæra yfirvaldsins sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem skírteini hans eða hennar voru gefin út í samræmi við þennan viðauka (BFCL-hluta) eða I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.

f) Handhafi BPL-skírteinis getur óskað eftir því að lögbæra yfirvaldinu verði skipt út fyrir það lögbæra yfirvald sem annað aðildarríki tilnefnir en í slíku tilviki skal nýja lögbæra yfirvaldið vera það sama fyrir öll skírteini sem hann er handhafi að.

g) Umsækjendur skulu sækja um útgáfu BPL-skírteinis og tengdra áritana, réttinda eða skírteina eigi síðar en 6 mánuðum eftir að hafa lokið færniprófinu eða hæfnismatinu með fullnægjandi árangri.

BFCL.030 Færnipróf

Að lokinni þjálfun skulu umsækjendur um færnipróf leggja fram meðmæli samþykkta þjálfunarfyrirtækisins (ATO) eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins (DTO) sem bar ábyrgð á þeirri þjálfun sem þeir gengust undir, nema hvað varðar færnipróf til útgáfu áritunar fyrir starfrækslu í ábataskyni. Samþykkta þjálfunarfyrirtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið skal veita prófdómara aðgang að þjálfunarskránum.

BFCL.035 Viðurkenning á fartíma

Viðurkenna skal að fullu allan fartíma umsækjenda um útgáfu BPL-skírteinis eða tengdra réttinda, áritunar eða vottorðs í einflugi, fartíma með kennara eða fartíma sem flugstjóri á loftbelg, upp í þann heildartíma sem krafist er vegna skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins.

BFCL.045 Skylda til að bera og framvísa skjölum

a) Þegar handhafar BPL-skírteina neyta réttinda BPL-skírteinis skulu þeir hafa eftirfarandi skjöl meðferðis:

   1) gilt BPL-skírteini,

   2) gilt heilbrigðisvottorð,

   3) persónuskilríki með mynd af honum eða henni,

   4) fullnægjandi gögn úr leiðarflugbók til að sýna fram á að farið sé að kröfunum í þessum viðauka.

b) Flugnemar skulu hafa eftirfarandi skjöl meðferðis á öllum einflugum:

   1) þau skjöl sem tilgreind eru í 2. og 3. lið a-liðar og

   2) gögn sem sýna fram á að þeir hafi heimild til að fljúga, eins og krafist er í a-lið BFCL.125.

c) Handhafar BPL-skírteina eða flugnemar skulu tafarlaust framvísa skjölunum sem tilgreind eru í a- eða b-lið til skoðunar þegar um það er beðið af viðurkenndum fulltrúa lögbæra yfirvaldsins.

BFCL.050 Skráning á fartíma

Handhafar BPL-skírteina og flugnemar skulu geyma upplýsingar um öll flug flogin í áreiðanlegri skrá á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

BFCL.065 Réttindamissir handhafa BPL-skírteina, sem náð hafa 70 ára aldri eða meira, í tengslum við farþegaflutninga með loftbelg

Handhafar BPL-skírteina, sem náð hafa 70 ára aldri, skulu ekki starfa sem flugmenn loftbelgja, sem notaðir eru við farþegaflutninga með loftbelg.

BFCL.070 Takmörkun, tímabundin svipting eða afturköllun skírteina, réttinda, áritana og vottorða

a) Lögbæru yfirvaldi er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla BPL-skírteini, sem og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum og málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, ef handhafi BPL-skírteinis fer ekki að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða að kröfunum í þessum viðauka sem og í II. viðauka (BOP-hluta) við þessa reglugerð eða í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

b) Handhafar BPL-skírteina skulu tafarlaust skila skírteininu eða vottorðinu til lögbæra yfirvaldsins ef skírteini þeirra, réttindi, áritun eða vottorð hefur verið takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

BPL-KAFLI

FLUGMANNSSKÍRTEINI FYRIR LOFTBELGI (BPL-SKÍRTEINI)

BFCL.115 BPL — Réttindi og skilyrði

a) Handhafi BPL-skírteinis hefur réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftbelgjum:

1) án þóknunar í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni,

2) í starfrækslu í ábataskyni ef hann eða hún er handhafi áritunar fyrir starfrækslu í ábataskyni í samræmi við lið BFCL.215 í ADD-kafla í þessum viðauka.

b) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar er handhafa BPL-skírteinis, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu fyrir BPL-skírteinið,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir BPL-skírteini,

3) þjálfun, prófanir og mat á hæfni fyrir réttindi, áritanir og vottorð sem fylgja BPL-skírteini.

c) Handhafar BPL-skírteina skulu aðeins neyta réttinda BPL-skírteinis ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur um nýlega reynslu og aðeins ef þeir hafa gilt heilbrigðisvottorð sem samsvarar þeim réttindum sem neytt er.

BFCL.120 BPL – Lágmarksaldur

Umsækjendur um BPL-skírteini skulu vera a.m.k. 16 ára gamlir.

BFCL.125 BPL – Flugnemi

a) Flugnemar skulu ekki fljúga einir nema þeir hafi til þess heimild og séu undir umsjón flugkennara á loftbelgi.

b) Flugnemar skulu vera a.m.k. 14 ára gamlir til að fljúga einflug.

BFCL.130 BPL – Kröfur um þjálfunarnámskeið og reynslu

Umsækjendur um BPL-skírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki. Þetta námskeið skal vera sérsniðið að þeim réttindum sem sótt er um og skal innihalda:

a) bóklega þekkingu eins og tilgreint er í a-lið BFCL.135,

b) a.m.k. 16 flugkennslutíma í annaðhvort hitaloftbelgjum, sem falla undir hóp A í þeim flokki, eða í gasloftbelgjum, þ.m.t. að lágmarki:

1) 12 fartíma með kennara,

2) blása belg upp 10 sinnum og framkvæma 20 flugtök og lendingar og

3) eitt einflug undir umsjón með fartíma sem nemur a.m.k. 30 mínútum.

BFCL.135 BPL – Próf í bóklegri þekkingu

a) Bókleg þekking

Umsækjendur um BPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar, sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

i. lög og reglur um loftferðir,

ii. mannleg geta,

iii. veðurfræði,

iv. fjarskipti og

2) sérstakar námsgreinar er lúta að loftbelgjum:

i. flugeðlisfræði,

ii. verklagsreglur í flugi,

iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,

iv. almenn þekking á loftförum varðandi loftbelgi og

v. flugleiðsaga.

b) Ábyrgð umsækjandans

1) Umsækjandinn skal taka öll próf í bóklegri þekkingu í tengslum við BPL-skírteini á ábyrgð lögbærs yfirvalds í einu og sama aðildarríkinu.

2) Umsækjandinn skal aðeins taka próf í bóklegri þekkingu þegar hann eða hún hefur lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri og þegar samþykkta þjálfunarfyrirtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið, sem ber ábyrgð á þjálfun hans eða hennar, mælir með því.

3) Meðmælin frá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki skulu gilda í 12 mánuði. Ef umsækjandinn hefur ekki þreytt próf í bóklegri þekkingu í a.m.k. einni námsgrein innan þessa gildistíma skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið ákvarða þörf á frekari þjálfun, byggt á þörfum umsækjandans.

c) Prófkröfur

1) Umsækjandinn telst hafa staðist próf í bóklegri þekkingu ef hann eða hún nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið. Ekki skal beita refsieiningum.

2) Umsækjandi er talinn, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka, hafa lokið, með fullnægjandi hætti, prófi í bóklegri þekkingu sem krafist er fyrir útgáfu BPL-skírteinis ef hann eða hún hefur staðist öll þau próf í bóklegri þekkingu sem krafist er innan 18 mánaða tímabils talið frá lokum þess almanaksmánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst prófið.

3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið, skal hann eða hún þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.

4) Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur í bóklegri þekkingu skal hann gangast undir frekari þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki. Umfang þjálfunarinnar skal ákvarðast af samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjendanna.

d) Gildistími

Prófið í bóklegri þekkingu skal gilda í 24 mánuði frá þeim degi sem umsækjandi stóðst prófið, í samræmi við 2. lið c-liðar.

BFCL.140 BPL – Viðurkenning á bóklegri þekkingu

Umsækjendur um útgáfu BPL-skírteinis skulu hljóta viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í almennum námsgreinum, eins og tilgreint er í 1. lið a-liðar BFCL.135 ef þeir:

a) eru handhafar skírteinis í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 eða

b) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu, eins og tilgreint er í a-lið, svo fremi sem þetta er gert innan gildistímans sem tilgreindur er í d-lið BFCL.135.

BFCL.145 BPL – Færnipróf

a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um BPL-skírteini sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á loftbelg og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um.

b) Umsækjendur skulu ljúka færniprófinu í sama flokki loftbelgja og þjálfunarnámskeiðinu er lokið í, í samræmi við lið BFCL.130 og ef um er að ræða hitaloftbelgi, í loftbelg sem fellur undir hóp A í þeim flokki.

c) Til þess að taka færnipróf fyrir útgáfu BPL-skírteinis skal umsækjandinn fyrst standast prófið sem krafist er í bóklegri þekkingu.

d) Prófkröfur

1) Færniprófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs í loftbelg.

2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta fellur hann í öllum hlutanum. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann eða hún aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að endurtaka allt prófið.

3) Ef umsækjandinn þarf að endurtaka prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, skal umsækjandinn endurtaka allt prófið.

e) Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir skal hann eða hún gangast undir frekari verklega þjálfun.

BFCL.150 BPL – Viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða hóp loftbelgja

a) Réttindi BPL-skírteinisins skulu takmarkast við þann flokk loftbelgja sem færniprófið, sem tilgreint er í lið BFCL.145, var tekið í og, ef um er að ræða hitaloftbelgi, við hóp A í þeim flokki.

b) Ef um er að ræða hitaloftbelgi skal veita viðbótarréttindi, ef óskað er eftir því, þannig að réttindi BPL-skírteinisins nái til annars hóps innan flokks hitaloftbelgja ef flugmaður hefur að lágmarki lokið við eftirfarandi:

1) tveimur kennsluflugum með flugkennara á loftbelgi (FI(B)) í loftbelg í viðeigandi hópi og

2) eftirfarandi fjölda fartíma sem flugstjóri í loftbelgjum:

i. að lágmarki 100 klst., ef sótt er um réttindi fyrir loftbelgi í hópi B,

ii. að lágmarki 200 klst., ef sótt er um réttindi fyrir loftbelgi í hópi C,

iii. að lágmarki 300 klst., ef sótt er um réttindi fyrir loftbelgi í hópi D.

c) Að undanskildum flokki hita-/gasloftbelgja skal veita viðbótarréttindi, ef óskað er eftir því, þannig að réttindi BPL-skírteinisins nái til annars flokks loftbelgja eða, ef sótt er um réttindi fyrir hitaloftbelgi, til hóps A í flokki hitaloftbelgja, ef flugmaður hefur lokið eftirfarandi í viðeigandi flokki og hópi loftbelgja:

1) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. fimm fartímum með kennara eða

ii. þegar um er að ræða viðbótarréttindi fyrir hitaloftskip þannig að þau nái til hitaloftbelgja: 5 fartímum með kennara og

2) færniprófi þar sem flugmaðurinn hefur sýnt flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)) fram á fullnægjandi bóklega þekkingu fyrir hinn flokkinn í eftirfarandi námsgreinum:

i. flugeðlisfræði,

ii. verklagsreglur í flugi,

iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,

iv. almenn þekking á loftförum að því er varðar þann flokk loftbelgja sem sótt er um viðbótarréttindi fyrir.

d) Þegar þjálfuninni, sem tilgreind er í 1. lið b-liðar og 1. lið c-liðar, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af eftirfarandi aðila:

1) í tilviki 1. liðar b-liðar, þeim kennara sem ber ábyrgð á kennslufluginu og

2) í tilviki 1. liðar c-liðar, skólastjóra samþykkts þjálfunarfyrirtækis eða yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis sem ber ábyrgð á þjálfuninni.

e) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins neyta réttindi sinna í flokki hita-/gasloftbelgja ef hann eða hún hefur réttindi fyrir bæði flokk hitaloftbelgja og flokk gasloftbelgja.

BFCL.160 BPL – Kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins neyta þeirra réttinda sem skírteinið veitir ef hann eða hún hefur lokið eftirfarandi í viðeigandi flokki loftbelgja:

1) annaðhvort:

i. á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug, a.m.k. 6 fartímum sem flugstjóri, þ.m.t. 10 flugtök og lendingar sem flugstjóri eða í flugi með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á loftbelgi og

ii. á næstliðnum 48 mánuðum fyrir fyrirhugað flug, a.m.k. einu þjálfunarflugi með flugkennara á loftbelgi eða

2) á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug, hæfniprófi í samræmi við c-lið.

b) Til viðbótar við kröfurnar í a-lið, ef um er að ræða flugmann sem hefur réttindi til að fljúga fleiri flokkum loftbelgja en einum, skal hann, til að geta neytt réttinda sinna í hinum flokknum eða flokkunum, hafa lokið a.m.k. þremur fartímum sem flugstjóri, í flugi með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á loftbelgi í hverjum viðbótarflokki loftbelgja á næstliðnum 24 mánuðum.

c) Handhafi BPL-skírteinis sem uppfyllir ekki kröfurnar í 1. lið a-liðar og í b-lið, ef við á, áður en hann eða hún neytir réttinda sinna á ný, skal standast hæfnipróf með flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)) í loftbelg sem fellur undir viðeigandi flokk.

d) Þegar handhafi BPL-skírteinis sem hefur réttindi til að fljúga hitaloftbelgjum hefur uppfyllt kröfurnar í a-, b- eða c-lið, eftir því sem við á, skal hann aðeins neyta réttinda sinna á hitaloftbelgjum sem falla undir:

i. sama hóp hitaloftbelgja og þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í ii. lið 1. liðar a-liðar, eða hæfniprófinu, sem tilgreint er í c-lið, eftir því sem við á, hefur verið lokið í, eða hóp loftbelgja sem eru með minni belg eða

ii. hitaloftbelgi í hópi A í þeim tilvikum þar sem flugmaður, í samræmi við b-lið, hefur lokið þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í 2. lið a-liðar, í öðrum flokki loftbelgja en flokki hitaloftbelgja.

e) Þegar fartímum með kennara, fartímum undir umsjón kennara og þjálfunarflugi því sem um getur í 1. lið a-liðar og b-lið, sem og hæfniprófinu, sem tilgreint er í c-lið, er lokið, skal færa það í leiðarflugbók flugmannsins og skal færslan undirrituð af ábyrgum flugkennara á loftbelgi (FI(B)), ef um er að ræða 1. lið a-liðar og b-lið, eða, ef um er að ræða c-lið, ábyrgum flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)).

f) Handhafi BPL-skírteinis, sem einnig hefur réttindi fyrir starfrækslu í ábataskyni, eins og tilgreint er í BFCL.215 í kafla ADD í þessum viðauka, skal teljast fara að kröfunum sem settar eru fram í:

1) a-lið og, ef við á, b-lið ef hann eða hún hefur lokið hæfniprófi í samræmi við i. lið 2. liðar d-liðar BFCL.215 í viðeigandi flokki eða flokkum loftbelgja á næstliðnum 24 mánuðum eða

2) ii. lið 1. liðar a-liðar ef hann eða hún hefur lokið þjálfunarfluginu sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar d-liðar BFCL.215 í viðeigandi flokki loftbelgja.

Ef um er að ræða flokk hitaloftbelgja gilda þær takmarkanir sem tilgreindar eru í d-lið varðandi réttindi til að starfrækja mismunandi flokka loftbelgja, með hliðsjón af þeim flokki loftbelgja sem notaður er til að fara að ákvæðum 1. liðar eða 2. liðar f-liðar.

ADD-KAFLI

VIÐBÓTARÁRITANIR

BFCL.200 Áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelgjum

a) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins fljúga í tjóðruðum hitaloftbelg ef hann eða hún hefur áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg í samræmi við þennan lið.

b) Til að sækja um áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg skal umsækjandinn:

1) hafa réttindi fyrir flokk hitaloftbelgja,

2) fyrst ljúka a.m.k. tveimur kennsluflugstímum í tjóðruðum hitaloftbelg.

c) Þegar þjálfun í tjóðruðum hitaloftbelg er lokið skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af þeim flugkennara á loftbelg sem ber ábyrgð á þjálfuninni.

d) Flugmaður, sem hefur áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg, skal aðeins neyta réttinda sinna ef hann eða hún hefur lokið a.m.k. einu flugi í tjóðruðum hitaloftbelg á næstliðnum 48 mánuðum fyrir fyrirhugað flug eða, ef hann eða hún hefur ekki lokið slíku flugi, skal flugmaðurinn aðeins neyta réttinda sinna ef hann hefur framkvæmt flug í tjóðruðum loftbelg með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á loftbelgi. Að loknu slíku flugi með kennara eða einflugi undir umsjón skal það fært inn í leiðarflugbók flugmannsins og undirritað af flugkennaranum.

BFCL.210 Næturflugsáritun

a) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins neyta þeirra réttinda sem skírteinið veitir við sjónflugsskilyrði að nóttu til ef hann eða hún hefur næturflugsáritun í samræmi við þennan lið.

b) Umsækjandi um næturflugsáritun skal hafa lokið a.m.k. tveimur kennsluflugum að nóttu sem eru a.m.k. ein klst. hvort um sig.

c) Þegar þjálfun vegna næturflugsáritunar er lokið skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af þeim flugkennara á loftbelgi sem ber ábyrgð á þjálfuninni.

BFCL.215 Áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni

a) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins neyta þeirra réttinda sem skírteinið veitir við starfrækslu loftbelgja í ábataskyni ef hann eða hún hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni í samræmi við þennan lið.

b) Umsækjandi um áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni skal:

1) hafa náð 18 ára aldri,

2) hafa lokið 50 klst. fartíma og 50 flugtökum og lendingum sem flugstjóri á loftbelgjum,

3) hafa réttindi fyrir þann flokk loftbelgja þar sem réttinda fyrir starfrækslu í ábataskyni verður neytt og

4) hafa staðist færnipróf í viðeigandi flokki loftbelgja þar sem hann eða hún hefur sýnt flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)) fram á hæfni sem krafist er fyrir starfrækslu loftbelgja í ábataskyni.

c) Réttindin, sem áritunin fyrir starfrækslu í ábataskyni veitir, skulu takmörkuð við þann flokk loftbelgja sem umsækjandi lauk færniprófinu á, í samræmi við 3. lið b-liðar. Veita skal viðbótarréttindi, ef óskað er eftir því, þannig að réttindin nái til annars flokks loftbelgja ef, að því er varðar þennan annan flokk, umsækjandinn uppfyllir ákvæði 3. og 4. liðar b-liðar.

d) Flugmaður, sem hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni, skal aðeins neyta þeirra réttinda sem sú áritun veitir í tengslum við flutningaflug með loftbelg ef hann eða hún hefur lokið:

1) innan 180 næstliðinna daga fyrir fyrirhugað flug:

i. a.m.k. þremur flugum sem flugstjóri á loftbelgjum og þar af skal a.m.k. eitt þeirra hafa verið í loftbelg í viðeigandi flokki eða

ii. einu flugi sem flugstjóri í loftbelg í viðeigandi flokki undir umsjón flugkennara á loftbelgi, sem hefur réttindi í samræmi við þennan lið og

2) innan næstliðinna 24 mánaða fyrir fyrirhugað flug:

i. hæfniprófi í loftbelg í viðeigandi flokki þar sem hann eða hún skal sýna flugprófdómara fyrir loftbelgi fram á hæfni sem krafist er fyrir flutningaflug með loftbelg eða

ii. upprifjunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki sem er sniðið að þeirri hæfni sem krafist er fyrir starfrækslu loftbelgja í ábataskyni, þ.m.t. að lágmarki sex klukkustunda bóklegri kennslu og einu þjálfunarflugi í loftbelg í viðeigandi flokki með flugkennara, sem hefur réttindi fyrir starfrækslu loftbelgja í ábataskyni í samræmi við þennan lið.

e) Til að viðhalda þeim réttindum sem áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni veitir fyrir alla flokka loftbelgja skal flugmaður, sem hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni sem nær til fleiri flokka loftbelgja en eins, uppfylla kröfurnar í 2. lið d-liðar í a.m.k. einum flokki loftbelgja.

f) Flugmaður, sem uppfyllir kröfur d-liðar og hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni fyrir hitaloftbelgi, skal aðeins neyta þeirra réttinda sem áritunin veitir í flokki hitaloftbelgja á loftbelgjum sem eru:

i. í sama hópi hitaloftbelgja sem hæfniprófinu, sem tilgreint er í i. lið 2. liðar d-liðar, eða þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar d-liðar, hefur verið lokið í eða

ii. í hópi hitaloftbelgja sem eru með minni belg.

g) Að loknu flugi undir umsjón, sem tilgreint er í ii. lið 1. liðar d-liðar, skal færa hæfniprófið, sem tilgreint er í i. lið 2. liðar d-liðar, og upprifjunarþjálfunarnámskeiðið, sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar d-liðar, inn í leiðarflugbók flugmannsins og undirrituð af skólastjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða þeim flugkennara eða þeim flugprófdómara sem bar ábyrgð á þjálfunarnámskeiðinu, umsjóninni eða hæfniprófinu, eftir því sem við á.

h) Flugmaður sem hefur lokið hæfniprófi flugrekanda, í samræmi við lið BOP.ADD.315 í II. viðauka (BOP-hluta), skal teljast uppfylla kröfur i. liðar 2. liðar d-liðar.

FI-KAFLI

FLUGKENNARAR

1. þáttur

Almennar kröfur

BFCL.300 Flugkennaravottorð

a) Almennt

Kennari skal aðeins sjá um flugkennslu í loftbelg ef hann eða hún:

1) er handhafi:

i. BPL-skírteinis, þ.m.t. þeirra réttinda, áritana og vottorða sem flugkennslan er veitt fyrir og

ii. vottorðs flugkennara á loftbelgi sem er viðeigandi fyrir veitta kennslu og gefið út í samræmi við þennan kafla og

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra loftbelgsins meðan á flugkennslu stendur.

b) Kennsla sem veitt er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða flugkennslu sem veitt er á þjálfunarnámskeiði, sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka (BFCL-hluta) utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út flugkennaravottorð til umsækjenda sem er handhafi BPL-skírteinis sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. sé að minnsta kosti handhafi skírteinis sem felur í sér, ef við á, réttindi, áritanir eða vottorð sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að veita kennslu fyrir,

ii. uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í þessum kafla fyrir útgáfu vottorðs flugkennara á loftbelgi með viðeigandi kennararéttindi og

iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann eða hún geti neytt réttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið er takmarkað við samþykkta flugkennslu:

i. utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og

ii. til handa flugnema sem hefur nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.

2. þáttur

Vottorð flugkennara á loftbelgi – FI(B)

BFCL.315 Vottorð flugkennara á loftbelgi– Réttindi og skilyrði

a) Með fyrirvara um að umsækjendur fari að kröfum liðar BFCL.320 og eftirfarandi skilyrðum, skal gefa út vottorð flugkennara á loftbelgi með réttindi til að veita flugkennslu fyrir:

1) BPL-skírteini,

2) viðbætur við réttindin þannig að nái til annarra flokka og hópa loftbelgja, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið a.m.k. 15 fartímum sem flugstjóri í hverjum viðeigandi flokki,

3) næturflugsáritun eða áritun fyrir flug í tjóðruðum loftbelg, að því tilskildu að umsækjandinn hafi hlotið sértæka þjálfun í að veita kennslu fyrir viðeigandi áritun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og

4) vottorð flugkennara á loftbelgi, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:

i. lokið a.m.k. 50 tíma í flugkennslu á loftbelgjum og

ii. í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi, framkvæmt a.m.k. einn tíma í flugkennslu á loftbelg fyrir útgáfu vottorðs flugkennara á loftbelgi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara á loftbelgi sem hefur réttindi í samræmi við þennan undirlið og tilnefndur er af skólastjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki.

b) Réttindin, sem um getur í a-lið, skulu fela í sér réttindi til að veita flugkennslu í tengslum við:

1) útgáfu viðeigandi skírteinis, réttinda, áritana eða vottorðs og

2) framlengingu, endurnýjun eða hlítingu við viðeigandi kröfur um nýlega reynslu í þessum viðauka, eftir því sem við á.

BFCL.320 Flugkennari á loftbelgi – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um vottorð flugkennara á loftbelgi skulu:

a) vera a.m.k. 18 ára gamlir,

b) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og 2. lið a-liðar í lið BFCL.300,

c) hafa lokið 75 fartímum sem flugstjóri á loftbelg,

d) hafa lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í samræmi við lið BFCL.330 hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og

e) hafa staðist hæfnismat í samræmi við lið BFCL.345.

BFCL.325 Hæfni flugkennara á loftbelgi og mat

Umsækjendur um vottorð flugkennara á loftbelgi skulu hljóta þjálfun með það að markmiði að ná eftirfarandi hæfni:

a) undirbúa aðstöðu og hjálpargögn,

b) skapa andrúmsloft sem stuðlar að námi,

c) miðla þekkingu,

d) samtvinna hættu- og mistakastjórnun (TEM) og stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM),

e) skipuleggja tímann í því skyni að ná þjálfunarmarkmiðum,

f) greiða fyrir námi,

g) meta frammistöðu nemans,

h) vakta og endurskoða framvindu,

i) meta þjálfunarsetu og

j) skýra frá niðurstöðum.

BFCL.330 Flugkennari á loftbelgi – Þjálfunarnámskeið

a) Umsækjendur um vottorð flugkennara á loftbelgi skulu fyrst standast tiltekið inntökumat hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki á næstliðnum 12 mánuðum fyrir upphaf þjálfunarnámskeiðsins til að meta getu viðkomandi til að sitja námskeiðið.

b) Þjálfunarnámskeiðið fyrir flugkennara á loftbelgi skal a.m.k. fela í sér:

1) þau atriði sem tilgreind eru í lið BFCL.325,

2) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

3) 12 tíma í bóklegri kennslu, þ.m.t. framvinduprófi, og

4) þrjá tíma í flugkennslu, þ.m.t. þrjú flugtök og lendingar.

c) Umsækjendur, sem eru nú þegar handhafar kennaravottorðs í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 eða við I. viðauka (FCL-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 2. lið b-liðar.

BFCL.345 Flugkennari á loftbelgi – Hæfnismat

a) Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugkennara á loftbelgi skulu standast hæfnismat á loftbelg til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við c-lið BFCL.415, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu BPL-skírteinis.

b) Matið skal fela í sér:

1) að sýnt sé fram á hæfni, sem lýst er í lið BFCL.325, við kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu,

2) munnleg próf í bóklegum greinum á jörðu niðri, fyrirflugskynningu og eftirflugsgreiningu og sýnikennslu flugkennara á viðeigandi flokki loftbelgja,

3) viðeigandi æfingar til þess að meta hæfni kennarans.

BFCL.360 Vottorð flugkennara á loftbelgi – Kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafi vottorðs flugkennara á loftbelgi skal aðeins neyta réttinda vottorðs síns þegar viðkomandi hefur lokið:

1) innan þriggja næstliðinna ára áður en fyrirhugað er að neyta þessara réttinda:

i. upprifjunarþjálfun fyrir kennara hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða lögbæru yfirvaldi þar sem handhafinn skal hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir kennara á loftbelgi,

ii. a.m.k. 6 tímum í flugkennslu á loftbelgi sem flugkennari fyrir loftbelgi og

2) innan næstliðinna níu ára og í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi, einu kennsluflugi á loftbelg sem flugkennari fyrir loftbelgi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara fyrir loftbelgi, sem hefur réttindi í samræmi við 4. lið a-liðar í lið BFCL.315 og tilnefndur er af skólastjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki.

b) Veita skal fulla viðurkenningu upp í kröfuna í ii. lið 1. liðar a-liðar fyrir klukkustundir sem flognar eru sem flugprófdómari fyrir loftbelgi í færniprófum, hæfniprófum eða við hæfnismat.

c) Ef handhafi vottorðs flugkennara á loftbelgi hefur ekki lokið kennsluflugi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara fyrir loftbelgi, í samræmi við 2. lið a-liðar, skal hann eða hún ekki neyta réttinda vottorðs flugkennara á loftbelgi þar til hann eða hún hefur lokið hæfnismati með fullnægjandi hætti í samræmi við lið BFCL.345.

d) Handhafi vottorðs flugkennara á loftbelgi, sem uppfyllir ekki allar kröfur a-liðar, skal uppfylla kröfuna í i. lið 1. liðar a-liðar og í lið BFCL.345 til þess að neyta á ný réttinda vottorðsins.

FE-KAFLI

FLUGPRÓFDÓMARAR

1. þáttur

Almennar kröfur

BFCL.400 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi

a) Almennt

Prófdómari skal aðeins framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat í samræmi við þennan viðauka ef hann eða hún:

1) er handhafi:

i. BPL-skírteinis, þ.m.t. réttinda, áritana og vottorða sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat fyrir, og réttinda til að veita kennslu þar að lútandi,

ii. flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi, þ.m.t. réttinda sem eru viðeigandi fyrir færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið sem framkvæmt er, sem gefið er út í samræmi við þennan kafla,

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra loftbelgs við færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat.

b) Próf sem haldin eru utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða færnipróf og hæfnipróf sem haldin eru utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út prófdómaravottorð til umsækjanda sem er handhafi BPL-skírteinis sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. sé a.m.k. handhafi skírteinis þ.m.t., ef við á, réttinda, áritana eða vottorða sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færnipróf eða hæfnipróf fyrir,

ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs,

iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt prófdómararéttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið, sem vísað er til í 1. lið, skal takmarkast við það að framkvæma færni- og hæfnipróf:

i. utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og

ii. til handa flugmanni sem hefur nægilega kunnátta á því tungumáli sem færni-/hæfniprófið fer fram á.

BFCL.405 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni

Prófdómari fyrir loftbelgi skal ekki framkvæma:

a) færnipróf eða hæfnismat umsækjanda vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs þegar prófdómarinn hefur sjálfur veitt umsækjanda meira en 50% af þeirri flugkennslu sem krafist er fyrir það skírteini, áritun eða vottorð sem færniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir eða

b) færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat ef viðkomandi er ekki viss um að hann eða hún geti verið hlutlaus.

BFCL.410 Framkvæmd færniprófs, hæfniprófs og hæfnismats

a) Þegar prófdómarar fyrir loftbelgi framkvæma færnipróf, hæfnipróf og hæfnismat skulu þeir gera allt eftirfarandi:

1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,

2) staðfesta að umsækjandinn uppfylli allar kröfurnar í þessum viðauka um hæfni, þjálfun og reynslu fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteinisins, réttindanna, áritunarinnar eða vottorðsins sem verið er að þreyta færni- eða hæfniprófið eða hæfnismatið fyrir og

3) gera umsækjandanum það ljóst hverjar afleiðingarnar eru af því að veita ófullnægjandi, ónákvæmar eða rangar upplýsingar um þjálfun hans eða hennar og flugreynslu.

b) Að færniprófinu, hæfniprófinu eða hæfnismatinu loknu skal prófdómarinn fyrir loftbelgi:

1) upplýsa umsækjandann um útkomu færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins,

2) ef umsækjandinn hefur staðist hæfnismatið fyrir framlengingu eða endurnýjun, skrá nýjan gildistíma í skírteini eða vottorð umsækjandans, ef prófdómarinn hefur sérstakt leyfi þar að lútandi frá lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans,

3) veita umsækjandanum undirritaða skýrslu um færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið og tafarlaust afhenda afrit af henni til handa því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans og því lögbæra yfirvaldi sem gaf út prófdómaravottorðið. Skýrslan skal innihalda:

i. yfirlýsingu þess efnis að prófdómarinn fyrir loftbelgi hafi tekið við upplýsingum frá umsækjandanum varðandi reynslu hans eða hennar og nám og komist að þeirri niðurstöðu að hvort tveggja uppfylli viðkomandi kröfur í þessum viðauka,

ii. staðfestingu þess efnis að öllum tilskildum flugbrögðum og æfingum hafi verið lokið sem og upplýsingar um munnlegt próf í bóklegri þekkingu, þegar við á; ef umsækjandi hefur fallið á einhverju atriði skal prófdómarinn skrá ástæður þess í matinu sínu,

iii. útkomu færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins,

iv. yfirlýsingu um að prófdómarinn fyrir loftbelgi hafi farið yfir og beitt þeim landsbundnu málsmeðferðarreglum og kröfum sem gilda hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda, þegar lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á skírteini umsækjanda, er ekki sama yfirvaldið og gaf út prófdómaravottorðið,

v. afrit af vottorði prófdómara fyrir loftbelgi þar sem fram kemur umfang réttinda hans eða hennar sem prófdómari í tengslum við færnipróf, hæfnipróf eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.

c) Prófdómarinn fyrir loftbelgi skal geyma skrár í fimm ár með upplýsingum um öll færni- og hæfnipróf og hæfnismöt sem framkvæmd eru og útkomu þeirra.

d) Að beiðni lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu fyrir loftbelgi, eða lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans, skal prófdómarinn fyrir loftbelgi leggja fram öll gögn og skýrslur, ásamt öðrum upplýsingum, sem krafist er vegna eftirlitsstarfsemi.

2. þáttur

Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – FE(B)

BFCL.415 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Réttindi og skilyrði

Með fyrirvara um að umsækjandi uppfylli bæði kröfurnar í lið BFCL.420 og eftirfarandi skilyrði, skal gefa út flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi, að fenginni beiðni, með réttindi til að framkvæma:

a) færnipróf og hæfnipróf fyrir BPL-skírteini og færnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir annan flokk loftbelgja, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið 250 fartímum sem flugmaður á loftbelgjum, þ.m.t. 50 tímum í flugkennslu, sem felur í sér allt námsefni þjálfunarnámskeiðs fyrir BPL-skírteini,

b) færnipróf og hæfnipróf fyrir áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni, eins og tilgreint er í lið BFCL.215, að því tilskildu að umsækjandinn uppfylli kröfurnar um reynslu, sem settar eru fram í a-lið, og hafi hlotið sértæka þjálfun í tengslum við samræmingarnámskeið fyrir prófdómara í samræmi við lið BFCL.430,

c) hæfnismat fyrir útgáfu flugkennaravottorðs fyrir loftbelgi, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:

   1) lokið 350 fartímum sem flugmaður á loftbelgi, þ.m.t. veitt umsækjanda um flugkennaravottorð fyrir loftbelgi 5 kennslutíma,

   2) hlotið sértæka þjálfun á samræmingarnámskeiði fyrir prófdómara í samræmi við lið BFCL.430.

BFCL.420 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um flugdómaravottorð fyrir loftbelgi skulu:

a) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og í 2. lið í lið BFCL.400,

b) hafa lokið samræmingarnámskeiði flugprófdómara fyrir loftbelgi í samræmi við lið BFCL.430,

c) hafa lokið hæfnismati í samræmi við lið BFCL.445,

d) sýna fram á bakgrunn sem er viðeigandi fyrir réttindin sem fylgja flugprófdómaravottorðinu og

e) sýna fram á að á næstliðnum þremur árum hafi viðkomandi ekki verið beitt neinum viðurlögum, þar á meðal sviptingu, takmörkunum eða afturköllun skírteina, áritana eða vottorða, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, fyrir að fylgja ekki reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

BFCL.430 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Samræmingarnámskeið

a) Umsækjendur um flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skulu fara á samræmingarnámskeið sem annaðhvort lögbært yfirvald eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og sem viðkomandi lögbært yfirvald samþykkir.

b) Samræmingarnámskeiðið skal sniðið að þeim réttindum flugprófdómara fyrir loftbelgi sem sótt er um og skal samanstanda af bóklegri og verklegri kennslu, þ.m.t. að lágmarki:

   1) framkvæmd að lágmarki eins færniprófs, hæfniprófs eða hæfnismats fyrir BPL-skírteini eða tengd réttindi eða vottorð,

   2) leiðbeiningar um viðeigandi kröfur þessa viðauka og viðeigandi kröfur um flugrekstur, um framkvæmd færni- og hæfniprófa og hæfnismats, ásamt tilheyrandi skjalfestingu og skýrslugjöf þar um,

   3) kynningu á eftirfarandi:

      i. stjórnsýslumeðferð hvers ríkis,

      ii. kröfum um vernd persónuupplýsinga,

iii. ábyrgð prófdómara,

iv. slysatryggingu prófdómara,

v. landsbundnum gjöldum og

vi. upplýsingum um hvernig nálgast megi upplýsingarnar í i.–v. lið í tengslum við framkvæmd færniprófs, hæfniprófs eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.

c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi skal ekki framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða meta hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans, nema viðkomandi hafi endurskoðað nýjustu fyrirliggjandi upplýsingarnar sem fela í sér viðeigandi landbundna málsmeðferð hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda.

BFCL.445 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Hæfnismat

Umsækjandi um fyrstu útgáfu flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi skal sýna hæfni sína sem flugprófdómari fyrir loftbelgi frammi fyrir eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða yfirprófdómara sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir loftbelgi. Meðan á hæfnismatinu stendur skal umsækjandinn framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat, þ.m.t. kynningu, framkvæmd færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins, auk mats á þeim einstakling sem þreytir færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið, og eftirflugsgreiningu og skráningu gagna.

BFCL.460 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Gildistími, framlenging og endurnýjun

a) Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skal gilda í fimm ár.

b) Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skal framlengt ef handhafi þess hefur:

1) meðan á gildistíma flugprófdómaravottorðsins fyrir loftbelgi stendur, lokið upprifjunarnámskeiði fyrir prófdómara, sem lögbæra yfirvaldið eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og samþykkt er af viðkomandi lögbæru yfirvaldi, og á þeim tíma skal handhafinn hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir prófdómara fyrir loftbelgi og

2) á næstliðnum 24 mánuðum áður en gildistími vottorðsins rennur út, framkvæmt eitt færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati eftirlitsmanns frá lögbæra yfirvaldinu eða prófdómara sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir loftbelgi.

c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi sem er einnig handhafi eins eða fleiri prófdómaravottorða fyrir aðrar gerðir loftfara, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, getur, með samþykki lögbæra yfirvaldsins, fengið samræmda framlengingu allra prófdómaravottorða sem hann hefur.

d) Ef flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi er útrunnið skal handhafi þess uppfylla kröfurnar í 1. lið b-liðar og lið BFCL.445 áður en hann eða hún getur haldið áfram að neyta réttinda flugprófdómaravottorðsins fyrir loftbelgi.

e) Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjandinn sýnir fram á að hann fari enn að kröfunum í lið BFCL.410 sem og kröfunum í d- og e-lið í lið BFCL.420.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/358 **2023/EES/62/32**

frá 4. mars 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 að því er varðar flugmannsskírteini fyrir svifflugur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. gr., 27. gr. og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákvarða kröfurnar fyrir flugmannsskírteini fyrir svifflugur í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í ljósi þess að veiting flugliðaskírteina fyrir svifflugur er sérstaks eðlis þá er þörf á sérstökum kröfum um veitingu skírteina, sem mælt er fyrir um í sjálfstæðri reglugerð. Þessar kröfur ættu að byggjast á almennu reglunum að því er varðar veitingu flugliðaskírteina sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]). Hins vegar ætti að endurskipuleggja og einfalda kröfurnar til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og byggist á áhættumiðaðri nálgun, á sama tíma og tryggt er að flugmenn svifflugna séu hæfir til að sinna starfi sínu og skyldum. Einnig ætti að gera samsvarandi ritstjórnarlega uppfærslu á reglunum um starfrækslu svifflugna til að taka tillit til flutnings reglna um skírteini frá reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ([3]).

3) Samkvæmt 3. lið 2. mgr. a í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 er aðildarríkjunum heimilt, til 8. apríl 2020, að beita áfram landsbundnum reglum um skírteini sem veita aðgang að grunnréttindum flugmanna. Nokkur aðildarríki hafa í þessu samhengi tilkynnt framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins að áframhaldandi beiting þessara landsbundnu reglna um skírteini, þar sem flugnemar neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits og fá grunnréttindi í áföngum, stuðli að því að efla sport- og tómstundaflug, því það veitir greiðari og enn hagkvæmari aðgang að flugi. Að stuðla að greiðari aðgangi að almannaflugi er í samræmi við markmiðin í vegvísi Flugöryggisstofnunar Evrópu um almannaflug, sem miðar að því að skapa hóflegra, sveigjanlegra og virkara reglukerfi ([4]). Af þessum sökum ætti aðildarríkjunum að vera frjálst að beita áfram þessum landsbundnu reglum um skírteini, í samræmi við meginreglurnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/430 ([5]), í þeim tilgangi að gefa út flugmannsskírteini fyrir svifflugur (SPL-skírteini). Aðildarríkin ættu þó að upplýsa framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu þegar þeir nýta sér slíkar heimildir. Aðildarríkin ættu einnig að vakta notkun slíkra heimilda til þess að viðhalda viðunandi flugöryggisstigi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

([4]) https://www.easa.europa.eu/easa-and-you/general-aviation/general-aviation-road-map

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/430 frá 18. mars 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út (Stjtíð. ESB L 75, 19.3.2019, bls. 66).

4) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti ættu öll vottorð, leyfi og samþykki, sem voru gefin út til flugmanna svifflugna í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að halda gildi sínu. Breyta ætti þjóðarskírteinum svifflugmanna, sem gefin voru út fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, í skírteini sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð samkvæmt umbreytingarskýrslum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu.

5) Þjálfun svifflugmanna, sem hófst í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ætti að hljóta fulla viðurkenningu vegna þess að hún uppfyllir sömu eða enn umfangsmeiri þjálfunarkröfur en þær sem innleiddar eru með þessari reglugerð. Þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, ætti að hljóta fulla viðurkenningu á grundvelli viðurkenningarskýrslna aðildarríkjanna.

6) Núverandi þjálfunarfyrirtæki ættu að fá viðeigandi tíma til að aðlaga þjálfunaráætlanir sínar að einfölduðu þjálfunarkröfunum, ef nauðsyn krefur.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2019 ([6]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir svifflugur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139“.

2) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með svifflugur sem og um útgáfu og viðhald flugmannsskírteina og tengdra áritana, réttinda og vottorða fyrir svifflugur, þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

3) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað inngangsmálsliðarins:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, nema hugtök séu skilgreind á annan hátt í þessari grein:“.

b) Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu svifflugu á ábyrgð leigutaka,“.

c) Eftirfarandi 11.–13. liðir bætast við:

„11) „þjóðarskírteini“: flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landslöggjöf fyrir umsóknardaginn í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð eða í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

([6]) Álit nr. 01/2019, A- og B-hluti, 19.2.2019 sem ber titilinn *Easier access for GA pilots to IFR flying & Revision of the balloon and sailplane licensing requirements*. Aðgengilegt á: https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

12) „skírteini samkvæmt SFCL-hluta“: flugliðaskírteini sem uppfyllir kröfur III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð,

13) „umbreytingarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar umbreytingar á skírteini í skírteini samkvæmt SFCL-hluta.“

4) Eftirfarandi 3. gr. a til 3. gr. d bætast við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Flugmannsskírteini og heilbrigðisvottorð

1. Með fyrirvara um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) (*) skulu flugmenn loftfara, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, uppfylla tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

2. Sem undanþága frá þeim réttindum sem handhafar skírteina hafa, eins og skilgreint er í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð, er handhöfum slíkra skírteina heimilt að starfrækja flug sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 3. gr. án þess að uppfylla kröfurnar í 3. lið a-liðar í lið SFCL.115 í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð.

3. Aðildarríki getur heimilað flugnemum, sem sitja þjálfunarnámskeið fyrir SPL-skírteini, að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en þeir uppfylla allar kröfur sem eru nauðsynlegar fyrir útgáfu SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð, sbr. þó öll eftirfarandi skilyrði:

a) umfang þeirra réttinda sem veitt eru byggist á öryggisáhættumati sem aðildarríkið framkvæmir, að teknu tilliti til umfangs nauðsynlegrar þjálfunar, til að flugmaðurinn nái æskilegu hæfnistigi,

b) takmarka skal réttindin við eftirfarandi:

   i. allt yfirráðasvæði aðildarríkisins, eða hluta af því, sem veitir heimildina, og

   ii. sviffflugur sem eru skráðar í aðildarríkinu sem veitir heimildina,

c) handhafi heimildar, sem sækir um útgáfu SPL-skírteinis, skal fá þjálfunina, sem innt er af hendi samkvæmt heimildinni, metna og skal aðildarríkið ákvarða matið á grundvelli tilmæla frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki (ATO) eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki (DTO),

d) aðildarríkið skal leggja skýrslur og öryggisáhættumat fyrir framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins á þriggja ára fresti,

e) aðildarríkið skal vakta hvernig heimildirnar, sem gefnar eru út samkvæmt þessari málsgrein, eru notaðar til að tryggja viðunandi flugöryggisstig og grípa til viðeigandi aðgerða ef aukin öryggisáhætta eða einhver annar öryggisvandi greinist.

3. gr. b

Núverandi flugmannsskírteini og þjóðarheilbrigðisvottorð

1. Skírteini samkvæmt FCL-hluta fyrir sviffflugur og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út af aðildarríki fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu skipta þessum skírteinum út fyrir skírteini sem fylgja því sniði sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 þegar þau endurútgefa skírteini af stjórnsýslulegum ástæðum eða að beiðni skírteinishafa.

2. Þegar aðildarríki endurútgefur skírteini og tengd réttindi, áritanir og vottorð í samræmi við 1. mgr. skulu aðildarríkin, eftir því sem við á:

a) flytja öll réttindin sem þegar hafa verið skráð í skírteini samkvæmt FCL-hluta yfir á hið nýja snið skírteinis,

b) breyta áritunum fyrir listflug, sem eru gefnar út í samræmi við lið FCL.800 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, í framhaldsréttindi fyrir listflug í samræmi við c-lið SFCL.200 í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð,

c) skrá í leiðarflugbók flugmanns þá dagsetningu sem flugkennaravottorð, sem tengist skírteini samkvæmt FCL-hluta, fellur úr gildi eða gefa út jafngilt skjal. Eftir þann dag skulu flugmenn aðeins neyta kennararéttinda ef þeir uppfylla kröfurnar í lið SFCL.360 í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð.

3. Handhöfum þjóðarskírteina fyrir svifflugur, sem aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (SFCL-hluta) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skal vera heimilt að neyta áfram réttinda skírteina sinna fram til 8. apríl 2021. Fyrir þann dag skulu aðildarríkin hafa breytt þessum skírteinum í skírteini samkvæmt SFCL-hluta og tengdum áritunum, réttindum og vottorðum í samræmi við þá þætti sem mælt er fyrir um í umbreytingarskýrslu sem uppfyllir kröfurnar í 4. og 5. mgr. 4. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. Þjóðarheilbrigðisvottorð flugmanna í tengslum við skírteini, eins og tilgreint er í 2. mgr. þessarar greinar og aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (SFCL-hluta) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skulu halda gildi sínu fram að dagsetningu næstu framlengingar á gildistíma eða til 8. apríl 2021, eftir því hvort er á undan. Við framlengingu á slíkum heilbrigðisvottorðum skal fara að kröfum IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

3. gr. c

Viðurkenning fyrir þjálfun sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda

1. Að því er varðar útgáfu á skírteinum samkvæmt SFCL-hluta og tengdum réttindum, áritunum eða vottorðum, í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð, skal þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, teljast uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð.

2. Veita skal viðurkenningu fyrir þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð eða I. viðauki (FCL-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 kemur til framkvæmda, í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, í tengslum við útgáfu skírteina samkvæmt SFCL-hluta á grundvelli viðurkenningarskýrslu sem unnin er af aðildarríkinu í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins.

3. Í viðurkenningarskýrslunni, sem um getur í 2. mgr., skal lýsa umfangi þjálfunarinnar, tilgreina fyrir hvaða kröfur úr SFCL-hluta viðurkenning er veitt fyrir og, ef við á, hvaða kröfur umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá útgefið skírteini samkvæmt SFCL-hluta. Hún skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að staðfesta umfang þjálfunarinnar sem og afrit af þeim landsbundnu reglugerðum og málsmeðferðarreglum sem þjálfunin hófst í samræmi við.

3. gr. d

Þjálfunarfyrirtæki

1. Þjálfunarfyrirtæki, sem veita þjálfun í því skyni að veita þau flugmannsskírteini sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skulu uppfylla kröfurnar í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

2. Þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 1. mgr. og sem hafa samþykki sem gefið er út í samræmi við VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða hafa lagt fram yfirlýsingu í samræmi við VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu aðlaga þjálfunaráætlanir sínar, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 8. apríl 2021.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 4. mars 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).“

5) Ákvæðum I. viðauka (DEF-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum II. viðauka (SAO-hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

7) Nýr III. viðauki (SFCL-hluta) bætist við, eins og sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka „Skilgreiningar“ (DEF-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kemur í stað inngangsmálsliðarins:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 sem og í lið FCL.010 í I. viðauka (FCL-hluta) þeirrar reglugerðar, nema hugtökin séu skilgreind á annan hátt í þessum viðauka:“.

2) Í stað 13. liðar kemur eftirfarandi:

„13. „nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni; ljósaskipti enda að kvöldi þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring og hefjast að morgni þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring,“.

3) Eftirfarandi 14.–19. liðir bætast við:

„14. „færniprófˮ: sýnt fram á færni vegna útgáfu skírteinis eða áritunar eða viðbótarréttinda, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,

15. „hæfnismatˮ: sönnun á hæfni, þekkingu og viðhorfi vegna fyrstu útgáfu, framlengingar gildistíma eða endurnýjunar kennaravottorðs eða prófdómaravottorðs,

16. „fartímiˮ:

a) fyrir svifflugur sem taka á loft fyrir eigin afli og ferðavélsvifflugur, sá heildartími sem líður frá því að loftfar hreyfist fyrst í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að fullu að afloknu flugi,

b) fyrir svifflugur, sá heildartími frá því að svifflugan hefur keyrslu sína á jörðu niðri í því skyni að hefja sig á loft þar til að svifflugan stöðvast að afloknu flugi,

17. „hæfniprófˮ: sýnt fram á færni í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar sem settar er fram í þessari reglugerð um nýlega reynslu, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,

18. „einflugˮ: það flug sem flugnemi er einn í loftfarinu,

19. „landflugˮ: flug sem er handan sjónmáls eða fjarlægðar sem lögbært yfirvald skilgreinir frá brottfararstað þar sem notað er staðlað verklag við flugleiðsögu.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar SAO.GEN.125 „Tilnefning flugstjóra“ kemur eftirfarandi:

„**SAO.GEN.125 Tilnefning flugstjóra**

Flugrekandinn skal tilnefna flugstjóra sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.“

———

III. VIÐAUKI

Eftirfarandi III. viðauki við reglugerð (ESB) 2018/1976 bætist við á eftir II. viðauka:

„III. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI VEITINGU FLUGLIÐASKÍRTEINA FYRIR SVIFFLUGUR

[SFCL-HLUTI]

GEN-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

SFCL.001 Gildissvið

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær kröfur sem gilda vegna útgáfu flugmannsskírteina fyrir sviffflugur (SPL-skírteina) og tengdra réttinda, áritana og vottorða og skilyrðin fyrir gildi þeirra og notkun.

SFCL.005 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka skal lögbært yfirvald vera yfirvald sem aðildarríkið tilnefnir til að taka við umsóknum einstaklinga um SPL-skírteini eða tengd réttindi, áritanir eða vottorð.

SFCL.015 Umsókn um og útgáfa, framlenging og endurnýjun SPL-skírteinis sem og tengdra réttinda, áritana og vottorða

a) Eftirfarandi skal lagt fyrir lögbæra yfirvaldið á því formi og á þann hátt sem viðkomandi lögbært yfirvald ákveður:

1) umsókn um:

i. útgáfu SPL-skírteinis og tengdra áritana,

ii. framlengingu á réttindum SPL-skírteinis, að undanskildum þeim réttindum sem tilgreind eru í 2. og 3. lið a-liðar SFCL.115 og lið SFCL.155, SFCL.200 og SFCL.215,

iii. útgáfu vottorðs flugkennara á sviffflugur (FI(S)),

iv. útgáfu, framlengingu og endurnýjun flugprófdómaravottorðs fyrir sviffflugur (FE(S)),

v. breytingar á SPL-skírteininu og tengdum réttindum, áritunum og vottorðum, að undanskildum réttindunum sem um getur í ii. lið, og

2) ef lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli þar um, afrit af viðeigandi færslum leiðarflugbókar, eins og tilgreint er í d-lið SFCL.115, b-lið SFCL.155, f-lið SFCL.200 og d-lið SFCL.215.

b) Gögn sem sýna fram á að umsækjandinn fari að viðeigandi kröfum, sem komið er á í þessum viðauka og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu fylgja umsóknum sem tilgreindar eru í a-lið.

c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá í skírteinið eða vottorðið allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skírteini, áritun eða vottorð veitir, nema til að öðlast þau réttindi sem tilgreind eru í ii. lið 1. liðar a-liðar.

d) Einstaklingur skal aldrei hafa nema eitt SPL-skírteini, sem gefið er út í samræmi við þennan hluta.

e) Skírteinishafi skal leggja fram umsóknir, samkvæmt a-lið, til lögbæra yfirvaldsins sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem skírteini hans eða hennar voru gefin út í samræmi við þennan viðauka (BFCL-hluta) eða I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/395, eftir því sem við á.

f) Handhafi SPL-skírteinis getur óskað eftir því að lögbæra yfirvaldinu verði skipt út fyrir það lögbæra yfirvald sem annað aðildarríki tilnefnir en í slíku tilviki skal nýja lögbæra yfirvaldið vera það sama fyrir öll skírteini sem hann er handhafi að.

g) Umsækjendur skulu sækja um útgáfu SPL-skírteinis og tengdra áritana, réttinda eða skírteina eigi síðar en sex mánuðum eftir að hafa lokið færniprófinu eða hæfnismatinu með fullnægjandi árangri.

SFCL.030 Færnipróf

Að lokinni þjálfun skulu umsækjendur um færnipróf leggja fram meðmæli samþykkta þjálfunarfyrirtækisins (AT) eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins (DTO) sem bar ábyrgð á þeirri þjálfun sem þeir gengust undir. Samþykkta þjálfunarfyrirtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið skal veita prófdómara aðgang að þjálfunarskránum.

SFCL.035 Viðurkenning á fartíma

Viðurkenna skal að fullu allan fartíma umsækjenda um útgáfu SPL-skírteinis eða tengdra réttinda, áritunar eða vottorðs í einflugi, fartíma með kennara eða fartíma sem flugstjóri á svifflugum, upp í þann heildartíma sem krafist er vegna skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins.

SFCL.045 Skylda til að bera og framvísa skjölum

a) Þegar handhafar SPL-skírteina neyta réttinda SPL-skírteinis skulu þeir hafa eftirfarandi skjöl meðferðis:

1) gilt SPL-skírteini,

2) gilt heilbrigðisvottorð,

3) persónuskilríki með mynd af honum eða henni,

4) fullnægjandi gögn úr leiðarflugbók til að sýna fram á að farið sé að kröfunum í þessum viðauka.

b) Í öllum einflugum í landflugi skulu flugnemar hafa meðferðis:

1) þau skilríki sem tilgreind eru í 2. og 3. lið a-liðar,

2) gögn sem sýna fram á að þeir hafi heimild til að fljúga, eins og krafist er í a-lið SFCL.125.

c) Handhafar SPL-skírteina eða flugnemar skulu tafarlaust framvísa skjölunum sem tilgreind eru í a-lið til skoðunar þegar um það er beðið af viðurkenndum fulltrúa lögbæra yfirvaldsins.

d) Þrátt fyrir a- og b-lið má geyma skjölin, sem tilgreind eru þar, á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu ef um er að ræða flug sem halda sér:

1) í sjónmáli frá flugvellinum eða starfrækslusvæðinu, eða

2) innan fjarlægðar frá flugvellinum eða starfrækslusvæðinu sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.

SFCL.050 Skráning á fartíma

Handhafar SPL-skírteinis og flugnemar skulu geyma upplýsingar um öll flug flogin í áreiðanlegri skrá á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

SFCL.065 Réttindamissir handhafa SPL-skírteina, sem náð hafa 70 ára aldri eða meira, í tengslum við farþegaflutninga með svifflugu

Handhafar SPL-skírteina, sem hafa náð 70 ára aldri, skulu ekki starfa sem flugmenn svifflugna, sem notaðar eru við farþegaflutninga með svifflugu.

SFCL.070 Takmörkun, tímabundin svipting og afturköllun skírteina, réttinda, áritana og vottorða

a) Lögbæru yfirvaldi er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla SPL-skírteini, sem og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum og málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, ef handhafi SPL-skírteinis fer ekki að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða að kröfunum í þessum viðauka sem og í II. viðauka (SAO-hluta) við þessa reglugerð eða í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

b) Handhafar SPL-skírteina skulu tafarlaust skila skírteininu eða vottorðinu til lögbær yfirvaldsins ef skírteini þeirra, réttindi, áritun eða vottorð hefur verið takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

SPL-KAFLI

SVIFFLUGMANNSKÍRTEINI (SPL-SKÍRTEINI)

SFCL.115 SPL — Réttindi og skilyrði

a) Með fyrirvara um að farið sé að kröfunum í lið SFCL.150 hafa handhafar SPL-skírteina réttindi til að starfa sem flugstjóri á sviffflugum sem hér segir:

1) án þóknunar í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni,

2) við farþegaflutninga, aðeins ef þeir:

i. uppfylla ákvæði e-liðar SFCL.160, og

ii. annaðhvort:

A) hafa lokið, eftir útgáfu SPL-skírteinisins, a.m.k. 10 fartímum eða 30 flugtökum og lendingum sem flugstjóri á sviffflugum og, þar að auki, einu þjálfunarflugi þar sem handhafar skulu sýna flugkennara á sviffflugu fram á tilskilda hæfni fyrir farþegaflutninga, eða

B) eru handhafar kennaravottorðs fyrir sviffflugur í samræmi við FI-kafla,

3) við starfrækslu aðra en þá sem er tilgreind í 1. lið, aðeins ef þeir hafa:

i. náð 18 ára aldri,

ii) lokið 75 fartímum eða 200 flugtökum eða lendingum sem flugstjóri á sviffflugum eftir útgáfu skírteinisins.

b) Þrátt fyrir a-lið geta handhafar SPL-skírteina, sem hafa réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, þegið þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu fyrir SPL-skírteinið,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir SPL-skírteini,

3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við þau réttindi, áritanir og vottorð sem fylgja SPL-skírteini.

c) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins neyta réttinda SPL-skírteinis ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur um nýlega reynslu og aðeins ef þeir hafa gilt heilbrigðisvottorð sem samsvarar þeim réttindum sem neytt er.

d) Þegar þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í A-lið ii. liðar 2. liðar a-liðar, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af þeim kennara sem ber ábyrgð á þjálfunarfluginu.

SFCL.120 SPL – Lágmarksaldur

Umsækjendur um SPL-skírteini skulu vera a.m.k. 16 ára gamlir.

SFCL.125 SPL – Flugnemi

a) Flugnemar skulu ekki fljúga einir nema þeir hafi til þess heimild og séu undir umsjón flugkennara á sviffflugu.

b) Flugnemi skal vera a.m.k. 14 ára gamall til að fljúga einflug.

SFCL.130 SPL – Kröfur um þjálfunarnámskeið og reynslu

a) Umsækjendur um SPL-skírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki. Þetta námskeið skal vera sérsniðið að þeim réttindum sem sótt er um og skal innihalda:

1) bóklega þekkingu eins og tilgreint er í SFCL.135,

2) a.m.k. 15 flugkennslutíma á svifflugu, þ.m.t. að lágmarki:

i. 10 fartíma með kennara, þar af fartíma með kennara samkvæmt A-lið iv. liðar eða A-lið v. liðar, eftir því sem við á,

ii. 2 einflugstíma undir umsjón,

iii. 45 flugtök og lendingar,

iv. 7 flugkennslutíma á svifflugu, þó ekki á ferðavélsvifflugu, ef sótt er um réttindi fyrir svifflugur, þó ekki réttindi fyrir ferðavélsvifflugur, þ.m.t. að lágmarki:

A) 3 fartíma með kennara,

B) annaðhvort:

a) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 50 km (27 sjómílur) eða

b) eitt landflug með kennara sem er a.m.k. 100 km (55 sjómílur) sem heimilt er að ljúka í ferðavélsvifflugu þrátt fyrir ákvæði iv. liðar 2. liðar,

v) 6 flugkennslutíma á ferðavélsvifflugu ef sótt er um réttindi fyrir ferðavélsvifflugur, þ.m.t. að lágmarki:

A) 4 fartíma með kennara,

B) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 150 km (80 sjómílur) í ferðavélsvifflugu þar sem stöðvunarlending á sér stað á flugvelli öðrum en brottfararflugvelli.

b) Umsækjendur sem eru handhafar flugmannsskírteinis fyrir aðra gerð loftfara, að undanskildum skírteinum fyrir loftbelgi, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en sjö tíma. Umfang viðurkenningar má ekki undir neinum kringumstæðum:

1) taka til krafnanna í ii. lið 2. liðar a-liðar, B-liðar iv. liðar 2. liðar a-liðar og B-liðar v. liðar 2. liðar a-liðar, og

2) að því er varðar iii. lið 2. liðar a-liðar, vera umfram 10 flugtök og lendingar.

SFCL.135 SPL – Próf í bóklegri þekkingu

a) Bókleg þekking

Umsækjendur um SPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar réttindum sem sótt er um með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

i. lög og reglur um loftferðir,

ii. mannleg geta,

iii. veðurfræði,

iv. fjarskipti,

2) sérstakar námsgreinar er lúta að svifflugum:

i. flugeðlisfræði,

ii. verklagsreglur í flugi,

iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,

iv. almenn þekking á loftförum varðandi svifflugur og

v. flugleiðsaga.

b) Ábyrgð umsækjandans

1) Umsækjendur skulu taka öll próf í bóklegri þekkingu í tengslum við SPL-skírteini áritun á ábyrgð lögbærs yfirvalds í einu og sama aðildarríkinu.

2) Umsækjandinn skal aðeins taka próf í bóklegri þekkingu þegar hann eða hún hefur lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri og þegar samþykkta þjálfunarfyrirtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið, sem ber ábyrgð á þjálfun hans eða hennar, mælir með því.

3) Meðmælin frá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki skulu gilda í 12 mánuði. Ef umsækjandinn hefur ekki þreytt próf í bóklegri þekkingu í a.m.k. einni námsgrein innan þessa gildistíma skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið ákvarða þörf á frekari þjálfun, byggt á þörfum umsækjandans.

c) Prófkröfur

1) Umsækjandinn telst hafa staðist próf í bóklegri þekkingu ef viðkomandi nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið. Ekki skal beita refsieiningum.

2) Umsækjandi er talinn, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka, hafa lokið, með fullnægjandi hætti, prófi í bóklegri þekkingu sem krafist er fyrir útgáfu SPL-skírteinis ef hann eða hún hefur staðist öll þau próf í bóklegri þekkingu sem krafist er innan 18 mánaða tímabils talið frá lokum þess almanaksmánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst prófið.

3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið, skal hann eða hún þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.

4) Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur í bóklegri þekkingu skal viðkomandi gangast undir frekari þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki. Umfang þeirrar þjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjendanna.

d) Gildistími

Þegar umsækjandi hefur staðist próf í bóklegri þekkingu með fullnægjandi árangri skal það gilda í 24 mánuði frá þeim degi sem umsækjandinn stóðst prófið, í samræmi við 2. lið c-liðar.

SFCL.140 SPL – Viðurkenning á bóklegri þekkingu

Umsækjendur um útgáfu SPL-skírteinis skulu hljóta viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í almennum námsgreinum, eins og tilgreint er í 1. lið a-liðar SFCL.135 ef þeir:

a) eru handhafar skírteinis í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/395 eða

b) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu, eins og tilgreint er í a-lið, svo fremi sem þetta er gert innan gildistímans sem tilgreindur er í d-lið SFCL.135.

SFCL.145 SPL – Færnipróf

a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um SPL-skírteini sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á svifflugu og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um.

b) Umsækjendur skulu ljúka færniprófinu í svifflugu, þó ekki ferðavélsvifflugum, eða á ferðavélsvifflugu, með hliðsjón af þeim réttindum sem óskað er eftir og með fyrirvara um að þjálfunarnámskeiðið, sem um getur í lið SFCL.130, hafi falið í sér nauðsynlega þjálfunarþætti sem skipta máli fyrir viðkomandi loftfar. Umsækjandi, sem hefur lokið þjálfunarnámskeiði, þ.m.t. þeim þjálfunarþáttum sem eru nauðsynlegir fyrir bæði svifflugur og ferðavélsvifflugur, má ljúka tveimur færniprófum, þ.e.a.s. einu prófi í svifflugu, þó ekki í ferðavélsvifflugu, og einu prófi í ferðavélsvifflugu, til að fá réttindi fyrir bæði loftförin.

c) Til þess að taka færnipróf fyrir útgáfu SPL-skírteinis skal umsækjandinn fyrst standast prófin sem krafist er í bóklegri þekkingu.

d) Prófkröfur

1) Færniprófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs í sviffflugu.

2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta fellur hann í öllum hlutanum. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann eða hún aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að endurtaka allt prófið.

3) Ef umsækjandinn þarf að endurtaka prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, skal umsækjandinn endurtaka allt prófið.

e) Hafi umsækjandinn ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir skal hann eða hún gangast undir frekari verklega þjálfun.

SFCL.150 SPL – Réttindi fyrir sviffflugu og fyrir ferðavélsviffflugu

a) Ef færniprófið, sem um getur í lið SFCL.145, var tekið í sviffflugu, þó ekki ferðavélsviffflugu, skulu réttindi SPL-skírteinis takmarkast við sviffflugur, þó ekki ferðavélsviffflugur.

b) Í því tilviki sem um getur í a-lið skal veita viðbótarréttindi við réttindi SPL-skírteinis þannig að þau nái til ferðavélsviffflugna, ef óskað er eftir því og ef flugmaðurinn hefur:

1) lokið þeim þjálfunarþáttum sem tilgreindir eru í v. lið 2. liðar a-liðar í lið SFCL.130 hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki,

2) staðist færnipróf sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni á ferðavélsviffflugu. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandinn einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á ferðavélsviffflugum í eftirfarandi námsgreinum:

i. flugeðlisfræði,

ii. verklagsreglur í flugi,

iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,

iv. almenn þekking á loftförum og

v. flugleiðsaga.

c) Handhafar skírteinis, sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í b-lið, að því tilskildu að þeir:

1) séu handhafar flokksáritunar fyrir ferðavélsviffflugur eða

2) séu handhafar réttinda fyrir ferðavélsviffflugur og uppfylla kröfurnar um nýlega reynslu sem um getur í lið FCL.140 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

d) Ef færniprófið, sem um getur í lið SFCL.145, var tekið í ferðavélsviffflugu skulu réttindi SPL-skírteinis takmarkast við ferðavélsviffflugur.

e) Í því tilviki sem um getur í a-lið skal veita viðbótarréttindi við réttindi SPL-skírteinis þannig að þau nái til sviffflugna, ef óskað er eftir því og ef flugmaðurinn hefur:

1) lokið þeim þjálfunarþáttum sem tilgreindir eru í iv. lið 2. liðar a-liðar í lið SFCL.130 hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og a.m.k. 15 flugtökum og lendingum í sviffflugu, þó ekki ferðavélsviffflugu, og

2) staðist færnipróf sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni á sviffflugu, þó ekki ferðavélsviffflugu. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal flugmaðurinn einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á sviffflugum, þó ekki ferðavélsviffflugum, í eftirfarandi námsgreinum:

i. flugeðlisfræði,

ii. verklagsreglur í flugi,

iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,

iv. almenn þekking á loftförum og

v. flugleiðsaga.

f) Þegar þjálfuninni, sem tilgreind er í 1. lið b-liðar og 1. lið e-liðar, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af skólastjóra samþykkta þjálfunarfyrirtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni.

SFCL.155 SPL – Flugtaksaðferðir

a) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins neyta réttinda sinna með því að nota þær flugtaksaðferðir sem þeir hafa hlotið sérstaka þjálfun í, annaðhvort á þjálfunarnámskeiðinu í samræmi við lið SFCL.130 eða 1. lið e-liðar í lið SFCL.150, eða í tengslum við viðbótarþjálfun sem kennari veitir eftir útgáfu SPL-skírteinisins. Þessi sérstaka þjálfun skal samanstanda af:

1) þegar um er að ræða flugtak með dráttarspili og með bíl: að lágmarki 10 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón,

2) þegar um er að ræða flugtog eða flugtak fyrir eigin afli: að lágmarki 5 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón; þegar um er að ræða flugtak fyrir eigin afli má fartími með kennara fara fram í ferðavélsvifflugu,

3) þegar um er að ræða flugtak með teygju: að lágmarki 3 flugtökum sem framkvæmd eru í fartíma með kennara eða í einflugi undir umsjón og

4) þegar um er að ræða aðrar flugtaksaðferðir: þjálfun samkvæmt kröfum lögbæra yfirvaldsins.

b) Þegar þjálfuninni, sem tilgreind er í a-lið, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af skólastjóra samþykkta þjálfunarfyrirtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins eða þeim kennara sem bar ábyrgð á þjálfuninni, eftir því sem við á.

c) Til að viðhalda réttindunum fyrir hverja flugtaksaðferð og í samræmi við kröfur a- og b-liðar skulu handhafar SPL-skírteina ljúka að lágmarki fimm flugtökum á næstliðnum tveimur árum, þó ekki fyrir flugtak með teygju, en þá skulu þeir aðeins ljúka tveimur flugtökum. Þegar um er að ræða flugtak fyrir eigin afli þá má framkvæma flugtök sem flugtak fyrir eigin afli eða í ferðavélsvifflugu eða sambland af þessu.

d) Ef handhafar SPL-skírteina uppfylla ekki kröfurnar í c-lið skulu þeir framkvæma viðbótarfjölda flugtaka með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að endurnýja réttindi sín.

SFCL.160 SPL – Kröfur um nýlega reynslu

a) Sviffflugur, þó ekki ferðavélsvifflugur

Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins neyta réttinda SPL-skírteinis, þó ekki réttinda fyrir ferðavélsvifflugur, ef þeir hafa á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug:

1) lokið a.m.k. fimm fartímum á sviffflugum sem flugstjóri eða með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á sviffflugur, þ.m.t. a.m.k. eftirfarandi á sviffflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum:

i. 15 flugtök og

ii. tvö þjálfunarflug með flugkennara á sviffflugu, eða

2) staðist hæfnipróf með flugprófdómara fyrir sviffflugur á sviffflugu, þó ekki ferðavélsvifflugum, og skal hæfniprófið byggjast á færniprófinu fyrir SPL-skírteini.

b) Ferðavélsvifflugur (TMG)

Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins neyta réttinda sinna fyrir ferðavélsvifflugur ef þeir hafa á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug:

1) lokið a.m.k. 12 fartímum sem flugstjóri eða með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á sviffflugur, þ.m.t. a.m.k. eftirfarandi á ferðavélsvifflugum:

i. sex fartíma,

ii. 12 flugtök og lendingar og

iii. þjálfunarflug í a.m.k. einn tíma af heildarfartíma með kennara eða

2) staðist hæfnipróf með flugprófdómara og skal hæfniprófið byggjast á færniprófinu sem um getur í 2. lið b-liðar í lið SFCL.150.

c) Handhafar SPL-skírteina sem eru með réttindi til að fljúga á ferðavélsvifflugum en eru einnig handhafar skírteinis, sem er með réttindi til að fljúga á ferðavélsvifflugu í samræmi við ákvæði I. viðauka (FCL-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, skulu undanþegnir kröfum b-liðar.

d) Þegar fartímum með kennara, fartímum undir umsjón kennara og þjálfunarflugi því sem um getur í 1. lið a-liðar og b-lið, sem og hæfniprófinu, sem tilgreint er í c-lið, er lokið, skal færa það í leiðarflugbók flugmannsins og skal færslan undirrituð af ábyrgum flugkennara á svifflugur (FI(S)), ef um er að ræða 1. lið a-liðar og 1. lið b-liðar, eða, ef um er að ræða 2. lið a-liðar og 2. lið b-liðar, ábyrgum flugprófdómara fyrir svifflugur (FE(S)).

e) Farþegaflutningar

Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins flytja farþega ef þeir hafa á næstliðnum 90 dögum sem flugstjóri framkvæmt a.m.k.:

1) þrjú flugtök í svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum, ef flytja á farþega í svifflugu, þó ekki ferðavélsvifflugu, eða

2) þrjú flugtök og lendingar í ferðavélsvifflugum ef flytja á farþega í ferðavélsvifflugu. Til að flytja farþega í ferðavélsvifflugu að næturlagi skal a.m.k. eitt þessara flugtaka og lendinga fara fram að næturlagi.

ADD-KAFLI

VIÐBÓTARÁRITANIR OG -RÉTTINDI

SFCL.200 Listflugsréttindi

a) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins framkvæma listflug í svifflugum þar sem slökkt er á öllum hreyflum eða, að því er varðar d- og e-lið, með hreyfilafli, ef þeir eru handhafar viðeigandi listflugsréttinda í samræmi við þennan lið.

b) Grunnréttindi fyrir listflug:

1) veita handhafa þess rétt til að framkvæma listflug, sem takmarkast við eftirfarandi flugbrögð:

i. klifur og dýfur með 45 gráðu halla, framkvæmt sem listflug,

ii. bakfallslykkjur (e. *inside loops*),

iii. lóðrétta kúvendingu (e. *wingover*),

iv. letiáttu (e. *lazy-eight*),

v. spunaflug,

2) eru innifalin í réttindum SPL-skírteinis eftir að flugmaður hefur lokið:

i. a.m.k. 30 fartímum eða 120 flugtökum sem flugstjóri á svifflugum eftir útgáfu SPL-skírteinisins,

ii. þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

A) kennslu í bóklegri þekkingu sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um,

B) kennslu í listflugi í tengslum við þau flugbrögð sem tilgreind eru í 1. lið.

c) Framhaldsréttindi fyrir listflug:

1) gefa handhafa þeirra rétt til að fljúga listflug sem takmarkast ekki við þau flugbrögð sem tilgreind eru í 1. lið b-liðar,

2) eru innifalin í réttindum SPL-skírteinis eftir að flugmaður hefur:

i. uppfyllt kröfurnar í i. lið 2. liðar b-liðar,

ii. lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

A) kennslu í bóklegri þekkingu sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um,

B) a.m.k. fimm tíma eða 20 flug með kennslu í listflugi.

d) Grunn- eða framhaldsréttindin fyrir listflug skulu fela í sér listflug á svifflugu með hreyfilafli ef flugmaður hefur hlotið þjálfun í listflugi á svifflugum með hreyfilafli á þjálfunarnámskeiði í samræmi við ii. lið 2. liðar b-liðar eða ii. lið 2. liðar c-liðar, eftir því sem við á.

e) Réttindi SPL-skírteinis skulu fela í sér framhaldsréttindi fyrir listflug fyrir ferðavélsvifflugur sem flognar eru með hreyfilafli ef flugmaður hefur einnig eða hefur haft listflugsáritun í samræmi við lið FCL.800 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, þ.m.t. réttindi fyrir listflug á ferðavélsvifflugum.

f) Þegar lokið hefur verið við þjálfunarnámskeiðið, sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar b-liðar eða ii. lið 2. liðar c-liðar, og, eftir því sem við á, þá þjálfun sem tilgreind er í d-lið, skal það skráð í leiðarflugbók og færslan undirrituð af skólastjóra samþykkta þjálfunarfyrirtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni.

SFCL.205 Flugtogsáritun fyrir svifflugur og flugtogsáritun fyrir borða

a) Handhafar SPL-skírteina, sem hafa réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum, skulu aðeins flugtoga svifflugur eða borða ef þeir eru handhafar flugtogsáritunar fyrir svifflugur eða flugtogsáritunar fyrir borða í samræmi við þennan lið.

b) Umsækjendur um flugtogsáritun fyrir svifflugur skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 30 fartímum sem flugstjóri og 60 flugtökum og lendingum á ferðavélsvifflugum, eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflugu,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. kennslu í bóklegri þekkingu varðandi starfrækslu og verklag við flugtog á svifflugu,

ii. a.m.k. 10 þjálfunarflug í flugtogi á svifflugu, þ.m.t. a.m.k. 5 þjálfunarflug með kennara, og

iii. ef um er að ræða handhafa SPL-skírteinis sem hefur réttindi sem takmarkast við ferðavélsvifflugur, í samræmi við d-lið SFCL.150, fimm kynningarflug í svifflugu sem komið er á loft af loftfari.

c) Umsækjendur um flugtogsáritun fyrir borða skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 100 fartímum og 200 flugtökum og lendingum sem flugstjóri á ferðavélsvifflugum, eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflugu,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. kennslu í bóklegri þekkingu varðandi starfrækslu og verklag við flugtog á borða,

ii. a.m.k. 10 kennsluflug í flugtogi á borða, þ.m.t. a.m.k. 5 fartíma með kennara.

d) Umsækjendur um flugtogsáritun fyrir svifflugur eða flugtogsáritun fyrir borða í samræmi við þennan lið, sem eru þegar handhafar flugtogsáritunar fyrir svifflugur eða flugtogsáritunar fyrir borða í samræmi við b-lið FCL.805 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða sem hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar, eftir því sem við á, skulu:

1) hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í b- eða c-lið í því skyni að fá áritun til að flugtoga svifflugur eða borða, eftir því sem við á, ef flugtogsáritun umsækjanda, sem um getur í d-lið, felur í sér réttindi til að flugtoga ferðavélsvifflugur eða

2) hafa lokið a.m.k. þremur kennsluflugum með kennara þar sem farið er yfir allt efni námskrár flugtogsþjálfunar fyrir svifflugur eða fyrir borða, eftir því sem við á, á ferðavélsvifflugum.

e) Þegar þjálfunarnámskeiðinu, sem tilgreint er í 2. lið b-liðar, 2. lið c-liðar og 2. lið d-liðar, er lokið, skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af skólastjóra samþykkta þjálfunarfyrirtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni, eftir því sem við á.

f) Svo að handhafi áritunar fyrir flugtog á svifflugum eða flugtog á borðum geti neytt réttinda sinna skal hann hafa lokið a.m.k. 5 flugtogum á næstliðnum tveimur árum.

g) Ef handhafi áritunar fyrir flugtog á svifflugum uppfyllir ekki kröfuna í f-lið skal hann ljúka þeim flugtogum sem vantar upp á með kennara eða undir umsjón hans áður en hann heldur áfram að neyta réttinda sinna.

SFCL.210 Næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur

a) Handhafar SPL-skírteina, sem hafa réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum, skulu aðeins neyta réttinda sinna fyrir ferðavélsvifflugur við sjónflugsskilyrði að nóttu til ef þeir eru handhafar næturflugsáritunar fyrir ferðavélsvifflugur í samræmi við þennan lið.

b) Umsækjendur um næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur skulu fyrst ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal samanstanda af:

1) bóklegri kennslu fyrir flug við sjónflugsskilyrði að nóttu til,

2) a.m.k. fimm fartímum í ferðavélsvifflugu að nóttu til, þ.m.t. að lágmarki þremur fartímum með kennara, þ.m.t. að lágmarki eftirfarandi:

i. einn tími í landflugsleiðsögu með a.m.k. einu landflugi með kennara, sem er að lágmarki 50 km (27 sjómílur),

ii. fimm flugtök í einflugi og

iii. fimm stöðvunarlendingar í einflugi.

c) Til að ljúka næturþjálfuninni skal handhafi SPL-skírteinis fyrst ljúka grunnþjálfun í blindflugi, sem krafist er fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis (PPL-skírteinis) í samræmi við ákvæði I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

d) Umsækjendur um næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur í samræmi við þennan lið skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur b- og c-liðar ef þeir eru handhafar næturflugsáritunar í samræmi við lið FCL.810 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (EB) nr. 1178/2011 eða ef þeir hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar.

SFCL.215 Skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur

a) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins starfrækja svifflugu í skýjum ef:

1) slökkt hefur verið á öllum hreyflum, og

2) þeir hafa skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur í samræmi við þennan lið.

b) Réttindi sem fylgja SPL-skírteini skulu fela í sér skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur ef flugmaður hefur lokið að lágmarki:

1) 30 klukkustundum sem flugstjóri á svifflugum eftir útgáfu skírteinisins,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. bóklegri kennslu,

ii. a.m.k. tveimur fartímum með kennara á svifflugum þar sem slökkt er á öllum hreyflum og loftfarinu er stjórnað alfarið út frá mælitækjum. Þó má ljúka að hámarki 50% af fartíma með kennara í ferðavélsvifflugu sem er flogið með hreyfilafli, að því tilskildu að þessu þjálfunarflugi sé flogið við sjónflugsskilyrði.

c) Til að öðlast skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur skal handhafi SPL-skírteinis, sem er einnig handhafi grunnblindflugsáritunar (BIR) eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar (IR(A)) í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða sem uppfyllir allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu annarrar þessarar áritunar:

1) hljóta viðurkenningu upp í kröfuna í i. lið 2. liðar b-liðar,

2) þrátt fyrir ii. lið 2. liðar b-liðar, ljúka a.m.k. einum fartíma með kennara á svifflugu, þar sem svifflugunni er stjórnað alfarið út frá mælitækjum.

d) Þegar þjálfunarnámskeiðinu sem tilgreint er í 2. lið b-liðar eða 2. lið c-liðar, eftir því sem við á, er lokið skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af skólastjóra samþykkta þjálfunarfyrirtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni.

e) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins neyta skýjaflugsréttinda fyrir svifflugur þegar þeir hafa lokið a.m.k. einum fartíma eða fimm flugum sem flugstjóri, sem neytir réttinda fyrir svifflugur, á næstliðnum tveimur árum.

f) Ef handhafar SPL-skírteina með skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur uppfylla ekki kröfurnar í e-lið og þeir óska að neyta áfram skýjaflugsréttinda sinna fyrir svifflugur skulu þeir:

1) standast hæfnipróf með flugprófdómara fyrir svifflugur (FE(S)), eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flug, eins og krafist er í e-lið, með flugkennara á svifflugur (FI(S)).

g) Handhafar SPL-skírteina með skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur, sem eru einnig handhafar grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í e-lið.

FI-KAFLI

FLUGKENNARAR

1. þáttur

Almennar kröfur

SFCL.300 Flugkennaravottorð

a) Almennt

Kennari skal aðeins sjá um flugkennslu á svifflugu ef hann eða hún:

1) er handhafi:

i. SPL-skírteinis, þ.m.t. þeirra réttinda, áritana og vottorða sem veita skal flugkennslu í,

ii. vottorð flugkennara á svifflugur sem er viðeigandi fyrir veitta kennslu og gefið út í samræmi við þennan kafla,

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra svifflugunnar meðan á flugkennslu stendur.

b) Kennsla sem veitt er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða flugkennslu sem veitt er á þjálfunarnámskeiði sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka (SFCL-hluta) utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út flugkennaravottorð til umsækjanda sem er handhafi SPL-skírteinis sem uppfyllir 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. sé að lágmarki handhafi skírteinis þ.m.t., ef við á, réttinda, áritana eða vottorða sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að veita kennslu fyrir,

ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu vottorðs flugkennara á svifflugur með viðeigandi kennararéttindi,

iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann eða hún geti neytt réttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið er takmarkað við flugkennslu:

i. utan yfirráðasvæðisins sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum,

ii. til handa flugnema sem hefur nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.

2. þáttur

Vottorð flugkennara á svifflugur – FI(S)

SFCL.315 Vottorð flugkennara á svifflugur – Réttindi og skilyrði

a) Með fyrirvara um að umsækjendur uppfylli bæði kröfurnar í lið SFCL.320 og eftirfarandi skilyrði skal gefa út vottorð flugkennara á svifflugur með réttindi til að veita flugkennslu fyrir:

1) SPL-skírteini,

2) viðbótarréttindi fyrir sviffflugur í samræmi við e-lið SFCL.150,

3) flugtaksaðferðir í samræmi við lið SFCL.155, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið eftirfarandi sem flugstjóri:

i. a.m.k. 30 flugtökum þegar um er að ræða flugtak í flugtogi eða

ii. a.m.k. 50 flugtökum þegar um er að ræða flugtak með vindukapli,

4) viðbótarréttindi fyrir ferðavélsviffflugur í samræmi við b-lið SFCL.150, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:

i. lokið a.m.k. 30 fartímum sem flugstjóri á ferðavélsviffflugum,

ii. lokið þjálfuninni sem er tilgreind í 2. lið b-liðar SFCL.330,

iii. sýnt flugkennara á sviffflugu, sem hefur réttindi í samræmi við 7. lið og sem skólastjóri samþykkts þjálfunarfyrirtækis eða yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis hefur tilnefnt, fram á hæfni til að kenna á ferðavélsviffflugu,

5) grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug eða skýjaflugsréttindi fyrir sviffflugur eða fyrir flugtogsáritun fyrir sviffflugur eða flugtogsáritun fyrir borða, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. sé handhafi framhaldsréttinda fyrir listflug í samræmi við c-lið liðar SFCL.200 ef um er að ræða kennslu fyrir grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug,

ii. hafi sýnt flugkennara á sviffflugur, sem er með réttindi í samræmi við 7. lið a-liðar og sem skólastjóri samþykkts eða yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis hefur tilnefnt, fram á hæfni til að veita kennslu til viðeigandi réttinda eða áritunar,

6) flug að nóttu til í ferðavélsviffflugu, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. uppfylli kröfuna um reynslu í næturflugi í 2. lið e-liðar SFCL.160,

ii. hafi sýnt flugkennara á sviffflugur, sem hefur réttindi í samræmi við 7. lið og sem skólastjóri samþykkts þjálfunarfyrirtækis eða yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis hefur tilnefnt, fram á hæfni til að kenna á ferðavélsviffflugu að nóttu til,

7) vottorð flugkennara á sviffflugur, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:

i. lokið a.m.k. 50 tímum eða 150 flugtökum í flugkennslu á sviffflugum,

ii. sýnt flugkennara á sviffflugur, sem hefur réttindi í samræmi við þennan lið og sem skólastjóri hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki hefur tilnefnt, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir vottorð flugkennara á sviffflugur, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi.

b) Réttindin, sem um getur í a-lið, skulu fela í sér réttindi til að veita flugkennslu í tengslum við:

1) útgáfu viðeigandi skírteinis, réttinda, áritana eða vottorðs og

2) framlengingu, endurnýjun eða hlítingu við viðeigandi kröfur um nýlega reynslu í þessum viðauka, eftir því sem við á.

SFCL.320 Vottorð flugkennara á sviffflugur – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um vottorð flugkennara á sviffflugur skulu:

a) vera a.m.k. 18 ára gamlir,

b) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og 2. lið í lið SFCL.300,

c) hafa lokið 100 fartímum og 200 flugtökum sem flugstjóri á sviffflugu,

d) hafa lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í samræmi við lið SFCL.330 hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og

e) hafa staðist hæfnismat í samræmi við lið SFCL.345.

SFCL.325 Hæfni flugkennara á svifflugur og mat

Umsækjendur um vottorð flugkennara á svifflugur skulu hljóta þjálfun með það að markmiði að ná eftirfarandi hæfni:

a) undirbúa aðstöðu og hjálpargögn,

b) skapa andrúmsloft sem stuðlar að námi,

c) miðla þekkingu,

d) samtvinna hættu- og mistakastjórnun (TEM) og stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM),

e) skipuleggja tímann í því skyni að ná þjálfunarmarkmiðum,

f) greiða fyrir námi,

g) meta frammistöðu nemans,

h) vakta og endurskoða framvindu,

i) meta þjálfunarsetu og

j) skýra frá niðurstöðum.

SFCL.330 Flugkennari á svifflugur— Þjálfunarnámskeið

a) Umsækjendur um vottorð flugkennara á svifflugur skulu fyrst standast tiltekið inntökumat hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki sem skal fara fram á næstliðnum 12 mánuðum fyrir upphaf þjálfunarnámskeiðsins til að meta getu viðkomandi til að sitja námskeiðið.

b) Þjálfunarnámskeiðið fyrir flugkennara á svifflugur skal fela í sér:

   1) á svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum:

      i. þau atriði sem tilgreind eru í lið SFCL.325,

      ii. 25 tíma í náms- og kennslufræði,

      iii. 30 tíma í bóklegri kennslu, þ.m.t. framvinduþróf,

      iv. a.m.k. 6 tíma í flugkennslu, þar af má að hámarki ljúka þrem tímum í ferðavélsvifflugu, eða 20 flugtök í flugkennslu,

   2) þar að auki, ef réttindi vottorðs flugkennara á svifflugur felur í sér þau réttindi sem tilgreind eru í 4. og 6. lið a-liðar í lið SFCL.315, a.m.k. sex fartíma með kennara á ferðavélsvifflugu.

c) Umsækjendur, sem eru nú þegar handhafar kennaravottorðs í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í ii. lið 1. liðar b-liðar.

d) Þegar sótt er um vottorð flugkennara á svifflugur skal flugmaður, sem er eða hefur verið handhafi vottorðs flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, hljóta viðurkenningu fyrir 18 klukkustundir upp í kröfurnar í iii. lið 1. liðar b-liðar.

SFCL.345 Flugkennari á svifflugur – Hæfnismat

a) Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugkennara á svifflugur skulu standast hæfnismat til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við c-lið SFCL.415, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu SPL-skírteinis.

b) Matið skal fela í sér:

   1) að sýnt sé fram á hæfni, sem lýst er í lið SFCL.325, við kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu,

   2) munnleg próf í bóklegum greinum á jörðu niðri, fyrirflugskynningu og eftirflugsgreiningu og sýnikennslu flugkennara í svifflugum,

   3) viðeigandi æfingar til þess að meta hæfni kennarans.

c) Mat á hæfni, sem framkvæmt er í tengslum við fyrstu útgáfu vottorðs flugkennara á svifflugur, skal fara fram í svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum.

SFCL.350 Flugkennari á svifflugur — Takmörkuð réttindi

a) Réttindi flugkennara á svifflugur skulu takmarkast við það að veita flugkennslu undir umsjón flugkennara á svifflugur með ótakmörkuð réttindi, sem samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki tilnefnir í þessum tilgangi, í eftirfarandi tilvikum:

1) fyrir útgáfu SPL-skírteinis,

2) fyrir viðbætur við réttindi SPL-skírteinis þannig að þau feli í sér viðbótarréttindi fyrir svifflugur eða ferðavélsvifflugur í samræmi við lið SFCL.150,

3) fyrir viðbætur við réttindi SPL-skírteinis þannig að þau feli í sér viðbótarflugtaksaðferðir í samræmi við lið SFCL.155 og

4) fyrir grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug eða skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur eða fyrir flugtogsáritun fyrir svifflugur eða flugtogsáritun fyrir borða.

b) Við þjálfun undir umsjón, í samræmi við a-lið, hefur flugkennari á svifflugur ekki réttindi til þess að veita flugnema heimild til að fljúga sitt fyrsta einflug eða sitt fyrsta einflug í landflugi.

c) Takmörkunum í a- og b-lið skal aflétta úr vottorði flugkennara á svifflugur þegar flugkennarinn hefur lokið a.m.k. 15 tímum í flugkennslu eða 50 flugtökum í flugkennslu þar sem farið er yfir alla fasa flugs í svifflugu. Ef um er að ræða flugkennara á svifflugur með takmörkuð réttindi, sem uppfyllir kröfur 2. liðar b-liðar í lið SFCL.330, má ljúka 5 af þessum 15 tímum í ferðavélsvifflugu og í staðinn fyrir 15 af þessum 50 flugtökum má framkvæma flugtak og lendingu í ferðavélsvifflugu.

SFCL.360 Vottorð flugkennara á svifflugur – Kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafi vottorðs flugkennara á svifflugur skal aðeins neyta réttinda vottorðs síns ef viðkomandi hefur lokið eftirfarandi áður en fyrirhugað er að neyta þessara réttinda:

1) á næstliðnum þremur árum:

i. lokið upprifjunarþjálfun fyrir kennara hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða lögbæru yfirvaldi þar sem handhafinn skal hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir kennara á svifflugu og

ii. ef viðkomandi á að veita flugkennslu sem flugkennari á svifflugu skal hann lokið a.m.k.:

A) 30 tímum eða

B) 60 flugtökum og lendingum og

2) innan næstliðinna níu ára og í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi, hefur sýnt flugkennara á svifflugur, sem hefur réttindi í samræmi við 7. lið a-liðar í lið SFCL.315 og tilnefndur er af skólastjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, fram á hæfni til að veita kennslu á svifflugur.

b) Veita skal fulla viðurkenningu upp í kröfuna í ii. lið 1. liðar a-liðar fyrir klukkustundir sem flognar eru sem flugprófdómari fyrir svifflugur í færniprófum, hæfniprófum og við hæfnismat.

c) Ef handhafi vottorðs flugkennara á svifflugur hefur ekki lokið kennsluflugi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara á svifflugur, í samræmi við 2. lið a-liðar, skal hann eða hún ekki neyta réttinda vottorðs flugkennara á svifflugur þar til hann eða hún hefur lokið hæfnismati með fullnægjandi hætti í samræmi við lið SFCL.345.

d) Handhafi vottorðs flugkennara á svifflugur, sem uppfyllir ekki allar kröfur a-liðar, skal uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og í lið SFCL.345 til þess að neyta á ný réttinda vottorðsins.

FE-KAFLI

FLUGPRÓFDÓMARAR

1. þáttur

Almennar kröfur

SFCL.400 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur

a) Almennt

Prófdómari skal aðeins framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat í samræmi við þennan viðauka ef hann eða hún:

1) er handhafi:

i. SPL-skírteinis, þ.m.t. réttinda, áritana og vottorða sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat fyrir, og réttinda til að veita kennslu þar að lútandi,

ii. flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur, þ.m.t. réttinda sem eru viðeigandi fyrir færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið sem framkvæmt er, sem gefið er út í samræmi við þennan kafla,

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra svifflugu við færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat.

b) Próf sem haldin eru utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða færnipróf og hæfnipróf sem haldin eru utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út prófdómaravottorð til umsækjanda sem er handhafi flugmannsskírteinis fyrir svifflugur sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. sé a.m.k. handhafi skírteinis þ.m.t., ef við á, réttinda, áritana eða vottorða sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færnipróf eða hæfnipróf fyrir,

ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs,

iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á flugöryggisreglum Sambandsins svo hann geti neytt prófdómararéttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið, sem vísað er til í 1. lið, skal takmarkast við það að framkvæma færni- og hæfnipróf:

i. utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og

ii. til handa flugmanni sem hefur nægilega kunnátta á því tungumáli sem færni-/hæfniprófið fer fram á.

SFCL.405 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni

Prófdómari fyrir svifflugu skal ekki framkvæma:

a) færnipróf eða hæfnismat umsækjanda vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs þegar prófdómarinn hefur sjálfur veitt umsækjanda meira en 50% af þeirri flugkennslu sem krafist er fyrir það skírteini, áritun eða vottorð sem færniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir eða

b) færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat ef viðkomandi er ekki viss um að hann eða hún geti verið hlutlaus.

SFCL.410 Framkvæmd færniprófs, hæfniprófs og hæfnismats

a) Þegar prófdómarar fyrir svifflugur framkvæma færnipróf, hæfnipróf og hæfnismat skulu þeir gera allt eftirfarandi:

1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,

2) staðfesta að umsækjandinn uppfylli allar kröfurnar í þessum viðauka um hæfni, þjálfun og reynslu fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteinisins, réttindanna, áritunarinnar eða vottorðsins sem verið er að þreyta færni- eða hæfniprófið eða hæfnismatið fyrir,

3) gera umsækjandanum það ljóst hverjar afleiðingarnar eru af því að veita ófullnægjandi, ónákvæmar eða rangar upplýsingar um þjálfun hans eða hennar og flugreynslu.

b) Að færniprófinu, hæfniprófinu eða hæfnismatinu loknu skal prófdómarinn fyrir svifflugur:

1) upplýsa umsækjandann um útkomu færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins,

2) ef umsækjandinn hefur staðist hæfnismatið fyrir framlengingu eða endurnýjun, skrá nýjan gildistíma í skírteini eða vottorð umsækjandans, ef prófdómarinn hefur sérstakt leyfi þar að lútandi frá lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans,

3) veita umsækjandanum undirritaða skýrslu um færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið og tafarlaust afhenda afrit af henni til handa því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans og því lögbæra yfirvaldi sem gaf út prófdómaravottorðið. Skýrslan skal innihalda:

i. yfirlýsingu þess efnis að prófdómarinn fyrir svifflugur hafi tekið við upplýsingum frá umsækjandanum varðandi reynslu hans eða hennar og nám og komist að þeirri niðurstöðu að hvort tveggja uppfylli viðkomandi kröfur í þessum viðauka,

ii. staðfestingu þess efnis að öllum tilskildum flugbrögðum og æfingum hafi verið lokið sem og upplýsingar um munnlegt próf í bóklegri þekkingu, þegar við á; ef umsækjandi hefur fallið á einhverju atriði í þessum flokkum skal prófdómarinn skrá ástæður þess í matinu sínu,

iii. útkomu færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins,

iv. yfirlýsingu um að prófdómarinn fyrir svifflugur hafi farið yfir og beitt þeim landsbundnu málsmeðferðarreglum og kröfum sem gilda hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda, þegar lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á skírteini umsækjanda, er ekki sama yfirvaldið og gaf út prófdómaravottorðið,

v. afrit af vottorði prófdómara fyrir svifflugur þar sem fram kemur umfang réttinda hans eða hennar sem prófdómari í tengslum við færnipróf, hæfnipróf eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.

c) Prófdómarinn fyrir svifflugur skal geyma skrár í fimm ár með upplýsingum um öll færni- og hæfnipróf og hæfnismöt sem framkvæmd eru og útkomu þeirra.

d) Að beiðni lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu fyrir svifflugur, eða lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans, skal prófdómarinn fyrir svifflugur leggja fram öll gögn og skýrslur, ásamt öðrum upplýsingum, sem krafist er vegna eftirlitsstarfsemi.

2. þáttur

Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – FE(S)

SFCL.415 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Réttindi og skilyrði

Með fyrirvara um að umsækjandi uppfylli bæði kröfurnar í lið SFCL.420 og eftirfarandi skilyrði, skal gefa út flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur, að fenginni beiðni, með réttindi til að framkvæma:

a) færni- og hæfnipróf fyrir SPL-skírteinið, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið a.m.k. 300 fartímum sem flugmaður á svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum, þ.m.t. 150 tímum í flugkennslu eða 300 flugtökum í flugkennslu,

b) færnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir SPL-skírteini þannig að þau taki til ferðavélsvifflugna í samræmi við e-lið SFCL.150, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið 300 fartímum í svifflugum, þ.m.t. 50 tímum í flugkennslu á ferðavélsvifflugu,

c) hæfnismat fyrir útgáfu flugkennaravottorðs fyrir svifflugur, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:

1) lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á svifflugum, þ.m.t., ef til stendur að neyta réttinda flugprófdómaravottorðsins á svifflugur:

i. á svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum, lokið a.m.k. 10 fartímum eða 30 flugtökum við kennslu sem veitt er umsækjanda um vottorð flugkennara á svifflugur (FI(S)) í svifflugu, þó ekki ferðavélsvifflugu,

ii. á ferðavélsvifflugum, lokið a.m.k. 10 fartímum eða 30 flugtökum og lendingum við kennslu sem veitt er umsækjanda um vottorð flugkennara á svifflugur (FI(S)) í ferðavélsvifflugu,

2) hlotið sértæka þjálfun á samræmingarnámskeiði fyrir prófdómara í samræmi við lið SFCL.430.

SFCL.420 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skulu:

a) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og 2. lið a-liðar í lið SFCL.400,

b) hafa lokið samræmingarnámskeiði flugprófdómara fyrir svifflugur í samræmi við lið SFCL.430,

c) hafa lokið hæfnismati í samræmi við lið SFCL.445,

d) sýna fram á bakgrunn sem er viðeigandi fyrir réttindin sem fylgja flugprófdómaravottorðinu og

e) sýna fram á að á næstliðnum þremur árum hafi viðkomandi ekki verið beitt neinum viðurlögum, þar á meðal sviptingu, takmörkunum eða afturköllun skírteina, áritana eða vottorða, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, fyrir að fylgja ekki reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

SFCL.430 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Samræmingarnámskeið

a) Umsækjendur um flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skulu fara á samræmingarnámskeið sem annaðhvort lögbært yfirvald eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og sem viðkomandi lögbært yfirvald samþykkir.

b) Samræmingarnámskeiðið skal sniðið að þeim réttindum flugprófdómara fyrir svifflugur sem sótt er um og skal samanstanda af bóklegri og verklegri kennslu, þ.m.t. að lágmarki:

1) framkvæmd tveggja færniprófa, hæfniprófa eða hæfnismata fyrir SPL-skírteini eða tengd réttindi eða vottorð,

2) leiðbeiningar um viðeigandi kröfur þessa viðauka og viðeigandi kröfur um flugrekstur, um framkvæmd færni- og hæfniprófa og hæfnismats, ásamt tilheyrandi skjalfestingu og skýrslugjöf þar um,

3) kynningu á eftirfarandi:

i. stjórnsýslumeðferð hvers ríkis,

ii. kröfum um vernd persónuupplýsinga,

iii. ábyrgð prófdómara,

iv. slysatryggingu prófdómara,

v. landsbundnum gjöldum og

vi) upplýsingum um hvernig nálgast megi upplýsingarnar í i.–v. lið í tengslum við framkvæmd færniprófs, hæfniprófs eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.

c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur skal ekki framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða meta hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans, nema viðkomandi hafi endurskoðað nýjustu fyrirliggjandi upplýsingarnar sem fela í sér viðeigandi landbundna málsmeðferð hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda.

SFCL.445 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Hæfnismat

Umsækjandi um fyrstu útgáfu flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur skal sýna hæfni sína sem flugprófdómari fyrir svifflugur frammi fyrir eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða yfirprófdómara sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir svifflugur. Meðan á hæfnismatinu stendur skal umsækjandinn framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat, þ.m.t. kynningu, framkvæmd færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins, auk mats á þeim einstakling sem þreytir færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið, og eftirflugsgreiningu og skráningu gagna.

SFCL.460 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Gildistími, framlenging og endurnýjun

a) Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skal gilda í fimm ár.

b) Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skal framlengt ef handhafi þess hefur:

1) meðan á gildistíma flugprófdómaravottorðsins fyrir svifflugur stendur, lokið upprifjunarnámskeiði fyrir prófdómara, sem lögbæra yfirvaldið eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og samþykkt er af viðkomandi lögbæru yfirvaldi, og á þeim tíma skal handhafinn hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir prófdómara fyrir svifflugur,

2) á næstliðnum 24 mánuðum áður en gildistími vottorðsins rennur út, sýnt eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða prófdómara, sem hefur til þess sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir svifflugur, fram á færni til að framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat.

c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur sem er einnig handhafi eins eða fleiri prófdómaravottorða fyrir aðrar gerðir loftfara, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, getur, með samþykki lögbæra yfirvaldsins, fengið samræmda framlengingu allra prófdómaravottorða sem hann hefur.

d) Ef flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur er útrunnið skal handhafi þess uppfylla kröfurnar í 1. lið b-liðar og í lið SFCL.445 áður en hann eða hún getur haldið áfram að neyta réttinda flugprófdómaravottorðsins fyrir svifflugur.

e) Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjandinn sýnir fram á að hann fari enn að kröfunum í lið SFCL.410 sem og kröfunum í d- og e-lið í lið SFCL.420.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/359 **2023/EES/62/33**

frá 4. mars 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. og 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um kröfurnar fyrir flugmenn sem taka þátt í starfrækslu loftfara eins og tilgreint er í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

2) Í ljósi þess að veiting flugliðaskírteina fyrir loftbelgi og svifflugur er sérstaks eðlis ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur um veitingu skírteina í sérreglugerðum, nánar tiltekið í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ([3]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ([4]).

3) Á sama tíma ætti að fella brott kröfurnar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka (FCL-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, um veitingu flugmannsskírteina fyrir loftbelgi og flugmannsskírteina fyrir svifflugur og endurskoða ætti sumar kröfur I. viðauka (FCL-hluta) sem fjalla um þverfagleg málefni, svo sem ákvæði um mat á námi milli flugmannsskírteina fyrir loftbelgi eða svifflugur og flugmannsskírteina fyrir aðrar gerðir loftfara, í ljósi nýrra krafna að því er varðar veitingu skírteina fyrir flugmenn loftbelgja og svifflugna.

4) Kröfurnar í IV. viðauka (MED-hluta), VI. viðauka (ARA-hluta), VII. viðauka (ORA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 ættu að gilda áfram að því er varðar veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi og svifflugur.

5) Í þeim tilgangi að bæta flugöryggi enn frekar ætti að hvetja flugmenn, sem iðka sport- og tómstundaflug, til að öðlast réttindi til að fljúga í samræmi við blindflugsreglur. Því ætti að aðlaga gildandi reglur varðandi blindflugsáritanir með því að innleiða grunnblindflugsáritun (e. *basic instrument rating*, BIR) í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011. Grunnblindflugsáritunin ætti að vera sniðin sérstaklega að þörfum flugmanna sem iðka sport- og tómstundaflug að því er varðar inntak þjálfunar þeirra og gildissvið réttinda þeirra.

6) Með innleiðingu grunnblindflugsáritunar verður blindflugsáritun í flugleið (EIR) í FCL.825 I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 óþörf og ætti því að fella hana brott. Hins vegar ættu núverandi handhafar blindflugsáritunar í flugleið að eiga rétt á að neyta áfram réttinda sinna og ættu að fá blindflugsáritun í flugleið metna þegar þeir óska eftir því að fá grunnblindflugsáritun. Einnig ætti að vera mögulegt að halda áfram þjálfun fyrir blindflugsáritun í flugleið sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi og ljúka henni sem þjálfun fyrir grunnblindflugsáritun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

7) Gera ætti tæknilega uppfærslu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 á grundvelli þess lærdóms sem dreginn hefur verið einkum á sviði hæfisbundinnar leiðsögu (PBN), þjálfunar í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu (UPRT) og réttinda og hæfi kennara og dómara.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2019 ([5]) í samræmi við b-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Viðfangsefni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um:

a) mismunandi áritanir sem eru skráðar í flugmannsskírteini, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinin, réttindi og skyldur handhafa skírteina, sem og skilyrðin fyrir því að breyta núverandi þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannsskírteini,

b) vottun einstaklinga, sem bera ábyrgð á að veita flugþjálfun eða þjálfun í flughermi og á að meta færni flugmanns,

c) mismunandi heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heilbrigðisvottorðin, réttindi og skyldur handhafa heilbrigðisvottorða sem og skilyrðin fyrir því að breyta þjóðarheilbrigðisvottorðum í gagnkvæmt viðurkennd heilbrigðisvottorð,

d) vottun fluglækna sem og skilyrðin fyrir því að heimilislæknar geti gegnt hlutverki fluglækna,

e) reglulegt mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða, sem og réttindi og hæfni einstaklinga sem bera ábyrgð á þessu mati,

f) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla staðfestingarvottorð öryggis- og þjónustuliða, sem og réttindi og ábyrgð handhafa staðfestingarvottorða öryggis- og þjónustuliða,

g) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð þjálfunarfyrirtækja sem sjá um þjálfun flugmanna og fluglæknasetra sem koma að starfsréttindum og mati á flugheilbrigði áhafnar í almenningsflugi,

h) kröfur um vottun flughermisþjálfa og kröfur sem gilda um fyrirtæki sem starfrækja eða nota þessi tæki,

i) kröfur að því er varðar stjórnsýslu- og stjórnunarkerfið, sem aðildarríkin, Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins og fyrirtækin eiga að uppfylla í tengslum við reglurnar sem vísað er til í a- til h-lið.

2. Ákvæði 11. gr. b og 11. gr. c í þessari reglugerð sem og ákvæði IV. viðauka (MED-hluta), VI. viðauka (ARA-hluta), VII. viðauka (ORA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð gilda um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og svifflugur.“

([5]) Álit nr. 01/2019, A- og B-hluti, 19.2.2019 sem ber titilinn *Easier access for GA pilots to IFR flying & Revision of the balloon and sailplane licensing requirements*. Aðgengilegt á: https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

2) Í stað 19. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„19) „flugkennari (FI)“: kennari sem hefur réttindi til að veita þjálfun í loftfari í samræmi við J-kafla I. viðauka (FCL-hluta) við þessa reglugerð, FI-kafla III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 (*), eða FI-kafla III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 (**),

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10),

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).“

3) Í 8. mgr. 4. gr. kemur „8. september 2021“ í stað „8. apríl 2021“.

4) Eftirfarandi 4. gr. c bætist við:

„4. gr. c

Umbreytingarráðstafanir fyrir handhafa blindflugsáritunar í flugleið

1. Til og með 8. september 2022 skulu handhafar blindflugsáritunar í flugleið (EIR), samkvæmt FCL.825 í I. viðauka (FCL-hluta):

a) eiga rétt á að neyta áfram þeirra réttinda sem blindflugsáritun í flugleið veitir þeim,

b) fá framlengingu eða endurnýjun á blindflugsáritun sinni í flugleið í samræmi við g-lið FCL.825 framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) (*),

c) eiga rétt á að hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um þjálfun í i. og ii. lið 2. liðar c-liðar FCL.835 í I. viðauka (FCL-hluta) þegar þeir sækja um útgáfu grunnblindflugsáritunar (BIR) í samræmi við FCL.835 í I. viðauka (FCL-hluta) og

d) fá nám sitt metið að fullu, eins og ákvarðað er fyrir handhafa blindflugsáritunar í flugleið skv. I. viðauka (FCL-hluta).

2. Frá og með 8. september 2021 geta þjálfunarnámskeið fyrir blindflugsáritun í flugleið, sem um getur í 1. lið, sem hafa hafist fyrir þá dagsetningu, haldið áfram og skulu teljast þjálfunarnámskeið fyrir grunnblindflugsáritun. Á grundvelli mats á umsækjandanum skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið, sem ber ábyrgð á þjálfunarnámskeiðinu fyrir grunnblindflugsáritun, ákvarða hversu stóran hluta af þjálfuninni fyrir blindflugsáritun í flugleið (EIR) skuli viðurkenna með tilliti til útgáfu grunnblindflugsáritunar.

3. Umsækjendur um grunnblindflugsáritun, sem eru handhafar blindflugsáritunar í flugleið eða hafa staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun í flugleið í samræmi við d-lið FCL.825 fyrir 8. september 2021, skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu í bóklegum greinum og bókleg próf til grunnblind-flugsáritunar.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 4. mars 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíð-indunum).“

5) Í stað 11. gr. c kemur eftirfarandi:

„11. gr. c

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu:

a) afhenda Flugöryggisstofnun Evrópu, eigi síðar en 8. apríl 2021, allar skrár sem tengjast eftirliti með fyrirtækjum sem veita þjálfun fyrir flugmannsskírteini í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/395 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 og sem Flugöryggisstofnun Evrópu er lögbært yfirvald fyrir í samræmi við 78. gr. reglugerðar Evrópu-þingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*),

b) ljúka vottunarferlinu sem hófst fyrir 8. apríl 2020, í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu, og gefa út vottorðið en í kjölfar þess tekur Flugöryggisstofnun Evrópu á sig alla ábyrgð sem lögbært yfirvald fyrir þessi vottuðu fyrirtæki.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

6) Í 12. gr. fellur 2. mgr. a brott.

7) Í 4. mgr. 12. gr. kemur „20. júní 2021“ í stað „20. júní 2020“.

8) Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

9) Ákvæðum IV. viðauka (MED-hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

10) Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

11) Ákvæðum VII. viðauka (ORA-hluta) er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

12) Ákvæðum VIII. viðauka (DTO-hluta) er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2020.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu eftirfarandi ákvæði gilda frá 8. september 2021:

a) e-liður 1. liðar, b-liður 4. liðar, 5.–7. liður, 32. liður, 34. liður, d-liður 36. liðar, a-liður 40. liðar, 41. liður, 42. liður, 44. liður, 46.–48. liður, f-liður 52. liðar, a- til c-liður 53. liðar, e-liður 53. liðar, f-liður 53. liðar, 54. liður, 55. liður, a- til c-liður 56. liðar og 57. liður í I. viðauka,

b) b-liður í II. viðauka,

c) ii. liður d-liðar 10. liðar í III. viðauka.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skal 7. liður 1. gr. og 49. liður, d-liður 53. liðar og b-, d- og e-liður 58. liðar í I. viðauka koma til framkvæmda frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Lið FCL.010 er breytt sem hér segir:

a) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „loftskip“ kemur eftirfarandi:

„„loftskip“: aflknúið loftfar sem er léttara en loft, að undanskildum loftskipum fyrir heitt loft, sem falla undir skilgreiningu á loftbelg í samræmi við 7. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395.“

b) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „fartími“ kemur eftirfarandi:

„„fartími“:

fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur og vænghnitur, er fartími sá heildartími sem líður frá því að loftfar hreyfist fyrst í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að fullu að afloknu flugi,

fyrir þyrlur, er fartími sá heildartími frá því að þyrilblöð þyrlunnar byrja að snúast þar til þyrlan stöðvast að afloknu flugi og þyrilblöðin stöðvast,

fyrir loftskip, er fartími sá heildartími frá því að loftskip er losað frá mastrinu í þeim tilgangi að hefja það á loft þar til að loftskipið stöðvast að afloknu flugi og hefur verið bundið við mastrið.“

c) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „vélsviffluga“ kemur eftirfarandi:

„„vélsviffluga“: sviffluga sem útbúin er með einum eða fleiri hreyflum og hefur einkenni svifflugu þegar hreyflar hennar eru óstarfhæfir.“

d) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „ferðavélsviffluga“ kemur eftirfarandi:

„„ferðavélsviffluga“: sérstakur flokkur vélsvifflugna með sambyggðan, óinndrægan hreyfil og óinndræga skrúfu, nema kveðið sé á um annað í kjölfar vottunarferlisins í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Hún skal geta hafið sig á loft og klifrað fyrir eigin vélarafli í samræmi við flughandbók viðkomandi svifflugu.“

e) Eftirfarandi skilgreiningar bætast við:

i. „„leiðarflug samkvæmt blindflugsreglum“ (e. *en-route IFR flight*): sá hluti blindflugs sem hefst eftir að blindbrottflugsverklagi er lokið og lýkur þegar blindaðflugsverklag hefst,“ og

ii. „„blindflug með takmarkaða notkun mælitækja“ (e. *limited panel instrument flight*): horf loftfars ákvarðað út frá varamælitækjum þegar aðalviðmiðunarkerfið til að ákvarða horf og nefstefnu er bilað.“

f) Eftirfarandi skilgreiningar falla brott:

„flokkur loftbelgs“ og

„hópur loftbelgja“.

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.015:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Umsókn um útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á flugmannsskírteinum og tengdum áritunum og vottorðum, sem og öllum breytingum á þeim, skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið á því formi og á þann hátt sem það yfirvald ákveður. Umsókninni skulu fylgja gögn sem staðfesta að umsækjendur standist viðeigandi kröfur fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteinisins eða vottorðsins, sem og tengdra áritana eða viðbótaráritana, eins og kveðið er á um í þessum viðauka (FCL-hluta) og í IV. viðauka (MED-hluta).“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal skrá í skírteinið eða vottorðið allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skírteini, áritun eða vottorð veitir, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.“

c) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Skírteinishafi skal leggja fram umsóknir, í samræmi við a-lið, til lögbæra yfirvaldsins sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem skírteini viðkomandi var gefið út í samræmi við þennan viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“

d) Eftirfarandi e- og f-lið er bætt við:

„e) Handhafi skírteinis, sem hefur verið gefið út í samræmi við þennan viðauka (FCL-hluta), getur sótt um að skipta um lögbært yfirvaldi að því er varðar öll skírteini hans hjá lögbæra yfirvaldinu sem tilnefnt er af öðru aðildarríki, eins og tilgreint er í d-lið.

f) Varðandi útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs skal umsækjandinn leggja inn umsókn sína eigi síðar en 6 mánuðum eftir að hafa náð færniprófinu eða hæfnismatinu.“

3) Í stað b-liðar FCL.020 kemur eftirfarandi:

„b) Áður en fyrsta einflug hans eða hennar fer fram skal flugnemi a.m.k. hafa náð 16 ára aldri.“

4) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið c-liðar FCL.025:

a) Í stað i. liðar kemur eftirfarandi:

„i. Í 24 mánuði vegna útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða einkaflugmannsskírteinis,“.

b) Í stað ii. og iii. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. í 36 mánuði vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis eða blindflugsáritunar,

iii. í ótakmarkaðan tíma vegna útgáfu grunnblindflugsáritunar.

Tímabilin í i. og ii. lið skulu reiknuð frá þeim degi sem flugmennirnir stóðust prófið í bóklegri þekkingu í samræmi við 2. lið b-liðar.“

5) Eftirfarandi c-lið er bætt við FCL.030:

„c) Að því er varðar útgáfu grunnblindflugsáritunar verður umsækjandi um færnipróf fyrst að ljúka öllum námseiningum og leggja fram meðmæli samþykkts þjálfunarfyrirtækis. Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal veita prófdómaranum aðgang að þjálfunarskrám hans eða hennar.“

6) Í stað b-liðar FCL.035 kemur eftirfarandi:

„b) Viðurkenning á bóklegri þekkingu

1) Umsækjendur sem hafa staðist próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL) skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL), einkaflugmannsskírteini (PPL), atvinnuflugmannsskírteini (CPL) og, nema hvað varðar þyrlur, blindflugsáritun og grunnblindflugsáritun fyrir sömu gerð loftfars.

2) Umsækjendur sem hafa staðist próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis (CPL) skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu:

i. fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför fyrir sömu gerð loftfars,

ii. fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir sömu gerð loftfars og

iii) í námsgreininni „fjarskipti“ fyrir grunnblindflugsáritunina. Þessi viðurkenning tekur einnig til þess hluta greinarinnar „fjarskipti“ sem lýtur að blindflugsreglum en aðeins ef þeirri námsgrein var lokið í samræmi við lið FCL.310 sem gildir frá og með 20. desember 2019.

3) Handhafar blindflugsáritunar eða umsækjendur sem hafa staðist bóklegt blindflugspróf fyrir gerð loftfars skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu fyrir:

i. blindflugsáritun á aðra gerð loftfars og

ii. grunnblindflugsáritun.

4) Handhafar flugmannsskírteinis skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu fyrir skírteini á aðra gerð loftfars í samræmi við 1. viðbæti við þennan hluta. Þessi viðurkenning á einnig við um umsækjendur um flugmannsskírteini sem hafa þegar staðist bókleg próf vegna útgáfu viðkomandi skírteinis á aðra gerð loftfars, að því tilskildu að bóklega prófið sé innan þess gildistíma sem tilgreindur er í c-lið í hluta FCL.025.

5) Þrátt fyrir 3. lið b-liðar skulu handhafar blindflugsáritunar á flugvél (IR(A)), sem hafa lokið hæfnimiðuðu, áfangaskiptu námskeiði til blindflugsáritunar á flugvélar, aðeins hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu vegna blindflugsáritunar á aðra gerð loftfars ef þeir hafa einnig staðist kennslu og próf í bóklegri þekkingu í þeim hluta námsins sem lýtur að blindflugsreglum, eins og krafist er í i. lið 2. liðar í b-lið FCL.720.A.“

7) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.055:

a) Í stað inngangsmálsliðarins í d-lið kemur eftirfarandi:

„d) Sérstakar kröfur sem handhafar blindflugsáritunar þurfa að uppfylla. Þrátt fyrir liðina hér að framan skulu handhafar blindflugsáritunar hafa sýnt fram á færni til þess að nota enska tungu á viðeigandi hæfnistigi eins og skilgreint er í 2. viðbæti við þennan viðauka.“

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Handhafar blindflugsáritunar skulu sýna fram á tungumálakunnáttu sína og notkun enskrar tungu með því að nota matsaðferð sem lögbært yfirvald ákveður.“

8) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.060:

a) Ákvæði a-liðar falla brott.

b) Í stað inngangsmálsliðarins í b-lið kemur eftirfarandi:

„b) Flugvélar, þyrlur, vænghnitur og loftskip. Flugmaður skal ekki starfrækja loftfar í flutningaflugi eða til að flytja farþega:“.

9) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.065:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Við 65 ára aldur. Handhafar flugmannsskírteinis, sem hafa náð 65 ára aldri, skulu ekki starfa sem flugmenn á loftfari í flutningaflugi.“

b) Ákvæði c-liðar falla brott.

10) Í stað FCL.100 kemur eftirfarandi:

„FCL.100 LAPL – Lágmarksaldur

Umsækjendur um LAPL-skírteini fyrir flugvélar eða þyrlur skulu vera a.m.k. 17 ára gamlir.“

11) Í stað FCL.120 kemur eftirfarandi:

„FCL.120 LAPL — Próf í bóklegri þekkingu

Umsækjendur um LAPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

a) almennar námsgreinar:

— lög og reglur um loftferðir,

— mannleg geta,

— veðurfræði,

— fjarskipti og

— flugleiðsaga,

b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

— flugeðlisfræði,

— verklag í flugi,

— afkastageta og áætlanagerð og

— almenn þekking á loftförum.“

12) Í stað b-liðar FCL.110.A kemur eftirfarandi:

„b) Sértækar kröfur vegna umsækjenda sem hafa SPL-skírteini sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum. Umsækjendur um LAPL(A)-skírteini, sem eru handhafar SPL-skírteinis sem í eru skráð réttindi fyrir ferðavélsvifflugu, skulu hafa lokið við a.m.k. 21 klst. fartíma í ferðavélsvifflugu eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflugu skráð í skírteini sitt og skulu fara að kröfum a-liðar í FCL.135.A um flugvélar.“

13) Eftirfarandi c-lið er bætt við FCL.135.A:

„c) Umsækjendur um viðbótarréttindi við LAPL(A)-skírteinið þannig að það taki til ferðavélsvifflugu sem eru einnig handhafar SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttinda til að fljúga á ferðavélsvifflugum, skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.“

14) Ákvæði 4. og 5. þáttar í B-kafla falla brott.

15) Í stað fyrirsagnar C-kafla kemur eftirfarandi:

„EINKAFLUGMANNSSKÍRTEINI (PPL)“.

16) Í stað FCL.200 kemur eftirfarandi:

„FCL.200 Lágmarksaldur

Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini skulu vera a.m.k. 17 ára gamlir.“

17) Í stað a- og b-liðar FCL.210 kemur eftirfarandi:

„a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki.

b) Námskeiðið skal fela í sér bóklegt og verklegt flugnám sem samsvarar réttindum sem veitt eru í tengslum við einkaflugmannsskírteini sem sótt er um.“

18) Í stað FCL.215 kemur eftirfarandi:

„FCL.215 Próf í bóklegri þekkingu

Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar, sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

a) almennar námsgreinar:

— lög og reglur um loftferðir,

— mannleg geta,

— veðurfræði,

— fjarskipti og

— flugleiðsaga,

b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

— flugeðlisfræði,

— verklag í flugi,

— afkastageta og áætlanagerð og

— almenn þekking á loftförum.“

19) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.235:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um einkaflugmannsskírteini sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars sem og þekkingu sína á viðeigandi verklagi og flugbrögðum með hæfni sem hæfir veittum réttindum.“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Umsækjendur um færniprófið skulu hafa fengið flugkennslu á loftfar í sama flokki eða af sömu tegund og nota á í færniprófinu.“

20) Ákvæði c-liðar í FCL.210.A er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„c) Sértækar kröfur vegna umsækjenda sem hafa SPL-skírteini sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum. Umsækjendur um PPL(A)-skírteini sem eru handhafar SPL-skírteinis með réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugu skulu hafa lokið:“.

b) Í stað 1. undirliðar kemur eftirfarandi:

„1) a.m.k. 24 klst. fartíma í ferðavélsvifflugum eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflugu skráð í skírteini sitt og“.

21) Í stað b-liðar FCL.210.As kemur eftirfarandi:

„b) Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL), sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, og hafa réttindi til að fljúga hitaloftskipum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftskipum, þó ekki meira en fimm tíma.“

22) Ákvæði 5. og 6. þáttar í C-kafla falla brott.

23) Í stað FCL.600 kemur eftirfarandi:

„FCL.600 Blindflugsáritun — Almennt

Að undanskildu því sem kveðið er á um í FCL.835 má starfræksla flugvélar, þyrlu, loftskips eða vænghnita, samkvæmt blindflugsreglum, einungis vera í höndum handhafa PPL-skírteinis, CPL-skírteinis, MPL-skírteinis og ATPL-skírteinis með blindflugsáritun sem er viðeigandi fyrir gerð loftfars, eða, ef blindflugsáritun sem er viðeigandi fyrir gerð loftfars er ekki tiltæk, aðeins í tengslum við færnipróf eða fartíma með kennara.“

24) Eftirfarandi c-lið er bætt við FCL.620:

„c) Umsækjendur, sem hafa lokið færniprófi fyrir blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar á fjölhreyfla einstjórnar-flugvél, sem krafist er flokksáritunar fyrir, skulu einnig fá útgefna blindflugsáritun fyrir eins hreyfils flugvélar fyrir þær flokks- eða tegundaráritanir fyrir eins hreyfils flugvélar sem þeir hafa undir höndum.“

25) Í stað a-liðar FCL.700 kemur eftirfarandi:

„a) Handhafar flugmannsskírteinis skulu aðeins starfa sem flugmenn loftfars ef þeir hafa gilda og viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema í eftirfarandi tilvikum:

1) ef þeir neyta réttinda LAPL-skírteinis,

2) ef þeir taka færnipróf eða hæfnipróf vegna endurnýjunar flokks- eða tegundaráritana,

3) ef þeir fá flugkennslu,

4) ef þeir eru handhafar reynsluflugsáritunar, sem gefin er út í samræmi við FCL.820.“

26) Eftirfarandi f-lið er bætt við FCL.725:

„f) Umsækjendur um flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugur, sem eru einnig handhafar SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttinda til að fljúga á ferðavélsvifflugum, skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-, b- og c-lið.“

27) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.740.A:

a) Í stað 4. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„4) Framlengingu vegna grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar, ef hún er til staðar, má framkvæma samhliða hæfniprófi til framlengingar flokks- eða tegundaráritunar.“

b) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Flokksáritanir fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og flokksáritanir fyrir ferðavélsvifflugur. Vegna framlengingar flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar með bulluhreyfli eða flokksáritana fyrir ferðavélsvifflugur skulu umsækjendur:“

c) Eftirfarandi 5. lið er bætt við í b-lið:

„5) Hæfniprófið fyrir framlengingu á gildistíma flokksáritunar fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar má framkvæma samhliða hæfniprófi til framlengingar á gildistíma grunnblindflugsáritunar í samræmi við 8. lið g-liðar FCL.835.“

28) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.800:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Handhafar flugmannsskírteinis með réttindi til að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum skulu aðeins fljúga listflug ef þeir hafa áritun fyrir listflug í samræmi við þennan lið.“

b) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) a.m.k. 30 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvélum eða ferðavélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins,“.

c) Í stað ii. liðar 2. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„ii. a.m.k. 5 tímum í listflugskennslu í flugvélum eða ferðavélsvifflugum sem flogið er með hreyfilafli.“

d) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Réttindi áritunarinnar fyrir listflug skulu takmörkuð við listflug í annaðhvort flugvélum eða ferðavélsvifflugum sem flogið er með hreyfilafli, allt eftir því á hvaða loftfari kröfurnar í 1. lið b-liðar eða ii. lið 2. liðar b-liðar voru uppfylltar. Þessari takmörkun skal aflétt að fenginni beiðni ef flugmaður hefur lokið með fullnægjandi árangri a.m.k. 3 þjálfunarflugum með kennara í flugvélum eða ferðavélsvifflugum sem flogið er með hreyfilafli, eftir því sem við á, þar sem farið er yfir allt námsefni listflugsþjálfunar.“

e) Eftirfarandi d-lið er bætt við:

„d) Umsækjendur um áritun fyrir listflug sem hafa einnig undir höndum flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugur sem og framhaldsréttindi fyrir listflug fyrir svifflugur, sem tilgreind eru í d-lið SFCL.200 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skulu:

1) hljóta undanþágu frá því að áritun þeirra fyrir listflug verði takmörkuð við flugvélar, eins og tilgreint er í c-lið, ef þeir hafa uppfyllt kröfurnar í 1. lið b-liðar eða ii. lið 2. liðar b-liðar í flugvélum eða

2) hljóta viðurkenningu að fullu til móts við kröfurnar í b-lið fyrir útgáfu áritunar fyrir listflug, sem takmörkuð er við ferðavélsvifflugur sem flogið er með hreyfilafli. Þessari takmörkun skal aflétt að fenginni beiðni ef flugmaður hefur lokið þjálfuninni eins og tilgreint er í c-lið.“

29) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.805:

a) Í stað iii. liðar 2. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. nema hvað varðar handhafa SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, fimm kynningarflugum í svifflugu sem komið er á loft af loftfari.“

b) Eftirfarandi g-lið er bætt við:

„g) Umsækjendur um áritun fyrir flugtog á svifflugu eða flugtog á borða með ferðavélsvifflugum í samræmi við þennan lið skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfur b- eða c-liðar, eftir því sem við á, ef þeir eru handhafar áritunar fyrir flugtog á svifflugu eða flugtog á borða í samræmi við lið SFCL.205 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, eða ef þeir hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar.“

30) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.810:

a) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1) Til að neyta réttinda LAPL-skírteinis eða PPL-skírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki innan sex mánaða. Námskeiðið skal samanstanda af:“.

ii. Eftirfarandi 4. lið er bætt við:

„4) Umsækjendur um næturflugsáritun fyrir flugvélar eða ferðavélsvifflugur í samræmi við þennan undirlið skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfur 1. og 2. undirliðar ef þeir eru handhafar næturflugsáritunar fyrir ferðavélsvifflugur í samræmi við lið SFCL.210 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 eða ef þeir hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar.“

b) Ákvæði c-liðar falla brott.

31) Í stað inngangsmálsliðar a-liðar í lið FCL.815 kemur eftirfarandi:

„a) Réttindi. Réttindi handhafa fjallaflugsáritunar heimila honum að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum til og frá yfirborði sem talið er að krefjist slíkrar áritunar af því lögbæra yfirvaldi sem skipað er af aðildarríkjunum.

Handhafar LAPL- eða PPL-skírteinis með réttindi til að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum geta fengið fyrstu fjallaflugsáritunina annaðhvort fyrir:“.

32) Liður FCL.825 fellur brott.

33) Liður FCL.830 fellur brott.

34) Eftirfarandi liður FCL.835 bætist við:

„**FCL.835 Grunnblindflugsáritun (BIR)**

a) Réttindi og skilyrði

1) Réttindi handhafa grunnblindflugsáritunar eru að fljúga samkvæmt blindflugsreglum á einstjórnarflugvélum, sem viðkomandi hefur flokksáritun fyrir, að undanskildum flugvélum með mikla afkastagetu og afbrigði flugvéla ef gögn um örugga starfrækslu sýna að blindflugsáritun er nauðsynleg.

2) Einungis má neyta réttinda grunnblindflugsáritunar í samræmi við lið FCL.205.A.

3) Einungis má neyta réttinda grunnblindflugsáritunar að nóttu til ef flugmaðurinn hefur næturflugsáritun í samræmi við lið FCL.810.

4) Réttindi grunnblindflugsáritunar fyrir fjölhreyfla flugvélar skulu einnig gilda um eins hreyfils flugvélar, sem flugmaðurinn hefur undir höndum gilda flokksáritun fyrir.

5) Neyting réttinda grunnblindflugsáritunar skal háð öllum eftirfarandi skilyrðum:

i. sú ákvörðunarhæð (DH) eða lágmarkslækkunarhæð (MDH) sem er notuð sem flugvallarlágmörk skal vera að lágmarki 200 fetum hærri en ella væri miðað við útreikninga í samræmi við lið „NCO.OP.110 Flugvallarlágmörk – flugvélar og þyrlur“ og lið „NCO.OP.111 Flugvallarlágmörk – grunnaðflug (NPA), aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti (APV), starfræksla skv. I. flokki“ í VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 og

ii. skyggnið, sem notað er sem flugvallarlágmörk, skal ekki vera minna en 1500 m,

iii. flugstjórinn skal ekki leggja upp í flug samkvæmt blindflugsreglum eða skipta úr sjónflugi í blindflug nema:

A) skyggnið á brottfararflugvellinum sé a.m.k. 1500 m og skýjahulan að lágmarki 600 fet eða a.m.k. þau hringaðflugslágmörk sem gefin eru út fyrir flugvélaflokkinn, eftir því hvort gildið er hærra og

B) skyggnið, samkvæmt fyrirliggjandi veðurupplýsingum á ákvörðunarflugvellinum og á öllum varaflugvöllum sem krafist er, sé a.m.k. 1500 m og skýjahulan að lágmarki 600 fet eða a.m.k. þau hringaðflugslágmörk sem gefin eru út fyrir flugvélaflokkinn eða a.m.k. ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð að viðbættum 200 fetum í samræmi við i. lið, hvort heldur sem meira er, á tímabilinu einum klukkutíma fyrir til klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunbrottfarartíma til einum klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra.

b) Forsendur. Umsækjendur um grunnblindflugsáritun skulu a.m.k. vera handhafar einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar (PPL(A)).

c) Þjálfunarnámskeið. Umsækjendur um grunnblindflugsáritun skulu hafa lokið eftirfarandi hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

1) kennslu í bóklegri þekkingu í samræmi við a-lið FCL.615 og

2) flugkennslu sem nær yfir eftirfarandi áfanga í blindflugskennslu:

i. áfangi 1 - grunnþjálfunaráfangi í flugfærni eingöngu út frá mælitækjum,

ii. áfangi 2 - verklegur flugþjálfunaráfangi fyrir blindbrottflugsverklag, biðflugsverklag, tvívíddar- og þrívíddaraðflugsverklag,

iii. áfangi 3 - verklegur flugþjálfunaráfangi fyrir blindflugsverklag í leiðarflugi og

iv. áfangi 4 - ef sótt er um grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar skal verklegi flugþjálfunaráfanginn með einn hreyfil óstarfhæfan taka til blindaðflugsverklags með hreyfilbilun og verklags þegar hætt er við lendingu og

3) flugkennslu sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

i. áfanganum, sem tilgreindur er í i. lið 2. liðar c-liðar, skal lokið fyrst; umsækjandinn getur valið í hvaða röð hann lýkur áföngunum sem tilgreindir eru í ii. og iii. lið 2. liðar c-liðar og, ef við á, iv. lið 2. liðar c-liðar,

ii. áföngunum, sem tilgreindir eru í 2. lið c-liðar, má ljúka í flugvélum, flughermisþjálfum eða sambland af þessu; umsækjandinn skal undir öllum kringumstæðum fá þjálfun í þeirri flugvél sem nota á í færniprófinu,

iii. hefja má áfangana, sem tilgreindir eru í i., ii. og iv. lið 2. liðar c-liðar, annars staðar en hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki en þeim skal lokið hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki; áfanganum, sem tilgreindur er í iii. lið 2. liðar c-liðar, má ljúka annars staðar en hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iv. áður en áfanginn, sem tilgreindur er í iv. lið 2. liðar c-liðar, hefst skal flugmaður, sem ekki hefur flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla flugvél, hafa hlotið þjálfun fyrir fjölhreyfla flugvél samkvæmt H-kafla þessa viðauka (FCL-hluta).

d) Bókleg þekking. Áður en umsækjendur taka færniprófverða þeir að sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með því að þreyta próf í þeim námsgreinum sem um getur í b-lið FCL.615. Prófið í bóklegri þekkingu skal samanstanda af skriflegu prófi fyrir hvern áfanga, eins og er í i., ii. og iii. lið 2. liðar c-liðar.

e) Færnipróf. Þegar þjálfunarnámskeiðinu, sem tilgreint er í c-lið, er lokið skulu umsækjendur standast færnipróf í flugvél í samræmi við 7. viðbæti við þennan viðauka. Að því er varðar grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar skal nota fjölhreyfla flugvél við færniprófið. Að því er varðar grunnblindflugsáritun fyrir eins hreyfils flugvélar skal nota eins hreyfils flugvél við færniprófið. Fjölhreyfla flugvél með báða hreyfla á langás flugvélarinnar skal teljast eins hreyfils flugvél í skilningi þessa liðar.

f) Þrátt fyrir ákvæði d-liðar skulu handhafar grunnblindflugsáritunar fyrir eins hreyfils flugvélar, sem eru einnig handhafar flokksáritunar á fjölhreyfla flugvélar og óska eftir að fá grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar í fyrsta sinn, hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem felur í sér þjálfun eins og tilgreint er í iv. lið 2. liðar c-liðar og skulu þeir hafa staðist færniprófið sem um getur í e-lið.

g) Gildistími, framlenging og endurnýjun

1) Grunnblindflugsáritun skal gilda í eitt ár.

2) Umsækjendur um framlengingu á gildistíma grunnblindflugsáritunar skulu:

i. á næstliðnum þremur mánuðum áður en áritunin rennur út, standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta eða

ii. ljúka sex klukkustundum sem flugstjóri í blindflugi innan gildistímans, þ.m.t. þremur blindaðflugum og a.m.k. einni klukkustund í þjálfunarflugi með kennara sem hefur réttindi til að veita þjálfun vegna grunnblindflugsáritunar.

3) Fyrir hverja framlengingu sem á eftir kemur skal handhafi grunnblindflugsáritunarinnar standast hæfnipróf, í samræmi við i. lið 2. liðar, í flugvél.

4) Ef flugmaður velur að uppfylla kröfurnar um framlengingu, sem tilgreindar eru í i. lið 2. liðar g-liðar, fyrr en mælt er fyrir um í þeim lið skal nýi gildistíminn hefjast frá og með dagsetningu hæfniprófsins.

5) Umsækjendur, sem ekki standast viðeigandi hluta hæfniprófs vegna grunnblindflugsáritunar áður en grunnblindflugsáritunin rennur út, skulu ekki neyta réttinda grunnblindflugsáritunarinnar fyrr en þeir hafa staðist hæfniprófið.

6) Ef grunnblindflugsáritun er útrunnin verða umsækjendur að gera eftirfarandi til að endurnýja réttindi sín:

i. þegar það er nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem krafist er, ljúka upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða, ef grunnblindflugsáritunin rann út fyrir allt að þremur árum, hjá kennara sem hefur réttindi til að veita þjálfun vegna grunnblindflugsáritunar og

ii. standast hæfnipróf í flugvél.

7) Hvað varðar grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar verður hæfniprófinu fyrir framlengingu eða endurnýjun sem og flugþjálfuninni, sem krafist er í ii. lið 2. liðar g-liðar, að vera lokið á fjölhreyfla flugvél.

8) Hæfniprófið fyrir framlengingu eða endurnýjun grunnblindflugsáritunar má taka samhliða hæfniprófinu fyrir framlengingu eða endurnýjun flokksáritunar fyrir eins hreyfils flugvélar, sem neyta má réttinda grunnblindflugsáritunar á skv. 1. lið a-liðar FCL.835.

h) Veita má umsækjendum um grunnblindflugsáritun, sem eru handhafar PPL-skírteinis eða CPL-skírteinis sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta), og gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar, sem gefin er út af þriðja landi í samræmi við kröfur 1. viðauka við Chicago-samninginn, fulla viðurkenningu til móts við kröfur þjálfunarnámskeiðsins sem um getur í 2. lið c-liðar. Til að fá útgefna grunnblindflugsáritun skulu umsækjendur:

1) hafa lokið með fullnægjandi hætti færniprófinu sem um getur í e-lið,

2) meðan á færniprófi stendur, sýna prófdómara munnlega fram á að þeir hafi aflað sér nægrar bóklegrar þekkingar á lögum og reglum um loftferðir, veðurfræði og áætlanagerð og afkastagetu og

3) hafa flogið samkvæmt blindflugsreglum a.m.k. 25 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvél.

j) Handhafi blindflugsáritunar skal hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar í 2. lið c-liðar.“

35) Eftirfarandi kemur í stað 1. liðar c-liðar í FCL.915:

„c) Viðurkenning til frekari kennaravottorða og í tengslum við framlengingar:

1) Veita má neðangreindum aðilum fulla viðurkenningu fyrir færni í náms- og kennslufræði:

i. handhöfum kennaravottorða sem sækja um frekari kennaravottorð og

ii. umsækjendum um kennaravottorð sem eru nú þegar handhafar kennaravottorðs sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

36) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.905.FI:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) PPL-skírteinis og LAPL-skírteinis á viðeigandi gerð loftfars,“.

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) flokks- og tegundaráritana fyrir einstjórnarloftför, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu,“.

c) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) áritunar fyrir flugtog eða listflug, að því tilskildu að flugkennarinn sé handhafi slíkra réttinda og hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið, fram á hæfni sína til að veita kennslu fyrir þá áritun,“.

d) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1) hann hefur lokið blindflugskennaranámskeiði sem flugnemi og staðist hæfnismatið fyrir blindflugs-kennaravottorðið,

2) hann uppfyllir kröfur a-liðar FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935 ef um er að ræða fjölhreyfla flugvélar og kröfur 1. liðar c-liðar FCL.910.TRI og 2. liðar d-liðar FCL.910.TRI ef um er að ræða fjölhreyfla þyrlur.

Til viðbótar við skilyrði 1 og 2 gildir eftirfarandi:

3) ef flugkennari veitir þjálfun í flughermisþjálfa á samþykktu þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunar-fyrirtæki eða hefur umsjón með þjálfunarflugi flugnema sem flugstjóra (SPIC), sem fer fram samkvæmt blindflugsreglum, skal hann hafa lokið a.m.k. 50 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum eftir að grunnblindflugsáritunin eða blindflugsáritunin hefur verið gefin út, þar af mega allt að 10 tímar vera blind-flugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II,

4) ef flugkennari veitir þjálfun í loftfari skal hann hafa lokið a.m.k. 200 klst. fartíma samkvæmt blindflugs-reglum, en þar af mega allt að 50 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II.“

e) Í stað 1. liðar j-liðar kemur eftirfarandi:

„1) hann hefur lokið a.m.k. 500 tímum í flugkennslu á viðeigandi gerð loftfars,“.

37) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.910.FI:

a) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1) fyrir útgáfu PPL-skírteinis og LAPL-skírteinis,“.

ii. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarloftför, þó ekki flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu,“.

b) Í stað 3. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„3) fyrir flugkennara á loftskip, 15 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu sem nær yfir alla þjálfunarnámskrána fyrir útgáfu PPL(As)-skírteinis.“

38) Ákvæði e- og f-liðar í FCL.915.FI falla brott.

39) Ákvæðum b-liðar FCL.930.FI er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) a.m.k. 100 tíma í bóklegri kennslu, þ.m.t. framvinduprófi,“.

b) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað ii. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. hvað varðar flugkennara á loftskip, a.m.k. 20 klst. flugkennslu, þar af skulu 15 klst. vera í formi fartíma með kennara.“

ii. Ákvæði iii., iv. og v. liðar falla brott.

c) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4) Umsækjendur um vottorð flugkennara á aðra gerð loftfars, sem eru eða hafa verið handhafar vottorðs flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 55 tíma upp í kröfuna í 2. lið b-liðar.“

40) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið FCL.940.FI:

a) Í stað A-liðar i. liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„A) hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur: a.m.k. 50 flugkennslutímum á viðeigandi gerð loftfara sem flugkennarar, tegundarkennarar, flokkskennarar, blindflugskennarar, fjallaflugskennarar eða prófdómarar; ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu grunnblindflugsáritunar og blindflugsáritunar skulu 10 þessara 50 tíma vera í formi flugkennslu fyrir grunnblindflugsáritun eða blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi,“.

b) Ákvæði C-liðar i. liðar 1. liðar og D-liðar i. liðar 1. liðar falla brott.

c) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flugkennara á flugvélar (FI(A)) eða flugkennara á þyrlur (FI(H)) eða þriðju hverja framlengingu á vottorði flugkennara á loftskip (FI(As)) skulu handhafar viðeigandi flugkennaravottorða standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.“

41) Í stað a-liðar FCL.905.TRI kemur eftirfarandi:

„a) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að tegundarkennarinn hafi gilda blindflugsáritun,“.

42) Í stað a-liðar FCL.905.IRI kemur eftirfarandi:

„a) Réttindi blindflugskennara eru þau að veita kennslu á viðeigandi gerð loftfars í tengslum við útgáfu, framlengingu og endurnýjun grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar.“

43) Í stað FCL.915.IRI kemur eftirfarandi:

„**FCL.915.IRI**

Umsækjendur um vottorð blindflugskennara skulu:

a) að því er varðar blindflugskennara á flugvélar (IRI(A)):

1) til að veita þjálfun í flughermisþjálfum á samþykktu þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, hafa lokið a.m.k. 200 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum eftir að grunnblindflugsáritunin eða blindflugsáritunin hefur verið gefin út, þar af skulu a.m.k. 50 tímar vera í flugvélum,

2) til að veita þjálfun í flugvél, hafa lokið a.m.k. 800 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu a.m.k. 400 tímar vera í flugvélum,

3) til að geta sótt um blindflugskennararéttindi á fjölhreyfla flugvélar, uppfylla kröfurnar í a-lið FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935,

b) að því er varðar blindflugskennara á þyrlur (IRI(H)):

1) til að veita þjálfun í flughermisþjálfum á samþykktu þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, hafa lokið a.m.k. 125 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum eftir að blindflugsáritun hefur verið gefin út, þar af skulu vera a.m.k. 65 blindflugstímar í þyrlum,

2) til að veita þjálfun í þyrlu, hafa lokið a.m.k. 500 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 250 blindflugstímar í þyrlum og

3) til að sækja um blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla þyrlur, uppfylla kröfurnar í 2. lið h-liðar FCL.905.FI.

c) Umsækjendur um vottorð blindflugskennara á loftskip (IRI(As)) skulu hafa lokið a.m.k. 300 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 100 blindflugstímar í loftskipum.“

44) Í stað 2. liðar a-liðar FCL.905.STI kemur eftirfarandi:

„2) útgáfu, framlengingu eða endurnýjun grunnblindflugsáritunar og blindflugsáritunar og flokks- eða tegundaráritunar fyrir einstjórnarloftför, nema hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu.“

45) Í FCL.1005.FE falla d- og e-liðir brott.

46) Í stað 2. liðar a-liðar FCL.1005.TRE kemur eftirfarandi:

„2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana og blindflugsáritana,“.

47) Í stað 4. liðar b-liðar FCL.1005.CRE kemur eftirfarandi:

„4) framlengingu og endurnýjun grunnblindflugsáritana að því tilskildu að flokksprófdómarinn hafi lokið:

i. 1500 klst. fartíma sem flugmaður á flugvélum og

ii. 450 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum og“.

48) Í stað FCL.1005.IRE kemur eftirfarandi:

„FCL.1005.IRE Blindflugsprófdómari — Réttindi

Réttindi handhafa blindflugsprófdómaravottorðs eru þau að framkvæma færnipróf í tengslum við útgáfu og hæfnipróf í tengslum við framlengingu eða endurnýjun grunnblindflugsáritana eða blindflugsáritana.“

49) Í lið FCL.1010.SFE er 1. og 2. lið a-liðar breytt sem hér segir:

„a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar

Umsækjendur um vottorð flugþjálfaprófdómara fyrir flugvélar skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hvað varðar fjölstjórnarflugvélar:

i. vera eða hafa verið handhafar ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar,

ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi tegund flugvélar og

iii. hafa a.m.k. 1500 klst. fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum,

2) hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

i. vera eða hafa verið handhafar CPL(A)-skírteinis eða ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar,

ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi flokk eða tegund flugvélar og

iii. hafa a.m.k. 500 klst. fartíma sem flugmaður á einstjórnarflugvélum,“.

50) Ákvæði c-liðar í FCL.1005.FIE er breytt sem hér segir:

„c) Flugkennaraprófdómari fyrir loftskip. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir loftskip eru þau að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun kennaravottorða á loftskip, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.“

51) Í FCL.1010.FIE falla d- og e-liðir brott.

52) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. **LAPL- og PPL-skírteini“.**

b) Í stað liða 1.1 og 1.2 kemur eftirfarandi:

„1.1. Fyrir útgáfu LAPL-skírteinis skal handhafi LAPL-skírteinis á aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.120.

1.2. Fyrir útgáfu LAPL-skírteinis eða PPL-skírteinis skulu handhafar PPL-skírteinis, CPL-skírteinis eða ATPL-skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.215. Þessi viðurkenning skal einnig gilda um umsækjendur um LAPL- eða PPL-skírteini sem eru handhafar BPL-skírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, eða SPL-skírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þó skal ekki veita viðurkenningu fyrir námsgreinina „flugleiðsaga“.“

c) Ákvæði liðar 1.2a falla brott.

d) Í stað liðar 1.3 kemur eftirfarandi:

„1.3. Fyrir útgáfu PPL-skírteinis skal handhafi LAPL-skírteinis fyrir sömu gerð hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu.“

e) Í stað liðar 1.4 kemur eftirfarandi:

„1.4. Til að handhafar SPL-skírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, með réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum, geti fengið útgefið LAPL(A)-skírteini skulu þeir, þrátt fyrir lið 1.2, sýna fram á fullnægjandi bóklega þekkingu á eins hreyfils landflugvélum með bulluhreyfli í samræmi við 2. lið a-liðar FCL.135.A.“

f) Í stað liðar 4.1 kemur eftirfarandi:

„4.1. Umsækjendur um blindflugsáritun eða grunnblindflugsáritun, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir CPL-skírteini á sömu gerð loftfars, skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

— mannleg geta,

— veðurfræði.“

53) Ákvæðum 3. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað málsgreinarinnar eftir ii. lið 3. liðar f-liðar 9. liðar í A-kafla kemur eftirfarandi:

„Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskennslutíma sem krafist er. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma, sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.“

b) Í stað málsgreinarinnar eftir ii. lið 2. liðar e-liðar 8. liðar í C-kafla kemur eftirfarandi:

„Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskennslutíma sem krafist er. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma, sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug og“.

c) Í stað e-liðar 8. liðar í D-kafla kemur eftirfarandi:

„e) 10 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, flugþjálfunartæki 2, flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskennslutíma sem krafist er; ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma, sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug,“.

d) Í stað a-liðar í 3. lið E-kafla kemur eftirfarandi:

„a) hafa lokið 150 klst. fartíma, þ.m.t. 50 tímum sem flugstjóri á flugvélum, en þar af skulu 10 tímar vera í landflugi.

Að undanskilinni kröfunni um 50 fartíma sem flugstjóri í flugvélum, má meta tíma sem flugstjóri í öðrum gerðum loftfara upp í kröfuna um 150 fartíma í flugvél í eftirfarandi tilvikum:

1) 20 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(H)-skírteinis,

2) 50 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(H)-skírteinis,

3) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum,

4) 20 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(As)-skírteinis,

5) 50 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(As)-skírteinis.“

e) Í stað 9. liðar í E-kafla kemur eftirfarandi:

„9. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá hana viðurkennda til móts við kröfuna um blindflugskennslutíma. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu fá metna allt að fimm tíma upp í þessa blindflugskennslutíma en í því tilviki skulu minnst fimm blindflugskennslutímar fara fram í flugvél. Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskennslutíma sem krafist er.“

f) Í stað c-liðar 12. liðar í E-kafla kemur eftirfarandi:

„c) 10 tímum í blindflugskennslu, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskennslutíma sem krafist er; Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.“

54) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á A-kafla í 6. viðbæti:

a) „Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Umsækjendur um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar skulu hafa PPL(A)- eða CPL(A)-skírteini. Umsækjendur um áfangann um blindflugsverklag, sem eru ekki handhafar CPL(A)-skírteinis, skulu hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum.“

b) Í stað liðar 10.1 kemur eftirfarandi:

„10.1. Handhafar CPL(A)-skírteinis, grunnblindflugsáritunar eða vottorðs um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum skulu fá allt að 10 tíma viðurkennda sem hluta af þeirri heildarþjálfun sem krafist er skv. 7. eða 8. lið hér að framan.“

55) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á kafla Aa í 6. viðbæti:

a) Númeri 9. og 10. liðar er breytt í 11. og 12. lið.

b) Eftirfarandi 9. og 10. lið er bætt við sem hér segir:

„9. Umsækjendur um hæfnimiðaða, áfangaskipta námskeiðið til blindflugsáritunar á flugvélar, sem hafa grunnblindflugsáritun í samræmi við FCL.835 og hafa fengið a.m.k. 10 blindflugstíma með kennara í flugvél hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, geta hlotið viðurkenningu með tilliti til þjálfunarnámskeiðsins sem um getur í 4. lið, að því tilskildu að farið hafi verið yfir öll efnisatriði hæfnimiðaðrar blindflugsáritunar í þjálfuninni vegna grunnblindflugsáritunar og metin af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu sem veitir hæfnimiðaða, áfangaskipta flugþjálfunarnámskeið.

10. Umsækjendur um hæfnimiðaða, áfangaskipta námskeiðið til blindflugsáritunar á flugvélar, sem hafa grunnblindflugsáritun og hafa flogið samkvæmt blindflugsreglum a.m.k. 50 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvél, skulu:

a) hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

i. vera metnir með viðunandi bóklega þekkingu á hæfnimiðaðri blindflugsáritun,

ii. hljóta viðeigandi flugþjálfun til að fá viðbótarréttindi í blindflugi í samræmi við a-lið FCL.605.IR,

b) eftir að hafa lokið a-lið,

i. ljúka með fullnægjandi hætti færniprófi vegna blindflugsáritunar á flugvél í samræmi við 7. viðbæti,

ii. meðan á færniprófi stendur, sýna prófdómara munnlega fram á að þeir hafi aflað sér nægrar bóklegrar þekkingar á lögum og reglum um loftferðir, veðurfræði og áætlanagerð og afkastagetu.“

56) Ákvæðum 7. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað titilsins kemur „**Færnipróf fyrir grunnblindflugsáritun og blindflugsáritun**“.

b) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Umsækjendur skulu hafa fengið flugkennslu í sama flokki eða tegund loftfars og nota á við prófið sem skal búið viðeigandi tækjabúnaði að því er þjálfun og prófun varðar.“

c) Í stað 9. liðar kemur eftirfarandi:

„9. Umsækjendur skulu sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk þeir hafa innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við viðurkenndan gátlista fyrir þá flugvél sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir prófið skulu umsækjendur ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjendur skulu reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þess loftfars sem notað er.“

d) Í stað texta neðanmálsgreinarinnar (++) í lok töflunnar fyrir „flugvélar“ í 11. lið kemur eftirfarandi:

„(++) Til að koma á réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu í annaðhvort 4. eða 5. hluta skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.“

e) Í stað texta neðanmálsgreinarinnar (+) í lok töflunnar fyrir „þyrlur“ í 11. lið kemur eftirfarandi:

„(+) Til að koma á réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu í annaðhvort 4. eða 5. hluta skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.“

57) Í stað fyrirsagnar 9. viðbætis kemur „**Þjálfun, færnipróf og hæfnipróf fyrir MPL-skírteini, ATPL-skírteini, tegunda- og flokksáritanir og hæfnipróf fyrir grunnblindflugsáritanir og blindflugsáritanir**“.

58) Ákvæðum 9. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað l-liðar í 5. lið í B-þætti kemur eftirfarandi:

„l) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í flughermisþjálfa sem er búinn viðeigandi tækjabúnaði.

Þrátt fyrir undirliðinn hér að framan skulu réttindin fyrir hæfisbundna leiðsögu ekki taka til aðflugs við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu í tilvikum þar sem hæfnipróf fyrir framlengingu á gildistíma réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu felur ekki í sér æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aflétta skal takmörkuninni ef flugmaðurinn hefur lokið hæfniprófi þ.m.t. æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu.“

b) Í stað d-liðar 6. liðar í B-þætti kemur eftirfarandi:

„d) Ef bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf gefur það til kynna skyldubundna æfingu eða valkost, ef fleiri en ein æfing er sýnd.“

c) Í stað j-liðar 6. liðar í B-þætti kemur eftirfarandi:

„j) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í flughermisþjálfa sem er búinn viðeigandi tækjabúnaði.

Þrátt fyrir undirliðinn hér að framan skulu réttindin fyrir hæfisbundna leiðsögu ekki taka til aðflugs við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu í tilvikum þar sem hæfnipróf fyrir framlengingu á gildistíma réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu felur ekki í sér æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aflétta skal takmörkuninni ef flugmaðurinn hefur lokið hæfniprófi þ.m.t. æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu.“

d) Í stað raðarinnar fyrir æfingu 3.8.3.4 í töflunni í j-lið 6. liðar í B-þætti kemur eftirfarandi:

„3.8.3.4*	Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum í lokaaðflugi, annaðhvort fram að brautarsnertingu eða gegnum allt fráflugsverklagið (eftir því sem við á), sem hefst: i. áður en farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli og ii. eftir að farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli. Í flugvélum, sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða mjötluflokki (SFAR 23), skal aðflug þar sem líkt er eftir hreyfilbilun hafið, og í framhaldi af því hætt við lendingu, í tengslum við tvívíddaraðflugið í samræmi við lið 3.8.4. Hætt skal við lendingu þegar náð er útgefinni hæð/flughæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A), þó ekki síðar en náð er lágmarks-lækkunarhæð/-flughæð (MDH/A) sem nemur 500 fetum yfir þröskuldi flugbrautar. Í flugvélum, sem hafa sams konar afkastagetu og flugvél í flutningaflokki hvað varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð, má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun í samræmi við æfingu 3.8.3.4.	P —->	—->		M“.	

e) Í töflunni eftir j-lið 6. liðar í B-þætti fellur röðin fyrir æfingu 3.8.3.5 brott.

f) Í C-þætti er nýjum lið skotið inn sem liður 8a:

„8a) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í flughermisþjálfa sem er búinn viðeigandi tækjabúnaði.

Þrátt fyrir undirliðinn hér að framan skulu réttindin fyrir hæfisbundna leiðsögu ekki taka til aðflugs við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu í tilvikum þar sem hæfnipróf fyrir framlengingu gildistíma réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu felur ekki í sér æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aflétta skal takmörkuninni ef flugmaðurinn hefur lokið hæfniprófi þ.m.t. æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu.“

———

II. VIÐAUKI

Lið MED.A.030 IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þegar handhafi neytir réttinda:

1) flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL-skírteinis), flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis), sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, eða flugmannsskírteinis fyrir svifflugur (SPL-skírteinis), sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds heilbrigðisvottorðs vegna LAPL-skírteinis,

2) einkaflugmannsskírteinis (PPL-skírteinis) skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,

3) flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis) fyrir:

i. farþegaflutningaflug með loftbelg, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,

ii. starfrækslu í ábataskyni, þó ekki farþegaflutningaflug með loftbelg, með meira en 4 einstaklinga um borð í loftfarinu, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,

4) flugmannsskírteinis fyrir svifflugur (SPL-skírteinis) fyrir aðra starfrækslu svifflugna í ábataskyni en þá sem tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,

5) atvinnuflugmannsskírteinis (CPL-skírteinis), fjölstjórnarskírteinis (MPL-skírteinis) eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL-skírteinis) skal flugmaðurinn vera handhafi gilds 1. flokks heilbrigðisvottorðs.“

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Ef blindflugsáritun eða grunnblindflugsáritun er bætt við PPL-skírteini skal skírteinishafi gangast undir heyrnarmælingu með hreinum tónum í samræmi við þá tíðni og þær kröfur sem krafist er af handhöfum 1. flokks heilbrigðisvottorða.“

———

III. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar ARA.GEN.220 kemur eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal taka saman og uppfæra skrá yfir öll þau fyrirtækjavottorð, FSTD-viðurkenningarvottorð og flugstarfaskírteini, vottorð og staðfestingar sem það hefur gefið út, DTO-yfirlýsingar sem það hefur móttekið og DTO-þjálfunaráætlanir sem það hefur sannreynt eða samþykkt til að farið sé að ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ARA.GEN.350:

a) Í stað inngangsmálsliðar da-liðar kemur eftirfarandi:

„da) Þrátt fyrir a- til d-lið gildir það um yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, að ef lögbært yfirvald finnur gögn við eftirlitsstarfsemi sína eða á annan hátt, sem gefa til kynna að yfirlýst þjálfunarfyrirtæki fari ekki að grunnkröfunum, sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð eða kröfurnar í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 skal lögbæra yfirvaldið:“.

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir, gildir það að ef yfirvald í aðildarríki, sem starfar í samræmi við d-lið ARA.GEN.300, uppgötvar að fyrirtæki, sem hefur vottun frá eða hefur gefið yfirlýsingu til lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnunarinnar, fari ekki að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfunum í I. viðauka (FCL-hluta), VII. viðauka (ORA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð eða kröfunum í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal það upplýsa viðkomandi lögbært yfirvald um þessar vanefndir.“

3) Í stað a-liðar í ARA.GEN.360 kemur eftirfarandi:

„a) Við móttöku beiðni frá skírteinishafa um að skipta um lögbært yfirvald, eins og tilgreint er í e-lið FCL.015 í I. viðauka (FCL-hluta), f-lið BFCL.015 í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða f-lið SFCL.015 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal lögbæra viðtökuyfirvaldið, án ótilhlýðilegrar tafar, fara þess á leit við lögbært yfirvald skírteinishafans að flytja, án ótilhlýðilegrar tafar, öll eftirfarandi gögn:

1) sannprófun skírteinis,

2) afrit af heilbrigðisskýrslum skírteinishafa sem viðkomandi lögbært yfirvald geymir í samræmi við liði ARA.GEN.220 og ARA.MED.150. Heilbrigðisskýrslurnar skulu fluttar í samræmi við lið MED.A.015 í IV. viðauka (MED-hluta) og skulu innihalda samantekt á viðeigandi heilsufarssögu umsækjandans, sem hefur verið staðfest og undirrituð af læknisfræðilegum sérfræðingi.“

4) Eftirfarandi e-lið er bætt við ARA.FCL.200:

„e) Kennarar fyrir vottorð flugkennara á loftbelgi (FI(B)) eða sviffflugur (FI(S)): Lögbært yfirvald skal þróa viðeigandi verklag fyrir framkvæmd þeirra þjálfunarfluga undir umsjón kennara sem tilgreind eru í:

1) ii. lið 5. liðar a-liðar BFCL.315 og 2. lið a-liðar BFCL.360 í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og

2) ii. lið 7. liðar a-liðar SFCL.315 og 2. lið a-liðar SFCL.360 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

5) Í stað 3. liðar a-liðar í ARA.FCL.250 kemur eftirfarandi:

„3) ef skírteinishafi uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða kröfur III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976,“.

6) Í stað a-liðar ARA.FCL.300 kemur eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir og setja verklagsreglur til að gera umsækjendum kleift að gangast undir próf í bóklegri þekkingu í samræmi við viðeigandi kröfur I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða kröfur III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

7) Eftirfarandi liður ARA.ATO.110 bætist við á eftir lið ARA.ATO.105:

„**ARA.ATO.110 Samþykki lista yfir lágmarksbúnað**

Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti umsókn um samþykki lista yfir lágmarksbúnað samkvæmt ORO.MLR.105 í III. viðauka (ORO-hluta) og NCC.GEN.101 í VI. viðauka (NCC-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal lögbæra yfirvaldið starfa samkvæmt lið ARO.OPS.205 í II. viðauka (ARO-hluta) við þá reglugerð.“

8) Í stað b-liðar ARA.DTO.100 kemur eftirfarandi:

„b) Ef yfirlýsingin inniheldur ekki tilskildar upplýsingar eða inniheldur upplýsingar, sem gefa til kynna að ekki sé farið að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfunum í I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð eða kröfunum í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal lögbæra yfirvaldið starfa samkvæmt lið da í ARA.GEN.350.“

9) Í stað a-liðar ARA.DTO.110 kemur eftirfarandi:

„a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti þjálfunaráætlunum frá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og hvers konar breytingum á þeim, sem það hefur fengið tilkynningu um í samræmi við c-lið DTO.GEN.115 í VIII. viðauka (DTO-hluta) eða tekur á móti umsókn um samþykki fyrir þjálfunaráætlunum yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis, sem lagðar hafa verið fyrir það í samræmi við c-lið DTO.GEN.230 í þeim viðauka, skal það sannreyna hvort þessar þjálfunaráætlanir uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluti), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“

10) Ákvæðum I. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins eftir fyrirsögnina „**Flugliðaskírteini**“ kemur eftirfarandi:

„Flugliðaskírteini, sem aðildarríki gefur út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:“.

b) Í stað III. liðar 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„III. Raðnúmer skírteinisins sem hefst með landskóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „FCL“, „BFCL“ eða „SFCL“, eftir því sem við á, og svo talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku letri.“

c) Í stað XII. liðar 2. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„XII. Áritanir, vottorð og, ef um er að ræða loftbelgi og sviffflugur, réttindi: flokkur, tegund, kennaravottorð o.s.frv. ásamt síðasta gildisdegi, eftir því sem við á. Talstöðvaréttindi (R/T) mega koma fram á skírteininu eða á sérstöku skírteini.“

d) Sniðmátinu, sem kemur á eftir c-lið, með fyrirsögnina „Kápa“ (EASA-eyðublað nr. 141, 2. útgáfa) er breytt sem hér segir:

i. Í stað setningarinnar „Gefið út í samræmi við FCL-hluta“ kemur eftirfarandi:

„Gefið út í samræmi við FCL-hluta/BFCL-hluta/SFCL-hluta (strika skal yfir það sem ekki á við)“.

ii. Í stað setningarinnar „Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför og blindflugsáritana í flugleið“ kemur eftirfarandi:

„Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför (LAPL) og grunnblindflugsáritana eða þegar heilbrigðisvottorð vegna LAPL-skírteinis fylgir með“.

e) Í sniðmátinu sem kemur eftir fyrirsögninni „Bls. 2“ skal eftirfarandi koma í stað setningarinnar „Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „FCL.“ (athugasemd sem tengist reit III – Skírteinisnúmer):

„Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „FCL.“, „BFCL.“ eða „SFCL.“, eftir því sem við á.“

f) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á sniðmátinu eftir fyrirsögninni „Bls. 3“:

i. Í stað setningarinnar „Skammstafanir, sem notaðar eru, skulu vera þær sömu og notaðar eru í FCL-hluta (t.d. PPL(H), ATPL(A) o.s.frv.)“ (texti sem tengist reit II – Titill skírteinis, fyrsti útgáfudagur og landskóði) kemur eftirfarandi:

„Skammstafanir, sem notaðar eru, skulu vera þær sömu og notaðar eru í FCL-hluta (t.d. PPL(H), ATPL(A) o.s.frv.), BFCL-hluta og SFCL-hluta“.

ii. Eftir setninguna „Ef um er að ræða flugmannsskírteini fyrir létt loftför: Flugmannsskírteini fyrir létt loftför sem er ekki gefið út í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“ (texti sem tengist reit XIII – athugasemdir) er eftirfarandi texta bætt við:

„Ef um er að ræða SPL-skírteini, nema í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 2. liðar í 3. gr. b í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976: Réttindi fyrir listflug og skýjaflug á sviffflugu sem og fyrir flugtaksaðferðir sem neyta skal í samræmi við SFCL.155, SFCL.200 og SFCL.215 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“

11) Í stað III. viðbætis kemur eftirfarandi:

„VOTTORÐ SAMÞYKKTRA ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKJA (ATO)

Evrópusambandið *

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ SAMÞYKKTS ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS

[NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS]

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 [og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395/framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 (AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á)] og að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan, vottar [lögbært yfirvald] hér með að

[HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS[

[HEIMILISFANG ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS]

er þjálfunarfyrirtæki sem er vottað í samræmi við ORA-hluta og hefur réttindi til að halda þjálfunarnámskeið í samræmi við FCL-hluta, þ.m.t. notkun flughermisþjálfa, eins og skráð er í meðfylgjandi samþykki þjálfunarnámskeiðs/þjálfunarnámskeiðs í samræmi við BFCL-hluta/þjálfunarnámskeiðs í samræmi við SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á].

SKILYRÐI:

Réttindi og umfang þessa vottorðs takmarkast við það að veita þjálfunarnámskeið, þ.m.t. notkun flughermisþjálfa, eins og tilgreint er í meðfylgjandi samþykki þjálfunarnámskeiðs.

Þetta vottorð er í gildi á meðan samþykkt fyrirtæki uppfyllir ákvæði ORA-hluta, FCL-hluta, BFCL-hluta, SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á] og annarra viðeigandi reglugerða.

Með fyrirvara um að framangreind skilyrði eru uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur:

Undirskrift:

[Lögbært yfirvald]

* „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB

VOTTORÐ SAMÞYKKTS ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS

SAMÞYKKI ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐS

Viðhengi við vottorð viðurkennds þjálfunarfyrirtækis nr.:

[NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS]

[HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS[

hefur öðlast réttindi til að veita og stýra eftirfarandi þjálfunarnámskeiðum í samræmi við FCL-hluta/BFCL-hluta/SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á] og til að nota eftirfarandi flughermisþjálfa:

Þjálfunarnámskeið	Flughermisþjálfi eða -þjálfar sem notaðir eru, þ.m.t. bókstafakóði ([1])

([1]) eins og tilgreint er í viðurkenningarvottorðinu

Þetta samþykki þjálfunarnámskeiðs er í gildi svo lengi sem:

a) vottorð samþykkta þjálfunarfyrirtækisins hefur ekki verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið, takmarkað eða afturkallað og

b) öll starfræksla fer fram í samræmi við ORA-hluta, FCL-hluta, BFCL-hluta eða SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á], aðrar viðeigandi reglugerðir og, þegar við á, við verklagsreglur í gögnum fyrirtækisins eins og gerð er krafa um í ORA-hluta.

Útgáfudagur:

Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

Fyrir hönd aðildarríkis/Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA)

EASA-eyðublað nr. 143, 2. útgáfa, bls. 2/2“.

12) Í stað VIII. viðbætis kemur eftirfarandi:

„Samþykki fyrir þjálfunaráætlun

fyrir yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (DTO)

Evrópusambandið (*)

Lögbært yfirvald

Útgáfuyfirvald:
Heiti yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis:
Tilvísunarnúmer yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis:

Samþykkt þjálfunaráætlun/þjálfunaráætlanir Samræmingarnámskeið prófdómara — FE(S), FE(B) (**) Upprifjunarnámskeið prófdómara — FE(S), FE(B) (**)	*Tilvísun í skjöl:*	*Athugasemdir:*

Framangreint lögbært yfirvald hefur sannreynt framangreinda/framangreindar þjálfunaráætlun/þjálfunaráætlanir og telst/teljast hún/þær uppfylla kröfur I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdar-reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.

Útgáfudagur:

Undirskrift: [lögbært yfirvald]

(*) „Evrópusambandið“ fellur brott fyrir ríki utan ESB

(**) Breyta skal, eftir því sem við á.

EASA-eyðublað XXX, 2. útgáfa, bls. 1/1“.

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORA.ATO.110:

a) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) að tryggja að þjálfunin, sem veitt er, uppfylli kröfur I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, og ef um er að ræða reynsluflugsþjálfun, að viðeigandi kröfum í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 sem og þjálfunaráætluninni hafi verið komið á,“.

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Flugkennarar og kennarar sem starfa í flughermisþjálfa skulu hafa þau réttindi sem gerð er krafa um í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 fyrir þá tegund þjálfunar sem þeir veita.“

2) Í stað b-liðar ORA.ATO.125 kemur eftirfarandi:

„b) Þjálfunaráætlunin skal uppfylla kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, og ef um er að ræða reynsluflugsþjálfun, viðeigandi kröfur í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012.“

———

V. VIÐAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á DTO.GEN.110:

a) Í stað 3. og 4. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) fyrir svifflugur, í samræmi við kröfurnar í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976:

a) kennslu í bóklegri þekkingu fyrir SPL-skírteini,

b) flugkennslu fyrir SPL-skírteini,

c) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir svifflugur eða ferðavélsvifflugur í samræmi við SFCL.150,

d) þjálfun fyrir viðbótarflugtaksaðferðir í samræmi við SFCL.155,

e) þjálfun fyrir viðbótaráritanir og -réttindi: grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug, áritun fyrir flugtog á svifflugum og borðum, næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur og skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur,

f) þjálfun fyrir flugkennaravottorð á svifflugur (FI(S)),

g) upprifjunarnámskeið fyrir flugkennara á svifflugu,

4) fyrir loftbelgi, í samræmi við kröfurnar í III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976:

a) kennslu í bóklegri þekkingu fyrir BPL-skírteini,

b) flugkennslu fyrir BPL-skírteini,

c) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir flokk eða hóp í samræmi við BFCL.150,

d) þjálfun fyrir viðbótaráritanir: áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg, næturflug og starfrækslu í ábataskyni,

g) þjálfun fyrir vottorð flugkennara á loftbelgi (FI(B)),

h) upprifjunarnámskeið fyrir flugkennara á loftbelgi.“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal einnig hafa rétt til að halda prófdómaranámskeiðin, sem um getur í BFCL.430 og 1. lið b-liðar BFCL.460 í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, fyrir flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)), sem og í SFCL.430 og 1. lið b-liðar SFCL.460 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 fyrir flugprófdómara fyrir svifflugur (FE(S)), að því tilskildu að yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hafi lagt fram yfirlýsingu í samræmi við DTO.GEN.115 og lögbæra yfirvaldið hafi samþykkt þjálfunaráætlunina í samræmi við c-lið DTO.GEN.230.“

2) Í stað 8. liðar a-liðar DTO.GEN.115 kemur eftirfarandi:

„8) yfirlýsingu sem staðfestir að yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið uppfylli grunnkröfur og muni, í tengslum við þjálfunarstarfsemina sem yfirlýsingin tekur til, halda áfram að uppfylla þær grunnkröfur sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfur I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð og kröfur III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á DTO.GEN.210:

a) Í stað i. liðar 2. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„i. að þjálfunin, sem er veitt, uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 og ákvæði þjálfunaráætlunar yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins,“.

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Flugkennarar og kennarar sem starfa í flughermisþjálfa skulu hafa þau réttindi sem gerð er krafa um í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 fyrir þá tegund þjálfunar sem þeir veita.“

4) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á DTO.GEN.230:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Þjálfunaráætlanirnar skulu uppfylla kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal einungis hafa rétt til að veita þjálfunina, sem um getur í b-lið DTO.GEN.110, þegar lögbært yfirvald hefur gefið út samþykki fyrir þjálfunaráætlun viðkomandi þjálfunarnámskeiðs og allar breytingar á áætluninni, eftir að umsókn hefur borist frá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu, með samþykki í samræmi við ARA.DTO.110, sem staðfestir að þjálfunaráætlunin og allar breytingar á henni uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á. Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal sækja um slíkt samþykki um leið og það leggur fram yfirlýsingu sína í samræmi við DTO.GEN.115.“

5) Í stað 9. hluta yfirlýsingareyðublaðsins í 1. viðbæti kemur eftirfarandi:

„9.	**Yfirlýsing** Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur mótað öryggisstefnu, í samræmi við VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, einkum í samræmi við ii. lið 1. liðar a-liðar DTO.GEN.210, og mun beita þeirri stefnu í tengslum við hvers konar þjálfunarstarfsemi sem yfirlýsingin tekur til. Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið uppfyllir grunnkröfur og mun, í tengslum við þjálfunarstarfsemina sem yfirlýsingin tekur til, halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og kröfurnar í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976. Við staðfestum að allar upplýsingar, sem er að finna í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar (ef við á), séu tæmandi og réttar. Nafn, dagsetning og undirskrift fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins. Nafn, dagsetning og undirskrift skólastjóra hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/639 **2023/EES/62/34**

frá 12. maí 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsýn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og (EB) nr. 552/2004 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/947 ([2]) ættu ómönnuð loftfarskerfi (UA-kerfi) að uppfylla ákvæði starfrækslutakmarkana sem settar eru fram í starfræksluheimildum eða í staðlaðri sviðsmynd sem komið var á með þeirri reglugerð.

2) Á grundvelli reynslu aðildarríkja hefur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins þróað tvær staðlaðar sviðsmyndir fyrir starfræksluna.

3) Stöðluð sviðsmynd 1 („STS-01“) tekur til starfrækslu í augsýn (VLOS) í 120 metra hámarkshæð yfir aðgangsstýrðu byggðu svæði þar sem notast er við CE-flokkinn C5 fyrir ómönnuð loftfarskerfi.

4) Stöðluð sviðsmynd 2 („STS-02“) tekur til starfrækslu sem er hægt að framkvæma úr augsýn fjarflugmanns („BVLOS“), þar sem ómannaða loftfarið er ekki í meira en 2 km fjarlægð frá fjarflugmanni í viðurvist vaktmanna loftrýmis, í 120 metra hámarkshæð yfir aðgangsstýrðu strjálbýlu svæði á jörðu niðri, og þar sem notast er við CE-flokkinn C6 fyrir ómönnuð loftfarskerfi.

5) Því ætti að breyta og leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 með því að bæta við þessum stöðluðu sviðsmyndum.

6) Á svæðum þar sem ekki eru litlar líkur á að mæta mönnuðum loftförum geta aðildarríki komið á fót landfræðilegum svæðum í því skyni að koma í veg fyrir að umráðendur UA-kerfa starfræki flug við staðlaðar sviðsmyndir.

7) Innleiða ætti lágmarkseinkunn sem staðfestir að fjarflugmenn hafi staðist próf í bóklegri þekkingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

8) Í því skyni að gera ómönnuð loftför sem er flogið að næturlagi sýnilegri, og einkum til að gera aðilum á jörðu niðri kleift að aðgreina ómannað loftfar frá mönnuðu loftfari, ætti að kveikja á grænu blikkljósi á ómannaða loftfarinu.

9) Vel skilgreindar reglur ættu að gilda um þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum sem starfa við staðlaða sviðsmynd. Þessi þjálfun og mat ætti að vera í höndum aðila sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi eða í höndum umráðanda UA-kerfa í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10) Þegar um er að ræða starfrækslu yfir landamæri eða utan skráningaraðildarríkis af hálfu handhafa vottorðs umráðanda létts ómannaðs loftfarskerfis (LUC-vottorðs) ætti starfræksluaðildarríkinu að berast upplýsingar varðandi staðsetningu fyrirhugaðrar starfrækslu.

11) Flugöryggisstofnun Evrópu útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit nr. 05/2019 ([3]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 24.-34. liðir bætast við 2. gr.:

„24) „vaktmaður ómannaðs loftfars“: aðili sem staðsettur er við hlið fjarflugmannsins og aðstoðar hann við örugga framkvæmd flugs og að halda ómannaða loftfarinu í augsýn án hjálparbúnaðar,

25) „vaktmaður loftrýmis“: aðili sem aðstoðar fjarflugmanninn með því að fylgjast með loftrýminu þar sem ómannaða loftfarinu er flogið til að greina hugsanlega hættu í lofti án hjálparbúnaðar,

26) „stjórneining“ (e. *command unit*, CU): búnaður eða kerfi búnaðar til að fjarstýra ómönnuðum loftförum, eins og skilgreint er í 32. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139, sem styður við stjórn eða eftirlit með ómannaða loftfarinu á öllum stigum flugsins, að undanskildu grunnvirki sem styður við tengingaþjónustu fyrir skipanir og stjórnun (C2-tengingaþjónusta),

27) „C2-tengingaþjónusta“: samskiptaþjónusta frá þriðja aðila sem býður upp á skipanir og stjórnun milli ómannaða loftfarsins og stjórneiningarinnar,

28) „flugrými“: loftrými sem er skilgreint í rúmi og tíma þar sem umráðandi UA-kerfisins áætlar að framkvæma starfrækslu við venjulegar aðstæður sem lýst er í c-lið 6. liðar í 5. viðbæti viðaukans,

29) „flötur flugrýmis“: vörpun flugrýmis á yfirborð jarðar,

30) „viðbúnaðarrými“: hluti loftrýmis utan flugrýmisins þar sem viðbúnaðarverklagi, sem er lýst í d-lið 6. liðar í 5. viðbæti við viðaukann, er beitt,

31) „flötur viðbúnaðarrýmis“: vörpun viðbúnaðarrýmis á yfirborð jarðar,

32) „starfrækslurými“: samsetning flugrýmis og viðbúnaðarrýmis,

33) „áhættujaðar á jörðu niðri“: svæði yfir yfirborði jarðar, sem umlykur starfrækslurýmið sem er tilgreint til að draga úr áhættu gagnvart þriðju aðilum á jörðu niðri ef ómannaða loftfarið fer úr starfrækslurýminu,

([3]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

34) „nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 (*).

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“

2) Í stað 5. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Ef umráðandi UA-kerfis leggur fram yfirlýsingu til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins í samræmi við lið UAS.SPEC.020, sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans, fyrir starfrækslu sem er í samræmi við staðlaða sviðsmynd, sem skilgreind er í 1. viðbæti við viðaukann, skal umráðandi UA-kerfis ekki þurfa að fá starfræksluheimild í samræmi við 1. til 4. mgr. þessarar greinar og beita skal þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 12. gr. Umráðandi UA-kerfisins skal nota yfirlýsinguna sem um getur í 2. viðbæti við viðaukann.“

3) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 13. gr. a:

„4. Ef umráðandi UA-kerfis sem er handhafi LUC-vottorðs með réttindi í samræmi við lið UAS.LUC.060 í viðaukanum hyggst framkvæma starfrækslu í „sérstaka flokknum“, sem á sér stað að hluta til eða að öllu leyti í loftrými annars aðildarríkis en skráningaraðildarríkisins, skal umráðandi UA-kerfisins láta lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að starfrækslan fari fram, í té eftirfarandi upplýsingar:

a) afrit af skilmálum samþykkis sem fengið er í samræmi við lið UAS.LUC.060 í viðaukanum og

b) staðsetningu eða staðsetningar fyrirhugaðrar starfrækslu í samræmi við b-lið 1. mgr. þessarar greinar.“

4) Eftirfarandi 9. mgr. er bætt við 14. gr.:

„9. Til viðbótar við gögnin sem eru skilgreind í 2. lið geta aðildarríki safnað viðbótarupplýsingum frá umráðendum UA-kerfa.“

5) Í stað a-liðar 1. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„a) bannað ákveðna eða alla starfrækslu UA-kerfa, farið fram á tiltekin skilyrði fyrir ákveðna eða alla starfrækslu UA-kerfa eða gert kröfu um fyrirframgefna flugheimild fyrir tiltekna eða alla starfrækslu UA-kerfa,“.

6) Í stað 22. gr. kemur eftirfarandi:

„22. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 20. gr. skal notkun UA-kerfa í „opna“ flokknum, sem uppfylla ekki kröfurnar í 1.–5. hluta viðaukans við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 (*), heimiluð á tveggja ára aðlögunartímabili sem hefst einu ári eftir gildistökudag þessarar reglugerðar, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) ómönnuð loftför með flugtaksmassa sem er minni en 500 g eru starfrækt í samræmi við þær starfrækslukröfur sem settar eru fram í 1. lið í lið UAS.OPEN.020 í A-hluta viðaukans af fjarflugmanni sem uppfyllir kröfur viðkomandi aðildarríkis um hæfnistig,

b) ómönnuð loftför með flugtaksmassa sem er minni en 2 kg eru starfrækt með því að viðhalda láréttri 50 metra fjarlægð frá fólki og skulu fjarflugmennirnir búa yfir hæfni sem er a.m.k. jafngild þeirri hæfni sem sett er fram í 2. lið í lið UAS.OPEN.030 í A-hluta viðaukans,

c) ómönnuð loftför með flugtaksmassa sem er minni en 25 kg eru starfrækt í samræmi við þær starfrækslukröfur sem settar eru fram í 1. og 2. lið í lið UAS.OPEN.040 og skulu fjarflugmennirnir búa yfir hæfni sem er a.m.k. jafngild þeirri hæfni sem sett er fram í b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020 í A-hluta viðaukans.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).“

7) Í stað 23. gr. kemur eftirfarandi:

„23. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2020.

2. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. og l-liðar 1. liðar í lið UAS.SPEC.050 koma til framkvæmda frá og með 2. desember 2021.

3. Ákvæði g-liðar 2. liðar í lið UAS.OPEN.060 koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022.

4. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 21. gr. mega aðildarríki fram til 2. desember 2021 samþykkja yfirlýsingar frá umráðendum UA-kerfa í samræmi við 5. mgr. 5. gr., sem byggðar eru á landbundnum stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildi þeirra, ef þessar landbundnu sviðsmyndir uppfylla kröfurnar í lið UAS.SPEC.020 í viðaukanum.

Slíkar yfirlýsingar falla úr gildi frá og með 2. desember 2023.

5. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2021.“

8) Í stað viðaukans komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 12. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

STARFRÆKSLA UA-KERFA Í „OPNA“ OG „SÉRSTAKA“ FLOKKNUM

A-HLUTI

STARFRÆKSLA UA-KERFA Í „OPNA“ FLOKKNUM

UAS.OPEN.010 Almenn ákvæði

1) Starfrækslu UA-kerfa í „opna“ flokknum er skipt upp í þrjá undirflokka, A1, A2 og A3, á grundvelli starfrækslutakmarkana, krafna sem gerðar eru til fjarflugmannsins og tæknilegra krafna sem gerðar eru til UA-kerfa.

2) Ef starfræksla UA-kerfis felur í sér flug ómannaðs loftfars, sem hefst í náttúrulegri landhæð á landsvæðinu eða yfir landsvæði með náttúrulegri landhæð, skal UA-kerfinu haldið innan 120 metra frá næsta punkti á yfirborði jarðar. Mæling fjarlægða skal aðlöguð í samræmi við landfræðileg einkenni landslags, s.s. sléttur, hæðir og fjöll.

3) Þegar ómönnuðu loftfari er flogið innan 50 metra láréttrar fjarlægðar frá tilbúinni hindrun sem er hærri en 105 metrar, má hækka hámarkshæðina fyrir starfrækslu UA-kerfisins upp í 15 metra yfir hæð hindrunarinnar að beiðni aðilans sem er ábyrgur fyrir hindruninni.

4) Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar má fljúga ómönnuðum svifflugum með hámarksflugtaksmassa, að farmþunga meðtöldum, sem er minni en 10 kg, í meira en 120 metra fjarlægð frá næsta punkti á yfirborði jarðar, að því tilskildu að ómönnuðu svifflugunni sé ekki flogið í meiri hæð en 120 metrum fyrir ofan fjarflugmanninn á hverjum tíma.

UAS.OPEN.020 Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A1

Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A1 skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hvað varðar ómönnuð loftför, sem um getur í d-lið 5. liðar, skal starfrækslan framkvæmd á þann hátt að fjarflugmaður ómannaða loftfarsins flýgur ekki yfir mannfjölda og hann hefur ástæðu til að ætla að ekki verði flogið yfir óviðkomandi aðila. Ef flogið er óvænt yfir óviðkomandi aðila skal fjarflugmaðurinn draga eins og kostur er úr þeim tíma sem ómannaða loftfarinu er flogið yfir þessa aðila,

2) ef um er að ræða ómannað loftfar, sem um getur í a-, b-, og c-lið 5. liðar, skal starfrækslan framkvæmd á þann hátt að fjarflugmanni ómannaða loftfarsins er heimilt að fljúga yfir óviðkomandi aðila en aldrei yfir mannfjölda,

3) þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. skal starfrækslan framkvæmd í allt að 50 metra fjarlægð frá fjarflugmanninum þegar fylgihamur er virkur,

4) starfrækslan skal framkvæmd af fjarflugmanni:

   a) sem er kunnugur leiðbeiningum framleiðanda sem framleiðandi UA-kerfisins leggur í té,

   b) sem hefur lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og í kjölfarið staðist með fullnægjandi hætti bóklegt próf á netinu, með a.m.k. 75% heildareinkunn, sem haldið er af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem lögbært yfirvald aðildarríkis tilnefnir, ef um er að ræða ómönnuð loftför í flokki C1, eins og skilgreint er í 2. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945. Prófið skal samanstanda af 40 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir eftirfarandi námsgreinar:

      i. flugöryggi,

      ii. höft í loftrými,

      iii. flugreglugerðir,

      iv. takmarkanir mannlegrar getu,

      v. verklagsreglur,

      vi. almenn þekking á UA-kerfum,

      vii. friðhelgi einkalífs og persónuvernd,

      viii. vátryggingar,

      ix. flugvernd.

5) Starfrækslan skal framkvæmd með ómönnuðu loftfari:

   a) sem hefur hámarksflugtaksmassa, að farmþunga meðtöldum, sem er minni en 250 g og hámarkshraða sem er lægri en 19 m/s, ef um er að ræða UA-kerfi sem er smíðað af einkaaðila eða

   b) sem uppfyllir kröfurnar sem skilgreindar eru í a-lið 20. gr.,

   c) sem er merkt í flokki C0 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 1. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945 eða

   d) sem er merkt í flokki C1 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 2. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virku og uppfærðu beinu fjarauðkenningarkerfi og rýmisvitundarvirkni.

UAS.OPEN.030 Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A2

Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A2 skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) Starfrækslan skal framkvæmd á þann hátt að ómönnuðu loftfari sé ekki flogið yfir óviðkomandi aðila og starfræksla UA-kerfa fari fram í öruggri láréttri fjarlægð sem er a.m.k. 30 metra frá þessum aðilum; fjarflugmaðurinn má minnka lárétta öryggisfjarlægð niður í minnst 5 metra frá óviðkomandi aðila þegar hann starfrækir ómannað loftfar með virkan lághraðaham og eftir að hafa metið aðstæður varðandi:

   a) veðurskilyrði,

   b) afkastagetu ómannaða loftfarsins,

   c) aðskilnað á svæðinu sem flogið er yfir.

2) Starfrækslan skal framkvæmd af fjarflugmanni sem er kunnugur leiðbeiningum framleiðanda sem framleiðandi UA-kerfisins lætur í té, og er handhafi vottorðs um hæfni fjarflugmanns, sem er gefið út af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis. Fjarflugmenn skulu fá þetta vottorð þegar þeir hafa uppfyllt öll eftirfarandi skilyrði og í þeirri röð sem hér segir:

   a) hafa lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og staðist bóklega prófið á netinu, eins og um getur í b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020,

   b) hafa lokið hagnýtu sjálfsnámi að því er varðar starfrækskluskilyrðin í undirflokki A3, sem sett eru fram í 1. og 2. lið í lið UAS.OPEN.040,

   c) hafa gefið yfirlýsingu um að þeir hafi lokið hagnýta sjálfsnáminu, sem um getur í b-lið, og staðist bóklegt viðbótarpróf, með a.m.k. 75% heildareinkunn, sem haldið er af lögbæru yfirvaldi eða aðila, sem er tilnefndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem umráðandi UA-kerfisins er skráður. Prófið skal samanstanda af 30 fjölvalsspurningum sem miða að því að meta þekkingu fjarflugmannsins á tæknilegum og starfrækslulegum ráðstöfunum fyrir áhættumildun á jörðu niðri, sem dreifast jafnt yfir eftirfarandi námsgreinar:

      i. veðurfræði,

      ii. afkastagetu UA-kerfisins í flugi,

      iii. tæknilegar og starfrækslulegar ráðstafanir fyrir áhættumildun á jörðu niðri.

3) Starfrækslan skal framkvæmd með ómönnuðu loftfari sem er merkt í flokki C2 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og hann er skilgreindur í 3. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virku og uppfærðu beinu fjarauðkenningarkerfi og rýmisvitundavirkni.

UAS.OPEN.040 Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A3

Starfræksla UA-kerfa í undirflokki A3 skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) Starfrækslan skal framkvæmd á svæði þar sem fjarflugmaðurinn hefur ástæðu til að ætla að óviðkomandi aðilum verði ekki stefnt í hættu innan þess svæðis þar sem ómannaða loftfarinu er flogið allan þann tíma sem starfræksla UA-kerfisins varir.

2) Starfrækslan skal framkvæmd í öruggri láréttri fjarlægð, sem er a.m.k. 150 metra frá íbúða-, verslunar-, iðnaðar- eða tómstundasvæðum.

3) Starfrækslan skal framkvæmd af fjarflugmanni, sem er kunnugur leiðbeiningum framleiðanda sem framleiðandi UA-kerfisins lætur í té og hefur lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og staðist bóklegt próf á netinu, eins og um getur í b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020.

4) Starfrækslan skal framkvæmd með ómönnuðu loftfari:
   a) sem hefur hámarksflugtaksmassa, að farmþunga meðtöldum, sem er minni en 25 kg, ef um er að ræða UA-kerfi sem er smíðað af einkaaðila eða
   b) sem uppfyllir kröfurnar sem skilgreindar eru í b-lið 20. gr.,
   c) sem er merkt í flokki C2 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 3. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virku og uppfærðu beinu fjarauðkenningarkerfi og rýmisvitundarvirkni eða,
   d) sem er merkt í flokki C3 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 4. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virku og uppfærðu beinu fjarauðkenningarkerfi og rýmisvitundarvirkni eða,
   e) sem er merkt í flokki C4 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 5. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945.

UAS.OPEN.050 Ábyrgð umráðanda UA-kerfis

Umráðandi UA-kerfisins skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1) hann skal þróa verklagsreglur sem lagaðar eru að þeirri tegund starfrækslu sem um er að ræða og þeirri áhættu sem henni fylgir,
2) hann skal tryggja að við alla starfrækslu sé fjarskiptatíðniróf notað með skilvirkum hætti og stuðlað að skilvirkri notkun þess til að komast hjá skaðlegum truflunum,
3) hann skal tilnefna fjarflugmann fyrir hvert flug,
4) hann skal tryggja að fjarflugmenn og annað starfsfólk sem sinnir verkefnum til stuðnings starfrækslunni séu kunnugir leiðbeiningum framleiðanda sem framleiðandi UA-kerfisins lætur í té og:
   a) búi yfir viðeigandi hæfni í undirflokknum sem fyrirhuguð starfræksla UA-kerfis tilheyrir, í samræmi við liði UAS.OPEN.020, UAS.OPEN.030 eða UAS.OPEN.040, til að sinna verkefnum sínum eða, ef um er að ræða starfsfólk annað en fjarflugmanninn, hafi lokið starfsþjálfun á vinnustað sem umráðandinn hefur þróað,
   b) séu vel kunnugir verklagsreglum umráðanda UA-kerfisins,
   c) fái í hendur þær upplýsingar sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu UA-kerfisins varðandi landfræðileg svæði sem starfræksluaðildarríkið birtir í samræmi við 15. gr.,
5) hann skal uppfæra upplýsingarnar í rýmisvitundarkerfinu, eftir því sem við á, í samræmi við fyrirhugaða staðsetningu starfrækslunnar,
6) ef um er að ræða starfrækslu með ómönnuðu loftfari í einum af flokkunum sem skilgreindir eru í 1. til 5. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, skal hann tryggja:
   a) að UA-kerfinu fylgi samsvarandi ESB-samræmisyfirlýsing, þ.m.t. tilvísun í viðeigandi flokk og
   b) að viðeigandi auðkennismerkimiði flokksins sé festur á ómannaða loftfarið,
7) hann skal tryggja að ef um er að ræða starfrækslu UA-kerfis í undirflokki A2 eða A3 hafi allir óviðkomandi aðilar, sem eru á starfrækslusvæðinu, verið upplýstir um áhættuna og hafi gefið skýrt samþykki fyrir þátttöku.

UAS.OPEN.060 Ábyrgð fjarflugmanna

1) Áður en starfræksla UA-kerfis hefst skal fjarflugmaðurinn:
   a) búa yfir viðeigandi hæfni til að sinna verkefnum sínum í undirflokknum sem fyrirhuguð starfræksla UA-kerfis tilheyrir, í samræmi við liði UAS.OPEN.020, UAS.OPEN.030 eða UAS.OPEN.040, og skal bera á sér sönnun um hæfni meðan hann starfrækir UA-kerfið, nema þegar hann starfrækir ómannað loftfar sem um getur í a-, b- eða c-lið 5. liðar í lið UAS.OPEN.020,
   b) fá uppfærðar upplýsingar sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu UA-kerfisins varðandi landfræðileg svæði og sem starfræksluaðildarríkið birtir í samræmi við 15. gr.,
   c) virða fyrir sér starfræksluumhverfið, kanna hvort hindranir séu til staðar og, nema að starfrækt sé í undirflokki A1 með ómönnuðu loftfari sem um getur í a-, b- eða c-lið 5. liðar í lið UAS.OPEN.020, kanna hvort einhverjir óviðkomandi aðilar séu á staðnum,
   d) tryggja að UA-kerfið sé í ástandi til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti og, ef við á, kanna hvort beina fjarauðkenningin sé virk og uppfærð,
   e) ef UA-kerfið ber viðbótarfarmþunga, staðfesta að massi þessi fari hvorki yfir hámarksflugtaksmassann sem skilgreindur er af framleiðandanum eða þau mörk fyrir hámarksflugtaksmassa sem gilda fyrir flokk loftfarsins.

2) Meðan á fluginu stendur skal fjarflugmaðurinn:

   a) ekki sinna skyldustörfum ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna,

   b) halda ómannaða loftfarinu í augsýn og fylgjast ítarlega með loftrýminu í kringum ómannaða loftfarið til að forðast hættu á árekstrum við mönnuð loftför; fjarflugmaðurinn skal hætta flugi ef það stefnir öðrum loftförum, fólki, dýrum, umhverfi eða eignum í hættu,

   c) fylgja starfrækslutakmörkunum á landfræðilegum svæðum sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

   d) geta viðhaldið stjórn á ómannaða loftfarinu, nema í tilvikum þar sem tenging tapast eða þegar ómannaða loftfarið er í frjálsu flugi,

   e) starfrækja UA-kerfið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda sem framleiðandi lætur í té, þ.m.t. allar viðeigandi takmarkanir,

   f) fylgja verklagsreglum umráðandans ef þær liggja fyrir,

   g) tryggja að kveikt sé á grænu blikkljósi á ómannaða loftfarinu við starfrækslu að nóttu til.

3) Meðan á fluginu stendur skulu fjarflugmenn og umráðendur UA-kerfa ekki fljúga nálægt eða innan svæða þar sem neyðaraðgerð stendur yfir nema að þeir hafi leyfi til þess frá neyðarviðbragðaþjónustunni sem ber ábyrgð á aðgerðinni.

4) Að því er varðar b-lið 2. liðar þá er fjarflugmönnum heimilt að njóta aðstoðar vaktmanns ómannaðs loftfars. Í slíku tilviki skal komið á skýrum og skilvirkum samskiptum milli fjarflugmanns og vaktmanns ómannaðs loftfars.

UAS.OPEN.070 Gildistími og gildi bóklega prófsins á netinu fyrir fjarflugmenn og vottorða þeirra um hæfni

1) Bóklega prófið á netinu fyrir fjarflugmenn, sem krafist er samkvæmt b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020 og 3. lið í lið UAS.OPEN.040, og vottorðið um hæfni fjarflugmanns, sem krafist er skv. 2. lið í lið UAS.OPEN.030, skulu gilda í fimm ár.

2) Endurnýjun á bóklega prófinu á netinu fyrir fjarflugmenn og vottorðinu um hæfni fjarflugmanns, á gildistíma þess, er háð því að:

   a) sýnt sé fram á hæfni í samræmi við b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.030 eða 2. lið í lið UAS.OPEN.030 eða

   b) að ljúka upprifjunarþjálfun sem tekur, eftir því sem við á, mið af bóklegri þekkingu eins og skilgreint er í b-lið 4. liðar UAS.OPEN.020 eða 2. lið í lið UAS.OPEN.030, sem veitt er af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir.

3) Í því skyni að fá endurnýjun á bóklega prófinu á netinu fyrir fjarflugmenn og vottorðinu um hæfni fjarflugmanns þegar það rennur út, skal fjarflugmaður uppfylla ákvæði a-liðar 2. liðar.

B-HLUTI

STARFRÆKSLA UA-KERFA Í „SÉRSTAKA“ FLOKKNUM

UAS.SPEC.010 Almenn ákvæði

Umráðandi UA-kerfis skal láta lögbæru yfirvaldi í té áhættumat fyrir fyrirhugaða starfrækslu í samræmi við 11. gr. eða leggja fram yfirlýsingu þegar liður UAS.SPEC.020 á við, nema umráðandinn sé handhafi LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi í samræmi við C-hluta þessa viðauka. Umráðandi UA-kerfisins skal reglulega meta hvort mildunarráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, séu fullnægjandi og uppfæra þær ef nauðsyn krefur.

UAS.SPEC.020 Starfræksluyfirlýsing

1) Í samræmi við 5. gr. má umráðandi UA-kerfis leggja fram starfræksluyfirlýsingu til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins um samræmi við staðlaða sviðsmynd, sem skilgreind er í 1. viðbæti við þennan viðauka, sem annan valkost við liði UAS.SPEC.30 og UAS.SPEC.40 í tengslum við starfrækslu:

   a) ómannaðra loftfara sem eru:

      i. að hámarki 3 metrar að stærðarmáli við flug í augsýn fjarflugmanns (VLOS) yfir aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri, nema yfir mannfjölda,

ii. að hámarki 1 metri að stærðarmáli við flug í augsýn fjarflugmanns, nema yfir mannfjölda,

iii. að hámarki 1 metri að stærðarmáli við flug úr augsýn (BVLOS) yfir strjálbýlum svæðum,

iv. að hámarki 3 metrar að stærðarmáli við flug úr augsýn yfir aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri,

b) sem framkvæmd er í minna en 120 metra hæð yfir næsta punkti á yfirborði jarðar og:

i. í óstjórnuðu loftrými (flokki F eða G) nema ef aðildarríki kveða á um aðrar takmarkanir um landfræðilegu svæðin fyrir UA-kerfin á svæðum þar sem ekki eru litlar líkur á að mæta mönnuðum loftförum eða

ii. í flugstjórnarrými, í samræmi við útgefnar verklagsreglur fyrir starfrækslusvæðið, til að tryggja litlar líkur á að mæta mönnuðum loftförum.

2) Yfirlýsing umráðenda UA-kerfa skal innihalda:

a) stjórnsýsluupplýsingar um umráðanda UA-kerfisins,

b) staðhæfingu um að starfrækslan uppfylli þær kröfur um starfrækslu sem settar eru fram í 1. lið og í staðlaðri sviðsmynd sem er skilgreind í 1. viðbæti við viðaukann,

c) skuldbindingu umráðanda UA-kerfisins um að fara að viðeigandi mildunarráðstöfunum sem gerð er krafa um til að tryggja örugga starfrækslu, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar fyrir starfræksluna, hönnun ómannaða loftfarsins og hæfni hlutaðeigandi starfsfólks.

d) staðfestingu umráðanda UA-kerfisins á að viðeigandi vátryggingavernd verði til staðar fyrir öll flug sem flogin eru í samræmi við yfirlýsinguna, sé þess krafist í lögum Sambandsins eða landslögum.

3) Er lögbæra yfirvaldið tekur á móti yfirlýsingunni skal það sannreyna að yfirlýsingin innihaldi alla þá þætti sem taldir eru upp í 2. lið og skal láta umráðanda UA-kerfisins í té staðfestingu á viðtöku og heildstæði án ástæðulausrar tafar.

4) Eftir að hafa tekið á móti staðfestingu á viðtöku og heildstæði er umráðanda UA-kerfisins heimilt að hefja starfræksluna.

5) Umráðendur UA-kerfa skulu án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar breytingar á upplýsingunum sem er að finna í starfræksluyfirlýsingunni sem þeir hafa lagt fram.

6) Umráðendur UA-kerfa, sem eru handhafar LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi í samræmi við C-hluta þessa viðauka, þurfa ekki að leggja fram yfirlýsingu.

UAS.SPEC.030 Umsókn um starfræksluheimild

1) Umráðandi UA-kerfis sem hyggst starfrækja UA-kerfi í „sérstaka“ flokknum skal fyrst fá starfræksluheimild frá lögbæru landsyfirvaldi skráningaraðildarríkis nema:

a) þegar liður UAS.SPEC.020 gildir eða

b) þegar umráðandinn er handhafi LUC-vottorðs með viðeigandi réttindi í samræmi við C-hluta þessa viðauka.

2) Umráðandi UA-kerfis skal leggja fram umsókn um uppfærða starfrækslu heimild ef verulegar breytingar verða á starfrækslunni eða á þeim mildunarráðstöfunum sem skráðar eru í starfrækslu heimildinni.

3) Umsóknin um starfrækslu heimild skal vera byggð á áhættumatinu sem um getur í 11. gr. og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar til viðbótar:

a) skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins,

b) nafn ábyrgðarmanns eða nafn umráðanda UA-kerfisins ef um er að ræða einstakling,

c) áhættumatið fyrir starfræksluna,

d) skrá yfir mildunarráðstafanir, sem umráðandi UA-kerfisins leggur til, með nægilegum upplýsingum fyrir lögbæra yfirvaldið til að meta hvort mildunarráðstafanirnar séu fullnægjandi til að takast á við áhættuna,

e) rekstrarhandbók þegar þess er krafist vegna áhættunnar af starfrækslunni og þess hversu flókin hún er,

f) staðfestingu á að viðeigandi vátryggingavernd verði til staðar þegar starfræksla UA-kerfisins hefst, sé þess krafist í lögum Sambandsins eða landslögum.

UAS.SPEC.040 Útgáfa starfræksluheimildar

1) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti umsókn í samræmi við lið UAS.SPEC.030 skal það án ástæðulausrar tafar gefa út starfræksluheimild í samræmi við 12. gr. þegar það kemst að þeirri niðurstöðu að starfrækslan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
   a) allar upplýsingar hafa verið lagðar fram í samræmi við 3. lið í lið UAS.SPEC.030,
   b) verklagsregla er til staðar fyrir samræmingu við viðeigandi þjónustuveitanda fyrir loftrýmið ef starfrækslan í heild sinni, eða hlutar hennar, fara fram í flugstjórnarrými.
2) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina í starfræksluheimildinni nákvæmt gildissvið heimildarinnar í samræmi við 12. gr.

UAS.SPEC.050 Ábyrgð umráðanda UA-kerfis

1) Umráðandi UA-kerfisins skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
   a) hann skal koma á verklagsreglum og takmörkunum, sem aðlagaðar eru að fyrirhugaðri starfrækslu og þeirri áhættu sem henni tengist, þ.m.t.:
      i. verklagsreglur í flugi til að tryggja öryggi starfrækslunnar,
      ii. verklagsreglur til að tryggja að kröfum um flugvernd, sem gilda á starfrækslusvæðinu, sé fylgt við fyrirhugaða starfrækslu,
      iii. ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi og óheimilan aðgang,
      iv. verklagsreglur til að tryggja að öll starfræksla sé í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Einkum skal hann framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd skv. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 þegar landsbundin gagnaverndaryfirvöld krefjast þess,
      v. leiðbeiningar fyrir fjarflugmenn sína til að skipuleggja starfrækslu UA-kerfa á þann hátt að það lágmarki óþægindi, þ.m.t. hávaða og önnur losunartengd óþægindi, fyrir fólk og dýr,
   b) hann skal tilnefna fjarflugmann fyrir hvert flug eða, ef um er að ræða sjálfstæða starfrækslu, tryggja að á öllum stigum flugsins sé ábyrgð og verkefnum, sérstaklega þeim sem skilgreind eru í 2. og 3. lið í lið UAS.SPEC.060, úthlutað á tilhlýðilegan hátt í samræmi við verklagsreglurnar sem komið er á samkvæmt a-lið,
   c) hann skal tryggja að við alla starfrækslu sé fjarskiptatíðniróf notað með skilvirkum hætti og stuðlað að skilvirkri notkun þess til að komast hjá skaðlegum truflunum,
   d) hann skal tryggja að fjarflugmenn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði áður en þeir hefja starfrækslu:
      i. að þeir hafi þá hæfni sem þarf til að sinna verkefnum sínum í samræmi við viðeigandi þjálfun sem tilgreind er í starfræksluheimildinni eða, ef liður UAS.SPEC.020 gildir, samkvæmt þeim skilyrðum og takmörkunum sem skilgreind eru í viðeigandi staðlaðri sviðsmynd í 1. viðbæti eða í LUC-vottorðinu.
      ii. að þeir fylgi hæfnimiðaðri þjálfun fyrir fjarflugmenn sem felur í sér þá hæfni sem sett er fram í 2. mgr. 8. gr.,
      iii. að þeir fylgi þjálfun fyrir fjarflugmenn, eins og skilgreint er í starfræksluheimildinni, í tengslum við starfrækslu þar sem slíkrar heimildar er krafist og skal þessi þjálfun veitt í samstarfi við aðila sem tilnefndur er af lögbæra yfirvaldinu,
      iv. að þeir fylgi þjálfun fyrir fjarflugmenn í tengslum við starfrækslu sem um getur í yfirlýsingunni og skal þessi þjálfun fara fram í samræmi við mildunarráðstafanirnar sem skilgreindar eru í stöðluðu sviðsmyndinni,
      v. að þeir hafi verið upplýstir um rekstrarhandbók umráðanda UA-kerfisins, ef gerð er krafa um það í áhættumatinu, og um verklagsreglurnar sem komið er á í samræmi við a-lið,
      vi. hann skal hafa aflað uppfærðra upplýsinga, sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu, um landfræðileg svæði sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,
   e) hann skal tryggja að starfsfólk sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfa, að fjarflugmanninum undanskildum, uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
      i. að það hafi lokið starfsþjálfun á vinnustað sem umráðandinn hefur þróað,
      ii. að það hafi verið upplýst um rekstrarhandbók umráðanda UA-kerfisins, ef gerð er krafa um það í áhættumatinu, og um verklagsreglurnar sem komið er á í samræmi við a-lið,
      iii. að það hafi aflað uppfærðra upplýsinga, sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu, um landfræðileg svæði sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,
   f) hann skal framkvæma hverja starfrækslu að teknu tilliti til þeirra takmarkana, skilyrða og mildunarráðstafana sem skilgreind eru í yfirlýsingunni eða í starfræksluheimildinni,

g) halda og uppfæra skrár:

i. um alla viðeigandi menntun og hæfi og þjálfun sem fjarflugmaður og annað starfsfólk sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfa og starfsfólk sem annast viðhald hefur lokið, í a.m.k. 3 ár eftir að þessir aðilar hafa hætt störfum hjá fyrirtækinu eða skipt um stöðu innan fyrirtækisins,

ii. um viðhaldsaðgerðir sem eru gerðar á ómannað loftfarskerfinu í a.m.k. 3 ár,

iii. með upplýsingum um starfrækslu UA-kerfa, þ.m.t. óvenjuleg atvik í rekstri eða starfrækslu og önnur gögn eins og krafist er í yfirlýsingunni eða í starfræksluheimildinni í a.m.k. 3 ár,

h) hann skal nota UA-kerfi, sem eru að lágmarki hönnuð þannig að hugsanleg bilun leiði ekki til þess að UA-kerfið fljúgi út fyrir starfrækslusvæðið eða leiði til dauðsfalla; notendaskil skulu auk þess vera þannig að þau dragi úr áhættu á mistökum flugmanns og valdi ekki óhóflegri þreytu,

i) hann skal tryggja að UA-kerfið sé haldið við í viðeigandi ástandi fyrir örugga starfrækslu með því að:

i. ákvarða, að lágmarki, viðhaldsleiðbeiningar og hafa í vinnu nægilega þjálfað og hæft starfsfólk til að sjá um viðhald og

ii. fara að lið UAS.SPEC.100, ef þess er krafist,

iii. nota ómannað loftfar sem er hannað til að lágmarka hávaða og aðra losun, að teknu tilliti til tegundar fyrirhugaðrar starfrækslu og landsvæða þar sem hávaði frá loftförum og önnur losun eru áhyggjuefni.

j) taka saman og viðhalda uppfærðri skrá yfir tilnefnda fjarflugmenn fyrir hvert flug,

k) taka saman og viðhalda uppfærðri skrá yfir viðhaldsmenn sem flugrekandi ræður til að framkvæma viðhaldsaðgerðir, og

l) tryggja að hvert ómannað loftfar sé útbúið með:

i. a.m.k. einu grænu leifturljósi til þess að ómannaða loftfarið sjáist að nóttu til og

ii. virku og uppfærðu fjarauðkenningarkerfi.

UAS.SPEC.060 Ábyrgð fjarflugmanna

1) Fjarflugmaður skal:

a) ekki sinna skyldustörfum ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna,

b) búa yfir viðeigandi hæfni sem fjarflugmaður, eins og skilgreint er í starfræksluheimildinni, í stöðluðu sviðsmyndinni sem skilgreind er í 1. viðbæti eða í LUC-vottorðinu, og bera á sér sönnun um hæfni meðan hann starfrækir UA-kerfið.

c) vera kunnugur leiðbeiningum framleiðanda sem framleiðandi UA-kerfisins lætur í té,

2) Áður en starfræksla UA-kerfisins hefst skal fjarflugmaðurinn uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) hann skal hafa aflað uppfærðra upplýsinga, sem máli skipta fyrir fyrirhugaða starfrækslu, um landfræðileg svæði sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

b) hann skal tryggja að umhverfi starfrækslunnar sé samrýmanlegt við heimilaðar eða yfirlýstar takmarkanir og skilyrði,

c) hann skal tryggja að UA-kerfið sé í öruggu ástandi til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti og, ef við á, kanna hvort beina fjarauðkenningin sé virk og uppfærð,

d) hann skal tryggja að upplýsingar um starfræksluna hafi verið gerðar tiltækar viðkomandi flugumferðarþjónustudeild, öðrum loftrýmisnotendum og viðkomandi hagsmunaaðilum, eins og krafist er í starfræksluheimildinni eða í skilyrðunum sem aðildarríkin gefa út fyrir landfræðilega svæðið þar sem starfrækslan fer fram, í samræmi við 15. gr.

3) Meðan á fluginu stendur skal fjarflugmaðurinn:

a) fylgja heimiluðum eða yfirlýstum takmörkunum og skilyrðum,

b) forðast hættu á árekstrum við mönnuð loftför og hætta flugi ef áframhaldandi flug gæti stofnað öðrum loftförum, fólki, dýrum, umhverfi eða eignum í hættu,

c) fylgja starfrækslutakmörkunum á landfræðilegum svæðum sem eru afmörkuð í samræmi við 15. gr.,

d) fylgja verklagsreglum umráðandans,

e) ekki fljúga nálægt eða innan svæða þar sem neyðaraðgerð stendur yfir nema að hafa leyfi til þess frá neyðarviðbragðaþjónustunni sem ber ábyrgð á aðgerðinni.

UAS.SPEC.070 Framsalshæfi starfræksluheimildar

Starfræksluheimild er ekki framseljanleg.

UAS.SPEC.080 Gildistími og gildi starfræksluheimildar

1) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina gildistíma starfræksluheimildarinnar í heimildinni sjálfri.

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar heldur starfræksluheimildin gildi sínu svo lengi sem umráðandi UA-kerfisins fer að viðeigandi kröfum þessarar reglugerðar og skilyrðunum sem skilgreind eru í starfræksluheimildinni.

3) Þegar starfræksluheimildin er lögð inn eða afturkölluð skal umráðandi UA-kerfisins láta í té staðfestingu á stafrænu formi sem verður að skila til lögbæra yfirvaldsins án tafar.

UAS.SPEC.085 Gildistími og gildi starfræksluyfirlýsingar:

Gildistími starfræksluyfirlýsingarinnar skal takmarkast við 2 ár. Yfirlýsingin skal ekki lengur teljast heildstæð í skilningi 4. liðar í lið UAS.SPEC.020 ef:

1) lögbært yfirvald kemst á snoðir um, við eftirlit með umráðendum UA-kerfisins, að starfræksla UA-kerfisins fer ekki fram í samræmi við starfræksluyfirlýsinguna,

2) skilyrðin fyrir starfrækslu UA-kerfisins hafa breyst að því marki að starfræksluyfirlýsingin uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar,

3) lögbært yfirvald fær ekki aðgang í samræmi við lið UAS.SPEC.090.

UAS.SPEC.090 Aðgangur

Í þeim tilgangi að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skal umráðandi UA-kerfis veita einstaklingi, sem hefur fullt umboð frá lögbæra yfirvaldinu, aðgang að sérhverri starfsstöð, UA-kerfinu, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem skiptir máli fyrir starfsemi hans, sem fellur undir starfræksluheimild eða starfræksluyfirlýsingu, óháð því hvort starfsemin sé útvistuð eða unnin sem undirverktakastarfsemi af öðru fyrirtæki.

UAS.SPEC.100 Notkun vottaðs búnaðar og vottaðra ómannaðra loftfara

1) Ef starfræksla UA-kerfis er framkvæmd með ómönnuðu loftfari, sem lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð hefur verið gefið út fyrir, eða ef notaður er vottaður búnaður, skal umráðandi UA-kerfisins skrá starfræksluna eða þjónustutímann í samræmi við annaðhvort þær leiðbeiningar og verklagsreglur sem eiga við um vottaða búnaðinn eða í samræmi við samþykki eða heimild fyrirtækisins.

2) Umráðandi UA-kerfisins skal fylgja leiðbeiningunum, sem um getur í vottorði ómannaða loftfarsins eða vottorði búnaðarins, og fara einnig að öllum lofthæfifyrirmælum eða rekstrarfyrirmælum sem Flugöryggisstofnunin gefur út.

C-HLUTI

VOTTORÐ UMRÁÐANDA LÉTTS ÓMANNAÐS LOFTFARSKERFIS (LUC-VOTTORÐ)

UAS.LUC.010 Almennar kröfur um útgáfu LUC-vottorðs

1) Lögaðili er gjaldgengur til að sækja um LUC-vottorð samkvæmt þessum hluta.

2) Umsókn um LUC-vottorð eða um breytingu á fyrirliggjandi LUC-vottorði skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið og skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar:

   a) lýsingu á stjórnunarkerfi umráðanda UA-kerfis, þ.m.t. stjórnskipulagi hans og öryggisstjórnunarkerfi,

   b) nafn eða nöfn ábyrgs starfsfólks umráðanda UA-kerfis, þ.m.t. nafn einstaklingsins sem ber ábyrgð á því að heimila starfrækslu UA-kerfa,

   c) yfirlýsingu um að umsækjandi hafi staðfest að öll gögn, sem send eru lögbæru yfirvaldi, séu í samræmi við viðeigandi kröfur.

3) Ef kröfurnar í þessum hluta eru uppfylltar má veita handhafa LUC-vottorðs réttindi í samræmi við lið UAS.LUC.060.

UAS.LUC.020 Ábyrgð handhafa LUC-vottorðs

Handhafi LUC-vottorðs skal:

1) uppfylla kröfurnar í liðum UAS.SPEC.050 og UAS.SPEC.060,

2) virða gildissvið og réttindin sem skilgreind eru í skilmálum samþykkis,

3) koma á og viðhalda kerfi til að hafa stjórn á allri starfrækslu sem framkvæmd er samkvæmt skilmálum LUC-vottorðs,

4) framkvæma áhættumat fyrir þá starfrækslu sem fyrirhuguð er í samræmi við 11. gr., nema framkvæma eigi starfrækslu þar sem starfræksluyfirlýsing nægir í samræmi við lið UAS.SPEC.020,

5) halda skrár yfir eftirfarandi þætti á þann hátt að tryggt sé að þær séu verndaðar gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði í a.m.k. þrjú ár fyrir starfrækslu sem framkvæmd er með því að neyta þeirra réttinda sem tilgreind eru í lið UAS.LUC.060:

   a) áhættumatið fyrir starfræksluna, þar sem þess er krafist skv. 4. lið, og fylgiskjöl þess,

   b) mildunarráðstafanir sem gerðar eru og

   c) réttindi og hæfi starfsfólks sem kemur að starfrækslu UA-kerfisins, samræmiseftirliti og öryggisstjórnun,

6) halda skrá yfir þá starfsmenn sem um getur c-lið 5. liðar þann tíma sem einstaklingurinn vinnur fyrir fyrirtækið og í þrjú ár eftir að einstaklingurinn hefur hætt störfum þar.

UAS.LUC.030 Öryggisstjórnunarkerfi

1) Umráðandi UA-kerfis, sem sækir um LUC-vottorð, skal koma á, framfylgja og viðhalda öryggisstjórnunarkerfi sem svarar til stærðar fyrirtækisins, til eðlis og flækjustigs starfseminnar á sama tíma og tekið er tillit til þeirra hætta og tilheyrandi áhætta, sem fylgja þessari starfsemi.

2) Umráðandi UA-kerfisins skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) hann skal tilnefna ábyrgðarmann, sem hefur umboð til að tryggja að öll starfsemi innan fyrirtækisins sé framkvæmd í samræmi við viðeigandi staðla og að stofnunin eða fyrirtækið fylgi stöðugt kröfum stjórnunarkerfisins og þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í LUC-handbókinni sem um getur í lið UAS.LUC.040,

   b) hann skal skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu,

   c) hann skal koma á og viðhalda öryggisstefnu og tengdum samsvarandi öryggismarkmiðum,

   d) hann skal tilnefna lykilstarfsfólk á sviði öryggismála til að annast framkvæmd öryggisstefnunnar,

   e) hann skal koma á og viðhalda verklagi fyrir stjórnun öryggisáhættu, þ.m.t. að greina öryggishættur tengdar starfsemi umráðanda UA-kerfisins, sem og að meta þessar hættur og ná stjórn á tengdum áhættuþáttum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til áhættumildunar og að staðfesta skilvirkni þessara aðgerða,

   f) hann skal stuðla að öryggi hjá fyrirtækinu með:

      i. þjálfun og fræðslu,

      ii. samskiptum,

g) hann skal skjalfesta öll lykilferli í öryggisstjórnunarkerfinu til að upplýsa starfsfólkið um ábyrgðarsvið þeirra og um verklagið til að breyta þessum gögnum. Lykilferli eru m.a.:

i. öryggistilkynningar og innri rannsóknir,

ii. stjórn á starfrækslu,

iii. samskipti um öryggismál,

iv. þjálfun og efling öryggis,

v. samræmiseftirlit,

vi. stjórnun öryggisáhættu,

vii. breytingastjórnun,

viii. tenging milli fyrirtækja,

ix. notkun undirverktaka og samstarfsaðila,

h) hann skal koma á óháðu ferli til að vakta hvort viðunandi samræmi sé við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. kerfi til að miðla upplýsingum um niðurstöður til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd ráðstafana til úrbóta eftir því sem nauðsyn krefur,

i) hann skal koma á ferli til að tryggja að öryggisáhættur, sem fylgja þjónustu eða vöru sem afhent er af undirverktökum, séu metnar og þær mildaðar samkvæmt öryggisstjórnunarkerfi umráðandans.

3) Ef fyrirtækið hefur önnur fyrirtækjavottorð sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139 þá má samþætta öryggisstjórnunarkerfi umráðanda UA-kerfisins við það öryggisstjórnunarkerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum.

UAS.LUC.040 LUC-handbók

1) Handhafi LUC-vottorðs skal láta lögbæra yfirvaldinu í té LUC-handbók þar sem fyrirtæki hans, viðeigandi verklagsreglum og þeirri starfsemi sem fram fer, er lýst beint eða með millivísunum.

2) Handbókin skal innihalda yfirlýsingu, sem er undirrituð af ábyrgðarmanninum, sem staðfestir að fyrirtækið muni ávallt vinna í samræmi við þessa reglugerð og samþykkta LUC-handbók. Ef ábyrgðarmaðurinn er ekki framkvæmdastjóri fyrirtækisins, skal framkvæmdastjórinn meðárita yfirlýsinguna.

3) Ef starfsemi er framkvæmd af samstarfsaðilum eða undirverktökum skal umráðandi UA-kerfis hafa í LUC-handbókinni verklagsreglur um hvernig handhafi LUC-vottorðs skuli haga sambandinu við þessa samstarfsaðila eða undirverktaka.

4) Breyta skal LUC-handbókinni eftir þörfum þannig að hún innihaldi uppfærða lýsingu á fyrirtæki handhafa LUC-vottorðsins og skal lögbæra yfirvaldið fá afrit af öllum breytingum.

5) Umráðandi UA-kerfis skal dreifa viðkomandi hlutum LUC-handbókarinnar til alls starfsfólks síns í samræmi við hlutverk þeirra og skyldur.

UAS.LUC.050 Skilyrði fyrir samþykki handhafa LUC-vottorðs

1) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út LUC-vottorð eftir að það hefur gengið úr skugga um að umráðandi UA-kerfisins uppfylli ákvæði liða UAS.LUC.020, UAS.LUC.030 og UAS.LUC.040.

2) LUC-vottorðið skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) auðkenningu umráðanda UA-kerfisins,

b) réttindi umráðanda UA-kerfisins,

c) heimilaða tegund eða tegundir starfrækslu,

d) ef það á við, þann stað, það svæði eða þann loftrýmisflokk þar sem starfræksla er heimiluð,

e) sérstakar takmarkanir eða skilyrði, ef við á.

UAS.LUC.060 Réttindi handhafa LUC-vottorðs

Ef lögbæra yfirvaldið telur þau upplýsingaskjöl sem lögð hafa verið fram fullnægjandi:

1) skal það tilgreina skilmála og skilyrði sem fylgja þeim réttindum sem umráðanda UA-kerfis eru veitt í LUC-vottorðinu og

2) getur það, innan skilyrðanna fyrir samþykkinu, veitt handhafa LUC-vottorðs réttindi til að heimila sína eigin starfrækslu án þess að þurfa:

   a) að leggja fram starfræksluyfirlýsingu,

   b) að sækja um starfræksluheimild.

UAS.LUC.070 Breytingar á stjórnunarkerfinu fyrir LUC-vottorð

Eftir að LUC-vottorð er gefið út þarf lögbæra yfirvaldið að gefa samþykki sitt fyrirfram fyrir eftirfarandi breytingum:

1) öllum breytingum á skilmálum samþykkis umráðanda UA-kerfis,

2) öllum verulegum breytingum á því öryggisstjórnunarkerfi sem handahafi LUC-vottorðs verður að hafa samkvæmt lið UAS.LUC.030.

UAS.LUC.075 Framsalshæfi LUC-vottorðs

Að undanskilinni breytingu á eignarhaldi fyrirtækisins, sem er samþykkt af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við lið UAS.LUC.070, er LUC-vottorð ekki framsalshæft.

UAS.LUC.080 Gildistími og gildi LUC-vottorðs

1) Gefa skal út LUC-vottorð með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

   a) að handhafi LUC-vottorðs uppfylli að staðaldri viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og aðildarríkisins sem gaf út vottorðið og

   b) að það hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

2) Þegar LUC-vottorð er lagt inn eða afturkallað skal handhafi vottorðsins tafarlaust senda lögbæra yfirvaldinu staðfestingu á stafrænu formi.

UAS.LUC.090 Aðgangur

Í þeim tilgangi að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skal handhafi LUC-vottorðs veita einstaklingi, sem hefur fullt umboð frá lögbæra yfirvaldinu, aðgang að sérhverri starfsstöð, UA-kerfinu, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem skiptir máli fyrir starfsemi hans, sem fellur undir starfræksluheimild eða starfræksluyfirlýsingu, óháð því hvort starfsemin sé útvistuð eða unnin sem undirverktakastarfsemi af öðru fyrirtæki.

———

1. viðbætir

fyrir staðlaðar sviðsmyndir til stuðnings yfirlýsingu

1. KAFLI

STS-01 – Flug í augsýn fjarflugmanns (VLOS) yfir aðgangsstýrðu byggðu svæði

UAS.STS-01.010 Almenn ákvæði

1) Á meðan á flugi stendur skal ómannaða loftfarinu haldið innan 120 metra frá næsta punkti á yfirborði jarðar. Mæling fjarlægða skal aðlöguð í samræmi við landfræðileg einkenni landslags, s.s. sléttur, hæðir og fjöll.

2) Þegar ómönnuðu loftfari er flogið innan 50 metra láréttrar fjarlægðar frá tilbúinni hindrun sem er hærri en 105 metrar, má hækka hámarkshæðina fyrir starfrækslu UA-kerfisins upp í 15 metra yfir hæð hindrunarinnar að beiðni aðilans sem er ábyrgur fyrir hindruninni.

3) Hámarkshæð starfrækslurýmis skal ekki vera meiri en 30 metrar yfir leyfilegri hámarkshæð skv. 1. og 2. lið.

4) Á meðan flugi stendur skal ómannaða loftfarið ekki bera hættulegan varning.

UAS.STS-01.020 Starfræksla UA-kerfa í STS-01

1) Starfræksla UA-kerfa í STS-01 skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) fara fram þannig að ómannaða loftfarið sé ávallt í augsýn,

   b) fara fram í samræmi við rekstrarhandbókina sem um getur í 1. lið í lið UAS.STS-01.030,

   c) fara fram yfir aðgangstýrðu svæði á jörðu niðri sem felur í sér:

      i. við starfrækslu ótjóðraðs ómannaðs loftfars:

         A) flöt flugrýmis,

         B) flöt viðbúnaðarrýmis, með ytri mörk sem nema a.m.k. 10 metrum umfram mörk flatar flugrýmis og

         C) áhættujaðar á jörðu niðri, sem skal ná yfir fjarlægð umfram ytri mörk flatar viðbúnaðarrýmis sem uppfyllir a.m.k. eftirfarandi mæliþætti:

	Lágmarksfjarlægð sem áhættujaðar á jörðu niðri skal ná yfir að því er varðar ótjóðruð ómönnuð loftför	
Hámarkshæð yfir jörðu	með hámarksflugtaksmassa allt að 10 kg	með hámarksflugtaksmassa yfir 10 kg
30 m	10 m	20 m
60 m	15 m	30 m
90 m	20 m	45 m
120 m	25 m	60 m

      ii. við starfrækslu tjóðraðs ómannaðs loftfars, radíus sem samsvarar lengd tjóðurbands plús 5 m og miðjusett á þeim punkti þar sem tjóðurbandið er fest yfir yfirborði jarðar.

   d) fara fram á jarðhraða sem er innan við 5 m/s ef um er að ræða ótjóðrað ómannað loftfar,

   e) vera framkvæmd af fjarflugmanni sem:

      i. hefur undir höndum vottorð um bóklega þekkingu fjarflugmanns, í samræmi við fylgiskjal A við þennan kafla, að því er varðar starfrækslu í samræmi við stöðluðu sviðsmyndina, gefið út af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis.

ii. hefur undir höndum viðurkenningu um að hafa lokið STS-01 þjálfun í verklegri færni, í samræmi við fylgiskjal A við þennan kafla, gefna út af:

A) aðila sem hefur gefið yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar í 3. viðbæti og er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða

B) umráðanda UA-kerfis sem hefur gefið lögbæru yfirvaldi í skráningaraðildarríkinu yfirlýsingu um samræmi við STS-01 og yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar í 3. viðbæti og

f) vera framkvæmd með ómönnuðu loftfari sem er merkt í flokki C5 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og hann er skilgreindur í 16. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, og er starfrækt með virku og uppfærðu beinu fjarauðkenningarkerfi.

2) Fjarflugmaðurinn skal fá vottorð um bóklega þekkingu að því er varðar starfrækslu í samræmi við stöðluðu sviðsmyndina eftir að:

a) hafa lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og staðist bóklega prófið á netinu, eins og um getur í b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020 og

b) hafa staðist bóklegt viðbótarpróf sem haldið er af lögbæru yfirvaldi eða aðila, sem er tilnefndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis í samræmi við fylgiskjal A við þennan kafla.

3) Þetta vottorð skal gilda í fimm ár. Endurnýjun vottorðsins á gildistíma þess er með fyrirvara um annað af eftirfarandi:

a) að sýnt sé fram á hæfni í samræmi við 2. lið,

b) að ljúka upprifjunarþjálfun sem tekur mið af bóklegri þekkingu eins og skilgreint er í 2. lið sem veitt er af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir.

4) Í því skyni að endurnýja vottorðið þegar það rennur út skal fjarflugmaðurinn uppfylla ákvæði 2. liðar.

UAS.STS-01.030 Ábyrgð umráðanda UA-kerfis

Til viðbótar við þá ábyrgð sem er skilgreind í lið UAS.SPEC.050, skal umráðandi UA-kerfis:

1) semja rekstrarhandbók sem nær yfir atriðin sem eru skilgreind í 5. viðbæti,

2) að því er varðar fyrirhugaða starfrækslu, skilgreina starfrækslurými og áhættujaðar á jörðu niðri, þ.m.t. aðgangsstýrt svæði á jörðu niðri sem felur í sér vörpun á yfirborð jarðar bæði innan loftrýmisins og áhættujaðarsins,

3) tryggja að viðbúnaðar- og neyðarverklag sé fullnægjandi annaðhvort með:

a) sérstökum flugprófunum eða

b) hermun, að því gefnu að hermunaraðferðin eigi við fyrirhugaðan tilgang,

4) setja saman skilvirka neyðaráætlun sem hentar starfrækslunni sem inniheldur að lágmarki:

a) áætlun til að draga úr stigmagnandi áhrifum neyðarástands,

b) skilyrði til að gera viðkomandi yfirvöldum og stofnunum viðvart,

c) viðmiðanir til að auðkenna neyðarástand,

d) skýra útlistun á skyldum fjarflugmannsins eða -mannanna og annars starfsfólks sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfa,

5) tryggja að frammistaða allrar utanaðkomandi þjónustu, sem er nauðsynleg vegna öryggis flugsins, sé fullnægjandi að því er varðar fyrirhugaða starfrækslu,

6) skilgreina skiptingu hlutverka og ábyrgðar milli umráðandans og utanaðkomandi þjónustuaðila, ef við á,

7) hlaða upp uppfærðum upplýsingum inn í rýmisvitundarkerfið, ef virknin er uppsett í UA-kerfinu, þegar þess er krafist á landfræðilegu svæði UA-kerfisins vegna fyrirhugaðrar starfrækslu,

8) tryggja áður en starfræksla hefst, að til staðar sé skilvirkt aðgangstýrt svæði á jörðu niðri sem uppfyllir kröfur um lágmarksfjarlægð sem skilgreind er í C-lið i. liðar C-liðar 1. liðar í lið UAS.STS-01.020 og, ef þörf er á, samræmingu við hlutaðeigandi yfirvöld,

9) tryggja, áður en starfræksla hefst, að allir aðilar sem eru á aðgangsstýrða svæðinu á jörðu niðri:

a) hafi verið upplýstir um áhættuna sem fylgir starfrækslunni,

b) hafi verið upplýstir eða fengið þjálfun, eins og við á, að því varðar öryggisráðstafanir og ráðstafanir sem umráðandi UA-kerfisins hefur komið á til verndar þeim og

c) hafi gefið skýrt samþykki fyrir þátttöku í starfrækslunni,

10) tryggja að:

a) að UA-kerfinu fylgi samsvarandi ESB-samræmisyfirlýsing eða -yfirlýsingar, þ.m.t. tilvísun í flokk C5 eða C3 og aukabúnaðarsett og

b) auðkennismerkimiði fyrir flokk C5 sé festur á ómannaða loftfarið eða aukabúnaðarsettið.

UAS.STS-01.040 Ábyrgð fjarflugmanna

Til viðbótar við þá ábyrgð sem er skilgreind í lið UAS.SPEC.060, skal fjarflugmaður:

1) áður en starfræksla UA-kerfis hefst, sannprófa að aðferðirnar til að stöðva flug ómannaða loftfarsins séu virkar og að athuga hvort að fjarauðkenning sé virk og uppfærð,

2) meðan á flugi stendur:

a) halda ómannaða loftfarinu í augsýn og fylgjast ítarlega með loftrýminu í kringum ómannaða loftfarið til að forðast hættu á árekstrum við mönnuð loftför. Fjarflugmaðurinn skal stöðva flugið ef það stefnir öðrum loftförum, fólki, dýrum, umhverfi eða eignum í hættu,

b) að því er varðar a-lið þá er fjarflugmönnum heimilt að njóta aðstoðar vaktmanns ómannaðs loftfars. Í slíku tilviki skal komið á skýrum og skilvirkum samskiptum milli fjarflugmannsins og vaktmanns ómannaða loftfarsins,

c) geta viðhaldið stjórn á ómannaða loftfarinu, nema í tilvikum þar sem skipana- og stjórntenging (C2-tenging) tapast,

d) eingöngu starfrækja eitt ómannað loftfar í einu,

e) ekki starfrækja ómannaða loftfarið úr farartæki sem er á hreyfingu,

f) ekki færa stjórn ómannaða loftfarsins yfir í hendur annarrar stjórneiningar,

g) við óeðlilegar aðstæður, hrinda í framkvæmd viðbúnaðarverklaginu sem umráðandi ómannaða loftfarskerfisins skilgreinir, þ.m.t. þegar fjarflugmaðurinn fær upplýsingar um að ómannaða loftfarið kunni að fara út fyrir mörk flugrýmisins og

h) við neyðarástand, hrinda neyðarverklagi í framkvæmd sem umráðandi ómannaða loftfarskerfisins skilgreinir, þ.m.t. að virkja aðferðir til að stöðva flug þegar fjarflugmaðurinn fær upplýsingar um að ómannaða loftfarið kunni að fara út fyrir mörk starfrækslurýmisins.

FYLGISKJAL A: PRÓF FYRIR FJARFLUGMENN Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU OG VERKLEGRI FÆRNI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STS-01

1) **Próf í bóklegri þekkingu**

a) Prófið sem um getur í b-lið 2. liðar UAS.STS-01.020 skal samanstanda af 40 fjölvalsspurningum sem miða að því að meta þekkingu fjarflugmannsins á tæknilegum og starfrækslulegum ráðstöfunum fyrir áhættumildun á jörðu niðri, sem dreifast jafnt yfir eftirfarandi námsgreinar:

i. flugreglugerðir,

ii. takmarkanir mannlegrar getu,

iii. verklagsreglur í flugi,

iv. tæknilegar og starfrækslulegar ráðstafanir fyrir áhættumildun á jörðu niðri,

v. almenna þekkingu á UA-kerfum,

vi. veðurfræði,

vii. afkastagetu UA-kerfisins í flugi og

viii. tæknilegar og starfrækslulegar ráðstafanir fyrir áhættumildun í lofti.

b) Ef fjarflugneminn er þegar handhafi vottorðs um hæfni fjarflugmanns eins og um getur í 2. lið í lið UAS.OPEN.030 skal prófið samanstanda af 30 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir allar námsgreinarnar í i. til v. lið a-liðar 1. liðar.

c) Til að standast próf í bóklegri þekkingu skal fjarflugneminn ná a.m.k. 75% heildareinkunn.

2) **Þjálfun í verklegri færni og mat**

Þjálfun og mat á verklegri færni fyrir starfrækslu við staðlaðar sviðsmyndir skal a.m.k. ná yfir viðfangsefnin og sviðin sem tilgreind eru í töflu 1:

Tafla 1

Viðfangsefni og svið sem farið er yfir vegna þjálfunar á verklegri færni og mats

Viðfangsefni	Efnisatriði sem farið er yfir
a) Aðgerðir fyrir flug	i. Gerð starfræksluáætlunar, athugun flugrýmis og áhættumat á vettvangi. Þetta felur í sér eftirfarandi atriði: A) að tilgreina markmið fyrirhugaðrar starfrækslu, B) að ganga úr skugga um að skilgreint starfrækslurými og viðkomandi jaðar (t.d. áhættujaðar á jörðu niðri) henti fyrirhugaðri starfrækslu, C) að bera kennsl á hindranir í starfrækslurýminu sem gætu hindrað fyrirhugaða starfrækslu, D) að tilgreina hvort að landslag eða hindranir í starfrækslurýminu hafi áhrif á vindhraða og/eða vindátt, E) að velja viðeigandi upplýsingar um loftrými (þ.m.t. um landfræðileg svæði fyrir UA-kerfi) sem hafa áhrif á fyrirhugaða starfrækslu, F) að ganga úr skugga um að ómannaða loftfarskerfið henti fyrirhugaðri starfrækslu, G) að ganga úr skugga um að valinn farmþungi sé samrýmanlegur ómannaða loftfarskerfinu sem er notað við starfræksluna, H) að framfylgja nauðsynlegum ráðstöfunum í því skyni að fara að þeim takmörkunum og skilyrðum sem gilda um starfrækslurými og áhættujaðar á jörðu niðri fyrir fyrirhugaða starfrækslu í samræmi við verklagsreglur rekstrarhandbókar fyrir viðkomandi sviðsmynd, I) að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum verklagsreglum til að stunda starfrækslu í flugstjórnarrými, þ.m.t. samskiptareglum um samskipti við flugumferðarstjórn og til að fá heimild og leiðbeiningar, ef þörf krefur, J) að gefa staðfestingu á að öll nauðsynleg gögn vegna fyrirhugaðrar starfrækslu séu á staðnum og K) að gera öllum þátttakendum stuttlega grein fyrir áætlaðri starfrækslu. ii. Fyrirflugsskoðun og uppsetning ómannaðs loftfarskerfis (þ.m.t. flughamur og hætta í tengslum við aflgjafa). Þetta felur í sér eftirfarandi atriði: A) að meta almennt ástand UA-kerfisins, B) að tryggja að allir hlutar UA-kerfisins sem hægt er að fjarlægja séu festir á tilhlýðilegan hátt, C) að ganga úr skugga um að hugbúnaðarstillingar UA-kerfisins séu samhæfðar, D) að kvarða stjórntæki UA-kerfisins, E) að auðkenna hvern galla sem getur stofnað fyrirhugaðri starfrækslu í hættu, F) að ganga úr skugga um að rafgeymir sé með nægilega hleðslu fyrir fyrirhugaða starfrækslu, G) að ganga úr skugga um að flugstöðvunarkerfi UA-kerfisins og kerfið til að ræsa það séu starfhæf, H) að athuga hvort skipana- og stjórntenging starfi rétt, I) að ræsa rýmisvitundarvirkni og hala upp upplýsingum í hana (ef rýmisvitundarvirkni er tiltæk) og J) að stilla hæðar- og hraðatakmörkunarkerfi (ef það er tiltækt). iii. Þekking á þeim grunnaðgerðum sem grípa skal til við neyðarástand, þ.m.t. vandamál í tengslum við UA-kerfið eða ef hætta skapast á árekstri í lofti á meðan flugi stendur.

Viðfangsefni	Efnisatriði sem farið er yfir
b) Flugferlar	i. Viðhalda skilvirkri yfirsýn og halda ómannaða loftfarinu ávallt í augsýn til að tryggja: staðsetningarvitund [áður næmi á aðstæður] með tilliti til starfrækslurýmisins og annarra notenda loftrýmisins, hindrana, landslags og aðila sem eru ekki stöðugt þátttakendur í starfrækslunni. ii. Framkvæma nákvæm og stýrð flugbrögð í mismunandi hæðum og fjarlægðum sem eru dæmigerðar fyrir viðkomandi staðlaða sviðsmynd (þ.m.t. handstýrt flug/flug sem er ekki stutt með hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfi eða sambærilegu, ef það er til staðar). Framkvæma skal a.m.k. eftirfarandi flugbrögð: A) voka á sama stað (eingöngu þyrilvængjur), B) breyting frá voki yfir í flug fram á við (eingöngu þyrilvængjur), C) klifur og lækkun flugs úr láréttu flugi, D) beygjur í láréttu flugi, E) hraðastjórn í láréttu flugi, F) aðgerðir við bilun hreyfils/knúningskerfis og G) undanvik (flugbrögð) til að koma í veg fyrir árekstur. iii. Rauntímavöktun á stöðu UA-kerfisins og takmarkanir á flugþoli. Flug við óvenjuleg skilyrði: A) stjórnun þegar knúningskerfi ómannaða loftfarsins er aflvana, að hluta til eða að öllu leyti, samhliða því að tryggja öryggi þriðju aðila á jörðu niðri, B) stjórnun á flugslóð ómannaða loftfarsins við óvenjuleg skilyrði, C) stjórnun á aðstæðum þar sem virkni staðsetningarbúnaðar ómannaða loftfarsins er skert, D) stjórnun á aðstæðum þar sem óviðkomandi aðili kemur inn í starfrækslurýmið eða aðgangsstýrða svæðið á jörðu niðri, og grípa til viðeigandi ráðstafana til að viðhalda öryggi, E) bregðast við og grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta ef ómannaða loftfarið er líklegt til að fara út fyrir mörk flugrýmisins (viðbúnaðarverklag) og út fyrir starfrækslurýmið (neyðarverklag) eins og skilgreint er við undirbúning flugsins, F) stjórnun á aðstæðum þegar loftfar nálgast starfrækslurýmið og G) sýna endurheimtunaraðferðina í kjölfar þess að skipana- og stjórntengingunni er slitið af ásetningi (með hermun).
c) Aðgerðir að loknu flugi	i. Stöðva og tryggja öryggi UA-kerfisins. ii. Skoðun að loknu flugi og skráning allra viðkomandi gagna sem tengjast almennu ástandi UA-kerfisins (kerfum þess, íhlutum og aflgjöfum) og þreytu áhafnar. iii. Framkvæmd eftirflugsgreiningar á starfrækslunni. iv. Tilgreina aðstæður þar sem þörf var á tilkynningum um atvik og fylla út nauðsynlega skýrslu um atvikið.

II. KAFLI

STS-02 – Flug úr augsýn fjarflugmanns (BLOS) með vaktmönnum loftrýmis á aðgangsstýrðu strjálbýlu svæði

UAS.STS-02.010 Almenn ákvæði

1) Á meðan á flugi stendur skal ómannaða loftfarinu haldið innan 120 metra frá næsta punkti á yfirborði jarðar. Mæling fjarlægða skal aðlöguð í samræmi við landfræðileg einkenni landslags, s.s. sléttur, hæðir og fjöll.

2) Þegar ómönnuðu loftfari er flogið innan 50 metra láréttrar fjarlægðar frá tilbúinni hindrun sem er hærri en 105 metrar, má hækka hámarkshæðina fyrir starfrækslu UA-kerfisins upp í 15 metra yfir hæð hindrunarinnar að beiðni aðilans sem er ábyrgur fyrir hindruninni.

3) Hámarkshæð starfrækslurýmisins skal ekki vera meiri en 30 metrar yfir leyfilegri hámarkshæð skv. 1. og 2. lið.

4) Á meðan flugi stendur skal ómannaða loftfarið ekki bera hættulegan varning.

UAS.STS-02.020 Starfræksla UA-kerfa í STS-02

Starfræksla UA-kerfa í STS-02 skal fara fram:

1) í samræmi við rekstrarhandbókina sem um getur í 1. lið í lið UAS.STS-02.030,

2) yfir aðgangstýrðu svæði á jörðu niðri sem er staðsett á strjálbýlu svæði sem felur í sér:

   a) flöt flugrýmisins,

   b) viðlagasvæði, með ytri mörk sem nema a.m.k.10 metrum umfram flöt flugrýmisins,

   c) áhættujaðar á jörðu niðri sem nær yfir fjarlægð sem er a.m.k. jöfn þeirri fjarlægð sem líklegast er að ómannað loftfar ferðist, eftir að aðferðir til að stöðva flug hafa verið virkjaðar sem framleiðandi UA-kerfisins tilgreinir í leiðbeiningum framleiðanda, að teknu tilliti til starfræksluskilyrða innan takmarkananna sem framleiðandi UA-kerfisins tilgreinir,

3) á svæði þar sem lágmarksflugskyggni nemur meira en 5 km,

4) með ómannaða loftfarið í augsýn fjarflugmannsins við flugtak og endurheimt loftfarsins, nema ef hið síðarnefnda er vegna neyðarstöðvunar flugs,

5) ef ekki er notast við vaktmann loftrýmis í starfrækslunni, með ómannaða loftfarið ekki lengra en 1 km frá fjarflugmanninum, þar sem ómannaða loftfarið flýgur eftir fyrirfram ákveðnum loftferli ef ómannaða loftfarið er ekki í augsýn fjarflugmannsins,

6) ef notast er við einn eða fleiri vaktmenn loftrýmis við starfræksluna skal hún uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) vaktmaður eða -menn loftrýmis eru staðsettir þannig að þeir hafi nægilega yfirsýn yfir starfrækslurýmið og aðliggjandi loftrými með lágmarksskyggninu sem tilgreint er í 3. lið,

   b) ómannaða loftfarið er ekki starfrækt lengra en 1 km frá fjarflugmanninum,

   c) ómannaða loftfarið er ekki starfrækt lengra en 1 km frá vaktmanni loftrýmis sem er næstur ómannaða loftfarinu,

   d) fjarlægðin milli vaktmanns loftrýmis og fjarflugmannsins er ekki meiri en 1 km,

   e) öruggar og skilvirkar samskiptaleiðir eru tiltækar að því er varðar fjarskipti milli fjarflugmannsins og vaktmanns eða -manna loftrýmisins,

7) af hálfu fjarflugmanns sem er handhafi:

   a) vottorðs um bóklega þekkingu fjarflugmanns að því er varðar starfrækslu í samræmi við staðlaðar sviðsmyndir, gefið út af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis.

   b) viðurkenningar um að hafa lokið STS-02 þjálfun í verklegri færni, í samræmi við fylgiskjal A við þennan kafla, sem gefin er út af:

      A) aðila sem hefur gefið yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar í 3. viðbæti og er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða

      B) umráðanda UA-kerfis sem hefur gefið lögbæru yfirvaldi í skráningaraðildarríkinu yfirlýsingu um samræmi við STS-02 og yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar í 3. viðbæti,

8) með ómönnuðu loftfari sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

   a) það er merkt í flokki C6 og uppfyllir kröfurnar fyrir þann flokk, eins og skilgreint er í 17. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945,

   b) það er starfrækt með virku kerfi til að koma í veg fyrir að ómannaða loftfarið fljúgi út fyrir flugrýmið,

   c) það er starfrækt með virku og uppfærðu beinu fjarauðkenningarkerfi.

9) Fjarflugmaðurinn skal fá vottorð um bóklega þekkingu að því er varðar starfrækslu í samræmi við stöðluðu sviðsmyndina eftir að:

   a) hafa lokið þjálfunarnámskeiði á netinu og staðist bóklega prófið á netinu, eins og um getur í b-lið 4. liðar í lið UAS.OPEN.020 og

   b) hafa staðist bóklegt viðbótarpróf sem haldið er af lögbæru yfirvaldi eða aðila, sem er tilnefndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis í samræmi við fylgiskjal A við þennan kafla.

10) Þetta vottorð skal gilda í fimm ár. Endurnýjun vottorðsins á gildistíma þess er með fyrirvara um annað af eftirfarandi:

   a) að sýnt sé fram á hæfni í samræmi við 9. lið,

   b) að ljúka upprifjunarþjálfun sem tekur mið af bóklegri þekkingu eins og skilgreint er í 9. lið sem veitt er af lögbæru yfirvaldi eða aðila sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir.

11) Í því skyni að endurnýja vottorðið þegar það rennur út skal fjarflugmaðurinn uppfylla ákvæði 9. liðar.

UAS.STS-02.030 Ábyrgð umráðanda UA-kerfis

Til viðbótar við þá ábyrgð sem er skilgreind í lið UAS.SPEC.050, skal umráðandi UA-kerfis:

1) semja rekstrarhandbók sem nær yfir atriðin sem eru skilgreind í 5. viðbæti,

2) að því er varðar fyrirhugaða starfrækslu, skilgreina starfrækslurými og áhættujaðar á jörðu niðri, þ.m.t. aðgangsstýrt svæði á jörðu niðri sem felur í sér vörpun á yfirborð jarðar bæði innan loftrýmisins og áhættujaðarsins,

3) tryggja að viðbúnaðar- og neyðarverklag sé fullnægjandi annaðhvort með:

   a) sérstökum flugprófunum eða

   b) hermun, að því gefnu að hermunaraðferðin eigi við um fyrirhugaðan tilgang,

4) setja saman skilvirka neyðaráætlun sem hentar starfrækslunni sem inniheldur að lágmarki:

   a) áætlun til að draga úr stigmagnandi áhrifum neyðarástands,

   b) skilyrði til að gera viðkomandi yfirvöldum og stofnunum viðvart,

   c) viðmiðanir til að auðkenna neyðarástand,

   d) skýra útlistun á skyldum fjarflugmannsins eða -mannanna og annars starfsfólks sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfa,

5) tryggja að frammistaða allrar utanaðkomandi þjónustu, sem er nauðsynleg vegna öryggis flugsins, sé fullnægjandi að því er varðar fyrirhugaða starfrækslu,

6) skilgreina skiptingu hlutverka og ábyrgðar milli umráðandans og utanaðkomandi þjónustuaðila, ef við á,

7) hlaða upp uppfærðum upplýsingum inn í rýmisvitundarkerfið, ef virknin er uppsett í UA-kerfinu, þegar þess er krafist á landfræðilegu svæði UA-kerfisins vegna fyrirhugaðrar starfrækslu,

8) tryggja áður en starfræksla hefst, að gripið hafi verið til allra viðeigandi ráðstafana til að draga úr hættu á átroðningi óviðkomandi aðila inn á aðgangstýrt svæði á jörðu niðri sem uppfyllir kröfur um lágmarksfjarlægð sem skilgreind er í 2. lið í UAS.STS-02.020 og, ef þörf er á, í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld,

9) tryggja, áður en starfræksla hefst, að allir aðilar sem eru á aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri:

   a) hafi verið upplýstir um áhættuna sem fylgir starfrækslunni,

   b) hafi verið upplýstir og, ef við á, fengið þjálfun að því varðar öryggisráðstafanir og ráðstafanir sem umráðandi UA-kerfisins hefur komið á til verndar þeim og

   c) hafi gefið skýrt samþykki fyrir þátttöku í starfrækslunni,

10) áður en starfræksla hefst, ef notast er við vaktmann loftrýmis:

   a) tryggja rétta staðsetningu og fjölda vaktmanna loftrýmis meðfram fyrirhugaðri flugslóð,

   b) staðfesta:

      i. að skyggni og áætluð fjarlægð vaktmannsins sé innan ásættanlegra marka eins og skilgreint er í flugrekstrar-handbókinni,

      ii. að ekki séu til staðar hugsanlegar hindranir á jörðu niðri að því er varðar hvern vaktmann loftrýmis,

      iii. að ekki séu bil milli svæðanna sem vaktmenn loftrýmis hafa eftirlit með,

iv. að komið hafi verið á skilvirkum samskiptum við hvern vaktmann loftrýmis,

v. hvort að aðferðir vaktmanna loftrýmis til að ákvarða staðsetningu ómannaða loftfarsins séu starfhæfar og skilvirkar,

c) tryggja að vaktmenn loftrýmis hafi verið upplýstir um fyrirhugaða flugslóð ómannaða loftfarsins og tilheyrandi tímaáætlun,

11) tryggja:

a) að UA-kerfinu fylgi samsvarandi ESB-samræmisyfirlýsing, þ.m.t. tilvísun í flokk C6,

b) að auðkennismerkimiðinn fyrir flokk C6 sé festur á ómannaða loftfarið.

UAS.STS-02.040 Ábyrgð fjarflugmanna

Til viðbótar við þá ábyrgð sem er skilgreind í lið UAS.SPEC.060, skal fjarflugmaður:

1) áður en starfræksla UA-kerfisins hefst:

a) stilla forritanlegt loftrými ómannaða loftfarsins til að halda því innan flugrýmisins,

b) sannprófa að aðferðirnar til að stöðva flug og virkni forritanlegs starfrækslurýmis ómannaða loftfarsins séu virkar og athuga hvort að fjarauðkenning sé virk og uppfærð,

2) meðan á flugi stendur:

a) halda ómannaða loftfarinu í augsýn og fylgjast ítarlega með loftrýminu í kringum ómannaða loftfarið til að forðast hættu á árekstrum við mönnuð loftför, nema ef starfrækslan nýtur stuðnings vaktmanna loftrýmis. Fjarflugmaðurinn skal stöðva flugið ef það stefnir öðrum loftförum, fólki, dýrum, umhverfi eða eignum í hættu,

b) geta viðhaldið stjórn á ómannaða loftfarinu, nema í tilvikum þar sem skipana- og stjórntenging (C2-tenging) tapast,

c) eingöngu starfrækja eitt ómannað loftfar í einu,

d) ekki starfrækja ómannaða loftfarið úr farartæki sem er á hreyfingu,

e) ekki færa stjórn ómannaða loftfarsins yfir í hendur annarrar stjórneiningar,

f) upplýsa vaktmann eða -menn loftrýmis, ef þeir hafa verið ráðnir, tímanlega um öll frávik ómannaða loftfarsins frá áætlaðri flugslóð og tilheyrandi tímaáætlun,

g) við óeðlilegar aðstæður, hrinda í framkvæmd viðbúnaðarverklaginu sem umráðandi ómannaða loftfarskerfisins skilgreinir, þ.m.t. þegar fjarflugmaðurinn fær upplýsingar um að ómannaða loftfarið kunni að fara út fyrir mörk flugrýmisins,

h) við neyðarástand, hrinda neyðarverklagi í framkvæmd sem umráðandi ómannaðs loftfarskerfisins skilgreinir, þ.m.t. að virkja aðferðir til að stöðva flug þegar fjarflugmaðurinn fær upplýsingar um að ómannaða loftfarið kunni að fara út fyrir mörk starfrækslurýmisins.

UAS.STS-02.050 Ábyrgð vaktmanns loftrýmis

Vaktmaður loftrýmis skal:

1) fylgjast ítarlega með loftrýminu í kringum ómannaða loftfarið til að greina hættu á árekstrum við mönnuð loftför,

2) vera meðvitaður um staðsetningu ómannaða loftfarsins með því að fylgjast beint með loftrýminu eða með aðstoð sem er veitt með rafrænum hætti,

3) gera fjarflugmanninum viðvart ef vart verður við hættu og aðstoða við að forðast eða lágmarka möguleg neikvæð áhrif.

FYLGISKJAL A: BÓKLEG ÞEKKING OG VERKLEG FÆRNI FJARFLUGMANNA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STS-02

1. **Próf í bóklegri þekkingu**

Prófið skal skilgreint í samræmi við 1. lið í fylgiskjali A við I. kafla.

2. **Þjálfun í verklegri færni og mat**

Til viðbótar við atriðin sem eru skilgreind í lið A.2 í fylgiskjali A við I. kafla, skal farið yfir eftirfarandi svið:

Tafla 1

Viðbótarviðfangsefni og svið sem farið er yfir við þjálfun í verklegri færni og mat að því er varðar STS-02

Viðfangsefni	Efnisatriði sem farið er yfir
a) Flug úr augsýn fjarflugmanns samkvæmt STS-02	i. Aðgerðir fyrir flug — gerð starfræksluáætlunar, athugun flugrýmis og áhættumat á vettvangi. Þetta felur í sér eftirfarandi atriði: A) eftirlit með loftrými, B) að því er varðar starfrækslu með vaktmönnum loftrýmis: viðunandi staðsetningu vaktmanna loftrýmis og kerfi til að draga úr árekstrarhættu sem felur í sér orðfæri, samræmingu og samskiptaform, ii. Flugferlarnir, sem eru skilgreindir í ii. lið b-liðar 2. liðar í fylgiskjali A við I. kafla, skulu bæði framkvæmdir í augsýn og úr augsýn fjarflugmanns.

2. viðbætir

Starfræksluyfirlýsing

	Starfræksluyfirlýsing
Gagnavernd: Persónuupplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu eru unnar af lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin). Upplýsingarnar eru unnar í tengslum við framkvæmd, stjórnun og eftirfylgni með eftirlitsstarfseminni samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947. Ef þú þarfnast frekari upplýsinga um vinnslu persónuupplýsinga um þig eða ef þú óskar þess að neyta réttinda þinna (t.d. til að fá aðgang að eða lagfæra ónákvæmar eða ófullnægjandi upplýsingar), er vísað til tengiliðar lögbæra yfirvaldsins. Umsækjandi á hvenær sem er rétt á að leggja fram kvörtun varðandi vinnslu persónuupplýsinga til landsbundinna yfirvalda sem hafa eftirlit með gagnavernd.	
Skráningarnúmer umráðanda UA-kerfis	
Heiti umráðanda UA-kerfis	
Framleiðandi UA-kerfis	
Gerð UA-kerfis	
Raðnúmer UA-kerfis	
Ég lýsi því hér með yfir að: — **ég fari að öllum gildandi ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2019/947 og STS.x og** — **að viðeigandi vátryggingavernd verði til staðar fyrir öll flug sem flogin eru í samræmi við yfirlýsinguna, sé þess krafist í lögum Sambandsins eða landslögum.**	

Dagsetning		**Undirritun eða önnur sannprófun**	

3. viðbætir

Viðbótarkröfur fyrir aðila sem eru viðurkenndir af lögbæru yfirvaldi og umráðendur UA-kerfa sem annast þjálfun í verklegri færni og mat fjarflugmanna að því er varðar starfrækslu sem fellur undir staðlaða sviðsmynd

Aðili sem hefur í hyggju að hljóta viðurkenningu lögbærs yfirvalds til að annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum fyrir staðlaða sviðsmynd, skal senda lögbæru yfirvaldi yfirlýsingu um samræmi við eftirfarandi kröfur með því að nota yfirlýsingareyðublaðið í 6. viðbæti.

Umráðandi UA-kerfis sem hyggst annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum fyrir staðlaða sviðsmynd skal, til viðbótar við að leggja fram starfræksluyfirlýsingu fyrir stöðluðu sviðsmyndina, senda lögbæru yfirvaldi yfirlýsingu um samræmi við eftirfarandi kröfur með því að nota yfirlýsingareyðublaðið í 4. viðbæti.

Ef lögbært yfirvald eða umráðandi UA-kerfis hyggst annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum fyrir staðlaða sviðsmynd í öðru aðildarríki en skráningaraðildarríkinu, skal senda lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem þjálfunin fer fram afrit af yfirlýsingareyðublaðinu í 4. viðbæti.

Ef aðili, sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi, hyggst annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum fyrir staðlaða sviðsmynd í öðru aðildarríki en viðurkenningaraðildarríkinu, skal senda lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem þjálfunin fer fram sönnunargögn að því er varðar viðurkenninguna.

1) Aðilinn sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins eða af umráðanda UA-kerfisins skal tryggja að skýr skil séu á milli þjálfunarstarfsemi og annarrar starfsemi í því skyni að tryggja sjálfstæði matsins.

2) Aðilinn sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins eða af umráðanda UA-kerfisins skal búa yfir getu til að sinna á fullnægjandi hátt tæknilegu verkefnunum og stjórnsýsluverkefnunum sem tengjast viðfangsefninu í heild, þ.m.t. hæfni starfsfólks og notkun á aðstöðu og búnaði sem hentar fyrir verkefnið.

3) Aðilinn sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins eða af umráðanda UA-kerfisins skal hafa ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á að öll verkefni séu framkvæmd í samræmi við upplýsingarnar og ferlin sem eru tilgreind í 8. lið.

4) Starfsfólk sem ber ábyrgð á þjálfun í verklegri færni og mati skal:

   a) búa yfir hæfi til að sinna þessum verkefnum,

   b) sýna óhlutdrægni og ekki taka þátt í mati ef því finnst það geti ekki verið hlutlaust,

   c) búa yfir traustri fræðilegri þekkingu og reynslu af þjálfun í verklegri færni og fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi mat á verklegri færni sem það annast og nægri reynslu af slíkum ferlum,

   d) búa yfir getu til að hafa umsjón með yfirlýsingum, skrám og skýrslum sem sýna fram á að viðkomandi mat á verklegri færni hafi verið framkvæmt og að draga ályktanir af þessu mati á verklegri færni og

   e) ekki afhenda öðrum aðila en lögbæru yfirvaldi upplýsingar sem umráðandinn eða fjarflugmaðurinn hefur lagt í té óski þeir þess.

5) Þjálfun og mat skal ná yfir verklega færni sem samsvarar þeirri stöðluðu sviðsmynd sem yfirlýsingin er gerð fyrir, og er talin upp í fylgiskjali A við viðkomandi kafla.

6) Þjálfun í verklegri færni og mat skal fara fram á stað eða stöðum í umhverfi sem er dæmigert fyrir skilyrði stöðluðu sviðsmyndarinnar.

7) Matið á verklegri færni skal samanstanda af samfelldu mati á fjarflugnemanum.

8) Að loknu mati á verklegri færni skal aðilinn sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins eða af umráðanda UA-kerfisins taka saman skýrslu sem skal:

   a) a.m.k. innihalda:

      i. sanngreiningarupplýsingar fjarflugnemans,

ii. auðkenni aðilans sem ber ábyrgð á mati á verklegri færni,

iii. auðkenningu á stöðluðu sviðsmyndinni sem matið á verklegri færni er gert fyrir,

iv. frammistöðueinkunn fyrir hverja aðgerð sem fjarflugneminn framkvæmir,

v. heildarmat á hæfni fjarflugnemans að því er varðar verklega færni og

vi. endurgjöf vegna mats á verklegri færni til leiðbeiningar um svið þar sem þörf er á úrbótum, eftir atvikum,

b) undirrituð og dagsett á viðeigandi hátt af aðilanum sem ber ábyrgð á mati á verklegri færni þegar matinu er lokið og

c) skráð og gerð lögbæru yfirvaldi aðgengileg til skoðunar sé þess óskað.

9) Lögbært yfirvald eða umráðandi UA-kerfisins skal senda fjarflugnemanum viðurkenningu um að hann hafi lokið þjálfun í verklegri færni að því er varðar stöðluðu sviðsmyndina ef hann hefur náð fullnægjandi verklegri færni.

10) Útgáfa viðurkenningarinnar um lok þjálfunar í 9. lið skal tilkynnt lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem þjálfunin og matið á verklegri færni fer fram, þ.m.t. sanngreiningarupplýsingar fjarflugnemans, viðkomandi stöðluð sviðsmynd, útgáfudagsetning og sanngreiningarupplýsingar aðilans sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða umráðanda UA-kerfisins sem gefur út viðurkenninguna.

11) Aðilinn sem er viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins eða af umráðanda UA-kerfisins skal birta í rekstrarhandbókinni, sem var sett saman í samræmi við 5. viðbæti, sérkafla þar sem fjallað er um þjálfunarþættina, þ.m.t. eftirfarandi:

a) tilnefnt starfsfólk sem annast þjálfun í verklegri færni og mat, þ.m.t.

i. lýsingu á hæfi viðkomandi starfsfólks,

ii. skyldur og ábyrgð starfsfólksins og

iii. skipurit sem sýnir hvernig ábyrgð starfsfólksins er tengd,

b) verklag og ferli sem eru notuð við þjálfun í verklegri færni og mat, þ.m.t. þjálfunarnámskrá sem tekur til þeirrar verklegu færni sem samsvarar þeirri stöðluðu sviðsmynd sem yfirlýsingin er gerð fyrir, skilgreind í fylgiskjali A við viðkomandi kafla,

c) lýsingu á UA-kerfinu og öðrum búnaði, verkfærum og umhverfinu sem er notað við þjálfun í verklegri færni og mat og

d) sniðmát fyrir matsskýrsluna.

———

4. viðbætir

Yfirlýsing umráðenda UA-kerfa sem hafa í hyggju að annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum í STS-x

	STS-x **Yfirlýsing umráðenda UA-kerfa sem hafa í hyggju að annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum**
Gagnavernd: Persónuupplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu eru unnar af lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin). Upplýsingarnar eru unnar í tengslum við frammistöðu, stjórnun og eftirfylgni með eftirlitsstarfseminni samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947. Ef þú þarfnast frekari upplýsinga um vinnslu persónuupplýsinga um þig eða ef þú óskar þess að neyta réttinda þinna (t.d. til að fá aðgang að eða lagfæra ónákvæmar eða ófullnægjandi upplýsingar), er vísað til tengiliðar lögbæra yfirvaldsins. Umsækjandi á hvenær sem er rétt á að leggja fram kvörtun varðandi vinnslu persónuupplýsinga til landsbundinna yfirvalda sem hafa eftirlit með gagnavernd.	
Skráningarnúmer umráðanda UA-kerfis	
Heiti umráðanda UA-kerfis	
Ég lýsi því hér með yfir að: — **ég hafi lagt fram starfræksluyfirlýsingu fyrir STS-x,** — **ég uppfylli kröfurnar sem skilgreindar eru í 3. viðbæti við viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, og** — **ég fari að öllum gildandi ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2019/947 við starfrækslu UA-kerfis í tengslum við þjálfunarstarfsemi fyrir STS.x, þ.m.t. kröfur vegna starfrækslu samkvæmt STS.x**	
Dagsetning	**Undirritun eða önnur sannprófun**

5. viðbætir

Rekstrarhandbók fyrir staðlaða sviðsmynd

Rekstrarhandbókin fyrir staðlaða sviðsmynd sem er skilgreind í 1. viðbæti skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:

1) staðhæfingu þess efnis að rekstrarhandbókin sé í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar og við yfirlýsinguna, og innihaldi leiðbeiningar sem starfsfólk sem kemur að flugrekstri á að fylgja,

2) skriflegt samþykki ábyrgðarmanns eða umráðanda UA-kerfisins ef um er að ræða einstakling,

3) heildstæða lýsingu á fyrirtæki umráðanda UA-kerfisins,

4) lýsingu á starfræksluhugmyndinni, þ.m.t. að lágmarki:

   a) eðli og lýsingu á starfseminni sem fer fram við starfrækslu UA-kerfa, og greindri tilheyrandi áhættu,

   b) rekstrarumhverfi og landfræðilegu svæði fyrirhugaðrar starfrækslu, þ.m.t.:

      i. einkenni svæðisins sem flogið er yfir með tilliti til þéttleika byggðar, landslags, hindrana, o.s.frv.,

      ii. einkenni loftrýmisins sem á að fljúga um,

      iii. umhverfisaðstæður, þ.m.t. að minnsta kosti veðurfar og rafsegulumhverfi,

      iv. skilgreining á starfrækslurýminu og áhættujöðrum til að takast á við áhættu á jörðu niðri og í lofti,

   c) tæknilegum úrræðum sem notuð eru og helstu einkennum þeirra, frammistöðu og takmörkunum, þ.m.t. UA-kerfið, ytri kerfi sem styðja við starfrækslu UA-kerfisins, aðstaða, o.s.frv.,

   d) starfsfólki sem þörf er á til að annast starfræksluna, þ.m.t. samsetning hópsins, hlutverk starfsfólks og skyldur, hæfiskröfur, grunnþjálfun og kröfur um nýlega reynslu og/eða reglubundna þjálfun,

5) viðhaldsleiðbeiningar sem þörf er á til að halda UA-kerfinu í öruggu ástandi og sem taka til viðhaldsleiðbeininga og krafa frá framleiðanda UA-kerfisins, ef við á,

6) verklagsreglur í flugi, grundvallaðar á leiðbeiningum framleiðanda sem framleiðandi UA-kerfisins leggur fram, og skulu þær fela í sér:

   a) að tekið sé mið af eftirfarandi atriðum til að lágmarka mannleg mistök:

      i. skýrri dreifingu og úthlutun verkefna og

      ii. innri gátlista til að athuga hvort að starfsfólk sinni úthlutuðum verkefnum sínum með fullnægjandi hætti,

   b) að tekið sé mið af sliti á ytri kerfum sem styðja við starfrækslu UA-kerfisins,

   c) verklag við eðlilegar aðstæður, þ.m.t. að minnsta kosti:

      i. undirbúningur og gátlistar fyrir flug, sem ná yfir:

         A) mat á starfrækslurýminu og tengdum áhættujöðrum (áhættujaðri á jörðu niðri, og áhættujaðri í lofti þegar við á), þ.m.t. landslagi og mögulegum hindrunum og tálmum sem geta minnkað getuna til að halda ómönnuðu loftfari í augsýn eða til að fylgjast með loftrýminu, mögulegt yfirflug óviðkomandi aðila og mögulegt flug yfir þýðingarmikil grunnvirki,

         B) mat á nærliggjandi umhverfi og loftrými, þ.m.t. nálægð landfræðilegra svæða UA-kerfa og mögulega starfsemi annarra loftrýmisnotenda,

         C) umhverfisaðstæður sem henta fyrir starfrækslu UA-kerfisins,

         D) lágmarksfjölda starfsfólks, sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfisins og skyldur þeirra,

         E) nauðsynlegar verklagsreglur fyrir samskipti milli fjarflugmannsins eða fjarflugmannanna og annars starfsfólks sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfisins og annarra utanaðkomandi aðila, þegar þörf er á,

         F) að gæta samræmis við allar sértækar kröfur viðkomandi yfirvalda á fyrirhuguðu flugsvæði, þ.m.t. þær sem varða flugvernd, friðhelgi einkalífs, gagnavernd og umhverfisvernd,

G) nauðsynlegar ráðstafanir sem eru til staðar til mildunar áhættu til að tryggja örugga framkvæmd starfræksl-unnar, einkum að því er varðar aðgangstýrt svæði á jörðu niðri:

a) ákvörðun á aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri og

b) að tryggja öryggi á aðgangsstýrða svæðinu á jörðu niðri til að koma í veg fyrir að þriðju aðilar komi inn á svæðið meðan á starfrækslu stendur, og að tryggja samræmingu við staðaryfirvöld, þegar þörf er á,

H) verklag til að sannprófa að UA-kerfið sé í viðeigandi ásigkomulagi til að fyrirhuguð starfræksla geti farið fram með öruggum hætti,

ii. verklag við flugtak og endurheimt,

iii. flugferla, þ.m.t. þá sem tryggja að ómannaða loftfarið haldist innan flugrýmisins,

iv. verklag eftir flug, þ.m.t. skoðanir til að sannprófa ástand UA-kerfisins,

v. verklag fyrir fjarflugmanninn til greina mögulega árekstra á milli loftfara og, ef þess er krafist af umráðanda UA-kerfisins, fyrir vaktmann eða vaktmenn loftrýmis eða vaktmann eða vaktmenn ómannaðs loftfars, eftir því sem við á,

d) viðbúnaðarverklag, þ.m.t. að minnsta kosti:

i. verklag til fást við ómannað loftfar sem fer út fyrir tilgreint „flugrými“,

ii. verklag til að fást við óviðkomandi aðila sem koma inn á aðgangsstýrt svæði á jörðu niðri,

iii. verklag til að fást við erfið starfræksluskilyrði,

iv. verklag til að fást við slit á ytri kerfum sem styðja við starfrækslu,

v. orðfæri sem nota skal, ef vaktmenn loftrýmis hafa verið ráðnir,

vi. verklag til að forðast árekstra við aðra loftrýmisnotendur,

e) neyðarverklag til að fást við neyðarástand, þ.m.t.:

i. verklag til að forðast, eða a.m.k. lágmarka, tjón sem þriðju aðilar verða fyrir í lofti eða á jörðu niðri,

ii. verklag til fást við ómannað loftfar sem fer út fyrir starfræksluloftrými,

iii. verklag við endurheimt ómannaða loftfarsins við neyðarástand,

f) öryggisverklag eins og um getur í ii. og iii. lið a-liðar 1. liðar í lið UAS.SPEC.050,

g) verklag við verndun persónuupplýsinga sem um getur í iv. lið a-liðar 1. liðar í lið UAS.SPEC.050,

h) viðmiðunarreglur til að lágmarka óþægindi og umhverfisáhrif sem um getur í v. lið a-liðar 1. liðar í lið UAS.SPEC.050,

i) verklag við tilkynningu atvika,

j) verklag við skráahald og

k) viðmiðunarreglur þar sem tilgreint er hvernig fjarflugmaður, eða fjarflugmenn og annað starfsfólk, sem ber ábyrgð á verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu UA-kerfisins, geti lýst sig hæft til að gegna starfrækslu áður en hún hefst.

———

6. viðbætir

Yfirlýsing frá aðilanum sem hefur í hyggju að hljóta viðurkenningu lögbærs yfirvalds til að annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum í STS-x

STS-x **Yfirlýsing frá aðilanum sem hefur í hyggju að hljóta viðurkenningu lögbærs yfirvalds til að annast þjálfun í verklegri færni og mat á fjarflugmönnum**	
Gagnavernd: Persónuupplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu eru unnar af lögbæru yfirvaldi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin). Upplýsingarnar eru unnar í tengslum við frammistöðu, stjórnun og eftirfylgni með eftirlitsstarfseminni samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947. Ef þú þarfnast frekari upplýsinga um vinnslu persónuupplýsinga um þig eða ef þú óskar þess að neyta réttinda þinna (t.d. til að fá aðgang að eða lagfæra ónákvæmar eða ófullnægjandi upplýsingar), er vísað til tengiliðar lögbæra yfirvaldsins. Umsækjandi á hvenær sem er rétt á að leggja fram kvörtun varðandi vinnslu persónuupplýsinga til landsbundinna yfirvalda sem hafa eftirlit með gagnavernd.	
Auðkenning aðila	
Eiginnafn og kenninafn, símanúmer og tölvupóstfang ábyrgðaraðila	
Ég lýsi því hér með yfir að: — **ég uppfylli kröfurnar sem skilgreindar eru í 3. viðbæti við viðaukann við reglugerð (ESB) 2019/947 og** — **ég fari að öllum gildandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 2019/947 við starfrækslu UA-kerfis í tengslum við þjálfunarstarfsemi fyrir STS.x, þ.m.t. kröfur vegna starfrækslu samkvæmt STS.x**	

Dagsetning		**Undirritun eða önnur sannprófun**	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/746 **2023/EES/62/35**

frá 4. júní 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til í því skyni að halda COVID-19 heimsfaraldrinum í skefjum, draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að framkvæma ýmsar nýlega samþykktar framkvæmdarreglugerðir á sviði flugöryggis.

2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samtímis auknu vinnuálagi sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19 heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hindra undirbúning að því að koma þessum framkvæmdarreglugerðum í framkvæmd.

3) Vegna COVID-19 heimsfaraldursins verður óhjákvæmilega töf á framkvæmd mismunandi verkefna sem eru nauðsynleg fyrir tilhlýðilega og tímanlega framkvæmd framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ([2]), einkum innleiðing stafrænna og samvirkandi skráningarkerfa auk aðlögunar heimilda, yfirlýsinga og vottorða sem eru gefin út á grundvelli landslaga.

4) Tafir hafa orðið á stöðlunarferli og annarri tilheyrandi starfsemi sem flugiðnaðurinn og staðlastofnanir leiða, s.s. undirbúningur prófunaraðferða, eða prófun tæknilegra eiginleika, s.s. fjarauðkenning. Þetta hefur að sama skapi í för með sér neikvæð áhrif á getu framleiðenda til að markaðssetja ómönnuð loftfarskerfi sem uppfylla nýju, stöðluðu kröfurnar í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ([3]).

5) Því ætti að heimila áframhaldandi starfrækslu allra tegunda ómannaðra loftfarskerfa við núgildandi skilyrði í sex mánuði til viðbótar. Þar af leiðandi ætti að fresta framkvæmd framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 til samræmis við það í því skyni að gera umráðendum ómannaðra loftfarskerfa kleift að nota ómönnuð loftfarskerfi, sem uppfylla ekki kröfur framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/945, í sex mánuði til viðbótar.

6) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á framkvæmd ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem hún muni vara í mjög takmarkaðan tíma og í ljósi þess er líklegt að flugstarfsemi muni fara hægt af stað að afstöðnum COVID-19 heimsfaraldrinum, sem dregur úr áhættu af völdum váhrifa, og landslög munu áfram vera í gildi í þeim aðildarríkjum þar sem starfræksla ómannaðra loftfarskerfa er leyfileg.

7) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn varir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir að fresta framkvæmd viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 5.6.2020, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „1. júlí 2022“ í 20. gr. kemur „1. janúar 2023“.

2) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað „1. júlí 2021“ í 1. mgr. kemur „1. janúar 2022“.

   b) Í stað „1. júlí 2021“ í 2. mgr. kemur „1. janúar 2022“.

   c) Í stað „1. júlí 2022“ í 3. mgr. kemur „1. janúar 2023“.

3) Í stað „tveggja ára“ í 22. gr. kemur „30 mánaða“.

4) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

      „Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. desember 2020.“

   b) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

      „5. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1159 **2023/EES/62/36**

frá 5. ágúst 2020

um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) nr. 2015/640 að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum h-lið 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 gefur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins („Flugöryggisstofnunin“) út vottunarforskriftir og uppfærir þær reglulega. Ef hönnun loftfars hefur þegar verið vottuð þarf loftfarið þó hvorki að uppfylla uppfærða útgáfu af vottunarforskriftunum á framleiðslutíma né starfrækslutíma sínum. Til að viðhalda flugöryggi og umhverfiskröfum á háu stigi í Sambandinu ætti því að setja kröfu um að slík loftför uppfylli viðbótarlofthæfikröfur, sem voru ekki hluti af upphaflegu vottunarforskriftinni á þeim tíma sem hönnunin var vottuð. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 ([2]) eru settar fram slíkar viðbótarlofthæfikröfur. Þeirri reglugerð ætti nú að breyta til að bæta við nýjum kröfum um eldri loftför.

2) Árið 2007 gaf Flugöryggisstofnunin út viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur 20-20 (AMC 20-20) þar sem veittar eru tæknilegar leiðbeiningar um þróun áætlunar um áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem miðar að því að tryggja örugga starfrækslu eldri loftfara á endingartíma þeirra. Sökum þess að viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur eru ekki bindandi í eðli sínu er þessum leiðbeiningum e.t.v. ekki beitt með samræmdum hætti í Sambandinu. Sem stendur kunna því nú að vera í notkun stór loftför sem voru hönnuð, breytt eða lagfærð án þess að raunverulega hafi verið tekið tillit til mats á vikmörkum tjóns, útbreiddra málmþreytuskemmda og varna gegn tæringu. Í því skyni að koma í veg fyrir stórfelldar bilanir af völdum málmþreytu, þ.m.t. útbreiddra málmþreytuskemmda og tæringar, ætti að fella inn í reglugerð (ESB) 2015/640 viðbótarlofthæfikröfur varðandi eldri loftför.

3) Líta má svo á að öldrunarþættir byrji að hafa áhrif frá þeirri stundu sem loftfarið var framleitt. Öldrunarhraði loftfars byggist á þáttum svo sem aldri, fjölda notkunarskipta í flugi og fjölda flugtíma. Íhlutir loftfars eldast mishratt og nokkrir öldrunarþáttanna eru málmþreyta vegna endurtekinna notkunarskipta, slit, hrörnun og tæring. Ef ekki er haldið nægilega vel utan um þessa þætti á endingartíma loftfarsins gætu þeir valdið alvarlegum öryggisvandamálum. Reynsla af notkun hefur sýnt að nauðsynlegt er að uppfæra stöðugt þekkingu um heilleika burðarvirkis eldra loftfars. Því ætti að fella inn í reglugerð (ESB) 2015/640 nýjar kröfur um reglulega uppfærslu á þekkingu varðandi öldrunarþætti á grundvelli reynslu af starfrækslu á rauntíma og notkun nútímatækja fyrir greiningar og prófanir.

4) Með þessum kröfum, sem gerðar eru til eldri loftfara, ætti að tryggja að handhafar hönnunarsamþykkis taki saman gögn og fylgi þeim málsmeðferðarreglum, leiðbeiningum og handbókum sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir öldrunartengda bilun í burðarvirki vegna tæringar og málmþreytu og geri þær tiltækar flugrekendum. Til að ná þessu fram ætti handhöfum hönnunarsamþykkis að vera skylt að þróa alhliða áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis (e. *continuing structural integrity programme*) fyrir tegund loftfars og meta fyrirliggjandi breytingar og hönnun viðgerðar m.t.t. vikmarka tjóns [áður skemmdarþol]. Á sama tíma ætti flugrekendum að vera skylt að fella þessi gögn inn í viðhaldsáætlun sína sem og að bregðast við þeim skaðlegu áhrifum sem breytingar og viðgerðir kunna að hafa á hvern flugskrokk og á tilheyrandi kröfur um viðhald.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).

5) Til að tryggja að gögn, málsmeðferðarreglur, leiðbeiningar og handbækur, sem tekin eru saman á grundvelli þessara nýju krafna, séu einnig notuð í tengslum við viðhald á stórum flugvélum er nauðsynlegt að í lið M.A.302 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([3]) sé tilvísun í kröfurnar sem felldar eru inn í 26. hluta í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640.

6) Sem stendur eru nokkur hundruð stór loftför skráð í aðildarríkjunum sem búin eru farm- eða farangursrými í D-flokki. Hættan á óstöðvandi eldi í þessari tegund rýma er talin mikil, einkum að teknu tilliti til þess að fjöldi litíumrafhlaðna í farm- eða farangursrými hefur aukist undanfarin ár, til viðbótar við greinda áhættu af völdum óðahitahækkunar og þeim eldum sem af rafhlöðunum hlýst.

7) Í september 2007 innleiddi Flugöryggisstofnunin nýja hönnunarstaðla sem fella brott farm- og farangursrými í D-flokki úr vottunarforskriftunum fyrir stórar flugvélar. Þessir staðlar miðuðu að því að draga úr hættu á áverkum eða dauðaslysum ef upp kæmi eldur í farm- eða farangursrými meðan á flugi stóð, en þeir gilda aðeins um stórar flugvélar sem vottaðar eru á grundvelli beiðna sem gerðar eru eftir september 2007. Að teknu tilliti til þess að tilteknar stórar flugvélar uppfylla mögulega ekki þessa staðla og að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og áhættu starfrækslu stórra flugvéla ættu þessir staðlar nú að gilda um allar stórar flugvélar sem eru í notkun og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað.

8) Síðastliðna áratugi hefur það að loftfar fari út fyrir flugbraut (e. *runway excursion*) átt stóran þátt í slysum á heimsvísu og skapað verulega áhættu fyrir flugöryggi. Samkvæmt árlegu öryggismati Flugöryggisstofnunar Evrópu árið 2018 var það að loftfar fór út fyrir flugbraut skilgreint sem annar af tveimur stærstu áhættuþáttunum. Enn fremur voru 30% slysa án dauðsfalla rakin til þess að loftför fóru út fyrir flugbraut innan sama tímabils og fyrir sama mannfjölda. Fjöldi tilvika þar sem loftfar fer út fyrir flugbraut í lendingu hefur aukist í samræmi við vaxandi umferð. Þar eð gert er ráð fyrir því flugumferð aukist áfram, bæði á heimsvísu og í Evrópu, má einnig búast við því að fjöldi tilvika þar sem loftfar fer út fyrir flugbraut muni aukast ef ekki er gripið til aðgerða.

9) Í janúar 2020 innleiddi Flugöryggisstofnunin nýja hönnunarstaðla að því er varðar uppsetningu á kerfum sem ætlað er að aðstoða flugliða við ákvarðanatöku í aðflugi og lendingu. Markmiðið með þessum stöðlum er að milda áhættuna á því að loftfar fari út fyrir flugbrautina í lendingu. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og áhættu af starfrækslu stórra flugvéla ættu þessir nýju staðlar nú að gilda um allar stórar flugvélar sem eru í notkun og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað.

10) Því ætti að breyta reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) nr. 2015/640 til samræmis við það. Með hliðsjón af COVID-19 faraldrinum, sem nú herjar á, hefur umbreytingartímabili verið bætt við til að forðast aukið álag fyrir iðnaðinn meðan á þessu hættuástandi stendur og til að greiða fyrir því að farið sé að þeim nýju reglum og málsmeðferðarreglum sem eru innleiddar með þessari reglugerð.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 12/2016 ([4]) og áliti 04/2019 ([5]) sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([4]) Álit 12/2016: Burðarvirki eldri loftfara (*Ageing aircraft structures*).

([5]) Álit 04/2019: Fækkun tilvika þar sem loftfar fer út fyrir flugbrautina og fækkun rýma í D-flokki (*Reduction of runway excursions and Class D compartments*)

2. gr.

Reglugerð (ESB) 2015/640 er breytt sem hér segir

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um almennar viðbótarlofthæfiforskriftir varðandi áframhaldandi lofthæfi og öryggisúrbætur fyrir loftför.

2. Þessi reglugerð gildir um:

a) flugrekendur:

i. loftfara sem eru skráð í aðildarríki,

ii. loftfara sem eru skráð í þriðja landi en þar sem aðildarríki ber ábyrgð á eftirliti með flugrekandanum sem notar þau,

b) handhafa tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða samþykkis fyrir breytingu og hönnun viðgerða, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012* eða sem telst hafa verið gefið út í samræmi við 3. gr. þeirrar reglugerðar,

c) umsækjendur um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð fyrir stóra flugvél með hverfihreyfli, sem lögðu fram umsókn sína fyrir 1. janúar 2019 og fengu vottorðið útgefið eftir 26. ágúst 2020, ef það er tilgreint í I. viðauka (26. hluta).

---

* Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).“

2) Í 2. gr. bætast eftirfarandi e- til o- liðir við:

„e) „gildismörk“ (e. *limit of validity*, LOV): tímabil, í tengslum við tæknilegu gögnin sem styðja viðhaldsáætlun burðarvirkis, gefið upp sem fjöldi uppsafnaðra notkunarskipta í flugi eða flugtíma eða bæði, þar sem sýnt er fram á að ekki muni koma til útbreiddra málmþreytuskemmda í flugvélinni,

f) „þáttur um lofthæfitakmarkanir“ (ALS): kafli í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi, eins og krafist er í liðum 21.A.61, 21.A.107 og 21.A.120A í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, sem inniheldur lofthæfitakmarkanir þar sem fram kemur tími fyrirskipaðra skipta á hlutum, tíminn milli skoðana og tilheyrandi skoðunarreglur,

g) „áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni“ (e. *corrosion prevention and control programme*, CPCP): skjal sem endurspeglar kerfisbundna nálgun til að verjast og hafa eftirlit með tæringu í aðalburðarvirki flugvélar, sem samanstendur af grunntæringarverkefnum, þ.m.t. skoðunum, svæðum sem falla undir þessi verkefni, skilgreindum tæringarstigum og tímafrestum til að uppfylla kröfurnar (viðmiðunarmörk fyrir framkvæmd og tími milli endurtekninga); handhafi tegundarvottorðs kemur á fót grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni, sem flugrekendur geta aðlagað til að koma á fót, innan ramma viðhaldsáætlunar sinnar, áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni sem er sértæk fyrir starfsemi þeirra,

h) „útbreidd málmþreytuskemmd“ (e. *widespread fatigue damage*, WFD): þegar margar sprungur eru til staðar samtímis í burðarvirki flugvélar þar sem stærð þeirra og fjöldi eru slík að burðarvirkið mun ekki lengur uppfylla þann bilanatrausta styrkleika (e. *fail-safe strength*) eða þann styrkleika sem eftir er (e. *residual strength*) og notaður er við vottun á burðarvirkinu,

i) „grunnburðarvirki“: vísar til burðarvirkisins sem er hannað samkvæmt tegundarvottorðinu fyrir viðkomandi undirtegund flugvélar (þ.e. „undirtegundarsamskipan flugvélar eins og hún er afhent“),

j) „málmþreytugjörn grunnburðarvirki“ (e. *fatigue-critical baseline structure*, FCBS): grunnburðarvirki flugvélar sem handhafi tegundarvottorðs flokkar sem málmþreytugjarnt burðarvirki,

k) „málmþreytugjörn breytt burðarvirki“ (e. *fatigue-critical modified structure*, FCMS): öll málmþreytugjörn burðarvirki í flugvél sem hefur verið bætt við eða sem orðið hafa fyrir áhrifum vegna breytingar á tegundarhönnun og eru ekki þegar skráð sem hluti af málmþreytugjörnu grunnburðarvirki,

l) „mat á vikmörkum tjóns“ (e. *damage tolerance evaluation*, DTE): ferli sem leiðir til ákvörðunar á þeim viðhaldsaðgerðum sem nauðsynlegar eru til að greina eða útiloka sprungumyndun vegna málmþreytu sem gæti stuðlað að stórfelldri bilun; þegar mat á vikmörkum tjóns er framkvæmt m.t.t. viðgerða og breytinga felur það í sér mat á viðkomandi viðgerð eða breytingu og því málmþreytugjarna burðarvirki sem viðgerðin eða breytingin hefur áhrif á,

m) „skoðun á vikmörkum tjóns“ (e. *damage tolerance inspection*, DTI): skjalfest krafa um skoðun eða aðra viðhaldsaðgerð sem handhafar tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs þróa í kjölfar mats á vikmörkum tjóns. Skoðun á vikmörkum tjóns felur í sér svæðin sem skoða skal, skoðunaraðferðina, verklagsreglur við skoðun (þ.m.t. röð skoðunaráfanga og samþykkis- og höfnunarviðmiðanir), viðmiðunarmörk skoðunar og öll tímabil milli endurtekninga sem tengjast þessum skoðunum; í skoðun á vikmörkum tjóns má einnig tilgreina viðhaldsaðgerðir svo sem útskipti, viðgerð eða breytingu,

n) „leiðbeiningar um mat á viðgerðum“ (e. *repair evaluation guideline*, REG): ferli sem handhafi tegundarvottorðs kemur á fót, sem veitir flugrekendum leiðbeiningar við að koma á fót skoðunum á vikmörkum tjóns að því er varðar viðgerðir, sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki, til að tryggja áframhaldandi heilleika burðarvirkis í tengslum við allar viðeigandi viðgerðir,

o) „málmþreytugjörn burðarvirki“ (e. *fatigue-critical structure*, FCS): burðarvirki flugvélar sem er viðkvæmt fyrir sprungumyndun vegna málmþreytu sem gæti leitt til stórfelldrar bilunar á flugvélinni.“

3) Ákvæðum I. viðauka (26. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 26. febrúar 2021, að undanskildum 4. lið II. viðauka sem kemur til framkvæmda 26. ágúst 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í d-lið liðar M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 bætist eftirfarandi 3. liður við:

„3. gildandi ákvæðum I. viðauka (26. hluta) við reglugerð (ESB) 2015/640.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (26. hluta) við reglugerð (ESB) 2015/640 er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

26. hluti

VIÐBÓTARLOFTHÆFIFORSKRIFTIR SEM GILDA UM STARFRÆKSLU

EFNISYFIRLIT

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

26.10 Lögbært yfirvald

26.20 Tímabundið óstarfhæfur búnaður

26.30 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

B-KAFLI – STÓRAR FLUGVÉLAR

26.50 Sæti, legurúm, öryggisbelti og öryggistygi

26.60 Nauðlending á landi — hreyfifræðileg skilyrði

26.100 Staðsetning neyðarútganga

26.105 Aðgangur að neyðarútgöngum

26.110 Merkingar neyðarútganga

26.120 Neyðarlýsing inni í vélinni og notkun neyðarljósa

26.150 Rými að innanverðu

26.155 Eldfimi klæðningar í farmrými

26.156 Varmaeinangrandi eða hljóðeinangrandi efni

26.157 Breyting á rýmum í D-flokki

26.160 Brunavarnir á salernum

26.170 Slökkvitæki

26.200 Lendingarbúnaður – viðvörunarhljóð

26.205 Viðvörunarkerfi til þess að fyrirbyggja að farið sé út fyrir flugbrautarenda (e. *runway overrun awareness and alerting systems*)

26.250 Stýrikerfi stjórnklefahurðar — ef einn flugliði verður óstarfhæfur

26.300 Áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis fyrir burðarvirki eldri flugvéla – almennar kröfur

26.301 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa (takmarkaðra) tegundarvottorða

26.302 Mat á vikmörkum málmþreytu og tjóns

26.303 Gildismörk (e. *limit of validity*)

26.304 Áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni

26.305 Gildi áætlunarinnar um áframhaldandi heilleika burðarvirkis

26.306 Málmþreytugjörn grunnburðarvirki

26.307 Gögn um vikmörk tjóns vegna fyrirliggjandi breytinga á málmþreytugjörnu burðarvirki

26.308 Gögn um vikmörk tjóns vegna fyrirliggjandi viðgerða á málmþreytugjörnu burðarvirki

26.309 Leiðbeiningar um mat á viðgerðum

26.330 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar gildandi viðbótartegundarvottorð (STC), aðrar fyrirliggjandi meiri háttar breytingar og fyrirliggjandi viðgerðir, sem hafa áhrif á þessar breytingar eða viðbótartegundarvottorð

26.331 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa viðbótartegundarvottorða

26.332 Auðkenning á breytingum sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki

26.333 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og viðgerðir, sem varða þau viðbótartegundarvottorð, sem samþykkt eru 1. september 2003 eða síðar

26.334 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og aðrar breytingar og viðgerðir, sem varða þessar breytingar, sem samþykktar eru fyrir 1. september 2003

26.370 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi og viðhaldsáætlun fyrir loftför

KAFLI C — STÓRAR ÞYRLUR

26.400 Slökkvitæki

I. viðbætir — Skrá yfir undirtegundir flugvéla sem falla ekki undir tiltekin ákvæði I. viðauka (26. hluta)“.

2) Í stað liðar 26.10 kemur eftirfarandi:

„26.10 **Lögbært yfirvald**

a) Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald, en gagnvart því þurfa flugrekendur að færa sönnur fyrir því að loftför sem eru með vottaða hönnun uppfylli kröfurnar í þessum viðauka, vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar.

b) Að því er varðar þennan viðauka telst Flugöryggisstofnunin vera lögbæra yfirvaldið, en gagnvart því þurfa handhafar tegundarvottorða, takmarkaðra tegundarvottorða, viðbótartegundarvottorða, samþykkja fyrir breytingum og hönnun viðgerða að færa sönnur fyrir því að gildandi tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir breytingu og hönnun viðgerða uppfylli kröfurnar í þessum viðauka.“

3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 26.30:

a) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Í samræmi við 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 skal Flugöryggisstofnunin gefa út vottunarforskriftir sem staðlaða leið til að færa sönnur fyrir því að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar. Vottunarforskriftirnar skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa til kynna skilyrðin fyrir því hvernig færa megi sönnur fyrir því að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar.

b) Flugrekendur og handhafar tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða samþykkis fyrir breytingu og hönnun viðgerðar geta sýnt fram á að farið sé að kröfunum í þessum viðauka með því að fara að annaðhvort:

i. forskriftunum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út skv. a-lið þessa liðar, eða jafngildum vottunarforskriftum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út samkvæmt lið 21.B.70 í I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 eða

ii. tæknistöðlum, sem veita sambærilegt öryggisstig og það sem tilgreint er í þessum vottunarforskriftum.“

b) Eftirfarandi c-liður bætist við:

„c) Handhafar tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða samþykkis fyrir breytingu og hönnun viðgerða skulu gera upplýsingar um hvers kyns breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi (ICA), sem krafist er til að færa sönnur fyrir því að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar, aðgengilegar hverjum þekktum flugrekanda flugvélanna. Að því er varðar þessa reglugerð skulu leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi (ICA) einnig innihalda skoðanir á vikmörkum tjóns (DTI), leiðbeiningar um mat á viðgerðum (REG), grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni (CPCP) og skrá yfir málmþreytugjörn burðarvirki (FCS) og þætti um lofthæfitakmarkanir (ALS).“

4) Eftirfarandi liður 26.157 bætist við:

„26.157 Breyting á rýmum í D-flokki

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru til flutningaflugs, með tegundarvottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar skulu tryggja eftirfarandi:

a) fyrir flugvélar sem notaðar eru til farþegaflutninga, að hvert farm- eða farangursrými í D-flokki, án tillits til umfangs þess, uppfylli vottunarforskriftirnar sem gilda um rými í C-flokki,

b) fyrir flugvélar sem eru eingöngu notaðar til farmflutninga, að hvert farmrými í D-flokki, án tillits til umfangs þess, uppfylli vottunarforskriftirnar sem gilda um rými í annaðhvort C-flokki eða E-flokki.“

5) Eftirfarandi liður 26.205 bætist við:

„26.205 Viðvörunarkerfi til þess að fyrirbyggja að farið sé út fyrir flugbrautarenda

a) Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru til flutningaflugs, skulu tryggja að allar flugvélar, sem fengu útgefið sérstakt lofthæfivottorð í fyrsta sinn 1. janúar 2025 eða síðar, séu búnar viðvörunarkerfi til þess að fyrirbyggja að farið sé út fyrir flugbrautarenda.

b) Þetta kerfi skal hannað með þeim hætti að draga megi úr áhættunni á því að loftfar fari til hliðar út af flugbrautinni við lendingu með því að vara flugliða, á flugi og á jörðu niðri, við því að flugvélin eigi á hættu að geta ekki stoppað innan tiltækrar vegalengdar að flugbrautarenda.“

6) Eftirfarandi liðir 26.300, 26.301, 26.302, 26.303, 26.304, 26.305, 26.306, 26.307, 26.308, 26.309, 26.330, 26.331, 26.332, 26.333, 26.334 og 26.370 bætast við:

„26.300 Áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis fyrir burðarvirki eldri flugvéla – almennar kröfur

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyfli, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal koma á fót áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis fyrir burðarvirki eldri flugvéla, sem skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 26.301 til 26.309.

b) Ákvæði a-liðar skulu ekki gilda um undirtegund flugvélar sem fékk útgefið tegundarvottorð fyrir 26. febrúar 2021 og sem uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. hún er skráð í töflu A.1 í 1. viðbæti þessa viðauka,

ii. hún er ekki starfrækt eftir 26. febrúar 2021,

iii. hún hefur ekki verið vottuð til að stunda almenningsflug með farmþunga eða farþega,

iv. hún hefur takmarkað tegundarvottorð, sem gefið var út fyrir 26. febrúar 2021 í samræmi við kröfur um vikmörk tjóns, að því tilskildu að hún sé ekki starfrækt umfram 75% af hönnunarþjónustumarkmiði sínu og er fyrst og fremst starfrækt til að styðja framleiðsluaðgerðir handhafa samþykkis,

v. hún er vottuð með takmörkuðu tegundarvottorði og er fyrst og fremst hönnuð fyrir slökkvistarf.

Undanþágurnar, sem kveðið er á um í ii.-v. lið b-liðar, gilda aðeins eftir að handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs hefur, eigi síðar en 27. maí 2021, lagt fyrir Flugöryggisstofnunina skrá til samþykktar þar sem tegund og undirtegund flugvélar, afbrigði eða raðnúmer eru auðkennd sem og upplýsingar sem styðja ástæður þess að flugvélinni er bætt í skrána.

c) Að því er varðar undirtegund flugvélar, sem fékk tegundarvottorð útgefið í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021 og þar sem fyrirliggjandi breyting eða viðgerð hefur ekki verið gerð og verður ekki gerð á flugvél í starfrækslu 26. febrúar 2022 eða seinna, skulu ákvæði ii. og iii. liðar a-liðar 26.307 og ii. liðar a-liðar 26.308 ekki gilda ef handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs hefur lagt fram skrá yfir allar breytingar og viðgerðir fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022.

26.301 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa (takmarkaðra) tegundarvottorða

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal:

i. koma á fót áætlun um reglufylgni varðandi áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem lýsir því hvernig fyrirhugað er að sýna fram á að kröfurnar, sem settar eru í fram í liðum 26.302 til 26.309, hafi verið uppfylltar,

ii. leggja áætlunina um reglufylgni fyrir áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem um getur í i. lið, fyrir Flugöryggis-stofnunina til samþykkis eigi síðar en 27. maí 2021.

b) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, sem um getur í c- lið 2. mgr. 1. gr., skal:

i. koma á fót áætlun um reglufylgni varðandi áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem lýsir því hvernig fyrirhugað er að sýna fram á að kröfurnar, sem settar eru í fram í liðum 26.303 til 26.306, hafi verið uppfylltar,

ii. leggja áætlunina um reglufylgni varðandi áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem um getur í i. lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis eigi síðar en 27. maí 2021 eða fyrir útgáfu vottorðsins, hvort sem gerist seinna.

26.302 Mat á vikmörkum málmþreytu og tjóns

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal meta málmþreytu og vikmörk tjóns á burðarvirki flugvélarinnar og þróa verklagsreglur fyrir skoðun á vikmörkum tjóns (DTI) sem mun koma í veg fyrir stórfelldar bilanir af völdum málmþreytu á endingartíma flugvélarinnar.

b) Nema Flugöryggisstofnunin hafi þegar samþykkt gögnin sem lýsa skoðuninni á vikmörkum tjóns, sem um getur í a-lið, í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs leggja þessi gögn fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023.

26.303 Gildismörk

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, og sem er með skráða hámarksflugtaksþyngd sem er meiri en 34 019 kg (75 000 pund) skal:

   i. fastsetja gildismörk og bæta viðkomandi gildismörkum við í breytingu á þættinum um lofthæfitakmarkanir,

   ii. bera kennsl á fyrirliggjandi og nýjar viðhaldsaðgerðir, sem hafa áhrif á gildismörkin, og taka saman þjónustuupplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir flugrekendur til að innleiða þessar viðhaldsaðgerðir, og leggja þær fyrir Flugöryggisstofnunina í samræmi við bindandi tímaáætlun, sem samið er um við Flugöryggisstofnunina.

   Sú samskipan burðarvirkis flugvélar sem meta skal í þeim tilgangi að fastsetja gildismörk skal taka til allra afbrigða og afleiða undirtegunda, sem samþykktar eru samkvæmt tegundarvottorðinu fyrir 26. febrúar 2021, sem og allra breytinga og endurbóta sem gerðar hafa verið á burðarvirkjum þessara flugvéla, sem krafist er samkvæmt lofthæfifyrirmælum sem gefin eru út fyrir 26. febrúar 2021.

   Þrátt fyrir ii. lið a-liðar skal þess ekki krafist að handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum taki saman og leggi fyrir Flugöryggisstofnunina þjónustuupplýsingar um viðhaldsaðgerðir, sem gilda um undirtegund flugvélar sem ekki verður starfrækt áfram eftir þann tíma sem áætlað er að þjónustuupplýsingar um viðkomandi viðhaldsaðgerð verði lagðar fram. Til að þessi undanþága taki gildi skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs upplýsa Flugöryggisstofnunina um það eigi síðar en daginn sem hætt verður að starfrækja viðkomandi undirtegund flugvélar.

b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykktar þau gildismörk sem fastsett eru í samræmi við a-lið og breytinguna á þættinum um lofthæfitakmarkanir, sem um getur í þeim lið, sem og bindandi tímaáætlun, áður en frestirnir, sem fastsettir eru í i.-iii. lið, renna út:

   i. 26. ágúst 2022 að því er varðar málmþreytugjörn burðarvirki með vottunargrunn sem felur ekki í sér mat á vikmörkum tjóns,

   ii. 26. febrúar 2026 að því er varðar burðarvirki flugvélar sem gengst undir alhliða málmþreytuprófun á þeim degi sem þessi breytingarreglugerð öðlast gildi,

   iii. 26. febrúar 2025 að því er varðar öll önnur burðarvirki flugvéla.

c) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum og hámarksflugtaksþyngd (MTOW) yfir 34 019 kg (75 000 pund) skal:

   i. fastsetja gildismörk og bæta viðkomandi gildismörkum við í þáttinn um lofthæfitakmarkanir,

   ii. bera kennsl á fyrirliggjandi og nýjar viðhaldsaðgerðir, sem hafa áhrif á gildismörkin, og taka saman þjónustuupplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir flugrekendur til að innleiða þessar viðhaldsaðgerðir, og leggja þær fyrir Flugöryggisstofnunina í samræmi við bindandi tímaáætlun, sem samið er um við Flugöryggisstofnunina.

d) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykktar þau gildismörk sem fastsett eru í samræmi við c-lið og þáttinn um lofthæfitakmarkanir, sem um getur í þeirri málsgrein, sem og bindandi tímaáætlun.

e) Eftirfarandi frestir gilda um þær skuldbindingar sem um getur í d-lið:

   i. fyrir þann dag sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt í áætlun umsækjandans til að ljúka prófunum og greiningum á þeim burðarvirkjum flugvéla, sem framkvæma þarf nýja alhliða málmþreytuprófun á, til að fastsetja gildismörkin,

   ii. fyrir 26. febrúar 2025 fyrir öll önnur burðarvirki flugvélarinnar.

26.304 Áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal koma á fót grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni.

b) Nema Flugöryggisstofnunin hafi þegar samþykkt grunnáætlunina, sem um getur í a-lið, um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni, í samræmi við 1. lið c-liðar liðar 21.A.3B í 1. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í skýrslu stjórnarinnar um endurskoðun á viðhaldi sem Flugöryggisstofnunar hefur samþykkt, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs leggja áætlunina um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023.

c) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., skal koma á fót grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni áður en tegundarvottorðið er gefið út.

26.305 Gildi áætlunarinnar um áframhaldandi heilleika burðarvirkis

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal koma á fót og innleiða ferli sem tryggir að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar, að teknu tilliti til reynslu af notkun og núverandi starfrækslu.

b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja lýsingu á ferlinu, sem um getur í a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023. Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal innleiða ferlið innan við 6 mánuðum eftir að Flugöryggisstofnun hefur samþykkt það.

c) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, skal koma á fót og innleiða ferli sem tryggir að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar, að teknu tilliti til reynslu af notkun og núverandi starfrækslu. Hann skal leggja lýsingu á ferlinu fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023 eða fyrir útgáfu vottorðsins, eftir því hvort kemur síðar, og skal innleiða ferlið innan við 6 mánuðum eftir að Flugöryggisstofnun hefur samþykkt það.

26.306 Málmþreytugjörn grunnburðarvirki

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, sem má flytja 30 farþega eða fleiri eða er með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal auðkenna og skrá þau grunnburðarvirki sem eru málmþreytugjörn að því er varðar öll afbrigði og afleiður undirtegunda flugvéla sem eru skráð í tegundarvottorðinu eða takmarkaða tegundarvottorðinu.

b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja skrána yfir burðarvirkin, sem um getur í a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. ágúst 2021.

c) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána, sem um getur í a-lið, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs gera hana tiltæka flugrekendum og aðilum sem er skylt að fara að ákvæðunum í lið 26.330 og 26.370.

d) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem veita á vottun til að flytja 30 farþega eða fleiri eða er með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal auðkenna og skrá þau grunnburðarvirki sem eru málmþreytugjörn að því er varðar öll afbrigði og afleiður undirtegunda flugvéla sem eru skráð í tegundarvottorðinu eða takmarkaða tegundarvottorðinu. Hann skal leggja skrána yfir þessi burðarvirki fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. ágúst 2021 eða áður en vottorðið er gefið út, eftir því hvort kemur síðar.

e) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána, sem um getur í d-lið, skal umsækjandi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., gera hana tiltæka flugrekendum og aðilum sem er skylt að fara að ákvæðunum í lið 26.370.

26.307 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar fyrirliggjandi breytingar á málmþreytugjörnu burðarvirki

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal, að því er varðar breytingar og málmþreytugjörn, breytt burðarvirki (FCMS) sem lágu fyrir 26. febrúar 2021:

   i. endurskoða fyrirliggjandi breytingar á hönnun og bera kennsl á allar breytingar, sem hafa áhrif á málmþreytugjörn grunnburðarvirki og sem auðkenndar eru í samræmi við lið 26.306,

ii. að því er varðar hverja þá breytingu sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar, bera kennsl á öll tilheyrandi málmþreytugjörn, breytt burðarvirki,

iii. að því er varðar hverja þá breytingu sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar, framkvæma mat á vikmörkum tjóns og koma á fót og skrá tilheyrandi skoðanir á vikmörkum tjóns.

b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja skrána yfir öll málmþreytugjörn breytt burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við ii. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022.

c) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, þ.m.t. skoðun á vikmörkum tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er, í samræmi við iii. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. ágúst 2022.

d) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána yfir málmþreytugjörn breytt burðarvirki, sem lögð er fram í samræmi við b-lið, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs gera hana tiltæka flugrekendum og aðilum sem er skylt að fara að ákvæðunum í lið 26.330 og 26.370.

26.308 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar fyrirliggjandi viðgerðir á málmþreytugjörnum burðarvirkjum

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal, að því er varðar útgefin fyrirmæli um viðgerðir sem liggja fyrir 26. febrúar 2021:

i. rýna viðgerðargögnin og ákvarða út frá gögnunum hvaða viðgerðir hafa áhrif á málmþreytugjörn grunnburðarvirki og málmþreytugjörn breytt burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við a-lið liðar 26.306 og ii. lið a-liðar 26.307,

ii. framkvæma mat á vikmörkum tjóns fyrir hverja þá viðgerð sem auðkennd hefur verið í samræmi við i. lið a-liðar, nema það hafi þegar verið gert.

b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, þ.m.t. skoðun á vikmörkum tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er í samræmi við ii. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. maí 2022, nema þau hafi þegar verið samþykkt í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.435 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 fyrir 26. ágúst 2022.

26.309 Leiðbeiningar um mat á viðgerðum

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira og sem er með tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð sem var gefið út fyrir 11. janúar 2008, skal semja leiðbeiningar um mat á viðgerðum til að koma á fót:

i. ferli til að framkvæma könnun á flugvél sem verður fyrir áhrifum, sem gerir kleift að auðkenna og skrá allar fyrirliggjandi viðgerðir sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við a-lið liðar 26.306 og ii. lið a-liðar 26.307,

ii. ferli sem gerir flugrekendum kleift að fá skoðun á vikmörkum tjóns að því er varðar viðgerðir sem auðkenndar eru í samræmi við i. lið a-liðar,

iii. framkvæmdaáætlun þar sem kveðið er á um tímamörk til að framkvæma kannanir á flugvél, fá skoðanir á vikmörkum tjóns og fella þessar skoðanir inn í viðhaldsáætlun flugrekanda flugvélarinnar.

b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja leiðbeiningarnar um mat á viðgerðum, sem unnar eru í samræmi við a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023.

26.330 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar gildandi viðbótartegundarvottorð (STC), aðrar fyrirliggjandi meiri háttar breytingar og fyrirliggjandi viðgerðir, sem hafa áhrif á þessar breytingar eða viðbótartegundarvottorð

a) Handhafi viðbótartegundarvottorðs, sem gefið hefur verið út fyrir 26. febrúar 2021 í tengslum við meiri háttar breytingu, eða meiri háttar breytingu sem telst samþykkt í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, að því er varðar stórar flugvélar sem eru með vottun frá 1. janúar 1958 eða síðar til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal styðja við flugrekendur, sem er skylt að fara að ákvæðum ii. liðar a-liðar 26.370, með því að bregðast við þeim skaðlegu áhrifum sem þessar breytingar og viðgerðir á þessum breytingum hafa á burðarvirki flugvélarinnar og skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 26.331 til 26.334.

b) Ákvæði a-liðar gilda ekki um meiri háttar breytingar og viðgerðir á undirtegund flugvélar, sem var vottuð í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021, ef sú undirtegund flugvélar uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. hún er skráð í töflu A.1 í 1. viðbæti,

ii. hún er ekki lengur í notkun eftir 26. febrúar 2021,

iii. hún hefur ekki verið vottuð til að stunda almenningsflug með farmþunga eða farþega,

iv. hún hefur takmarkað tegundarvottorð og hefur verið vottuð í samræmi við kröfur um vikmörk tjóns, að því tilskildu að hún sé ekki starfrækt umfram 75% af hönnunarþjónustumarkmiði sínu og er fyrst og fremst starfrækt til að styðja framleiðsluaðgerðir handhafa takmarkaðs tegundarvottorðs,

v. hún er vottuð með takmörkuðu tegundarvottorði og er hönnuð fyrst og fremst fyrir slökkvistarf.

c) Ákvæði a-liðar gilda ekki um meiri háttar breytingar og viðgerðir á flugvél, sem var vottuð í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021, ef breytingarnar eða viðgerðirnar eru ekki og munu ekki verða framkvæmdar á flugvél í starfrækslu 26. ágúst 2022 eða seinna.

d) Undanþágurnar, sem kveðið er á um í ii.-v. lið b-liðar og c-lið, gilda aðeins eftir að handhafi samþykkis fyrir breytingu leggur skrána yfir breytingar sem hafa áhrif á málmþreytugjörn grunnburðarvirki, ásamt upplýsingum sem styðja ástæður þess að breytingu var bætt við í skrána, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022.

26.331 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa viðbótartegundarvottorða

Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal:

a) koma á fót áætlun um reglufylgni þar sem tekið er tillit til krafna í liðum 26.332 til 26.334,

b) leggja áætlunina um reglufylgni, sem um getur í a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 25. ágúst 2021.

26.332 Auðkenning á breytingum sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki

a) Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal:

i. rýna breytingarnar og auðkenna þær breytingar sem hafa áhrif á málmþreytugjörn grunnburðarvirki,

ii. fyrir hverja breytingu, sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar, bera kennsl á öll tilheyrandi málmþreytugjörn breytt burðarvirki,

iii. tilgreina hvaða útgefnu fyrirmæli um viðgerðir hafa áhrif á hverja þá breytingu sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar.

b) Handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem gefið var út 1. september 2003 eða seinna, skal taka saman skrá yfir breytingarnar og málmþreytugjörn breytt burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við i. og ii. lið a-liðar, og leggja fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022 og þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána skal hann gera hana tiltæka aðilum og flugrekendum sem er skylt að fara að ákvæðunum í ii. lið b-liðar 26.370.

c) Handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem gefið var út fyrir 1. september 2003, skal:

i. taka saman skrá yfir breytingarnar, sem auðkenndar eru í samræmi við i. lið a-liðar, og leggja fyrir Flugöryggis-stofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022,

ii. ef flugrekandi, sem er skylt að fara að ákvæðunum í ii. lið a-liðar 26.370, óskar eftir samþykki fyrir breytingu, auðkenna og skrá öll málmþreytugjörn breytt burðarvirki sem tengjast breytingunni og leggja þessi gögn fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis innan 12 mánaða frá beiðni flugrekandans,

iii. þegar gögn, sem lögð hafa verið fram skv. i. og ii. lið c-liðar, hafa verið samþykkt, gera þau gögn tiltæk aðilum og flugrekendum sem er skylt að fara að ákvæðunum í ii. lið b-liðar 26.370.

26.333 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og viðgerðir, sem varða þau viðbótartegundarvottorð, sem samþykkt eru 1. september 2003 eða síðar

a) Handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem gefið var út 1. september 2003 eða síðar, skal:

i. að því er varðar breytingar og útgefin fyrirmæli um viðgerðir, sem auðkennd eru í samræmi við i. lið a-liðar 26.332 og iii. lið a-liðar 26.332, framkvæma mat á vikmörkum tjóns,

ii. koma á fót og skrá tilheyrandi skoðun á vikmörkum tjóns, nema hún hafi þegar farið fram.

b) Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er í samræmi við i. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023, nema þau hafi þegar verið samþykkt í samræmi við lið 21.B.111 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

c) Þrátt fyrir b-lið skal handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem um getur í a-lið, að því er varðar breytingar þar sem ekki var gerð krafa um mat á vikmörkum tjóns í vottunargrunninum, leggja gögnin um vikmörk tjóns, sem fengin eru úr matinu á vikmörkum tjóns sem framkvæmt er í samræmi við a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis innan eftirfarandi tímamarka, eftir því hvort kemur síðar:

   i. áður en flugvél, sem viðkomandi breyting hefur verið framkvæmd á, er starfrækt í samræmi við IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 *eða

   ii. eigi síðar en 26. febrúar 2023.

26.334 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og aðrar breytingar og viðgerðir, sem varða þessar breytingar, sem samþykktar eru fyrir 1. september 2003

a) Handhafi samþykkis fyrir breytingar, sem gefið var út fyrir 1. september 2003, skal:

   i. að því er varðar breytingar og útgefin fyrirmæli um viðgerðir, sem auðkennd eru í samræmi við i. lið a-liðar 26.332 og ii. lið a-liðar 26.332, framkvæma mat á vikmörkum tjóns,

   ii. koma á fót og skrá tilheyrandi skoðun á vikmörkum tjóns, nema það hafi þegar verið gert.

b) Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er í samræmi við i. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis innan eftirfarandi tímamarka, eftir því hvort kemur síðar:

   i. áður en flugvél, sem viðkomandi breyting hefur verið framkvæmd á, er starfrækt í samræmi við IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eða

   ii. eigi síðar en 26. febrúar 2023.

26.370 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi og viðhaldsáætlun fyrir loftför

a) Flugrekendur eða eigendur stórra flugvéla með hverfihreyflum, sem eru með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar, skulu tryggja áframhaldandi lofthæfi burðarvirkja eldri flugvéla með því að útbúa viðhaldsáætlun fyrir loftför, eins og kveðið er á um í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 **, sem skal innihalda:

   i. samþykkta skoðunaráætlun fyrir vikmörk tjóns að því er varðar flugvélar sem vottaðar eru til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira,

   ii. leiðir til að bregðast við þeim skaðlegu áhrifum sem viðgerðir og breytingar kunna hafa á málmþreytugjörn burðarvirki og á skoðanir sem kveðið er á um í i. lið a-liðar, að því er varðar flugvélar sem starfræktar eru í samræmi við IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira,

   iii. samþykkt gildismörk, að því er varðar flugvélar sem vottaðar eru með hámarksflugtaksþyngd sem er meiri en 34 019 kg (75 000 pund),

   iv. áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni.

b) Eftirfarandi tímamörk gilda um skuldbindinguna sem um getur í a-lið:

   i. viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal endurskoðuð til að taka mið af kröfunum í i., ii. og iv. lið a-liðar fyrir 26. febrúar 2024 eða áður en flugvélin er tekin í notkun, eftir því hvort kemur síðar,

   ii. viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal endurskoðuð til að taka mið af kröfunum í iii. lið a-liðar fyrir 26. ágúst 2021, 6 mánuðum eftir að gildismörk hafa verið gefin út eða áður en flugvélin er tekin í notkun, hvort heldur sem kemur síðar.

c) Að því er varðar undirtegund flugvélar, sem er vottuð í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021 og:

   i. er ekki lengur í notkun eftir 26. febrúar 2024, gilda ákvæði i., ii. og iv. liðar a-liðar ekki,

   ii. er ekki lengur í notkun eftir 26. ágúst 2021, gilda ákvæði iii. liðar a-liðar ekki,

iii. er með takmarkað tegundarvottorð, sem gefið er út fyrir 26. febrúar 2021 í samræmi við kröfur um vikmörk tjóns, að því tilskildu að hún sé ekki starfrækt umfram 75% af hönnunarþjónustumarkmiði sínu og er fyrst og fremst starfrækt til að styðja framleiðsluaðgerðir handhafa samþykkis, gilda ákvæði i., ii. og iv. liðar a-liðar ekki.

d) Að því er varðar undirtegund flugvélar með takmarkað tegundarvottorð, sem gefið er út fyrir 26. febrúar 2021, og megintilgangur hennar er slökkvistarf gilda ákvæði i. og ii. liðar a-liðar ekki.

---

* Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).“

7) Eftirfarandi 1. viðbætir bætist við:

„1. viðbætir

Skrá yfir undirtegundir flugvéla sem falla ekki undir tiltekin ákvæði I. viðauka (26. hluta)

Tafla A.1

Handhafi tegundarvottorðs	Tegund	Undirtegundir	Ákvæði I. viðauka (26. hluta) sem gilda EKKI
The Boeing Company	707	Allar	26.301 til 26.334
The Boeing Company	720	Allar	26.301 til 26.334
The Boeing Company	DC-10	DC-10-10 DC-10-30 DC-10-30F	26.301 til 26.334
The Boeing Company	DC-8	Allar	26.301 til 26.334
The Boeing Company	DC-9	DC-9-11, DC-9-12, DC-9-13, DC-9-14,DC-9-15, DC-9-15F, DC-9-21, DC-9-31, DC-9-32, DC-9-32 (VC-9C), DC-9-32F, DC-9-32F (C-9A, C-9B), DC-9-33F, DC-9-34, DC-9-34F, DC-9-41, DC-9-51	26.301 til 26.334
The Boeing Company	MD-90	MD-90-30	26.301 til 26.334
FOKKER SERVICES B.V.	F27	Mark 100, 200, 300, 400, 500, 600, 700	26.301 til 26.334
FOKKER SERVICES B.V.	F28	Mark 1000, 1000C, 2000, 3000, 3000C, 3000R, 3000RC, 4000	26.301 til 26.334
GULFSTREAM AEROSPACE CORP.	G-159	G-159 (Gulfstream I)	26.301 til 26.334
GULFSTREAM AEROSPACE CORP.	G-II_III_IV_V	G-1159A (GIII) G-1159B (GIIB) G-1159 (GII)	26.301 til 26.334
KELOWNA FLIGHTCRAFT LTD.	CONVAIR 340/440	440	26.301 til 26.334
LEARJET INC.	Learjet 24/25/31/36/35/55/60	24, 24A, 24B, 24B-A, 24D, 24D-A, 24F, 24F-A, 25, 25B, 25C, 25D,25F	26.301 til 26.334

Handhafi tegundarvottorðs	Tegund	Undirtegundir	Ákvæði I. viðauka (26. hluta) sem gilda EKKI
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	1329	Allar	26.301 til 26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	188	Allar	26.301 til 26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	382	382, 382B, 382E, 382F, 382G	26.301 til 26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	L-1011	Allar	26.301 til 26.334
PT. DIRGANTARA INDONESIA	CN-235	Allar	26.301 til 26.334
SABRELINER CORPORATION	NA-265	NA-265-65	26.301 til 26.334
VIKING AIR LIMITED	SD3	SD3-30 Sherpa SD3 Sherpa	26.301 til 26.334
VIKING AIR LIMITED	DHC-7	Allar	26.301 til 26.334
VIKING AIR LIMITED	CL-215	CL-215-6B11	26.301 til 26.334
TUPOLEV PUBLIC STOCK COMPANY	TU-204	204-120CE	26.301 til 26.334“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1176 **2023/EES/62/37**

frá 7. ágúst 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1387 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til, í því skyni að halda COVID-19-heimsfaraldrinum í skefjum draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að beita ýmsum nýlega samþykktum framkvæmdarreglugerðum á sviði flugöryggis.

2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samfara auknu vinnuálagi, sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19-heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hamla undirbúningi að beitingu þeirra framkvæmdarreglugerða.

3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1387 ([2]) er mælt fyrir um nýjar kröfur fyrir útreikninga á afkastagetu loftfars við lendingu sem koma til framkvæmdar frá og með 5. nóvember 2020. Til að forðast að beiting þessara krafna, vegna frekari krafna um starfrækslu, komi í veg fyrir að flugstarfsemi hefjist á ný á snurðulausan hátt að afstöðnum COVID-19-heimsfaraldrinum ætti að fresta beitingu þeirra til að gera lögbærum yfirvöldum og hagsmunaaðilum kleift að undirbúa sig fyrir framkvæmd þeirra.

4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á beitingu ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, í takmarkaðan tíma, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem þessar reglur innihaldi tæknilegar tilslakanir fyrir iðnaðinn sem best er að framkvæma í eðlilegu rekstrarumhverfi.

5) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir frestun á beitingu viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þriðju málsgrein 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1387 kemur „12. ágúst 2021“ í stað „5. nóvember 2020“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1387 frá 1. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um útreikninga á afkastagetu flugvélar við lendingu og viðmiðin til að meta ástand yfirborðs flugbrautar, uppfærslu á tilteknum búnaði og kröfum sem varða öryggi loftfara sem og starfrækslu án þess að hafa undir höndum fjarflugsleyfi (Stjtíð. ESB L 229, 5.9.2019, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/664 **2023/EES/62/38**

frá 22. apríl 2021

um regluramma fyrir U-rými (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 57. gr. og 14. og 15. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ([2]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ([3]) voru sett fyrstu ítarlegu ákvæðin um samræmda starfrækslu ómannaðra loftfarskerfa (e. *unmanned aircraft systems* (UA-kerfi)) og tæknilegar lágmarkskröfur um þau.

2) Mikil fjölgun UA-kerfa, sem fljúga inn í loftrýmið, og aukið flækjustig í tengslum við starfrækslu þessara kerfa úr augsýn fjarflugmanns (BVLOS), sem var upphaflega í mjög litlu mæli, skapar hættu í tengslum við öryggi flugs, flugvernd, friðhelgi einkalífs og umhverfið.

3) Á tilteknum svæðum, einkum þar sem búast má við starfrækslu fjölmargra UA-kerfa samtímis eða á svæðum þar sem ómönnuðum loftfarskerfum er flogið samhliða mönnuðum loftförum, krefst örugg, áreiðanleg og skilvirk samþætting UA-kerfa í loftrýminu innleiðingar sértækra viðbótarreglna og verklagsreglna fyrir starfrækslu þeirra og fyrirtækin sem tengjast þeirri starfsemi, sem og mikillar sjálfvirkni og stafvæðingar.

4) Þegar aðildarríki afmarka landfræðileg svæði fyrir UA-kerfi af ástæðum sem varða flugöryggi, flugvernd, friðhelgi einkalífs eða umhverfið, eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947, geta þau sett sérstök skilyrði fyrir tiltekna eða hvers konar starfrækslu UA-kerfa eða einungis veitt þeim UA-kerfum aðgang sem búa yfir tilteknum tæknilegum eiginleikum.

5) Að því er varðar þessa reglugerð er nauðsynlegt að skilgreina lágmarkskröfur fyrir starfrækslu UA-kerfa á tilteknum landfræðilegum svæðum sem nefna ætti U-rýmis loftrými (e. *U-space airspace*). Aðgengi umráðenda UA-kerfa að slíku U-rýmis loftrými ætti að vera bundið því skilyrði að tiltekinn þjónusta sé notuð (U-rýmis þjónusta) sem greiðir fyrir öruggri stjórnun á starfrækslu fjölmargra UA-kerfa og fullnægir jafnframt viðeigandi verndarkröfum og kröfum um friðhelgi einkalífsins.

6) Umráðendur UA-kerfa og veitendur U-rýmis þjónustu (e. *U-space service*) ættu að uppfylla lágmarkskröfur í tengslum við búnað og frammistöðu UA-kerfa og að því er varðar þá þjónustu sem veitt er í U-rýmis loftrými til að tryggja örugga starfrækslu í því loftrými.

7) Reglurnar og verklagsreglurnar, sem gilda um starfrækslu UA-kerfa í U-rýmis loftrými, ættu að vera í réttu hlutfalli við eðli og áhættu starfrækslunnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 161. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

8) Þar eð lítil áhætta stafar af starfrækslu ómannaðra loftfara með hámarksflugtaksmassa sem er minni en 250 g, sem fer fram í augsýn fjarflugmanns, ættu umráðendur UA-kerfa ekki að þurfa að fara að kröfum U-rýmis loftrýmisins að því er varðar þá starfrækslu. Á sama hátt ættu flugmódelfélög og -samtök, að teknu tilliti til góðrar öryggisframmistöðu þeirra, að geta haldið áfram núverandi starfrækslu sinni, þ.e. án þess að þurfa að fara að kröfum U-rýmis loftrýmisins.

9) Ákvarða ætti samræmdar reglur fyrir starfrækslu UA-kerfa í U-rýmis loftrými, staðlaða þjónustu, sem veitt er umráðendum UA-kerfa, og varðandi aðferðir við tengjanleika milli veitenda samræmdrar upplýsingaþjónustu, veitenda U-rýmis þjónustu, veitenda flugumferðarþjónustu og umráðenda UA-kerfa í því skyni að tryggja örugga, áreiðanlega og skilvirka starfrækslu UA-kerfa, jafnframt því að greiða fyrir frjálsri þjónustustarfsemi sem tengist UA-kerfum og veitendum U-rýmis þjónustu í Sambandinu.

10) Aðildarríki ættu að koma á fót U-rýmis loftrými og setja kröfur um U-rýmis loftrými, þ.m.t. U-rýmis viðbótarþjónustu, með aðstoð áhættumats í því skyni að tryggja örugga starfrækslu UA-kerfa í því U-rýmis loftrými.

11) Innleiða ætti lágmarkskröfur um samræmingu milli aðildarríkja, ef þau aðildarríki koma á fót U-rýmis loftrými yfir landamæri, í því skyni að tryggja örugga starfrækslu UA-kerfa í því U-rýmis loftrými.

12) Til að tryggja að samhliða starfræksla UA-kerfa og mannaðra loftfara sé örugg er þörf á sértækum verklagsreglum um samræmingu og fjarskiptaleiðum meðal viðeigandi flugumferðarþjónustudeilda, veitenda U-rýmis þjónustu og umráðenda UA-kerfa. Mælt er fyrir um þær verklagsreglur um samræmingu og fjarskiptaleiðir í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 ([4]), eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/665 ([5]).

13) Jafnvel þótt starfræksla herflugvéla og ríkisloftfara falli utan gildissviðs þessarar reglugerðar er nauðsynlegt að tryggja öruggan aðskilnað loftfara í U-rýmis loftrými. Aðildarríki ættu því að geta skilgreint stöðug og breytileg höft í U-rýmis loftrými til að gera slíka starfrækslu mögulega á öruggan og skilvirkan hátt.

14) Aðildarríki ættu að tryggja að samræmd upplýsingaþjónusta sé gerð aðgengileg í hverju U-rýmis loftrými til að veita umráðendum UA-kerfa aðgang, án mismununar, að U-rýmis loftrými og þjónustu, þar sem sérstök áhersla er lögð á öryggi. Aðildarríki ættu þó að hafa þann möguleika að tilnefna stakan veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu til að veita samræmda upplýsingaþjónustu á grunni einkaréttar að því er varðar öll eða sum U-rýmis loftrýmin sem eru á þeirra ábyrgð.

15) Veita ætti veitendum U-rýmis þjónustu samræmda upplýsingaþjónustu tímanlega og í samræmi við gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

16) Með þessari reglugerð ætti að setja fram kröfur um sameiginlegar, samvirkandi og opnar samskiptareglur meðal yfirvalda, þjónustuveitenda og umráðenda UA-kerfa, og einnig kröfur um gæði, biðtíma og vernd gagna fyrir upplýsingaskiptin, sem þörf er á vegna öruggrar og samhæfðrar starfrækslu í U-rýmis loftrými.

17) Umráðendur UA-kerfa ættu einungis að annast starfrækslu í U-rýmis loftrými ef þeir nota U-rýmis þjónustu sem er bráðnauðsynleg til að tryggja örugga, áreiðanlega, skilvirka og samhæfða starfrækslu. Veitendur U-rýmis þjónustu ættu a.m.k. að veita eftirfarandi skyldubundna U-rýmis þjónustu: netauðkenningarþjónustu, rýmisvitundarþjónustu, flugleyfisþjónustu fyrir UA-kerfi og umferðarupplýsingaþjónustu.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/665 frá 22. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í U-rýmis loftrými sem afmarkað hefur verið innan flugstjórnarrýmis (Stjtíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 184).

18) Netauðkenningarþjónusta ætti að gefa upp auðkenni umráðenda UA-kerfa og staðsetningu og flugstefnu UA-kerfis við venjulega starfrækslu og í viðbragðsástandi, auk þess að deila viðeigandi upplýsingum með öðrum notendum U-rýmis loftrýmis.

19) Rýmisvitundarþjónusta ætti að veita umráðendum UA-kerfa upplýsingar um nýjustu loftrýmistakmarkanirnar og upplýsingar um afmörkuð landfræðileg svæði fyrir UA-kerfi sem eru gerðar aðgengilegar sem hluti af samræmdu upplýsingaþjónustunni. Í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 ætti við afmörkun landfræðilegs svæðis fyrir UA-kerfi að taka mið af kröfum um öryggi, flugvernd, friðhelgi einkalífs og umhverfið.

20) Flugleyfisþjónusta fyrir UA-kerfi ætti að tryggja að leyfileg starfræksla UA-kerfa skarist ekki, í tíma og rúmi, á við önnur tilkynnt UA-flugleyfi innan sama hluta U-rýmis loftrýmis.

21) Umferðarupplýsingaþjónusta ætti að gera umráðendum UA-kerfa viðvart um aðra flugumferð sem kann að vera fyrir hendi í nálægð við UA-kerfi þeirra.

22) Til að tryggja að samhliða starfræksla UA-kerfa og mannaðra loftfara sé örugg í U-rýmis loftrými er þörf á reglum sem kveða á um skilvirkar merkjasendingar um staðsetningu mannaðs loftfars með aðstoð kögunartækni. Mælt er fyrir um þær reglur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([6]), eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/666 ([7]).

23) Til að tryggja örugga starfrækslu í tilteknu U-rýmis loftrými og með stuðningi áhættumats ættu aðildarríki að geta gert kröfu um að önnur U-rýmis þjónusta, t.d. veðurupplýsinga- og samræmisvöktunarþjónusta, sé skyldubundin.

24) Veðurupplýsingaþjónusta ætti að veita umráðendum UA-kerfa stuðning við skipulag og framkvæmd flugáætlana auk þess að bæta frammistöðu annarrar U-rýmis þjónustu sem veitt er í U-rýmis loftrýminu.

25) Samræmisvöktunarþjónusta ætti að veita viðvörun í rauntíma um frávik frá veittu flugleyfi og upplýsa umráðendur UA-kerfa þegar vikið er frá því.

26) Til að tryggja örugga og fyrsta flokks U-rýmis þjónustu er í þessari reglugerð mælt fyrir um að komið verði á fót sameiginlegu vottunarkerfi fyrir vottun veitenda U-rýmis þjónustu og, ef aðildarríki hafa tilnefnt einn slíkan, fyrir vottun staks veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu, auk þess sem mælt er fyrir um reglur varðandi reglubundið eftirlit með því að farið sé að viðeigandi kröfum.

27) Skilgreina ætti með skýrum hætti verkefni lögbæru yfirvaldanna sem aðildarríkin tilnefna í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139.

28) Þessi reglugerð ætti ekki að gilda um loftför sem notuð eru við aðgerðir á vegum hers, tolls, lögreglu, leitar- og björgunarsveita, slökkviliðs, landamæravörslu og strandgæslu eða svipaðar aðgerðir og þjónustu í almannaþágu undir eftirliti og ábyrgð aðildarríkis eða fyrir hönd aðila sem fer með vald opinbers yfirvalds nema aðildarríki hafi ákveðið, í samræmi við 6. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, að beita reglum um ómönnuð loftför í tengslum við tilteknar eða allar þær aðgerðir.

29) Öryggisstjórnun tryggir að hægt sé að greina, meta og draga úr öryggisáhættu sem og verndarveilum sem hafa áhrif á öryggi. Veitendur U-rýmis þjónustu og stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu ættu því að innleiða stjórnunarkerfi á viðeigandi hátt til að tryggja örugga og áreiðanlega starfrækslu UA-kerfa í U-rýmis loftrými.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/666 frá 22. apríl 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar kröfur fyrir mannað flug í U-rýmis loftrými (Stjtíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 187).

30) Veitendur U-rýmis þjónustu og stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu ættu að koma á kerfisbundnu skráahaldi, sem gefur möguleika á viðunandi geymslu skráa og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar alla hluta starfsemi þeirra, sérstaklega að því er varðar stjórnunarkerfi þeirra.

31) Til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin og hagsmunaaðilar, sem verða fyrir áhrifum, að fá nægan tíma til að aðlaga verklagsreglur sínar að nýja reglurammanum áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

32) Flugöryggisstofnunin hefur samið drög að framkvæmdargerð og lagði þau fram sem álit nr. 01/2020 ([8]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

33) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR OG ALMENNAR KRÖFUR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur og verklagsreglur fyrir örugga starfrækslu UA-kerfa í U-rýmis loftrými, fyrir örugga samþættingu UA-kerfa við flugkerfið og fyrir veitingu U-rýmis þjónustu.

2. Þessi reglugerð gildir innan landfræðilegra svæða fyrir UA-kerfi, sem aðildarríki hafa afmarkað sem U-rýmis loftrými, um:

a) umráðendur UA-kerfa,

b) veitendur U-rýmis þjónustu,

c) veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um starfrækslu UA-kerfa sem fer fram:

a) innan ramma flugmódelfélaga og -samtaka sem hafa fengið leyfi í samræmi við 16. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947,

b) innan undirflokks A1 að því er varðar starfrækslu ómannaðra loftfara í „opnum“ flokki sem:

   i. hafa hámarksflugtaksmassa, að farmþunga meðtöldum, sem er minni en 250 g og hámarkshraða sem er lægri en 19 m/s, ef um er að ræða UA-kerfi sem einkaaðili smíðar, eða

   ii. eru merkt í flokki C0 og uppfylla kröfur þess flokks, eins og skilgreint er í 1. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945, eða

c) eru í samræmi við SERA.5015 Blindflugsreglur í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373, framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947. Einnig gilda eftirfarandi skilgreiningar:

([8]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

1) „U-rýmis loftrými“: landfræðilegt svæði fyrir UA-kerfi, sem aðildarríki hafa afmarkað, þar sem einungis er leyfilegt að starfrækja UA-kerfi með stuðningi U-rýmis þjónustu,

2) „U-rýmis þjónusta“: þjónusta sem byggist á stafrænni þjónustu og sjálfvirkum aðgerðum sem eru hannaðar til að styðja við öruggt, áreiðanlegt og skilvirkt aðgengi fjölmargra UA-kerfa að U-rýmis loftrými,

3) „áhættumat loftrýmis“: áhættumat í tengslum við starfrækslu, öryggi og flugvernd þar sem tekið er mið af nauðsynlegu frammistöðustigi í öryggismálum, eins og það er skilgreint í aðgerðaáætluninni um flugöryggi í Evrópu og flugöryggisáætlun ríkis, sem um getur í 6. og 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, gerð, flækjustigi og þéttleika umferðar, auk staðsetningar, flughæðar yfir sjó eða landi og skipan loftrýmisins í flokka,

4) „samræmd upplýsingaþjónusta“: þjónusta sem felur í sér miðlun fastra og lifandi gagna til að gera mögulegt að veita U-rýmis þjónustu við stjórnun umferðar ómannaðra loftfara,

5) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa veitanda U-rýmis þjónustu eða veitanda samræmdrar upplýsinga-þjónustu í því aðildarríki þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þjónustuveitandans fer fram,

6) „breytileg endurskipan loftrýmis“ (e. *dynamic airspace reconfiguration*): tímabundin breyting á U-rýmis loftrými til að taka tillit til skammtímabreytinga á umferðarþörf mannaðra loftfara, með því að aðlaga landfræðileg mörk þess U-rýmis loftrýmis.

II. KAFLI

U-RÝMIS LOFTRÝMI OG SAMRÆMD UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

3. gr.

U-rýmis loftrými

1. Ef aðildarríki afmarka U-rýmis loftrými af ástæðum sem varða öryggi, flugvernd, friðhelgi einkalífs eða umhverfið skal slík afmörkun studd áhættumati loftrýmis.

2. Öll starfræksla UA-kerfa í U-rýmis loftrými skal a.m.k. falla undir eftirfarandi skyldubundna U-rýmis þjónustu:

a) netauðkenningarþjónustuna sem um getur í 8. gr.,

b) rýmisvitundarþjónustuna sem um getur í 9. gr.,

c) flugleyfisþjónustuna fyrir UA-kerfi sem um getur í 10. gr.,

d) umferðarupplýsingaþjónustuna sem um getur í 11. gr.

3. Fyrir hvert U-rýmis loftrými, sem byggist á áhættumati loftrýmis sem um getur í 1. mgr., geta aðildarríki krafist U-rýmis viðbótarþjónustu sem er valin úr þeirri tegund þjónustu sem um getur í 12. og 13. gr.

4. Fyrir hvert U-rýmis loftrými, sem byggist á áhættumati loftrýmis sem um getur í 1. mgr., og með því að nota viðmiðanirnar, sem settar eru fram í I. viðauka, skulu aðildarríki ákvarða:

a) kröfur um getu og frammistöðu UA-kerfa,

b) kröfur um frammistöðu U-rýmis þjónustu,

c) viðeigandi starfræksluskilyrði og loftrýmistakmarkanir.

5. Aðildarríki skulu gefa veitendum U-rýmis þjónustu aðgang að viðeigandi gögnum, ef þörf krefur við beitingu þessarar reglugerðar, að því er varðar:

a) skráningarkerfi umráðenda UA-kerfa, sem um getur í 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, í því aðildarríki þar sem veitendur U-rýmis þjónustu bjóða þjónustu sína og

b) skráningarkerfi umráðenda UA-kerfa í öðrum aðildarríkjum fyrir milligöngu gagnasafnsins fyrir upplýsingar sem um getur í 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

6. Aðildarríki skulu gera upplýsingarnar um U-rýmis loftrými aðgengilegar í samræmi við 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2019/947 og fyrir milligöngu sinnar eigin upplýsingaþjónustu flugmála.

7. Ef aðildarríki ákveða að koma á fót U-rýmis loftrými yfir landamæri skulu þau taka í sameiningu ákvörðun um að:

a) afmarka U-rýmis loftrými yfir landamæri,

b) veita U-rýmis þjónustu yfir landamæri,

c) veita samræmda upplýsingaþjónustu yfir landamæri.

4. gr.

Breytileg endurskipan loftrýmis

Ef aðildarríki afmarkar U-rýmis loftrými innan flugstjórnarrýmis skal það tryggja að notuð sé breytileg endurskipan loftrýmisins innan þess U-rýmis loftrýmis, eins og mælt er fyrir um í ATS.TR.237 í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/665 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/373, til að tryggja að aðskilnaði milli mannaðra loftfara, sem fá veitta flugstjórnarþjónustu, og UA-kerfa, sé viðhaldið.

5. gr.

Samræmd upplýsingaþjónusta

1. Aðildarríki skulu, sem hluta af samræmdri upplýsingaþjónustu í hverju U-rýmis loftrými, gera eftirfarandi gögn aðgengileg:

a) lárétt og lóðrétt mörk U-rýmis loftrýmis,

b) kröfur sem voru ákvarðaðar skv. 4. mgr. 3. gr.,

c) skrá yfir vottaða veitendur U-rýmis þjónustu sem bjóða U-rýmis þjónustu í U-rýmis loftrýminu, með eftirfarandi upplýsingum:

   i. auðkenningu og samskiptaupplýsingum virkra veitenda U-rýmis þjónustu,

   ii. U-rýmis þjónustu sem er veitt,

   iii. takmörkun eða takmörkunum vottunar, ef einhverjar eru,

d) hvers konar aðliggjandi U-rýmis loftrými,

e) landfræðileg svæði fyrir UA-kerfi sem skipta máli fyrir U-rýmis loftrýmið og sem aðildarríki birta í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947,

f) stöðug og virk höft í loftrýminu sem viðkomandi yfirvöld skilgreina og sem takmarka varanlega eða tímabundið hluta loftrýmisins innan U-rýmis loftrýmisins þar sem starfræksla UA-kerfa getur farið fram.

2. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi starfrækslugögn, sem um getur í ATS.OR.127 í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/665 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/373, og gögnin sem fengin eru frá breytilegri endurskipan loftrýmisins, sem um getur í ATS.RR.237 þeirrar reglugerðar, séu gerð aðgengileg sem hluti af samræmdri upplýsingaþjónustu fyrir hvert U-rýmis loftrými.

3. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu gera skilmála og skilyrði þjónustu sinnar aðgengileg sem hluta af samræmdri upplýsingaþjónustu fyrir hvert U-rýmis loftrými þar sem þeir bjóða þjónustu sína.

4. Veitendur samræmdu upplýsingaþjónustunnar skulu tryggja að upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr.:

a) séu gerðar aðgengilegar í samræmi við II. viðauka,

b) uppfylli nauðsynlegar kröfur um gæði, biðtíma og vernd gagna sem eru settar í III. viðauka.

5. Viðkomandi yfirvöldum, veitendum flugumferðarþjónustu, veitendum U-rýmis þjónustu og umráðendum UA-kerfa skal veittur aðgangur að samræmdri upplýsingaþjónustu, án mismununar, þ.m.t. að því er varðar sömu gæði, biðtíma og vernd gagna.

6. Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna stakan veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu til að veita samræmda upplýsingaþjónustu á grunni einkaréttar að því er varðar öll eða sum U-rýmis loftrými sem eru á þeirra ábyrgð. Í því tilviki skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1.–3. mgr., eingöngu gerðar aðgengilegar stökum veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu sem skal síðan veita þær í samræmi við 5. mgr.

7. Slíkur stakur veitandi samræmdrar upplýsingaþjónustu skal uppfylla kröfurnar, sem um getur í 4. og 5. mgr., og skal hann vottaður í samræmi við V. kafla þessarar reglugerðar.

8. Aðildarríki, sem tilnefnir stakan veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu, skal tafarlaust upplýsa Flugöryggisstofnunina og hin aðildarríkin um allar ákvarðanir sem teknar eru varðandi starfsleyfi þessa staka veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu. Flugöryggisstofnunin skal færa upplýsingar um allar ákvarðanir, sem aðildarríki tilkynna um samkvæmt þessari málsgrein, í gagnasafnið fyrir upplýsingar sem um getur í 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

III. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR FYRIR UMRÁÐENDUR UA-KERFA OG VEITENDUR U-RÝMIS ÞJÓNUSTU

6. gr.

Umráðendur UA-kerfa

1. Við starfrækslu í U-rýmis loftrými skulu umráðendur UA-kerfa:

a) tryggja að UA-kerfin, sem starfrækja á í U-rýmis loftrými, uppfylli kröfur um getu og frammistöðu sem eru ákvarðaðar í samræmi við a-lið 4. mgr. 3. gr.,

b) tryggja að nauðsynlega U-rýmis þjónustan, sem um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr., sé notuð við starfræksluna og að farið sé að kröfunum sem um hana gilda,

c) uppfylla viðeigandi starfræksluskilyrði og loftrýmistakmarkanir sem um getur í c-lið 4. mgr. 3. gr.

2. Umráðendum UA-kerfa er heimilt að veita sjálfum sér U-rýmis þjónustu. Í því tilviki skal líta á þá sem veitendur U-rýmis þjónustu að því er þessa reglugerð varðar.

3. Áður en umráðendur UA-kerfa hefja starfrækslu í U-rýmis loftrými skulu þeir fara að kröfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, þ.m.t., þar sem við á, hafa undir höndum starfræksluleyfi eða starfsleyfi, sem lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefur út, og fara að starfrækslutakmörkunum sem aðildarríki setur innan allra landfræðilegra svæða fyrir UA-kerfi.

4. Áður en hver einstök flugferð hefst skal umráðandi UA-kerfis leggja beiðni fyrir sinn veitanda U-rýmis þjónustu um UA-flugleyfi, fyrir milligöngu flugleyfisþjónustunnar fyrir UA-kerfi sem um getur í 10. gr., í samræmi við IV. viðauka.

5. Þegar umráðandi UA-kerfis er tilbúinn að hefja flugferðina skal hann óska eftir því við veitanda U-rýmis þjónustunnar að UA-flugleyfið verði virkjað. Eftir að hafa móttekið staðfestingu á virkjun UA-flugleyfisins frá veitanda U-rýmis þjónustu hefur umráðandi UA-kerfis rétt til að hefja flug sitt.

6. Umráðendur UA-kerfa skulu uppfylla kröfur UA-flugleyfisins, þ.m.t. vikmörk flugleyfisins, sem um getur í d-lið 2. mgr. 10. gr., auk allra breytinga sem gerðar eru á leyfinu. Veitandi U-rýmis þjónustu getur gert breytingar á leyfinu á öllum stigum flugsins og skal hann, í slíku tilviki, upplýsa umráðendur UA-kerfa um þær.

7. Ef umráðendur UA-kerfa geta ekki uppfyllt vikmörk UA-flugleyfisins, sem um getur í d-lið 2. mgr. 10. gr., skulu þeir óska eftir nýju UA-flugleyfi.

8. Umráðendur UA-kerfa skulu kveða á um viðbúnaðarráðstafanir og viðlagaverklagsreglur. Þeir skulu gera viðbúnaðarráðstafanir og viðlagaverklagsreglur sínar aðgengilegar veitendum U-rýmis þjónustu.

7. gr.

Veitendur U-rýmis þjónustu

1. Lögaðilar, sem eru vottaðir sem veitendur U-rýmis þjónustu í samræmi við V. kafla, skulu veita U-rýmis þjónustu.

2. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu bera ábyrgð á því að veita umráðendum UA-kerfa U-rýmis þjónustuna, sem um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr., á öllum stigum starfrækslu í því U-rýmis loftrými.

3. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu koma á fyrirkomulagi gagnvart veitendum flugumferðarþjónustu til að tryggja viðunandi samræmingu aðgerða og til að skiptast á viðeigandi starfrækslugögnum og -upplýsingum í samræmi við V. viðauka.

4. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu meðhöndla flugumferðargögn án mismununar, takmarkana eða íhlutunar, óháð sendanda þeirra eða móttakanda, innihalds, notkunar eða þjónustu eða endabúnaðar.

5. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu:

a) skiptast á öllum upplýsingum sem skipta máli fyrir örugga veitingu U-rýmis þjónustu,

b) fylgja sameiginlegum, öruggum, samvirkandi og opnum samskiptareglum og nota nýjustu upplýsingarnar sem eru gerðar aðgengilegar í samræmi við II. viðauka,

c) tryggja að skipst sé á upplýsingum í samræmi við kröfur um gæði, biðtíma og vernd gagna sem eru settar í III. viðauka,

d) tryggja aðgengi að og nauðsynlega vernd upplýsinganna sem skipst er á.

6. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu gefa lögbæra yfirvaldinu skýrslu um eftirfarandi:

a) upphaf starfrækslu eftir að hafa fengið í hendurnar starfsleyfið sem um getur í 14. gr.,

b) lok starfrækslu og síðan þegar hún hefst að nýju, ef við á.

IV. KAFLI

U-RÝMIS ÞJÓNUSTA

8. gr.

Netauðkenningarþjónusta

1. Netauðkenningarþjónusta skal gera samfellda vinnslu fjarauðkenningar UA-kerfa mögulega meðan á fluginu stendur og skal hún veita heimiluðu notendunum, sem um getur í 4. mgr., upplýsingar um fjarauðkenningu UA-kerfa á samanteknu formi.

2. Netauðkenningarþjónustan skal gera heimiluðu notendunum kleift að taka á móti skilaboðum sem innihalda eftirfarandi:

a) skráningarnúmer umráðanda UA-kerfisins,

b) einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins eða, ef einkaaðili smíðar það, einkvæmt raðnúmer viðbótarbúnaðarins,

c) landfræðilega legu UA-kerfisins, hæð þess yfir meðalsjávarmáli og hæð yfir landi eða yfir flugtaksstað,

d) flugleið UA-kerfisins sem er mæld réttsælis úr hánorðri og út frá jarðhraða UA-kerfisins,

e) landfræðilega legu fjarflugmannsins eða, ef það liggur ekki fyrir, flugtaksstað,

f) stöðu UA-kerfisins með tilliti til neyðarástands,

g) þá tímasetningu þegar skilaborðin voru samin.

3. Upplýsingarnar, sem netauðkenningarþjónustan veitir, skulu uppfærðar eins oft og lögbæra yfirvaldið hefur ákvarðað.

4. Til heimilaðra notenda skulu teljast:

a) almenningur að því er varðar upplýsingar sem teljast almennar í samræmi við gildandi reglur Sambandsins og landsreglur,

b) aðrir veitendur U-rýmis þjónustu til að tryggja öryggi við starfrækslu í U-rýmis loftrýminu,

c) viðkomandi veitendur flugumferðarþjónustu,

d) stakur veitandi samræmdrar upplýsingaþjónustu, ef hann hefur verið tilnefndur,

e) viðeigandi lögbær yfirvöld.

9. gr.

Rýmisvitundarþjónusta

1. Umráðendur UA-kerfa skulu veita rýmisvitundarþjónustu sem felur í sér eftirfarandi rýmisvitundarupplýsingar:

a) upplýsingar um viðeigandi starfræksluskilyrði og loftrýmistakmarkanir innan U-rýmis loftrýmisins,

b) landfræðileg svæði fyrir UA-kerfi sem skipta máli fyrir U-rýmis loftrýmið,

c) tímabundin höft sem gilda um notkun loftrýmis innan U-rýmis loftrýmisins.

2. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu senda rýmisvitundarupplýsingar tímanlega til að gera umráðendum UA-kerfa kleift að bregðast við viðbúnaðar- og neyðarástandi og skulu upplýsingarnar fela í sér hvernær þær voru uppfærðar auk útgáfunúmers eða gildistíma, eða hvorttveggja.

10. gr.

Flugleyfisþjónusta fyrir UA-kerfi

1. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu, fyrir milligöngu flugleyfisþjónustu fyrir UA-kerfi, veita umráðendum UA-kerfa flugleyfi fyrir UA-kerfi að því er varðar hvert flug þar sem settir eru skilmálar og skilyrði fyrir því flugi.

2. Ef veitendum U-rýmis þjónustu berst beiðni frá umráðanda UA-kerfis um UA-flugleyfi skulu þeir:

a) athuga hvort beiðnin um UA-flugleyfið sé fullfrágengin, rétt útfyllt og lögð fram í samræmi við IV. viðauka,

b) samþykkja beiðnina um UA-flugleyfið ef flugið, sem leyfið tekur til, skarast ekki, í tíma og rúmi, á við einhver önnur tilkynnt UA-flugleyfi innan sama U-rýmis loftrýmis í samræmi við forgangsreglurnar sem eru settar fram í 8. mgr.,

c) tilkynna umráðanda UA-kerfanna hvort beiðnin um UA-flugleyfið hafi verið samþykkt eða henni verið synjað,

d) tilgreina leyfileg vikmörk UA-flugleyfis þegar umráðanda UA-kerfa er tilkynnt um að beiðni hans um UA-flugleyfi hafi verið samþykkt.

3. Við útgáfu UA-flugleyfis skulu veitendur U-rýmis þjónustu nota, eftir atvikum, veðurupplýsingar, sem veðurupplýsingaþjónustan veitir, eins og um getur í 12. gr.

4. Ef veitendur U-rýmis þjónustu geta ekki veitt UA-flugleyfi, í samræmi við beiðni umráðanda UA-kerfis, geta veitendur U-rýmis þjónustu lagt til við umráðanda UA-kerfis annars konar UA-flugleyfi.

5. Við móttöku beiðninnar um virkjun UA-flugleyfisins, sem um getur í 5. mgr. 6. gr., skulu veitendur U-rýmis þjónustu, án ótilhlýðilegrar tafar, staðfesta virkjun UA-flugleyfisins.

6. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða fram úr því þegar um er að ræða beiðnir um ósamrýmanleg UA-flugleyfi frá umráðendum UA-kerfa sem nota mismunandi veitendur U-rýmis þjónustu.

7. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu fylgjast með því hvort beiðni um UA-flugleyfi stríði gegn höftum í U-rýmis loftrými og tímabundnum takmörkunum á notkun loftrýmis.

8. Við vinnslu beiðna um UA-flugleyfi skulu veitendur U-rýmis þjónustu veita sérstakri flugstarfsemi UA-kerfa forgang, eins og um getur í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 923/2012.

9. Ef tvær beiðnir um UA-flugleyfi njóta sama forgangs skulu þær afgreiddar samkvæmt reglunni „fyrstir koma, fyrstir fá“.

10. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu stöðugt fylgjast með því hvort fyrirliggjandi flugleyfi stríði gegn nýjum, breytilegum höftum í loftrými og takmörkunum á notkun þess og upplýsingum um umferð mannaðra loftfara sem hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildir hafa deilt, einkum ef vitað er að neyðarástand ríki eða telst ríkja um borð í mönnuðu loftfari, þ.m.t. ef loftfar sætir ólöglegu athæfi, og uppfæra eða afturkalla leyfi eins og aðstæður krefjast hverju sinni.

11. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu gefa út einkvæmt leyfisnúmer fyrir hvert UA-flugleyfi. Þetta númer skal gera kleift að auðkenna leyfilegt flug, umráðanda UA-kerfis og veitanda U-rýmis þjónustu sem hefur gefið út UA-flugleyfið.

11. gr.

Umferðarupplýsingaþjónusta

1. Umferðarupplýsingaþjónusta, sem umráðandi UA-kerfis fær veitta, skal fela í sér upplýsingar um alla aðra sýnilega flugumferð sem kann að vera nálægt staðsetningu UA-kerfisins eða fyrirhugaðri flugleið þess.

2. Umferðarupplýsingaþjónustan skal veita upplýsingar um mönnuð loftför og umferð UA-kerfa sem aðrir veitendur U-rýmis þjónustu og viðkomandi flugumferðarþjónustudeildir hafa deilt.

3. Umferðarupplýsingaþjónustan skal veita upplýsingar um aðra flugumferð sem vitað er um og skulu þær:

a) fela í sér staðsetningu, tímasetningu skýrslugjafar auk hraða, nefstefnu eða stefnu og stöðu loftfars með tilliti til neyðarástands, ef þekkt,

b) uppfærðar eins oft og lögbæra yfirvaldið hefur ákvarðað.

4. Þegar umráðendur UA-kerfa hafa móttekið umferðarupplýsingar frá veitanda U-rýmis þjónustu skulu þeir grípa til viðeigandi aðgerða til að forðast hvers konar árekstrarhættu.

12. gr.

Veðurupplýsingaþjónusta

1. Við veitingu veðurupplýsingaþjónustu skal veitandi U-rýmis þjónustu:

a) safna veðurgögnum, sem byggjast á áreiðanlegum heimildum, til að viðhalda öryggi og styðja við ákvarðanir annarrar U-rýmis þjónustu varðandi starfrækslu,

b) Sjá umráðanda UA-kerfis fyrir veðurspám og raunverulegum veðurupplýsingum, annaðhvort áður en flug hefst eða meðan á flugi stendur.

2. Veðurupplýsingaþjónustan skal a.m.k. veita upplýsingar um:

a) vindátt, sem er mæld réttsælis úr hánorðri, og hraða í m/s, þ.m.t. vindhviður,

b) hæð lægstu skýjahulu, (BKN-/OVC-ský), í hundruðum feta fyrir ofan jörðu,

c) skyggni í metrum og kílómetrum,

d) hitastig og daggarmark,

e) vísa fyrir uppstreymi og úrkomu,

f) staðsetningu og tímasetningu veðurathugunar eða tímasetningar og staðsetningar sem gilda um veðurspána,

g) viðeigandi QNH-gildi með landfræðilegri staðsetningu notkunarsviðs þess.

3. Veitendur U-rýmis þjónustu skulu veita uppfærðar og áreiðanlegar veðurupplýsingar til að styðja við starfrækslu UA-kerfa.

13. gr.

Samræmisvöktunarþjónusta

1. Samræmisvöktunarþjónusta skal gera umráðendum UA-kerfa kleift að sannprófa hvort þeir uppfylli kröfurnar, sem eru settar fram í 1. mgr. 6. gr., og skilmála UA-flugleyfisins. Í þessu skyni skal þessi þjónusta gera umráðanda UA-kerfisins viðvart um brot á vikmörkum flugleyfisins og ef kröfurnar í 1. mgr. 6. gr. hafa ekki verið uppfylltar.

2. Ef samræmisvöktunarþjónustan greinir frávik frá flugleyfinu skal veitandi U-rýmis þjónustu gera öðrum umráðendum UA-kerfa viðvart, sem starfa í nágrenni við viðkomandi UA-kerfi, öðrum veitendum U-rýmis þjónustu, sem bjóða þjónustu í sama loftrými, og viðkomandi flugumferðarþjónustudeildum, sem skulu staðfesta móttöku viðvörunarinnar.

V. KAFLI

VOTTUN VEITENDA U-RÝMIS ÞJÓNUSTU OG STAKRA VEITENDA SAMRÆMDRAR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU

14. gr.

Umsókn um starfsleyfi

1. Veitendur U-rýmis þjónustu og, ef þeir hafa verið tilnefndir, stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu skulu vera handhafar starfsleyfis sem lögbært yfirvald gefur út þar sem þeir hafa höfuðstöðvar sínar.

2. Veitendur U-rýmis þjónustu og, ef þeir hafa verið tilnefndir, stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu, sem eru með höfuðstöðvar sínar, hafa staðfestu eða eru búsettir í þriðja landi, skulu sækja um starfsleyfi til Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“).

3. Starfsleyfi veitanda U-rýmis þjónustu skal gefið út í samræmi við VI. viðauka.

4. Starfsleyfi staks veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu skal gefið út í samræmi við VII. viðauka.

5. Í starfsleyfinu skulu ákvörðuð réttindi og sérréttindi handhafa þess til að veita þá þjónustu sem starfsleyfið tekur til.

6. Umsókn um starfsleyfi fyrir veitanda U-rýmis þjónustu eða stakan veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu eða um breytingu á fyrirliggjandi starfsleyfi skal lögð fram á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin ákveður, eftir því sem við á.

15. gr.

Skilyrði fyrir því að fá starfsleyfi

1. Veitendur U-rýmis þjónustu og, ef þeir hafa verið tilnefndir, stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu skulu fá veitt starfsleyfi ef þeir sýna fram á að þeir:

a) geti veitt þjónustu sína með öruggum, áreiðanlegum, skilvirkum, samfelldum og sjálfbærum hætti í samræmi við fyrirhugaða starfrækslu UA-kerfa og í samræmi við frammistöðustigið sem aðildarríkin hafa ákvarðað fyrir U-rýmis loftrýmið í samræmi við 4. mgr. 3. gr.,

b) noti kerfi og búnað sem tryggir gæði, biðtíma og vernd U-rýmisins eða samræmdu upplýsingaþjónustunnar í samræmi við þessa reglugerð,

c) hafi undir höndum nægilega mikið hreint, eigið fé sem samsvarar kostnaðinum og áhættunni sem felst í veitingu U-rýmis þjónustu eða samræmdrar upplýsingaþjónustu,

d) geti gefið skýrslu um atvik í samræmi við ATM/ANS.OR.A.065 í A-kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373,

e) innleiði og viðhaldi stjórnunarkerfi í samræmi við B-kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373,

f) innleiði og viðhaldi verndarstjórnunarkerfi í samræmi við ATM/ANS.OR.D.010 í D-kafla III. viðauka við framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2017/373,

g) varðveiti skráðar upplýsingar og gögn um starfrækslu í a.m.k. 30 daga eða lengur, ef þau skipta máli varðandi rannsókn slyss og flugatviks, þar til ljóst er að ekki sé þörf á þeim lengur,

h) séu með trausta viðskiptaáætlun sem gefur til kynna að þeir geti staðið við raunverulegar skuldbindingar sínar við að veita samfellda þjónustu í a.m.k. 12 mánuði frá upphafi starfrækslunnar,

i) hafi gert ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem tengist framkvæmd verkefna þeirra og er í réttu hlutfalli við hugsanlegt tjón og skaða,

j) hafi komist að samkomulagi þar sem fram kemur skipting bótaábyrgðar milli þeirra og annarra þjónustuveitenda, ef þeir nýta sér þjónustu annars þjónustuveitanda,

k) hafi útbúið viðbragðsáætlun til að bregðast við mögulegum atburðum, þ.m.t. flugverndarbrotum, sem hafa áhrif á veitingu þjónustu og sem hafa í för með sér verulega skerðingu eða truflun á starfrækslu þeirra.

2. Til viðbótar við körfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu veitendur U-rýmis þjónustu hafa útbúið neyðar-stjórnunaráætlun til að aðstoða umráðanda UA-kerfis þegar hann upplifir neyðarástand, og samskiptaáætlun til að upplýsa þá sem málið snertir.

16. gr.

Gildistími starfsleyfisins

1. Starfsleyfi veitanda U-rýmis þjónustu eða staks veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu skal halda gildi sínu svo framarlega sem handhafi starfsleyfisins uppfyllir viðeigandi kröfur sem eru settar fram í þessari reglugerð.

2. Starfsleyfi veitanda U-rýmis þjónustu eða staks veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu fellur úr gildi ef handafi starfsleyfisins hefur:

a) ekki hafið starfrækslu innan 6 mánaða frá útgáfu starfsleyfisins,

b) ekki stundað starfrækslu í meira en 12 mánuði samfellt.

3. Lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin, eftir því sem við á, skal meta starfrækslulega og fjárhagslega frammistöðu veitanda U-rýmis þjónustu eða staks veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu sem er á hennar ábyrgð.

4. Á grundvelli niðurstöðu matsins, sem um getur í 3. mgr., getur lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin, eftir því sem við á, sett handhafa starfsleyfisins tiltekin skilyrði og breytt, ógilt tímabundið, takmarkað eða afturkallað starfsleyfið.

VI. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Geta lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu búa yfir tækni- og rekstrarlegu hæfi og sérþekkingu til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 18. gr. Í þessu skyni skulu þau:

a) hafa viðeigandi skjalfestar verklagsreglur og viðunandi úrræði,

b) ráða starfsfólk með fullnægjandi þekkingu, faglega ráðvendni svo og reynslu og þjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað,

c) grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að stuðla að öruggri, skilvirkri og áreiðanlegri starfrækslu UA-kerfa í U-rýmis loftrými sem er á þeirra ábyrgð.

2. Lögbær yfirvöld skulu geta gripið til eða innleitt viðeigandi framfylgdarráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til að tryggja að veitendur U-rýmis þjónustu og stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu, sem þau hafa umsjón með, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

18. gr.

Verkefni lögbærra yfirvalda

Tilnefnd lögbær yfirvöld skulu:

a) koma á og viðhalda skráningarkerfi auk þess að gera það aðgengilegt fyrir vottaða veitendur U-rýmis þjónustu og staka veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu,

b) ákvarða hvaða flugumferðargögnum, hvort sem það eru rauntímagögn eða skráð gögn, veitendur U-rýmis þjónustu, stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu og veitendur flugumferðarþjónustu eigi að veita viðurkenndum einstaklingum og lögaðilum aðgang að, þ.m.t. hversu oft eigi að veita aðganginn og hvert gæðastig gagnanna eigi að vera, sbr. þó reglur um vernd persónuupplýsinga,

c) ákvarða aðgangsstigið að upplýsingum fyrir mismunandi notendur samræmdu upplýsinganna og tryggja að upplýsingarnar séu gerðar aðgengilegar í samræmi við II. viðauka,

d) tryggja að gagnaskipti milli veitenda flugumferðarþjónustu og veitenda U-rýmis þjónustu fari fram í samræmi við V. viðauka,

e) skilgreina með hvaða hætti einstaklingar og lögaðilar sæki um starfsleyfi fyrir veitanda U-rýmis þjónustu eða stakan veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu í samræmi við V. kafla,

f) ákvarða fyrirkomulag til að samræma með öðrum yfirvöldum og aðilum, þ.m.t. á staðarvísu, afmörkun U-rýmis loftrýmis, setningu hafta í loftrými fyrir UA-kerfi innan þess U-rýmis loftrýmis og ákvörðun U-rýmis þjónustunnar sem á að veita í U-rýmis loftrýminu,

g) koma á vottunaráætlun og samfelldri áhættumiðaðri eftirlitsáætlun, þ.m.t. vöktun á starfrækslulegri og fjárhagslegri frammistöðu, sem samsvarar áhættunni sem tengist þjónustunni sem veitendur U-rýmis þjónustu og stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu, sem eru á þeirra ábyrgð, veita,

h) gera þá kröfu að veitendur samræmdra upplýsinga og veitendur U-rýmis þjónustu geri aðgengilegar allar nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja að veiting U-rýmis þjónustu stuðli að öruggri starfrækslu loftfars,

i) framkvæma úttektir, mat, rannsóknir og skoðanir á veitendum U-rýmis þjónustu og stökum veitendum samræmdrar upplýsingaþjónustu, eins og ákvarðað er í eftirlitsáætluninni,

j) taka mið af nauðsynlegu öryggisframmistöðustigi við skilgreiningu á kröfunum fyrir hvert U-rýmis loftrými sem hefur sætt áhættumati loftrýmis, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr.,

k) vakta og meta reglulega öryggisframmistöðustigin og nota einkum niðurstöðurnar úr vöktun öryggisframmistöðu í tengslum við áhættumiðað eftirlit sitt.

19. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir skilgreiningu á kröfum um getu og frammistöðu, starfræksluskilyrðum og loftrýmistakmörkunum sem um getur í 4. mgr. 3. gr.

A. **Viðmiðanir fyrir skilgreiningu á kröfum um getu og frammistöðu UA-kerfa**

Við ákvörðun á kröfum um getu og frammistöðu UA-kerfa, í samræmi við a-lið 4. mgr. 3. gr., skulu aðildarríki taka mið af eftirfarandi viðmiðunum:

1. fyrirhuguðum tegundum starfrækslu UA-kerfa og umferðarþunga mannaðra loftfara,
2. fyrirliggjandi skipun loftrýmis í flokka og skipulagi loftrýmis,
3. U-rýmis þjónustunni sem á að veita,
4. öðrum viðbótartakmörkunum.

B. **Viðmiðanir fyrir skilgreiningu á kröfum um frammistöðu U-rýmis þjónustu**

Við ákvörðun á kröfum um frammistöðu U-rýmis þjónustu, í samræmi við b-lið 4. mgr. 3. gr., skulu aðildarríkin taka mið af eftirfarandi viðmiðunum:

1. áhættu á jörðu niðri og í lofti,
2. landsvæði sem flogið er yfir,
3. þekktum slæmum veðurskilyrðum,
4. aðgengi að grunnvirkjum sem styðja við U-rýmis þjónustu.

C. **Viðmiðanir fyrir skilgreiningu á starfræksluskilyrðum og loftrýmistakmörkunum**

Við ákvörðun á starfræksluskilyrðum og loftrýmistakmörkunum, í samræmi við c-lið 4. mgr. 3. gr., skulu aðildarríkin taka mið af eftirfarandi viðmiðunum:

1. *Starfræksluskilyrði*
   a. fyrirhuguðum tegundum flugs,
   b. verklagsreglum fyrir UA-kerfi í viðlögum og í neyðartilvikum,
   c. verklagsreglum um samræmingu beiðni um UA-flugleyfi í flugstjórnarrými milli veitenda U-rýmis þjónustu og viðkomandi flugumferðarþjónustudeilda,
   d. verklagsreglum við miðlun upplýsinga um breytilega skipan loftrýmis í flugstjórnarrými.
2. *Loftrýmistakmarkanir*
   a. tiltækri getu umferðar UA-kerfa,
   b. tiltækri og áætlaðri getu mannaðs flugs,
   c. aðgengi mannaðs flugs að U-rýmis loftrými,
   d. veðurmörkum fyrir notkun U-rýmis loftrýmis og fyrirhuguðum áhrifum U-rýmis loftrýmis á flugvelli og aðra nálæga sértæka starfsemi.

———

ANNEX II

Birting samræmdu upplýsinganna sem um getur í a-lið 4. mgr. 5. gr.

1. Veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu skulu tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 5. gr., séu aðgengilegar á netinu fyrir milligöngu sameiginlegrar, opinnar, öruggrar, skalanlegrar og sjálfbærrar tækni sem getur stutt við nauðsynleg stig tiltækileika og frammistöðu og sem tryggir samhæfða starfrækslu og frjálst flæði U-rýmis þjónustu í Sambandinu.
2. Veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu skulu veita aðgang, án mismununar, að samræmdum upplýsingum.
3. Veitendur U-rýmis þjónustu og flugumferðarþjónustu skulu nota sameiginlegar, öruggar, samvirkandi og opnar samskiptareglur.

———

III. VIÐAUKI

Kröfur um gæði, biðtíma og vernd gagna sem um getur í b-lið 4. mgr. 5. gr. og c-lið 5. mgr. 7. gr.

A. **Til að uppfylla kröfur um gæði gagna skulu veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu og U-rýmis þjónustu tryggja að:**

1. gæðum gagna sé viðhaldið,

2. starfsaðferðum við sannprófun og fullgildingu gagna sé beitt til að tryggja móttöku óspilltra gagna og að þau spillist ekki á neinu stigi ferlisins,

3. lýsigögnum sé safnað og þau varðveitt,

4. flutningur gagna fari í gegnum viðeigandi vottunarferli þannig að viðtakendur geti fengið það staðfest að gögnin eða upplýsingarnar hafi verið fluttar frá viðurkenndri heimild,

5. fyrirkomulagi um villutilkynningar, mælingaskekkjur og aðgerðir til úrbóta verði komið á og viðhaldið.

B. **Til að verja gögnin skulu veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu og U-rýmis þjónustu:**

1. innleiða verndarstefnu, þ.m.t. dulkóðun gagna og vörn mikilvægra gagna,

2. verja opnar, öruggar og samvirkandi samskiptareglur gegn vísvitandi óheimilum, rafrænum inngripum sem gætu orsakað óæskilegt rof á samskiptum,

3. auðkenna, meta og draga úr, eins og nauðsyn krefur, verndaráhættu og verndarveilum,

4. fylgja verndarstöðlum og -reglum að því er varðar hvar geyma megi gögn og tryggja að þjónustuveitendur, sem eru þriðju aðilar, samþykki að fara að verndaraðferðum,

5. gefa lýsingu á stefnumiðum til að efla vitund og þjálfun starfsmanna og aðferðum til að draga úr innri áhættu og verja gögn, þ.m.t. hugverkaréttindi; í því samhengi skulu þeir vakta notenda- og netstarfsemi til að fá innsýn í viðkvæmni vistkerfisins og ógnir sem steðja að því,

6. miðla lausnum sem efla getu til að greina ógnir og afla upplýsinga og tryggja notkun tæknilegra verndarráðstafana.

———

IV. VIÐAUKI

Beiðni um UA-flugleyfi sem um getur í 4. mgr. 6. gr.

Beiðni um UA-flugleyfi skal fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

1. einkvæmt raðnúmer ómannaða loftfarsins eða, ef einkaaðili smíðar það, einkvæmt raðnúmer viðbótarbúnaðarins,
2. vinnuham,
3. tegund flugs (séraðgerðir),
4. flokk starfrækslu UA-kerfis („opinn“, „sérstakur“, „vottaður“) og flokk loftfars UA-kerfis eða tegundarvottorð UA-kerfis ef við á,
5. fjórvíddarferli (e. *4D trajectory*),
6. auðkenningartækni,
7. fyrirhugaðar aðferðir við tengjanleika,
8. flugþol,
9. neyðarráðstafanir sem eru notaðar ef skipana- og stjórntenging rofnar,
10. skráningarnúmer umráðanda UA-kerfis og, þegar við á, ómannaða loftfarsins.

———

V. VIÐAUKI

Skipti á viðeigandi starfrækslugögnum og -upplýsingum milli veitenda U-rýmis þjónustu og veitenda flugumferðarþjónustu í samræmi við 3. mgr. 7. gr.

1. Upplýsingaskipti skulu tryggð með þjónustusamningi, þar sem mælt er fyrir um gæði upplýsinganna, og með fyrirmynd að upplýsingaskiptum sem er notuð í tengslum við viðeigandi starfrækslugögn og -upplýsingar.
2. Fyrirmyndin að upplýsingaskiptum skal:
   a. gera kleift að stýra og dreifa upplýsingum á stafrænu formi,
   b. lýsa einkennum upplýsinganna, sem skipst er á, eiginleikum þeirra, auðkennum, gagnategundum og tengslum,
   c. fela í sér gagnatakmarkanir og fullgildingarreglur,
   d. beita stöðluðu sniði við gagnakóðun,
   e. bjóða upp á fyrirkomulag sem hópar notenda geta notað til að víkka út eiginleika fyrirliggjandi þátta og bæta við nýjum þáttum sem hafa ekki neikvæð áhrif á stöðlun innan og milli aðildarríkja.
3. Veitendur U-rýmis þjónustu og flugumferðarþjónustu skulu nota viðurkennda dulkóðunaraðferð.
4. Veitendur U-rýmis þjónustu og flugumferðarþjónustu skulu nota sameiginlegar, öruggar, samvirkandi og opnar samskiptareglur.

———

VI. VIÐAUKI

Kennimerki Flugöryggisstofnunar Evrópu eða landsbundinna flugmálayfirvalda (NAA), eftir því sem við á

Starfsleyfi fyrir veitanda U-rýmis þjónustu sem um getur í 3. mgr. 14. gr.

STARFSLEYFI FYRIR VEITANDA U-RÝMIS ÞJÓNUSTU

[NÚMER STARFSLEYFIS/ÚTGÁFA Nr.]

Samkvæmt reglugerð (ESB) …/…. (og samkvæmt reglugerð (ESB) .../...) og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [lögbært yfirvald] hér með að

[HEITI VEITANDA U-RÝMIS ÞJÓNUSTU]

[HEIMILISFANG VEITANDA U-RÝMIS ÞJÓNUSTU]

sé veitandi U-rýmis þjónustu með réttindi, eins og tilgreint er í fylgiskjali um skilyrði fyrir þjónustuveitingu.

SKILYRÐI:

Þetta starfsleyfi takmarkast við skilyrðin og umfang þjónustunnar, sem veitt er, eins og tilgreint er í fylgiskjali um skilyrði fyrir þjónustuveitingu.

Starfsleyfi þetta er gilt á meðan vottaður veitandi U-rýmis þjónustu uppfyllir kröfur reglugerðar (ESB) .../... og annarra viðeigandi reglugerða og, ef við á, fer að verklagsreglunum í gögnum veitanda U-rýmis þjónustu, eins og krafist er í reglugerð (ESB) .../..., ...-hluta.

Með fyrirvara um að framangreind skilyrði hafi verið uppfyllt heldur þetta starfsleyfi gildi sínu nema það hafi verið lagt inn, takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur:

Undirskrift:

[Lögbært yfirvald]

SKILYRÐI FYRIR OG TAKMARKANIR Á VEITINGU U-RÝMIS ÞJÓNUSTU

hefur hlotið réttindi til að veita eftirfarandi U-rýmis þjónustu við eftirfarandi skilyrði og takmarkanir:

(Strika skal yfir það sem á ekki við)

Þjónusta	Tegund þjónustu	Skilyrði	Takmarkanir
U-rýmis þjónusta	Netauðkenningarþjónusta		
	Rýmisvitundarþjónusta		
	Flugleyfisþjónusta fyrir UA-kerfi		
	Umferðarupplýsingaþjónusta		
	Veðurupplýsingaþjónusta		
	Samræmisvöktunarþjónusta		
	Annað (samkvæmt skilgreiningu aðildarríkjanna)		

VII. VIÐAUKI

Kennimerki Flugöryggisstofnunar Evrópu eða landsbundinna flugmálayfirvalda (NAA), eftir því sem við á

Starfsleyfi fyrir stakan veitenda samræmdrar upplýsingaþjónustu sem um getur í 3. mgr. 14. gr.

STARFSLEYFI FYRIR STAKAN VEITANDA SAMRÆMDRAR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU

[NÚMER STARFSLEYFIS/ÚTGÁFA Nr.]

Samkvæmt reglugerð (ESB) …/…. (og samkvæmt reglugerð (ESB) .../...), vottar [lögbært yfirvald] hér með að

[HEITI STAKS VEITANDA SAMRÆMDRAR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU]

[HEIMILISFANG STAKS VEITANDA SAMRÆMDRAR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU]

sé stakur veitandi samræmdrar upplýsingaþjónustu.

Starfsleyfi þetta er gilt á meðan vottaður stakur veitandi samræmdrar upplýsingaþjónustu uppfyllir kröfur reglugerðar (ESB) .../... og annarra viðeigandi reglugerða og, ef við á, fer að verklagsreglunum í gögnum staks veitanda samræmdrar upplýsingaþjónustu, eins og krafist er í reglugerð (ESB) .../..., ...-hluta.

Með fyrirvara um að framangreind skilyrði hafi verið uppfyllt heldur þetta starfsleyfi gildi sínu nema það hafi verið lagt inn, takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur:

Undirskrift:

[Lögbært yfirvald]

Viðbætir

Loftrýmisflokkar flugumferðarþjónustu og U-rýmis þjónusta sem er veitt

Tilgangurinn með þessum viðbæti er að lýsa á gagnorðan hátt þeirri þjónustu U-rýmis loftrýmis sem veitt er í hverjum sérstökum flokki loftrýmis. Þar af leiðandi er þar ekki að finna nákvæmar skilgreiningar til viðbótar við þær sem eru nú þegar tilgreindar í þessari reglugerð og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/666 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012. Flugumferðarþjónusta sem flugumferðarþjónustudeildir veita og kröfur um blindflug og sjónflug eru áfram þær sömu og eru tilgreindar í reglugerð (ESB) nr. 923/2012 og eru þær teknar saman í 4. viðbæti hennar.

Flokkur	Tegund flugs	Leyfilegt í U-rýmis loftrými	Þjónusta í U-rýmis loftrými sem veitendur U-rýmis þjónustu veita
A.	Aðeins blindflug	Ekki án breytilegrar endurskipanar loftrýmis	
	UA-kerfi ([1])	Já	UA-flugleyfi Upplýsingar um umferð UA-kerfa
B, C og D	Blindflug og sjónflug	Ekki án breytilegrar endurskipanar loftrýmis	
	UA-kerfi ([1])	Já	UA-flugleyfi Upplýsingar um umferð UA-kerfa
E	Blindflug	Ekki án breytilegrar endurskipanar loftrýmis	
	Sjónflug	Já, með fyrirvara um að staðsetningu sé deilt með veitendum U-rýmis þjónustu	Engin
	UA-kerfi ([1])	Já	UA-flugleyfi Upplýsingar um umferð UA-kerfa og sjónflugs
F	Blindflug	Já, með fyrirvara um að staðsetningu sé deilt með veitendum U-rýmis þjónustu	Engin
	Sjónflug	Já, með fyrirvara um að staðsetningu sé deilt með veitendum U-rýmis þjónustu	Engin
	UA-kerfi ([1])	Já	UA-flugleyfi Upplýsingar um umferð UA-kerfa, blindflugs og sjónflugs
G	Blindflug	Já, með fyrirvara um að staðsetningu sé deilt með veitendum U-rýmis þjónustu	Engin
	Sjónflug	Já, með fyrirvara um að staðsetningu sé deilt með veitendum U-rýmis þjónustu	Engin
	UA-kerfi ([1])	Já	UA-flugleyfi Upplýsingar um umferð UA-kerfa, blindflugs og sjónflugs

([1]) Nema UA-kerfi sem er flogið samkvæmt blindflugsreglum.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/665 **2023/EES/62/39**

frá 22. apríl 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í U-rýmis loftrými sem afmarkað hefur verið innan flugstjórnarrýmis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 ([2]) er mælt fyrir um sameiginlegar kröfur fyrir veitingu þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og aðra starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar að því er varðar almenna flugumferð og eftirlit með þeim.

2) Með samþykki framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/664 ([3]) gæti verið unnt að afmarka U-rýmis loftrými (e. *U-space airspace*) innan flugstjórnarrýmis þar sem mönnuð loftför eru starfrækt samhliða ómönnuðum loftförum. Til að tryggja öryggi þeirrar starfrækslu ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 þannig að hún taki til nauðsynlegra krafna fyrir veitendur flugumferðarþjónustu varðandi samræmingu við veitendur U-rýmis þjónustu (e. *U-space service*) og, eftir atvikum, staka veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu.

3) Veitendur flugleiðsöguþjónustu ættu, innan afmarkaðs U-rýmis loftrýmis í flugstjórnarrými, að bera áfram ábyrgð á því að veita umráðendum mannaðra loftfara flugleiðsöguþjónustu. Veitendur flugumferðarþjónustu ættu einnig að framkvæma svonefnda breytilega endurskipan (e. *dynamic reconfiguration*) U-rýmis loftrýmis til að tryggja að mönnuð og ómönnuð loftför verði áfram aðskilin á öruggan hátt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 184. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/664 frá 22. apríl 2021 um regluramma fyrir U-rými (Stjtíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 161).

4) Setja ætti sértækar verklagsreglur og innleiða fjarskiptaleiðir svo viðeigandi flugumferðarþjónustudeildir, veitendur U-rýmis þjónustu og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa (e. *unmanned aircraft system* (UA-kerfi)) og, eftir atvikum, stakir veitendur samræmdrar upplýsingaþjónustu geti haft samskipti sín á milli til að tryggja að allir hagsmunaaðilar í flugrekstri noti breytilega endurskipan U-rýmis loftrýmis á samræmdan hátt.

5) Til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin og hagsmunaaðilar, sem verða fyrir áhrifum, að fá nægan tíma til að aðlaga verklagsreglur sínar að nýja reglurammanum áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

6) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins lagði til ráðstafanir í áliti sínu nr. 01/2020 ([4]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðum er bætt við í I. viðauka:

„260) „U-rýmis loftrými“: landfræðilegt svæði fyrir UA-kerfi, sem aðildarríki hafa afmarkað, þar sem einungis er leyfilegt að starfrækja UA-kerfi með stuðningi U-rýmis þjónustu,

261) „U-rýmis þjónusta“: þjónusta sem byggist á stafrænni þjónustu og sjálfvirkum aðgerðum sem eru hannaðar til að styðja við öruggt, áreiðanlegt og skilvirkt aðgengi fjölmargra UA-kerfa að U-rýmis loftrými,

262) „samræmd upplýsingaþjónusta“: þjónusta sem felur í sér miðlun fastra og lifandi gagna til að gera mögulegt að veita U-rýmis þjónustu við stjórnun umferðar ómannaðra loftfara,

263) „breytileg endurskipan loftrýmis“ (e. *dynamic airspace reconfiguration*): tímabundin breyting á U-rýmis loftrými til að taka tillit til skammtímabreytinga á umferðarþörf mannaðra loftfara, með því að aðlaga landfræðileg mörk þess U-rýmis loftrýmis.“

2) Í 1. þætti A-kafla IV. viðauka er eftirfarandi ATS.OR.127 bætt við:

„**ATS.OR.127 Samræming veitenda flugumferðarþjónustu í U-rýmis loftrými**

Veitendur flugumferðarþjónustu skulu:

a) veita, án mismununar, viðeigandi upplýsingar um umferð mannaðra loftfara sem eru nauðsynlegar sem hluti af samræmdu upplýsingaþjónustunni, sem um getur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/664 (*), innan U-rýmis loftrýmis, sem komið er á fót í flugstjórnarrýminu, þar sem tilnefndur er veitandi flugumferðar-þjónustu til að veita þjónustu sína,

b) setja verklagsreglur um samræmingu og innleiða fjarskiptaleiðir meðal viðeigandi flugumferðarþjónustudeilda, veitenda U-rýmis þjónustu og, eftir atvikum, stakra veitenda samræmdrar upplýsingaþjónustu sem heimila veitingu þessara gagna.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/664 frá 22. apríl 2021 um regluramma fyrir U-rými (Stjtíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 161).“

([4]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

3) Eftirfarandi ATS.TR.237 er bætt við í 2. þætti B-kafla í IV. viðauka:

„**ATS.TR.237 Breytileg endurskipan U-rýmis loftrýmis**

Flugstjórnardeildir skulu:

a) takmarka tímabundið svæðið innan afmarkaða U-rýmis loftrýmisins þar sem starfræksla UA-kerfa getur farið fram til að taka tillit til skammtímabreytinga á umferðarþörf mannaðra loftfara með því að aðlaga lárétt og lóðrétt mörk U-rýmis loftrýmisins,

b) tryggja að viðeigandi veitendur U-rýmis loftrýmis og, eftir atvikum, stakir veitendur samræmdu upplýsinga-þjónustunnar séu upplýstir tímanlega og með skilvirkum hætti um það þegar afmarkað U-rýmis loftrými er virkjað, gert óvirkt og takmarkað tímabundið.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/666 **2023/EES/62/40**

frá 22. apríl 2021

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar kröfur fyrir mannað flug í U-rýmis loftrými (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. og 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([2]) er mælt fyrir um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu sem gilda fyrir almenna flugumferð.

2) Til að mögulegt sé að starfrækja með öruggum hætti mannað loftfar, sem fær ekki veitta flugstjórnarþjónustu, samhliða starfrækslu ómannaðs loftfars í U-rýmis loftrými (e. *U-space airspace*) er mikilvægt að veitendum U-rýmis þjónustu (e. *U-space* service) sé tilkynnt um staðsetningu mannaða loftfarsins. Þessu ætti að ná fram með því að gera mannað loftfar sýnilegt á rafrænan hátt og sýna með skilvirkum hætti staðsetningu þess með merkjasendingum með aðstoð kögunartækni.

3) Reglugerð (ESB) nr. 923/2012 ætti að fela í sér slíkar kröfur fyrir mannað flug sem er starfrækt í U-rýmis loftrýminu.

4) Slíkar nýjar kröfur ættu að bæta öryggi með því að auka næmi á aðstæður innan U-rýmis loftrýmisins.

5) Til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar ættu aðildarríki og hagsmunaaðilar, sem verða fyrir áhrifum, að fá nægan tíma til að aðlaga verklagsreglur sínar að nýja reglurammanum.

6) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins lagði til ráðstafanir í áliti sínu nr. 01/2020 ([3]) í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 923/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 146. og 147. lið er bætt við 2. gr.:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 23.4.2021, bls. 187. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

([3]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

„146) „U-rýmis loftrými“: landfræðilegt svæði fyrir ómönnuð loftfarskerfi (e. *unmanned aircraft system* (UA-kerfi)), sem aðildarríki hafa afmarkað, þar sem einungis er leyfilegt að starfrækja UA-kerfi með stuðningi U-rýmis þjónustu,

147) „U-rýmis þjónusta“: þjónusta sem byggist á stafrænni þjónustu og sjálfvirkum aðgerðum sem eru hannaðar til að styðja við öruggt, áreiðanlegt og skilvirkt aðgengi fjölmargra UA-kerfa að U-rýmis loftrými.“

2) Í stað SERA.6005 í 6. þætti viðaukans kemur eftirfarandi:

„**SERA.6005 Kröfur varðandi fjarskipti, ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá og rafrænan sýnileika í U-rýmis loftrými**

a) Talstöðvaskylt svæði (RMZ)

1) Í loftförum, sem eru starfrækt samkvæmt sjónflugsreglum í hlutum loftrýmis í flokkum E, F eða G og loftförum, sem eru starfrækt samkvæmt blindflugsreglum í hlutum loftrýmis í flokkum F eða G, sem lögbæra yfirvaldið hefur afmarkað sem talstöðvaskylt svæði, skal halda stöðugan hlustvörð fyrir talfjarskipti milli loftfara og jarðstöðva og koma á tvíátta fjarskiptum, eins og þörf krefur, á viðeigandi fjarskiptarás, nema þau uppfylli önnur ákvæði sem veitandi flugleiðsöguþjónustu mælir fyrir um fyrir það tiltekna loftrými.

2) Áður en flogið er inn á talstöðvaskylt svæði skulu flugmenn framkvæma upphafskall á viðeigandi fjarskiptarás sem skal innihalda auðkenni þeirrar stöðvar sem kallað er í, kallmerki, tegund loftfars, staðsetningu, fluglag, tilgang flugsins og aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.

b) Ratsjársvaraskylt svæði (TMZ)

Í öllum loftförum, sem eru starfrækt í loftrými sem lögbæra yfirvaldið hefur afmarkað sem ratsjársvaraskylt svæði, skal vera ratsjársvari fyrir kögunarsvarratsjá sem hægt er að nota í A- og C-starfshætti eða í S-starfshætti, nema þau uppfylli önnur ákvæði sem veitandi flugleiðsöguþjónustu mælir fyrir um fyrir það tiltekna loftrými.

c) U-rýmis loftrými

Mönnuð loftför, sem eru starfrækt í loftrými sem lögbært yfirvald hefur afmarkað sem U-rýmis loftrými og þar sem veitandi flugleiðsöguþjónustu veitir ekki flugstjórnarþjónustu, skulu gera sig stöðugt rafrænt sýnileg veitendum U-rýmis þjónustu.

d) Í flugmálahandbókinni skal birta með tilhlýðilegum hætti upplýsingar um loftrými, sem eru afmörkuð sem talstöðvaskyld svæði, ratsjársvaraskyld svæði eða U-rýmis loftrými.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1296 **2023/EES/62/41**

frá 4. ágúst

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar og að því er varðar kröfur um stuðningsáætlanir og sálrænt mat á flugáhöfn sem og skimanir fyrir geðvirkum efnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur og einkum gerð eldsneytisáætlunar og stjórnun eldsneytisnotkunar. Uppfæra ætti þær reglur svo þær endurspegli nýlegar framfarir í hreyfiltækni og bestu starfsvenjur á sviði flugrekstrar og þannig að tillit sé tekið til reynslu á sviði flugs um heim allan og framfara á sviði vísinda og tækni í flugrekstri.

2) Fella ætti nýjustu breytingar á 6. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (ICAO) sem tengjast eldsneyti, þ.e. I. hluta (11. útg.), III. hluta (9. útg.), og nýjar leiðbeiningar í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9976 „Handbók um gerð eldsneytisáætlana“, inn í reglugerð (ESB) nr. 965/2012, að undanskildum tilteknum kröfum sem gilda um þyrlur þar sem Flugöryggisstofnun Evrópu telur að aðrar lausnir uppfylli tilskilið öryggisstig.

3) Nýju reglurnar um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og stjórnun eldsneytis- og orkunotkunar ættu að skapa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir alla hagsmunaaðila á innri loftflutningamarkaðinum og bæta samkeppnishæfni flugiðnaðarins í Sambandinu.

4) Nýju kröfurnar um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og stjórnun eldsneytis- og orkunotkunar ættu að styðja við nýsköpun og greiða fyrir snurðulausri samþættingu nýrrar tækni á sviði flugrekstrar. Því ætti að nota heitið „eldsneyti/orka“ í stað heitisins „eldsneyti“, eftir því sem við á, til að taka með í reikninginn starfrækslu loftfara sem nota aðra orkugjafa en hefðbundið eldsneyti úr vetniskolefni.

5) Kröfurnar sem tengjast mismunandi tegundum starfrækslu ættu að vera í réttu hlutfalli við umfang og flækjustig slíkrar starfrækslu sem og við þá áhættu sem slík starfræksla felur í sér.

6) Flugrekendur ættu að geta notað frammistöðumiðað ferli við áætlanagerð og stjórnun sem bætir skilvirkni starfrækslu með því að skapa fjárhagslegan og umhverfislegan ávinning, jafnframt því að viðhalda tilteknu öryggisstigi eða jafnvel bæta það. Með nýju kröfunum um flugvélar, sem notaðar eru við flutningaflug, ætti því að innleiða alhliða eldsneytiskerfi sem tekur til þriggja meginviðmiðunarreglna í tengslum við eldsneyti: gerð eldsneytis-/orkuáætlunar, val á flugvöllum og stjórnun eldsneytis- og orkunotkunar meðan á flugi stendur. Þetta ætti að veita flugrekanda meiri sveigjanleika á sviði áhættustjórnunar sem leiðir mögulega til aukinnar skilvirkni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 282, 5.8.2021, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

7) Í öryggisupplýsingum, sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur safnað, er bent á að innleiða ætti nýjar kröfur til að bregðast við þeirri áhættu sem tengist eldsneytisáfyllingu, nánar tiltekið þegar eldsneytisáfylling fer fram með farþega um borð, á leið um borð eða frá borði, og þegar áfylling eldsneytis á þyrlu fer fram þegar þyrlarnir snúast.

8) Mat á flóknum eldsneytis-/orkukerfum krefst aukinnar getu af hálfu lögbærra yfirvalda og því er nauðsynlegt að innleiða viðmiðanir til að leiðbeina lögbærum yfirvöldum við gerð áhættumats á starfræksluöryggi til að styðja við notkun á eldsneytis-/orkukerfum sem eru alfarið frammistöðumiðuð.

9) Samkvæmt meðalhófsreglunni og betri reglusetningu ætti að laga eldsneytis- og orkukröfur um starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni (NCC), og um sérstaka starfrækslu (SPO) betur að eldsneytis- og orkukröfum um flutningaflug. Hins vegar ættu eldsneytis- og orkukröfur sem gerðar eru til flugrekenda sem annast starfrækslu loftfara sem er ekki í ábataskyni, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, að byggjast á öryggismarkmiðum og ættu að heimila frammistöðumiðaða nálgun. Nýju kröfurnar um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og stjórnun eldsneytis- og orkunotkunar ættu að draga úr stjórnsýslubyrði, auka kostnaðarhagkvæmni og, með nokkrum undantekningum, leiða til samræmingar við kröfur sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir fyrir um.

10) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1042 ([3]) var í reglugerð (ESB) nr. 965/2012 bætt við kröfum um stuðningsáætlanir, sálrænt mat á flugáhöfn og kerfisbundna og handahófskennda skimun fyrir geðvirkum efnum til að tryggja heilbrigði flugliða og öryggis- og þjónustuliða. Þær kröfur komu til framkvæmda í febrúar 2021. Flugöryggisstofnuninni var veitt umboð til að meta stöðugt skilvirkni hinna nýju ákvæða og undirbúa fyrstu matsskýrsluna eigi síðar en í ágúst 2022. Þegar tillit er tekið til áhrifanna sem Covid-19-heimsfaraldurinn hefur haft á flug er ráðlegt að gefa stofnuninni meiri tíma til að safna viðeigandi gögnum fyrir matið. Því er nauðsynlegt að framlengja frestinn til 14. ágúst 2023 til að ljúka við matsskýrsluna.

11) Með reglugerð (ESB) 2018/1042 var innleiddur 98. liður a í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 þar sem heitið „geðvirk efni“ var skilgreint. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2036 ([4]), sem breytti síðan I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, var 98. lið a fyrir slysni skipt út fyrir nýjan texta þar sem heitið „fullfær“ var skilgreint og skilgreiningin á heitinu „geðvirk efni“ felld brott. Sú skilgreining er afar mikilvæg fyrir samræmda túlkun ákvæðanna, sem eru innleidd með reglugerð (ESB) 2018/1042, og einkum til að skilgreina með skýrum hætti hvaða efni falla undir þau ákvæði og hvaða efni gera það ekki. Til að tryggja lögmætar væntingar einstaklinganna, sem heyra undir þau ákvæði, ætti því að endurinnleiða þá skilgreiningu í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 frá og með þeim degi sem tengdar breytingar, sem innleiddar eru með reglugerð (ESB) 2018/1042, koma til framkvæmda, þ.e. frá og með 14. febrúar 2021.

12) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur samið drög að framkvæmdarreglu og lagt þau fram sem álit nr. 02/2020 ([5]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

13) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það.

14) Til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin og hagsmunaaðilar, sem verða fyrir áhrifum, að fá nægan tíma til að aðlaga verklag sitt að nýjum kröfum sem ákvarðaðar eru með þessari reglugerð. Því ætti að fresta framkvæmd þessarar reglugerðar

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1042 frá 23. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða stuðningsáætlanir, sálrænt mat á flugáhöfn, sem og kerfisbundna og handahófskennda skimun fyrir geðvirkum efnum til að tryggja heilbrigði flugliða og öryggis- og þjónustuliða og að því er varðar uppsetningu á landslagsgreiningarkerfi í nýlega framleiddar flugvélar, knúnar hverfihreyflum með 5700 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minna og sem samþykktar hafa verið til að bera sex til níu farþega (Stjtíð. ESB L 188, 25.7.2018, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2036 frá 9. desember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um hæfni og þjálfunaraðferðir fyrir flugliða og frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn (Stjtíð. ESB L 416, 11.12.2020, bls. 24).

([5]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar málsgreinar 9. gr. b kemur eftirfarandi:

„Flugöryggisstofnunin skal stöðugt endurskoða skilvirkni ákvæðanna um stuðningsáætlanir, sálrænt mat á flugáhöfn og kerfisbundnar og handahófskenndar skimanir fyrir geðvirkum efnum til að tryggja heilbrigði flugliða og öryggis- og þjónustuliða eins og sett er fram í II. og IV. viðauka. Eigi síðar en 14. ágúst 2023 skal Flugöryggisstofnunin leggja fram fyrstu skýrsluna um niðurstöðurnar úr þessari endurskoðun.

Sú endurskoðun skal fela í sér viðeigandi sérfræðiþekkingu og skal byggjast á þeim gögnum sem aflað hefur verið, með aðstoð aðildarríkja og Flugöryggisstofnunarinnar, til langs tíma.“

2) Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. október 2022.

Ákvæði II. viðauka koma þó til framkvæmda frá og með 14. febrúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 8. lið c er bætt við:

„8c) „varaflugvöllur“: viðunandi flugvöllur sem loftfar getur flogið til þegar það er metið ómögulegt eða óráðlegt að halda flugi áfram eða lenda á þeim flugvelli þar sem áætlað var að lenda, þar sem nauðsynleg þjónusta og aðstaða er fyrir hendi, þar sem unnt er að uppfylla kröfur um afkastagetu loftfars, og sem er starfræktur á þeim tíma sem fyrirhugað er að nota hann; „varaflugvöllur“ nær yfir eftirfarandi:

a) „varaflugvöllur fyrir flugtak“: varaflugvöllur þar sem loftfar gæti lent, ef nauðsyn krefur, skömmu eftir flugtak ef ekki er gerlegt að nota brottfararflugvöllinn,

b) „varaflugvöllur á flugleið“: varaflugvöllur þar sem loftfar gæti lent ef nauðsynlegt reynist að breyta flugleið meðan á flugi stendur,

c) „varaeldsneytis-/orkuflugvöllur á flugleið“: varaflugvöllur á flugleið sem er nauðsynlegur við gerð flugáætlunar til notkunar við útreikning á eldsneyti/orku,

d) „varaflugvöllur ákvörðunarstaðar“: varaflugvöllur þar sem loftfar gæti lent ef það er metið annaðhvort ómögulegt eða óráðlegt að lenda á þeim flugvelli þar sem áætlað var að lenda,“.

b) Í stað 26. liðar kemur eftirfarandi:

„26) „viðlagaeldsneyti/-orka“: eldsneyti/orka sem er nauðsynleg til að bæta upp ófyrirséða þætti sem gætu haft áhrif á eldsneytis-/orkunotkunina til ákvörðunarflugvallar,“.

c) Eftirfarandi 31. lið a er bætt við:

„31a) „núverandi eldsneytis-/orkukerfi“: samþykkt eldsneytis-/orkukerfi sem er sem stendur í notkun hjá flugrekanda,“.

d) Ákvæði 46. liðar falla brott.

e) Eftirfarandi 49. lið d og 49. lið e er bætt við:

„49d) „flugi fylgt eftir“: skráning í rauntíma á brottfarar- og komuskilaboðum flugumsjónar til að tryggja starfrækslu flugs og að viðkomandi loftfar hafi lent á ákvörðunarflugvelli eða varaflugvelli,

49e) „vöktun flugs“: felur í sér eftirfarandi, auk skilgreindra krafna um að fylgja flugi eftir:

a) vöktun starfrækslu flugs sem flugumsjónarmenn með tilskilda þjálfun framkvæma frá brottför í gegnum öll stig flugsins,

b) miðlun allra tiltækra og viðeigandi öryggisupplýsinga á milli flugumsjónarmanna og flugáhafnarinnar og

c) mikilvæga aðstoð við flugáhöfn ef neyðarástand skapast í flugi eða ef upp kemur álitamál í tengslum við flugvernd, eða að beiðni flugáhafnarinnar,“.

f) Eftirfarandi 50. lið a og 50. lið b er bætt við:

„50a) „fartími“:

a) að því er varðar flugvélar sá heildartími sem líður frá því að flugvél hreyfist fyrst, í því skyni að hefja flugtak, þar til flugvélin stöðvast að fullu að afloknu flugi,

b) að því er varðar þyrlur sá heildartími sem líður frá því að þyrilblöð þyrlunnar byrja að snúast, í því skyni að hefja flugtak, þar til þyrlan stöðvast að fullu að afloknu flugi og þyrilblöðin hafa hætt að snúast,

50b) „flugumsjón“: auk allra skilgreindra þátta „flugvöktunar“, rauntímaeftirfylgni flugs á öllum stigum þess sem er í höndum flugumsjónarmanna með tilskilda þjálfun til að tryggja að flug fylgi tilskildu ferli án ófyrirséðra frávika, hjáleiða eða tafa,“.

g) Ákvæði 51. liðar falla brott.

h) Í stað 73. liðar kemur eftirfarandi:

„73) „staðbundinn þyrlurekstur“: flutningaflug með þyrlum með skráðan hámarksflugtaksmassa (MCTOM) sem er yfir 3175 kg og með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu (MOPSC) fyrir níu eða færri, að degi til og á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum innan staðbundins og skilgreinds landsvæðis sem tilgreint er í rekstrarhandbókinni,“.

i. Eftirfarandi 104. lið a er bætt við:

„104a) „lending með öruggum hætti“: í tengslum við viðmiðunarreglur um eldsneyti/orku eða eldsneytis-/orkukerfi, lending á viðunandi flugvelli eða starfrækslusvæði með a.m.k. neyðareldsneyti/-orku sem eftir er og í samræmi við gildandi verklag í flugi og flugvallarlágmörk,“.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað ARO.OPS.225 kemur eftirfarandi:

„ARO.OPS.225 Samþykki fyrir eldsneytis-/orkukerfum

a) Lögbært yfirvald skal samþykkja eldsneytis-/orkukerfið, sem flugrekandi flutningaflugs leggur til, ef flugrekandi sýnir fram á samræmi við allar gildandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í tengslum við eldsneyti/orku fyrir flugvélar eða þyrlur í flutningaflugi.

b) Lögbært yfirvald skal meta og hafa umsjón með gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur, vali á flugvelli og viðmiðunarreglum um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur í tengslum við eldsneytis-/orkukerfi, ásamt ferlum sem styðja framkvæmd þessara eldsneytis-/orkukerfa.

c) Auk a- og b-liðar skal lögbæra yfirvaldið við samþykkt einstakra eldsneytis-/orkukerfa:

1) sannprófa að flugrekandi hafi sýnt fram á öryggisframmistöðu sem liggur til grundvallar núverandi eldsneytis-/orkukerfi,

2) meta getu flugrekandans til að styðja við framkvæmd á fyrirhuguðum einstökum eldsneytis-/orkukerfum; eftirfarandi telst til lágmarksþátta:

i. stjórnunarkerfi flugrekandans,

ii. stjórnunargeta flugrekandans,

3) sannprófa hvort öryggisáhættumat flugrekandans, sem styður fyrirhugað einstakt eldsneytis-/orkukerfi, feli í sér öryggisstig sem samsvarar öryggisstigi núverandi eldsneytis-/orkukerfis og

4) koma á fót eftirlitsáætlun til að framkvæma reglubundið mat á samþykkta einstaka eldsneytis-/orkukerfinu til að sannprófa hvort kerfið samrýmist tilskildum ákvæðum eða ákvarða hvort gera ætti breytingar á því eða fella það úr gildi.

d) Samþykkið, sem um getur í 2. lið d-liðar CAT.OP.MPA.182, skal fela í sér skrá yfir afskekktu flugvellina sem flugrekandi tilgreinir fyrir hverja tegund loftfars sem samþykkið á við um.

e) Með fyrirvara um d- og e-lið ARO.GEN.120 skal lögbæra yfirvaldið tilkynna Flugöryggisstofnuninni þegar það hefst handa við að meta aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í tengslum við eldsneytis-/orkukerfi.“

3) Í stað I. viðbætis III. viðauka kemur eftirfarandi:

„I. viðbætir

YFIRLÝSING
í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um flugrekstur

Flugrekandi
Heiti:

Staðurinn þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar eða, ef flugrekandinn hefur engar höfuðstöðvar, staðurinn þar sem flugrekandinn hefur staðfestu eða búsetu og staðurinn þaðan sem rekstrinum er stjórnað:

Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:

Starfræksla loftfara

Upphafsdagur starfrækslu og gildistökudagur breytingar:

Upplýsingar um loftfar, starfrækslu og fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi[1]:

Tegund eða tegundir loftfara, skráning eða skráningar þeirra og höfuðstöðvar

Raðnúmer framleiðanda loftfars[2]	Tegund loftfars	Einkennisstafir loftfars[3]	Höfuðstöðvar	Tegund eða tegundir starfrækslu[4]	Fyrirtæki sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi[5]

Flugrekandi skal fá fyrirframsamþykki[6] eða sérstakt samþykki[7] fyrir tilteknum aðgerðum áður en slíkar aðgerðir eru framkvæmdar.

Eftir atvikum, upplýsingar um veitt samþykki (skrá yfir sérstök samþykki skal fylgja með, þ.m.t. sérstök samþykki sem þriðja land veitir, ef við á).

Eftir atvikum, upplýsingar um leyfi til sérstakrar starfrækslu (leyfið eða leyfin skulu fylgja með).

Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) með tilvísanir í viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC) sem þær koma í staðinn fyrir (aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skulu fylgja með).

Yfirlýsingar

☐ Flugrekandinn uppfyllir og mun halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

☐ Gögn stjórnunarkerfis, þ.m.t. rekstrarhandbókin, uppfylla kröfur III. viðauka (ORO-hluta), V. viðauka (SPA-hluta), VI. viðauka (NCC-hluta) eða VIII. viðauka (SPO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og öll flug munu fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar eins og krafist er í b-lið ORO.GEN.110 í III. viðauka (ORO-hluta).

☐ Öll loftför, sem starfrækt eru, hafa gilt lofthæfivottorð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 eða uppfylla sértækar lofthæfikröfur sem gilda um loftför sem eru skráð í þriðja landi og falla undir leigusamning.

☐ Allir flugliðar eru handhafar skírteinis í samræmi við I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, eins og krafist í c-lið ORO.FC.100 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, og öryggis- og þjónustuliðar, eftir því sem við á, hafa hlotið þjálfun í samræmi við CC-kafla í III. viðauka (ORO-hluta).

☐ Flugrekandinn framkvæmir staðal, sem er viðurkenndur innan iðnaðarins, og sýnir fram á að hann fari að þessum staðli, ef við á.
Tilvísun í staðalinn:
Vottunaraðili:
Dagsetning síðustu úttektar á samræmi:

☐ Flugrekandi mun tilkynna lögbæru yfirvaldi um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á það hvort farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum reglugerðar (ESB) nr. 965/2012, eins og þær eru tilkynntar lögbæru yfirvaldi með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skrám yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í a-lið ORO.GEN.120 í III. viðauka (ORO-hluta).

☐ Flugrekandi staðfestir að upplýsingarnar, sem fram koma í þessari yfirlýsingu, séu réttar.

Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns“.

(1) Ef ekki er nægilegt rými til að skrá tilskildar upplýsingar í yfirlýsingunni skulu þær skráðar í sérstakan viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður.

(2) Raðnúmer framleiðanda.

(3) Ef loftfarið er einnig skráð á handhafa flugrekandaskírteinis (AOC) skal tilgreina númer flugrekandaskírteinis handhafans.

(4) „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísa til tegundar starfrækslu loftfarsins, t.d. starfræksla sem er ekki í ábataskyni eða sérstök starfræksla, t.d. við flug vegna ljósmyndunar úr lofti, auglýsingaflug, flug fyrir fréttamiðla, flug fyrir sjónvarp og kvikmyndir, flug vegna fallhlífaraðgerðar, flug vegna fallhlífarstökks, reynsluflug vegna viðhalds.

(5) Í upplýsingum um fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal koma fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang þess og tilvísunarnúmer samþykkis.

(6) a) Starfræksla flugs þegar mælitæki eða búnaður eða eining búnaðar eða virkni er ábótavant samkvæmt lista yfir lágmarksbúnað (MEL) (b-, f- og j-liður ORO.MLR.105, NCC.IDE.A.105, NCC.IDE.H.105, SPO.IDE.A.105 og SPO.IDE.H.105).
b) Starfræksla sem krefst fyrirframleyfis eða -samþykkis, þ.m.t. allt eftirfarandi:
— fyrir sérstaka starfrækslu, þjónustuleigu og tómaleigu loftfars sem eru skráðar í þriðja landi (c-liður ORO.SPO.100),
— áhættusöm, sérstök starfræksla í ábataskyni (ORO.SPO.110),
— starfræksla loftfars sem er ekki í ábataskyni með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 farþega og án öryggis- og þjónustuliða um borð (d-liður ORO.CC.100),
— notkun á starfrækslulágmörkum blindflugs sem eru lægri en þau sem ríkið hefur birt (NCC.OP.110 og SPO.OP.110),
— eldsneytisáfylling þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast (NCC.OP.157),
— sérstök starfræksla (SPO) án súrefnis í yfir 10 000 feta hæð (SPO.OP.195).

(7) Starfræksla í samræmi við V. viðauka (SPA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, þ.m.t. B-kafli „STARFRÆKSLA SEM BYGGIST Á HÆFISBUNDINNI LEIÐSÖGU (PBN)“, C-kafli „STARFRÆKSLA MEÐ TILGREINDUM LÁGMARKSKRÖFUM UM NÁKVÆMNI Í FLUGLEIÐSÖGU (MNPS)“, D-kafli „STARFRÆKSLA Í LOFTRÝMI MEÐ MINNKUÐUM LÁGMARKS-HÆÐARAÐSKILNAÐI (RVSM)“, E-kafli „STARFRÆKSLA Í LÉLEGU SKYGGNI (LVO)“, G-kafli „FLUTNINGUR Á HÆTTULEGUM VARNINGI“, K-kafli „STARFRÆKSLA ÞYRLU Á HAFI ÚTI“ og M-kafli „RAFRÆNAR FLUGTÖSKUR (EFB)“.

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar b-liðar CAT.OP.MPA.100 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.100 Notkun flugumferðarþjónustu

3) staðbundinn þyrlurekstur,“.

b) Liður CAT.OP.MPA.106 fellur brott.

c) Í stað CAT.OP.MPA.150 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.150

HÉR Á AÐ VERA EYÐA“.

d) Liður CAT.OP.MPA.151 fellur brott.

e) Í stað 7. liðar b-liðar CAT.OP.MPA.175 kemur eftirfarandi:

„7) í fyrirhuguðu flugi sé unnt að fara að ákvæðum rekstrarhandbókarinnar um eldsneytis-/orku-, olíu- og súrefnisbirgðir, lágmarksflughæðir, flugvallarlágmörk og að varaflugvellir séu fyrir hendi, ef þörf krefur,“.

f) Eftirfarandi CAT.OP.MPA.177 er bætt við:

„CAT.OP.MPA.177 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu

a) Ef flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu er ekki lögð fram, vegna þess að í flugreglum er ekki gerð krafa um það, skal leggja fram nægilegar upplýsingar til að unnt sé að virkja viðbúnaðarþjónustu, ef þörf krefur.

b) Þegar flogið er frá stað þar sem ógerlegt er að leggja fram flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu skal flugstjóri eða flugrekandi senda hana eins fljótt og auðið er eftir flugtak.“

g) Í stað CAT.OP.MPA.180 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.180 Eldsneytis-/orkukerfi – flugvélar

a) Flugrekandi skal koma á fót, framkvæma og viðhalda eldsneytis-/orkukerfi sem:

1) er viðeigandi fyrir þá tegund eða tegundir starfrækslu sem eru framkvæmdar,

2) er í samræmi við getu flugrekandans til að styðja framkvæmdina og

3) er annaðhvort:

i. undirstöðueldsneytis-/orkukerfi sem skal mynda grunn fyrir undirstöðueldsneytis-/orkukerfi með breytileika og einstakt eldsneytis-/orkukerfi; undirstöðueldsneytis-/orkukerfið byggist á umfangsmikilli greiningu á öryggis- og starfrækslugögnum frá fyrri frammistöðu og reynslu iðnaðarins og með því að beita vísindalegum meginreglum; undirstöðueldsneytis-/orkukerfið skal tryggja, í þessari röð, örugga, árangursríka og skilvirka starfrækslu loftfarsins eða

ii. undirstöðueldsneytis-/orkukerfi með breytileika sem er undirstöðueldsneytis-/orkukerfi þar sem greiningin, sem um getur í i. lið, er notuð til að ákvarða breytileika á undirstöðueldsneytis-/orkukerfinu sem tryggir, í þessari röð, örugga, árangursríka og skilvirka starfrækslu loftfarsins eða

iii. einstakt eldsneytis-/orkukerfi sem byggist á samanburðargreiningu á öryggis- og starfrækslugögnum flugrekanda með því að beita vísindalegum meginreglum; greiningin er notuð til að koma á eldsneytis-/orkukerfi með hærra eða samsvarandi öryggisstig og undirstöðueldsneytis-/orkukerfið hefur sem tryggir, í þessari röð, örugga, árangursríka og skilvirka starfrækslu loftfarsins.

b) Öll eldsneytis-/orkukerfi skulu samanstanda af:

1) viðmiðunarreglum um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur,

2) viðmiðunarreglum um val á flugvöllum og

3) viðmiðunarreglum um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur.

c) Eldsneytis-/orkukerfi og allar breytingar þar á krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds.

d) Þegar flugrekandi hyggst sækja um einstakt eldsneytis-/orkukerfi skal hann:

1) ákvarða öryggisframmistöðu sem liggur til grundvallar núverandi eldsneytis-/orkukerfi,

2) sýna fram á getu sína til að styðja við framkvæmd fyrirhugaðs einstaks eldsneytis-/orkukerfis, þ.m.t. getu til að hafa viðunandi eftirlit með starfrækslu og til að tryggja miðlun viðeigandi öryggisupplýsinga á milli flugumsjónarmanna og flugáhafnar og

3) gera öryggisáhættumat sem sýnir fram á hvernig unnt sé að ná því öryggisstigi sem samsvarar öryggisstigi núverandi eldsneytis-/orkukerfis.“

h) Í stað CAT.OP.MPA.181 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.181 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur – flugvélar

a) Flugrekandi skal:

1) setja viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur í tengslum við eldsneytis-/orkukerfið,

2) tryggja að flugvélin beri nægilegt magn nýtanlegs eldsneytis/orku til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti og til að gera ráð fyrir að vikið verði frá fyrirhugaðri flugáætlun,

3) þróa verklag til að setja viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur sem skal vera hluti af rekstrarhandbókinni,

4) tryggja að gerð eldsneytis-/orkuáætlunar fyrir flug byggist á:

i. núverandi sértækum gögnum loftfars úr kerfi sem vaktar eldsneytis-/orkunotkun eða, ef þau eru ekki tiltæk,

ii. gögnum frá framleiðanda flugvélarinnar.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að við gerð flugáætlana sé höfð hliðsjón af þeim starfræksluskilyrðum sem framkvæma á flugið við; starfræksluskilyrðin skulu a.m.k. taka til:

1) gagna um eldsneytis-/orkunotkun loftfars,

2) áætlaðs massa,

3) veðurskilyrða sem búast má við,

4) áhrifa af viðhaldsatriðum sem slegið er á frest og/eða af leyfðum frávikum í ytri búnaði loftfars fyrir flug,

5) fyrirhugaðrar flugleiðar í brott- og komuflugi og flugbrauta og

6) fyrirsjáanlegra tafa.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að í útreikningi, áður en flug hefst, á nýtanlegu eldsneyti/orku sem krafist er fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti/orka til aksturs skal ekki vera minni en það magn sem fyrirhugað er að verði notað fyrir flugtak,

2) eldsneyti/orka til flugs skal vera það magn eldsneytis/orku sem krafist er til að flugvélin geti flogið frá því að flugtak hefst, eða frá því að áætlun er endurgerð meðan á flugi stendur, þar til lent er á ákvörðunarflugvelli,

3) viðlagaeldsneyti/-orka skal vera það magn eldsneytis/orku sem krafist er til að bæta upp fyrir ófyrirséða þætti,

4) eldsneyti/orka til varaflugvallar ákvörðunarstaðar:

i. þegar flug er starfrækt með a.m.k. einn varaflugvöll ákvörðunarstaðar skal þetta vera það magn eldsneytis-/orku sem krafist er til að fljúga frá ákvörðunarflugvelli til varaflugvallar ákvörðunarstaðar eða

ii. þegar flug er starfrækt án varaflugvallar ákvörðunarstaðar skal þetta vera það magn eldsneytis/orku sem nauðsynlegt er fyrir biðflug við ákvörðunarflugvöll, samtímis því að gera flugvélinni kleift að lenda með öruggum hætti, og gera ráð fyrir að vikið verði frá fyrirhugaðri flugáætlun; þetta magn skal að lágmarki vera eldsneyti/orka til 15 mínútna flugs á biðflugshraða í 1500 feta hæð (450 m hæð) yfir landhæð flugvallar við staðalaðstæður, reiknað út samkvæmt áætluðum massa flugvélar við komu á ákvörðunar-flugvöllinn,

5) neyðareldsneyti/-orka skal vera það magn eldsneytis/orku sem er reiknað út á biðflugshraða í 1500 feta hæð (450 m hæð) yfir landhæð flugvallar við staðalaðstæður samkvæmt áætluðum massa flugvélar við komu á varaflugvöll ákvörðunarstaðar eða ákvörðunarflugvöll þegar ekki er þörf á varaflugvelli ákvörðunarstaðar, og skal ekki vera minna en:

i. eldsneyti/orka til 45 mínútna flugs að því er varðar flugvélar með strokkhreyfla eða

ii. eldsneyti/orka til 30 mínútna flugs að því er varðar flugvélar með hverfihreyfla,

6) viðbótareldsneyti/-orka, ef þess er krafist vegna eðlis starfrækslunnar; það skal vera það magn eldsneytis/orku sem gerir flugvélinni kleift að lenda á varaeldsneytis-/orkuflugvelli á flugleið (eldsneytis-/orkustaða á versta stað fyrir varaflugvöll á flugleið) ef bilun verður í loftfari sem eykur eldsneytis-/orkunotkun umtalsvert á versta stað á leiðinni; aðeins er þörf á þessu viðbótareldsneyti/-orku ef lágmarksmagn eldsneytis/orku, sem er reiknað út skv. 2.–5. lið c-liðar, nægir ekki fyrir slíkan atburð,

7) aukaeldsneyti/-orka til að taka tillit til fyrirsjáanlegra tafa eða sértækra starfrækslutakmarkana og

8) eldsneyti/-orka að eigin ákvörðun, ef flugstjórinn fer fram á það.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að verklag um endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur við útreikning á nýtanlegu eldsneyti/orku, sem krafist er þegar flug heldur áfram eftir annarri flugleið eða til annars ákvörðunarflugvallar en þess sem var upphaflega áætlaður, feli í sér 2.–7. lið c-liðar.“

i. Í stað CAT.OP.MPA.182 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.182 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um val á flugvöllum – flugvélar

a) Við gerð áætlunar skal flugrekandi sjá til þess að þegar flugið hefur hafist sé með nokkurri vissu hægt að ganga út frá því að flugvöllur, þar sem hægt er að lenda með öruggum hætti, verði aðgengilegur á áætluðum notkunartíma þess flugvallar.

b) Við gerð áætlunar skal flugrekandi, til að tryggja lendingu með öruggum hætti ef óvenjulegar aðstæður eða neyðaraðstæður skapast eftir flugtak, velja og tilgreina í leiðarflugáætlun varaflugvöll fyrir flugtak ef annaðhvort:

1) veðurskilyrði á brottfararflugvellinum eru undir tilskildum lendingarlágmörkum flugrekanda fyrir þá starfrækslu eða

2) ómögulegt væri af öðrum ástæðum að snúa til baka á brottfararflugvöllinn.

c) Varaflugvöllur fyrir flugtak skal staðsettur innan tiltekinnar fjarlægðar frá brottfararflugvellinum sem lágmarkar hættu á váhrifum af hugsanlegum óvenjulegum aðstæðum eða neyðaraðstæðum. Við val á varaflugvelli fyrir flugtak skal flugrekandi hafa a.m.k. eftirfarandi í huga:

1) raunveruleg veðurskilyrði og veðurskilyrði sem spáð er,

2) tiltækileika og gæði flugvallargrunnvirkja,

3) getu loftfars til leiðsögu og lendingar við óvenjulegar aðstæður eða neyðaraðstæður, að teknu tilliti til umfremdar mikilvægra kerfa og

4) fyrirliggjandi samþykki (t.d. fjarflug tveggja hreyfla flugvéla (ETOPS), starfræksla í lélegu skyggni (LVO) o.s.frv.).

d) Við gerð áætlunar skal flugrekandi, fyrir hvert blindflug, velja og tilgreina í leiðarflugáætlunum og flugáætlunum flugumferðarþjónustu einn eða fleiri flugvelli þannig að tveir öruggir lendingarkostir séu fyrir hendi við venjulega starfrækslu þegar:

1) ákvörðunarflugvelli er náð eða

2) vendimörkum er náð að því er varðar flug til einhvers tiltæks varaeldsneytis-/orkuflugvallar meðan á flugi stendur til afskekkts flugvallar; flugi til afskekkts flugvallar skal ekki haldið áfram fram yfir vendimörk nema núverandi mat á veðurskilyrðum, flugumferð og öðrum starfræksluskilyrðum gefi til kynna að hægt sé að lenda með öruggum hætti á ákvörðunarflugvellinum á áætluðum notkunartíma.

Flugrekandi skal fá fyrirframsamþykki frá lögbæru yfirvaldi til að nota afskekktan flugvöll sem ákvörðunarflugvöll.

e) Flugrekandi skal tilgreina viðeigandi öryggisbil við gerð flugáætlana þar sem tillit er tekið til þess að fyrirliggjandi spá um veðurskilyrði gæti hugsanlega hafa versnað á áætluðum lendingartíma.

f) Að því er varðar blindflug skal flugrekandi sjá til þess að nægileg úrræði séu fyrir hendi þegar flogið er til eða lent á ákvörðunarflugvelli, eða varaflugvelli ákvörðunarstaðar, ef um er að ræða tap á getu fyrir fyrirhugað aðflug og lendingu.“

j) Í stað CAT.OP.MPA.185 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.185 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur – flugvélar

a) Flugrekandi skal ákvarða verklag um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur sem tryggir:

1) stöðuga fullgildingu á þeim forsendum sem eru notaðar við gerð áætlunar (endurgerð flugáætlunar fyrir flug eða meðan á flugi stendur, eða hvort tveggja),

2) endurgreiningu og aðlögun, ef þörf krefur,

3) að það magn nýtanlegs eldsneytis/-orku sem verður eftir um borð sé varið og sé ekki minna en það eldsneyti/orka sem krafist er til að halda áfram til flugvallar þar sem hægt er að lenda með öruggum hætti og

4) að viðeigandi gögn um eldsneyti/orku, að því er varðar 1., 2. og 3. lið, séu skráð.

b) Flugrekandi skal hafa innleitt verklag sem krefst þess að flugstjóri afli sér upplýsinga um seinkanir, sem byggjast á áreiðanlegri heimild, þegar ófyrirséðar aðstæður geta haft í för með sér lendingu á ákvörðunarflugvellinum með minna eldsneyti/orku en sem nemur neyðareldsneyti/-orku, auk:

1) eldsneytis/orku til að halda áfram til varaflugvallar, ef þörf krefur, eða

2) eldsneytis/orku sem krafist er til að halda áfram til afskekkts flugvallar.

c) Flugstjóri skal tilkynna flugumferðarstjórn um „lágmarksstöðu eldsneytis/orku“ með því að senda tilkynningu um „MINIMUM FUEL“ þegar flugstjórinn hefur:

1) skuldbundið sig til að lenda á tilteknum flugvelli og

2) reiknað út að hvers konar breyting á fyrirliggjandi heimild fyrir þann flugvöll geti haft í för með sér lendingu með minna neyðareldsneyti/-orku en áætlað var.

d) Flugstjóri skal tilkynna um „neyðarástand í tengslum við eldsneyti/orku“ með því að senda út „MAYDAY MAYDAY MAYDAY FUEL“ þegar magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem reiknað er út að verði tiltækt við lendingu á næsta flugvelli, þar sem lenda má með öruggum hætti, er minna en áætlað neyðareldsneyti/-orka.“

k) Liður CAT.OP.MPA.186 fellur brott.

l) Í stað CAT.OP.MPA.190 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.190 Eldsneytis-/orkukerfi – þyrlur

a) Flugrekandi skal koma á, framkvæma og viðhalda eldsneytis-/orkukerfi sem felur í sér:

1) viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur og

2) viðmiðunarreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur.

b) Eldsneytis-/orkukerfið skal:

1) vera viðeigandi fyrir þá tegund eða tegundir starfrækslu sem eru framkvæmdar og

2) vera í samræmi við getu flugrekandans til að styðja framkvæmdina.

c) Eldsneytis-/orkukerfi og allar breytingar þar á krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds.“

m) Eftirfarandi CAT.OP.MPA.191 og CAT.OP.MPA.192 er bætt við:

„CAT.OP.MPA.191 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur – þyrlur

a) Flugrekandi skal, í tengslum við eldsneytis-/orkukerfið, setja viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur til að tryggja að loftfarið beri nægilegt magn nýtanlegs eldsneytis/orku til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti og til að gera ráð fyrir að vikið verði frá fyrirhugaðri flugáætlun.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að gerð eldsneytis-/orkuáætlunar fyrir flug byggist a.m.k. á eftirfarandi þáttum:

1) verklagi í rekstrarhandbókinni, ásamt:

i. núverandi sértækum gögnum loftfars úr kerfi sem vaktar eldsneytis-/orkunotkun eða

ii. gögnum sem framleiðandi loftfarsins leggur fram og

2) starfræksluskilyrðum, sem framkvæma á flugið við, þ.m.t.:

i. gögn um eldsneytis-/orkunotkun loftfars,

ii. áætlaður massi,

iii. veðurskilyrði sem búast má við,

iv. áhrifin af viðhaldsatriðum sem slegið er á frest eða af leyfðum frávikum í ytri búnaði loftfars fyrir flug, eða hvort tveggja, og

v. verklag og takmarkanir sem veitendur flugleiðsöguþjónustu hafa innleitt.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að í útreikningi, áður en flug hefst, á nýtanlegu eldsneyti/orku sem krafist er fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti/orka til aksturs sem skal ekki vera minni en það magn sem fyrirhugað er að verði notað fyrir flugtak,

2) eldsneyti/orka til flugs,

3) viðlagaeldsneyti/-orka,

4) eldsneyti/orka til varaflugvallar ákvörðunarstaðar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist,

5) neyðareldsneyti/-orka sem skal ekki vera minni en:

i. ef flogið er samkvæmt sjónflugsreglum og flogið að degi til með hliðsjón af kennileitum, eldsneyti/orka til 20 mínútna flugs á besta hraða fyrir langdrægi eða

ii. ef flogið er samkvæmt sjónflugi og flogið með öðrum hætti en með hliðsjón af kennileitum eða að næturlagi, eldsneyti/orka til 30 mínútna flugs á besta hraða fyrir langdrægi eða

iii. ef flogið er samkvæmt blindflugsreglum, eldsneyti/orka til 30 mínútna flugs á biðflugshraða í 1500 feta hæð (450 m) yfir landhæð flugvallar við staðalaðstæður, reiknað út samkvæmt áætluðum massa þyrlu við komu á varaflugvöll ákvörðunarstaðar eða ákvörðunarflugvöll þegar ekki er þörf á varaflugvelli ákvörðunarstaðar,

6) aukaeldsneyti/-orka til að taka tillit til fyrirsjáanlegra tafa eða sértækra starfrækslutakmarkana og

7) eldsneyti/-orka að eigin ákvörðun, ef flugstjórinn fer fram á það.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að ef flug heldur áfram eftir annarri flugleið eða til annars ákvörðunarflugvallar en þess sem var upphaflega áætlaður feli verklag um endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur við útreikninga á nauðsynlegu, nýtanlegu eldsneyti/orku, í sér eftirfarandi:

1) eldsneyti/orku til að ljúka fluginu,

2) varaeldsneyti/-orku sem felur í sér:

i. viðlagaeldsneyti/-orku,

ii. eldsneyti/orku til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist,

iii. neyðareldsneyti/-orku og

iv. viðbótareldsneyti/-orku ef flugið er þess eðlis,

3) aukaeldsneyti/-orku til að taka tillit til fyrirsjáanlegra tafa eða sértækra starfrækslutakmarkana og

4) eldsneyti/-orku að eigin ákvörðun, ef flugstjórinn fer fram á það.

e) Sem annar kostur fyrir b- til d-lið skulu viðmiðunarreglur um eldsneytis-/orku fyrir þyrlur með 3175 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minni, sem flogið er að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum eða fyrir staðbundinn þyrlurekstur, tryggja að við lok flugferðar, eða raða af flugferðum, sé neyðareldsneyti/-orka nægileg:

1) til 30 mínútna flugs á besta hraða fyrir langdrægi eða

2) til 20 mínútna flugs á besta hraða fyrir langdrægi þegar flogið er innan svæðis sem býður upp á samfelld og hentug starfrækslusvæði.“

CAT.OP.MPA.192 Val á flugvöllum og starfrækslusvæðum – þyrlur

a) Að því er varðar flug við blindflugsskilyrði (IMC) skal flugrekandi velja varaflugvöll fyrir flugtak innan einnar klukkustundar flugs á eðlilegum farflugshraða ef ekki er mögulegt að snúa aftur á brottfararstað vegna veðurs.

b) Við gerð áætlunar skal flugrekandi, fyrir hvert blindflug, velja og tilgreina í leiðarflugáætlunum og flugáætlunum flugumferðarþjónustu einn eða fleiri flugvelli eða starfrækslusvæði þannig að tveir öruggir lendingarkostir séu fyrir hendi við venjulega starfrækslu nema annað sé kveðið á um í b-lið SPA.HOFO.120.

c) Flugrekandi skal beita viðeigandi öryggisbilum við gerð flugáætlana þar sem tillit er tekið til þess að fyrirliggjandi spá um veðurskilyrði gæti hugsanlega hafa versnað á áætluðum lendingartíma.

d) Að því er varðar blindflug skal flugrekandi sjá til þess að nægileg úrræði séu fyrir hendi þegar flogið er til eða lent á ákvörðunarflugvelli, eða varaflugvelli ákvörðunarstaðar, ef um er að ræða tap á getu fyrir fyrirhugað aðflug og lendingu.“

n) Í stað CAT.OP.MPA.195 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.195 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur – þyrlur

a) Flugrekandi skal ákvarða verklag til að tryggja að eftirlit sé haft með eldsneytis-/orkubirgðum meðan á flugi stendur og að eldsneytis-/orkunotkun sé stjórnað.

b) Flugstjóri skal vakta það magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem verður eftir um borð til að tryggja að það sé varið og sé ekki minna en það magn eldsneytis/orku sem krafist er til að halda áfram til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem hægt er að lenda með öruggum hætti.

c) Flugstjóri skal tilkynna flugumferðarstjórn um „lágmarksstöðu eldsneytis/orku“ með því að senda tilkynningu um „MINIMUM FUEL“ þegar flugstjórinn hefur:

1) skuldbundið sig til að lenda á flugvelli eða starfrækslusvæði og

2) reiknað út að hvers konar breyting á fyrirliggjandi heimild fyrir þann flugvöll eða starfrækslusvæði, eða aðrar tafir á flugumferð, geti haft í för með sér lendingu með minna neyðareldsneyti/-orku en áætlað var.

d) Flugstjóri skal tilkynna um „neyðarástand í tengslum við eldsneyti/orku“ með því að senda út „MAYDAY MAYDAY MAYDAY FUEL“ þegar magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem áætlað er að verði tiltækt við lendingu á næsta flugvelli eða starfrækslusvæði, þar sem lenda má með öruggum hætti, er minna en áætlað neyðareldsneyti/-orka.“

o) Eftirfarandi CAT.OP.MPA.200 er skipt út:

„CAT.OP.MPA.200 Sérstök eldsneytisáfylling eða eldsneytislosun loftfars

a) Sérstök áfylling eða losun eldsneytis skal aðeins framkvæmd þegar flugrekandi:

1) hefur framkvæmt áhættumat,

2) hefur þróað verklag og

3) hefur komið á fót þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk sitt sem tekur þátt í slíkri starfrækslu.

b) Sérstök áfylling eða losun eldsneytis gildir um:

1) áfyllingu eldsneytis með hreyfil í gangi eða þyrla sem snúast,

2) áfyllingu/losun eldsneytis þegar farþegar eru um borð, á leið um borð eða frá borði og

3) áfyllingu/losun eldsneytis þar sem suðumark eldsneytis er á breiðu hitabili.

c) Að því er varðar flugvélar er þess krafist að verklag um sérstaka áfyllingu eða losun eldsneytis og allar breytingar þar á hljóti fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.

d) Að því er varðar þyrlur er þess krafist að verklag um áfyllingu þegar þyrlar snúast og allar breytingar þar á hljóti fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.“

p) Í stað 1. liðar a-liðar CAT.OP.MPA.245 kemur eftirfarandi:

„1) leggja upp í flug eða“.

q) Í stað a-liðar CAT.OP.MPA.246 kemur eftirfarandi:

„a) að ákvörðunarpunkti þegar hann flýgur samkvæmt verklagi um minnkað viðlagaeldsneyti/-orku eða“.

r) Í stað CAT.OP.MPA.260 kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.260 Eldsneytis-/orku- og olíubirgðir

Flugstjóri skal einungis leggja upp í flug eða halda ferðinni áfram hafi áætlun verið endurgerð meðan á flugi stendur og ef hann hefur gengið úr skugga um að loftfarið beri a.m.k. áætlað magn nýtanlegs eldsneytis/orku og olíu sem nægir til að ljúka fluginu með öruggum hætti, að teknu tilliti til þeirra flugskilyrða sem búast má við.“

s) Í stað CAT.OP.MPA.280 „Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi – flugvélar“ kemur eftirfarandi:

„CAT.OP.MPA.280

[*HÉR Á AÐ VERA EYÐA].“*

t) Liður CAT.OP.MPA.281 fellur brott.

u) Í stað f-liðar CAT.POL.A.220 kemur eftirfarandi:

„f) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, skal ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti/orka sé eftir til að halda áfram til flugvallar þar sem gert er ráð fyrir að lenda og skal flugvélin vera í a.m.k. 1500 feta hæð (450 m hæð) beint yfir lendingarsvæðinu og fljúga eftir það í þeirri hæð í 15 mínútur við farflugsafl eða -kný, eins og við á.“

v. Í stað d-liðar CAT.POL.A.420 kemur eftirfarandi:

„d) Áætlaður massi flugvélarinnar, á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili, skal ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti/orka sé eftir til að halda áfram til flugvallar þar sem gert er ráð fyrir að lenda og skal flugvélin vera í a.m.k. 1500 feta hæð (450 m hæð) beint yfir lendingarsvæðinu og fljúga eftir það í þeirri hæð í 15 mínútur við farflugsafl eða -kný, eins og við á.“

w) Í stað e-liðar CAT.IDE.A.195 kemur eftirfarandi:

„e) Sömu kröfur gilda um gangsetningu og stöðvun skráningar gagnatenginga og um gangsetningu og stöðvun hljóðrita í stjórnklefa sem er að finna í CAT.IDE.A.185.“

5) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað SPA.HEMS.150 kemur eftirfarandi:

„SPA.HEMS.150 Eldsneytis-/orkubirgðir – tilslökun

Sem annar kostur fyrir b-, c- og d-lið CAT.OP.MPA.191 skulu viðmiðunarreglur um eldsneyti/orku, þegar um er að ræða sjúkraflug með þyrlu samkvæmt sjónflugsreglum innan staðbundins og skilgreinds landsvæðis, tryggja að við lok flugsins sé neyðareldsneyti/-orka nægileg:

a) til 30 mínútna flugs á besta hraða fyrir langdrægi eða

b) til 20 mínútna flugs á besta hraða fyrir langdrægi að degi til þegar flogið er innan svæðis sem býður upp á samfelld og hentug starfrækslusvæði.“

b) Í stað SPA.HEMS.155 kemur eftirfarandi:

„SPA.HEMS.155 Eldsneytisáfylling þegar farþegar eru um borð

Tilgreina skal verklag um eldsneytisáfyllingu þegar þyrlarnir annaðhvort snúast eða hafa hætt að snúast í samræmi við CAT.OP.MPA.200 „Sérstök eldsneytisáfylling eða eldsneytislosun loftfars“.“

c) Í stað a-liðar SPA.HOFO.120 kemur eftirfarandi:

„a) *Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar á landi*. Þrátt fyrir CAT.OP.MPA.192, NCC.OP.152 og SPO.OP.151 þarf flugstjóri ekki að tilgreina tiltekinn varaflugvöll ákvörðunarstaðar í leiðarflugáætluninni þegar flogið er frá staðsetningu á hafi úti til flugvallar á landi, ef annaðhvort:

1) ákvörðunarflugvöllurinn er skilgreindur sem strandflugvöllur eða

2) eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

i. ákvörðunarflugvöllurinn hefur gefið út verklag fyrir blindaðflug,

ii. fartími er undir þremur klukkustundum og

iii. í útgefinni veðurspá, sem gildir frá einni klukkustund fyrir og einni klukkustund eftir áætlaðan lendingartíma, kemur fram:

A) að neðra borð skýs sé a.m.k. 700 fetum fyrir ofan lágmörkin sem gefin eru upp fyrir blindaðflug eða 1000 fetum fyrir ofan ákvörðunarflugvöllinn, hvort heldur er hærra og

B) að skyggni sé a.m.k. 2500 m.“

d) Í stað l-liðar SPA.SET-IMC.110 kemur eftirfarandi:

„l) neyðarbúnaður fyrir hreyfilaflstjórnun sem gerir kleift að halda hreyfli gangandi með nægilegu afli til að ljúka flugi með öruggum hætti ef um er að ræða bilun, sem eðlilegt er að gera ráð fyrir, í eldsneytis-/orkustýringunni.“

6) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað NCC.OP.105 kemur eftirfarandi:

„NCC.OP.105 Forskriftir sem gilda um afskekkta flugvelli – flugvélar

Við val á varaflugvöllum og viðmiðunarreglum um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og um endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur skal flugrekandi ekki líta á flugvöll sem afskekktan flugvöll nema flugtíminn að næsta veðurfæra varaflugvelli ákvörðunarstaðar sé lengri en:

a) 60 mínútur fyrir flugvélar með strokkhreyfla eða

b) 90 mínútur fyrir flugvélar með hverfihreyfla.“

b) Í stað NCC.OP.130 og NCC.OP.131 kemur eftirfarandi:

„NCC.OP.130 Eldsneytis-/orkukerfi – flugvélar og þyrlur

a) Flugrekandi skal koma á, framkvæma og viðhalda eldsneytis-/orkukerfi sem felur í sér:

1) viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur og

2) viðmiðunarreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur.

b) Eldsneytis-/orkukerfið skal:

1) vera viðeigandi fyrir þá tegund eða tegundir starfrækslu sem eru framkvæmdar og

2) vera í samræmi við getu flugrekandans til að styðja við framkvæmdina.

NCC.OP.131 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur – flugvélar og þyrlur

a) Flugrekandi skal, í tengslum við eldsneytis-/orkukerfið, setja viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur til að tryggja að loftfarið beri nægilegt magn nýtanlegs eldsneytis/orku til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti og til að gera ráð fyrir að vikið verði frá fyrirhugaðri flugáætlun.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að gerð eldsneytis-/orkuáætlunar fyrir flug byggist a.m.k. á eftirfarandi þáttum:

1) verklagi í rekstrarhandbókinni, ásamt:

i. núverandi sértækum gögnum loftfars úr kerfi sem vaktar eldsneytis-/orkunotkun eða, ef þau eru ekki tiltæk,

ii. gögnum sem framleiðandi loftfarsins leggur fram og

2) starfræksluskilyrðum, sem framkvæma á flugið við, þ.m.t.:

i. gögn um eldsneytis-/orkunotkun loftfars,

ii. áætlaður massi,

iii. veðurskilyrði sem búast má við,

iv. áhrifin af viðhaldsatriðum sem slegið er á frest eða af leyfðum frávikum í ytri búnaði loftfars fyrir flug, eða hvort tveggja, og

v. fyrirsjáanlegar tafir.

c) Að því er varðar flugvélar skal flugrekandi sjá til þess að í útreikningi, áður en flug hefst, á nýtanlegu eldsneyti/orku sem krafist er fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti/orka til aksturs skal ekki vera minni en það magn sem fyrirhugað er að verði notað fyrir flugtak,

2) eldsneyti/orka til flugs skal vera það magn eldsneytis/orku sem er nauðsynlegt til að flugvélin geti flogið frá því að flugtak hefst, eða frá því að áætlun er endurgerð meðan á flugi stendur, þar til lent er á ákvörðunarflugvellinum,

3) viðlagaeldsneyti/-orka skal vera það magn eldsneytis/orku sem er nauðsynlegt til að bæta upp ófyrirséða þætti,

4) eldsneyti/orka til varaflugvallar ákvörðunarstaðar:

i. þegar flug er starfrækt með a.m.k. einn varaflugvöll ákvörðunarstaðar skal þetta vera það magn eldsneytis-/orku sem er nauðsynlegt til að fljúga frá ákvörðunarflugvelli til varaflugvallar ákvörðunarstaðar eða

ii. þegar flug er starfrækt án varaflugvallar ákvörðunarstaðar skal þetta vera það magn eldsneytis-/orku sem er nauðsynlegt fyrir biðflug við ákvörðunarflugvöll til að bæta upp fyrir skort á varaflugvelli ákvörðunarstaðar,

5) neyðareldsneyti/-orka skal vera það magn eldsneytis/orku sem er reiknað út á biðflugshraða í 1500 feta hæð (450 m hæð) yfir landhæð flugvallar við staðalaðstæður samkvæmt áætluðum massa flugvélar við komu á varaflugvöll ákvörðunarstaðar eða ákvörðunarflugvöll þegar ekki er þörf á varaflugvelli ákvörðunarstaðar, og skal ekki vera minna en:

i. eldsneyti/orka til 45 mínútna flugs að því er varðar flugvélar með strokkhreyfla sem fljúga samkvæmt sjónflugsreglum að nóttu til og samkvæmt blindflugsreglum eða

ii. eldsneyti/orka til 30 mínútna flugs að því er varðar flugvélar með strokkhreyfla sem fljúga samkvæmt sjónflugsreglum að degi til,

iii. eldsneyti/orka til 30 mínútna flugs að því er varðar flugvélar með hverfihreyfla,

6) viðbótareldsneyti/-orka, ef þess er krafist vegna eðlis flugsins; það skal vera það magn eldsneytis/orku sem gerir flugvélinni kleift að lenda með öruggum hætti á varaeldsneytis-/orkuflugvelli á flugleið (eldsneytis-/orkustaða á versta stað fyrir varaflugvöll á flugleið) ef bilun verður í hreyfli eða tap á yfirþrýstingi, hvort sem krefst meira magns eldsneytis-/orku, sem byggist á þeirri forsendu að slík bilun verði á versta staðnum á leiðinni; aðeins er þörf á þessu viðbótareldsneyti/-orku ef lágmarksmagn eldsneytis/orku, sem er reiknað út skv. 2.–5. lið c-liðar, nægir ekki fyrir slíkan atburð,

7) aukaeldsneyti/-orka til að taka tillit til fyrirsjáanlegra tafa eða sértækra starfrækslutakmarkana og

8) eldsneyti/-orka að eigin ákvörðun, ef flugstjórinn fer fram á það.

d) Að því er varðar þyrlur skal flugrekandi sjá til þess að í útreikningi, áður en flug hefst, á nýtanlegu eldsneyti/orku sem krafist er fyrir flug sé allt eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti/orka til að fljúga til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem áætlað er að lenda,

2) ef þörf er á varaflugvelli ákvörðunarstaðar, eldsneyti/orka til varaflugvallar ákvörðunarstaðar, sem skal vera það magn eldsneytis/orku sem er nauðsynlegt til að framkvæma fráflug á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu þar sem áætlað er að lenda og, eftir það, til að fljúga til tilgreinds varaflugvallar ákvörðunarstaðar, framkvæma aðflug og lenda og

3) neyðareldsneyti/-orka sem skal ekki vera minni en:

i. eldsneyti/orka til a.m.k. 20 mínútna flugs, samkvæmt sjónflugsreglum, á besta hraða fyrir langdrægi eða

ii. eldsneyti/orka til a.m.k. 30 mínútna flugs, samkvæmt blindflugsreglum, á biðflugshraða í 450 m hæð (1500 feta hæð) yfir flugvelli eða starfrækslusvæði þar sem áætlað er að lenda eða varaflugvelli ákvörðunarstaðar við stöðluð hitaskilyrði.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að ef fljúga þarf til annars ákvörðunarflugvallar en upphaflega var gert ráð fyrir sé fyrir hendi verklag um endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur til að reikna út nauðsynlegt eldsneyti/orku og skal það uppfylla 2.–7. lið c-liðar fyrir flugvélar og d-lið fyrir þyrlur.

f) Flugstjóri skal einungis leggja upp í flug eða halda ferðinni áfram hafi áætlun verið endurgerð meðan á flugi stendur og ef hann hefur gengið úr skugga um að loftfarið beri a.m.k. áætlað magn nýtanlegs eldsneytis/orku og olíu sem nægir til að ljúka fluginu með öruggum hætti.“

c) Í stað b-liðar NCC.OP.151 kemur eftirfarandi:

„b) fyrirhugaður lendingarstaður sé tilgreindur sem afskekktur flugvöllur og:

1) mælt hafi verið fyrir um blindaðflugsverklag fyrir flugvöllinn, sem áætlað er að lenda á, og

2) nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefi til kynna að eftirfarandi veðurskilyrði verði fyrir hendi frá tveimur klukkustundum fyrir til tveimur klukkustundum eftir áætlaðan komutíma:

i. neðra borð skýs er a.m.k. 300 m (1000 fetum) fyrir ofan lágmarkið sem gefið er upp fyrir blindaðflugsverklagið og

ii. skyggni er a.m.k. 5,5 km eða 4 km meira en lágmarkið í verklaginu.“

d) Í stað b-liðar NCC.OP.155 kemur eftirfarandi:

„b) Hvað varðar allar aðrar tegundir eldsneytis/orku skal gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir og skal loftfarið vera mannað hæfu starfsfólki sem getur hafið og stjórnað rýmingu loftfarsins á eins hagkvæman og skjótan hátt og unnt er.“

e) Eftirfarandi NCC.OP.157 er bætt við:

„NCC.OP.157 Eldsneytisáfylling þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast – þyrlur

a) Eldsneytisáfylling þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast skal aðeins fara fram:

1) þegar engir farþegar eru á leið um borð eða frá borði,

2) ef flugrekandi flugvallarins/starfrækslusvæðisins heimilar slíkar aðgerðir,

3) í samræmi við sértækt verklag og takmarkanir í flughandbókinni (AFM),

4) með eldsneyti af gerðinni JET A eða JET A-1 og

5) ef fyrir hendi er viðeigandi aðstaða eða búnaður til björgunar- og slökkvistarfa.

b) Flugrekandi skal meta þá áhættu sem tengist eldsneytisáfyllingu þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast.

c) Flugrekandi skal ákvarða viðeigandi verklag sem öllu viðkomandi starfsfólki ber að fylgja, eins og flugverjum og starfsfólki á jörðu niðri.

d) Flugrekandi skal þjálfa flugverja sína og sjá til þess að viðkomandi starfsfólk á jörðu niðri hafi hlotið viðeigandi þjálfun.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að verklag um áfyllingu eldsneytis á þyrlur þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi eða þyrlar snúast sé tilgreint í rekstrarhandbókinni. Þetta verklag og allar breytingar þar á krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds.“

f) Í stað NCC.OP.205 kemur eftirfarandi:

„NCC.OP.205 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur

a) Flugrekandi skal ákvarða verklag til að tryggja að eftirlit sé haft með eldsneytis-/orkubirgðum meðan á flugi stendur og að eldsneytis-/orkunotkun sé stjórnað.

b) Flugstjóri skal vakta magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem verður eftir um borð til að tryggja að það sé varið og sé ekki minna en það magn eldsneytis/orku sem krafist er til að halda áfram til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem hægt er að lenda með öruggum hætti.

c) Flugstjóri skal tilkynna flugumferðarstjórn um „lágmarksstöðu eldsneytis/orku“ með því að senda tilkynningu um „MINIMUM FUEL“ þegar flugstjórinn hefur:

1) skuldbundið sig til að lenda á tilteknum flugvelli eða starfrækslusvæði og

2) reiknað út að hvers konar breyting á fyrirliggjandi heimild fyrir þann flugvöll eða starfrækslusvæði, eða aðrar tafir á flugumferð, geti haft í för með sér lendingu með minna neyðareldsneyti/-orku en áætlað var.

d) Flugstjóri skal tilkynna um „neyðarástand í tengslum við eldsneyti/orku“ með því að senda út „MAYDAY MAYDAY MAYDAY FUEL“ þegar magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem áætlað er að verði tiltækt við lendingu á næsta flugvelli eða starfrækslusvæði, þar sem lenda má með öruggum hætti, er minna en áætlað neyðareldsneyti/-orka.“

g) Í stað 6., 7., 8. og 9. liðar a-liðar NCC.POL.110 kemur eftirfarandi:

„6) massi eldsneytis/orku við flugtak og massi eldsneytis/orku fyrir flugferðina,

7) massi annarra birgða en eldsneytis/orku, ef við á,

8) hleðslueiningar, þ.m.t. farþegar, farangur, farmur og kjölfesta,

9) flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi.“

7) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað NCO.OP.105 kemur eftirfarandi:

„NCO.OP.105 Forskriftir sem gilda um afskekkta flugvelli – flugvélar

„Við val á varaflugvöllum og eldsneytis-/orkubirgðum skal flugstjóri ekki líta á flugvöll sem afskekktan flugvöll nema flugtíminn að næsta veðurfæra varaflugvelli ákvörðunarstaðar sé lengri en:

a) 60 mínútur fyrir flugvélar með strokkhreyfla eða

b) 90 mínútur fyrir flugvélar með hverfihreyfla.“

b) Í stað NCO.OP.125 kemur eftirfarandi:

„NCO.OP.125 Eldsneytis-/orku- og olíubirgðir – flugvélar og þyrlur

a) Flugstjóri skal sjá til þess að magn eldsneytis/orku og olíu um borð sé nægilegt, að teknu tilliti til veðurskilyrða, hvers konar þátta sem hafa áhrif á afköst loftfarsins, hvers konar tafa sem búast má við í fluginu og hvers konar ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem eðlilegt er að ætla að geti haft áhrif á flugið.

b) Flugstjóri skal ráðgera að verja skuli tiltekið magn eldsneytis/orku sem neyðareldsneyti/-orku til að tryggja lendingu með öruggum hætti. Flugstjóri skal taka tillit til alls eftirfarandi og í eftirfarandi forgangsröð til að ákvarða magn neyðareldsneytis/-orku:

1) alvarleika þeirrar hættu sem gæti skapast fyrir einstaklinga eða eignir vegna nauðlendingar í kjölfar skorts á eldsneyti/orku og

2) líkinda á því að upp komi svo óvæntar aðstæður að ekki kunni að vera mögulegt að verja neyðareldsneyti/-orku.

c) Flugstjóri skal eingöngu leggja upp í flug ef loftfarið ber nægilegt eldsneyti/orku og olíu:

1) til að fljúga til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem áætlað er að lenda, auk neyðareldsneytis/-orku, þegar ekki er þörf á varaflugvelli ákvörðunarstaðar eða

2) til að fljúga til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem áætlað er að lenda og eftir það til varaflugvallar, auk neyðareldsneytis/-orku, þegar þörf er á varaflugvelli ákvörðunarstaðar.“

c) Liður NCO.OP.126 fellur brott.

d) Í stað b-liðar NCO.OP.145 kemur eftirfarandi:

„b) Hvað varðar aðrar tegundir eldsneytis/orku skal áfylling eldsneytis á loftfar ekki fara fram þegar farþegar eru um borð, á leið um borð eða frá borði nema til staðar sé flugstjóri eða annað hæft starfsfólk sem getur hafið og stjórnað rýmingu loftfarsins á eins hagkvæman og skjótan hátt og unnt er.“

e) Eftirfarandi NCO.OP.147 er bætt við:

„NCO.OP.147 Eldsneytisáfylling þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast – þyrlur

Eldsneytisáfylling þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast skal aðeins fara fram þegar öll eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt samtímis:

a) þegar ekki er raunhæft að stöðva hreyfilinn eða endurræsa hann,

b) í samræmi við sértækt verklag og takmarkanir í flughandbókinni,

c) með eldsneyti af gerðinni JET A eða JET A-1,

d) þegar hvorki farþegar né sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum eru um borð, á leið um borð eða frá borði,

e) þegar flugrekandi flugvallarins eða starfrækslusvæðisins heimilar slíkar aðgerðir,

f) ef fyrir hendi er viðeigandi aðstaða eða búnaður til björgunar- og slökkvistarfa og

g) í samræmi við gátlista sem skal fela í sér:

1) verklag við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum,

2) nauðsynlegan búnað,

3) hvers konar takmarkanir og

4) ábyrgð og skyldur flugstjórans og, ef við á, flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.“

f) Í stað NCO.OP.185 kemur eftirfarandi:

„NCO.OP.185 Stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur

a) Flugstjóri skal vakta magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem verður eftir um borð til að tryggja að það sé varið og sé ekki minna en það magn eldsneytis/orku sem krafist er til að halda áfram til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem hægt er að lenda með öruggum hætti.

b) Flugstjóri flugs sem er undir stjórn skal tilkynna flugumferðarstjórn um „lágmarksstöðu eldsneytis/orku“ með því að senda tilkynningu um „MINIMUM FUEL“ þegar flugstjórinn hefur:

1) skuldbundið sig til að lenda á tilteknum flugvelli eða starfrækslusvæði og

2) reiknað út að hvers konar breyting á fyrirliggjandi heimild fyrir þann flugvöll eða starfrækslusvæði, eða aðrar tafir á flugumferð, geti haft í för með sér lendingu með minna neyðareldsneyti/-orku en áætlað var.

c) Flugstjóri flugs sem er undir stjórn skal tilkynna um „neyðarástand í tengslum við eldsneyti/orku“ með því að senda út „MAYDAY MAYDAY MAYDAY FUEL“ þegar magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem áætlað er að verði tiltækt við lendingu á næsta flugvelli eða starfrækslusvæði, þar sem lenda má með öruggum hætti, er minna en áætlað neyðareldsneyti/-orka.“

g) Ákvæði NCO.SPEC.135 og NCO.SPEC.140 falla brott.

8) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað SPO.OP.105 kemur eftirfarandi:

„SPO.OP.105 Forskriftir sem gilda um afskekkta flugvelli – flugvélar

Við val á varaflugvöllum og viðmiðunarreglum um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og um endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur skal flugrekandi ekki líta á flugvöll sem afskekktan flugvöll nema flugtíminn að næsta veðurfæra varaflugvelli ákvörðunarstaðar sé lengri en:

a) 60 mínútur fyrir flugvélar með strokkhreyfla eða

b) 90 mínútur fyrir flugvélar með hverfihreyfla.“

b) Í stað SPO.OP.130 og SPO.OP.131 kemur eftirfarandi:

„SPO.OP.130 Eldsneytis-/orkukerfi – flugvélar og þyrlur

a) Flugrekandi skal koma á, framkvæma og viðhalda eldsneytis-/orkukerfi sem felur í sér:

1) viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur og

2) viðmiðunarreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur.

b) Eldsneytis-/orkukerfið skal:

1) vera viðeigandi fyrir þá tegund eða tegundir starfrækslu sem eru framkvæmdar og

2) vera í samræmi við getu flugrekandans til að styðja við framkvæmdina.

SPO.OP.131 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur – flugvélar og þyrlur

a) Flugrekandi skal, í tengslum við eldsneytis-/orkukerfið, setja viðmiðunarreglur um gerð eldsneytis-/orkuáætlunar og endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur til að tryggja að loftfarið beri nægilegt magn nýtanlegs eldsneytis/orku til að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti og til að gera ráð fyrir að vikið verði frá fyrirhugaðri flugáætlun.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að gerð eldsneytis-/orkuáætlunar fyrir flug byggist a.m.k. á eftirfarandi þáttum:

1) verklagi í rekstrarhandbókinni, ásamt:

i. núverandi sértækum gögnum loftfars úr kerfi sem vaktar eldsneytis-/orkunotkun eða, ef þau eru ekki tiltæk,

ii. gögnum sem framleiðandi loftfarsins leggur fram og

2) starfræksluskilyrðum, sem framkvæma á flugið við, þ.m.t.:

i. gögn um eldsneytis-/orkunotkun loftfars,

ii. áætlaður massi,

iii. veðurskilyrði sem búast má við,

iv. áhrifin af viðhaldsatriðum sem slegið er á frest og/eða af leyfðum frávikum í ytri búnaði loftfars fyrir flug og

v. fyrirsjáanlegar tafir.

c) Að því er varðar flugvélar skal flugrekandi sjá til þess að í útreikningi, áður en flug hefst, á nýtanlegu eldsneyti/orku sem krafist er fyrir flug sé eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti/orka til aksturs sem skal ekki vera minni en það magn sem fyrirhugað er að verði notað fyrir flugtak,

2) eldsneyti/orka til flugs sem skal vera það magn eldsneytis/orku sem er nauðsynlegt til að flugvélin geti flogið frá því að flugtak hefst, eða frá því að áætlun er endurgerð meðan á flugi stendur, þar til lent er á ákvörðunarflugvellinum,

3) viðlagaeldsneyti/-orka sem skal vera það magn eldsneytis/orku sem er nauðsynleg til að bæta upp ófyrirséða þætti,

4) eldsneyti/orka til varaflugvallar ákvörðunarstaðar:

i. þegar flug er starfrækt með a.m.k. einn varaflugvöll ákvörðunarstaðar skal þetta vera það magn eldsneytis-/orku sem er nauðsynlegt til að fljúga frá ákvörðunarflugvelli til varaflugvallar ákvörðunarstaðar eða

ii. þegar flug er starfrækt án varaflugvallar ákvörðunarstaðar skal þetta vera það magn eldsneytis-/orku sem er nauðsynlegt fyrir biðflug við ákvörðunarflugvöll til að bæta upp fyrir skort á varaflugvelli ákvörðunarstaðar,

5) neyðareldsneyti/-orka sem skal varið til að tryggja lendingu með öruggum hætti; flugrekandi skal taka tillit til alls eftirfarandi og í eftirfarandi forgangsröð til að ákvarða magn neyðareldsneytis/-orku:

i. alvarleika þeirrar hættu sem gæti skapast fyrir einstaklinga eða eignir vegna nauðlendingar í kjölfar skorts á eldsneyti/orku,

ii. líkinda á því að upp komi svo óvæntar aðstæður að ekki kunni að vera mögulegt að verja neyðareldsneyti/-orku,

6) viðbótareldsneyti/-orka, ef þess er krafist vegna eðlis flugsins; það skal vera það magn eldsneytis/orku sem gerir flugvélinni kleift að lenda með öruggum hætti á varaeldsneytis-/orkuflugvelli á flugleið (eldsneytis-/orkustaða á versta stað fyrir varaflugvöll á flugleið) ef bilun verður í hreyfli eða tap á yfirþrýstingi, hvort sem krefst meira magns eldsneytis-/orku, sem byggist á þeirri forsendu að slík bilun verði á versta stað á leiðinni; aðeins er þörf á þessu viðbótareldsneyti/-orku ef lágmarksmagn eldsneytis/orku, sem er reiknað út skv. 2.–5. lið c-liðar, nægir ekki fyrir slíkan atburð,

7) aukaeldsneyti/-orka til að taka tillit til fyrirsjáanlegra tafa eða sértækra starfrækslutakmarkana og

8) eldsneyti/-orka að eigin ákvörðun ef flugstjórinn krefst þess.

d) Að því er varðar þyrlur skal flugrekandi sjá til þess að í útreikningi, áður en flug hefst, á nýtanlegu eldsneyti/orku sem krafist er fyrir flug sé allt eftirfarandi talið með:

1) eldsneyti/orka til að fljúga til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem áætlað er að lenda,

2) ef þörf er á varaflugvelli ákvörðunarstaðar, eldsneyti/orka til varaflugvallar ákvörðunarstaðar, sem skal vera það magn eldsneytis/orku sem er nauðsynlegt til að framkvæma fráflug á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu þar sem áætlað er að lenda og, eftir það, til að fljúga til tilgreinds varaflugvallar ákvörðunarstaðar, framkvæma aðflug og lenda og

3) neyðareldsneyti/-orka sem skal varin til að tryggja lendingu með öruggum hætti; flugrekandi skal taka tillit til alls eftirfarandi og í eftirfarandi forgangsröð til að ákvarða magn neyðareldsneytis/-orku:

i. alvarleika þeirrar hættu sem gæti skapast fyrir einstaklinga eða eignir vegna nauðlendingar í kjölfar skorts á eldsneyti/orku og

ii. líkinda á því að upp komi svo óvæntar aðstæður að ekki kunni að vera mögulegt að verja neyðareldsneyti/-orku,

4) aukaeldsneyti/-orka til að taka tillit til fyrirsjáanlegra tafa eða sértækra starfrækslutakmarkana og

5) eldsneyti/-orka að eigin ákvörðun ef flugstjórinn krefst þess.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að ef fljúga þarf til annars ákvörðunarflugvallar en upphaflega var gert ráð fyrir sé fyrir hendi verklag um endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur til að reikna út nauðsynlegt eldsneyti/orku og skal það uppfylla 2.–7. lið c-liðar fyrir flugvélar og d-lið fyrir þyrlur.

f) Flugstjóri skal einungis leggja upp í flug eða halda ferðinni áfram hafi áætlun verið endurgerð meðan á flugi stendur og ef hann hefur gengið úr skugga um að loftfarið beri a.m.k. áætlað magn nýtanlegs eldsneytis/orku og olíu sem nægir til að ljúka fluginu með öruggum hætti.“

c) Í stað b-liðar SPO.OP.150 kemur eftirfarandi:

„b) fyrirhugaður lendingarstaður sé tilgreindur sem afskekktur flugvöllur og:

1) mælt hafi verið fyrir um blindaðflugsverklag fyrir flugvöllinn, sem áætlað er að lenda á, og

2) nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefi til kynna að eftirfarandi veðurskilyrði verði fyrir hendi frá tveimur klukkustundum fyrir til tveimur klukkustundum eftir áætlaðan komutíma, eða frá raunverulegum brottfarartíma þar til tveimur klukkustundum eftir áætlaðan komutíma, hvort sem styttra er:

i. neðra borð skýs er a.m.k. 300 m (1000 fetum) fyrir ofan lágmarkið sem gefið er upp fyrir blindaðflugs-verklagið,

ii. skyggni er a.m.k. 5,5 km eða 4 km meira en lágmarkið í verklaginu.“

d) Í stað b-liðar SPO.OP.155 kemur eftirfarandi:

„b) Hvað varðar allar aðrar tegundir eldsneytis/orku skal gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir og skal loftfarið vera mannað hæfu starfsfólki sem getur hafið og stjórnað rýmingu loftfarsins á eins hagkvæman og skjótan hátt og unnt er.“

e) Eftirfarandi SPO.OP.157 er bætt við:

„SPO.OP.157 Eldsneytisáfylling þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast – þyrlur

a) Eldsneytisáfylling þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast skal aðeins fara fram:

1) þegar engir sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum eru á leið um borð eða frá borði,

2) þegar flugrekandi flugvallarins eða starfrækslusvæðisins heimilar slíkar aðgerðir,

3) í samræmi við sértækt verklag og takmarkanir í flughandbókinni,

4) með eldsneyti af gerðinni JET A eða JET A-1 og

5) ef fyrir hendi er viðeigandi aðstaða eða búnaður til björgunar- og slökkvistarfa.

b) Flugrekandi skal meta þá áhættu sem tengist eldsneytisáfyllingu þegar hreyfill eða hreyflar eru í gangi og/eða þyrlar snúast.

c) Flugrekandi skal ákvarða viðeigandi verklag sem öllu viðkomandi starfsfólki ber að fylgja, eins og flugverjum, sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum og starfsfólki á jörðu niðri.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að flugverjar, starfsfólk á jörðu niðri og hvers konar sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum, sem tengjast verklaginu, hafi hlotið viðeigandi þjálfun.

e) Flugrekandi skal sjá til þess að verklag um áfyllingu eldsneytis á þyrlur sem eru með hreyfil eða hreyfla í gangi og/eða þyrla sem snúast sé tilgreint í rekstrarhandbókinni.“

f) Í stað SPO.OP.190 kemur eftirfarandi:

„SPO.OP.190 Eldsneytis-/orkukerfi – viðmiðunarreglur um stjórnun eldsneytis-/orkunotkunar meðan á flugi stendur

a) Flugrekandi flókins, vélknúins loftfars skal ákvarða verklag til að tryggja að eftirlit sé haft með eldsneytis-/orkubirgðum meðan á flugi stendur og að eldsneytis-/orkunotkun sé stjórnað.

b) Flugstjóri skal vakta magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem verður eftir um borð til að tryggja að það sé varið og sé ekki minna en það magn eldsneytis/orku sem krafist er til að halda áfram til flugvallar eða starfrækslusvæðis þar sem hægt er að lenda með öruggum hætti.

c) Flugstjóri skal tilkynna flugumferðarstjórn um „lágmarksstöðu eldsneytis/orku“ með því að senda tilkynningu um „MINIMUM FUEL“ þegar flugstjórinn hefur:

1) skuldbundið sig til að lenda á tilteknum flugvelli eða starfrækslusvæði og

2) reiknað út að hvers konar breyting á fyrirliggjandi heimild fyrir þann flugvöll eða starfrækslusvæði, eða aðrar tafir á flugumferð, geti haft í för með sér lendingu með minna neyðareldsneyti/-orku en áætlað var.

d) Flugstjóri skal tilkynna um „neyðarástand í tengslum við eldsneyti/orku“ með því að senda út „MAYDAY MAYDAY MAYDAY FUEL“ þegar magn nýtanlegs eldsneytis/orku sem áætlað er að verði tiltækt við lendingu á næsta flugvelli eða starfrækslusvæði, þar sem lenda má með öruggum hætti, er minna en áætlað neyðareldsneyti/-orka.“

g) Í stað SPO.POL.110 kemur eftirfarandi:

„SPO.POL.110 Massa- og jafnvægiskerfi – starfræksla flugvéla og þyrlna í ábataskyni og starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara sem er ekki í ábataskyni

a) Flugrekandi skal koma á massa- og jafnvægiskerfi fyrir hvert flug eða röð flugferða til að ákvarða eftirfarandi:

1) þurrarekstrarmassa loftfars,

2) massa flutningshleðslu,

3) massa eldsneytis/orku,

4) hleðslu loftfars og dreifingu hleðslu,

5) flugtaksmassa, lendingarmassa og þurramassa og

6) viðeigandi staðsetningu þyngdarmiðju loftfarsins.

b) Flugáhöfnin skal hafa úrræði til að endurtaka og staðfesta alla útreikninga á massa og jafnvægi á grundvelli rafrænna útreikninga.

c) Flugrekandi skal ákvarða verklag til gera flugstjóra kleift að ákvarða massa eldsneytis/orku á loftfari út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytis/orku eða, ef eðlismassinn er ekki þekktur, með því að reikna hann út í samræmi við aðferð sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni.“

h) Í stað 6., 7., 8. og 9. liðar a-liðar SPO.POL.115 kemur eftirfarandi:

„6) massi eldsneytis/orku við flugtak og massi eldsneytis/orku fyrir flugferðina,

7) massi annarra birgða en eldsneytis/orku, ef við á,

8) hleðslueiningar,

9) flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi.“

i. Í stað 1. liðar a-liðar SPO.IDE.H.146 kemur eftirfarandi:

„1) þær eru ekki innan gildissviðs a-liðar SPO.IDE.H.145,“.

———

II. VIÐAUKI

Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er eftirfarandi 98. lið b bætt við:

„98b) „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarefni og rokgjörn leysiefni, að undanskildu koffíni og tóbaki,“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2237 **2023/EES/62/42**

frá 15. desember 2021

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur varðandi starfrækslu í skertu skyggni og varðandi þjálfun og próf fyrir flugliða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. gr. (1. mgr.), 27. gr. (1. mgr.) og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Flugrekendur og starfsfólk sem kemur að starfrækslu loftfara og einnig lögbær landsyfirvöld ættu að uppfylla viðeigandi grunnkröfur um flugrekstur sem eru settar fram í reglugerð (ESB) 2018/1139.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur. Uppfæra ætti gildandi reglur um starfrækslu í skertu skyggni til að tryggja að þær endurspegli nýlegar tækniframfarir í tengslum við ný flugvélakerfi og bestu starfsvenjur á sviði flugreksturs.

3) Til að tryggja öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu er nauðsynlegt að huga að starfrækslu í skertu skyggni á öllum viðeigandi sviðum flugs, þ.m.t. fyrsta lofthæfi, flugrekstur, veiting flugliðaskírteina og flugvellir, og taka tillit til reynslu á sviði flugs um heim allan og vísinda- og tækniframfara á sviði flugreksturs. Nýjar reglur ættu því að tryggja betra samræmi við kröfur Flugmálastjórnar Bandaríkjanna og gera kleift, að því marki sem gerlegt er, að fella inn í lög Sambandsins síðustu breytingar á stöðlunum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur samþykkt, þ.e. I. hluta (11. útg.), II. hluta (10. útg.) og III. hluta (9. útg.) 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar starfrækslu í skertu skyggni og íðorðanotkun á sviði blindaðflugs.

4) Þar að auki ætti að tryggja öryggi þyrluflugs samkvæmt blindflugsreglum, þ.m.t. aðflug og brottför um geimhnit. Fram að þessu hefur þyrluflug í meginatriðum farið fram samkvæmt sjónflugsreglum og því hafa reglur um þyrluflug verið þróaðar frekar. Nú liggur þó fyrir ný nálgun sem er sérsniðin að þyrlum í aðflugi og brottflugi um geimhnit, auk flugleiða þyrlna í lægri flughæðum, sem gerir kleift að fljúga þyrlum samkvæmt blindflugsreglum. Því ætti að breyta starfrækslureglum til samræmis við það.

5) Til að auka öryggi á kostnaðarhagkvæman hátt ætti að setja fram nýjar þjálfunarkröfur um sérstaka starfrækslu (SPO), um starfrækslu þyrlna í fjölstjórnarumhverfi, um meiri notkun flugherma sem og um notkun fleiri mismunandi atburða í tengslum við þjálfun og próf í flutningaflugi (CAT) með þyrlum.

6) Nýju reglurnar ættu að vera frammistöðu- og áhættumiðaðar til að taka mið af stöðugum tækniframförum. Þær ættu ekki að vera háðar tiltekinni tækni og vera auðbreytanlegar þegar fram í sækir svo forðast megi of mikil tengsl við tilteknar tæknilausnir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 450, 16.12.2021, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

7) Nýju reglurnar ættu að stuðla að meiri skilvirkni á grunni tæknilegra framfara og hagnýtri notkun nýrrar, háþróaðrar tækni á borð við sjónaukandi kerfi í flugi (e. *enhanced flight vision systems* (EFVS-kerfi)), auk notkunar á háþróuðu nýju verklagi í flugi sem styður við starfrækslu í skertu skyggni. Einnig ætti að leitast við að nota nýstárleg þjálfunarúrræði við þjálfun og próf fyrir flugliða.

8) Nýju reglurnar um starfrækslu í skertu skyggni og þjálfun og próf fyrir flugliða ættu að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir alla aðila á innri loftflutningamarkaði Sambandsins og bæta samkeppnishæfni flugiðnaðarins í Sambandinu.

9) Samræma ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, flugvallarlágmörk flutningaflugs (CAT), starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara sem er ekki í ábataskyni (NCC) og sérstakrar starfrækslu (SPO). Einnig ætti að einfalda kröfur um starfrækslu loftfara í skertu skyggni, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara sem er ekki í ábataskyni til að hvetja til notkunar blindflugsreglna.

10) Á grundvelli reynslu af starfrækslu og að teknu tilliti til eðlis hennar og þess að um minni áhættu sé að ræða ættu tilteknar tilslakanir á kröfum um þjálfun og próf fyrir flugliða, sem áður giltu einungis um flutningaflug, einnig að ná til sérstakrar starfrækslu og starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara sem er ekki í ábataskyni. Þróun starfrækslu hefur sýnt fram á að unnt er að viðhalda tilskildu öryggisstigi með vægari og sveigjanlegri kröfum. Á sama hátt ætti að veita litlum þyrlurekendum aukinn sveigjanleika að því er varðar starfrækslu mismunandi tegunda eða afbrigða loftfara. Litlar, einfaldar tegundir eins hreyfils þyrlna sem haga sér á svipaðan hátt við venjulegar aðstæður og neyðaraðstæður ættu einnig að njóta góðs af sumum þeim einföldunum sem eru nú þegar fyrir hendi innan flugvélarflokksáritunar.

11) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það til að koma grunnkröfunum, sem gerðar eru varðandi flugrekstur í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, að fullu til framkvæmdar.

12) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur útbúið drög að framkvæmdarreglum og lagt þau fyrir framkvæmdastjórnina með áliti nr. 02/2021 ([3]) í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað iv. liðar a-liðar 2. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„iv. starfrækslu í lélegu skyggni (LVO) eða starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi,“.

2) Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistökudagur og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. október 2022.

([3]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 6. lið er bætt við:

„6) „flugvallarlágmörk“: nothæfismörk flugvallar við:

a) flugtak, gefin upp sem gildi fyrir flugbrautarskyggni (RVR) og/eða skyggni og, ef nauðsyn krefur, skýjahulu,

b) lendingu í tvívíddarblindaðflugi, gefin upp sem gildi fyrir skyggni og/eða flugbrautarskyggni, lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H) og, ef nauðsynlegt krefur, skýjahulu,

c) lendingu í þrívíddarblindaðflugi, gefin upp sem gildi fyrir skyggni og/eða flugbrautarskyggni og ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) sem samsvarar viðkomandi tegund og/eða flokki aðflugs,“.

b) Ákvæði 11. liðar falla brott.

c) Ákvæði 13.–16. liðar falla brott.

d) Eftirfarandi 18. lið a er bætt við:

„18a) „skýjahula“: hæð frá yfirborði jarðar eða frá vatnsyfirborði upp að neðra borði lægsta skýjalags, undir 6000 m (20 000 fetum), sem þekur meira en helming himinhvolfsins,“.

e) Í stað 20. liðar kemur eftirfarandi:

„20) „hringaðflug“: sjónflugshluti hringaðflugs,“.

f) Eftirfarandi 20. lið a er bætt við:

„20a) „hringaðflug“: blindaðflug af tegund A til að koma loftfari á rétta stefnu til lendingar á flugbraut eða á lokaaðflugs- og flugtakssvæði (FATO) sem vegna staðsetningar sinnar liggur ekki vel við beinu aðflugi,“.

g) Í stað 27. liðar kemur eftirfarandi:

„27) „lokaaðflug með samfelldri lækkun“ (CDFA): aðferð, sem er í samræmi við verklag fyrir stöðugt aðflug, til að fljúga lokakafla í blindaðflugi samkvæmt grunnaðflugsverklagi í blindflugi (NPA) með samfelldri lækkun án þess að rétta loftfarið af úr flughæð/hæð sem er við eða fyrir ofan fast flughæðar-/hæðarmið lokaaðflugs:

a) að því er varðar beint aðflug, í punkt sem er u.þ.b. 15 m (50 fetum) fyrir ofan þröskuld flugbrautarinnar, sem er lent á, eða punkt þar sem slétting hefst eða

b) að því er varðar hringaðflug, þar til lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H) eða sjónflugshæð yfir sjó eða landi er náð,“.

h) Eftirfarandi 35. lið a er bætt við:

„35a) „ákvörðunarflughæð (DA) eða ákvörðunarhæð (DH)“: tiltekin flughæð eða hæð í þrívíddarblindaðflugi þar sem hefja verður fráflugsverklag ef tilskilið kennileiti til að halda aðfluginu áfram hefur ekki verið ákvarðað,“.

i) Í stað 46. liðar kemur eftirfarandi:

„46) „sjónaukandi kerfi í flugi“ (e. *enhanced flight vision system* (EFVS-kerfi)): rafrænn búnaður sem sýnir flugliðum mynd í rauntíma, með hjálp nema, af staðfræðilegum ytri aðstæðum (náttúrulegum eða manngerðum sérkennum staðar eða svæðis, einkum þannig að innbyrðis afstaða þeirra og hæð sé sýnd) með því að nota myndnema; kerfið er samþætt flugleiðsagnarkerfi og niðurstöður þess birtast á framrúðuskjá eða í sambærilegu skjákerfi; ef EFVS-kerfi er vottað í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi og flugrekandi er handhafi nauðsynlegs sérstaks samþykkis (ef þess er krafist) er heimilt að nota kerfið fyrir EFVS-starfrækslu og gera þannig starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi mögulega,“.

j) Eftirfarandi 46. lið a og 46. lið b er bætt við:

„46a) „EFVS-starfræksla“: starfræksla þar sem skyggni krefst þess að notað sé EFVS-kerfi í stað náttúrulegrar sjónar til að framkvæma aðflug eða lendingu, auðkenna nauðsynleg kennileiti eða stjórna lendingarbruni,

46b) „EFVS 200-starfræksla“: starfræksla með rekstrarlegum ávinningi þar sem skyggni krefst þess að notað sé EFVS-kerfi niður að 200 fetum fyrir ofan lokaaðflugs- og flugtakssvæði eða þröskuld flugbrautar. Frá þeim punkti að lendingu er notuð náttúruleg sjón; flugbrautarskyggni skal ekki vera undir 550 m,“.

k) Í stað 47. liðar kemur eftirfarandi:

„47) „sjónaukandi kerfi“ (e. *enhanced vision system*, EVS): rafrænn búnaður sem sýnir flugliðum í rauntíma raunverulega mynd af staðfræðilegum ytri aðstæðum (náttúrulegum eða manngerðum sérkennum staðar eða svæðis, einkum þannig að innbyrðis afstaða þeirra og hæð sé sýnd) með því að nota myndnema,“.

l) Eftirfarandi 48. lið b er bætt við:

„48b) „lokakafli í blindaðflugi“ (FAS): sá hluti blindaðflugsverklags (IAP) þar sem uppstilling og lækkun fyrir lendingu eiga sér stað,“.

m) Eftirfarandi 52. lið a er bætt við:

„52a) „hætt við lendingu“: umskipti frá aðflugi yfir í stöðugt klifur; þetta felur í sér flugbrögð sem eru framkvæmd við eða yfir lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H) eða ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) eða undir ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) (lending sem óvænt er hætt við),“.

n) Í stað 55. liðar kemur eftirfarandi:

„55) „lendingarkerfi með framrúðuskjámynd“ (HUDLS): heildarflugvélakerfi sem veitir flugmanninum leiðsögn með framrúðuskjámynd til að gera honum annaðhvort kleift að hafa stjórn á flugvélinni eða vakta sjálfstýringu við flugtak (ef við á), aðflug og lendingu (og lendingarbrun ef við á) eða þegar hætt er við lendingu. Það tekur til allra nema, tölva, aflgjafa, vísbendinga og stjórntækja,“.

o) Ákvæði 56. liðar falla brott.

p) Eftirfarandi 69. lið d og 69. lið e er bætt við:

„69d) „blindaðflug“: aðflug og lending með stjórntækjum fyrir leiðsögu sem byggist á blindaðflugsverklagi. Unnt er að framkvæma blindaðflug á tvo eftirfarandi vegu:

a) með tvívíddarblindaðflugi þar sem eingöngu er notuð leiðsaga í láréttum fleti og

b) með þrívíddarblindaðflugi þar sem bæði er notuð leiðsaga í láréttum og lóðréttum fleti,

69e) „blindaðflugsverklag“ (IAP): röð fyrirfram ákveðinna flugbragða út frá flugmælum með tiltekinni vörn gegn hindrunum frá upphafi frumaðflugsmiðs eða, eftir atvikum, frá upphafi skilgreindrar komuleiðar að þeim punkti þegar hægt er að ljúka lendingu og, ef lendingu er ekki lokið, að staðsetningu þar sem biðflug eða viðmiðanir um hindranabil á flugleiðinni eiga við. Blindaðflugsverklag er flokkað sem hér segir:

a) „grunnaðflugsverklag“ (NPA): blindaðflugsverklag fyrir tvívíddarblindaðflug af tegund A,

b) „aðflug með leiðsögn í lóðréttum fleti“ (APV): blindaðflugsverklag sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu fyrir þrívíddarblindaðflug af tegund A,

c) „nákvæmnisaðflugsverklag“ (PA): blindaðflugsverklag sem byggist á leiðsögukerfum fyrir þrívíddarblindaðflug af tegund A eða B,“.

q) Eftirfarandi 72. lið b er bætt við:

„72b) „leiðarflugspróf“: próf sem flugrekandi leggur fyrir flugmann eða sérhæfðan flugverja til að sýna fram á hæfni við að framkvæma hefðbundið leiðarflug sem lýst er í rekstrarhandbókinni,“.

r) Í stað 74. og 75. liðar kemur eftirfarandi:

„74) „starfræksla í lélegu skyggni“ (LVO): starfræksla í aðflugi eða flugtaki á flugbraut þar sem flugbrautarskyggni er minna en 550 m eða ákvörðunarhæð er undir 200 fetum,

75) „flugtak í lélegu skyggni“ (LVTO): flugtak þar sem flugbrautarskyggni er minna en 550 m,“.

s) Ákvæði 76. liðar falla brott.

t) Eftirfarandi 78. lið c er bætt við:

„78c) „lágmarkslækkunarflughæð“ (MDA) eða „lágmarkslækkunarhæð“ (MDH): tiltekin flughæð eða hæð í tví-víddarblindaðflugi eða hringaðflugi en fyrir neðan hana má ekki lækka flug án þess að kennileitið, sem krafist er, sjáist,“.

u) Ákvæði 83. liðar falla brott.

v) Eftirfarandi 85. lið a er bætt við:

„85a) „flughæð sem veitir lausn frá hindrun“ (OCA) eða „hæð sem veitir lausn frá hindrun“ (OCH): lægsta flughæð eða lægsta hæð yfir landhæð viðkomandi þröskuldar flugbrautar eða landhæð flugvallar, eftir því sem við á, notuð til að ákvarða samræmi við viðeigandi viðmiðun fyrir hindranabil,“.

w) Eftirfarandi 91. lið a er bætt við:

„91a) „rekstrarlegur ávinningur“ (e. *operational credit*): ávinningur við rekstur þróaðra loftfara sem gera kleift að nota lægri flugvallarlágmörk en þau sem flugrekandi myndi vanalega ákvarða fyrir venjulegt loftfar en þetta grundvallast á nothæfi þróaðra loftfarskerfa sem nýta fyrirliggjandi ytri innviði. Lægri starfrækslulágmörk gætu falið í sér lægri ákvörðunarhæð/ákvörðunarflughæð eða lágmarkslækkunarhæð/lágmarkslækkunarflughæð, minni kröfur um skyggni eða minni kröfur um búnað á jörðu niðri eða sambland af þessu,“.

x) Í stað 92. liðar kemur eftirfarandi:

„92) „hæfnipróf á vegum flugrekanda“: próf sem flugrekandi leggur fyrir flugmann eða sérhæfðan flugverja til að sýna fram á hæfni við framkvæmd verklags við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,“.

y) Eftirfarandi 120. lið c, 120. lið d og 120. lið e er bætt við:

„120c) „þjálfun til að öðlast færni“: þjálfun sem er skipulögð til að ná endanlegum frammistöðumarkmiðum auk þess að veita fullnægjandi tryggingu fyrir því að einstaklingur, sem hefur hlotið þjálfun, sé ávallt fær um að framkvæma tiltekin verkefni á öruggan og skilvirkan hátt,

120d) „blindaðflug af tegund A“: blindaðflug með lágmarkslækkunarhæð eða ákvörðunarhæð sem er við eða yfir 250 fetum,

120e) „blindaðflug af tegund B“: starfræksla með ákvörðunarhæð undir 250 fetum. Blindaðflug af tegund B er flokkað sem hér segir:

a) I. flokkur (CAT I): ákvörðunarhæð sem er ekki undir 200 fetum og með annaðhvort skyggni sem er ekki minna en 800 m eða flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 550 m,

b) II. flokkur (CAT II): ákvörðunarhæð sem er undir 200 fetum en ekki undir 100 fetum, og flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 300 m,

c) III. flokkur (CAT III): ákvörðunarhæð sem er undir 100 fetum eða ákvörðunarhæð er engin og flugbrautarskyggni sem er minna en 300 m eða takmörk flugbrautarskyggnis eru engin,“.

z) Eftirfarandi 124. lið a er bætt við:

„124a) „skyggni“: skyggni sem notað er í flugi og er lengri vegalengdin af þessum tveimur:

a) mesta fjarlægð sem unnt er að sjá og greina dökkt fyrirbæri af viðeigandi stærð sem staðsett er nærri jörðu og ber við ljósan bakgrunn og

b) mesta fjarlægð sem unnt er að sjá og greina ljós með ljósstyrknum 1000 kandela á móti óupplýstum bakgrunni,“.

aa) Í stað 125. og 126. liðar kemur eftirfarandi:

„125) „sjónaðflug“: aðflug samkvæmt blindflugi þar sem blindaðflugi eða hluta af því er ekki lokið samkvæmt verklagi og aðflug fer fram með hliðsjón af kennileitum á jörðu niðri,

126) „veðurfær flugvöllur“: viðunandi flugvöllur þar sem, á þeim tíma sem fyrirhugað er að nota flugvöllinn, veðurskeyti eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að veðurskilyrði verði við eða fyrir ofan tilskilin flugvallarlágmörk og að skýrslur um yfirborðsástand flugbrautar gefi til kynna að unnt verði að lenda á öruggan hátt,“.

2) Í stað II. viðbætis við II. viðauka kemur eftirfarandi:

„II. viðbætir

REKSTRARFORSKRIFTIR **(með fyrirvara um samþykkt skilyrði í rekstrarhandbókinni)**				
Samskiptaupplýsingar útgáfuyfirvalds Símanúmer ([1]): _____ Bréfasími: _____ Tölvupóstfang: _____				
Flugrekandaskírteini ([2]): Nafn flugrekanda ([3]): Dagsetning ([4]): Undirskrift:				
Starfar undir viðskiptaheitinu Rekstrarforskriftir nr.:				
Tegund loftfars ([5]): Skrásetningarmerki ([6]):				
Tegundir starfrækslu: Flutningaflug ☐ Farþegar ☐ Farmur ☐ Annað ([7]): _____				
Flugsvæði ([8]):				
Sérstakar takmarkanir ([9]):				
Sérstök samþykki:	Já	Nei	Forskriftir ([10])	Athugasemdir
Hættulegur varningur:	☐	☐		
Starfræksla í lélegu skyggni Flugtak Aðflug og lending Rekstrarlegur ávinningur	☐ ☐ ☐	☐ ☐ ☐	RVR ([11]):.. m CAT ([12])…. DA/H: fet, RVR:.. m CAT ([13])…..DA/H: fet, RVR:... m	
Minnkaður lágmarkshæðaraðskilnaður (RVSM) ([14]) ☐ Á ekki við	☐	☐		
Fjarflug (ETOPS) ([15]) ☐ Á ekki við	☐	☐	Hámarksfjarflugstími ([16]): mín.	
Leiðsöguforskriftir fyrir starfrækslu þar sem notast er við margþætta, hæfisbundna leiðsögu ([17])	☐	☐		([18])
Lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu	☐	☐		
Starfræksla eins hreyfils flugvéla með hverfihreyfli að næturlagi eða við blindflugsskilyrði (SET-IMC)	☐	☐	([19])	
Þyrluflug með aðstoð næturssjónkerfis	☐	☐		
Hífingar með þyrlu	☐	☐		
Sjúkraflug með þyrlu	☐	☐		
Starfræksla þyrlu á hafi úti	☐	☐		
Þjálfun öryggis- og þjónustuliða ([20])	☐	☐		

Útgáfa staðfestingarvottorðs fyrir öryggis- og þjónustuliða ([21])	☐	☐		
Notkun EFB-forrita af gerð B	☐	☐	([22])	
Áframhaldandi lofthæfi	☐	☐	([23])	
Annað ([24])				

([1]) Símanúmer lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. landskóði. Gefa á upp tölvupóstfang auk bréfsímanúmers ef það er fyrir hendi.
([2]) Hér skal sett inn númer tilheyrandi flugrekandaskírteinis.
([3]) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda og viðskiptaheiti flugrekanda, ef annað. Hér skal setja inn „starfar undir“ fyrir framan viðskiptaheitið.
([4]) Útgáfudagur rekstrarforskrifta (dd-mm-áááá) og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds.
([5]) Hér skal setja inn kóða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um framleiðanda loftfars, tegund og röð eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232).
([6]) Skrásetningarmerkin eru annaðhvort tilgreind í rekstrarforskriftum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til viðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni. Ef sérstök samþykki eiga ekki öll við um tegund loftfarsins má færa skrásetningarmerki loftfarsins í dálkinn „athugasemdir“ fyrir sérstaka samþykkið.
([7]) Hér skal tilgreina aðrar tegundir flutnings (t.d. sjúkraflug).
([8]) Hér skal gefa upp landfræðileg svæði þar sem starfræksla er heimiluð (með vísun í landfræðileg hnit eða tilteknar flugleiðir, flugupplýsingasvæði eða landamæri þjóðríkja eða landsvæða).
([9]) Hér skal gefa upp gildandi, sérstakar takmarkanir (t.d. einungis sjónflug (VFR), einungis að degi til o.s.frv.).
([10]) Í þennan dálk skal skrá rýmstu viðmiðanirnar fyrir hvert samþykki eða tegund samþykkis (með viðeigandi viðmiðun).
([11]) Hér skal setja inn samþykkt lágmarksflugbrautarskyggni við flugtak í metrum. Nota má eina línu fyrir hvert samþykki ef mismunandi samþykki hafa verið veitt.
([12]) Hér skal setja inn viðeigandi flokk nákvæmnisaðflugs: II. flokkur (CAT II) eða III. flokkur (CAT III). Hér skal setja lágmarksflugbrautarskyggni (RVR) í metrum og ákvörðunarhæð (DH) í fetum. Ein lína er notuð fyrir hvern skráðan flokk aðflugs.
([13]) Hér skal setja inn viðeigandi rekstrarlegan ávinning: SA CAT I, SA CAT II, EFVS o.s.frv. Hér skal setja lágmarksflugbrautarskyggni (RVR) í metrum og ákvörðunarhæð (DH) í fetum. Ein lína er notuð fyrir hvern skráðan rekstrarlegan ávinning.
([14]) Aðeins má haka við í kassann „á ekki við“ ef hámarksflughæð loftfars er undir fluglagi 290.
([15]) Fjarflug (ETOPS) á, sem stendur, aðeins við um tveggja hreyfla loftför. Því má haka við í kassann „á ekki við“ ef loftfarstegundin hefur færri eða fleiri en tvo hreyfla.
([16]) Hér má einnig skrá takmörk vegalengdar (í sjómílum) sem og gerð hreyfils.
([17]) Hæfisbundin leiðsaga (PBN): ein lína notuð fyrir hvert sérstakt samþykki fyrir margþættri, hæfisbundinni leiðsögu (t.d. RNP AR APCH) og viðeigandi takmarkanir skráðar í dálkana „Forskrift“ og/eða „Athugasemdir“. Samþykki, sem tengist sérstöku verklagi fyrir sérstaka starfrækslu samkvæmt RNP AR APCH má skrá í rekstrarforskriftirnar eða rekstrarhandbókina. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til hlutaðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
([18]) Tilgreina skal hvort sérstaka samþykkið sé takmarkað við tiltekna flugbrautarenda eða flugvelli eða bæði.
([19]) Hér skal setja inn viðeigandi flugskrokks- eða hreyfilssamsetningu.
([20]) Samþykki fyrir því að halda þjálfunarnámskeið og próf, sem umsækjendur þurfa að ljúka til að hægt sé að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
([21]) Samþykki fyrir því að gefa út staðfestingarvottorð fyrir öryggis- og þjónustuliða, eins og tilgreint er í CC-hluta í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
([22]) Skráin yfir EFB-forrit af gerð B skal fylgja ásamt tilvísun í EFB-vélbúnaðinn (fyrir færanlegar rafrænar flugtöskur). Skráin er annaðhvort tilgreind í rekstrarforskriftunum eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu verða tilheyrandi rekstrarforskriftir að vísa til viðeigandi síðu í rekstrarhandbókinni.
([23]) Nafn þess einstaklings eða stofnunar sem ber ábyrgð á því að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfars og vísun í reglugerðina, sem inniheldur þessa kröfu, þ.e. G-kafli í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
([24]) Hér má setja önnur samþykki eða gögn með því að nota eina línu (eða reit með mörgum línum) fyrir hverri heimild (t.d. skammbrautarlendingar, starfræksla í bröttu aðflugi, stytt tilskilin lendingarvegalengd, þyrluflug að eða frá almannaheillastað, þyrluflug yfir ótryggu umhverfi sem staðsett er utan þéttbýlis, þyrluflug án getu til að nauðlenda með öruggum hætti, starfræksla með auknum beygjuhalla, mesta leyfilega fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis).EASA-eyðublað nr. 139, 7. útgáfa.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORO.FC.100:

i. Eftirfarandi f-lið er bætt við:

„f) Sértækar kröfur fyrir þyrluflug

Ef þyrla er starfrækt með tveimur flugmönnum í áhöfn skal hvor flugmaður annaðhvort:

1) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC) á þyrlum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða

2) hafa a.m.k. 500 flugtíma sem flugmaður í fjölstjórnarumhverfi.“

ii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Heimilt er að flugliði með tilskilin réttindi leysi annan flugliða af við stjórntækin á flugi.“

b) Í stað ORO.FC.105 kemur eftirfarandi:

„**ORO.FC.105 Tilnefning sem flugstjóri**

a) Í samræmi við lið 8.6 í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 skal flugrekandi tilnefna einn af flugliðunum, sem hefur réttindi sem flugstjóri í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, sem flugstjóra.

b) Flugrekandinn skal aðeins tilnefna flugliða sem flugstjóra ef allt eftirfarandi á við:

1) flugliðinn hefur þá lágmarksreynslu sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni,

2) flugliðinn hefur fullnægjandi þekkingu á flugleiðinni eða svæðinu sem fljúga á yfir og á flugvöllum, þ.m.t. varaflugvöllum, búnaði og verklagi sem á að nota,

3) flugliði hefur lokið flugstjóranámskeiði flugrekandans í fjölstjórnarumhverfi, ef hann hækkar úr stöðu aðstoðarflugmanns í stöðu flugstjóra.

c) Í tilviki starfrækslu flugvéla og þyrlna í ábataskyni skal flugstjórinn eða flugmaðurinn, sem kann að verða falin stjórn flugsins, hafa hlotið fyrirfram kynningarþjálfun á flugleiðinni eða svæðinu sem fljúga á yfir og á þeim flugvöllum, búnaði og verklagi sem nota á og skal hann viðhalda þessari þekkingu sem hér segir:

1) viðhalda skal þekkingu á viðkomandi flugvelli með því að fljúga a.m.k. einu sinni til flugvallarins á 12 mánaða tímabili,

2) viðhalda skal þekkingu á flugleið eða svæði með því að fljúga a.m.k. einu sinni á flugleiðinni eða yfir svæðið á 36 mánaða tímabili. Til viðbótar er gerð krafa um upprifjunarþjálfun varðandi þekkingu á flugleið eða svæði ef ekki er flogið á flugleið eða yfir svæði í 12 mánuði á 36 mánaða tímabilinu.

d) Þrátt fyrir c-lið má í stað kynningarþjálfunar á flugleið og flugvöllum, ef um er að ræða flug samkvæmt sjónflugsreglum að degi til á flugvélum og þyrlum í afkastagetuflokki B og C, koma kynningarþjálfun varðandi svæði.“

c) Í stað ORO.FC.125 kemur eftirfarandi:

„ORO.FC.125 Mismunarþjálfun, kynningarþjálfun, þjálfun í notkun búnaðar og verklags

a) Flugliðar skulu ljúka mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun þegar þess er krafist skv. I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

b) Flugliðar skulu ljúka þjálfun í notkun búnaðar og verklags þegar skipt er um búnað eða verklag sem krefst viðbótarþekkingar á þeim flugvélum eða afbrigðum búnaðar eða verklagi sem flugliðarnir í raun nota.

c) Í rekstrarhandbókinni skal tilgreina hvenær slíkrar mismunarþjálfunar eða kynningarþjálfunar eða þjálfunar í notkun búnaðar og verklags er krafist.“

d) Í stað a-liðar ORO.FC.130 kemur eftirfarandi:

„a) Sérhver flugliði skal árlega ljúka reglubundinni flugþjálfun og þjálfun á jörðu niðri sem er viðeigandi fyrir þá tegund og afbrigði og fylgibúnað loftfarsins sem hann starfrækir, þ.m.t. þjálfun í staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í loftfarinu.“

e) Í stað ORO.FC.140 kemur eftirfarandi:

„**ORO.FC.140 Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars**

a) Flugliðar, sem starfa á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars, skulu uppfylla kröfur, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, fyrir hverja tegund eða afbrigði, nema ávinningur tengdur þjálfun og prófi, sem og kröfur um nýfengna flugreynslu, sé skilgreindur í skyldubundna hluta gagnanna um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 748/2012 fyrir viðeigandi tegundir eða afbrigði.

b) Flugrekandinn getur skilgreint hópa af tegundum eins hreyfils þyrlna. Hæfnipróf á vegum flugrekanda á eina tegund þyrlna skal gilda fyrir allar aðrar tegundir þyrlna innan hópsins ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) hópurinn tekur annaðhvort eingöngu til einshreyfilsþyrlna með hverfilhreyflum, sem er flogið samkvæmt sjónflugsreglum, eða einshreyfilsþyrlna með strokkhreyflum sem er flogið samkvæmt sjónflugsreglum,

2) að því er varðar flutningaflug skulu a.m.k. fara fram tvö hæfnipróf á vegum flugrekanda fyrir hvora tegund á þriggja ára tímabili.

c) Að því er varðar sérstaka starfrækslu er heimilt að meta til ávinnings þá þætti þjálfunar í loftfari/flughermisþjálfa (FSTD) og varðandi hæfnipróf á vegum flugrekanda, sem taka til viðeigandi atriða sem varða sérhæfða verkefnið og tengjast ekki tegund eða hópi tegunda, fyrir aðra hópa eða tegundir á grundvelli áhættumats sem flugrekandinn framkvæmir.

d) Að því er varðar starfrækslu á einni tegund eða afbrigði þyrlu, sem er notuð til að framkvæma nægilega sambærilega starfrækslu, skal hvert leiðarflugspróf framlengja gildistíma leiðarflugsprófs fyrir aðrar tegundir eða afbrigði þyrlna ef leiðarflugspróf á til skiptis við um tegundir eða afbrigði.

e) Í rekstrarhandbókinni skal tilgreina viðeigandi verklag og allar starfrækslutakmarkanir fyrir hvers konar starfrækslu á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfara.“

f) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORO.FC.145:

i. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Ef um er að ræða flutningaflug skal lögbært yfirvald samþykkja áætlanir um þjálfun og próf, þ.m.t. námskrár og aðferðir við að framkvæma áætlunina, t.d. með því að nota einstakan flughermisþjálfa (FSTD) og aðrar þjálfunarlausnir.

d) Flughermisþjálfinn, sem er notaður til að uppfylla kröfur þessa kafla, skal vera viðurkenndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og skal hann vera eins nákvæm eftirmynd af loftfarinu, sem flugrekandinn notar, og unnt er. Muninum á flughermisþjálfa og loftfari skal lýst og komið á framfæri með kynningu eða þjálfun, eins og við á.“

ii. Eftirfarandi f- og g-lið er bætt við:

„f) Flugrekandinn skal hafa eftirlit með gildi hverrar reglubundinnar þjálfunar og prófs.

g) Gildistíminn, sem gerð er krafa um í þessum kafla, hefst frá og með lokum þess mánaðar sem nýfengin flugreynsla, þjálfun eða próf fór fram.“

g) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORO.FC.146:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Að því er varðar flugþjálfun og flughermisþjálfun, próf og mat skal starfsfólkið, sem sér um þjálfunina og framkvæmd prófs eða mats, hafa réttindi í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011. Þar að auki skal starfsfólkið, sem veitir þjálfun og stýrir prófi í tengslum við sérstaka starfrækslu, hafa tilskilin réttindi fyrir viðkomandi starfrækslu.“

ii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Þrátt fyrir b-lið má hæfnismat í leiðarflugi vera í höndum flugstjóra með tilskilin réttindi sem er tilnefndur af flugrekanda sem fylgir samræmingaráætlun um gagnadrifna flugþjálfun og um hæfnismatið (matsaðili fyrir hæfnismat í leiðarflugi).“

iii. Eftirfarandi e-, f-, g- og h-lið er bætt við:

„e) Þrátt fyrir b-lið getur þjálfun í loftfari/flughermisþjálfa og hæfnipróf á vegum flugrekanda verið í höndum flugstjóra með tilskilin réttindi sem er handhafi vottorðs fyrir flugkennara, tegundarkennara eða flugþjálfakennara og sem flugrekandi tilnefnir til einhverrar eftirfarandi starfrækslu:

1) flutningaflugs á þyrlum sem uppfyllir viðmiðanirnar sem skilgreindar eru í 2. lið b-liðar ORO.FC.005,

2) flutningaflugs á þyrlum, öðrum en flóknum, vélknúnum þyrlum, sem flogið er að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum,

3) flutningaflugs á flugvélum í afkastagetuflokki B sem uppfyllir viðmiðanirnar sem skilgreindar eru í 1. lið b-liðar ORO.FC.005.

f) Þrátt fyrir b-lið getur þjálfun í loftfari/flughermisþjálfa og sönnun á hæfni/hæfniprófi á vegum flugrekanda verið í höndum flugstjóra með tilskilin réttindi sem flugrekandi tilnefnir til einhverrar eftirfarandi starfrækslu:

1) sérstakrar starfrækslu,

2) flutningaflugs á flugvélum sem uppfyllir viðmiðanirnar sem skilgreindar eru í 2. lið b-liðar ORO.FC.005.

g) Þrátt fyrir b-lið er heimilt að leiðarflugspróf sé í höndum flugstjóra með viðeigandi réttindi sem flugrekandinn tilnefnir.

h) Flugrekandinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um þá einstaklinga sem voru tilnefndir skv. e- til g-lið.“

h) Í stað d-liðar ORO.FC.200 kemur eftirfarandi:

„d) Sértækar kröfur fyrir þyrluflug

Að því er varðar alla starfrækslu þyrlna með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 og samkvæmt blindflugsreglum fyrir þyrlur með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 9, skulu ekki vera færri en tveir flugmenn í áhöfn.“

i) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORO.FC.202:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

Til að unnt sé að fljúga samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til með að lágmarki einn flugmann í áhöfn skulu eftirfarandi atriði uppfyllt:“.

ii. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) HÉR Á AÐ VERA EYÐA“.

j) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORO.FC.220:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Eftir að umskiptanámskeið er hafið skal flugliðanum ekki falið að taka flugvaktir á annarri tegund eða flokki loftfars fyrr en að námskeiði loknu eða eftir að því hefur verið hætt. Heimilt er að skrá flugverja, sem starfrækja aðeins flugvélar í afkastagetuflokki B, í flug á öðrum tegundum flugvéla í afkastagetuflokki B meðan á umskiptanámskeiði stendur, eftir því sem þurfa þykir, til að viðhalda starfrækslu. Heimilt er að skrá flugverja í flug á eins hreyfils þyrlum meðan á umskiptanámskeiði eins hreyfils þyrlna stendur, að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á þjálfunina.“

ii. Eftirfarandi f-lið er bætt við:

„f) Ef starfræksluaðstæður, s.s. þegar sótt er um nýtt flugrekandaskírteini eða þegar nýrri tegund eða flokki loftfars er bætt við flotann, gera flugrekandanum ekki kleift að uppfylla kröfurnar í d-lið getur flugrekandinn skipulagt sérstakt umskiptanámskeið sem nota skal tímabundið fyrir takmarkaðan fjölda flugmanna.“

k) Í stað ORO.FC.230 kemur eftirfarandi:

„**ORO.FC.230 Reglubundin þjálfun og próf**

a) Sérhver flugliði skal ljúka reglubundinni þjálfun og prófi sem er viðeigandi fyrir þá tegund eða afbrigði og fylgibúnað loftfarsins sem hann starfrækir.

b) *Hæfnipróf á vegum flugrekanda*

1) Sérhver flugliði skal ljúka hæfniprófi á vegum flugrekanda sem hluta af eðlilega skipaðri áhöfn.

2) Þegar gerð er krafa um að flugliði starfi samkvæmt blindflugsreglum skal hæfnipróf á vegum flugrekanda framkvæmt án útsýnis, eins og við á.

3) Hæfnipróf á vegum flugrekanda skal gilda í sex almanaksmánuði. Fyrir starfrækslu á flugvélum í afkastagetuflokki B, samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, sem fram fer á tímabilum sem eru ekki lengri en átta mánuðir samfellt skal eitt hæfnipróf á vegum flugrekanda nægja. Hæfniprófið skal fara fram áður en starfræksla flutningaflugs hefst.

c) *Leiðarflugspróf*

Hver flugliði skal ljúka leiðarflugsprófi á loftfarinu. Leiðarflugsprófið skal gilda í 12 almanaksmánuði.

d) *Þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar*

Hver flugliði skal ljúka reglubundinni þjálfun og prófi í því sem lýtur að staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í loftfarinu. Gildistími þjálfunar í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar og prófs skal vera 12 almanaksmánuðir.

e) *Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu*

1) Hlutar úr þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu skulu samþættir öllum viðeigandi stigum reglubundinnar þjálfunar.

2) Hver flugliði skal gangast undir sértæka áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu. Farið skal yfir öll helstu viðfangsefni þjálfunar í stjórnun áhafnarsamvinnu með því að skipta áfanganámskeiðunum eins jafnt upp og kostur er yfir hvert þriggja ára tímabil.

f) Sérhver flugliði skal hljóta þjálfun á jörðu niðri og flugþjálfun í flughermisþjálfa eða í loftfari eða sambland þjálfunar í flughermisþjálfa og loftfari a.m.k. á 12 mánaða fresti.“

l) Í stað ORO.FC.235 kemur eftirfarandi:

„**ORO.FC.235 Hæfni flugmanns til að starfa í hvoru flugmannssætinu sem er — flugvélar**

a) Ef starf flugstjóra krefst þess að hann geti starfað í hvoru flugmannssætinu sem er og framkvæmt skyldustörf aðstoðarflugmanns eða annast störf í tengslum við þjálfun eða próf skal hann ljúka viðbótarþjálfun og prófi til að tryggja að hann sé fullfær um að stýra viðkomandi verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður í hvoru sætinu sem er. Tilgreina skal slíka þjálfun og próf í rekstrarhandbókinni. Heimilt er að prófið fari fram samhliða hæfniprófi á vegum flugrekanda, sem mælt fyrir um í b-lið ORO.FC.230, eða innan áætlunarinnar um gagnadrifna flugþjálfun sem mælt er fyrir um í ORO.FC.231.

b) Viðbótarþjálfun og próf skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

1) hreyfilbilun í flugtaki,

2) aðflug með einn hreyfil óstarfhæfan og hætt sé við lendingu með einn hreyfil óstarfhæfan og

3) lendingu með einn hreyfil óstarfhæfan.

c) Gildistíminn skal vera 12 almanaksmánuðir. Að því er varðar flugrekendur með samþykkta áætlun um gagnadrifna flugþjálfun ákvarðast gildið af viðfangsefnum mats og þjálfunar í samræmi við ORO.FC.232.

d) Ef um er að ræða starfrækslu í sæti aðstoðarflugmanns skulu prófin, sem krafist er í ORO.FC.230, eða matið og þjálfunin, sem krafist er í ORO.FC.231, til að starfa í sæti flugstjóra þar að auki vera uppfærð og í gildi.

e) Flugmaður, sem leysir flugstjóra af hólmi við framkvæmd flugsins, skal, samhliða hæfniprófi á vegum flugrekanda, sem mælt er fyrir um í b-lið ORO.FC.230, eða matinu og þjálfuninni, sem krafist er í ORO.FC.231, sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf sem venjulega væri ekki í hans verkahring. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur má þjálfunin fara fram í hvoru sætinu sem er.

f) Flugmaður, sem ekki er flugstjóri en sem situr í flugstjórasæti, skal samhliða hæfniprófi á vegum flugrekanda, sem mælt er fyrir um í b-lið ORO.FC.230 eða mati og þjálfun, sem krafist er í ORO.FC.231, sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf sem er í verkahring flugstjóra sem hefur það hlutverk að fylgjast með. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.“

m) Eftirfarandi ORO.FC.236 er bætt við:

„**ORO.FC.236 Hæfni flugmanns til að starfa í hvoru flugmannssætinu sem er — þyrlur**

a) Ef starf þyrluflugmanns krefst þess að hann geti starfað í hvoru flugmannssætinu sem er skal hann ljúka viðbótarþjálfun og prófi til að tryggja að hann sé fullfær um að stýra viðkomandi verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður í hvoru sætinu sem er. Gildistími þessara réttinda skal vera 12 almanaksmánuðir.

b) Núverandi flugkennarar eða tegundarkennarar á viðeigandi tegund teljast uppfylla kröfuna í a-lið ef þeir hafa starfað sem flugkennarar eða tegundarkennarar síðustu sex mánuði á þeirri tegund og á þyrlunni.“

n) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORO.FC.240:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) HÉR Á AÐ VERA EYÐA“.

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Ákvæði a-liðar eiga ekki við um starfrækslu flugvéla í afkastagetuflokki B ef þær takmarkast við flokka einstjórnarflugvéla, knúnar strokkhreyflum, sem flogið er samkvæmt sjónflugsreglum að degi til.“

o) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORO.FC.A.245:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandi flugvélar, sem hefur viðeigandi reynslu, má, í stað þess að uppfylla eina eða fleiri eftirfarandi kröfur um þjálfun og próf fyrir flugliða, fylgja sérhannaðri þjálfunar- og starfsréttindaáætlun (ATQP) sem lögbært yfirvald hefur samþykkt:

1) í SPA.LVO.120 um þjálfun og réttindi flugáhafnar,

2) í ORO.FC.220 um umskiptaþjálfun og próf,

3) í ORO.FC.125 um mismunarþjálfun, kynningarþjálfun, þjálfun í notkun búnaðar og verklags,

4) í ORO.FC.205 um flugstjóranámskeið,

5) í ORO.FC.230 um reglubundna þjálfun og próf og

6) í ORO.FC.240 um starfrækslu á fleiri en einni tegund eða afbrigði loftfars.“

ii. Í stað d- og e-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Til viðbótar við prófin, sem gerð er krafa um í ORO.FC.230 og FCL.060 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skal sérhver flugliði ljúka frammistöðumati í leiðarflugi sem skal fara fram í flughermisþjálfa. Frammistöðumat í leiðarflugi skal gilda í 12 almanaksmánuði. Frammistöðumatinu telst lokið ef bæði af eftirfarandi skilyrðum hafa verið uppfyllt:

1) þegar farið hefur verið yfir námskrá frammistöðumats í leiðarflugi og

2) þegar flugliði hefur sýnt fram á viðunandi frammistöðu.

e) Eftir að hafa stundað flugrekstur í samræmi við samþykkta sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun í tvö ár getur flugrekandi, ef lögbært yfirvald samþykkir það, framlengt gildistíma prófanna sem um getur í ORO.FC.230, á eftirfarandi hátt:

1) hæfnipróf á vegum flugrekanda í 12 almanaksmánuði.

2) leiðarflugspróf í 24 almanaksmánuði.

3) próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar í 24 almanaksmánuði.“

iii. Eftirfarandi f- og g-lið er bætt við:

„f) Hver flugliði skal gangast undir sértæka áfangaþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu. Farið skal yfir öll helstu viðfangsefni þjálfunar í stjórnun áhafnarsamvinnu með því að skipta áfanganámskeiðunum eins jafnt upp og kostur er yfir hvert þriggja ára tímabil.

g) Áætlun um sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlun skal fela í sér 48 klukkustundir í flughermisþjálfa fyrir hvern flugliða og skal þeim dreift jafnt yfir þriggja ára áætlun. Flugrekanda er heimilt að fækka klukkustundum í flughermisþjálfa, ekki þó svo að þær verði færri en 36 klukkustundir, að því tilskildu að hann sýni fram á að öryggisstigið, sem náðst hefur, jafngildi öryggisstigi áætlunarinnar sem sérhannaða þjálfunar- og starfsréttindaáætlunin getur komið í stað í samræmi við a-lið.“

p) Í stað 1. liðar a-liðar ORO.FC.H.250 kemur eftirfarandi:

„a) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis (fyrir þyrlur) skulu aðeins starfa sem flugstjórar í flutningaflugi á einstjórnarþyrlu ef:

1) flogið er samkvæmt blindflugsreglum og þeir hafa að baki að lágmarki 700 flugtíma samanlagt á þyrlum, þ.m.t. 300 flugtíma sem flugstjóri. Heildarflugtími á þyrlum skal fela í sér 100 flugtíma samkvæmt blindflugsreglum. Upp í þessa 100 tíma er heimilt að fá metna til ávinnings allt að 50 blindflugstíma í flughermi með fullri hreyfingu (fyrir þyrlur) á B-stigi eða í flugþjálfunartæki á 3. stigi eða hærra stigi sem er viðurkennt fyrir blindflugsþjálfun. Í stað 300 flugtíma sem flugstjóri geta komið flugtímar sem aðstoðarflugmaður þar sem reglan er að tveir flugtímar sem aðstoðarflugmaður jafngildi einum flugtíma sem flugstjóri, að því tilskildu að þessum tímum hafi verið safnað í fjölstjórnarumhverfi eins og mælt er fyrir um í rekstrarhandbókinni.“

q) Eftirfarandi ORO.FC.320. og ORO.FC.325. er bætt við fyrir framan ORO.FC.330:

„**ORO.FC.320 Umskiptaþjálfun á vegum flugrekanda og próf**

Umskiptanámskeið flugrekanda skal fela í sér hæfnipróf á vegum flugrekanda.

ORO.FC.325 Þjálfun og próf í notkun búnaðar og verklags

Ef flugliði gengst undir þjálfun í notkun búnaðar og verklags sem krefst þjálfunar í hentugum flughermisþjálfa eða á loftfarinu, að því er varðar staðlað verklag í tengslum við sérstaka starfrækslu, skal flugliðinn gangast undir hæfnipróf á vegum flugrekanda.“

r) Í stað ORO.FC.330 kemur eftirfarandi:

„**ORO.FC.330 Reglubundin þjálfun og próf — hæfnipróf á vegum flugrekanda**

a) Sérhver flugliði skal ljúka reglubundinni þjálfun og hæfniprófi á vegum flugrekanda. Ef um er að ræða sérstaka starfrækslu skal reglubundin þjálfun og próf taka til viðeigandi þátta sem tengjast sérhæfðum verkefnum sem lýst er í rekstrarhandbókinni.

b) Taka skal viðeigandi tillit til starfrækslu sem fer fram samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til.

c) Gildistími hæfniprófs á vegum flugrekanda skal vera 12 almanaksmánuðir.“

s) Í stað I. viðbætis kemur eftirfarandi:

„I. viðbætir

YFIRLÝSING
í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um flugrekstur

Flugrekandi
Nafn:
Staðurinn þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar eða, ef flugrekandinn hefur engar höfuðstöðvar, staðurinn þar sem flugrekandinn hefur staðfestu eða búsetu og staðurinn þaðan sem rekstrinum er stjórnað:
Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:

Starfræksla loftfara

Upphafsdagur starfrækslu og gildistökudagur breytingar:

Upplýsingar um loftfar/loftför, starfrækslu og fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ([1]):

Tegund eða tegundir loftfara, skráning eða skráningar þeirra og höfuðstöðvar:

Raðnúmer framleiðanda loftfars ([2])	Tegund loftfars	Einkennisstafir loftfars ([3])	Höfuð-stöðvar	Tegund eða tegundir starfrækslu ([4])	Fyrirtæki sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ([5])

Flugrekandi skal fá fyrirframsamþykki ([6]) eða sérstakt samþykki ([7]) fyrir tiltekinni starfrækslu áður en hún er framkvæmd.

Eftir atvikum, upplýsingar um samþykki sem honum hafa verið veitt. Sérstök samþykki skulu fylgja með, þ.m.t.:
— sérstök samþykki sem þriðja land veitir, ef við á,
— heiti á rekstri sem fer fram með rekstrarlegum ávinningi (t.d. EFVS 200, SA CAT I o.s.frv.).

Eftir atvikum, upplýsingar um leyfi til sérstakrar starfrækslu (leyfið eða leyfin skulu fylgja með, ef við á).

Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) með tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem skipt er út (aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) skulu fylgja með).

Yfirlýsingar

☐ Flugrekandinn uppfyllir og heldur áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
☐ Gögn stjórnunarkerfis, þ.m.t. rekstrarhandbókin, skulu uppfylla kröfur III. viðauka (ORO-hluta), V. viðauka (SPA-hluta), VI. viðauka (NCC-hluta) eða VIII. viðauka (SPO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 og öll flug skulu fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar eins og krafist er í b-lið ORO.GEN.110 (ORO-hluta).

☐ Öll loftför, sem starfrækt eru, skulu hafa:
— gild lofthæfivottorð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 eða, að því er varðar loftför sem eru skráð í þriðja landi, í samræmi við 8. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og
— gilda leigusamninga í samræmi við ORO.SPO.100, þegar þau eru notuð í sérstakri starfrækslu.

☐ Allir flugliðar skulu vera handhafar skírteinis í samræmi við I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, eins og krafist er í c-lið ORO.FC.100 í ORO-hluta, og öryggis- og þjónustuliðar skulu, eftir því sem við á, hafa hlotið þjálfun í samræmi við CC-kafla í ORO-hluta.
☐ (Ef við á) Flugrekandi skal koma í framkvæmd staðli, sem er viðurkenndur innan iðnaðarins, og sýna fram á að hann fari að þessum staðli. Tilvísun í staðalinn: Vottunaraðili: Dagsetning síðustu úttektar á samræmi:
☐ Flugrekandi skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á það hvort farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012, eins og þær eru tilkynntar lögbæru yfirvaldi með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skrám yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í a-lið ORO.GEN.120 í ORO-hluta.
☐ Flugrekandi skal staðfesta að upplýsingarnar, sem fram koma í þessari yfirlýsingu, séu réttar.
Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns

([1]) Ef ekki er nægilegt rými til að skrá tilskildar upplýsingar í yfirlýsingunni skulu þær skráðar í sérstökum viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður.

([2]) Raðnúmer framleiðanda.

([3]) Ef loftfarið er einnig skráð á handhafa flugrekandaskírteinis skal tilgreina númer flugrekandaskírteinis handhafans.

([4]) „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísa til tegundar starfrækslu loftfarsins, t.d. starfræksla sem er ekki í ábataskyni eða sérstök starfræksla, t.d. við flug vegna ljósmyndunar úr lofti, auglýsingaflug, flug fyrir fréttamiðla, flug fyrir sjónvarp eða kvikmyndir, flug í tengslum við fallhlífarstökk, flug vegna fallhlífarstökks eða reynsluflug vegna viðhalds.

([5]) Í upplýsingum um fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal koma fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang og tilvísunarnúmer samþykkis.

([6]) a) Starfræksla þegar mælitæki eða búnaður eða eining búnaðar eða virkni er ábótavant, samkvæmt lista yfir lágmarksbúnað (MEL) (b-, f- og j-lið ORO.MLR.105, NCC.IDE.A.105, NCC.IDE.H.105, SPO.IDE.A.105 og SPO.IDE.H.105).

b) Starfræksla þar sem krafist er fyrirframheimildar eða -leyfis, þ.m.t. allt eftirfarandi:
- sérstök starfræksla, þjónustuleiga og tómaleiga loftfars sem er skráð í þriðja landi (c-liður ORO.SPO.100),
- áhættusöm sérstök starfræksla í ábataskyni (ORO.SPO.110),
- starfræksla sem er ekki í ábataskyni með loftfari, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu er fyrir fleiri en 19, sem er framkvæmd án starfandi öryggis- og þjónustuliða (d-liður ORO.CC.100),
- notkun á starfrækslulágmörkum samkvæmt blindflugsreglum sem eru lægri en þau sem ríkið hefur birt (NCC.OP.110 og SPO.OP.110),
- eldsneytisáfylling á meðan hreyflar eru í gangi og/eða þyrluspaðar snúast (NCC.OP.157),
- sérstök starfræksla (SPO) án súrefnis í yfir 10 000 feta hæð (SPO.OP.195).

([7]) Starfræksla í samræmi við V. viðauka (SPA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, þ.m.t. B-kafli „Starfræksla sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu (PBN)“, C-kafli „Starfræksla með tilgreindum lágmarkskröfum um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS)“, D-kafli „Starfræksla í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM)“, E-kafli „Starfræksla í lélegu skyggni (LVO)“, G-kafli „Flutningur á hættulegum varningi“, K-kafli „Starfræksla þyrlu á hafi úti“ og N-kafli „Aðflug og brottför þyrlu um geimhnit við lægri sjónflugslágmörk.“

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað CAT.GEN.MPA.100 kemur eftirfarandi:

„**CAT.GEN.MPA.100 Ábyrgð áhafnar**

a) Flugverjar skulu bera ábyrgð á réttri framkvæmd skyldustarfa sinna sem:

1) tengjast öryggi loftfarsins og þeirra sem í því eru og

2) tilgreind eru í leiðbeiningum og reglum um verklag í rekstrarhandbókinni.

b) Flugveri skal:

1) gefa flugstjóra skýrslu um hvers konar annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða öryggi starfrækslu loftfarsins, að meðtöldum neyðarkerfum, hafi enginn annar flugverji þegar gefið skýrslu þar um,

2) gefa flugstjóra skýrslu um öll flugatvik sem stofna, eða gætu hafa stofnað, öryggi starfrækslu í hættu, hafi enginn annar flugverji þegar gefið skýrslu um það,

3) fara að viðeigandi kröfum um tilkynningarkerfi flugrekanda um atvik,

4) fara að öllum fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma sem gilda um starfsemi hans,

5) þegar hann tekur að sér skyldustörf fyrir fleiri en einn flugrekanda:

i. viðhalda skýrslum sínum er varða far-, vinnu- og hvíldartíma, eins og um getur í viðeigandi kröfum um fartíma- og vinnutímamörk,

ii. veita sérhverjum flugrekanda þær upplýsingar sem þarf til að áætla starfsemi í samræmi við viðeigandi kröfur um fartíma- og vinnutímamörk og

iii. veita sérhverjum flugrekanda þær upplýsingar sem þarf vegna starfrækslu á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar.

c) Flugverji skal ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari:

1) ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna,

2) fyrr en hæfilegur tími hefur liðið frá djúpköfun eða blóðgjöf,

3) ef viðeigandi heilbrigðiskröfur hafa ekki verið uppfylltar,

4) ef hann er í einhverjum vafa um að geta sinnt þeim skyldustörfum sem honum eru falin eða

5) ef hann grunar að hann þjáist af þreytu, eins og um getur í lið 7.5 í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, eða honum finnst hann vera ófær til vinnu, að því marki að hann geti stofnað flugi í hættu.“

b) Eftirfarandi CAT.OP.MPA.101 er bætt við:

„**CAT.OP.MPA.101 Eftirlit með og stillingar hæðarmælis**

a) Flugrekandi skal ákvarða verklag við eftirlit með hæðarmæli fyrir hverja brottför.

b) Flugrekandi skal ákvarða verklag við stillingu hæðarmælis fyrir öll stig flugs þar sem tekið er tillit til þess verklags sem komið hefur verið á í ríkinu þar sem flugvöllurinn eða loftrýmið er, ef við á.“

c) Í stað CAT.OP.MPA.107 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.107 Viðunandi flugvöllur**

Flugrekandi skal telja flugvöll viðunandi ef hann er, á þeim tíma sem fyrirhugað er að nota hann, tiltækur og veitir aðgang að nauðsynlegri stoðþjónustu, s.s. flugumferðarþjónustu, nægilegri lýsingu, fjarskiptum, veðurskeytum, flugleiðsöguvirkjum og neyðarþjónustu.“

d) Í stað CAT.OP.MPA.110 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.110 Flugvallarlágmörk**

a) Flugrekandi skal ákvarða flugvallarlágmörk fyrir sérhvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem fyrirhugað er að nota til að tryggja aðskilnað loftfara frá landsvæði og hindrunum og til að draga úr hættu á að missa sýn á kennileitum á meðan sjónrænn flughluti blindaðflugs stendur yfir.

b) Við ákvörðun flugvallarlágmarka skal taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

1) tegundar, afkastagetu loftfars og stjórnunareiginleika þess,

2) tækjabúnaðar, sem tiltækur er í loftfarinu til að nota við flugleiðsögu, til að skrá kennileiti og/eða til að stjórna flugslóð í flugtaki, aðflugi, lendingu og fráflugi,

3) allra skilyrða eða takmarkana sem eru tilgreindar í flughandbókinni (AFM),

4) viðeigandi reynslu flugrekanda af starfrækslu,

5) stærðar og eiginleika flugbrauta/lokaaðflugs- og flugtakssvæða (FATO) sem kunna að vera valin til notkunar,

6) nothæfis og afkastagetu tiltækra sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja en sjónrænna auk grunnvirkja,

7) flughæðar/hæðar sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A) fyrir blindaðflugsverklag,

8) hindrana á fráklifurssvæðum og nauðsynlegra vikmarka fjarlægðar frá hindrunum,

9) samsetningar, hæfni og reynslu flugáhafnar,

10) blindaðflugsverklags,

11) eiginleika flugvallar og tiltækrar flugleiðsöguþjónustu (ANS),

12) allra lágmarka sem ríkið þar sem flugvöllurinn er, hefur kunngert,

13) skilyrða sem eru tilgreind í rekstrarforskriftum, þ.m.t. sérstök samþykki fyrir starfrækslu í lélegu skyggni eða starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi,

14) óstaðlaðra eiginleika flugvallar, blindaðflugsverklags eða umhverfis.

c) Flugrekandi skal tilgreina hvaða aðferð í rekstrarhandbókinni er notuð til að ákvarða flugvallarlágmörk.

d) Lögbært yfirvald skal samþykkja aðferðina, sem flugrekandi notar til að ákvarða flugvallarlágmörk, og allar breytingar á þeirri aðferð.“

e) Í stað CAT.OP.MPA.115 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.115 Aðflugstækni — flugvélar**

a) Fljúga skal öll aðflug sem stöðug aðflug nema lögbært yfirvald hafi samþykkt annað fyrir tiltekið aðflug að tiltekinni flugbraut.

b) Lokaaðflug með samfelldri lækkun (CDFA) skal notað fyrir allt grunnaðflug (NPA), nema þegar um er að ræða tilteknar flugbrautir þar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt aðra flugtækni.“

f) Í stað CAT.OP.MPA.245 og CAT.OP.MPA.246 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.245 Veðurskilyrði — öll loftför**

a) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjórinn einungis:

1) hefja flug eða

2) fljúga lengra en að þeim stað þaðan sem endurgerð flugáætlunar fyrir flugumferðarþjónustu gildir, ef um er að ræða endurgerð áætlunar meðan á flugi stendur,

ef upplýsingar liggja fyrir sem sýna að veðurskilyrði sem búist er við á komutíma á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli eða varaflugvöllum þau sömu eða betri en tiltekin áætlunarlágmörk.

b) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjórinn einungis halda áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar ef nýjustu, fyrirliggjandi upplýsingar gefa til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, þau sömu eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.

c) Þegar flogið er samkvæmt sjónflugsreglum skal flugstjóri einungis hefja flug ef viðeigandi veðurskeyti og/eða veðurspár benda til þess að veðurskilyrði á þeim hluta leiðarinnar sem fljúga á samkvæmt sjónflugsreglum, verði þau sömu eða betri en takmarkanir í sjónflugi.

CAT.OP.MPA.246 Veðurskilyrði — flugvélar

Til viðbótar við CAT.OP.MPA.245 skal flugstjóri sem flýgur flugvél samkvæmt blindflugsreglum aðeins fljúga lengra en:

a) að ákvörðunarpunkti þegar hann flýgur samkvæmt verklagi um minnkað viðlagaeldsneyti/-orku eða

b) að vendimörkum þegar notað er verklag um afskekktan flugvöll,

ef upplýsingar liggja fyrir sem sýna að veðurskilyrði sem búast er við á komutíma á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli eða varaflugvöllum, verði þau sömu eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.“

g) Í stað a-liðar í CAT.OP.MPA.247 kemur eftirfarandi:

„a) Flugstjóri skal, þegar hann flýgur þyrlu yfir vatni samkvæmt sjónflugsreglum, án þess að það sjáist til lands, einungis hefja flugtak ef viðeigandi veðurskeyti og/eða veðurspár gefa til kynna að skýjahulan verði fyrir ofan 600 fet að degi til eða 1200 fet að nóttu til.“

h) Í stað CAT.OP.MPA.265 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.265 Flugtaksskilyrði**

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um:

a) að veðurskilyrði á flugvelli eða starfrækslusvæði og að ástand flugbrautar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, komi ekki í veg fyrir öryggi í flugtaki og við brottför og

b) að valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars,

4) réttindi flugliða.“

i) Í stað CAT.OP.MPA.300 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.300 Aðflugs- og lendingarskilyrði**

Áður en flugstjóri hefur aðflug skal hann ganga úr skugga um:

a) að veðurskilyrði á flugvelli eða starfrækslusvæði og að ástand flugbrautar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, komi ekki í veg fyrir öryggi í aðflugi, lendingu eða þegar hætt er við lendingu, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í rekstrarhandbókinni og

b) að valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars,

4) réttindi flugliða.“

j) Í stað CAT.OP.MPA.305 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.305 Upphaf og framhald aðflugs**

a) Að því er varðar flugvélar skal blindaðflugi ekki haldið áfram ef tilkynnt skyggni eða ráðandi flugbrautarskyggni við lendingu er undir gildandi lágmörkum:

1) handan punkts þar sem flugvél er 1000 fetum yfir landhæð flugvallar eða

2) á lokakafla í blindaðflugi (FAS) ef ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fet.

b) Að því er varðar flugvélar, ef tilkynnt flugbrautarskyggni er innan við 550 m og ráðandi flugbrautarskyggni við lendingu er undir gildandi lágmörkum, skal blindaðflugi ekki haldið áfram:

1) handan punkts þar sem þyrla er 1000 fetum yfir landhæð flugvallar eða

2) á lokakafla í blindaðflugi ef ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fet.

c) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis hefur ekki verið náð skal fráflug framkvæmt við eða áður en ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð.

d) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis er ekki viðhaldið eftir að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð skal tafarlaust hætta við lendingu.

e) Þrátt fyrir a-lið má halda blindaðflugi áfram að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð ef flugbrautarskyggni er ekki tilkynnt og tilkynnt skyggni er minna en gildandi lágmörk en umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (CMV) er það sama eða meira en gildandi lágmörk.“

k) Í stað CAT.OP.MPA.310 kemur eftirfarandi:

„**CAT.OP.MPA.310 Verklag í flugi — hæð yfir þröskuldi — flugvélar**

Flugrekandi skal ákvarða verklag sem ætlað er að tryggja að flugvél í þrívíddarblindaðflugi fari yfir þröskuld flugbrautar með nægilegu öryggisbili, með flugvélina í lendingarham og -horfi.“

l) Eftirfarandi CAT.OP.MPA.312 er bætt við:

„**CAT.OP.MPA.312 EFVS 200-starfrækslа**

a) Flugrekandi, sem hyggst framkvæma EFVS 200-starfrækslu, skal tryggja að:

1) loftfarið sé vottað fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

2) að einungis séu notaðar flugbrautir, lokaaðflugs- og flugtakssvæði og blindaðflugsverklag sem hentar fyrir EFVS-starfrækslu,

3) flugliðar búi yfir hæfni til að framkvæma fyrirhugaða starfrækslu og að áætlun sé komið á fót um þjálfun og próf fyrir flugliða og viðkomandi starfsfólk sem tekur þátt í undirbúningi flugs,

4) verklag sé ákvarðað,

5) allar viðeigandi upplýsingar séu skráðar í lista yfir lágmarksbúnað,

6) allar viðeigandi upplýsingar séu skráðar í viðhaldsáætlun,

7) öryggismat sé framkvæmt og að frammistöðuvísar séu ákvarðaðir til að hafa eftirlit með öryggisstigi starfrækslunnar og

8) flugvallarlágmörk taki mið af getu kerfisins sem er notað.

b) Flugrekandi skal ekki framkvæma EFVS 200-starfrækslu í lélegu skyggni.

c) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar getur flugrekandi notað sjónaukandi kerfi (EVS-kerfi) sem uppfylla lágmarksviðmiðanir til að framkvæma EFVS 200-starfrækslu, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt hana.“

5) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar E-kafla kemur eftirfarandi: „Starfræksla í lélegu skyggni (LVO) og starfræksla með rekstrarlegum ávinningi“.

b) Í stað SPA.LVO.100 kemur eftirfarandi:

„**SPA.LVO.100 Starfræksla í lélegu skyggni og starfræksla með rekstrarlegum ávinningi**

Flugrekandi skal aðeins framkvæma eftirfarandi starfrækslu ef lögbært yfirvald hefur samþykkt þær:

a) flugtak þar sem flugbrautarskyggni er innan við 400 m,

b) blindaðflug í lélegu skyggni og

c) starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi, nema fyrir EFVS 200-starfrækslu þar sem ekki er krafist sérstaks samþykkis.“

c) Í stað SPA.LVO.105 kemur eftirfarandi:

„**SPA.LVO.105 Viðmiðanir fyrir sérstöku samþykki**

Til að hljóta sérstakt samþykki, eins og krafist er í SPA.LVO.100, skal flugrekandi sýna fram á:

a) að því er varðar aðflug í lélegu skyggni, flugtak í lélegu skyggni með innan við 125 m flugbrautarskyggni og starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi, að loftfarið hafi verið vottað fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

b) að flugliðar séu hæfir til að framkvæma fyrirhugaða starfrækslu og að áætlun sé komið á fót um þjálfun og próf fyrir flugliða og viðeigandi starfsfólk sem kemur að undirbúningi flugs, í samræmi við SPA.LVO.120,

c) að verklag hafi verið ákvarðað fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

d) að allar viðeigandi breytingar hafi verið gerðar á lista yfir lágmarksbúnað,

e) að allar viðeigandi breytingar hafi verið gerðar á viðhaldsáætlun,

f) að ákvarðað hafi verið verklag til að tryggja hentugleika flugvalla, þ.m.t. blindflugsverklag fyrir fyrirhugaða starfrækslu, í samræmi við SPA.LVO.110 og

g) að öryggismat hafi verið framkvæmt fyrir fyrirhugaða starfrækslu og að frammistöðuvísar hafi verið ákvarðaðir til að hafa eftirlit með öryggisstigi.“

d) Í stað SPA.LVO.110 kemur eftirfarandi:

„**SPA.LVO.110 Kröfur sem tengjast flugvelli, þ.m.t. blindflugsverklag**

Flugrekandi skal tryggja að við starfrækslu í lélegu skyggni og starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi séu eingöngu notaðir flugvellir, þ.m.t. blindflugsverklag, sem henta fyrirhugaðri starfrækslu.“

e) Liður SPA.LVO.115 fellur brott.

f) Í stað SPA.LVO.120 kemur eftirfarandi:

„**SPA.LVO.120 Hæfni flugliða**

a) Flugrekandi skal tryggja að flugliðar séu hæfir til að annast fyrirhugaða starfrækslu.

b) Flugrekandi skal tryggja að hver flugliði hafi lokið þjálfun og prófum með fullnægjandi árangri að því er varðar allar gerðir starfrækslu í lélegu skyggni og starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi sem veitt hefur verið samþykki fyrir. Slík þjálfun og próf skulu:

1) fela í sér grunnþjálfun og reglubundna þjálfun og próf,

2) fela í sér verklag við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

3) sérsniðin að þeirri tegund tækni sem er notuð við fyrirhugaða starfrækslu og

4) taka tillit til áhættu sem tengist mannþáttafræði í tengslum við fyrirhugaða starfrækslu.

c) Flugrekandi skal halda skrár yfir þjálfun og réttindi flugliða.

d) Þjálfun og próf skulu vera í höndum starfsfólks með tilskilin réttindi. Að því er varðar flugþjálfun og flugherm-isþjálfun og próf skal starfsfólkið, sem sér um þjálfunina og framkvæmd prófa, hafa réttindi í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.“

g) Í stað a-liðar í SPA.NVIS.120 kemur eftirfarandi:

„a) Starfræksla skal ekki fara fram undir veðurlágmörkum fyrir þá tegund starfrækslu sem fer fram að nóttu til.“

h) Í stað a-liðar í SPA.HOFO.120 kemur eftirfarandi:

„a) Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar á landi. Þrátt fyrir CAT.OP.MPA.192, NCC.OP.152 og SPO.OP.151 þarf flugstjóri ekki að tilgreina varaflugvöll ákvörðunarstaðar í leiðarflugáætluninni þegar flogið er frá staðsetningu á hafi úti til ákvörðunarflugflugvallar á landi, að því tilskildu að fyrir hendi sé nægilegur viðbúnaður til að tryggja örugga endurkomu af hafi.“

i) Í stað SPA.HOFO.125 kemur eftirfarandi:

„**SPA.HOFO.125 Staðlað aðflugsverklag á hafi úti (OSAP)**

a) Flugrekandi skal ákvarða verklag til að tryggja að stöðluðu aðflugsverklagi á hafi úti sé eingöngu fylgt ef:

1) þyrlan getur veitt upplýsingar um flugleiðsögu og rauntímaupplýsingar um hindranir í umhverfinu með hliðsjón af hindranabili og

2) annaðhvort:

i. lágmarkslækkunarhæð (MDH) er ákvörðuð út frá ratsjárhæðarmæli eða búnaði með sambærilegt nothæfi eða

ii. lágmarkslækkunarflughæð (MDA) er notuð sem tekur til nægilegra vikmarka.

b) Ef flugrekandi fylgir stöðluðu aðflugsverklagi á hafi úti að pöllum eða skipum á ferð skal flugið fara fram í fjölstjórnarumhverfi.

c) Ákvörðunarsvið skal tryggja nægilegt hindranabil í fráflugi frá öllum ákvörðunarstöðum þar sem staðlað aðflugsverklag á hafi út er áætlað.

d) Aðfluginu skal aðeins haldið áfram umfram ákvörðunarsvið eða undir lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækk-unarhæð (MDA/H) þegar kennileiti ákvörðunarstaðarins hefur verið ákvarðað.

e) Að því er varðar starfrækslu í einstjórnarumhverfi skal bæta viðeigandi stighækkun við lágmarkslækkunarflug-hæð/lágmarkslækkunarhæð og ákvörðunarsvið.

f) Þegar hefja á staðlað aðflug á hafi úti að fastri staðsetningu á hafi úti (t.d. föstu mannvirki eða skipi sem liggur við akkeri) og áreiðanleg GNSS-staðsetning fyrir staðsetninguna er aðgengileg í leiðsögukerfinu skal nota GNSS-kerfið/svæðisleiðsögukerfið til að efla öryggi staðlaðs aðflugs á hafi úti.

g) Flugrekandi skal fella staðlað aðflugsverklag á hafi úti undir áætlanir sínar um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun og próf.“

j) Eftirfarandi N-kafla er bætt við:

„N-KAFLI

AÐFLUG OG BROTTFLUG ÞYRLU UM GEIMHNIT VIÐ LÆGRI SJÓNFLUGSLÁGMÖRK (PINS-VFR)

SPA.PINS-VFR.100 Aðflug og brottflug þyrlu um geimhnit við lægri sjónflugslágmörk

a) Flugrekandi skal eingöngu nota lægri sjónflugslágmörk að fengnu leyfi frá lögbæru yfirvaldi.

b) Lægri sjónflugslágmörk skulu eingöngu eiga við um þyrluflug sem felur í sér hluta sem er floginn samkvæmt blindflugsreglum og aðeins í einu af eftirfarandi tilvikum:

1) sá hluti sem floginn er samkvæmt sjónflugsreglum á sér stað strax eftir aðflug þyrlu um geimhnit í því skyni að lenda á nærliggjandi þyrluflugvelli eða starfrækslusvæði,

2) sá hluti sem floginn er samkvæmt sjónflugsreglum á sér stað strax eftir aðflug þyrlu um geimhnit í því skyni að framkvæma hífingar á nærliggjandi svæði þar sem þyrluvinna fer fram með fólk sem farm utanborðs eða á hífingarsvæði fyrir þyrlur,

3) sá hluti sem floginn er samkvæmt sjónflugsreglum er brottför í því skyni að skipta yfir í flug samkvæmt blindflugsreglum við nærliggjandi frumbrottflugsmið.

c) Flugrekandi skal skilgreina verklag sem gildir um flug við lægri sjónflugslágmörk.

d) Flugrekandi skal tryggja að flugliðar búi yfir reynslu og hafi hlotið þjálfun til að starfa við lægri sjónflugslágmörk.“

6) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi NCC.OP.101 er bætt við:

„**NCC.OP.101 Eftirlit með og stillingar hæðarmælis**

a) Flugrekandi skal ákvarða verklag við eftirlit með hæðarmæli fyrir hverja brottför.

b) Flugrekandi skal ákvarða verklag við stillingu hæðarmælis fyrir öll stig flugs þar sem tekið er tillit til þess verklags sem komið hefur verið á í ríkinu þar sem flugvöllurinn eða loftrýmið er, ef við á.“

b) Í stað NCC.OP.110 kemur eftirfarandi:

„**NCC.OP.110 Flugvallarlágmörk — almennt**

a) Flugrekandi skal ákvarða flugvallarlágmörk fyrir sérhvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem fyrirhugað er að nota til að tryggja aðskilnað loftfara frá landsvæði og hindrunum og til að draga úr hættu á að missa sýn á kennileitum á meðan sjónrænn flughluti blindaðflugs stendur yfir.

b) Við ákvörðun flugvallarlágmarka skal taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

1) tegundar, afkastagetu og stjórnunareiginleika loftfars,

2) tækjabúnaðar, sem tiltækur er í loftfarinu til að nota við flugleiðsögu, til að skrá kennileiti og/eða til að stjórna flugslóð í flugtaki, aðflugi, lendingu og fráflugi,

3) allra skilyrða eða takmarkana sem eru tilgreindar í flughandbókinni (AFM),

4) stærðar og eiginleika flugbrauta/lokaaðflugs- og flugtakssvæða (FATO) sem kunna að vera valin til notkunar,

5) nothæfis og afkastagetu tiltækra sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja en sjónrænna auk grunnvirkja,

6) flughæðar/hæðar sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A) fyrir blindaðflugsverklag,

7) hindrana á fráklifurssvæðum og nauðsynlegra vikmarka fjarlægðar frá hindrunum,

8) óstaðlaðra eiginleika flugvallar, blindaðflugsverklags eða umhverfis,

9) samsetningar, hæfni og reynslu flugáhafnar,

10) blindaðflugsverklags,

11) eiginleika flugvallar og tiltækrar flugleiðsöguþjónustu (ANS),

12) allra lágmarka sem ríkið þar sem flugvöllurinn er, hefur kunngert,

13) skilyrða sem mælt er fyrir um í sérstökum samþykkjum fyrir starfrækslu í lélegu skyggni eða starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi og

14) viðeigandi reynslu flugrekanda af starfrækslu.

c) Flugrekandi skal tilgreina hvaða aðferð í rekstrarhandbókinni er notuð við að ákvarða flugvallarlágmörk.“

c) Liður NCC.OP.111 fellur brott.

d) Í stað NCC.OP.112 kemur eftirfarandi:

„**NCC.OP.112 Flugvallarlágmörk — hringaðflug flugvéla**

a) Lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug flugvéla skal ekki vera lægri en hæsta gildið af eftirfarandi:

1) útgefinni hæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH) í hringaðflugi fyrir flugvélaflokkinn,

2) lágmarkshringaðflugshæð, sem fengin er úr töflu 1, eða

3) ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð fyrir undanfarandi blindaðflugsverklag.

b) Lágmarksskyggni fyrir hringaðflug flugvéla skal vera hæsta gildið af eftirfarandi:

1) hringaðflugsskyggni fyrir flugvélaflokkinn, ef það er útgefið, eða

2) lágmarksskyggni sem fengið er úr töflu 1.

Tafla 1

Lágmarkslækkunarhæð og lágmarksskyggni fyrir hringaðflug miðað við flugvélaflokk

	Flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
Lágmarkslækkunarhæð (fet)	400	500	600	700
Lágmarksskyggni (m)	1 500	1 600	2 400	3 600“.

e) Í stað b-liðar NCC.OP.145 kemur eftirfarandi:

„b) Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann hafa kynnt sér allar fyrirliggjandi veðurupplýsingar sem varða fyrirhugað flug. Undirbúningur fyrir flug fjarri brottfararstað og fyrir allt flug samkvæmt blindflugsreglum skal fela í sér:

1) athugun á fyrirliggjandi, nýjum veðurskeytum og veðurspám og

2) áætlun um annars konar ráðstafanir til að grípa til ef mögulega ekki er hægt að ljúka flugi eins og áætlað var vegna veðurskilyrða.“

f) Eftirfarandi NCC.OP.147 og NCC.OP.148 er bætt við:

„**NCC.OP.147 Áætlunarlágmörk varaflugvalla ákvörðunarstaðar — flugvélar**

Flugvöllur skal ekki tilgreindur sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar nema fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar, á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna

a) að því er varðar varaflugvöll með tiltækt blindaðflug með ákvörðunarhæð sem er undir 250 fetum,

1) skýjahulu sem er a.m.k. 200 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflug og

2) skyggni sem er a.m.k. hærra gildið af annaðhvort 1500 m eða 800 m yfir lágmarki flugbrautar-skyggnis/skyggnis fyrir blindaðflug eða

b) að því er varðar varaflugvöll með blindaðflug með ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð sem er 250 fet eða meiri,

1) skýjahulu sem er a.m.k. 400 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflug og

2) skyggni sem er a.m.k. 3000 m eða

c) að því er varðar varaflugvöll án blindaðflugsverklags,

1) skýjahulu sem er a.m.k. hærra gildið af annaðhvort 2000 fetum eða lágmarkshæð öruggs flugs samkvæmt blindflugsreglum og

2) skyggni sem er a.m.k. 5000 m.

NCC.OP.148 Áætlunarlágmörk varaflugvallar ákvörðunarstaðar — þyrlur

Flugrekandi skal eingöngu velja flugvöll sem varaflugvöll ákvörðunarstaðar ef fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna

a) að því er varðar varaflugvöll með blindaðflugsverklag:

1) skýjahulu sem er a.m.k. 200 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflugsverklagið og

2) skyggni sem er a.m.k. 1500 m að degi til eða 3000 m að nóttu til eða

b) að því er varðar varaflugvöll án blindaðflugsverklags:

1) skýjahulu sem er í a.m.k. 2000 feta hæð eða í lágmarkshæð fyrir öruggt flug samkvæmt blindflugsreglum — eftir því hvort er hærra og

2) skyggni sem er a.m.k. 1500 m að degi til eða 3000 m að nóttu til.“

g) Í stað a-liðar NCC.OP.150 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrir blindflug skal flugstjórinn tilgreina í flugáætluninni a.m.k. einn veðurfæran varaflugvöll fyrir flugtak ef veðurskilyrði á brottfararflugvelli eru þau sömu eða verri en gildandi flugvallarlágmörk eða ef ekki yrði hægt að snúa aftur á brottfararflugvöll af öðrum ástæðum.“

h) Í stað a- og b-liðar NCC.OP.180 kemur eftirfarandi:

„a) Flugstjóri skal einungis leggja upp í sjónflug eða halda fluginu áfram ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að veðurskilyrði á flugleið og fyrirhuguðum ákvörðunarstað á áætluðum tíma notkunar verði þau sömu eða betri en tilgreind sjónflugslágmörk.

b) Flugstjóri skal einungis leggja upp í blindflug eða halda fluginu áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, þau sömu eða betri en tilgreind flugvallarlágmörk.“

i) Í stað NCC.OP.195 kemur eftirfarandi:

„**NCC.OP.195 Flugtaksskilyrði — flugvélar og þyrlur**

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að:

a) veðurskilyrði á flugvelli eða starfrækslusvæði og ástand flugbrautar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, komi ekki í veg fyrir öryggi í flugtaki og við brottför og

b) valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við allt eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars,

4) réttindi flugliða.“

j) Í stað NCC.OP.225 kemur eftirfarandi:

„**NCC.OP.225 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar og þyrlur**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug skal hann ganga úr skugga um að:

a) veðurskilyrði á flugvelli eða starfrækslusvæði og ástand flugbrautar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, komi ekki í veg fyrir öryggi í aðflugi, lendingu eða þegar hætt er við lendingu, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í rekstrarhandbókinni og

b) valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við allt eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars og

4) réttindi flugliða.“

k) Í stað NCC.OP.230 kemur eftirfarandi:

„**NCC.OP.230 Upphaf og framhald aðflugs**

a) Að því er varðar flugvélar skal blindaðflugi ekki haldið áfram ef tilkynnt skyggni eða ráðandi flugbrautarskyggni við lendingu er undir gildandi lágmörkum:

1) handan punkts þar sem flugvél er 1000 fetum yfir landhæð flugvallar eða

2) á lokakafla í blindaðflugi (FAS) ef ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fet.

b) Að því er varðar þyrlur, ef tilkynnt flugbrautarskyggni er innan við 550 m og ráðandi flugbrautarskyggni við lendingu er undir gildandi lágmörkum, skal blindaðflugi ekki haldið áfram:

1) handan punkts þar sem þyrla er 1000 fetum yfir landhæð flugvallar eða

2) á lokakafla í blindaðflugi ef ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fet.

c) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis hefur ekki verið náð skal fráflug framkvæmt við eða áður en ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð.

d) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis er ekki viðhaldið eftir að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð skal tafarlaust hætta við lendingu.

e) Þrátt fyrir a-lið má halda blindaðflugi áfram að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð ef flugbrautarskyggni er ekki tilkynnt og tilkynnt skyggni er minna en gildandi lágmörk en umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (CMV) er það sama eða meira en gildandi lágmörk.

f) Þrátt fyrir a- og b-lið, ef ekki er ætlunin að lenda, má halda blindaðflugi áfram að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð. Fráflug skal framkvæmt við eða áður en ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð.“

l) Eftirfarandi NCC.OP.235 er bætt við:

„**NCC.OP.235 EFVS 200-starfræksla**

a) Flugrekandi, sem hyggst framkvæma EFVS 200-starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi og án sérstaks samþykkis, skal tryggja að:

1) loftfarið sé vottað fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

2) að einungis séu notaðar flugbrautir, lokaaðflugs- og flugtakssvæði og blindaðflugsverklag sem hentar fyrir EFVS-starfrækslu,

3) flugliðar búi yfir hæfni til að framkvæma fyrirhugaða starfrækslu og að áætlun sé komið á fót um þjálfun og próf fyrir flugliða og viðkomandi starfsfólk sem tekur þátt í undirbúningi flugs,

4) verklag sé ákvarðað,

5) allar viðeigandi upplýsingar séu skráðar í lista yfir lágmarksbúnað,

6) allar viðeigandi upplýsingar séu skráðar í viðhaldsáætlun,

7) öryggismat sé framkvæmt og að frammistöðuvísar séu ákvarðaðir til að hafa eftirlit með öryggisstigi starfrækslunnar og

8) flugvallarlágmörk taki mið af getu kerfisins sem er notað.

b) Flugrekandi skal ekki framkvæma EFVS 200-starfrækslu í lélegu skyggni.

c) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar getur flugrekandi notað sjónaukandi kerfi (EVS-kerfi) sem uppfylla lágmarksviðmiðanir til að framkvæma EFVS 200-starfrækslu, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt hana.“

7) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi NCO.OP.101 er bætt við:

„**NCO.OP.101 Eftirlit með og stillingar hæðarmælis**

a) Flugstjóri skal hafa eftirlit með réttri virkni hæðarmælis fyrir hverja brottför.

b) Flugrekandi skal nota viðeigandi stillingar hæðarmælis fyrir öll stig flug með tilliti til hvers konar verklags sem mælt er fyrir um í ríkinu þar sem flugvöllurinn eða loftrýmið er.“

b) Liður NCO.OP.105 fellur brott.

c) Í stað NCO.OP.110, NCO.OP.111 og NCO.OP.112 kemur eftirfarandi:

„**NCO.OP.110 Flugvallarlágmörk — flugvélar og þyrlur**

a) Að því er varðar flug samkvæmt blindflugsreglum skal flugstjórinn ákvarða flugvallarlágmörk fyrir sérhvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem fyrirhugað er að nota til að tryggja aðskilnað loftfars frá landsvæði og hindrunum og til að draga úr hættu á að missa sýn á kennileiti á meðan sjónflugshluti blindaðflugs stendur yfir.

b) Við ákvörðun flugvallarlágmarka skal taka tillit til eftirfarandi þátta, ef við á:

1) tegundar, afkastagetu og stjórnunareiginleika loftfars,

2) tækjabúnaðar, sem tiltækur er í loftfarinu til að nota við flugleiðsögu, til að skrá kennileiti og/eða til að stjórna flugslóð í flugtaki, aðflugi, lendingu og fráflugi,

3) allra skilyrða eða takmarkana sem eru tilgreindar í flughandbókinni (AFM),

4) stærðar og eiginleika flugbrauta/lokaaðflugs- og flugtakssvæða (FATO) sem kunna að vera valin til notkunar,

5) nothæfis og afkastagetu tiltækra sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja en sjónrænna auk grunnvirkja,

6) flughæðar/hæðar sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A) fyrir blindaðflugsverklag, ef það er til staðar,

7) hindrana á fráklifurssvæðum og vikmörk fjarlægðar frá hindrunum,

8) hæfi og viðeigandi reynslu flugstjóra af starfrækslu,

9) blindaðflugsverklags, ef því hefur verið komið á fót,

10) eiginleika flugvallarins og tiltækrar flugleiðsöguþjónustu, ef hún er fyrir hendi,

11) allra lágmarka sem ríkið þar sem flugvöllurinn er, hefur kunngert,

12) skilyrða sem mælt er fyrir um í sérstökum samþykkjum fyrir starfrækslu í lélegu skyggni eða starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi.

NCO.OP.111 Flugvallarlágmörk — tvívíddar- og þrívíddaraðflug

a) Ákvörðunarhæðin sem nota á í þrívíddar- eða tvívíddaraðflugi með því að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun (CDFA) skal ekki vera minni en hæsta gildið af eftirfarandi:

1) hæð sem veitir lausn frá hindrun fyrir viðkomandi gerð loftfars,

2) birt ákvörðunarhæð fyrir aðflugsverklag eða lágmarkslækkunarhæð, eftir atvikum,

3) kerfislágmörkum sem tilgreind eru í töflu 1,

4) lágmarksákvörðunarhæð, sem tilgreind er í flughandbókinni eða jafngildu skjali, ef hún er tilgreind þar.

b) Lágmarkslækkunarhæð fyrir tvívíddaraðflug, án þess að notuð sé aðferðin lokaaðflug með samfelldri lækkun, skal ekki vera lægri en hæsta gildið af eftirfarandi:

1) hæð sem veitir lausn frá hindrun fyrir viðkomandi gerð loftfars,

2) birt lágmarkslækkunarhæð fyrir aðflugsverklag, eftir atvikum,

3) kerfislágmörkum sem tilgreind eru í töflu 1 eða

4) lágmarksgildi lágmarkslækkunarhæðar, sem tilgreint er í flughandbókinni, ef það er tilgreint þar.

Tafla 1

Kerfislágmörk

Leiðsöguvirki	Lágmarksákvörðunarhæð/lágmarks-lækkunarhæð (fet)
Blindlendingarkerfi (ILS)/örbylgjulendingarkerfi (MLS)/lendingarkerfi með gervihnattaleiðsögukerfi (GLS)	200
Hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi(GNSS)/leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS) (nákvæmni miðlínugeisla með leiðsögn í lóðréttum fleti (LPV))	200
Nákvæmnisratsjá (PAR)	200
Hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi(GNSS)/leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS) (LP)	250
GNSS (leiðsaga í láréttum fleti (LNAV))	250
GNSS/leiðsaga í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (e. *baro-vertical navigation*) (VNAV) (LNAV/VNAV)	250
Aðflug þyrlu um geimhnit	250
Miðlínusendir (LOC) með eða án fjarlægðarvita (DME)	250
Aðflugsstjórnun með kögunarratsjá (SRA) (lýkur við 1/2 sjómílu)	250
SRA (lýkur við 1 sjómílu)	300
SRA (lýkur við 2 sjómílur eða meira)	350
Fjölstefnuviti (VOR)	300
VOR/DME	250
Hringviti (NDB)	350
NDB/DME	300
VHF-miðunarstöð (VDF)	350.

NCO.OP.112 Flugvallarlágmörk — hringaðflug flugvéla

a) Lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug flugvéla skal ekki vera lægri en hæsta gildið af eftirfarandi:

1) útgefinni hæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH) í hringaðflugi fyrir flugvélaflokkinn,

2) lágmarkshringaðflugshæð, sem fengin er úr töflu 1, eða

3) ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð fyrir undanfarandi blindaðflugsverklag.

b) Lágmarksskyggni fyrir hringaðflug flugvéla skal vera hæsta gildið af eftirfarandi:

1) hringaðflugsskyggni fyrir flugvélaflokkinn, ef það er útgefið, eða

2) lágmarksskyggni sem fengið er úr töflu 1.

Tafla 1

Lágmarkslækkunarhæð og lágmarksskyggni fyrir hringaðflug miðað við flugvélaflokk

	Flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
Lágmarkslækkunarhæð (fet)	400	500	600	700
Lágmarksskyggni (m)	1 500	1 500	2 400	3 600“.

d) Í stað b-liðar NCO.OP.135 kemur eftirfarandi:

„b) Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann hafa kynnt sér allar fyrirliggjandi veðurupplýsingar sem varða fyrirhugað flug. Undirbúningur fyrir flug fjarri brottfararstað og fyrir allt flug samkvæmt blindflugsreglum skal fela í sér:

1) athugun á fyrirliggjandi, nýjum veðurskeytum og veðurspám og

2) áætlun um annars konar ráðstafanir til að grípa til ef mögulega ekki er hægt að ljúka flugi eins og áætlað var vegna veðurskilyrða.“

e) Í stað NCO.OP.140, NCO.OP.141 og NCO.OP.142 kemur eftirfarandi:

„**NCO.OP.140 Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar — flugvélar**

Fyrir blindflug skal flugstjórinn tilgreina í flugáætluninni a.m.k. einn varaflugvöll ákvörðunarstaðar, nema fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar á ákvörðunarflugvellinum, á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna skýjahulu að lágmarki 1000 fetum yfir ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð fyrir tiltækt blindaðflugsverklag og a.m.k. 5000 m skyggni.

NCO.OP.141 Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar — þyrlur

Fyrir blindflug skal flugstjórinn tilgreina í flugáætluninni a.m.k. einn varaflugvöll ákvörðunarstaðar, nema fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar á ákvörðunarflugvellinum, á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna skýjahulu að lágmarki 1000 fetum yfir ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð fyrir tiltækt blindaðflugsverklag og a.m.k. 3000 m skyggni.

NCO.OP.142 Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar — blindaðflug

Flugstjórinn skal eingöngu velja flugvöll sem varaflugvöll ákvörðunarstaðar ef annaðhvort:

a) blindaðflugsverklag, sem reiðir sig ekki á hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi, er fyrir hendi annaðhvort á ákvörðunarflugvelli eða á varaflugvelli ákvörðunarstaðar eða

b) öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) hnattræna gervihnattaleiðsögukerfið um borð getur notað leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS),

2) ákvörðunarflugvöllur, allir aðrir varaflugvellir ákvörðunarstaðar og flugleiðin milli þeirra er innan þjónustusvæðis leiðréttingarkerfis um gervihnött,

3) áætlað er að leiðréttingarkerfi í loftfari (ABAS) verði tiltækt ef leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS) verður óvænt ekki tiltækt,

4) blindaðflugsverklag (annaðhvort á ákvörðunarflugvelli eða varaflugvelli ákvörðunarstaðar) sem er ekki háð því að leiðréttingarkerfi um gervihnött sé tiltækt,

5) viðeigandi viðbragðsaðgerð gerir mögulegt að ljúka flugi á öruggan hátt ef hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi er ekki tiltækt.“

f) Eftirfarandi NCO.OP.143 og NCO.OP.144 er bætt við:

„**NCO.OP.143 Áætlunarlágmörk varaflugvalla ákvörðunarstaðar — flugvélar**

Flugvöllur skal ekki tilgreindur sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar nema fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna:

a) að því er varðar varaflugvöll með tiltækt blindaðflug með ákvörðunarhæð sem er undir 250 fetum,

1) skýjahulu sem er a.m.k. 200 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflug og

2) skyggni sem er a.m.k. 1500 m eða

b) að því er varðar varaflugvöll með blindaðflug með ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð sem er 250 fet eða meiri,

1) skýjahulu sem er a.m.k. 400 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflug og

2) skyggni sem er a.m.k. 3000 m eða

c) að því er varðar varaflugvöll án tiltæks blindaðflugsverklags:

1) skýjahulu sem er a.m.k. hærra gildið af annaðhvort 2000 fetum eða lágmarkshæð öruggs flugs samkvæmt blindflugsreglum og

2) skyggni sem er a.m.k. 5000 m.

NCO.OP.144 Áætlunarlágmörk varaflugvallar ákvörðunarstaðar — þyrlur

Flugvöllur skal ekki tilgreindur sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar nema fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar, á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna

a) að því er varðar varaflugvöll með blindaðflugsverklagi:

1) skýjahulu sem er a.m.k. 200 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflugsverklagið og

2) skyggni sem er a.m.k. 1500 m að degi til eða 3000 m að nóttu til eða

b) að því er varðar varaflugvöll án blindaðflugsverklags:

1) skýjahulu sem er a.m.k. hærra gildið af annaðhvort 2000 fetum eða lágmarkshæð öruggs flugs samkvæmt blindflugsreglum og

2) skyggni sem er a.m.k. 1500 m að degi til eða 3000 m að nóttu til.“

g) Í stað a- og b-liðar NCO.OP.160 kemur eftirfarandi:

„a) Flugstjóri skal einungis leggja upp í sjónflug eða halda fluginu áfram ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að veðurskilyrði á flugleið og fyrirhuguðum ákvörðunarstað á áætluðum tíma notkunar verði þau sömu eða betri en tilgreind sjónflugslágmörk.

b) Flugstjóri skal einungis leggja upp í blindflug eða halda fluginu áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, þau sömu eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.“

h) Í stað NCO.OP.175 kemur eftirfarandi:

„**NCO.OP.175 Flugtaksskilyrði — flugvélar og þyrlur**

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að:

a) samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum komi hvorki veðurskilyrði á flugvellinum né starfrækslusvæði eða ástand flugbrautar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, í veg fyrir öryggi í flugtaki og við brottför og

b) valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við allt eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars,

4) réttindi flugliða.“

i) Í stað NCO.OP.205 og NCO.OP.206 kemur eftirfarandi:

„**NCO.OP.205 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að:

a) samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum komi hvorki veðurskilyrði á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand flugbrautar, sem fyrirhugað er að nota, í veg fyrir öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi og

b) valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við allt eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars og

4) réttindi flugliða.

NCO.OP.206 Aðflugs- og lendingarskilyrði — þyrlur

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að:

a) samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum komi hvorki veðurskilyrði á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins, sem fyrirhugað er að nota, í veg fyrir öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi og

b) valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við allt eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars,

4) réttindi flugliða.“

j) Í stað NCO.OP.210 kemur eftirfarandi:

„**NCO.OP.210 Upphaf og framhald aðflugs — flugvélar og þyrlur**

a) Ef ráðandi flugbrautarskyggni sem nota skal við lendingu er undir 550 m (eða hugsanlegt lægra gildi sem ákvarðað er í samræmi við samþykki samkvæmt SPA.LVO) skal blindaðflugi ekki haldið áfram:

1) handan punkts þar sem loftfar er 1000 fetum yfir landhæð flugvallar eða

2) á lokakafla í blindaðflugi (FAS) ef ákvörðunarflughæð eða lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fet.

b) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis hefur ekki verið náð skal fráflug framkvæmt við eða áður en ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð.

c) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis er ekki viðhaldið eftir að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð skal tafarlaust hætta við lendingu.“

8) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi SPO.OP.101 er bætt við:

„**SPO.OP.101 Eftirlit með og stillingar hæðarmælis**

a) Flugrekandi skal ákvarða verklag við eftirlit með hæðarmæli fyrir hverja brottför.

b) Flugrekandi skal ákvarða verklag við stillingu hæðarmælis fyrir öll stig flugs þar sem tekið er tillit til þess verklags sem komið hefur verið á í ríkinu þar sem flugvöllurinn eða loftrýmið er, ef við á.“

b) Í stað SPO.OP.110 kemur eftirfarandi:

„**SPO.OP.110 Flugvallarlágmörk — flugvélar og þyrlur**

a) Flugrekandi skal ákvarða flugvallarlágmörk fyrir sérhvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem fyrirhugað er að nota til að tryggja aðskilnað loftfara frá landsvæði og hindrunum og til að draga úr hættu á að missa sýn á kennileitum á meðan sjónrænn flughluti blindaðflugs stendur yfir.

b) Við ákvörðun flugvallarlágmarka skal taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

1) tegundar, afkastagetu og stjórnunareiginleika loftfars,

2) tækjabúnaðar, sem tiltækur er í loftfarinu til að nota við flugleiðsögu, til að skrá kennileiti og/eða til að stjórna flugslóð í flugtaki, aðflugi, lendingu og fráflugi,

3) allra skilyrða eða takmarkana sem eru tilgreindar í flughandbókinni (AFM),

4) stærðar og eiginleika flugbrauta/lokaaðflugs- og flugtakssvæða (FATO) sem kunna að vera valin til notkunar,

5) nothæfis og afkastagetu tiltækra sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja en sjónrænna auk grunnvirkja,

6) flughæðar/hæðar sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A) fyrir blindaðflugsverklag,

7) hindrana á fráklifurssvæðum og nauðsynlegra vikmarka fjarlægðar frá hindrunum,

8) óstaðlaðra eiginleika flugvallar, blindaðflugsverklags eða umhverfis,

9) samsetningar, hæfni og reynslu flugáhafnar,

10) blindaðflugsverklags,

11) eiginleika flugvallar og tiltækrar flugleiðsöguþjónustu (ANS),

12) allra lágmarka sem ríkið þar sem flugvöllurinn er, hefur kunngert,

13) skilyrða sem mælt er fyrir um í sérstökum samþykkjum fyrir starfrækslu í lélegu skyggni eða starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi og

14) viðeigandi reynslu flugrekanda af starfrækslu.

c) Flugrekandi skal tilgreina hvaða aðferð í rekstrarhandbókinni er notuð við að ákvarða flugvallarlágmörk.“

c) Liður SPO.OP.111 fellur brott.

d) Í stað SPO.OP.112 kemur eftirfarandi:

„**SPO.OP.112 Flugvallarlágmörk — hringaðflug flugvéla**

a) Lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug flugvéla skal ekki vera lægri en hæsta gildið af eftirfarandi:

1) útgefinni hæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH) í hringaðflugi fyrir flugvélaflokkinn,

2) lágmarkshringaðflugshæð, sem fengin er úr töflu 1, eða

3) ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð fyrir undangengið blindaðflugsverklag.

b) Lágmarksskyggni fyrir hringaðflug flugvéla skal vera hæsta gildið af eftirfarandi:

1) hringaðflugsskyggni fyrir flugvélaflokkinn, ef það er útgefið, eða

2) lágmarksskyggni sem fengið er úr töflu 1.

Tafla 1

Lágmarkslækkunarhæð og lágmarksskyggni fyrir hringaðflug miðað við flugvélaflokk

	Flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
Lágmarkslækkunarhæð (fet)	400	500	600	700
Lágmarksskyggni (m)	1 500	1 600	2 400	3 600“.

e) Í stað b-liðar SPO.OP.140 kemur eftirfarandi:

„b) Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann hafa kynnt sér allar fyrirliggjandi veðurupplýsingar sem varða fyrirhugað flug. Undirbúningur fyrir flug fjarri brottfararstað og fyrir allt flug samkvæmt blindflugsreglum skal fela í sér:

1) athugun á fyrirliggjandi, nýjum veðurskeytum og veðurspám og

2) áætlun um annars konar ráðstafanir til að grípa til ef mögulega ekki er hægt að ljúka flugi eins og áætlað var vegna veðurskilyrða.“

f) Eftirfarandi SPO.OP.143 og SPO.OP.144 er bætt við:

„**SPO.OP.143 Áætlunarlágmörk varaflugvalla ákvörðunarstaðar — flugvélar**

Flugvöllur skal ekki tilgreindur sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar nema fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar, á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna

a) að því er varðar varaflugvöll með tiltækt blindaðflug með ákvörðunarhæð sem er undir 250 fetum,

1) skýjahulu sem er a.m.k. 200 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflug og

2) skyggni sem er a.m.k. hærra gildið af annaðhvort 1500 m eða 800 m yfir lágmarki flugbrautarskyggnis/skyggnis fyrir blindaðflug eða

b) að því er varðar varaflugvöll með blindaðflug með ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð sem er 250 fet eða meiri,

1) skýjahulu sem er a.m.k. 400 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflug og

2) skyggni sem er a.m.k. 3000 m eða

c) að því er varðar varaflugvöll án blindaðflugsverklags,

1) skýjahulu sem er a.m.k. hærra gildið af annaðhvort 2000 fetum eða lágmarkshæð öruggs flugs samkvæmt blindflugsreglum og

2) skyggni sem er a.m.k. 5000 m.

SPO.OP.144 Áætlunarlágmörk varaflugvallar ákvörðunarstaðar — þyrlur

Flugrekandi skal eingöngu velja flugvöll sem varaflugvöll ákvörðunarstaðar ef fyrirliggjandi, nýjar veðurupplýsingar á tímabilinu frá einum klukkutíma fyrir til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma til eins klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra, gefi til kynna

a) að því er varðar varaflugvöll með blindaðflugsverklagi:

1) skýjahulu sem er a.m.k. 200 fetum yfir ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð í tengslum við blindaðflugsverklagið og

2) skyggni sem er a.m.k. 1500 m að degi til eða 3000 m að nóttu til eða

b) að því er varðar varaflugvöll án blindaðflugsverklags:

1) skýjahulu sem er að lágmarki 2000 fet eða lágmarkshæð öruggs flugs samkvæmt blindflugsreglum, eftir því hvort er meira, og

2) skyggni sem er a.m.k. 1500 m að degi til eða 3000 m að nóttu til.“

g) Í stað a-liðar SPO.OP.145 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrir blindflug skal flugstjórinn tilgreina í flugáætluninni a.m.k. einn veðurfæran varaflugvöll fyrir flugtak ef veðurskilyrði á brottfararflugvelli eru þau sömu eða verri en gildandi flugvallarlágmörk eða ef ekki yrði hægt að snúa aftur á brottfararflugvöll af öðrum ástæðum.“

h) Í stað a- og b-liðar SPO.OP.170 kemur eftirfarandi:

„a) Flugstjóri skal einungis leggja upp í sjónflug eða halda fluginu áfram ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að veðurskilyrði á flugleið og fyrirhuguðum ákvörðunarstað á áætluðum tíma notkunar verði þau sömu eða betri en tilgreind sjónflugslágmörk.

b) Flugstjóri skal einungis leggja upp í blindflug eða halda fluginu áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, þau sömu eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.“

i) Í stað SPO.OP.180 kemur eftirfarandi:

„**SPO.OP.180 Flugtaksskilyrði — flugvélar og þyrlur**

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að:

a) veðurskilyrði á flugvelli eða starfrækslusvæði og ástand flugbrautar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, komi ekki í veg fyrir öryggi í flugtaki og við brottför og

b) valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við allt eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars,

4) réttindi flugliða.“

j) Í stað SPO.OP.210 kemur eftirfarandi:

„**SPO.OP.210 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar og þyrlur**

Áður en flugstjórinn hefur aðflug skal hann ganga úr skugga um að:

a) veðurskilyrði á flugvelli eða starfrækslusvæði og ástand flugbrautar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðis, sem fyrirhugað er að nota, komi ekki í veg fyrir öryggi í aðflugi, lendingu eða þegar hætt er við lendingu, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í rekstrarhandbókinni og

b) valin flugvallarlágmörk séu í samræmi við allt eftirfarandi:

1) starfhæfan búnað á jörðu niðri,

2) starfhæf loftfarskerfi,

3) afkastagetu loftfars,

4) réttindi flugliða.“

k) Í stað SPO.OP.215 kemur eftirfarandi:

„**SPO.OP.215 Upphaf og framhald aðflugs**

a) Að því er varðar flugvélar skal blindaðflugi ekki haldið áfram ef tilkynnt skyggni eða ráðandi flugbrautarskyggni við lendingu er undir gildandi lágmörkum:

1) handan punkts þar sem flugvél er 1000 fetum yfir landhæð flugvallar eða

2) á lokakafla í blindaðflugi (FAS) ef ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fet.

b) Að því er varðar þyrlur, ef tilkynnt flugbrautarskyggni er innan við 550 m og ráðandi flugbrautarskyggni við lendingu er undir gildandi lágmörkum, skal blindaðflugi ekki haldið áfram:

1) handan punkts þar sem þyrla er 1000 fetum yfir landhæð flugvallar eða

2) á lokakafla í blindaðflugi ef ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarhæð er meiri en 1000 fet.

c) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis hefur ekki verið náð skal fráflug framkvæmt við eða áður en ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð.

d) Ef nauðsynlegri sýn til kennileitis er ekki viðhaldið eftir að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð skal tafarlaust hætta við lendingu.

e) Þrátt fyrir a-lið má halda blindaðflugi áfram að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð ef flugbrautarskyggni er ekki tilkynnt og tilkynnt skyggni er minna en viðeigandi lágmörk en umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (CMV) er meira en gildandi lágmörk.

f) Þrátt fyrir a- og b-lið, ef ekki er ætlunin að lenda, má halda blindaðflugi áfram að ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð. Fráflug skal framkvæmt við eða áður en ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð er náð.“

l) Eftirfarandi SPO.OP.235 er bætt við:

„**SPO.OP.235 EFVS 200-starfræksla**

a) Flugrekandi, sem hyggst framkvæma EFVS 200-starfrækslu með rekstrarlegum ávinningi og án sérstaks samþykkis, skal tryggja að:

1) loftfarið sé vottað fyrir fyrirhugaða starfrækslu,

2) að einungis séu notaðar flugbrautir, lokaaðflugs- og flugtakssvæði og blindaðflugsverklag sem hentar fyrir EFVS-starfrækslu,

3) flugáhöfn búi yfir hæfni til að framkvæma fyrirhugaða starfrækslu og að áætlun sé komið á fót um þjálfun og próf fyrir flugliða og viðkomandi starfsfólk sem tekur þátt í undirbúningi flugs,

4) verklag sé ákvarðað,

5) allar viðeigandi upplýsingar séu skráðar í lista yfir lágmarksbúnað,

6) allar viðeigandi upplýsingar séu skráðar í viðhaldsáætlun,

7) öryggismat sé framkvæmt og að frammistöðuvísar séu ákvarðaðir til að hafa eftirlit með öryggisstigi starfrækslunnar og

8) flugvallarlágmörk taki mið af getu kerfisins sem er notað.

b) Flugrekandi skal ekki framkvæma EFVS 200-starfrækslu í lélegu skyggni.

c) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar getur flugrekandi notað sjónaukandi kerfi sem uppfylla lágmarksviðmiðanir til að hrinda EFVS 200-starfrækslu í framkvæmd, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt hana.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1177 **2023/EES/62/43**

frá 7. ágúst 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/469 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum c- og g-lið 1. mgr. 36. gr., a- og f-lið 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til, í því skyni að halda COVID-19-heimsfaraldrinum í skefjum draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að beita ýmsum nýlega samþykktum framkvæmdarreglugerðum á sviði flugöryggis.

2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samfara auknu vinnuálagi, sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19-heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hamla undirbúningi að beitingu þeirra framkvæmdarreglugerða.

3) Hluti af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/469 ([2]) mun koma til framkvæmda frá og með 5. nóvember 2020. Skortur á úrræðum viðkomandi lögbærra yfirvalda og flugrekenda vegna COVID-19-heimsfaraldursins hefur hamlað aðlögun sameiginlegra krafna um skýrslugjöf og krafna varðandi SNOWTAM- og METAR-sniðmátin, í samræmi við kröfur og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), sem innleidd var með þeirri framkvæmdarreglugerð, og því ætti að fresta aðlöguninni til að gera lögbærum yfirvöldum og hagsmunaaðilum kleift að undirbúa framkvæmd hennar.

4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á beitingu ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem hún muni vara í mjög takmarkaðan tíma og nýju ráðstafanirnar miða að því að uppfæra ákvæði, sem nú þegar eru í gildi, í samræmi við núverandi kröfur og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

5) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir frestun á beitingu viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/469 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012, reglugerð (ESB) nr. 139/2014 og reglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, hönnun loftrýmisskipulags og gæði gagna, öryggi á flugbrautum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 73/2010 (Stjtíð. ESB L 104, 3.4.2020, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/469 kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. janúar 2022.

Eftirfarandi ákvæði koma til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2021:

a) ákvæði b-liðar 10. liðar í I. viðauka,

b) ákvæði 6. liðar í III. viðauka: 3. viðbætir „SNOWTAM-SNIÐMÁT“.

Ákvæði 5. liðar í III. viðauka koma til framkvæmda frá og með 5. nóvember 2020, að undanskildum v. lið 5. liðar: 1. viðbætir, Sniðmát fyrir METAR, sem kemur til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2021.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/97 **2023/EES/62/44**

frá 28. janúar 2021

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) 2015/640 að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum h-lið 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins („Flugöryggisstofnunin“) gefur út vottunarforskriftir, skv. 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, og uppfærir þær reglulega til að tryggja að vottunarforskriftir þjóni áfram tilgangi sínum. Ef hönnun loftfars hefur þegar verið vottuð þarf loftfarið þó hvorki að uppfylla uppfærðu útgáfuna af vottunarforskriftunum á framleiðslutíma sínum né á starfrækslutímanum. Til að styðja við áframhaldandi lofthæfi og öryggisumbætur ætti því að innleiða kröfur um að slík loftför uppfylli viðbótarlofthæfikröfur sem voru ekki hluti af upphaflegu vottunarforskriftinni á þeim tíma sem hönnunin var vottuð. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 ([2]) eru settar fram slíkar viðbótarlofthæfikröfur.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/133 ([3]) voru innleiddar, í lið 26.60 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640, viðbótarlofthæfikröfur fyrir hreyfifræðileg skilyrði farþegasæta og sæta öryggis- og þjónustuliða í stórum nýlega framleiddum flugvélum á grundvelli hönnunar sem Flugöryggisstofnunin hefur þegar vottað. Stórar flugvélar með tiltekið lofthæfivottorð, sem gefið er út í fyrsta sinn 18. febrúar 2021 eða síðar, verða að uppfylla lið 26.60. Vegna tafa í framleiðslu flugvéla af völdum COVID-19-heimsfaraldursins fá sumar flugvélar, sem áttu að fá útgefið lofthæfivottorð fyrir 18. febrúar 2021, þetta vottorð ekki útgefið fyrr en eftir þann dag. Til að forðast að leggja auknar byrðar á iðnaðinn, vegna þess að nauðsynlegt er að aðlaga sætin í þeim flugvélum að hreyfifræðilegu skilyrðunum, ættu flugvélar, ef framleiðslu þeirra hefur verið frestað vegna COVID-19-heimsfaraldursins, að vera undanþegnar því að uppfylla lið 26.60.

3) Af þessum sökum ætti að samræma útgáfudag fyrsta sérstaka lofthæfivottorðsins, sem um getur í lið 26.60 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640 og sem núna er ákvarðaður 18. febrúar 2021, við gildistökudag skrár yfir undirtegundir flugvéla sem falla ekki undir tiltekin ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640 sem sett er fram í I. viðbæti við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1159 ([4]), þ.e. 26. febrúar 2021. Að teknu tilliti til þess að mjög stutt er á milli dagsetninganna myndi þetta hafa óveruleg áhrif á flugöryggi. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2015/640 til samræmis við það.

4) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1159 eru innleiddar nýjar kröfur um eldri loftför. Í lið 26.334 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640 er einkum gefið til kynna að allir handhafar viðbótartegundarvottorðs, sem gefið er út fyrir 1. september 2003, verði að þróa gögn um vikmörk tjóns hvort sem flugrekendur krefjast í raun þessara gagna eða ekki. Til að tryggja hóflega byrði á iðnaðinn hefur ætlunin ávallt verið sú að einungis ætti að þróa þessi gögn ef flugrekendur fara þess á leit og einungis að fenginni beiðni frá þeim. Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) 2015/640 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 31, 29.1.2021, bls. 208. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/133 frá 28. janúar 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/640 að því er varðar innleiðingu á nýjum viðbótarlofthæfiforskriftum (Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2019, bls. 14).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1159 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) nr. 2015/640 að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna (Stjtíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 14).

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, vísa til breytinganna, sem eru innleiddar með framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2020/1159, sem koma til framkvæmda frá og með 26. febrúar 2021. Til að gæta samræmis ætti þessi reglugerð því einnig að koma til framkvæmda frá og með 26. febrúar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. febrúar 2021, að undanskildum 1. lið I. viðauka sem kemur til framkvæmda frá og með 16. febrúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 26.60 kemur eftirfarandi:

„26.60 Nauðlending á landi — hreyfifræðileg skilyrði

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru til flutningaflugs með farþega, með tegundarvottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og sem hafa tiltekið lofthæfivottorð, sem gefið er út í fyrsta sinn 26. febrúar 2021 eða síðar, skulu sýna fram á fyrir hverja tegundahönnun sætis, sem samþykkt hefur verið til setu meðan á akstri, flugtaki eða lendingu stendur, að sá sem situr í sætinu sé varinn fyrir álagi við aðstæður sem skapast við nauðlendingu. Sýna skal fram á þetta með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) með hreyfiprófunum sem lýkur á fullnægjandi hátt,

b) með rökréttri greiningu sem veitir jafngilt öryggi, byggt á hreyfiprófunum á samsvarandi hönnun sætistegundar.

Skuldbindingin, sem sett er fram í fyrstu málsgrein, skal ekki gilda um eftirfarandi sæti:

a) sæti áhafnar í stjórnklefa,

b) sæti í flugvélum með fá farþegasæti sem aðeins eru starfræktar í óreglubundnu flutningaflugi samkvæmt pöntun,

c) sæti í undirtegund flugvélar, sem er skráð í töflu A.1 í 1. viðbæti, og með raðnúmer framleiðanda sem er skráð í þeirri töflu.“

2) Í stað 1. viðbætis kemur eftirfarandi:

„1. viðbætir

Skrá yfir undirtegundir flugvéla sem falla ekki undir tiltekin ákvæði I. viðauka (26. hluta)

Tafla A.1

Handhafi tegundarvottorðs	Gerð	Undirtegundir	Raðnúmer framleiðanda	Ákvæði I. viðauka (26. hluta) sem gilda EKKI
The Boeing Company	707	Allar		26.301–26.334
The Boeing Company	720	Allar		26.301–26.334
The Boeing Company	DC-10	DC-10-10 DC-10-30 DC-10-30F	Öll	26.301–26.334
The Boeing Company	DC-8	Allar		26.301–26.334
The Boeing Company	DC-9	DC-9-11, DC-9-12, DC-9-13, DC-9-14,DC-9-15, DC-9-15F, DC-9-21, DC-9-31,DC-9-32, DC-9-32 (VC-9C), DC-9-32F,DC-9-32F (C-9A, C-9B), DC-9-33F, DC-9-34, DC-9-34F, DC-9-41, DC-9-51	Öll	26.301–26.334
The Boeing Company	MD-90	MD-90-30	Öll	26.301–26.334

FOKKER SERVICES B.V.	F27	Mark 100, 200, 300, 400, 500, 600, 700	Öll	26.301–26.334
FOKKER SERVICES B.V.	F28	Mark 1000, 1000C, 2000, 3000, 3000C, 3000R, 3000RC, 4000	Öll	26.301–26.334
GULFSTREAM AEROSPACE CORP.	G-159	G-159 (Gulfstream I)	Öll	26.301–26.334
GULFSTREAM AEROSPACE CORP.	G-II_III_IV_V	G-1159A (GIII) G-1159B (GIIB) G-1159 (GII)	Öll	26.301–26.334
KELOWNA FLIGHTCRAFT LTD.	CONVAIR 340/440	440	Öll	26.301–26.334
LEARJET INC.	Learjet 24/25/31/36/35/55/60	24, 24A, 24B, 24B-A, 24D, 24D-A, 24F, 24F-A, 25, 25B, 25C, 25D, 25F	Öll	26.301–26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	1329	Allar		26.301–26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	188	Allar		26.301–26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	382	382, 382B, 382E, 382F, 382G	Öll	26.301–26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	L-1011	Allar		26.301–26.334
PT. DIRGANTARA INDONESIA	CN-235	Allar		26.301–26.334
SABRELINER CORPORATION	NA-265	NA-265-65	Öll	26.301–26.334
VIKING AIR LIMITED	SD3	SD3-30 Sherpa SD3 Sherpa	Öll	26.301–26.334
VIKING AIR LIMITED	DHC-7	Allar		26.301–26.334
VIKING AIR LIMITED	CL-215	CL-215-6B11	Öll	26.301–26.334
TUPOLEV PUBLIC STOCK COMPANY	TU-204	204-120CE	Öll	26.301–26.334
AIRBUS	A320-röðin	A320-251N, A320-271N	10033, 10242, 10281 og 10360	26.60

AIRBUS	A321-röðin	A321-271NX, A321-251NX	10071, 10257, 10371 og 10391	26.60.
AIRBUS	A330-röðin	A330-243, A330-941	1844, 1861, 1956, 1978, 1982, 1984, 1987, 1989, 1998, 2007, 2008, 2011 og 2012	26.60
ATR-GIE Avions de Transport Régional	ATR 72-röðin	ATR72-212A	1565, 1598, 1620, 1629, 1632, 1637, 1640, 1642, 1649, 1657, 1660, 1661	26.60
The Boeing Company	737-röðin	737-8 og 737-9	43299, 43304, 43305, 43310, 43321, 43322, 43332, 43334, 43344, 43348, 43391, 43579, 43797, 43798 43799, 43917, 43918, 43919, 43921, 43925, 43927, 43928, 43957, 43973, 43974, 43975, 43976, 44867, 44868, 44873, 60009, 60010, 60040, 60042, 60056, 60057, 60058, 60059, 60060, 60061, 60063, 60064, 60065, 60066, 60068, 60194, 60195, 60389, 60434, 60444, 60455, 61857, 61859, 61862, 61864, 62451, 62452, 62453, 62454, 62533, 63358, 63359, 63360, 64610, 64611, 64612, 62613, 64614, 65899, 66147, 66148, 66150	26.60“

II. VIÐAUKI

Í stað a- og b-liðar 26.334 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„a) Fari flugrekandi, sem er skylt að fara að ii. lið a-liðar 26.370, þess á leit skal handhafi samþykkis fyrir breytingu sem var gefið út fyrir 1. september 2003:

i. að því er varðar breytingar og útgefin fyrirmæli um viðgerðir, sem auðkennd eru í samræmi við i. lið a-liðar í 26.332 og iii. lið a-liðar í 26.332, framkvæma mat á vikmörkum tjóns,

ii. ákvarða og skrá tilheyrandi skoðun á vikmörkum tjóns, nema hún hafi þegar farið fram.

b) Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er í samræmi við i. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina:

i. innan 24 mánaða frá móttöku beiðni, að því er varðar beiðnir sem mótteknar eru fyrir 26. febrúar 2023, um samþykki eða

ii. fyrir 26. febrúar 2025 eða innan 12 mánaða frá móttöku beiðni, hvort sem á sér stað fyrr, að því er varðar beiðnir sem mótteknar eru 26. febrúar 2023 eða síðar, um samþykki.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1874 **2023/EES/62/45**

frá 25. október 2021

um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) 2018/395 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi og af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffluga sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir svifflugur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 23. gr., 27. gr. og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þýsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ([2]) eru villur í BFCL-hluta, BPL-kafla, a-lið BFCL.125 BPL og e-lið BFCL.145 BPL í III. viðauka sem breyta merkingu textans.

2) Í þýsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ([3]) eru svipaðar villur í SFCL-hluta, SPL-kafla, a-lið SFCL.125 SPL og e-lið SFCL.145 SPL í III. viðauka sem breyta merkingu textans.

3) Því ætti að leiðrétta þýsku útgáfuna af reglugerð (ESB) 2018/395 og af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 378, 26.10.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffluga sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir svifflugur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtíð. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/201 **2023/EES/62/46**

frá 10. desember 2021

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar stjórnunarkerfi og tilkynningarkerfi um atvik, sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki eiga að koma á fót, sem og um verklagsreglur sem Flugöryggisstofnunin skal beita og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 19. gr. og 13. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([2]) er mælt fyrir um kröfur um hönnun og framleiðslu almenningsloftfara, sem og hreyfla, loftskrúfna og hluta til uppsetningar í þeim.

2) Í samræmi við b-lið liðar 3.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 verða samþykkt hönnunar- og framleiðslufyrirtæki, eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, að innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þeim viðauka, stjórna öryggisáhættu og stefna að því að bæta stöðugt það kerfi.

3) Samkvæmt 19. viðauka, sem ber heitið „Öryggisstjórnun“, við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 (hér á eftir nefndur „Chicago-samningurinn“), eiga lögbær yfirvöld að gera þá kröfu að samþykkt fyrirtæki sem hanna og framleiða almenningsloftför, sem og hreyfla, loftskrúfur og hluta til uppsetningar í þeim, innleiði öryggisstjórnunarkerfi.

4) Í reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er þess nú þegar krafist að samþykkt hönnunar- og framleiðslufyrirtæki fari að tilteknum þáttum stjórnunarkerfisins. Þetta stjórnunarkerfi nær þó ekki að öllu leyti yfir kröfur og ráðlagðar starfsvenjur fyrir slíkt öryggisstjórnunarkerfi, sem settar eru í 19. viðauka við Chicago-samninginn. Því ætti að bæta þeim þáttum stjórnunarkerfisins sem upp á vantar við gildandi kröfur.

5) Í því skyni að tryggja hóflega framkvæmd og samræmi við þá nálgun sem notuð er fyrir fyrirtæki sem annast áframhaldandi lofthæfi og starfa á sviði almannaflugs, ætti ekki að gera þá kröfu að hönnunar- og framleiðslufyrirtæki, sem þurfa ekki að hafa undir höndum samþykki samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 748/2012, fari að öllum þáttum stjórnunarkerfisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

6) Öllum fyrirtækjum, þ.m.t. þeim sem hafa höfuðstöðvar sínar utan Sambandsins, sem hanna og framleiða framleiðsluvörur og hluta í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, er þegar skylt að koma á fót kerfi fyrir skyldubundnar og valfrjálsar tilkynningar atvika. Þó ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til að tryggja að þetta tilkynningarkerfi um atvik sé lagað að meginreglum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ([3]).

7) Að auki skal breyta kröfunum, sem gerðar eru til Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar verkefni sem tengjast vottun hönnunar, eftirliti og framfylgd.

8) Veita ætti samþykktum hönnunarfyrirtækjum nægilegt umbreytingartímabil til að tryggja að þau fari að nýju reglunum og verklagsreglunum sem innleiddar eru með þessari reglugerð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti nr. 04/2020 ([4]) sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.

11) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/699 ([5]) var innleidd krafa um að allir framtíðarhandhafar tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél eigi að tryggja að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar. Nánar tiltekið var h-lið 21.A.101 bætt við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 þess efnis að tilteknir framtíðarhandhafar verða að uppfylla vottunarforskriftir þar sem kveðið er á um öryggisstig, sem jafngildir a.m.k. því sem kveðið er á um í 26.300, 26.320 og 26.330 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 ([6]). Mistök voru gerð í tengslum við tilvísun í lið 26.320 en sá liður er ekki til. Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 8. gr.:

„4. Þrátt fyrir 1. og 2. lið d-liðar 21.B.433 í I. viðauka (21. hluta) er hönnunarfyrirtæki, með gilt samþykkisvottorð sem er gefið út í samræmi við I. viðauka (21. hluta), heimilt til 7. mars 2025 að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfunum í I. viðauka sem voru innleiddar með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 (*).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt slík frávik til lykta eftir 7. mars 2025 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 frá 10. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar stjórnunarkerfi og tilkynningarkerfi um atvik, sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki eiga að koma á fót, sem og um verklagsreglur sem Flugöryggisstofnunin skal beita og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 7).“

2) Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

([4]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/699 frá 21. desember 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, um framleiðslu á hlutum sem nota á við viðhald og um að taka tillit til þátta sem tengjast öldrun loftfara við vottun (Stjtíð. ESB L 145, 28.4.2021, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).

2. gr.

Ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. mars 2023, að undanskilinni 2. gr. sem kemur til framkvæmda frá og með 7. mars 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„*Efnisyfirlit*

21.1 Lögbært yfirvald

21.2 Gildissvið

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

21.A.1 Gildissvið

21.A.2 Verk, unnin af öðrum en umsækjanda um vottorð eða handhafa vottorðs

21.A.3A Tilkynningarkerfi

21.A.3B Lofthæfifyrirmæli

21.A.4 Samræming hönnunar og framleiðslu

21.A.5 Skráahald

21.A.6 Handbækur

21.A.7 Leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi

21.A.9 Aðgangur og rannsókn

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.A.11 Gildissvið

21.A.13 Gjaldgengi

21.A.14 Sýnt fram á getu

21.A.15 Umsókn

21.A.19 Breytingar sem útheimta nýtt tegundarvottorð

21.A.20 Sýnt fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar

21.A.21 Kröfur um útgáfu tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs

21.A.31 Tegundarhönnun

21.A.33 Skoðanir og prófanir

21.A.35 Flugprófun

21.A.41 Tegundarvottorð

21.A.44 Skyldur handhafa

21.A.47 Framsalshæfi

21.A.51 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.62 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

21.A.65 Áframhaldandi heilleiki burðarvirkis fyrir burðarvirki flugvéla

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

21.A.90A Gildissvið

21.A.90B Staðlaðar breytingar

21.A.90C Sjálfstæðar breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi

21.A.91 Flokkun breytinga á tegundarvottorði

21.A.92 Gjaldgengi

21.A.93 Umsókn

21.A.95 Kröfur um samþykki fyrir minni háttar breytingu

21.A.97 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingu

21.A.101 Tegundarvottunargrunnur, vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21.A.108 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

21.A.109 Skyldur og EPA-merking

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21.A.111 Gildissvið

21.A.112A Gjaldgengi

21.A.112B Sýnt fram á getu

21.A.113 Umsókn um viðbótartegundarvottorð

21.A.115 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingum í formi viðbótartegundarvottorðs

21.A.116 Framsalshæfi

21.A.117 Breytingar á þeim hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til

21.A.118A Skyldur og EPA-merking

21.A.118B Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.120B Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.121 Gildissvið

21.A.122 Gjaldgengi

21.A.124 Umsókn

21.A.124A Aðferðir til að uppfylla kröfur

21.A.125A Útgáfa staðfestingar á samkomulagi

21.A.125B Frávik og athugasemdir

21.A.125C Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.126 Framleiðslueftirlitskerfi

21.A.127 Prófanir: loftför

21.A.128 Prófanir: hreyflar og loftskrúfur

21.A.129 Skyldur framleiðslufyrirtækis

21.A.130 Samræmisyfirlýsing

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.131 Gildissvið

21.A.133 Gjaldgengi

21.A.134 Umsókn

21.A.134A Aðferðir til að uppfylla kröfur

21.A.135 Útgáfa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

21.A.139 Framleiðslustjórnunarkerfi

21.A.143 Starfsemislýsing framleiðslufyrirtækis

21.A.145 Aðföng

21.A.147 Breytingar á framleiðslustjórnunarkerfinu

21.A.148 Breytingar á staðsetningu

21.A.149 Framsalshæfi

21.A.151 Skilmálar samþykkis

21.A.153 Breytingar á skilmálum samþykkis

21.A.158 Frávik og athugasemdir

21.A.159 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.163 Réttindi

21.A.165 Skyldur handhafa

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21.A.171 Gildissvið

21.A.172 Gjaldgengi

21.A.173 Flokkun

21.A.174 Umsókn

21.A.175 Tungumál

21.A.177 Lagfæring eða breyting

21.A.179 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja

21.A.181 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.182 Auðkenning loftfara

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21.A.201 Gildissvið

21.A.203 Gjaldgengi

21.A.204 Umsókn

21.A.207 Lagfæring eða breyting

21.A.209 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja

21.A.211 Gildistími og áframhaldandi gildi

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21.A.231 Gildissvið

21.A.233 Gjaldgengi

21.A.234 Umsókn

21.A.235 Útgáfa samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki

21.A.239 Hönnunarstjórnunarkerfi

21.A.243 Handbók

21.A.245 Aðföng

21.A.247 Breytingar á hönnunarstjórnunarkerfinu

21.A.249 Framsalshæfi

21.A.251 Skilmálar samþykkis

21.A.253 Breytingar á skilmálum samþykkis

21.A.258 Frávik og athugasemdir

21.A.259 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.263 Réttindi

21.A.265 Skyldur handhafa

K-KAFLI — HLUTAR OG BÚNAÐUR

21.A.301 Gildissvið

21.A.303 Samræmi við viðeigandi kröfur

21.A.305 Samþykki hluta og búnaðar

21.A.307 Hæfi hluta og búnaðar til ísetningar

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

21.A.431A Gildissvið

21.A.431B Staðlaðar viðgerðir

21.A.432A Gjaldgengi

21.A.432B Sýnt fram á getu

21.A.432C Umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.433 Kröfur um samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.435 Flokkun og samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.439 Framleiðsla hluta til viðgerða

21.A.441 Framkvæmd viðgerða

21.A.443 Takmarkanir

21.A.445 Óviðgerðar skemmdir

21.A.451 Skyldur og EPA-merking

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

21.A.601 Gildissvið

21.A.602A Gjaldgengi

21.A.602B Sýnt fram á getu

21.A.603 Umsókn

21.A.604 Evrópsk tækniforskriftarheimild (ETSO-heimild) fyrir aukaaflstöð (APU)

21.A.605 Kröfur um gögn

21.A.606 Kröfur um útgáfu ETSO-heimildar

21.A.607 Réttindi sem ETSO-heimild veitir

21.A.608 Hönnunar- og afkastayfirlýsing (DDP)

21.A.609 Skyldur handhafa ETSO-heimilda

21.A.610 Samþykki fyrir fráviki

21.A.611 Hönnunarbreytingar

21.A.619 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.621 Framsalshæfi

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.A.701 Gildissvið

21.A.703 Gjaldgengi

21.A.707 Umsókn um flugleyfi

21.A.708 Flugskilyrði

21.A.709 Umsókn um samþykki flugskilyrða

21.A.710 Samþykki flugskilyrða

21.A.711 Útgáfa flugleyfis

21.A.713 Breytingar

21.A.715 Tungumál

21.A.719 Framsalshæfi

21.A.723 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.725 Endurnýjun flugleyfis

21.A.727 Skyldur handhafa flugleyfis

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

21.A.801 Auðkenning framleiðsluvara

21.A.803 Meðferð auðkennisgagna

21.A.804 Auðkenning hluta og búnaðar

21.A.805 Auðkenning þýðingarmikilla hluta

21.A.807 Auðkenning hluta/búnaðar sem samræmast evrópskri tækniforskrift

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

21.B.10 Eftirlitsgögn

21.B.15 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

21.B.20 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

21.B.25 Stjórnunarkerfi

21.B.30 Úthlutun verkefna til hæfra aðila

21.B.35 Breytingar á stjórnunarkerfinu

21.B.55 Skráahald

21.B.65 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.B.70 Vottunarforskriftir

21.B.75 Sérstök skilyrði

21.B.80 Tegundarvottunargrunnur fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð

21.B.82 Vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars

21.B.85 Tilgreining viðeigandi krafna um umhverfisvernd fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð

21.B.100 Umfang þátttöku

21.B.103 Útgáfa tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

21.B.105 Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21.B.107 Útgáfa samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21.B.109 Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir viðbótartegundarvottorð

21.B.111 Útgáfa viðbótartegundarvottorðs

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.115 Aðferðir til að uppfylla kröfur

21.B.120 Upphafsferli vegna vottunar

21.B.125 Frávik og aðgerðir til úrbóta, athugasemdir

21.B.135 Staðfestingu á samkomulagi viðhaldið

21.B.140 Breyting á staðfestingu á samkomulagi

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.215 Aðferðir til að uppfylla kröfur

21.B.220 Upphafsferli vegna vottunar

21.B.221 Meginreglur um eftirlit

21.B.222 Eftirlitsáætlun

21.B.225 Frávik og aðgerðir til úrbóta, athugasemdir

21.B.240 Breytingar á framleiðslustjórnunarkerfinu

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21.B.320 Rannsókn

21.B.325 Útgáfa lofthæfivottorða

21.B.326 Lofthæfivottorð

21.B.327 Takmarkað lofthæfivottorð

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21.B.420 Rannsókn

21.B.425 Útgáfa hljóðstigsvottorða

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21.B.430 Upphafsferli vegna vottunar

21.B.431 Meginreglur um eftirlit

21.B.432 Eftirlitsáætlun

21.B.433 Frávik og aðgerðir til úrbóta, athugasemdir

21.B.435 Breytingar á hönnunarstjórnunarkerfinu

K-KAFLI — HLUTAR OG BÚNAÐUR

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

21.B.450 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um umhverfisvernd fyrir samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar

21.B.453 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

21.B.480 Útgáfa ETSO-heimildar

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.B.520 Rannsókn

21.B.525 Útgáfa flugleyfis

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

Viðbætar

I. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 1 — Opinbert viðhaldsvottorð

II. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 15a og 15c — Lofthæfistaðfestingarvottorð

III. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20a — Flugleyfi

IV. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20b — Flugleyfi (gefið út af samþykktum fyrirtækjum)

V. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 24 — Takmarkað lofthæfivottorð

VI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 25 — Lofthæfivottorð

VII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 45 — Hljóðstigsvottorð

VIII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 52 — Samræmisyfirlýsing fyrir loftfar

IX. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 53 — Viðhaldsvottorð

X. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 55 — Samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki

XI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 65 — Staðfesting á samkomulagi vegna framleiðslu án samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

XII. viðbætir — Flokkar flugprófana og tilheyrandi réttindi áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum.“

2) Í stað 21.A.1 kemur eftirfarandi:

„**21.A.1 Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreind almenn réttindi og skyldur umsækjanda og handhafa vottorðs sem er gefið út eða verður gefið út í samræmi við þennan viðauka.“

3) Í stað 21.A.3A kemur eftirfarandi:

„**21.A.3A Tilkynningarkerfi**

a) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*) og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skulu allir einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa sótt um eða eru handhafar tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, ETSO-heimildar, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annars viðeigandi samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð:

1. koma á fót og viðhalda kerfi til að safna saman, rannsaka og greina tilkynningar um atvik til að bera kennsl á óæskilega þróun eða til að bæta úr annmörkum og til að vinna úr upplýsingum um atvik, sem skylt er að tilkynna um í samræmi við 3. lið, og um atvik, sem valfrjálst er að tilkynna um. Þegar höfuðstöðvarnar eru staðsettar í aðildarríki má koma á fót einu kerfi til að uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerða hennar og reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar; tilkynningarkerfið skal ná yfir:

   i. tilkynningar og upplýsingar um bilanir, ólag, galla eða önnur atvik sem hafa eða geta haft neikvæð áhrif á áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvöru, hluta eða búnaðar sem fellur undir tegundarvottorðið, takmarkaða tegundarvottorðið, viðbótartegundarvottorðið, ETSO-heimildina, samþykkið fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annað viðeigandi samþykki sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð,

   ii. mistök, atvik þar sem liggur við slysi og hættur sem falla ekki undir i. lið,

2. gera upplýsingar um kerfið, sem komið er á fót í samræmi við 1. lið, og um hvernig eigi að leggja fram tilkynningar og upplýsingar sem tengjast bilunum, ólagi, göllum eða öðrum atvikum, sem um getur í i. lið 1. liðar, aðgengilegar þekktum notendum framleiðsluvörunnar, hlutans eða búnaðarins og, samkvæmt beiðni, öllum einstaklingum sem hafa heimild til þess samkvæmt öðrum framkvæmdargerðum eða framseldum gerðum,

3. tilkynna Flugöryggisstofnuninni um sérhverja bilun, ólag, galla eða önnur atvik sem vitað er um og tengjast framleiðsluvöru, hluta eða búnaði sem fellur undir tegundarvottorðið, takmarkaða tegundarvottorðið, viðbótartegundarvottorðið, ETSO-heimildina, samþykkið fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annað viðeigandi samþykki sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, og sem hefur leitt til eða getur leitt til ótryggs ástands.

b) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skulu allir einstaklingar eða lögaðilar, sem eru handhafar eða hafa sótt um samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki samkvæmt G-kafla í þessum þætti, eða sem framleiða framleiðsluvöru, hluta eða búnað samkvæmt F-kafla í þessum þætti:

1. koma á fót og viðhalda kerfi til að safna saman og meta tilkynningar um atvik, þ.m.t. tilkynningar um mistök, atvik þar sem liggur við slysi og hættur, til að bæta úr annmörkum og vinna úr upplýsingum um atvik, sem skylt er að tilkynna um í samræmi við 2. og 3. lið, og um atvik, sem valfrjálst er að tilkynna um; að því er varðar fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki má koma á fót einu kerfi til að uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerða hennar og reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar,

2. tilkynna ábyrgum handhafa samþykkis fyrir hönnun um öll tilvik þar sem framleiðslufyrirtæki hefur afhent framleiðsluvörur, hluta eða búnað og síðan hefur komið í ljós að hugsanlega hefur verið vikið frá viðeigandi hönnunargögnum, og rannsaka, í samvinnu við handhafa hönnunarsamþykkisins, til að greina þau frávik sem gætu skapað ótryggt ástand,

3. tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, sem ber ábyrgð í samræmi við lið 21.1, og Flugöryggisstofnuninni um frávik, sem hafa verið greind í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.3A og sem gætu skapað ótryggt ástand,

4. ef framleiðslufyrirtækið er birgir annars framleiðslufyrirtækis, tilkynna einnig því fyrirtæki um öll tilvik þar sem það hefur afhent framleiðsluvörur, hluta eða búnað til þess fyrirtækis og síðan hefur komið í ljós að þau víkja hugsanlega frá viðeigandi hönnunargögnum.

c) Í tengslum við tilkynningar í samræmi við 3. lið a-liðar og 2., 3. og 4. lið b-liðar skulu allir einstaklingar eða lögaðilar vernda með viðeigandi hætti trúnað þess sem tilkynnir atvik og þess eða þeirra einstaklinga sem getið er í tilkynningunni, sbr. þó reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014.

d) Einstaklingar eða lögaðilar skulu skrá tilkynningarnar, sem um getur í 3. lið a-liðar og 3. lið b-liðar, á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin eða lögbært yfirvald ákvarðar, eftir því sem við á, og senda þær svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klst. eftir að einstaklingurinn eða lögaðilinn hefur sannreynt að atvikið gæti skapað ótryggt ástand, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það, sbr. þó reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

e) Ef atvik, sem tilkynnt er um skv. 3. lið a-liðar eða 3. lið b-liðar, er vegna hönnunar- eða framleiðsluannmarka skal handhafi tegundarvottorðsins, takmarkaða tegundarvottorðsins, viðbótartegundarvottorðsins, samþykkisins fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, ETSO-heimildarinnar eða annars viðeigandi samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, eða framleiðslufyrirtækið, eftir því sem við á, rannsaka ástæðu annmarkans og senda lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem ber ábyrgð í samræmi við lið 21.1 og Flugöryggisstofnuninni skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar og þær aðgerðir sem hann hyggst grípa til eða leggur til að verði gripið til í því skyni að lagfæra annmarkann, sbr. þó reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014.

f) Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að aðgerðar sé þörf til að lagfæra annmarkann skal handhafi tegundarvottorðsins, takmarkaða tegundarvottorðsins, viðbótartegundarvottorðsins, samþykkisins fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, ETSO-heimildarinnar eða annars samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, eða framleiðslufyrirtækið, eftir því sem við á, leggja viðeigandi gögn fyrir lögbæra yfirvaldið.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).“

4) Í stað 21.A.5 kemur eftirfarandi:

„**21.A.5 Skráahald**

Allir einstaklingar eða lögaðilar, sem eru handhafar eða hafa sótt um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, ETSO-heimild, samþykki fyrir hönnun eða viðgerð, flugleyfi, samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki eða staðfestingu á samkomulagi samkvæmt þessari reglugerð, skulu:

a) þegar þeir hanna framleiðsluvöru, hluta eða búnað eða breytingu eða viðgerðir á þeim, koma á fót skráningarkerfi og halda utan um viðeigandi hönnunarupplýsingar eða -gögn; þessar upplýsingar eða gögn skulu gerð aðgengileg Flugöryggisstofnuninni í því skyni að veita upplýsingar eða gögn sem eru nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, hlutans eða búnaðarins, áframhaldandi gildi gagnanna um örugga starfrækslu og samræmi við viðeigandi kröfur um umhverfisvernd,

b) þegar þeir framleiða framleiðsluvöru, hluta eða búnað, skrá þær upplýsingar um framleiðsluferlið sem skipta máli fyrir samræmi framleiðsluvörunnar, hlutans eða búnaðarins við viðeigandi hönnunargögn, og þær kröfur sem gerðar eru til samstarfsaðila þeirra og birgja, og gera þessi gögn aðgengileg lögbæra yfirvaldinu til að veita upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, hlutans eða búnaðarins,

c) að því er varðar flugleyfi:

1. varðveita skjölin, sem eru útbúin til að ákvarða og réttlæta skilyrði til flugs, og gera þau aðgengileg Flugöryggisstofnuninni og lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins til að veita upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfarsins,

2. þegar þeir gefa út flugleyfi samkvæmt réttindum samþykktra fyrirtækja, varðveita skjölin sem tengjast flugleyfinu, þ.m.t. skoðunarskrár og skjöl til stuðnings samþykkis flugskilyrða og útgáfu sjálfs flugleyfisins, og gera þau aðgengileg Flugöryggisstofnuninni og lögbæru yfirvaldi þeirra í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu, í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfarsins,

d) varðveita skrár yfir hæfni og réttindi, sem um getur í c-lið 21.A.139, b-lið 21.A.145, c-lið 21.A.145, c-lið 21.A.239, a-lið 21.A.245 eða 1. lið e-liðar 21.A.245, starfsfólks sem tekur þátt í eftirfarandi:

1. hönnun eða framleiðslu,

2. óháðri vöktun með því hvort fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur,

3. öryggisstjórnun,

e) varðveita skrár yfir heimildir starfsfólks þegar þeir ráða starfsfólk sem:

1. neytir réttinda samþykkta fyrirtækisins skv. 21.A.163 og/eða 21.A.263, eins og við á,

2. framkvæmir óháða vöktun með því að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skv. e-lið 21.A.139 og/eða e-lið 21.A.239, eins og við á,

3. framkvæmir óháða sannprófun á því að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar skv. 2. lið d-liðar 21.A.239.“

5) Eftirfarandi liður 21.A.9 bætist við:

„**21.A.9 Aðgangur og rannsókn**

Einstaklingur eða lögaðili, sem er handhafi eða hefur sótt um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, ETSO-heimild, samþykki fyrir breytingu á hönnun eða viðgerð, lofthæfivottorð, hljóðstigsvottorð, flugleyfi, samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki, samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki eða staðfestingu á samkomulagi samkvæmt þessari reglugerð, skal:

a) veita lögbæru yfirvaldi aðgang að öllum starfstöðvum, framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, skjölum, skrám, gögnum, ferlum, verklagsreglum eða öðru efni til að rýna allar tilkynningar, framkvæma allar skoðanir eða framkvæma eða vera vitni að sérhverju flugi og prófun á jörðu niðri, eins og nauðsyn krefur, til að sannreyna upphaflega og áframhaldandi hlítni fyrirtækisins við viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar,

b) gera ráðstafanir til að tryggja að lögbært yfirvald hafi aðgang, eins og kveðið er á um í a-lið, einnig að því er varðar samstarfsaðila, birgja og undirverktaka einstaklingsins eða lögaðilans.“

6) Í stað a-liðar í 21.A.44 kemur eftirfarandi:

„a) takast á hendur skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.5, 21.A.6, 21.A.7, 21.A.9, 21.A.62 og 21.A.65, og skal í þeim tilgangi uppfylla áfram hæfiskröfur til að vera gjaldgengur skv. 21.A.13,“.

7) Í stað 21.A.47 kemur eftirfarandi:

„**21.A.47 Framsalshæfi**

Einungis er heimilt að framselja tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð eða ETSO-heimild fyrir aukaaflstöð einstaklingi eða lögaðila sem getur tekist á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21.A.44 og hefur í þeim tilgangi sýnt fram á getu sína í samræmi við 21.A.14.“

8) Í stað a-liðar í 21.A.109 kemur eftirfarandi:

„a) takast á hendur skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 21.A.4, 21.A.5, 21.A.6, 21.A.7, 21.A.9 og 21.A.108,“.

9) Í stað 1. liðar a-liðar í 21.A.118A kemur eftirfarandi:

„1. sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.5, 21.A.6, 21.A.7, 21.A.9 og 21.A.120B,“.

10) Eftirfarandi liður 21.A.124A bætist við:

„**21.A.124A Aðferðir til að uppfylla kröfur**

a) Fyrirtæki má beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

b) Ef fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það, áður en til framkvæmda kemur, veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum, sem gætu skipt máli, ásamt útskýringu á því hvernig uppfylla skuli kröfur þessarar reglugerðar.

Fyrirtækið má beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins.“

11) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.A.125A kemur eftirfarandi:

„**21.A.125A** Útgáfa staðfestingar á samkomulagi“.

12) Í stað 21.A.125B kemur eftirfarandi:

„**21.A.125B Frávik og athugasemdir**

a) Eftir móttöku tilkynningarinnar um frávik í samræmi við 21.B.125 skal handhafi staðfestingar á samkomulagi:

1. greina frumorsök eða -orsakir vanefndar gagnvart kröfum og áhrifaþætti þar að lútandi,

2. semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,

3. sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.

b) Aðgerðirnar, sem um getur í a-lið, skulu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem samið var um við lögbæra yfirvaldið í samræmi við 21.B.125.

c) Handhafi staðfestingar á samkomulagi skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda sem berast í samræmi við e-lið 21.B.125. Fyrirtækið skal skrá ákvarðanir sem eru teknar vegna þessara athugasemda.“

13) Í stað 21.A.125C kemur eftirfarandi:

„**21.A.125C Gildistími og áframhaldandi gildi**

a) Staðfesting á samkomulagi skal gefin út með takmörkuðum gildistíma, sem í öllu falli er ekki lengri en eitt ár. Hún skal halda gildi sínu með fyrirvara um að fyrirtækið uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1. framleiðslufyrirtækið heldur áfram að uppfylla viðeigandi kröfur þessa viðauka,

2. framleiðslufyrirtækið eða samstarfsaðilar, birgjar eða undirverktakar þess viðurkenna að lögbæra yfirvaldinu sé heimilt að framkvæma rannsóknir í samræmi við 21.A.9,

3. framleiðslufyrirtækið getur látið lögbæra yfirvaldinu í té sönnunargögn þess efnis að það viðhaldi fullnægjandi eftirliti með framleiðslu framleiðsluvara, hluta og búnaðar samkvæmt staðfestingu á samkomulagi,

4. lögbæra yfirvaldið hefur ekki afturkallað staðfestingu á samkomulagi skv. 21.B.65, framleiðslufyrirtækið hefur ekki lagt hana inn og gildistími hennar er ekki fallin úr gildi.

b) Þegar staðfesting á samkomulagi er lögð inn, afturkölluð eða fellur úr gildi skal henni skilað til lögbæra yfirvaldsins.“

14) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á b-lið 21.A.126:

a) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. að efni og hlutar, sem haldið er eftir vegna þess að þau víkja frá tegundarhönnun eða framleiðsluforskriftum og sem koma til greina til ísetningar í endanlegu framleiðsluvöruna, séu háð samþykktri verklagsreglu um endurskoðun á tækni og framleiðslu. Þau efni og hlutar, sem eru nothæf samkvæmt þessari verklagsreglu, skulu rétt auðkennd og skoðuð á ný ef þörf er á viðgerð eða endurgerð. Merkja skal efni og hluta, sem hafnað er samkvæmt þessari verklagsreglu, og skal þeim fargað til að tryggja að þau séu ekki notuð í endanlegu framleiðsluvöruna.“

b) Ákvæði 6. liðar falla brott.

15) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.129:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„**21.A.129 Skyldur framleiðslufyrirtækisins**“.

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) uppfylla ákvæði A-kafla þessa þáttar.“

c) Ákvæði f-liðar falla brott.

16) Eftirfarandi liður 21.A.134A bætist við:

„**21.A.134A Aðferðir til að uppfylla kröfur**

a) Fyrirtæki má beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

b) Ef fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það, áður en til framkvæmda kemur, veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum, sem gætu skipt máli, ásamt útskýringu á því hvernig uppfylla skuli kröfur þessarar reglugerðar.

Fyrirtækið má beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins.“

17) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.A.135 kemur eftirfarandi:

„**21.A.135 Útgáfa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki**“.

18) Í stað 21.A.139 kemur eftirfarandi:

„**21.A.139 Framleiðslustjórnunarkerfi**

a) Framleiðslufyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda framleiðslustjórnunarkerfi, sem inniheldur öryggisstjórnunarþátt og gæðastjórnunarþátt, með skýrt skilgreinda skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu.

b) Framleiðslustjórnunarkerfi skal:

1. vera í samræmi við stærð fyrirtækisins og eðli starfsemi þess og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu sem fylgir þeirri starfsemi,

2. komið á fót, innleitt og viðhaldið undir beinni ábyrgð eins stjórnanda, sem er tilnefndur skv. 1. lið c-liðar 21.A.145.

c) Sem hluti af öryggisstjórnunarþætti framleiðslustjórnunarkerfisins skal framleiðslufyrirtækið:

1. koma á, framkvæma og viðhalda öryggisstefnu og tengdum öryggismarkmiðum,

2. tilnefna lykilstarfsfólk í samræmi við 2. lið c-liðar 21.A.145,

3. koma á, framkvæma og viðhalda verklagi fyrir stjórnun öryggisáhættu til að greina hættur í tengslum við flugöryggi, í tengslum við starfsemi þess, meta hætturnar og stýra tilheyrandi áhættu, þ.m.t. að grípa til aðgerða til að draga úr henni og staðfesta skilvirkni aðgerðanna,

4. koma á, framkvæma og viðhalda verklagi fyrir fullvissu um öryggi, sem felur í sér:

   i. mælingu og vöktun á öryggisframmistöðu fyrirtækisins,

   ii. breytingastjórnun í samræmi við lið 21.A.147,

   iii. meginreglur um stöðugar úrbætur á öryggisstjórnunarþættinum,

5. stuðla að öryggi hjá fyrirtækinu með:

   i. þjálfun og fræðslu,

   ii. samskiptum,

6. koma á fót tilkynningarkerfi um atvik í samræmi við 21.A.3A til að stuðla að því að auka stöðugt öryggi.

d) Sem hluti af gæðastjórnunarþættinum í framleiðslustjórnunarkerfinu skal framleiðslufyrirtækið:

1. tryggja að hver framleiðsluvara, hluti eða búnaður, sem fyrirtækið eða samstarfsaðilar þess framleiðir, eða sem utanaðkomandi aðili útvegar eða er framleiddur hjá undirverktökum, samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi, og gerir þannig kleift að neyta réttindanna sem sett eru fram í 21.A.163,

2. koma á fót, framkvæma og viðhalda, eftir því sem við á, innan gildissviðs samþykkisins, eftirlitsaðferðum varðandi:

   i. útgáfu, samþykki eða breytingu skjala,

   ii. úttekt á og eftirlit með mati á seljanda og undirverktaka,

   iii. sannprófun á því að framleiðsluvörur, hlutar, efni og búnaður sem kemur inn, þ.m.t. einingar sem koma nýjar eða notaðar frá kaupendum framleiðsluvara, séu eins og tilgreint er í viðeigandi hönnunargögnum,

   iv. auðkenningu og rekjanleika,

   v. framleiðsluferli,

   vi. skoðun og prófun, þ.m.t. flugprófanir á framleiðslustigi,

   vii. kvörðun verkfæra, sniðmáta og prófunarbúnaðar,

   viii. eftirlit með einingum sem samræmast ekki ákvæðum,

   ix. samræmingu lofthæfi með umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir hönnun,

   x. vinnslu og varðveislu á skrám,

   xi. hæfni og réttindi starfsfólks,

   xii. útgáfu lofthæfiskjala (e. *airworthiness release documents*),

   xiii. meðhöndlun, geymslu og pökkun,

   xiv. innri gæðaúttektir og úrbætur sem þær leiða til,

   xv. vinnu samkvæmt skilmálum samþykkis sem fer ekki fram í samþykktri aðstöðu,

   xvi. vinnu eftir að framleiðslu er lokið en áður en afhending fer fram til að halda loftfarinu í öruggu rekstrarástandi.

   xvii. útgáfu flugleyfis og samþykkis tengdra skilyrða til flugs,

3. hafa sértæk ákvæði í eftirlitsaðferðunum fyrir alla þýðingarmikla hluti.

e) Framleiðslufyrirtækið skal, sem hluti af framleiðslustjórnunarkerfinu, koma á fót óháðri vöktun til að sannprófa að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur þessa viðauka og að framleiðslustjórnunarkerfinu sé fylgt og að kerfið sé fullnægjandi. Fólgið í þessari vöktun skal vera endurgjöf til þess einstaklings eða hóps einstaklinga, sem um getur í 2. lið c-liðar 21.A.145, og að lokum til ábyrgðarmannsins, sem um getur í 1. lið c-liðar 21.A.145, til að tryggja framkvæmd aðgerða til úrbóta, ef nauðsyn krefur.

f) Ef framleiðslufyrirtækið hefur eitt eða fleiri fyrirtækjavottorð til viðbótar, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139, má samþætta framleiðslustjórnunarkerfið við það kerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum.“

19) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.143:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„**21.A.143 Starfsemislýsing framleiðslufyrirtækis**“.

b) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„a) Framleiðslufyrirtækið skal koma á og viðhalda starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækis (POE) sem inniheldur, annaðhvort beint eða með millivísun, eftirfarandi upplýsingar sem tengjast framleiðslustjórnunarkerfinu, eins og lýst er í 21.A.139:“

ii. Í stað 11. liðar kemur eftirfarandi:

„11. Lýsing á framleiðslustjórnunarkerfinu, stefnunni, ferlunum og verklagsreglunum, eins og kveðið er á um í c-lið 21.A.139.“

iii. Í stað 12. liðar kemur eftirfarandi:

„12. Skrá yfir þá utanaðkomandi aðila sem um getur í 1.lið d-liðar 21.A.139.“

c) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Lögbært yfirvald skal samþykkja fyrstu útgáfuna af starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækis.“

d) Eftirfarandi c-liður bætist við:

„c) Breyta skal starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins eftir þörfum til að hún sé jafnan uppfærð lýsing á fyrirtækinu. Lögbært yfirvald skal fá afrit af öllum breytingum.“

20) Í stað 21.A.145 kemur eftirfarandi:

„**21.A.145 Aðföng**

Framleiðslufyrirtækið skal sýna fram á:

a) að aðstaða, vinnuskilyrði, búnaður og verkfæri, vinnsluferli og tilheyrandi efni, fjöldi og hæfi starfsfólks og almennt skipulag nægi til að inna af hendi skyldur skv. 21.A.165,

b) að því er varðar öll nauðsynleg gögn um lofthæfi og umhverfisvernd:

1. að framleiðslufyrirtækið hafi öll þau gögn sem það þarf til að ákvarða samræmi við viðeigandi hönnunargögn; slík gögn geta komið frá Flugöryggisstofnuninni og frá handhafa eða umsækjanda um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð eða samþykki fyrir hönnun, og geta falið í sér allar undanþágur sem veittar eru frá kröfunum um umhverfisvernd,

2. að tekin hafi verið upp tiltekin verklagsregla hjá framleiðslufyrirtækinu til að tryggja að gögn um lofthæfi og umhverfisvernd séu felld inn með réttum hætti í framleiðslugögn þess,

3. að slík gögn séu jafnan uppfærð og tiltæk öllu starfsfólki sem þarf að hafa aðgang að slíkum gögnum til að sinna skyldustörfum sínum,

c) að því er varðar stjórnendur og starfsfólk:

1. að framleiðslufyrirtækið hafi tilnefnt ábyrgðarmann, sem er með umboð til að tryggja að öll framleiðsla innan fyrirtækisins fari fram í samræmi við tilskildar kröfur og að framleiðslufyrirtækið starfi að jafnaði í samræmi við framleiðslustjórnunarkerfið sem um getur í 21.A.139 og þau gögn og verklagsreglur sem tilgreind eru í starfsemislýsingunni sem um getur í 21.A.143,

2. að ábyrgðarmaðurinn hafi tilnefnt einstakling eða hóp einstaklinga til að tryggja að fyrirtækið hlíti kröfum þessa viðauka, og að þeir séu nafngreindir og umfang heimilda þeirra tilgreint; slíkur einstaklingur eða hópur einstaklinga skulu bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum og hafa beinan aðgang að honum. Slíkur einstaklingur eða hópur skulu búa yfir viðeigandi kunnáttu, starfsferil og reynslu til að inna af hendi skyldustörf sín,

3. að starfsfólki á öllum stigum hafi verið gefið viðeigandi heimild til að sinna þeirri ábyrgð sem því er falið og að það sé full og skilvirk samræming innan framleiðslufyrirtækisins að því er varðar mál sem tengjast gögnum um lofthæfi og umhverfisverndarmál,

d) að því er varðar viðhaldsvotta, sem hafa heimild frá framleiðslufyrirtækinu til að undirrita skjöl sem gefin eru út skv. 21.A.163 innan gildissviðs skilmála samþykkis:

1. að þeir hafi viðeigandi kunnáttu, starfsferil (þ.m.t. önnur hlutverk hjá fyrirtækinu) og reynslu til að þeir sinnt þeirri ábyrgð sem þeim er falin,

2. að þeir fái í hendur gögn sem sýna fram á gildissvið heimildar þeirra.“

21) Í stað 21.A.147 kemur eftirfarandi:

„**21.A.147 Breytingar á framleiðslustjórnunarkerfinu**

Eftir útgáfu samþykkisvottorðs fyrir framleiðslufyrirtæki skal sérhver breyting á framleiðslustjórnunarkerfinu, sem er þýðingarmikil þegar kemur að því að sýna fram á samræmi eða lofthæfi og umhverfisverndareiginleika framleiðsluvörunnar, hlutarins eða búnaðarins, hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins áður en er henni er hrint í framkvæmd. Framleiðslufyrirtækið skal leggja fyrir lögbæra yfirvaldið umsókn um samþykki til að sýna fram á að það muni áfram fara að ákvæðum þessa viðauka.“

22) Liður 21.A.157 fellur brott.

23) Í stað 21.A.158 kemur eftirfarandi:

„**21.A.158 Frávik og athugasemdir**

a) Eftir móttöku tilkynningarinnar um frávik í samræmi við 21.B.225 skal handhafi samþykkisvottorðs fyrir framleiðslufyrirtæki:

1. greina frumorsök eða -orsakir vanefndar gagnvart kröfum og áhrifaþætti þar að lútandi,

2. semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,

3. sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.

b) Aðgerðirnar, sem um getur í a-lið, skulu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem samið var um við lögbæra yfirvaldið í samræmi við 21.B.225.

c) Handhafi samþykkisvottorðs fyrir framleiðslufyrirtæki skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda sem berast í samræmi við e-lið 21.B.225. Fyrirtækið skal skrá ákvarðanir sem eru teknar vegna þessara athugasemda.“

24) Í stað 21.A.159 kemur eftirfarandi:

„**21.A.159 Gildistími og áframhaldandi gildi**

a) Samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Það skal halda gildi sínu með fyrirvara um að framleiðslufyrirtækið uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1. framleiðslufyrirtækið heldur áfram að uppfylla viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar,

2. lögbæra yfirvaldið hefur leyfi frá framleiðslufyrirtækinu eða samstarfsaðilum sínum, birgjum eða undirverktökum til að framkvæma rannsóknirnar í samræmi við 21.A.9,

3. framleiðslufyrirtækið getur látið lögbæra yfirvaldinu í té sönnunargögn þess efnis að það viðhaldi fullnægjandi eftirliti með framleiðslu framleiðsluvara, hluta og búnaðar samkvæmt samþykkinu,

4. lögbæra yfirvaldið hefur ekki afturkallað samþykkisvottorðið fyrir framleiðslufyrirtæki skv. 21.B.65 eða framleiðslufyrirtækið hefur ekki lagt það inn.

b) Þegar samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.“

25) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.165:

a) Í stað d- til h-liðar kemur eftirfarandi:

„d) skal veita handhafa tegundarvottorðs eða annars hönnunarsamþykkis aðstoð til að takast á við aðgerðir vegna áframhaldandi lofthæfis í tengslum við framleiðsluvörurnar, hlutana eða búnaðinn sem hefur verið framleiddur,

e) þegar handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki gefur út viðhaldsvottorð samkvæmt skilmálum samþykkis síns, skal, áður en vottorðið er gefið út, ganga úr skugga um að nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á viðkomandi fullgerðu loftfari og að það sé í öruggu rekstrarástandi,

f) skal, þar sem við á, samkvæmt réttindum sem eru sett fram í e-lið 21.A.163, ákvarða skilyrðin fyrir útgáfu flugleyfis,

g) skal, þar sem við á, samkvæmt réttindum sem eru sett fram í e-lið 21.A.163, tryggja samræmi við c- og e-lið 21.A.711 áður en flugleyfi er gefið út fyrir loftfar,

h) uppfylla ákvæði A-kafla þessa þáttar.“

b) Ákvæði i-, j- og k-liðar falla brott.

26) Liður 21.A.180 fellur brott.

27) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið 21.A.181:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„a) Lofthæfivottorð skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Það skal halda gildi sínu með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

b) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. að loftfarið haldi áfram að uppfylla viðeigandi kröfur um tegundarhönnun og áframhaldandi lofthæfi og“.

c) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. að lögbært yfirvald hafi ekki afturkallað vottorðið skv. 21.B.65 eða að handhafi vottorðsins hafi ekki lagt það inn.“

28) Liður 21.A.210 fellur brott.

29) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið 21.A.211:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„a) Hljóðstigsvottorð skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Það skal halda gildi sínu með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

b) Í stað 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„1. að loftfarið haldi áfram að uppfylla viðeigandi kröfur um tegundarhönnun og áframhaldandi lofthæfi og“.

c) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. að lögbært yfirvald hafi ekki afturkallað vottorðið skv. 21.B.65 eða að handhafi vottorðsins hafi ekki lagt það inn.“

30) Í stað 21.A.239 kemur eftirfarandi:

„**21.A.239 Hönnunarstjórnunarkerfi**

a) Hönnunarfyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda hönnunarstjórnunarkerfi, sem inniheldur öryggisstjórnunarþátt og hönnunartryggingarþátt, með skýrt skilgreinda skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu.

b) Hönnunarstjórnunarkerfi skal:

1. vera í samræmi við stærð fyrirtækisins og eðli starfsemi þess og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættunnar og tilheyrandi áhættu sem eðlilega fylgir þeirri starfsemi,

2. komið á fót, innleitt og viðhaldið undir ábyrgð eins stjórnanda, sem er tilnefndur skv. a-lið 21.A.245.

c) Sem hluti af öryggisstjórnunarþætti hönnunarstjórnunarkerfisins skal hönnunarfyrirtækið:

1. koma á, framkvæma og viðhalda öryggisstefnu og tengdum öryggismarkmiðum,

2. tilnefna lykilstarfsfólk í samræmi við b-lið 21.A.245,

3. koma á, framkvæma og viðhalda verklagi fyrir stjórnun öryggisáhættu sem felur í sér að greina hættur í tengslum við flugöryggi, að því er varðar starfsemi þess, meta hætturnar og stýra tilheyrandi áhættu, þ.m.t. að grípa til aðgerða til að draga úr henni og staðfesta skilvirkni aðgerðanna,

4. koma á, framkvæma og viðhalda verklagi fyrir fullvissu um öryggi, sem felur í sér:

i. mælingu og vöktun á öryggisframmistöðu fyrirtækisins,

ii. breytingastjórnun í samræmi við c-lið 21.A.243 og lið 21.A.247,

iii. meginreglur um stöðugar úrbætur á öryggisstjórnunarþættinum,

5. stuðla að öryggi hjá fyrirtækinu með:

i. þjálfun og fræðslu,

ii. samskiptum,

6. koma á fót tilkynningarkerfi um atvik í samræmi við 21.A.3A til að stuðla að því að auka stöðugt öryggi.

d) Sem hluti af hönnunartryggingarþætti hönnunarstjórnunarkerfisins skal hönnunarfyrirtækifyrirtækið:

1. koma á fót, innleiða og viðhalda kerfi fyrir eftirlit og umsjón með hönnun sem og með hönnunarbreytingum og viðgerðum á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem falla undir skilmála samþykkisins; þetta kerfi skal:

i. ná yfir lofthæfiaðgerð sem felur í sér að tryggja að hönnun framleiðsluvara, hluta og búnaðar, eða hönnunarbreytingar og viðgerðir á þeim, sé í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur varðandi umhverfisvernd,

ii. tryggja að hönnunarfyrirtækið ræki skyldur sínar á tilhlýðilegan hátt í samræmi við þennan viðauka og skilmála samþykkis sem eru gefnir út skv. 21.A.251,

2. koma á fót, framkvæma og viðhalda óháðri sannprófun, sem liggur til grundvallar því að hönnunarfyrirtækið sýni fram á samræmi við gildandi kröfur varðandi lofthæfi, gögn um örugga starfrækslu og umhverfisvernd,

3. tilgreina á hvern hátt hönnunarstjórnunarkerfið tryggir að unnt sé að samþykkja þá hluta eða búnað, sem hannaður er, eða þau verkefni, sem samstarfsaðilar eða undirverktakar vinna, og skulu um það gilda aðferðir sem byggjast á skriflegum verklagsreglum.

e) Hönnunarstjórnunarfyrirtækið skal, sem hluti af hönnunarstjórnunarkerfinu, koma á fót óháðri vöktun til að sannprófa að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur þessa viðauka og að hönnunarstjórnunarkerfinu sé fylgt og að kerfið sé fullnægjandi. Fólgið í þessari vöktun skal vera endurgjöf til þess einstaklings eða hóps einstaklinga, sem um getur í b-lið 21.A.245, og að lokum til ábyrgðarmannsins, sem um getur í a-lið 21.A.245, til að tryggja framkvæmd aðgerða til úrbóta, ef nauðsyn krefur.

f) Ef hönnunarfyrirtækið hefur eitt eða fleiri fyrirtækjavottorð til viðbótar, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139, má samþætta hönnunarstjórnunarkerfið við það kerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum.“

31) Í stað 21.A.243 kemur eftirfarandi:

„**21.A.243 Handbók**

a) Sem hluti af hönnunarstjórnunarkerfinu skal hönnunarfyrirtækið útbúa og láta Flugöryggisstofnuninni í té handbók sem lýsir, beint eða með millivísunum, fyrirtækinu, viðeigandi stefnum, ferlum og verklagsreglum þess, tegundum hönnunar og þeim flokkum framleiðsluvara, hluta og búnaðar sem samþykki fyrir hönnunarfyrirtækinu nær yfir, í samræmi við skilmála samþykkis, sem gefnir eru út skv. 21.A.251, og, ef við á, tengingu við samstarfsaðila þess eða undirverktaka og eftirlit með þeim.

Ef framkvæma á flugprófanir skal setja saman og afhenda Flugöryggisstofnuninni rekstrarhandbók um flugprófanir þar sem skilgreind eru stefnumál og verklagsreglur fyrirtækisins að því er flugprófanir varðar. Rekstrarhandbókin fyrir flugprófanir skal innihalda:

1. lýsingu á ferlum fyrirtækisins varðandi flugprófanir, þ.m.t. aðild þess að útgáfuferli flugleyfa,

2. lýsingu á starfsmannastefnu við ráðningu áhafnar, þ.m.t. samsetningu, hæfni, reynslu og fartímamörkum, í samræmi við XII. viðbæti, eftir atvikum,

3. ferli varðandi flutning annarra einstaklinga en flugverja og varðandi reynsluflugsþjálfun, eftir atvikum,

4. stefnu um áhættu- og öryggisstjórnun og tilheyrandi aðferðir,

5. aðferðir til að auðkenna mælitækin og búnaðinn um borð,

6. skrá yfir skjöl sem útbúa þarf í tengslum við flugprófanir.

b) Þegar samstarfsfyrirtæki eða undirverktaki hannar hluta, búnað eða breytingar á framleiðsluvörum skal handbókin innihalda yfirlýsingu um hvernig hönnunarfyrirtækið getur sýnt fram á að allir hlutar og búnaður uppfylli kröfur 2. liðar d-liðar 21.A.239 og skal hún innihalda, annaðhvort beint eða með millivísunum, lýsingar og upplýsingar um hönnunarstarfsemina og skipulagningu þessara samstarfsaðila eða undirverktaka, eftir því sem nauðsynlegt er til að semja þessa yfirlýsingu.

c) Breyta skal handbókinni eftir þörfum til að hún sé jafnan uppfærð lýsing á fyrirtækinu og skal Flugöryggisstofnunin fá afrit af öllum breytingum.

d) Hönnunarfyrirtækið skal semja og viðhalda yfirlýsingu um réttindi og reynslu starfsfólks í stjórnunarstöðum og annarra sem bera ábyrgð á töku ákvarðana í fyrirtækinu sem hafa áhrif á lofthæfi, gögn um örugga starfrækslu og umhverfisvernd. Hönnunarfyrirtækið skal leggja yfirlýsinguna fyrir lögbæra yfirvaldið.“

32) Í stað 21.A.245 kemur eftirfarandi:

„**21.A.245 Aðföng**

a) Fyrirtækið skal tilnefna yfirmann hönnunarfyrirtækisins sem hefur vald til að tryggja, innan fyrirtækisins, að öll hönnunarstörf séu framkvæmd í samræmi við tilskilda staðla og að hönnunarfyrirtækið starfi að jafnaði í samræmi við kröfur hönnunarstjórnunarkerfisins sem um getur í 21.A.239 og þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbókinni sem um getur í 21.A.243.

b) Yfirmaður hönnunarfyrirtækisins skal tilnefna og tilgreina umfang heimilda:

1. yfirmanns lofthæfiaðgerðarinnar,

2. yfirmanns óháðrar vöktunar,

3. með hliðsjón af stærð fyrirtækisins og eðli og flækjustigi starfseminnar, sérhvers annars einstaklings eða hóps einstaklinga sem krafist er til að tryggja að fyrirtækið uppfylli kröfurnar í þessum viðauka.

c) Þrátt fyrir 1. lið b-liðar 21.A.245 má lofthæfiaðgerðin, sem um getur í i. lið 1. liðar d-liðar í 21.A.239, fara fram undir beinu eftirliti yfirmanns hönnunarfyrirtækisins í öðru hvoru eftirfarandi tilvika:

1. ef umfang verkefna/starfsemi hönnunarfyrirtækisins, eins og tilgreint er í skilmálum samþykkis sem gefnir eru út skv. 21.A.251, takmarkast við minni háttar breytingar og/eða minni háttar viðgerðir,

2. í takmarkaðan tíma þegar hönnunarfyrirtækið hefur ekki tilnefnt yfirmann lofthæfiaðgerðarinnar og framkvæmd hennar, undir beinu eftirliti yfirmanns hönnunarfyrirtækisins, er í réttu hlutfalli við umfang og eðli starfsemi fyrirtækisins.

d) Sá einstaklingur eða hópur einstaklinga sem tilnefndir eru skv. b-lið skulu:

1. vera ábyrgir gagnvart yfirmanni hönnunarfyrirtækisins og hafa beinan aðgang að honum,

2. hafa viðeigandi kunnáttu, starfsferil og reynslu til að inna af hendi skyldustörf sín.

e) Hönnunarfyrirtækið skal tryggja:

1. að starfsfólk í öllum tæknideildum sé nægilega margt og hafi nægilega reynslu og hafi viðeigandi heimildir til að sinna þeirri ábyrgð sem því er falin og að þessi skilyrði, og að aðstaða, búnaður og húsnæði geri því kleift að uppfylla kröfur varðandi lofthæfi, gögn um örugga starfrækslu og umhverfisvernd, að því er varðar framleiðsluvöruna,

2. að full og skilvirk samræming sé milli deilda og innan deilda að því er varðar málefni sem tengjast lofthæfi, gögnum um örugga starfrækslu og umhverfisvernd.“

33) Í stað 21.A.247 kemur eftirfarandi:

„**21.A.247 Breytingar á hönnunarstjórnunarkerfinu**

Eftir útgáfu samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal sérhver breyting á hönnunarstjórnunarkerfinu, sem er þýðingarmikil þegar kemur að því að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar eða sýna fram á lofthæfi, örugga starfrækslu og umhverfisvernd að því er varðar framleiðsluvöruna, hlutann eða búnaðinn, hljóta samþykki Flugöryggisstofnunarinnar áður en henni er hrint í framkvæmd. Hönnunarfyrirtækið skal leggja umsókn um samþykki fyrir Flugöryggisstofnunina þar sem sýnt er fram á, á grundvelli fyrirhugaðra breytinga á handbókinni, að það muni áfram uppfylla ákvæði þessa viðauka.“

34) Liður 21.A.257 fellur brott.

35) Í stað 21.A.258 kemur eftirfarandi:

„**21.A.258 Frávik og athugasemdir**

a) Eftir móttöku tilkynningarinnar um frávik í samræmi við 21.B.433 skal handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki:

1. greina frumorsök eða -orsakir vanefndar gagnvart kröfum og áhrifaþætti þar að lútandi,

2. koma á fót áætlun um aðgerðir til úrbóta,

3. sýna Flugöryggisstofnuninni fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.

b) Aðgerðirnar, sem um getur í a-lið, skulu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem samið var um við Flugöryggisstofnunina í samræmi við 21.B.433.

c) Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda sem berast í samræmi við e-lið 21.B.433. Fyrirtækið skal skrá ákvarðanir sem eru teknar vegna þessara athugasemda.“

36) Í stað 21.A.259 kemur eftirfarandi:

„**21.A.259 Gildistími og áframhaldandi gildi**

a) Samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Það skal halda gildi sínu með fyrirvara um að hönnunarfyrirtækið uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1. hönnunarfyrirtækið heldur áfram að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, að teknu tilliti til ákvæða 21.B.433 í þessum viðauka í tengslum við meðhöndlun frávika,

2. handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki eða samstarfsaðilar eða undirverktakar þess viðurkennir að lögbæra yfirvaldinu sé heimilt að framkvæma rannsóknir í samræmi við 21.A.9,

3. hönnunarfyrirtækið getur látið Flugöryggistofnuninni í té sönnunargögn þess efnis að hönnunarstjórnunarkerfi fyrirtækisins viðhaldi fullnægjandi eftirliti og umsjón með hönnun framleiðsluvara og viðgerðum og breytingum á þeim samkvæmt samþykkinu,

4. Flugöryggisstofnunin hefur ekki afturkallað vottorðið skv. 21.B.65 eða hönnunarfyrirtækið hefur ekki lagt það inn.

b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.“

37) Í stað inngangsorðanna í c-lið 21.A.263 kemur eftirfarandi:

„c) Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal, innan gildissviðs skilmála samþykkis, sem er gefið út í samræmi við 21.A.251, og samkvæmt viðeigandi verklagsreglum hönnunarstjórnunarkerfisins, hafa rétt til:“.

38) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.265:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) ákvarða hvort hönnun framleiðsluvara eða breytingar eða viðgerðir á þeim uppfylli viðeigandi tegundarvottunargrunn, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd og séu á engan hátt óöruggar,“.

b) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) tilgreina gögn og upplýsingar, sem gefnar eru út með samþykki samþykkta hönnunarfyrirtækisins innan gildissviðs skilmála samþykkis, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað með eftirfarandi yfirlýsingu: „Tæknilegt inntak þessa skjals er samþykkt samkvæmt heimild samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki nr. [EASA].21J.[XXXX],“.

c) Eftirfarandi i-lið er bætt við:

„i) uppfylla ákvæði A-kafla þessa þáttar.“

39) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.451:

a) Í stað i. liðar 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„i. sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.5, 21.A.6, 21.A.7, 21.A.9, 21.A.439, 21.A.441 og 21.A.443,“.

b) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1. takast á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21.A.4, 21.A.5 og 21.A.7,“.

40) Í stað a-liðar í 21.A.604 kemur eftirfarandi:

„a) Þrátt fyrir 21.A.9, 21.A.603, 21.A.610 og 21.A.621 skulu eftirfarandi liðir gilda: 21.A.15, 21.A.20, 21.A.21, 21.A.31, 21.A.33, 21.A.44, 21.A.47, 21.B.75 og 21.B.80. Hins vegar skal gefa út ETSO-heimild í samræmi við 21.A.606 í stað tegundarvottorðs.“

41) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.609:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) útbúa og viðhalda uppfærðri skrá með heildstæðum tæknigögnum og skrám í samræmi við 21.A.5 fyrir hverja gerð af hverjum hluta/búnaði sem ETSO-heimild hefur verið gefin út fyrir,“.

b) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) uppfylla ákvæði 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4 og 21.A.9,“.

42) Liður 21.A.615 fellur brott.

43) Í stað 21.A.619 kemur eftirfarandi:

„**21.A.619 Gildistími og áframhaldandi gildi**

a) ETSO-heimild skal gefin út með ótakmarkaðan gildistíma. Hún skal halda gildi sínu með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. umsækjandi uppfyllir áfram skilyrðin, sem voru sett þegar ETSO-heimildin var veitt,

2. handhafi ETSO-heimildarinnar uppfyllir áfram skyldurnar sem tilgreindar eru í 21.A.609,

3. handhafi ETSO-heimildarinnar eða samstarfsaðilar, birgjar eða undirverktakar hans viðurkenna að lögbæra yfirvaldinu sé heimilt að framkvæma rannsóknir í samræmi við 21.A.9,

4. sannað hefur verið að hlutur/búnaður, sem samræmist evrópskri tækniforskrift, hefur ekki í för með sér óviðunandi hættu við notkun,

5. Flugöryggisstofnunin hefur ekki afturkallað ETSO-heimildina skv. 21.B.65 eða handhafi þess ekki lagt það inn.

b) Þegar ETSO-heimild er lögð inn eða afturkölluð skal henni skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.“

44) Liður 21.A.705 fellur brott.

45) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.A.711 kemur eftirfarandi:

„**21.A.711 Útgáfa flugleyfis**“.

46) Liður 21.A.721 fellur brott.

47) Í stað a-liðar 21.A.723 kemur eftirfarandi:

„a) Gefa skal út flugleyfi með 12 mánaða gildistíma að hámarki og skal það halda gildi sínu með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. fyrirtækið heldur áfram að uppfylla skilyrðin og takmarkanirnar sem tengjast flugleyfinu, eins og sett er fram í e-lið 21.A.711,

2. handhafi flugleyfisins eða samstarfsaðilar, birgjar eða undirverktakar hans viðurkenna að lögbæra yfirvaldinu sé heimilt að framkvæma rannsóknir í samræmi við 21.A.9,

3. lögbæra yfirvaldið hefur ekki afturkallað flugleyfið skv. 21.B.65 eða handhafi þess ekki lagt það inn,

4. loftfarið er áfram á sömu skrá.“

48) Liður 21.A.729 fellur brott.

49) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.B.103 kemur eftirfarandi:

„**21.B.103 Útgáfa tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs**“.

50) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.B.107 kemur eftirfarandi:

„**21.B.107 Útgáfa samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði**“.

51) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.B.111 kemur eftirfarandi:

„**21.B.111 Útgáfa viðbótartegundarvottorðs**“.

52) Liður 21.B.150 fellur brott.

53) Liður 21.B.260 fellur brott.

54) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.B.425 kemur eftirfarandi:

„**21.B.425 Útgáfa hljóðstigsvottorða**“.

55) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.B.453 kemur eftirfarandi:

„**21.B.453 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar**“.

56) Liðir 21.B.430 og 21.B.445 falla brott.

57) Í stað J-kafla í B-þætti kemur eftirfarandi:

„**J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI**

21.B.430 Upphafsferli vegna vottunar

a) Við móttöku umsóknar um fyrstu útgáfu samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að umsækjandinn uppfylli viðeigandi kröfur.

b) Boða skal til fundar með yfirmanni hönnunarfyrirtækisins a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna fyrstu vottunar fer fram til að tryggja að viðkomandi skilji til fulls hlutverk sitt og ábyrgðarskyldu.

c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem eru gefin út, sem og allar aðgerðir til úrbóta og tilmæli vegna útgáfu samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki.

d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta skriflega við umsækjandann öll frávik sem komu í ljós við sannprófunina. Þegar um er að ræða fyrstu vottun þarf fyrirtækið að ráða bót á öllum frávikum með fullnægjandi hætti að mati lögbæra yfirvaldsins áður er hægt er að gefa út samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki.

e) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að umsækjandinn uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki.

f) Tilvísunarnúmer vottorðsins skal koma fram á samþykkinu fyrir hönnunarfyrirtæki á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

g) Vottorðið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi og umfang starfseminnar, sem hönnunarfyrirtækið hefur heimild til að annast, þ.m.t. allar takmarkanir eftir því sem við á, skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins sem fylgja samþykkinu fyrir hönnunarfyrirtæki.

21.B.431 Meginreglur um eftirlit

Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa hvort vottuð fyrirtæki haldi áfram að uppfylla viðeigandi kröfur.

a) Sannprófunin skal:

1. studd skjölum, sem einkum er ætlað að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti, um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2. veita hlutaðeigandi fyrirtækjum niðurstöður úr eftirlitsstarfseminni,

3. byggð á mati, úttektum og skoðunum og, ef þörf er á, fyrirvaralausum skoðunum,

4. útvega lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í 21.B.433.

b) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða umfang eftirlitsins, sem um getur a-lið, að teknu tilliti til niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og til forgangsröðunar í öryggismálum.

c) Lögbæra yfirvaldið skal safna saman og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að framkvæma eftirlit.

21.B.432 Eftirlitsáætlun

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun, sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem krafist er til að uppfylla kröfur a-liðar 21.B.431.

b) Í eftirlitsáætluninni skal tillit tekið til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er, niðurstaðna úr fyrri vottunar- og/eða eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:

1. mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t., eftir því sem við á:

i. mat á stjórnunarkerfum og úttektir á ferlum,

ii. vöruúttektir á viðeigandi úrtaki af hönnun og vottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar, sem falla undir verksvið fyrirtækisins,

iii. úrtakskönnun á framkvæmdu verki,

iv. fyrirvaralausar eftirlitsúttektir,

2. fundi sem boðaðir eru á milli yfirmanns hönnunarfyrirtækisins og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um öll mikilvæg atriði.

c) Eftirlitslotan skal ekki vera lengri en 24 mánuðir.

d) Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotuna að hámarki í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

1. að fyrirtækið hafi sýnt fram á að það geti með skilvirkum hætti greint hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,

2. að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á að það uppfylli ákvæði 21.A.247 og að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum á hönnunarstjórnunarkerfinu,

3. að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,

4. að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, eins og kveðið er á um í d-lið 21.B.433.

Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotu aftur að hámarki í 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við skilyrðin í 1.–4. lið d-liðar, komið á fót skilvirku kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs og lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt þetta kerfi.

e) Stytta má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.

f) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir þær dagsetningar sem mat, úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram á og hvenær slíkt mat, úttektir, skoðanir og fundir fóru í raun fram.

g) Við lok hverrar eftirlitslotu skal lögbæra yfirvaldið gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á samþykki.

21.B.433 Frávik og aðgerðir til úrbóta, athugasemdir

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa innleitt kerfi til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar í ljós kemur vanefnd gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða gagnvart vottorði hönnunarfyrirtækisins þ.m.t. skilmálum samþykkis, sem gæti leitt til óstýrðra vanefnda og hugsanlega ótryggs ástands.

Fyrsta stigs frávik skal einnig ná yfir eftirfarandi:

1. að láta hjá líða að veita lögbæra yfirvaldinu aðgang að aðstöðu fyrirtækisins, eins og um getur í 21.A.9, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

2. þegar samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skrifleg gögn,

3. gögn um misferli eða sviksamlega notkun á samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki,

4. vanrækslu við að tilnefna yfirmann hönnunarfyrirtækis skv. a-lið 21.A.245.

c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út annars stigs frávik þegar í ljós koma vanefndir gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða gagnvart vottorðinu, þ.m.t. skilmálum samþykkis, sem flokkast ekki sem fyrsta stigs frávik.

d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers kyns viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, senda fyrirtækinu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim vanefndum sem komu í ljós. Ef fyrsta stigs frávik tengist framleiðsluvöru beint skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem loftfarið er skráð.

1. Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita fyrirtækinu frest til að framkvæma aðgerðir til úrbóta sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins og má þessi frestur ekki vera lengri en 21 virkur dagur; fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávikið til fyrirtækisins þar sem krafist er aðgerða til úrbóta til að bregðast við þeim vanefndum sem komu í ljós,

ii. meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem fyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef yfirvaldið metur það svo að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum,

iii. ef fyrirtækið leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi fyrirtækisins sem á í hlut og, ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að gera aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti.

2. Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinu sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó aldrei lengri í upphafi en þrír mánuðir. Fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávikið þar sem krafist er aðgerða til úrbóta; við lok þessa tímabils og með hliðsjón af eðli fráviksins er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður að því tilskildu að lögð hafi verið fram áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,

ii. meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem fyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum,

iii. ef fyrirtækið leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

e) Ef hvorki er um að ræða fyrsta né annars stigs frávik er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir vegna einhverra eftirfarandi tilvika:

1. fyrir hverja einingu sem hefur verið metin óskilvirk,

2. þegar í ljós kemur að eining getur hugsanlega orsakað vanefnd gagnvart kröfum skv. b- eða c-lið,

3. þegar tillögur eða úrbætur skipta máli fyrir heildaröryggisframmistöðu fyrirtækisins.

Athugasemdirnar, sem eru lagðar fram samkvæmt þessum lið, skulu tilkynntar fyrirtækinu skriflega og skráðar af lögbæru yfirvaldi.

21.B.435 Breytingar á hönnunarstjórnunarkerfinu

a) Við móttöku umsóknar um umtalsverða breytingu á hönnunarstjórnunarkerfinu skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, áður en samþykkið er gefið út.

b) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða með hvaða skilyrðum fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella þurfi samþykkið fyrir hönnunarfyrirtæki úr gildi.

c) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar skal það samþykkja breytinguna.

d) Með fyrirvara um frekari framfylgdarráðstafanir skal lögbæra yfirvaldið meta hvort fella þurfi tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð fyrirtækisins ef fyrirtækið gerir verulegar breytingar á hönnunarstjórnunarkerfinu án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins skv. c-lið.

e) Að því er varðar óverulegar breytingar á hönnunarstjórnunarkerfinu skal lögbæra yfirvaldið gera rýni slíkra breytinga að hluta af samfelldu eftirliti sínu í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 21.B.431. Ef vanefndir gagnvart kröfum koma í ljós skal lögbæra yfirvaldið tilkynna fyrirtækinu þar um, fara fram á frekari breytingar og fara eftir ákvæðum 21.B.433.“

58) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.B.453 kemur eftirfarandi:

„**21.B.453 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar**“.

59) Í stað fyrirsagnarinnar í 21.B.480 kemur eftirfarandi:

„**21.B.480 Útgáfa ETSO-heimildar**“.

60) Í stað VIII. viðbætis kemur eftirfarandi:

„VIII. viðbætir

Samræmisyfirlýsing fyrir loftfar — EASA-eyðublað nr. 52

SAMRÆMISYFIRLÝSING FYRIR LOFTFAR		
1. Framleiðsluríki	2. [AÐILDARRÍKI] (1) Aðildarríki Evrópusambandsins (2)	3. Tilvísunarnúmer yfirlýsingar:
4. Fyrirtæki		
5. Tegund loftfars	6. Tilvísunarnúmer tegundarvottorðs:	
7. Skráning eða merki loftfars	8. Auðkenninúmer framleiðanda:	
9. Nákvæmar upplýsingar um hreyfil/skrúfu (3)		
10. Breytingar og/eða þjónustuleiðbeiningar (3)		
11. Lofthæfifyrirmæli		
12. Sérleyfi		
13. Undanþágur, eftirgjöf eða frávik frá reglum (3)		
14. Athugasemdir		
15. Lofthæfivottorð		
16. Viðbótarkröfur		
17. Samræmisyfirlýsing Hér með vottast að þetta loftfar er í fullu samræmi við tegundarvottuðu hönnunina og atriðin í 9., 10., 11., 12., og 13. reit. Loftfarið er í öruggu rekstrarástandi. Loftfarið hefur staðist flugprófun.		
18. Undirskrift	19. Heiti	20. Dagsetning (dagur/mánuður/ár)
21. Tilvísunarnúmer samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki		

EASA-eyðublað nr. 52, 3. útgáfa

(1) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(2) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(3) Strika skal yfir það sem á ekki við.

Notkunarleiðbeiningar fyrir „Samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar, EASA-eyðublað nr. 52“

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

1.1. Notkun samræmisyfirlýsingar fyrir loftfar, sem framleiðslufyrirtæki, sem framleiðir samkvæmt F-kafla A-þáttar 21. hluta, gefur út, er lýst í 21.A.130 ásamt tilheyrandi, viðurkenndum aðferðum til að uppfylla kröfur.

1.2. Tilgangurinn með samræmisyfirlýsingu loftfars (EASA-eyðublað nr. 52), sem gefin er út samkvæmt G-kafla A-þáttar 21. hluta, er að gera handhafa viðeigandi samþykkisvottorðs fyrir framleiðslufyrirtæki kleift að neyta þeirra réttinda að afla sérstaks lofthæfivottorðs fyrir loftfar og, sé þess óskað, hljóðstigsvottorðs hjá lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins.

2. ALMENNT

2.1. Form samræmisyfirlýsingarinnar skal vera í samræmi við fyrirmyndina, þ.m.t. númer reitanna og staðsetning hvers reits. Þó má breyta stærð hvers reits eftir því sem hentar fyrir viðkomandi umsókn en ekki að því marki að samræmisyfirlýsingin verði óþekkjanleg. Hafa skal samráð við lögbæra yfirvaldið í vafatilvikum.

2.2. Samræmisyfirlýsing skal annaðhvort vera forprentuð eða tölvugerð en hvort heldur er skal prentun lína og stafa vera skýr og læsileg. Leyfilegt er að forprenta texta í samræmi við meðfylgjandi fyrirmynd en engar aðrar vottunaryfirlýsingar eru leyfðar.

2.3. Fylla má yfirlýsinguna út með því að prenta hana í vél eða tölvu eða handskrifa hana með hástöfum til að auðvelt sé að lesa hana. Nota má ensku og, eftir því sem við á, eitt eða fleiri opinber tungumál útgáfuaðildarríkisins.

2.4. Samþykkta framleiðslufyrirtækið skal varðveita afrit af yfirlýsingunni og öllum fylgiskjölum sem vísað er til.

3. HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR SAMRÆMISYFIRLÝSINGU BER AÐ FYLLA HANA ÚT

3.1. Hver reitur skal fylltur út til að skjalið verði gilt sem yfirlýsing.

3.2. Samræmisyfirlýsingu má ekki gefa út til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkis nema hönnun loftfarsins og framleiðsluvaranna, sem settar eru í það, hafi verið samþykkt.

3.3. Upplýsingarnar, sem krafist er í 9., 10., 11., 12., 13. og 14. reit, mega vera í formi tilvísana í sérstök, auðkennd skjöl, sem framleiðslufyrirtækið varðveitir, nema lögbæra yfirvaldið samþykki annað.

3.4. Þessari samræmisyfirlýsingu er ekki ætlað að ná yfir þær einingar búnaðar sem kann að vera krafist að sé settur í til að fullnægja viðeigandi rekstrarreglum. Hins vegar er heimilt að færa sumar þessara eininga í 10. reit eða í samþykkta tegundarhönnun. Flugrekendur eru því minntir á að þeir bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé að viðeigandi rekstrarreglum að því er varðar þeirra eigin rekstur.

1. reitur Hér skal færa heiti framleiðsluríkis.

2. reitur Lögbæra yfirvaldið sem veitir heimild til að gefa samræmisyfirlýsinguna út.

3. reitur Í þessum reit skal vera einstakt, forprentað raðnúmer vegna eftirlits og rekjanleika yfirlýsingarinnar. Sé um tölvugert skjal að ræða þarf númerið þó ekki að vera forprentað ef tölvan er forrituð til að mynda og prenta einstakt númer.

4. reitur Fullt heiti og heimilisfang fyrirtækisins sem gefur út yfirlýsinguna. Þessi reitur má vera forprentaður. Kennimerki o.s.frv. er leyft ef kennimerkið rúmast innan reitsins.

5. reitur	Fullt tegundarheiti loftfars eins og það er tilgreint í tegundarvottorðinu og á tilheyrandi gagnablaði.
6. reitur	Tilvísunarnúmer og útgáfa tegundarvottorðs loftfarsins sem um er að ræða.
7. reitur	Ef loftfarið er skráð er þetta merki skrásetningarmerkið. Ef loftfarið er ekki skráð skal þetta vera merki sem lögbært yfirvald aðildarríkisins viðurkennir og, ef við á, lögbært yfirvald þriðja lands.
8. reitur	Kenninúmer sem framleiðslufyrirtæki gefur vegna eftirlits og rekjanleika og vöruþjónustu. Þetta númer er stundum kallað „raðnúmer framleiðslufyrirtækis“ eða „númer þess sem annast smíðina“.
9. reitur	Fullt tegundarheiti hreyfils og skrúfu eins og það er tilgreint í tegundarvottorðinu og á tilheyrandi gagnablaði. Kenninúmer framleiðslufyrirtækisins og heimilisfang skal einnig koma fram.
10. reitur	Samþykktar breytingar á skilgreiningu loftfars.
11. reitur	Skrá yfir öll viðeigandi lofthæfifyrirmæli (eða jafngildi þeirra) og samræmisyfirlýsing ásamt lýsingu á aðferðinni við að uppfylla kröfur að því er varðar loftfarið sem um er að ræða, þ.m.t. framleiðsluvörur, ísettir hlutar og búnaður og tæki. Allar framtíðarkröfur varðandi samræmi skulu koma fram.
12. reitur	Samþykkt, óviljandi frávik frá samþykktri tegundarhönnun, stundum kölluð „sérleyfi“, „frávik“ eða „atriði sem samræmast ekki reglum“.
13. reitur	Hér mega aðeins koma fram samþykktar undanþágur, eftirgjöf eða frávik frá reglum.
14. reitur	Athugasemdir. Allar yfirlýsingar, upplýsingar, tiltekin gögn eða takmarkanir sem kunna að hafa áhrif á lofthæfi loftfarsins sem um er að ræða. Ef engar slíkar upplýsingar eða gögn eru gefin skal skrifa „EKKERT“.
15. reitur	Hér skal skrá „lofthæfivottorð“ eða „takmarkað lofthæfivottorð“, eftir því sem við á.
16. reitur	Aðrar kröfur, eins og þær sem innflutningsland leggur fram, skulu færðar í þennan reit.
17. reitur	Gildi samræmisyfirlýsingarinnar veltur á því að allir reitir eyðublaðsins séu útfylltir. Handhafi samþykkisvottorðs fyrir framleiðslufyrirtæki skal geyma afrit af flugprófunarskýrslunni ásamt skráðum bilunum og upplýsingum um lagfæringar. Viðeigandi viðhaldsvottar og flugliði, t.d. reynsluflugmaður eða flugprófunarfræðingur, skulu skrifa undir að skýrslan sé fullnægjandi. Flugprófanir, sem eru framkvæmdar, er þær sem skilgreindar eru undir eftirliti gæðastjórnunarþáttar framleiðslukerfisins skv. 21.A.139, einkum vi. lið 1. liðar d-liðar 21.A.139, til að tryggja að loftfarið uppfylli viðeigandi ákvæði hönnunargagnanna og sé í öruggu rekstrarástandi. Handhafi samþykkisvottorðs fyrir framleiðslufyrirtæki skal geyma á skrá yfirlit yfir einingarnar sem látnar eru í té (eða gerðar tiltækar) til að uppfylla rekstraröryggisþætti þessarar yfirlýsingar.
18. reitur	Samræmisyfirlýsingin getur verið undirrituð af einstaklingi sem hefur til þess heimild frá handhafa framleiðslusamþykkis í samræmi við d-lið 21.A.145. Undirritun með stimpli er ekki heimil.
19. reitur	Nafn einstaklingsins, sem undirritar yfirlýsinguna, skal vera vélritað eða prentað á læsilegan hátt.
20. reitur	Hér skal koma fram undirritunardagur samræmisyfirlýsingarinnar.
21. reitur	Hér skal tilgreina tilvísunarnúmer samþykkis lögbæra yfirvaldsins.“

61) Í stað X. viðbætis kemur eftirfarandi:

„X. viðbætir

Samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki – EASA-eyðublað nr. 55

Samþykkisvottorð fyrir framleiðslufyrirtæki sem um getur í G-kafla I. viðauka (21. hluta)

[AÐILDARRÍKI] ([1])

Aðildarríki Evrópusambandsins ([2])

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS ([1])].21G.XXXX

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er framleiðslufyrirtæki í samræmi við A-þátt I. viðauka (21. hluta) við reglugerð [(ESB) nr. 748/2012 og hefur hlotið samþykki til að framleiða framleiðsluvörur, hluta og búnað sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og gefa út tilheyrandi vottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem skilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.

2. Þetta samþykki er með fyrirvara að farið sé að þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta framleiðslufyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (21. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 748/2012.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar:.....

Númer endurskoðunar:.....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [AUÐKENNI LÖGBÆRS YFIRVALDS ([1])]

EASA-eyðublað nr. 55a, 3. útgáfa

([1]) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
([2]) Fellur brott fyrir ríki utan ESB.

[AÐILDARRÍKI] (1) Aðildarríki Evrópusambandsins (2)	**Skilmálar samþykkis**	Skilmálar samþykkis: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (1)].21G.XXXX

Þetta skjal er hluti af samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki númer [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (1)].21G.XXXX sem gefið er út til handa:

Heiti fyrirtækis:

1. þáttur. **VERKSVIÐ:**

FRAMLEIÐSLA	FRAMLEIÐSLUVÖRUR/FLOKKAR

Nánari upplýsingar og takmarkanir er að finna í starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins, þætti xxx

2. þáttur. **STAÐSETNING:**

3. þáttur. **RÉTTINDI:**

Framleiðslufyrirtækið hefur rétt á að neyta þeirra réttinda, sem sett eru fram í 21.A.163, innan skilmála samþykkis þess og í samræmi við verklagsreglurnar í starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins, með fyrirvara um eftirfarandi:

[haldið eingöngu viðeigandi texta]

Áður en samþykki fæst fyrir hönnun framleiðsluvörunnar má aðeins gefa út EASA-eyðublað nr. 1 með tilliti til samræmis.

Samræmisyfirlýsingu má ekki gefa út fyrir loftfar sem hefur ekki verið samþykkt.

Viðhald má framkvæma í samræmi við þátt xxx í starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins þar til krafist er að ákvæði viðhaldsreglugerða séu uppfyllt.

Gefa má út flugleyfi í samræmi við þátt yyy í starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins.

Upphaflegur útgáfudagur:	Undirskrift:
Dagsetning endurskoðunar:	
Númer endurskoðunar:	Fyrir hönd [AUÐKENNI LÖGBÆRS YFIRVALDS (1)]

EASA-eyðublað nr. 55b, 3. útgáfa.

(1) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(2) Fellur brott fyrir ríki utan ESB.“

62) Í stað XI. viðbætis komi eftirfarandi:

„XI. viðbætir

Staðfesting á samkomulagi vegna framleiðslu án samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki – EASA-eyðublað nr. 65

Staðfesting á samkomulagi sem um getur í F-kafla I. viðauka (21. hluta)

[AÐILDARRÍKI] ([1])

Aðildarríki Evrópusambandsins ([2])

STAÐFESTING Á SAMKOMULAGI VEGNA FRAMLEIÐSLU ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

[HEITI UMSÆKJANDA]

[VIÐSKIPTAHEITI (ef það er annað en nafn umsækjanda)]

[FULLT HEIMILISFANG UMSÆKJANDA]

Dagsetning (dagur/mánuður/ár)

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS ([2])].21F.XXXX

Til þess er málið varðar,

Framleiðslueftirlitskerfi yðar hefur verið metið og telst uppfylla kröfur A- og F-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012.

Því samþykkjum við, með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér á eftir, að sýna megi fram á samræmi framleiðsluvara, hluta og búnaðar, sem getið er hér á eftir, skv. F-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

Fjöldi eininga	**Hlutanúmer**	**Raðnúmer**

LOFTFAR

HLUTAR

Eftirfarandi skilyrði eiga við um þessa staðfestingu á samkomulagi:

1) Hún gildir á meðan [heiti fyrirtækis] uppfyllir kröfur skv. A- og F-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 748/2012.
2) Forsenda hennar er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók [heiti fyrirtækis]: tilvísun í handbók/útgáfudagur.....
3) Gildistíma hennar lýkur .....
4) Yfirvaldið, sem gefur út þessa samræmisyfirlýsingu, skal fullgilda staðfestinguna á samkomulagi sem [heiti fyrirtækis] gefur út skv. 21.A.130 í reglugerð (ESB) nr. 748/2012, í samræmi við verklagsreglu ..... í framangreindri handbók.
5) [Heiti fyrirtækis] skal tafarlaust tilkynna yfirvaldinu, sem gefur út þessa staðfestingu á samkomulagi um allar breytingar á framleiðslueftirlitskerfinu sem kunna að hafa áhrif á skoðun, samræmi eða lofthæfi framleiðsluvaranna og hlutanna sem tilgreind eru í þessari staðfestingu.

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [AUÐKENNI LÖGBÆRS YFIRVALDS ([1])([2])]

Dagsetning og undirskrift

EASA-eyðublað nr. 65, 3. útgáfa

([1]) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
([2]) Fellur brott fyrir ríki utan ESB.“

II. VIÐAUKI

Í stað h-liðar í 21.A.101 í I. viðauka (21. hluta) kemur eftirfarandi:

„h) Að því er varðar stórar flugvélar, sem falla undir lið 26.300 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 (*), skal umsækjandinn uppfylla vottunarforskriftirnar þar sem kveðið er á um öryggisstig sem jafngildir a.m.k. því sem kveðið er á um í 26.300 og 26.330 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640, nema fyrir umsækjendur um viðbótartegundarvottorð sem ekki þurfa að taka tillit til liðar 26.303.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1253 **2023/EES/62/47**

frá 19. júlí 2022

um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar undanþágur frá tilteknum kröfum sem innleiddar voru með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 14. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([2]) er mælt fyrir um sameiginlegar tæknikröfur um hönnun og framleiðslu almenningsloftfara, sem og hreyfla, loftskrúfna og hluta til uppsetningar í þeim.

2) Í samræmi við b-lið liðar 3.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eiga samþykkt hönnunar- og framleiðslufyrirtæki að innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þeim viðauka, stjórna öryggisáhættu og stefna að því að bæta stöðugt það kerfi.

3) Samkvæmt 19. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 (hér á eftir nefndur „Chicago-samningurinn“), eiga lögbær yfirvöld að gera þá kröfu að samþykkt hönnunar- og framleiðslufyrirtæki innleiði öryggisstjórnunarkerfi.

4) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 ([3]) var innleitt stjórnunarkerfi fyrir öll samþykkt hönnunar- og framleiðslufyrirtæki, sem falla undir gildissvið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og fylgja ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem settar eru í 19. viðauka við Chicago-samninginn.

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/203 ([4]) var innleitt stjórnunarkerfi og tilkynningakerfi um atvik sem lögbær yfirvöld eiga að koma á fót.

6) Framseldri reglugerð (ESB) 2022/201 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/203 er breytt, eftir því sem við á, með 8. og 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012. Með breytingunum er kveðið á um umbreytingartímabil til 7. mars 2025 að því er varðar hönnunar- og framleiðslufyrirtæki til ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfunum sem innleiddar voru með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

7) Í samþykkta textanum um breytingu á 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 er ranglega vísað í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/203 í stað þess að vísa í framselda reglugerð (ESB) 2022/201.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 frá 10. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar stjórnunarkerfi og tilkynningarkerfi um atvik, sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki eiga að koma á fót, sem og um verklagsreglur sem Flugöryggisstofnunin skal beita og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 7).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/203 frá 14. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar stjórnunarkerfi og tilkynningarkerfi um atvik, sem lögbær yfirvöld eiga að koma á fót, og um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða (Stjtíð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 46).

8) Í textanum um breytingu á 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 var auk þess ekki tekið tillit til þeirrar staðreyndar að aðeins takmörkuð röð krafnanna, sem innleiddar voru með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201, einkum kröfur um skýrslugjöf og skráahald, gilda um fyrirtæki sem framleiða framleiðsluvörur, hluta eða búnað án samþykkisvottorðs en með staðfestingu á samkomulagi og að sú staðfesting gildir aðeins í takmarkaðan tíma. Umbreytingartímabilið til 7. mars 2025 til að ráða bót á vanefndum gagnvart kröfunum sem innleiddar voru með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201 á því ekki við um þau fyrirtæki. Til að tryggja samræmi við gildistökudag framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/201 ætti því ekki að gera kröfu um að fyrirtæki, sem fá útgefna staðfestingu á samkomulagi 7. mars 2023 eða fyrr, uppfylli kröfurnar sem voru innleiddar með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201.

9) Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 5. og 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 kemur eftirfarandi:

„5. Þrátt fyrir 1. og 2. lið d-liðar 21.B.225 í I. viðauka (21. hluta) er framleiðslufyrirtæki, með gilt samþykkisvottorð sem er gefið út í samræmi við I. viðauka (21. hluta), heimilt til 7. mars 2025 að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfunum í I. viðauka sem voru innleiddar með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 (*).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta eftir 7. mars 2025 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

6. Þrátt fyrir 1. lið a-liðar 21.A.125C í I. viðauka (21. hluta) skal ekki gerð krafa um að fyrirtæki, sem framleiðir framleiðsluvörur, hluta eða búnað án samþykkisvottorðs en er handhafi gildrar staðfestingar á samkomulagi sem gefin er út 7. mars 2023 eða fyrr í samræmi við I. viðauka (21. hluta), uppfylli viðeigandi kröfur I. viðauka sem voru innleiddar með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 frá 10. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar stjórnunarkerfi og tilkynningarkerfi um atvik, sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki eiga að koma á fót, sem og um verklagsreglur sem Flugöryggisstofnunin skal beita og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 7).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. mars 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/700 **2023/EES/62/48**

frá 26. mars 2021

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar viðhaldsgögn og ísetningu tiltekinna loftfarsíhluta meðan á viðhaldi stendur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([2]) er mælt fyrir um kröfur um áframhaldandi lofthæfi loftfara, þ.m.t. kröfur um ísetningu loftfarsíhluta.

2) Þegar nýr íhlutur er settur í loftfar meðan á viðhaldi stendur skal honum fylgja EASA-eyðublað nr. 1, sem gefið er út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([3]), til að staðfesta að nýi íhluturinn samrýmist samþykktum hönnunargögnum.

3) Til að gera kröfur varðandi nýja íhluti hóflegri og skilvirkari var reglugerð (ESB) nr. 748/2012 nýlega breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/699 ([4]) til að fjarlægja kröfuna um vottun á samræmi nýrra íhluta, sem hafa óveruleg áhrif á öryggi starfrækslunnar ef þau samrýmast ekki hönnunargögnunum, og til að heimila ísetningu þeirra í tegundarvottaðar framleiðsluvörur án útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1.

4) Því ætti einnig að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að leyfa ísetningu slíkra nýrra íhluta meðan á viðhaldi stendur.

5) Fyrir íhluti sem er viðhaldið ætti að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að staðfesta að tilgreint viðhald á þessum íhlutum hafi farið fram í samræmi við gildandi kröfur.

6) Til að ná sama markmiði um meðalhóf og skilvirkni og í nýlega breyttri reglugerð (ESB) nr. 748/2012 ætti með reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að innleiða sömu tilslakanir að því er varðar viðhald íhluta þar sem ekki er krafa um útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1.

7) Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 hefur verið breytt í tengslum við auðkenningu, samþykki, sniðmótun og tiltækileika leiðbeininga um áframhaldandi lofthæfi og með því að fastsetja þessar leiðbeiningar sem hluta af tegundarvottorði loftfars. Þetta hefur áhrif á skilgreiningu á viðeigandi viðhaldsgögnum í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, sem ætti því að breyta til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 28.4.2021, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/699 frá 21. desember 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, um framleiðslu á hlutum sem nota á við viðhald og um að taka tillit til þátta sem tengjast öldrun loftfara við vottun (Stjtíð. ESB L 145, 28.4.2021, bls. 1).

8) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 ([5]) var innleitt umbreytingartímabil fyrir samþykki fyrirtækja sem koma að áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. viðhaldi. Þessu umbreytingartímabili lýkur 24. september 2021. Með hliðsjón af COVID-19 faraldrinum, sem nú herjar á, er nauðsynlegt að framlengja þetta umbreytingartímabil um sex mánuði til að forðast aukið álag fyrir iðnaðinn meðan á þessu hættuástandi stendur og til að greiða fyrir því að farið sé að þeim nýju reglum og málsmeðferðarreglum sem eru innleiddar með þeirri reglugerð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2019 ([6]) í samræmi við b-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

10) Í 5. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 er tilvísun í gildistökudag reglugerðar (ESB) 2019/1383 en þar ætti að vera tilvísun í þann dag sem hún kemur til framkvæmda. Því ætti að leiðrétta 5. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

11) Í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 eru rangar tilvísanir í viðeigandi kröfur um réttindi viðhaldsvotta í M- og CAO-hluta. Því ætti að leiðrétta 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

12) Ákvæði 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 eru eins og ákvæði 7. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar. Í því skyni að eyða þessari tvítekningu ætti að leiðrétta 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

13) Einnig ætti að leiðrétta nokkrar ritstjórnarvillur sem hafa haft í för með sér vandkvæði við túlkun tiltekinna ákvæða í I. og III. viðauka, V. viðauka b og V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Samþykki fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi

1. Fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu hljóta samþykki, óski þau eftir því, lögbærs yfirvalds í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á fyrir hvert fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt, fram til 24. september 2020, að gefa út samþykki fyrir fyrirtæki, óski þau eftir því, í samræmi við kröfur F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta). Öll samþykki, sem eru gefin út í samræmi við F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta), skulu gilda til 24. mars 2022.

3. Samþykkisvottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við vottunarforskrift JAR-145, sem um getur í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (*) og gildir fyrir 29. nóvember 2003, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145. hluta) við þessa reglugerð.

4. Fyrirtæki, sem hafa gilt samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), skulu, óski þau eftir því, fá útgefið eyðublað 3-CAO frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í I. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta) og vera eftir það undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

([6]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

Réttindi slíks fyrirtækis samkvæmt samþykkinu, sem gefið er út í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), skulu vera þau sömu og réttindi samkvæmt samþykkinu sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða við II. viðauka (145. hluta). Hins vegar skulu þessi réttindi ekki vera umfangsmeiri en réttindi fyrirtækis sem um getur í A-hluta V. viðauka d (CAO-hluta).

Þrátt fyrir lið CAO.B.060 í V. viðauka d (CAO-hluta) er fyrirtækinu heimilt, til 24. mars 2022, að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum, sem voru settar fram í V. viðauka d (CAO-hluta) og er ekki að finna í F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða í II. viðauka (145. hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta í síðasta lagi 24. mars 2022 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

5. Fyrirtæki, sem hafa undir höndum gilt samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem gefið er út í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta), skulu, fari þau þess á leit, fá útgefið samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 14 frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í V. viðauka c (CAMO-hluta), og vera eftir það undir eftirliti lögbærs yfirvalds í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta).

Þrátt fyrir lið CAMO.B.350 í V. viðauka c (CAMO-hluta), má fyrirtækið, fram til 24. mars 2022, ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum, sem voru settar fram í V. viðauka c (CAMO-hluta) og er ekki að finna í G-kafla I. viðauka (M-hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta í síðasta lagi 24. mars 2022 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

6. Líta skal svo á að vottorð og samþykki viðhaldsáætlunar fyrir loftför, sem hafa verið gefin út samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, í þeirri útgáfu sem var í gildi fyrir 24. mars 2020, hafi verið veitt í samræmi við þessa reglugerð.

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).“

2) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 5. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Viðhaldsáætlanir fyrir loftförin, sem um getur í a-lið 1. gr. og uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta), sem voru í gildi fyrir 24. mars 2020, skulu teljast uppfylla kröfurnar, sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) eða lið ML.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, í samræmi við 1. og 2. mgr.“

2) Í stað 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Viðhaldsvottar skulu hafa réttindi í samræmi við kröfur III. viðauka (66. hluta) nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, c-lið M.A.801 og í M.A.803 í I. viðauka (M-hluta) og í c-lið ML.A.801 og ML.A.803 í V. viðauka b (ML-hluta), í b-lið CAO.A.040 og c-lið CAO.A.040 í V. viðauka d (CAO-hluta) og í j-lið 145.A.30 og IV. viðbæti við II. viðauka (145. hluta).“

3) Í 8. gr. fellur 7. mgr. brott.

4) Ákvæði I. viðauka (M-hluta) eru leiðrétt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæði III. viðauka (66. hluta) eru leiðrétt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæði V. viðauka b (ML-hluta) eru leiðrétt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæði V. viðauka d (CAO-hluta) eru leiðrétt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 18. maí 2022, að undanskildum 1. lið 1. gr. og 5., 6. og 8. lið í I. viðauka, sem koma til framkvæmda frá og með 18. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað iii. liðar 3. liðar e-liðar í M.A.305 kemur eftirfarandi:

„iii. viðhaldsvottorðið og yfirlýsing eiganda um samþykki fyrir alla íhluti sem eru uppsettir í ELA2-loftfar án EASA-eyðublaðs nr. 1, í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, en sem tekur til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir.“

2) Í stað b-liðar í M.A.401 kemur eftirfarandi:

„b) Í þessum viðauka er merking hugtaksins „viðeigandi viðhaldsgögn“ eitthvert af eftirfarandi:

1. viðeigandi kröfur, verklagsreglur, staðlar eða upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gefur út,

2. viðeigandi lofthæfifyrirmæli,

3. viðeigandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og aðrar viðhaldsleiðbeiningar, sem gefnar eru út af handhafa tegundarvottorðs, handhafa viðbótartegundarvottorðs og sérhverju öðru fyrirtæki, sem birtir slík gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

4. að því er varðar íhluti, sem handhafi hönnunarsamþykkis hefur samþykkt til ísetningar, viðeigandi viðhaldsleiðbeiningar sem framleiðendur íhluta gefa út og sem handhafi hönnunarsamþykkis samþykkir,

5. viðeigandi gögn sem eru gefin út í samræmi við d-lið 145.A.45.“

3) Í stað 1. liðar a-liðar í M.A.501 kemur eftirfarandi:

„1) Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1, eða sambærilegu eyðublaði, og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í þessum viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta).“

4) Í stað M.A.502 kemur eftirfarandi:

„M.A.502 Viðhald íhluta

a) Viðhaldsfyrirtæki, sem eru samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á, skulu annast viðhald á íhlutum öðrum en þeim sem um getur í 2.–6. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í loftfarinu, að viðhald slíks íhlutar sé í höndum viðhaldsfyrirtækis, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða í höndum viðhaldsvotta sem um getur í 1. lið b-liðar í M.A.801. Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku viðhaldsfyrirtæki loftfars eða viðhaldsvottum er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.

c) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í hreyflinum eða aukaaflstöðinni (APU), að viðhald slíks íhlutar sé í höndum viðhaldsfyrirtækis fyrir hreyfla, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta). Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn hreyfilsins eða aukaaflstöðvarinnar eða í samræmi við viðhaldsgögn íhlutarins ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku fyrirtæki með heimildir í B-flokki er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds.

d) Viðhald íhluta, sem um getur í 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef íhlutnum hefur verið komið fyrir í loftfarinu eða hefur verið fjarlægður tímabundið til að auðvelda aðgengi, skal vera í höndum viðhaldsfyrirtækis loftfars, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða, eftir því sem við á, í höndum viðhaldsvotta, sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801, eða í höndum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.

e) Viðhald íhluta, sem um getur í 3.–6. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal vera í höndum fyrirtækisins sem um getur í a-lið eða í höndum aðila eða fyrirtækis og vottað með útgáfu „yfirlýsingar um framkvæmt viðhald“, sem gefið er út af þeim aðila eða því fyrirtæki sem framkvæmdi viðhaldið. „Yfirlýsing um framkvæmt viðhald“ skal a.m.k. innihalda grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvenær viðhaldinu var lokið og auðkenningu á því fyrirtæki eða þeim aðila sem gefur hana út. Yfirlýsingin skal teljast viðhaldsskrá og jafngilda EASA-eyðublaði nr. 1 að því er varðar íhlutinn sem hlýtur viðhald.“

5) Í stað inngangsorðanna í a-lið M.A.618 kemur eftirfarandi:

„a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. mars 2022, að því tilskildu:“.

6) Í stað inngangsorðanna í a-lið M.A.715 kemur eftirfarandi:

„a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. mars 2022, að því tilskildu:“.

7) Í stað a-liðar í M.A.802 kemur eftirfarandi:

„a) Gefa skal út viðhaldsvottorð í lok viðhalds á loftfarsíhlut, sem framkvæmt er í samræmi við M.A.502, nema um sé að ræða íhluti sem hafa fengið viðhaldsvottorð frá viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta), og í þeim tilvikum sem falla undir e-lið M.A.502.“

8) Í stað V. og VI. viðbætis kemur eftirfarandi:

„V. viðbætir

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) – EASA-eyðublað nr. 3-MF

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi, eins og tilgreint er í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók viðhaldsfyrirtækisins, eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.
3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
4. Með fyrirvara um að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. mars 2022 nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað fyrir þann dag.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 6. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

Bls. 2 af 2

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 6. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins).

VI. viðbætir

Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta) - EASA-eyðublað nr. 14-MG

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

VOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðið, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna ,sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis, og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli og lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta) og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út flugleyfi, eins og tilgreint er í c-lið M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð.

SKILYRÐI

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eins og um getur í G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglunum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem er samþykkt í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykkta fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfurnar skv. I. viðauka (M-hluta), og, ef við á, skv. V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
4. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta vottorð áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin uppfylli gildandi samningsskyldur.
5. Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. mars 2022 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

   Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal númeri flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði 6, 7 og 8, koma í staðinn fyrir skilyrði 5:
6. Þetta vottorð er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í skilyrði 1. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.
7. Lok á gildistíma flugrekandaskírteinis, tímabundin ógilding eða afturköllun þess ógildir sjálfkrafa þetta vottorð í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskírteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.
8. Svo fremi að skilyrði 1–4, 6 og 7 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. mars 2022 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

Bls. 1 af 2

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MG.XXXX

(tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við það sem tilgreint er í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi …

Tilvísun í starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS *]

EASA-eyðublað nr. 14-MG, 6. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(***) Strika skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.42:

a) Í stað i. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„i. Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1, eða sambærilegu eyðublaði, og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, í M.A.502 í I. viðauka (M-hluta), í ML.A.502 í III. viðauka (ML-hluta) eða í þessum viðauka (145. hluta).“

b) Í stað iv. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„iv. Íhlutir sem um getur í 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 skulu aðeins settir í ef eigandi loftfars telur þá hæfa til ísetningar í eigin loftför.“

2) Í stað b-liðar í 145.A.45 kemur eftirfarandi:

„b) Viðeigandi viðhaldsgögn eru þau gögn sem tilgreind eru í b-lið M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða b-lið ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.“

———

III. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka b við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í ML.A.401 kemur eftirfarandi:

„b) Í þessum viðauka er merking hugtaksins „viðeigandi viðhaldsgögn“ eitthvert af eftirfarandi:

1. viðeigandi kröfur, verklagsreglur, staðlar eða upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gefur út,

2. viðeigandi lofthæfifyrirmæli,

3. viðeigandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og aðrar viðhaldsleiðbeiningar, gefnar eru út af handhafa tegundarvottorðs, handhafa viðbótartegundarvottorðs og sérhverju öðru fyrirtæki sem birta gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

4. að því er varðar íhluti, sem handhafi hönnunarsamþykkis hefur samþykkt til ísetningar, viðeigandi viðhaldsleiðbeiningar sem framleiðendur íhluta gefa út og sem handhafi hönnunarsamþykkis samþykkir,

5. viðeigandi gögn sem eru gefin út í samræmi við d-lið 145.A.45.“

2) Í stað a-liðar í ML.A.501 kemur eftirfarandi:

„a) Nema annað sé tekið fram í F-kafla I. viðauka (M-hluta), í II. viðauka (145. hluta), í V. viðauka d (CAO-hluta) við þessa reglugerð eða í lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, má aðeins setja íhlut í ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. hann er í viðunandi ástandi,

ii. gefið hefur verið út viðhaldsvottorð fyrir hann með EASA-eyðublaði nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta), eða sambærilegu eyðublaði,

iii. hann hefur verið merktur í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

3) Í stað a-liðar í ML.A.502 kemur eftirfarandi:

„a) Íhlutum, sem eigandi samþykkir í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal viðhaldið af aðila eða fyrirtæki, með fyrirvara um endursamþykki eigandans samkvæmt skilyrðunum í 2. lið b-liðar 21.A.307 í þeim viðauka. Ekki er heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 fyrir þetta viðhald, eins og sett er fram í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara.“

4) Eftirfarandi c-lið er bætt við ML.A.502:

„c) Aðilum eða fyrirtækjum er heimilt að framkvæma viðhald á íhlutum, sem um getur í 3. til 6. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Í slíkum tilvikum skal viðhald á þessum íhlutum, þrátt fyrir ákvæði b-liðar, vottað með útgáfu „yfirlýsingar um framkvæmt viðhald“, sem gefið er út af þeim aðila eða því fyrirtæki sem framkvæmdi viðhaldið. „Yfirlýsing um framkvæmt viðhald“ skal a.m.k. innihalda grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvenær viðhaldinu var lokið og auðkenningu á því fyrirtæki eða þeim aðila sem gefur hana út. Yfirlýsingin skal teljast viðhaldsskrá og jafngilda EASA-eyðublaði nr. 1 að því er varðar íhlutinn sem hlýtur viðhald.“

5) Í stað a-liðar í ML.A.802 kemur eftirfarandi:

„a) Að undanskildum tilvikum sem falla undir c-lið ML.A.502 skal viðhaldsvottorð fyrir íhluti gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald hefur verið framkvæmt á loftfarsíhlut á tilhlýðilegan hátt í samræmi við ML.A.502.“

———

IV. VIÐAUKI

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 3. liðar h-liðar í M.A.201 kemur eftirfarandi:

„3) að CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða sem CAO-fyrirtæki með viðhaldsréttindi, eða að viðkomandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) með viðhaldsréttindi.“

2) Í stað d-liðar M.A.801 kemur eftirfarandi:

„d) Þegar viðhaldsvottorð er gefið út í samræmi við 1. lið b-liðar er viðhaldsvottum heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri aðila, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti þeirra, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.“

3) Í stað inngangsorðanna í e-lið M.A.901 kemur eftirfarandi:

„e) „Að því er varðar loftför með hámarksflugtaksmassa 2730 kg eða þar undir, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, getur sérhvert CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, sem eigandi eða flugrekandi velur í samræmi við e-lið CAMO.A.125 í V. viðauka c eða b-lið M.A.711 í þessum viðauka eða c-lið CAO.A.095 í V. viðauka d, eftir því sem við á, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar:“.

4) Í stað orðalagsins varðandi vottun á EASA-eyðublaði nr. 15b í III. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar eftirfarandi fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við A-þátt V. viðauka c (CAMO-hluta) eða A-þátt G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða A-þátt V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014,

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

[TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS]

hér með að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars samkvæmt M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:“.

———

V. VIÐAUKI

Ákvæði III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 1. liðar b-liðar 66.A.20 kemur eftirfarandi:

„1. að uppfylltum viðeigandi kröfum í I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka b (ML-hluta) og V. viðauka d (CAO-hluta) og“.

2) Í stað fyrstu setningar a-liðar 66.A.25 kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar skírteini önnur en skírteini í flokki L skal umsækjandi um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða -undirflokk í slíkt skírteini, sýna fram á með prófi kunnáttu í viðeigandi námsáföngum í samræmi við I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta).“

3) Í stað 2. liðar b-liðar 66.B.120 kemur eftirfarandi:

„2. skal lögbæra yfirvaldið tilkynna handhafa skírteinisins um það, sem og sérhverju kunnu viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki samkvæmt F-kafla í I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) og þetta kann að hafa bein áhrif á,“.

4) Í stað inngangsorðanna í E-kafla B-þáttar kemur eftirfarandi:

„Í þessum kafla er kveðið á um málsmeðferð við veitingu námsmats í samræmi við e-lið 66.A.25.“

5) Í stað 8. liðar 66.B.500 kemur eftirfarandi:

„8. gefið út viðhaldsvottorð án þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.“

6) Í stað 2. liðar V. viðbætis kemur eftirfarandi:

„2. Lögbært yfirvald aðildarríkisins getur aðeins breytt EASA-eyðublaði nr. 19 til að bæta við nauðsynlegum upplýsingum í þeim tilvikum þar sem kröfur þess aðildarríkis leyfa eða krefjast þess að skírteini flugvéltæknis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), sé notað utan ramma þeirra krafna sem settar eru fram í þessari reglugerð.“

———

VI. VIÐAUKI

Ákvæði V. viðauka b við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorðanna í ML.A.901 kemur eftirfarandi:

„Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.“

2) Í stað IV. viðbætis kemur eftirfarandi:

„**Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15c**

ATHUGASSEMD: *aðilar og fyrirtæki, sem framkvæma staðfestingu á lofthæfi í tengslum við 100 klst./árlegu skoðunina, geta notað bakhlið þessa eyðublaðs til að gefa út viðhaldsvottorðið sem um getur í lið ML.A.801 og samsvarar 100 klst./árlegu skoðuninni.*

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC) (fyrir loftför sem samrýmast ákvæðum ML-hluta)

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: …

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar:

[HEITI LÖGBÆRA YFIRVALDSINS] (**)

hér með:

☐…..að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 á eftirfarandi loftfari:

[eða]

☐…..eftirfarandi nýju loftfari:

Framleiðandi loftfars: ..... Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: ..... Raðnúmer loftfars: .....

(og) að þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar (ef við á): .....

[EÐA]

[HEITI SAMÞYKKTS FYRIRTÆKIS, HEIMILISFANG og TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS] (**)

[eða]

[FULLT HEITI VIÐHALDSVOTTA OG SKÍRTEINISNÚMER 66. HLUTA (EÐA LANDSBUNDIÐ JAFNGILDI ÞESS)] (**)

hér með að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 á eftirfarandi loftfari:

Framleiðandi loftfars: ..... Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: ..... Raðnúmer loftfars: .....

(og) að þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar (ef við á): .....

==========

Fyrsta framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

==========

Önnur framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

Útgáfudagur: ..... Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

(*) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.

(**) Útgefandi eyðublaðsins getur sniðið það að sínum þörfum með því að eyða þeim heitum, vottunaryfirlýsingum, tilvísunum í viðkomandi loftfar og útgáfuupplýsingum sem skipta ekki máli í hans tilviki.

EASA-eyðublað nr. 15c, 4. útgáfa.“

———

VII. VIÐAUKI

Ákvæði V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar a-liðar í CAO.A.045 kemur eftirfarandi:

„2) það hafi viðeigandi skírteini, sem er gefið út í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar, eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi hennar eða hafi öðlast reynslu af áframhaldandi lofthæfi til viðbótar við þá sem um getur í 1. lið sem nemur a.m.k. 2 árum að því er varðar svifflugur og loftbelgi og a.m.k. 4 árum að því er varðar öll önnur loftför,“.

2) Í stað inngangsorðanna í a-lið CAO.A.105 kemur eftirfarandi:

„a) Til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa viðauka skal CAO-fyrirtækið tilkynna því um allar tillögur að breytingum, er varða eftirfarandi atriði, áður en breytingarnar eru gerðar:“.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1963 **2023/EES/62/49**

frá 8. nóvember 2021

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi í viðhaldsfyrirtækjum og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 17. gr. (g-lið 1. mgr.), 62. gr. (14. og 15. mgr.) og 72. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([2]) er mælt fyrir um kröfur um áframhaldandi lofthæfi loftfara, þ.m.t. kröfur sem gerðar eru til viðhaldsfyrirtækja.

2) Í samræmi við b-lið liðar 3.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 verða samþykkt viðhaldsfyrirtæki að innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi, eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þeim viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi.

3) Samkvæmt 19. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944 (hér á eftir nefndur „Chicago-samningurinn“), skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki, sem veita þjónustu til flugrekenda flugvéla og þyrlna, sem notaðar eru í millilandaflutningum í lofti, innleiði öryggisstjórnunarkerfi.

4) Því ætti að innleiða stjórnunarkerfi fyrir öll viðhaldsfyrirtæki, sem falla undir gildissvið II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 („viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta“), til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og fylgja ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem settar eru í 19. viðauka við Chicago-samninginn.

5) Öllum viðhaldsfyrirtækjum með samþykki skv. 145. hluta er skylt að koma á fót tilkynningarkerfi um atvik. Því ætti að breyta ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að tryggja að tilkynningarkerfi um atvik sé komið á fót sem hluti af stjórnunarkerfi fyrirtækjanna og að þar að lútandi kröfur séu í samræmi við kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ([3]).

6) Til að taka tillit til viðhaldsfyrirtækja með samþykki skv. 145. hluta, sem eru einnig með samþykki skv. CAMO-hluta, þykir rétt að samræma almenn ákvæði, sem og kröfur til lögbærra yfirvalda, sem eru sett fram í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 við þau sem eru sett fram í V. viðauka c (CAMO-hluta) við þá reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

7) Gera skal ráð fyrir viðeigandi umbreytingartímabili til að gera viðhaldsfyrirtækjum kleift að fara að nýju reglunum og verklagsreglunum sem innleiddar eru með þessari reglugerð.

8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([4]) inniheldur ekki ákvæði um útgáfu skírteina fyrir flugvélstjóra. Því ætti að breyta 3. og 4. lið j-liðar 145.A.30 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að fella brott tilvísun í skírteini flugvélstjóra. Hins vegar ættu fyrirliggjandi takmarkaðar vottunarheimildir vegna viðhalds, sem eru gefnar út til slíkra flugvélstjóra á grundvelli þessara ákvæða, ættu þó að gilda áfram þar til þær renna út eða eru afturkallaðar. Því ætti að breyta 5. gr. til samræmis við það.

9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

10) Í b-lið liðar M.A.403 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og VII. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð er að finna tilvísanir í ýmsa þætti í M.A.801. Þar sem lið M.A.801 hefur verið skipt út með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 ([5]), ætti að breyta b-lið M.A.403 og VII. viðbæti til samræmis við það.

11) Lið M.A.904 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383 til að rýmka gildissvið innflutningsákvæða þannig að þau taki til loftfara frá eftirlitskerfi þar sem reglugerð (ESB) 2018/1139 gildir ekki. Sömu breytingu ætti einnig að gera í lið ML.A.906 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, til að samræma gildissvið innflutningsákvæða í V. viðauka b (ML-hluta) við ákvæðin sem eru í I. viðauka (M-hluta). Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

12) Í c-lið M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er tilvísun til fyrirtækja með heimildir í B-flokki. Þar sem engin fyrirtæki með heimildir í B-flokki eru tilgreind í V. viðauka d (CAO-hluta) ætti að vera tilvísun í „viðhaldsfyrirtæki fyrir hreyfla“ í c-lið M.A.502. Því ætti að leiðrétta c-lið M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 4/2020 ([6]) skv. b-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 4. gr.:

„7. Þrátt fyrir 1. og 2. lið d-liðar 145.B.350 í II. viðauka (145. hluta) er viðhaldsfyrirtæki með gilt samþykkisvottorð, sem gefið er út í samræmi við II. viðauka (145. hluta), heimilt, fram til 2. desember 2024, að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfunum í II. viðauka, sem innleiddar voru með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1963 (*).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt slík frávik til lykta í síðasta lagi 2. desember 2024 skal afnema samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

(*) Stjtíð. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 18“.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

([6]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

2) Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 5. gr.:

„7. Takmarkaðar heimildir fyrir viðhaldsvotta, sem eru gefnar út til handhafa skírteina flugvélstjóra skv. 3. eða 4. lið j-liðar 145.A.30 eða II. viðauka (145. hluta) fyrir 2. desember 2022, skulu gilda áfram þangað til þær renna út eða viðhaldsfyrirtækið afturkallar þær.“

3) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæði I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. desember 2022.

Eftirfarandi ákvæði koma þó til framkvæmda frá og með 2. desember 2021:

a) ákvæði 2. gr.,

b) ákvæði 2. og 4. liðar í I. viðauka,

c) ákvæði III. viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar IV. viðbætis í efnisyfirlitinu kemur eftirfarandi:

„IV. viðbætir — Flokka- og áritunarkerfi sem er notað fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)“.

2) Í stað b-liðar í M.A.403 kemur eftirfarandi:

„b) Einungis þeir viðhaldsvottar sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801 eða í F-kafla þessa viðauka eða II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða sá einstaklingur sem er með heimild skv. c-lið M.A.801 þessa viðauka getur ákvarðað, á grundvelli viðhaldsgagna sem um getur í M.A.401 þessa viðauka, hvort bilun í loftfari stofni flugöryggi í hættu og þar með ákvarðað hvaða lagfæringar skuli gera fyrir frekara flug og hvenær og hvaða lagfæringum megi slá á frest. Þetta á þó ekki við þegar flugmaðurinn eða viðhaldsvottarnir nota listann yfir lágmarksbúnað.“

3) Ákvæðum IV. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„IV. viðbætir

Flokka- og áritunarkerfi sem notað er fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)“.

b) Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Í töflunni í 12. lið er kveðið á um staðlað kerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta), að undanskildu því sem er tekið fram fyrir minnstu fyrirtækin í 11. lið. Veita ber fyrirtæki samþykki sem spannar allt frá einum flokki og áritun með takmörkunum til allra flokka og áritana með takmörkunum.

2. Auk þess sem fram kemur í töflunni, sem um getur í 12. lið, er samþykktu viðhaldsfyrirtæki skylt að tilgreina verksvið sitt í handbók viðhaldsfyrirtækisins.“

c) Í stað 8.-12. liðar kemur eftirfarandi:

„8. Markmiðið með þættinum um *takmarkanir* er að gefa lögbærum yfirvöldum svigrúm til að laga samþykkið að tilteknu fyrirtæki. Áritanir skulu aðeins tilgreindar á samþykkinu þegar þær eru takmarkaðar á viðeigandi hátt. Í töflunni, sem um getur í 12. lið, eru tilgreindar allar takmarkanir sem til greina koma. Þótt viðhald sé nefnt síðast í hverri flokksáritun er í lagi að leggja áherslu á viðhaldsverkefnið fremur en á loftfars- eða hreyfiltegund eða framleiðanda, ef það hentar betur fyrir fyrirtækið (dæmi um þetta gæti verið ísetning og viðhald á rafeindakerfum loftfara). Ef minnst er á slíkt í þættinum um takmarkanir gefur það vísbendingu um að viðhaldsfyrirtækið sé samþykkt til að framkvæma viðhald til og með þeirri tilteknu gerð/verki.

9. Þegar vísað er til *raðar*, *tegundar* og *hóps* í þættinum um takmarkanir í flokki A og B merkir *röð* tiltekna tegundarröð, s.s. Cessna 150 eða Cessna 172 eða Beech 55-röðina eða Continental O-200-röðina o.s.frv.; *tegund* merkir tiltekna tegund eða gerð, s.s. Cessna 172RG-tegundina o.s.frv.; tilgreina má eins margar raðir eða tegundir og óskað er eftir; *hópur* merkir t.d. eins hreyfils Cessna-flugvél með strokkhreyfli eða Lycoming-strokkhreyfla án forþjöppu o.s.frv.

10. Ef notaður er *langur verkleyfislisti* sem kann að sæta tíðum breytingum skulu breytingarnar framkvæmdar í samræmi við málsmeðferð við óbeint samþykki sem um getur í c-lið M.A.604 og c-lið M.B.606.

11. Viðhaldsfyrirtæki þar sem einungis einn starfsmaður er ráðinn til starfa, bæði til að skipuleggja og framkvæma allt viðhald, getur einungis fengið takmarkaða áritun samþykkta. Leyfilegt hámark er:

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
FLOKKUR: LOFTFÖR	ÁRITUN A2: FLUGVÉLAR, AÐ HÁMARKI 5 700 KG	MEÐ STROKKHREYFLUM, AÐ HÁMARKI 5 700 KG
FLOKKUR: LOFTFÖR	ÁRITUN A3: ÞYRLUR	MEÐ EINUM STROKKHREYFLI, AÐ HÁMARKI 3 175 KG
FLOKKUR: LOFTFÖR	ÁRITUN A4: LOFTFÖR ÖNNUR EN A1, A2 OG A3	ENGAR TAKMARKANIR
FLOKKUR: HREYFLAR	ÁRITUN B2: STROKKHREYFILL	MINNA EN 450 HESTÖFL
FLOKKUR: AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR	C1 TIL C22	SAMKVÆMT VERKLEYFISLISTA
FLOKKUR: SÉRHÆFT	D1 PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR (NDT)	TILGREINA SKAL NÁNAR AÐFERÐIR VIÐ PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR

Taka ber fram að lögbæra yfirvaldið getur sett frekari takmarkanir, innan skilmála samþykkisins, á slíkt fyrirtæki sem ráðast af getu viðkomandi fyrirtækis.

12. Tafla

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A2: Flugvélar að hámarki 5 700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin* Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A3: Þyrlur	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund þyrlu og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: Robinson R44*	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A4: Loftför önnur en A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (sviffluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)

HREYFLAR	B1: Hverfihreyfill	[Tilgreina skal röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: PT6A-röðin*
	B2: Strokkhreyfill	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]
	B3: Aukaaflstöð	[Tilgreina skal framleiðanda, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULL-GERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFL-STÖÐVAR	C1: Loftjöfnun og -þrýstingur	[Tilgreina skal tegund loftfars eða framleiðanda loftfars, framleiðanda íhlutar eða tiltekinn íhlut og/eða millivísa í verkleyfislista í starfsemislýsingunni og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: PT6A-eldsneytisstýring*
	C2: Sjálfstýring	
	C3: Fjarskipti og leiðsaga	
	C4: Hurðir — lúgur	
	C5: Rafafl og ljós	
	C6: Búnaður	
	C7: Hreyfill — aukaaflstöð	
	C8: Stýrakerfi	
	C9: Eldsneyti	
	C10: Þyrla — þyrlar	
	C11: Þyrla — drif	
	C12: Vökvaafl	
	C13: Vísi- og skráningarbúnaður	
	C14: Lendingarbúnaður	
	C15: Súrefni	
	C16: Loftskrúfur	
	C17: Loftþrýstikerfi/sogkerfi	
	C18: Vörn gegn ísingu, regni og eldi	
	C19: Gluggar	
	C20: Burðarvirki	
	C21: Vatnskjölfesta	
	C22: Knýaukning	

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	D1: Prófun án eyðileggingar	[Tilgreina skal tiltekna aðferð eða aðferðir við prófun án eyðileggingar]

(*) Strika skal út það sem á ekki við.“

d) Liður 13 fellur brott.

4) Í stað inngangsorðanna í VII. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem um getur í b-lið M.A.801:“.

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt sem hér segir:

1. Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„EFNISYFIRLIT

145.1 Lögbært yfirvald

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR OG KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

145.A.10 Gildissvið

145.A.15 Umsókn um fyrirtækjavottorð

145.A.20 Skilmálar samþykkis og verksvið

145.A.25 Kröfur um aðstöðu

145.A.30 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks

145.A.35 Viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn

145.A.37 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

145.A.40 Búnaður og verkfæri

145.A.42 Íhlutir

145.A.45 Viðhaldsgögn

145.A.47 Framkvæmdaáætlun

145.A.48 Framkvæmd viðhalds

145.A.50 Viðhaldsvottun

145.A.55 Skráahald

145.A.60 Tilkynning atvika

145.A.65 Verklagsreglur um viðhald

145.A.70 Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis (MOE)

145.A.75 Réttindi fyrirtækisins

145.A.85 Breytingar á fyrirtækinu

145.A.90 Áframhaldandi gildi

145.A.95 Frávik

145.A.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

145.A.140 Aðgangur

145.A.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

145.A.200 Stjórnunarkerfi

145.A.202 Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar

145.A.205 Verktakasamningar og undirverktakasamningar

B-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

145.B.005 Gildissvið

145.B.115 Eftirlitsgögn

145.B.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

145.B.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

145.B.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

145.B.200	Stjórnunarkerfi
145.B.205	Úthlutun verkefna til hæfra aðila
145.B.210	Breytingar á stjórnunarkerfinu
145.B.220	Skráahald
145.B.300	Meginreglur um eftirlit
145.B.305	Eftirlitsáætlun
145.B.310	Upphafsferli vegna vottunar
145.B.330	Breytingar – fyrirtæki
145.B.350	Frávik og aðgerðir til úrbóta; athugasemdir
145.B.355	Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun
I. viðbætir	– Opinbert viðhaldsvottorð — EASA-eyðublað nr. 1
II. viðbætir	– Flokka- og áritunarkerfi fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta
III. viðbætir	– Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki – EASA-eyðublað nr. 3-145
IV. viðbætir	– Skilyrði fyrir að nota starfsfólk sem ekki er með starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem vísað er til í 1. og 2. lið j-liðar 145.A.30“.

2. Í stað liðar 145.1 kemur eftirfarandi:

„145.1 **Lögbært yfirvald**

Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald vera:

1. þegar um er að ræða fyrirtæki, sem hafa höfuðstöðvar sínar á yfirráðasvæði sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 („Chicago-samningurinn“), það yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir, eða sem annað aðildarríki tilnefnir í samræmi við 64. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, eða Flugöryggisstofnunin ef ábyrgðin hefur verið flutt til stofnunarinnar í samræmi við 64. eða 65. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, eða

2. þegar um er að ræða fyrirtæki, sem hafa höfuðstöðvar sínar utan yfirráðasvæðis sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, Flugöryggisstofnunin.“

3. Í stað fyrirsagnarinnar í A-þætti kemur eftirfarandi:

„A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR OG KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA“.

4. Í stað liðar 145.A.10 kemur eftirfarandi:

„145.A.10 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að fá útgefið samþykkisvottorð eða framlengingu á því vegna viðhalds á loftförum og íhlutum þeirra.“

5. Í stað liðar 145.A.15 kemur eftirfarandi:

„145.A.15 **Umsókn um fyrirtækjavottorð**

a) Umsókn um vottorð eða breytingu á fyrirliggjandi vottorði í samræmi við þennan viðauka skal gerð á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður, að teknu tilliti til viðeigandi krafna í I. viðauka (M-hluta), V. viðauka b (ML-hluta) og þessum viðauka.

b) Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn samkvæmt þessum viðauka skulu umsækjendur leggja eftirfarandi fram til lögbæra yfirvaldsins:

1. niðurstöður úr undirbúningsúttekt sem fyrirtækið annast samkvæmt viðeigandi kröfum, sem kveðið er á um í I. viðauka (M-hluta), V viðauka b og þessum viðauka,

2. skjöl sem sýna fram á hvernig þeir munu uppfylla kröfurnar sem komið er á með þessari reglugerð.“

6. Í stað liðar 145.A.20 kemur eftirfarandi:

„145.A.20 **Skilmálar samþykkis og verksvið**

a) Verksvið fyrirtækisins skal tilgreint í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis í samræmi við 145.A.70.

b) Fyrirtækið skal fara að skilmálum samþykkis, sem fylgja fyrirtækjavottorðinu sem lögbæra yfirvaldið gefur út, sem og verksviðinu sem tilgreint er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.“

7. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.30:

a) Í stað a-, b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna og framkvæma allar viðhaldsaðgerðir fyrirtækisins í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar. Ábyrgðarmaðurinn skal:

1. sjá til þess að öll nauðsynleg hjálpargögn séu fyrir hendi til að unnt sé að framkvæma viðhald í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, til að styðja við fyrirtækjavottorðið,

2. koma á og kynna öryggisstefnuna sem tilgreind er í 2. lið a-liðar 145.A.200,

3. sýna fram á grundvallarskilning á þessari reglugerð.

b) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem eru fulltrúar fyrir stjórnunarfyrirkomulagið að því er varðar viðhaldsaðgerðirnar og sem bera ábyrgð á að fyrirtækið starfi í samræmi við starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis og samþykktar verklagsreglur. Í verklagsreglum skal koma skýrt fram hverjir eru varamenn tiltekinna einstaklinga ef þeir einstaklingar eru fjarverandi í langan tíma.

c) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á umsjón með hlítnivöktun sem hluta af stjórnunarkerfinu.“

b) Eftirfarandi ca-, cb- og cc-liðum er bætt við:

„ca) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á umsjón með þróun, stjórnun og viðhaldi skilvirkra öryggisstjórnunferla sem hluta af stjórnunarkerfinu.

cb) Sá einstaklingur eða hópur einstaklinga sem eru tilnefndir í samræmi við b-, c- og ca-lið skulu bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum og hafa beinan aðgang að honum/henni til að viðkomandi sé nægilega vel upplýstur um mál er varða hlítni við kröfur og öryggi.

cc) Einstaklingurinn eða einstaklingarnir, sem eru tilnefndir í samræmi við b-, c- og ca-lið, skulu geta sýnt fram á viðeigandi þekkingu, viðeigandi bakgrunn og fullnægjandi reynslu í tengslum við viðhald loftfara eða íhluta og hagnýta þekkingu á þessari reglugerð.“

c) Í stað d- og e-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Í fyrirtækinu skal vera til vinnustundaáætlun fyrir viðhald svo tryggja megi að það hafi nægilegan fjölda starfsfólks með viðeigandi réttindi til að skipuleggja, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfsemi fyrirtækisins í samræmi við skilmála samþykkisins. Að auki er fyrirtækinu skylt að setja verklagsreglur um endurmat á verki sem fyrirhugað er að vinna þegar færra starfsfólk er tiltækt en gert er ráð fyrir á tiltekinni vakt eða tímabili.

e) Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við viðhald, staðfestingu á lofthæfi, öryggisstjórnun og hlítnivöktun í samræmi við verklagsreglur og staðla sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á. Auk nauðsynlegrar sérfræðikunnáttu til að gegna starfinu verður hæfni starfsfólksins að fela í sér skilning á beitingu meginreglna fyrir öryggisstjórnun, þ.m.t. mannþáttafræði og mannlegrar getu, að því er varðar starf og ábyrgð viðkomandi starfsmanns hjá fyrirtækinu.“

d) Ákvæðum j-liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„j) Þrátt fyrir ákvæði g- og h-liðar, í tengslum við þá skyldu að uppfylla kröfurnar í III. viðauka (66. hluta), er fyrirtækinu heimilt að nota viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn sem hlotið hafa starfsréttindi í samræmi við eftirfarandi ákvæði:“.

b) Í stað 1.–4. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Þegar aðalviðhald fer fram á stað utan yfirráðasvæðis sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum geta viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn hlotið réttindi samkvæmt landsbundnum flugreglugerðum í ríkinu þar sem aðstaða fyrirtækisins, sem annast aðalviðhaldið, er staðsett, sbr. þó skilyrðin sem tilgreind eru í IV. viðbæti við þennan viðauka.

2. Þegar leiðarviðhald fer fram á leiðarstöð sem er staðsett utan yfirráðasvæði sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum geta viðhaldsvottar, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í IV. viðbæti við þennan viðauka, hlotið réttindi í samræmi við eftirfarandi önnur skilyrði:

— landsbundnar flugreglugerðir í ríkinu þar sem leiðarstöðin er staðsett,

— landsbundnar flugreglugerðir í ríkinu þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar.

3. Ef um er að ræða endurtekin lofthæfifyrirmæli, sem framkvæma á fyrir hvert flug og sem kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli, getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugmanninum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er. Í því tilviki skal fyrirtækið tryggja að flugmaðurinn hafi fengið næga verklega þjálfun til að tryggja að hann geti framkvæmt lofthæfifyrirmælin.

4. Ef loftfar er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugmanninum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er, að því tilskildu að fyrirtækið sé þess fullvisst að flugmaðurinn hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt tilgreint verkefni.“

e) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) skal það hafa viðhaldsvotta, sem eru með réttindi og heimildir í samræmi við 145.A.37.“

8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.35:

a) Í stað d-, e- og f-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Fyrirtækið skal sjá til þess að allir viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn fái næga reglubundna þjálfun á hverju tveggja ára tímabili til að tryggja að þeir búi yfir nýjustu þekkingu á viðkomandi tækni, verklagsreglum og öryggisstjórnun, þ.m.t. málefnum sem varða mannþáttafræði.

e) Fyrirtækið skal setja saman áætlun um reglubundna þjálfun fyrir viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn, þ.m.t. verklagsreglu til að tryggja hlítni við viðkomandi ákvæði þessa liðar og verklagsreglu til að tryggja hlítni við ákvæði III. viðauka (66. hluta).

f) Ef frá eru talin ófyrirsjáanleg tilvik skv. 5. lið j-liðar 145.A.30 skal fyrirtækið meta alla viðhaldsvotta með tilliti til hæfni þeirra, réttinda og getu til að inna af hendi fyrirhuguð vottunarstörf í samræmi við verklagsreglu, sem tilgreind er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis, áður en þetta starfsfólk fær útgefna eða endurútgefna vottunarheimild samkvæmt þessum viðauka.“

b) Í stað i- til n-liðar kemur eftirfarandi:

„i) Sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem um getur í c-lið 145.A.30, sem bera ábyrgð á hlítnivöktun, bera einnig áfram ábyrgð á útgáfu vottunarheimilda til viðhaldsvotta. Það starfsfólk getur tilnefnt aðra einstaklinga til að gefa út eða afturkalla vottunarheimildir í samræmi við verklagsreglu, sem tilgreind er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.

j) Fyrirtækið skal láta viðhaldsvottum í té afrit af vottunarheimild sinni, annaðhvort á pappír eða á rafrænu formi.

k) Viðhaldsvottar skulu framvísa vottunarheimild sinni hjá viðurkenndum einstaklingi innan 24 stunda.

l) Lágmarksaldur viðhaldsvotta og faglegra ábyrgðarmanna er 21 ár.

m) Handhafa skírteinis flugvéltæknis í flokki A er einungis heimilt að neyta vottunarréttinda fyrir tiltekna tegund loftfars að lokinni viðeigandi verkefnaþjálfun með fullnægjandi árangri í flokki A á viðkomandi loftfari sem fyrirtæki með viðeigandi samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða IV. viðauka (147. hluta) framkvæmir. Þessi þjálfun skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun hafi verið lokið með fullnægjandi árangri með prófi eða mati, sem fram fer á vinnustað og fyrirtækið framkvæmir.

n) Handhafa skírteinis flugvéltæknis í flokki B2 er einungis heimilt að neyta vottunarréttindanna sem lýst er í ii. lið 3. liðar í a-lið 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) þegar hann hefur lokið eftirfarandi með fullnægjandi árangri:

i. viðeigandi verkefnaþjálfun í flokki A fyrir viðkomandi loftför og

ii. skjalfestri 6 mánaða verklegri reynslu sem nær yfir gildissvið heimildarinnar sem verður veitt.

Verkefnaþjálfunin skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun hafi verið lokið á fullnægjandi hátt með prófun eða mati sem fer fram á vinnustað. Viðhaldsfyrirtækið, sem gefur út heimild viðhaldsvotta, skal sjá um verkefnaþjálfun og próf/mat. Verklega reynslan skal einnig fengin hjá slíku viðhaldsfyrirtæki.“

c) Ákvæði o-liðar falla brott.

9. Liður 145.A.36 fellur brott.

10. Eftirfarandi liður 145.A.37 bætist við:

„145.A.37 **Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi**

a) Til þess að fyrirtæki geti hlotið samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML-hluta), skal fyrirtækið hafa á að skipa starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:

1) það hefur öðlast a.m.k. eins árs reynslu af áframhaldandi lofthæfi að því er varðar sviffluguur og loftbelgi og a.m.k. þriggja ára reynslu að því er varðar öll önnur loftför,

2) það hefur undir höndum heimild fyrir viðhaldsvotta viðkomandi loftfars,

3) það hefur öðlast þekkingu á C-kafla I. viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta),

4) það hefur öðlast þekkingu á þeim ferlum viðhaldsfyrirtækisins sem skipta máli fyrir staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs.

b) Áður en fyrirtækið gefur út heimild til handa umsækjanda til að annast staðfestingu á lofthæfi skal viðkomandi framkvæma staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti aðila sem hefur þegar fengið heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi hjá fyrirtækinu. Ef niðurstaða þessarar staðfestingar á lofthæfi undir eftirliti er fullnægjandi skal lögbæra yfirvaldið formlega samþykkja þennan aðila sem starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi.

c) Fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi geti sýnt fram á nýlega, viðeigandi reynslu á sviði áframhaldandi lofthæfis.“

11. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.45:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn sem eru nauðsynleg við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Með hugtakinu „viðeigandi“ er átt við það sem er viðeigandi fyrir loftfar, íhlut eða vinnuferli sem er tilgreint í skilmálum samþykkis fyrirtækisins og í tilheyrandi verkleyfislista.

Ef um er að ræða viðhaldsgögn sem aðili eða fyrirtæki, sem óskar eftir viðhaldinu, lætur í té, skal fyrirtækið hafa þau gögn í vörslu sinni meðan vinna fer fram nema fara þurfi að ákvæðum 3. liðar a-liðar 145.A.55.“

b) Í stað c-, d- og e-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Fyrirtækið skal koma á verklagsreglum til að tryggja að það sé skráð, sem hluti af innra kerfinu fyrir öryggistilkynningar sem um getur í lið 145.A.202, og tilkynnt höfundi viðhaldsgagnanna, sem starfsfólk í viðhaldi notar, ef í þeim finnast rangar, ófullkomnar eða tvíræðar verklagsreglur, starfsvenjur, upplýsingar eða viðhaldsleiðbeiningar.

d) Fyrirtækið má aðeins breyta viðhaldsleiðbeiningum í samræmi við verklagsreglu sem tilgreind er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis. Fyrirtækið skal sýna fram á að breytingar á viðhaldsleiðbeiningum leiði til jafn góðra eða betri viðhaldsstaðla og skal tilkynna höfundi viðhaldsleiðbeininganna um slíkar breytingar. Í þessum lið er með „viðhaldsleiðbeiningum“ átt við leiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma tiltekið viðhaldsverkefni; leiðbeiningarnar taka ekki til verkfræðilegrar skipulagningar viðgerða og breytinga.

e) Fyrirtækið skal koma á almennu kerfi vinnukorta eða vinnublaða sem nota skal í öllum viðeigandi deildum fyrirtækisins. Að auki skal fyrirtækið annaðhvort yfirfæra nákvæmlega viðhaldsgögnin, sem um getur í b- og d-lið, á slík vinnukort eða vinnublöð eða vísa nákvæmlega til tiltekins viðhaldsverkefnis eða -verkefna sem skráð eru í viðhaldsgögnunum. Vinnukort eða vinnublöð geta verið tölvugerð og færð í rafrænan gagnagrunn, sem er nægilega varinn gegn óleyfilegum breytingum og sem taka þarf öryggisafrit af innan 24 klst. frá því fært var inn í móðurstöð rafræna gagnagrunnsins. Flókin eða löng viðhaldsverkefni skulu yfirfærð á vinnukort eða vinnublöð og skipt niður í skýra verkáfanga til að tryggja skrásetningu á því að viðhaldsverkefnið í heild sinni hafi verið unnið.

Ef fyrirtækið annast viðhaldsþjónustu fyrir flugrekanda, sem gerir kröfur um að hans eigið vinnukorta- eða vinnublaðakerfi sé notað, er heimilt að nota það kerfi. Í þeim tilvikum skal fyrirtækið setja verklagsreglur sem tryggja að vinnukortin eða vinnublöðin séu rétt fyllt út.“

12. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.47:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Við skipulagningu viðhaldsverkefna og vakta skal, sem hluta af stjórnunarkerfinu, taka mið af takmörkum mannlegrar getu, þ.m.t. hættu á þreytu meðal starfsfólks sem vinnur við viðhald.“

b) Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) Fyrirtækið skal tryggja að stjórnunarkerfi þess taki mið af hættu í tengslum við flugöryggi sem tengist utanaðkomandi vinnuhópum sem sinnir viðhaldi í aðstöðu fyrirtækisins.“

13. Í stað liðar 145.A.48 kemur eftirfarandi:

„145.A.48 **Framkvæmd viðhalds**

a) Fyrirtækið má aðeins annast viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, þegar það hefur nauðsynlega aðstöðu, búnað, verkfæri, efnivið, viðhaldsgögn og starfsfólk til taks.

b) Fyrirtækið ber ábyrgð á því viðhaldi sem fer fram innan gildissviðs samþykkis þess.

c) Fyrirtækið skal tryggja eftirfarandi:

1) að við lok viðhalds fari fram almennt eftirlit til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,

2) að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd hvers kyns brýns viðhaldsverkefnis,

3) að dregið verði úr hættu á mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,

4) að stuðst sé við gögnin, sem tilgreind eru í M.A.304 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.304 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar,

5) að mat á bilunum í loftfari fari fram í samræmi við b-lið M.A.403 í I. viðauka (M-hluta) eða b-lið ML.A.403 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.“

14. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.50:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Viðhaldsvottar með viðeigandi vottunarheimild skulu gefa út viðhaldsvottorð fyrir hönd fyrirtækisins þegar þeir hafa gengið úr skugga um að fyrirtækið hafi framkvæmt allt viðhald, sem beðið hefur verið um, í samræmi við verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í lið 145.A.70, með hliðsjón af aðgengi að og notkun viðhaldsgagnanna, sem tilgreind eru í lið 145.A.45, og að ekki sé vitað um neinar vanefndir gagnvart kröfum sem gætu stofnað flugöryggi í hættu.“

b) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Vekja skal athygli aðilans eða fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfara, á nýjum bilunum eða ófullkomnum viðhaldsverkbeiðnum, sem uppvíst verður um við viðhald, í þeim sérstaka tilgangi að komast að samkomulagi um að lagfæra bilanirnar eða gera þeim þáttum skil sem vantar í viðhaldsverkbeiðnina. Neiti þessi aðili eða fyrirtæki að láta slíkt viðhald fara fram samkvæmt þessum lið gilda ákvæði e-liðar.

d) Viðhaldsvottar með viðeigandi vottunarheimild skulu gefa út viðhaldsvottorð fyrir hönd fyrirtækisins eftir að viðhald, sem beðið hefur verið um, hefur verið framkvæmt á íhlut á meðan íhluturinn er utan loftfarsins. Opinbera viðhaldsvottorðið „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhlutinn, nema annað sé tilgreint í M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Þegar fyrirtæki viðheldur íhlut til eigin nota er ef til vill ekki þörf á EASA-eyðublaði nr. 1, ef kveðið er á um það í innri verklagsreglum fyrirtækisins um útgáfu viðhaldsvottorða, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.“

c) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) Þegar loftfar er kyrrsett á stað sem ekki er aðalleiðarstöð eða aðalviðhaldsstöð sökum þess að ekki er fáanlegur íhlutur með viðeigandi viðhaldsvottorð má fyrirtækið, sem samið hefur verið við um viðhald á loftfarinu, þrátt fyrir a-lið 145.A.50 og 145.A.42, setja til bráðabirgða upp íhlut, sem hefur ekki viðeigandi viðhaldsvottorð, til notkunar í allt að 30 klst. eða þar til loftfarið kemur í fyrsta sinn aftur til aðalleiðarstöðvarinnar eða aðalviðhaldsstöðvarinnar, hvort heldur gerist fyrr, að því tilskildu að samþykki aðilans eða fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, hafi fengist og að áðurnefndur íhlutur hafi viðunandi viðhaldsvottorð og uppfylli að öðru leyti allar viðeigandi viðhalds- og rekstrarkröfur. Það ber að skipta um slíka íhluti innan þeirra tímamarka sem eru tiltekin í fyrstu setningu þessa liðar nema viðeigandi viðhaldsvottorð hafi fengist áður skv. a-lið 145.A.50 og 145.A.42.“

15. Í stað liðar 145.A.55 kemur eftirfarandi:

„145.A.55 **Skráahald**

a) Viðhaldsskrár

1) Fyrirtækið skal skrá upplýsingar um þau viðhaldsverk sem unnin eru innan gildissviðs samþykkis þess. Fyrirtækið skal a.m.k. varðveita allar skrár sem eru nauðsynlegar til að sanna að öllum kröfum hafi verið fullnægt fyrir útgáfu viðhaldsvottorðs, þ.m.t. hugsanleg viðhaldsskjöl undirverktaka.

2) Fyrirtækið skal láta flugrekanda eða viðskiptavini í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af sundurliðuðum viðhaldsskrám í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og eru nauðsynlegar til að sýna fram á hlítni við kröfur M.A.305 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

3) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám (þ.m.t. viðhaldsvottorðum) og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem viðhaldsvottorð var gefið út fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við.

4) Ef fyrirtæki hættir rekstri skal það senda allar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi þrjú ár, sem hafa verið varðveittar, til síðasta viðskiptavinar eða eiganda viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

b) Skrár yfir staðfestingu á lofthæfi

1) Ef fyrirtæki hefur þau réttindi sem um getur í f-lið 145.A.75 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það hefur gefið út, ásamt öllum fylgiskjölum, og gera þessar skrár tiltækar eiganda loftfarsins, samkvæmt beiðni.

2) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum skrám sem um getur í 1. lið í þrjú ár frá útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðsins.

3) Ef fyrirtæki hættir rekstri skal senda allar skrár yfir staðfestingu á lofthæfi síðustu þriggja ára, sem hafa verið varðveittar, til síðasta eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

c) Skrár sem tengjast stjórnunarkerfinu, verktakasamningum og undirverktakasamningum

Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu geymdar í að lágmarki fimm ár:

i. skrár yfir lykilferli í stjórnunarkerfinu sem um getur í lið 145.A.200,

ii. samningar, bæði verktakasamningar og undirverktakasamningar sem um getur í lið 145.A.205.

d) Skrá varðandi starfsfólk

1) Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu varðveittar:

i. skrár yfir réttindi, þjálfun og reynslu starfsfólksins sem kemur að viðhaldi, hlítnivöktun og öryggisstjórnun,

ii. skrár yfir réttindi, þjálfun og reynslu alls starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi.

2) Skrárnar yfir allt starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, skulu innihalda upplýsingar um öll viðeigandi réttindi, ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á sviði áframhaldandi lofthæfis, og afrit af heimildinni til að annast staðfestingu á lofthæfi sem fyrirtækið gefur út til handa þessu starfsfólki.

3) Skrárnar yfir alla viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn skulu innihalda eftirfarandi:

i. nákvæmar upplýsingar um skírteini flugvéltæknis skv. III. viðauka (66. hluta) sem viðkomandi hefur, eða jafngildi þess,

ii. gildissvið vottunarheimilda sem voru gefnar út til handa þessu starfsfólki, eftir því sem við á,

iii. upplýsingar um starfsfólk með takmarkaða eða staka vottunarheimild, sem um getur í j-lið 145.A.30.

4) Skrár varðandi starfsfólk skulu geymdar þann tíma sem viðkomandi vinnur fyrir fyrirtækið og í þrjú ár eftir að viðkomandi hefur hætt störfum þar, eða eftir að heimild, sem var gefin út til viðkomandi, hefur verið afturkölluð.

5) Ef óskað er eftir því skal fyrirtækið veita starfsfólkinu, sem um getur í 2. og 3. lið, aðgang að starfsmannagögnum sínum, eins og tilgreint er í þessum liðum Ef óskað er eftir því skal viðhaldsfyrirtækið einnig fá hverju þeirra afrit af starfsmannagögnum sínum þegar það hættir störfum hjá fyrirtækinu.

e) Fyrirtækið skal koma á skráningarkerfi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar alla hluta starfseminnar.

f) Snið skráa skal tilgreint í verklagsreglum fyrirtækisins.

g) Geyma skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.“

16. Í stað liðar 145.A.60 kemur eftirfarandi:

„145.A.60 **Tilkynning atvika**

a) Fyrirtækið skal koma á og viðhalda tilkynningarkerfi um atvik, þ.m.t. skyldubundnar og valfrjálsar tilkynningar, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu. Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki má koma á fót einu kerfi til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerða hennar auk reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

b) Fyrirtækið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu og handafa hönnunarsamþykkis loftfarsins eða íhlutarins, um alla öryggistengda atburði eða aðstæður varðandi loftfar eða íhlut, sem fyrirtækið verður áskynja um og sem stofna, eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu, einkum slys eða alvarlegt flugatvik.

c) Fyrirtækið skal einnig tilkynna um alla atburði eða aðstæður sem hafa áhrif á loftfar til aðilans eða fyrirtækisins sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins í samræmi við M.A.201 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.201 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Að því er varðar atburði eða aðstæður sem hafa áhrif á íhluti loftfars skal fyrirtækið tilkynna það þeim aðila eða fyrirtæki sem óskaði eftir viðhaldinu.

d) Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa ekki höfuðstöðvar sínar í aðildarríki:

1) skulu fyrstu skyldubundnu tilkynningarnar:

i. tryggja að trúnaður hvíli yfir nafni þess sem tilkynnir og einstaklinganna, sem nefndir eru í tilkynningunni, með viðeigandi hætti,

ii. sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður vart við atvikið nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,

iii. sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar,

iv. hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um,

2) þar sem við á, skal fyrirtækið senda inn skýrslu til eftirfylgni sem inniheldur upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni og um leið og þær aðgerðir liggja fyrir skulu þessar skýrslur til eftirfylgni:

i. sendar þeim aðilum, sem um getur í b- og c-lið, sem fengu frumskýrsluna senda,

ii. sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.“

17. Í stað liðar 145.A.65 kemur eftirfarandi:

„145.A.65 **Verklagsreglur um viðhald**

a) Fyrirtækið skal setja verklagsreglur sem tryggja að höfð sé hliðsjón af mannþáttafræði og góðum viðhaldsvenjum meðan á viðhaldi stendur, þ.m.t. í tengslum við starfsemi undirverktaka, og sem uppfylla gildandi kröfur þessa viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta). Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja slíkar verklagsreglur.

b) Verklagsreglurnar um viðhald, sem komið var á samkvæmt þessum lið, skulu:

1) tryggja að skýr verkbeiðni eða verksamningur um viðhald liggi fyrir milli fyrirtækisins og aðilans eða fyrirtækisins, sem óskar eftir viðhaldi, þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram þannig að unnt sé að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið og íhlutina í samræmi við lið 145.A.50,

2) taka til allra þátta, sem varða framkvæmd viðhaldsins, þ.m.t. að veita og hafa eftirlit með sérhæfðri þjónustu og mæla fyrir um staðlana sem fyrirhugað er að fyrirtækið starfi eftir.“

18. Í stað liðar 145.A.70 kemur eftirfarandi:

„145.A.70 **Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis (MOE)**

a) Fyrirtækið skal koma á og viðhalda starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis sem inniheldur, annaðhvort beint eða með tilvísun, alla eftirfarandi þætti:

1) yfirlýsingu, undirritaða af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni jafnan vinna í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við samþykkta starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis ef ábyrgðarmaðurinn er ekki framkvæmdastjóri fyrirtækisins skal framkvæmdastjórinn einnig undirrita yfirlýsinguna,

2) öryggisstefnu fyrirtækisins og tengd öryggismarkmið sem um getur í 2. lið a-liðar 145.A.200,

3) starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklinganna sem tilnefndir eru skv. b-, c- og ca-lið 145.A.30,

4) skyldur og ábyrgð einstaklinganna sem tilnefndir eru skv. b-, c- og ca-lið 145.A.30, þ.m.t. málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til lögbæra yfirvaldsins fyrir hönd fyrirtækisins,

5) skipurit sem sýnir ábyrgðarskyldu og tilheyrandi ábyrgðarsvið, sem komið er á í samræmi við 1. lið a-liðar 145.A.200, milli allra þeirra einstaklinga sem um getur í b-, c- og ca-lið 145.A.30,

6) skrá yfir viðhaldsvotta og, ef við á, faglega ábyrgðarmenn og starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi ásamt gildissviði heimildar þeirra,

7) almenna lýsingu á þeim mannafla og því kerfi sem er til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til reiðu, eins og krafist er í d-lið 145.A.30,

8) almenna lýsingu á aðstöðunni á hverri samþykktri staðsetningu,

9) ítarlega útlistun á verksviði fyrirtækisins sem skilmálar samþykkisins taka til, eins og krafist er í 145.A.20,

10) verklagsregluna til að ákvarða umfang breytinga sem þarfnast ekki fyrirframsamþykkis og þar sem því er lýst hvernig slíkum breytingum verður hagað og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og krafist er í c-lið 145.A.85,

11) verklagsregluna til að breyta starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis,

12) verklagsreglurnar þar sem tilgreint er hvernig fyrirtækið tryggir hlítni við ákvæði þessa viðauka,

13) skrá yfir flugrekendur, sem stunda starfrækslu í ábataskyni, sem fyrirtækið sér um reglulegt viðhald loftfara fyrir, og tilheyrandi verklagsreglur,

14) eftir atvikum, skrá yfir undirverktakafyrirtæki, sem um getur í b-lið 145.A.75,

15) skrá yfir samþykktar staðsetningar, þ.m.t. eftir atvikum staðsetningar fyrir leiðarviðhald, sem um getur í d-lið 145.A.75,

16) skrá yfir verktakafyrirtæki,

17) skrá yfir núgildandi samþykktar aðferðir til að uppfylla kröfur sem fyrirtækið notar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu útgáfuna af starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis. Henni skal breytt eins og nauðsyn krefur svo hún verði áfram uppfærð lýsing á fyrirtækinu.

c) Meðhöndla skal breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis í samræmi við verklagsregluna sem um getur í 10. og 11. lið a-liðar. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið verklagsreglunnar sem um getur í 10. liðar a-liðar, sem og breytingar sem tengjast breytingunum sem eru tilgreindar í a-lið 145.A.85.“

19. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.75:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Samkvæmt starfsemislýsingunni er fyrirtækinu heimilt að vinna eftirfarandi verkefni: “.

b) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) að annast viðhald á sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem auðkenndir eru í vottorðinu og í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis,

b) að láta fara fram viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, hjá öðru undirverktakafyrirtæki sem vinnur eftir gæðakerfi fyrirtækisins; þetta er takmarkað við vinnu sem er leyfileg samkvæmt verklagsreglum í 145.A.65 og nær ekki yfir aðalviðhaldsskoðun loftfars eða heildarviðhaldsskoðun á verkstæði né grannskoðun hreyfils eða hreyfilhluta,“.

c) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) ef það hefur hlotið sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir loftfar, sem fellur undir V. viðauka b (ML-hluta), er því heimilt að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta).“

20. Liður 145.A.80 fellur brott.

21. Í stað liðar 145.A.85 kemur eftirfarandi:

„145.A.85 **Breytingar á fyrirtækinu**

a) Eftirfarandi breytingar á fyrirtækinu krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds:

1) breytingar á vottorðinu, þ.m.t. skilmálum samþykkis fyrirtækisins,

2) breytingar að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a-, b-, c- og ca-lið 145.A.30,

3) breytingar á boðleiðum milli starfsfólksins, sem tilnefnt er í samræmi við b-, c- og ca-lið 145.A.30, og ábyrgðarmanns,

4) verklagsreglur að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, eins og um getur í c-lið,

5) önnur aðsetur fyrirtækisins en þau sem falla undir c-lið 145.A.75.

b) Fyrir þær breytingar sem um getur í a-lið og allar aðrar breytingar sem þarfnast fyrirframsamþykkis í samræmi við þennan viðauka, skal fyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa viðauka og að breyta, ef þörf er á, vottorði fyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við 145.B.330.

Fyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

c) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í verklaginu sem lögbæra yfirvaldið samþykkir í samræmi við h-lið 145.B.310. “.

22. Í stað liðar 145.A.90 kemur eftirfarandi:

„145.A.90 **Áframhaldandi gildi**

a) Vottorð fyrirtækisins skal áfram vera í gildi með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) að fyrirtækið fullnægi áfram kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, að teknu tilliti til ákvæða 145.B.350 í þessum viðauka í tengslum við meðhöndlun frávika,

2) að lögbæra yfirvaldinu sé veittur aðgangur að fyrirtækinu eins og tilgreint er í 145.A.140,

3) að vottorðið hafi ekki verið lagt inn af fyrirtækinu eða ógilt tímabundið eða afturkallað af lögbæra yfirvaldinu skv. 145.B.355.

b) Þegar vottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.“

23. Í stað liðar 145.A.95 kemur eftirfarandi:

„145.A.95 **Frávik og athugasemdir**

a) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt 145.B.350 skal fyrirtækið:

1) greina frumorsök eða -orsakir vanefndar gagnvart kröfum og áhrifaþætti þar að lútandi,

2) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,

3) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.

b) Aðgerðirnar, sem um getur í a-lið, skulu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem samið var um við lögbæra yfirvaldið í samræmi við 145.B.350.“

c) Fyrirtækið skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemdanna sem tekið var á móti í samræmi við f-lið 145.B.350. Fyrirtækið skal skrá ákvarðanir sem eru teknar vegna þessara athugasemda.“

24. Eftirfarandi liður 145.A.120 bætist við:

„145.A.120 **Aðferðir til að uppfylla kröfur**

a) Fyrirtæki má beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

b) Ef fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það, áður en til framkvæmda kemur, veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum sem gætu skipt máli, ásamt útskýringu á því hvernig uppfylla skuli kröfur þessarar reglugerðar.

Fyrirtækið má beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins.“

25. Eftirfarandi liður 145.A.140 bætist við:

„145.A.140 **Aðgangur**

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar skal fyrirtækið ávallt tryggja aðgang að allri aðstöðu, loftförum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfseminni sem á að votta, óháð því hvort hún hefur verið falin undirverktaka, sé veittur öllum aðilum sem hafa heimild einhvers eftirtalinna yfirvalda:

a) lögbæra yfirvaldsins sem skilgreint er í 145.1,

b) yfirvaldsins sem framkvæmir eftirlitsverkefnin í samræmi við d-lið 145.B.300.“

26. Eftirfarandi liður 145.A.155 bætist við:

„145.A.155 **Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

Fyrirtækið skal innleiða:

a) allar öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um í samræmi við 145.B.135,

b) allar viðeigandi skyldubundnar öryggisupplýsingar sem Flugöryggisstofnunin gefur út.“

27. Eftirfarandi liður 145.A.200 bætist við:

„145.A.200 **Stjórnunarkerfi**

a) Fyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi atriði:

1) að skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og ábyrgðarsviðs í öllu fyrirtækinu, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á öryggginu,

2) að lýsa grundvallarviðhorfi og meginreglum fyrirtækisins með tilliti til öryggis („öryggisstefnunni“) og tengdra öryggismarkmiða,

3) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi fyrirtækisins, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til að draga úr áhættunni og sannprófa skilvirkni þessara aðgerða,

4) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,

5) gögn yfir öll lykilferli stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,

6) ferli til að vakta hlítni fyrirtækisins við viðeigandi kröfur. Hlítnivöktun skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um frávik til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.

b) Stjórnunarkerfið skal vera í samræmi við stærð fyrirtækisins og eðli starfsemi þess og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu sem fylgja þessari starfsemi.

c) Ef fyrirtækið hefur eitt eða fleiri fyrirtækjavottorð til viðbótar, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139, má samþætta stjórnunarkerfið við það kerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum.“

28. Eftirfarandi liður 145.A.202 bætist við:

„145.A.202 **Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar**

a) Sem hluta af stjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið koma á innra kerfi fyrir öryggistilkynningar sem gerir kleift að safna upplýsingum um atvik sem tilkynna ber skv. 145.A.60 og meta þau.

b) Kerfið skal einnig gera kleift að safna upplýsingum um mistök, atvik þar sem liggur við slysi og hættur sem tilkynnt er um innanhúss en falla ekki undir a-lið, og meta þau.

c) Fyrir tilstuðlan þessa kerfis skal fyrirtækið:

1) greina orsakir og áhrifaþætti mistaka, atvika þar sem liggur við slysi og hætta sem tilkynnt er um og meðhöndla þau sem hluta af stjórnun öryggisáhættu þeirra í samræmi við 3. lið a-liðar 145.A.200,

2) tryggja mat á öllum þekktum upplýsingum sem skipta máli hvað varðar mistök, atvik þar sem liggur við slysi, hættur og vanhæfni til að fylgja verklagsreglum, og, eftir því sem nauðsynlegt er, aðferð til að dreifa upplýsingunum.

d) Fyrirtækið skal gera ráðstafanir til að tryggja skráningu öryggisvandamála sem tengjast undirverktakastarfsemi.“

29. Eftirfarandi liður 145.A.205 bætist við:

„145.A.205 **Verktakasamningar og undirverktakasamningar**

a) Þegar fyrirtækið gerir verktakasamning eða felur undirverktaka einhvern hluta starfsemi sinnar skal það tryggja:

1) að viðhaldið uppfylli viðeigandi kröfur,

2) að hættur í tengslum við flugöryggi, sem tengjast slíkum verktaka- eða undirverktakasamningum, teljist hluti af stjórnunarkerfi fyrirtækisins.

b) Ef fyrirtækið gerir undirverktakasamning við annað fyrirtæki um einhvern hluta viðhaldsaðgerða sinna skal undirverktakafyrirtækið starfa samkvæmt gildissviði samþykkis undirverktakafyrirtækisins.“

30. Í stað B-þáttar kemur eftirfarandi:

„B-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

145.B.005 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru sett skilyrði fyrir framkvæmd verkefna sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd sem og þær stjórnsýslu-kröfur og kröfur stjórnunarkerfisins sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á framkvæmd og framfylgd ákvæða A-þáttar, ber að uppfylla.

145.B.115 **Eftirlitsgögn**

Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

145.B.120 **Aðferðir til að uppfylla kröfur**

a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC) sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við þessa reglugerð.

c) Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Flugöryggisstofnunina um allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem notaðar eru af fyrirtækjum undir þeirra eftirliti eða þeim sjálfum til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

145.B.125 **Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar**

a) Lögbært yfirvald aðildarríkis skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, innan 30 daga frá því yfirvaldinu varð kunnugt um vandamálin.

b) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerðir og framseldar gerðir hennar, skal lögbæra yfirvaldið veita Flugöryggisstofnuninni, eins fljótt og auðið er, allar mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um atvik og eru geymdar í landsbundna gagnagrunninum skv. 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.

145.B.135 **Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

a) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbæra yfirvaldið innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.

b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita viðkomandi yfirvaldi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, einstaklingum eða fyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu.

d) Lögbært yfirvald skal tafarlaust tilkynna aðgerðir, sem gripið hefur verið til skv. c-lið, til allra einstaklinga eða fyrirtækja sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þær aðgerðir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar aðgerðir krefjast sameiginlegs átaks.

145.B.200 **Stjórnunarkerfi**

a) Lögbært yfirvald skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi, sem inniheldur að lágmarki:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og leiðum til að staðfesta samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar; verklagsreglur skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni þess,

2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,

3) starfsfólk sem hefur réttindi til að inna af hendi störf sem þeim eru úthlutuð og hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu, og fær grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja áframhaldandi hæfni,

4) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að starfsfólk geti sinnt úthlutuðum verkefnum,

5) ferli til að vakta hlítni stjórnunarkerfisins við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttekt og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun; hlítnivöktun skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta,

6) einstakling eða hóp einstaklinga, sem bera ábyrgð á hlítnivöktuninni gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.

b) Fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, skal lögbæra yfirvaldið tilnefna einn eða fleiri einstaklinga sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.

c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við öll önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, hvort sem það er innan aðildarríkisins eða í öðrum aðildarríkjum, þ.m.t. um:

1) öll frávik sem koma upp og allar eftirfylgniaðgerðir, sem gripið er til í kjölfar eftirlits með aðilum og fyrirtækjum sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni,

2) upplýsingar sem eru leiddar af skyldubundnum og valfrjálsum tilkynningum um atvik, eins og krafist er í 145.A.60.

d) Afrit af verklagsreglunum sem tengjast stjórnunarkerfinu og breytingum þar á skulu gerðar aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni af ástæðum er varða stöðlun.

145.B.205 **Úthlutun verkefna til hæfra aðila**

a) Lögbært yfirvald má úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með fyrirtækjum, sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, til hæfra aðila. Þegar lögbæra yfirvaldið úthlutar verkefnum skal það tryggja að það hafi:

1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og símat á því hvort hæfi aðilinn fari að kröfum VI. viðauka í reglugerð (ESB) 2018/1139; þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfestar,

2) komið á skriflegu samkomulagi við hæfa aðilann, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem mælt er fyrir um:

i. verkefnin sem inna á af hendi,

ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja á fram,

iii. tæknileg skilyrði, sem á að uppfylla þegar slík verkefni eru innt af hendi,

iv. tilheyrandi bótaábyrgð,

v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að verklagið fyrir innri úttektir og verklagið fyrir stjórnun öryggisáhættu, sem komið er á fót skv. 5. lið a-liðar 145.B.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfellt eftirlit sem hæfi aðilinn framkvæmir fyrir hönd þess.

145.B.210 **Breytingar á stjórnunarkerfinu**

a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að greina breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Þetta kerfi skal gera lögbæra yfirvaldinu kleift að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt tímanlega til að endurspegla allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd hennar.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um hvers konar breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

145.B.220 **Skráahald**

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á skráningarkerfi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, réttindi og heimildir starfsfólks þess,

3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í 145.B.205, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) vottunarferli og samfellt eftirlit með vottuðum fyrirtækjum, þ.m.t.:

i. umsókn um fyrirtækjavottorð,

ii. áætlun lögbæra yfirvaldsins um samfellt eftirlit, þ.m.t. allar mats-, úttektar- og skoðunarskrár,

iii. fyrirtækjavottorðið með áorðnum breytingum,

iv. afrit af áætluninni um samfellt eftirlit þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,

v. afrit af öllum formlegum bréfaskiptum,

vi. tilmæli vegna útgáfu eða framlengingar á samþykki, upplýsingar um frávik og aðgerðir sem fyrirtækin hafa gripið til í því skyni að ráða bót á þessum frávikum, þ.m.t. dagsetninguna sem þau eru leidd til lykta, framfylgdaraðgerðir og athugasemdir,

vii. mats-, úttektar- og skoðunarskýrslur útgefnar af öðru lögbæru yfirvaldi skv. d-lið 145.B.300,

viii. afrit af öllum starfsemislýsingum (MOE) eða handbókum fyrirtækisins og breytingum á þeim,

ix. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt,

5) skjöl sem styðja við notkun á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur,

6) upplýsingar um öryggismál, sem eru lagðar fram í samræmi við 145.B.125, og ráðstafanir til eftirfylgni,

7) notkun verndarráðstafana og ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 70. gr., 71. gr. (1. mgr.) og 76. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/1139.

b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll fyrirtækjavottorð sem það hefur gefur út.

c) Geyma skal öll gögn, sem um getur í a- og b-lið, í minnst fimm ár, sbr. þó gildandi persónuverndarlög.

d) Allar skrár sem um getur í a- og b-lið skulu gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni sé þess óskað.

145.B.300 **Meginreglur um eftirlit**

a) Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa:

1) hlítni við þær kröfur sem eiga við um fyrirtæki, áður en gefið er út fyrirtækjavottorð,

2) áframhaldandi hlítni fyrirtækja, sem það hefur vottað, við viðeigandi kröfur,

3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, í samræmi við c- og d-lið í 145.B.135.

b) Þessi staðfesting skal:

1) studd skjölum, sem einkum er ætlað að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á eftirliti, um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2) veita hlutaðeigandi fyrirtækjum niðurstöður úr eftirlitinu,

3) byggjast á mati, úttektum og skoðunum og, ef þörf er á, fyrirvaralausum skoðunum,

4) útvega lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í 145.B.350.

c) Lögbært yfirvald skal ákvarða umfang eftirlitsins, eins og það er skilgreint í a- og b-lið, að teknu tilliti til niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og til forgangsröðunar í öryggismálum.

d) Ef fyrirtæki er með aðstöðu í fleiri en einu ríki getur lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 145.1, samþykkt að eftirlitsverkefnin séu í höndum lögbærs yfirvald eða lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu eða aðildarríkjunum þar sem aðstaðan er staðsett eða Flugöryggisstofnunarinnar þegar um er að ræða aðstöðu sem staðsett er utan yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum. Öll fyrirtæki, sem heyra undir slíkt samkomulag, skulu upplýst um tilvist þess og umfang.

e) Hvað varðar eftirlitsstarfsemi sem fer fram í aðstöðu, sem staðsett er í öðru aðildarríki en því sem fyrirtækið er með höfuðstöðvar sínar, skal lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 145.1, upplýsa lögbært yfirvald í því aðildarríki áður en það fer á staðinn til að framkvæma úttekt eða skoðun á aðstöðunni.

f) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að framkvæma eftirlit.

145.B.305 **Eftirlitsáætlun**

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í 145.B.300.

b) Í eftirlitsáætluninni skal tillit tekið til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er, niðurstaðna úr fyrri vottunar- og/eða eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:

1) mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t. eftir því sem við á:

i. mat á stjórnunarkerfum og úttektir á ferlum,

ii. vöruúttektir á viðeigandi úrtaki af viðhaldi sem viðkomandi fyrirtæki framkvæmir,

iii. úrtakskönnun á staðfestingum á lofthæfi sem framkvæmdar hafa verið,

iv. fyrirvaralausar eftirlitsúttektir,

2) fundi sem boðaðir eru á milli ábyrgðarmanns og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um öll mikilvæg atriði.

c) Eftirlitslotan skal ekki vera lengri en 24 mánuðir.

d) Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotuna í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

1) að fyrirtækið hafi sýnt fram á að það geti með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,

2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á hlítni við ákvæði liðar 145.A.85 og að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum,

3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,

4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, eins og kveðið er á um í 145.B.350.

Þrátt fyrir c-lið má framlengja eftirlitslotu aftur að hámarki í 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við skilyrðin í 1.–4. lið d-liðar, komið á fót skilvirku kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs og lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt þetta kerfi.

e) Stytta má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.

f) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir þær dagsetningar sem mat, úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram á og hvenær slíkt mat, úttektir, skoðanir og fundir fóru í raun fram.

g) Við lok hverrar eftirlitslotu skal lögbæra yfirvaldið gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á samþykki.

145.B.310 **Upphafsferli vegna vottunar**

a) Við móttöku umsóknar frá fyrirtæki um fyrstu útgáfu vottorðs skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið hlíti viðeigandi kröfum.

b) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanni fyrirtækisins a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna fyrstu vottunar fer fram til að tryggja að viðkomandi skilji til fulls hlutverk sitt og ábyrgðarskyldu.

c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik sem hafa verið gefin út, aðgerðir til úrbóta og tilmæli vegna útgáfu vottorðsins.

d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta skriflega við fyrirtækið öll frávik sem komu í ljós við sannprófunina. Þegar um er að ræða fyrstu vottun þarf að sýna lögbæra yfirvaldinu fram á að búið sé að ráða, með fullnægjandi hætti, bót á öllum frávikum, áður en hægt er að gefa út vottorðið.

e) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur fullvissað sig um að fyrirtækið hlíti viðeigandi kröfum skal það:

1) gefa út vottorðið sem um getur í III. viðbæti, „EASA-eyðublað nr. 3-145“, í samræmi við flokka- og áritunarkerfið sem kveðið er á um í II. viðbæti,

2) formlega samþykkja viðkomandi starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.

f) Tilvísunarnúmer vottorðsins skal koma fram á EASA-eyðublaði nr. 3-145 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

g) Starfsleyfið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi og umfang starfseminnar, sem fyrirtækið hefur heimild til að annast, þ.m.t. allar takmarkanir eftir því sem við á, skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins sem fylgja vottorðinu.

h) Til að gera fyrirtækinu kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við c-lið 145.A.85 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðeigandi verklag, sem kveðið er á um í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis, þar sem umfang slíkra breytinga er tilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verða meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi.

145.B.330 **Breytingar – fyrirtæki**

a) Við móttöku umsóknar um breytingu sem krefst fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið.

b) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða með hvaða skilyrðum fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella þurfi vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi.

c) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.

d) Með fyrirvara um frekari framfylgdarráðstafanir skal lögbæra yfirvaldið meta hvort fella þurfi tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð fyrirtækisins ef fyrirtækið gerir breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins skv. c-lið.

e) Að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið gera endurskoðun á slíkum breytingum hluta af samfelldu eftirliti sínu í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 145.B.300. Ef vanefndir gagnvart kröfum koma í ljós skal lögbæra yfirvaldið tilkynna fyrirtækinu þar um, fara fram á frekari breytingar og fara eftir ákvæðum 145.B.350.

145.B.350 **Frávik og aðgerðir til úrbóta; athugasemdir**

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa innleitt kerfi til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar um er að ræða verulegar vanefndir gagnvart kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða gagnvart vottorði fyrirtækisins þ.m.t. skilmálum samþykkis, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í mikla hættu.

Fyrsta stigs frávik skal einnig ná yfir eftirfarandi:

1) að láta hjá líða að veita lögbæru yfirvaldi aðgang að aðstöðu fyrirtækisins, eins og um getur í 145.A.140, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

2) þegar fyrirtækjavottorð er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skrifleg gögn,

3) gögn um misferli eða sviksamlega notkun fyrirtækjavottorðsins,

4) vöntun á ábyrgðarmanni.

c) Lögbært yfirvald skal gefa út annars stigs frávik þegar í ljós koma vanefndir gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða gagnvart vottorði fyrirtækis þ.m.t. skilmálum samþykkis, sem flokkast ekki sem fyrsta stigs frávik.

d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers kyns viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, senda fyrirtækinu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim vanefndum sem komu í ljós. Ef fyrsta stigs frávik tengist loftfari beint skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem loftfarið er skráð.

1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis og, ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að gera aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti.

2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinu sem er í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrír mánuðir til að byrja með. Fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávikið til fyrirtækisins þar sem krafist er aðgerða til úrbóta til að bregðast við þeim vanefndum sem komu í ljós; við lok þessa tímabils og með hliðsjón af eðli fráviksins er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest að því tilskildu að lögð hafi verið fram áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,

ii. meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem fyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum.

3) Ef fyrirtækið leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

4) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það hefur vakið máls á eða sem því hefur borist tilkynning um í samræmi við e-lið, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þær dagsetningar sem aðgerðum vegna frávika er lokið.

e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir, gildir það að ef yfirvald, sem framkvæmir eftirlitsverkefni skv. d-lið 145.B.300, uppgötvar að fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni, hlítir ekki viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, skal það upplýsa viðkomandi lögbæra yfirvald þar um og tilgreina á hvaða stigi frávikið er.

f) Ef hvorki er um að ræða fyrsta né annars stigs frávik er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir vegna einhverra eftirfarandi tilvika:

1) fyrir hverja einingu sem hefur verið metin óskilvirk,

2) þegar í ljós kemur að eining getur hugsanlega orsakað vanefnd gagnvart kröfum skv. b- eða c-lið,

3) þegar tillögur eða úrbætur skipta máli fyrir heildaröryggisframmistöðu fyrirtækisins.

Athugasemdirnar, sem eru lagðar fram samkvæmt þessum lið, skulu tilkynntar fyrirtækinu skriflega og skráðar af lögbæru yfirvaldi.

145.B.355 **Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun**

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) ógilda vottorð tímabundið þegar það telur gildar ástæður vera fyrir því að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir trúverðuga ógn við öryggi loftfara,

b) ógilda tímabundið, afturkalla eða takmarka vottorð ef slíkrar aðgerðar er krafist skv. 145.B.350,

c) ógilda tímabundið eða takmarka vottorð, í heild eða að hluta, ef ófyrirsjáanlegar aðstæður, sem lögbært yfirvald hefur enga stjórn á, koma í veg fyrir að skoðunarmenn gegni eftirlitshlutverki sínu á meðan eftirlitslota stendur yfir.“

31. Í stað II. viðbætis kemur eftirfarandi:

„II. viðbætir

Flokka- og áritunarkerfi sem notað er fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta

a) Nema kveðið sé á um annað fyrir minnstu fyrirtækin, sem um getur í m-lið, inniheldur taflan, sem um getur í l-lið, mögulega flokka og áritanir sem nota skal við að ákvarða skilmálana fyrir samþykki vottorðs fyrirtækis, sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta). Veita ber fyrirtæki skilmála samþykkis sem spanna allt frá einum flokki og áritun með takmörkunum til allra flokka og áritana með takmörkunum.

b) Auk þess sem fram kemur í töflunni í l-lið, er sérhverju viðhaldsfyrirtæki skylt að tilgreina verksvið sitt í starfsemislýsingu sinni (MOE).

c) Innan ramma þess flokks eða flokka og áritunar eða áritana sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt skal verksviðið, sem tilgreint er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis, sýna nákvæmlega takmarkanir samþykkisins. Það er því mikilvægt að flokkur/flokkar og áritun/áritanir samþykkisins samsvari verksviði fyrirtækisins.

d) *Flokksáritun í flokki A* merkir að viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á loftfari og íhlutum þess (þ.m.t. hreyflum og/eða aukaaflstöðvum (APU)) í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður getur viðhaldsfyrirtæki með A-réttindi fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fyrirtækið hefur ekki heimild til að framkvæma. Slík fjarlæging íhlutar vegna viðhalds, sem viðhaldsfyrirtæki með heimildir í A-flokki framkvæmir, skal falla undir viðeigandi verklagsreglu um eftirlit í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.

Í dálkinum *takmörkun* verður að tilgreina umfang slíks viðhalds, sem gefur þar með til kynna umfang samþykkisins.

e) *Flokksáritun í flokki A* er skipt niður í „aðalviðhald“ og „leiðarviðhald“. Slíkt fyrirtæki getur fengið samþykki til aðal- eða leiðarviðhalds eða hvort tveggja. Vakin er athygli á því að leiðarstöð, sem staðsett er á aðalviðhaldsstöð, þarf að hafa samþykki til leiðarviðhalds.

f) *Flokksáritun í flokki B* merkir að viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á óísettum hreyflum og/eða aukaaflstöðum og íhlutum hreyfils og/eða aukaaflstöðvar, í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils og/eða aukaaflstöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum og/eða aukaaflstöðinni. Engu að síður getur samþykkt viðhaldsfyrirtæki með B-réttindi fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fyrirtækið hefur ekki heimild til að framkvæma.

Í dálkinum *takmörkun* verður að tilgreina umfang slíks viðhalds, sem gefur þar með til kynna umfang samþykkisins.

Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með flokksáritun í flokki B er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum hreyfli við aðal- og leiðarviðhald loftfars, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt viðeigandi verklagsreglu um eftirlit í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins. Ef lögbæra yfirvaldið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.

g) *Flokksáritun í flokki C* merkir að viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á óísettum íhlutum (að undanskildum fullgerðum hreyflum og aukaaflstöðvum) sem ætlaðir eru til ísetningar í loftfar eða hreyfil/aukaaflstöð.

Í dálkinum *takmörkun* verður að tilgreina umfang slíks viðhalds, sem gefur þar með til kynna umfang samþykkisins.

Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með flokksáritun í flokki C er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum íhlut (öðrum en fullgerðum hreyfli/aukaaflstöð) við aðal- og leiðarviðhald loftfars, eða í viðhaldsaðstöðu hreyfils/aukaaflstöðvar, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt viðeigandi verklagsreglu um eftirlit í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins. Ef lögbæra yfirvaldið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.

h) *Flokksáritun í flokki D* er sjálfstæð flokksáritun sem þarf ekki endilega að tengjast sérstöku loftfari, hreyfli eða öðrum íhlut. Áritun til prófunar án eyðileggingar í flokki D1 (NDT) er aðeins nauðsynleg fyrir viðhaldsfyrirtæki sem tekur að sér prófun án eyðileggingar sem sérstakt verkefni fyrir annað fyrirtæki. Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með flokksáritun í flokki A, B eða C er heimilt að gera prófun án eyðileggingar á framleiðsluvörum, sem það annast viðhald á, án þess að hafa flokksáritun í flokki D1, að því tilskildu að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins séu verklagsreglur um prófanir án eyðileggingar.

i) Markmiðið með dálkinum *takmörkun* er að gefa lögbærum yfirvöldum svigrúm til að laga samþykkið að tilteknu fyrirtæki. Áritanir má aðeins tilgreina á samþykkinu ef þær eru takmarkaðar á viðeigandi hátt. Í töflunni í l-lið eru tilgreindar allar takmarkanir sem til greina koma. Í dálkinum *takmörkun* er ásættanlegt að leggja áherslu á viðhaldsverkefnið fremur en á tegund eða framleiðanda loftfarsins eða hreyfilsins, ef það hentar betur fyrir fyrirtækið (dæmi um þetta gæti verið ísetning og viðhald á rafeindakerfum loftfara). Ef minnst er á slíkt í dálkinum *takmörkun* gefur það vísbendingu um að viðhaldsfyrirtækið sé samþykkt til að annast viðhald til og með þeirri tilteknu tegund/verki.

j) Tilvísun í *röð*, *tegund* og *hóp* í dálkinum *takmörkun* fyrir flokk A og B ber að skilja sem hér segir:

— „röð“ merkir tiltekna tegundarröð, s.s. Airbus 300, 310 eða 319 eða Boeing 737-300-röðina, RB311-524-röðina, Cessna 150 eða Cessna 172, Beech 55-röðina, Continenetal O-200-röðina o.s.frv.,

— „tegund“ merkir tiltekna tegund eða undirtegund, s.s. Airbus 310-240-tegundina, RB 211-524 B4-tegundina eða Cessna 172RG-tegundina.

Tilgreina má eins margar raðir eða tegundir og óskað er eftir,

— „hópur“ merkir t.d. eins hreyfils Cessna-flugvél með strokkhreyfli eða Lycoming-strokkhreyfla án forþjöppu o.s.frv.

k) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar 145.A.85 er fyrirtæki heimilt, þegar notaður er *verkleyfislisti* fyrir íhluti sem kann að sæta tíðum breytingum, að leggja það til að slíkar breytingar, sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, verði felldar inn í verklagsreglurnar sem um getur í c-lið 145.A.85.

l) Tafla

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A1 Flugvélar með yfir 5 700 kg hámarksflugtaksmassa	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: Airbus A320-röðin*	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A2 Flugvélar með 5 700 kg hámarksflugtaksmassa	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin* Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð (aðeins hægt fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML-hluta)).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A3 Þyrlur	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund þyrlu og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: Robinson R44* Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð (aðeins hægt fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML-hluta)).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A4 Loftför önnur en A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (sviffluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð (aðeins hægt fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML-hluta)).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
HREYFLAR	B1 Hverfihreyfill	[Tilgreina skal röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: PT6A-röðin*		
	B2 Strokkhreyfill	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]		
	B3 Aukaaflstöð (APU)	[Tilgreina skal framleiðanda, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]		

AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR	C1 Loftræsting og -þrýstingur	[Tilgreina skal tegund loftfars eða framleiðanda loftfars, framleiðanda íhlutar eða tiltekinn íhlut og/eða millivísa í verkleyfislista í starfsemislýsingunni og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi: PT6A-eldsneytisstýring*
	C2 Sjálfstýring	
	C3 Fjarskipti og leiðsaga	
	C4 Hurðir — lúgur	
	C5 Rafafl og ljós	
	C6 Búnaður	
	C7 Hreyfill — aukaaflstöð	
	C8 Stýri	
	C9 Eldsneyti	
	C10 Þyrla — þyrlar	
	C11 Þyrla — drif	
	C12 Vökvaafl	
	C13 Vísi- og skráningarbúnaður	
	C14 Lendingarbúnaður	
	C15 Súrefni	
	C16 Loftskrúfur	
	C17 Loftþrýstikerfi/sogkerfi	
	C18 Vörn gegn ísingu, regni og eldi	
	C19 Gluggar	
	C20 Burðarvirki	
	C21 Vatnskjölfesta	
	C22 Knýaukning	
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	D1 Prófun án eyðileggingar	[Tilgreina skal tiltekna aðferð eða aðferðir við prófun án eyðileggingar]

(*) Strika skal yfir það sem á ekki við.

m) Viðhaldsfyrirtæki, þar sem einungis einn starfsmaður er ráðinn til starfa, bæði til að skipuleggja og framkvæma allt viðhald, getur aðeins fengið samþykki með takmarkandi skilmálum. Leyfilegt hámark er sem hér segir:

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR	A2	FLUGVÉL MEÐ STROKKHREYFLI MEÐ HÁMARKSFLUGTAKSMASSA SEM ER AÐ HÁMARKI 5 700 KG EÐA MINNI
LOFTFÖR	A3	EINS HREYFILS ÞYRLA MEÐ STROKK-HREYFLI MEÐ HÁMARKSFLUGTAKSMASSA SEM ER AÐ HÁMARKI 3 175 KG EÐA MINNI
LOFTFÖR	A4	ENGIN TAKMÖRK
HREYFLAR	B2	MINNA EN 450 HESTÖFL
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR	C1 TIL C22	SAMKVÆMT VERKLEYFISLISTA
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	D1 NDT	TILGREINA SKAL NÁNAR AÐFERÐ(IR) VIÐ PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR

Taka ber fram að lögbæra yfirvaldið getur sett enn frekari takmarkanir í skilmála samþykkis slíks fyrirtækis, sem ræðst af getu viðkomandi fyrirtækis.“

———

III. VIÐAUKI

Í stað inngangsorða a-liðar ML.A.906 Í V. viðauka b (ML-hluta) kemur eftirfarandi:

„Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis eða frá eftirlitskerfi þar sem reglugerð (ESB) 2018/1139 gildir ekki, skal umsækjandinn:“.

———

IV. VIÐAUKI

Í stað þriðja málsliðar c-liðar M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) kemur eftirfarandi:

„Slíku viðhaldsfyrirtæki fyrir hreyfla er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1338 **2023/EES/62/50**

frá 11. ágúst 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og leiðir til skýrslugjafar á milli stofnana eða fyrirtækja, og kröfur um veðurþjónustu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 43. gr. (a- og f-lið 1. mgr.), 62. gr. (a- og c- lið 15. mgr.) og 72. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 ([2]) er mælt fyrir um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu og á sviði annarrar starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar að því er varðar almenna flugumferð, og eftirlit með þeim.

2) Í samræmi við g-lið liðar 5.1 í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eiga þjónustuveitendur að koma á tilkynningakerfi um atvik sem hluta af stjórnunarkerfi sínu til að stuðla að stöðugum umbótum á öryggi. Til að tryggja að farið sé að þessari grunnkröfu og að hún sé framkvæmd á samræmdan hátt, sem og til að tryggja að ákvæðin sem af henni leiða séu samræmd reglugerð (ESB) nr. 376/2014 ([3]) um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 til samræmis við það.

3) Hinn 7. mars 2018 og 9. mars 2020 samþykkti Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) breytingu 78 og 79 á 3. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 (hér á eftir nefndur „Chicago-samningurinn“), sem miðar m.a. að því að efla og bæta samræmingu að því er varðar skipti á veðurathugunum og veðurskeytum (reglubundnum veðurskeytum fyrir flugvöll (METAR)/sérstökum veðurskeytum fyrir flugvöll (SPECI)), flugvallaspám (TAF), upplýsingum um veðurfyrirbæri á flugleið sem gætu ógnað öryggi loftfara (SIGMET), upplýsingum um veðurfyrirbæri á flugleið sem geta haft áhrif á öryggi loftfara í lægri flughæðum (AIRMET), ráðgefandi upplýsingum um gosösku og hitabeltislægðir, ráðgefandi upplýsingum um geimveður o.s.frv. í umhverfi sem samrýmist heildstæðri upplýsingastjórnun (SWIM). Þær breytingar gilda í samningsríkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá og með 8. nóvember 2018 og 5. nóvember 2020, að undanskildu METAR-sniðmátinu þar sem gildistökudagur þess hefur verið samræmdur gildistökudegi nýja samhæfða sniðmátsins (e. *global reporting format* (GRF)) fyrir yfirborðsástand flugbrautar, þ.e. 12. ágúst 2021. Þær alþjóðlegu kröfur og ráðlögðu starfsvenjur ættu að endurspeglast í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373, einkum í sértækum kröfum um stjórnskipulag fyrir veitendur veðurþjónustu sem eru settar fram í V. viðauka við þá reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

4) Einn af þáttunum sem gerir kleift að innleiða samhæfða sniðmátið fyrir yfirborðsástand flugbrautar er SNOWTAM-sniðmátið, en leiðbeiningar um útfyllingu þess ættu að vera í samræmi við nýjustu verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugleiðsöguþjónustu – Stjórnun flugmálaupplýsinga ([4]), og einnig í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ([6]).

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 01/2021 ([7]) í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., II., III., V. og VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 er breytt í samræmi við I.–V. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 32. liðar í IV. og V. viðauka koma til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([4]) International Civil Aviation Organization Procedures for Air Navigation Services – Aeronautical Information Management, Doc 10066.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

([7]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 01/2021, kröfur um tilkynningar um atvik og veðurþjónustu, https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 37. liðar kemur eftirfarandi:

„37) „markvert ský“ (e. *cloud of operational significance*): ský þar sem hæð neðra borðs skýja er lægri en 5000 fet eða lægri en mesta lágmarksflughæð í geira, hvort sem er hærri, eða skúraský eða háreist bólstraský (e. *towering cumulus cloud*) í hvaða hæð sem er,“.

2) Í stað 107. liðar kemur eftirfarandi:

„107) „ráðgjafarmiðstöð um gjóskudreifingu“ (e. *volcanic ash advisory centre* (VAAC)): veðurmiðstöð sem ráðleggur aðalveðurstofum, flugstjórnarmiðstöðvum, flugupplýsingamiðstöðvum, hnattrænum spámiðstöðvum og alþjóðlegum OPMET-gagnabönkum í tengslum við lárétta og lóðrétta útbreiðslu ösku og spáir fyrir um hreyfingu gosösku í andrúmsloftinu,“.

3) Í stað 168. liðar kemur eftirfarandi:

„168) „VOLMET um gagnatengingu“: veiting reglubundinna veðurskeyta fyrir flugvöll (METAR), sérstakra veðurskeyta fyrir flugvöll (SPECI), flugvallarspáa (TAF), SIGMET-skeyta, sérstakra tilkynninga frá loftfari sem falla ekki undir SIGMET-skeyti og, ef það liggur fyrir, AIRMET-skeyti í gegnum gagnatengingu,“.

4) Eftirfarandi 264.–266. lið er bætt við:

„264) „eldstöðvareftirlitsstöð“ (e. *volcano observatory*): veitandi, sem lögbært yfirvald velur til að viðhafa eftirlit með virkni eldstöðvar eða eldstöðva og gerir niðurstöður þessa eftirlits aðgengilegar viðtakendum í fluggeiranum sem eru á samþykktri skrá,

265) „umbrotsmál fyrir landupplýsingar“ (e. *Geography Markup Language* (GML)): kóðunarstaðall Samstarfsvettvangsins um opin landupplýsingakerfi (OGC),

266) „veðurmiðstöð í geimnum“ (e. *Space weather centre*, SWXC): miðstöð sem er ætlað að hafa eftirlit með og veita ráðgefandi upplýsingar um veðurfyrirbæri í geimnum sem búist er við að hafi áhrif á þráðlaus hátíðnifjarskipti, fjarskipti um gervihnött, leiðsögu um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi og eftirlitskerfi og/eða skapi hættu á geislun fyrir farþega loftfarsins.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 er breytt sem hér segir:

1) Í stað ATM/ANS.AR.A.020 kemur eftirfarandi:

„**ATM/ANS.AR.A.020 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar**

a) Lögbært yfirvald skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, innan 30 daga frá því lögbæra yfirvaldinu varð kunnugt um vandamálin.

b) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*) og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbæra yfirvaldið veita Flugöryggisstofnuninni, eins fljótt og auðið er, mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um atvik og eru geymdar í landsbundnum gagnagrunni þess í samræmi við 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ATM/ANS.AR.B.001:

a) Í stað 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og aðferðum við að samrýmast reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, eins og nauðsynlegt er, við vinnslu verkefna í tengslum við vottun, eftirlit og framfylgd; verklagsreglur skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá því lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,“.

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, hvort sem það er innan aðildarríkisins eða í öðrum aðildarríkjum, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingum:

1) öllum viðeigandi frávikum sem koma upp og öllum eftirfylgniaðgerðum, sem gripið er til í kjölfar eftirlits með veitendum rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu (ATM-/ANS-þjónustu) sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni og

2) sem eru leiddar af skyldubundnum og valfrjálsum tilkynningum um atvik eins og krafist er í ATM/ANS.OR.A.065.“

3) Í stað ATM/ANS.AR.B.010 kemur eftirfarandi:

„**ATM/ANS.AR.B.010 Breytingar á stjórnunarkerfinu**

a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að greina breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Þetta kerfi skal gera kleift að grípa til aðgerða, eins og við á, til að tryggja að stjórnunarkerfið verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt til að endurspegla tímanlega allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd stjórnunarkerfis síns.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

SAMEIGINLEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ATM-/ANS-ÞJÓNUSTU

(ATM/ANS.OR-hluti)“.

2) Í stað ATM/ANS.OR.A.065 kemur eftirfarandi:

„**ATM/ANS.OR.A.065 Tilkynningar um atvik**

a) Veitandi ATM-/ANS-þjónustu skal koma á og viðhalda tilkynningarkerfi um atvik, þ.m.t. skyldubundnar og valfrjálsar tilkynningar, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu með staðfestu í aðildarríki skulu tryggja að kerfið uppfylli kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og reglugerð (ESB) 2018/1139 sem og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli þeirra reglugerða.

b) Sá sem veitir ATM-/ANS-þjónustu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi og öllum öðrum stofnunum eða fyrirtækjum, sem starfa samkvæmt reglum aðildarríkisins þar sem veitandi ATM-/ANS-þjónustu veitir þjónustu sína, um alla öryggistengda atburði eða aðstæður sem stofna eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu, einkum slys eða alvarlegt flugatvik.

c) Með fyrirvara um b-lið skal veitandi ATM-/ANS-þjónustu tilkynna lögbæru yfirvaldi eða fyrirtæki sem ber ábyrgð á hönnun og/eða viðhaldi á ATM-/ANS-kerfum og ATM-/ANS-kerfishlutum, nema það sé ATM-/ANS-þjónustuveitandinn sjálfur, um allar bilanir, tæknigalla, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa haft eða kunna að hafa haft áhrif á öryggi þjónustu, en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik.

d) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, skulu tilkynningar:

1) sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að veitandi ATM-/ANS-þjónustu verður var við atburðinn eða aðstæðurnar sem vísað er til í tilkynningunni, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,

2) sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar,

3) hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem veitandi ATM-/ANS-þjónustu hefur öðlast vitneskju um.

e) Að því er varðar veitendur ATM-/ANS-þjónustu sem hafa ekki staðfestu í aðildarríki skulu fyrstu skyldubundnu tilkynningarnar:

1) tryggja að trúnaður hvíli yfir nafni þess sem tilkynnir og einstaklinganna, sem nefndir eru í tilkynningunni, með viðeigandi hætti,

2) sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að veitandi ATM-/ANS-þjónustu verður var við atvikið, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,

3) sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar,

4) hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem veitandi ATM-/ANS-þjónustu hefur öðlast vitneskju um.

f) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, þar sem við á, skal fyrirtækið senda inn eftirfylgniskýrslu sem inniheldur upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni og um leið og þær aðgerðir liggja fyrir skulu þær eftirfylgniskýrslur:

1) sendar viðkomandi aðilum, sem tóku við upphaflegu tilkynningunni í samræmi við b- og c-lið, og

2) sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.“

———

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 er breytt sem hér segir:

1) Í stað MET.OR.115 kemur eftirfarandi:

„**MET.OR.115 Veðurtilkynningar**

Veitandi veðurþjónustu, sem ber ábyrgð á hlutaðeigandi svæði, skal láta viðeigandi notendum í té veðurtilkynningar.

2) Í stað MET.OR.120 kemur eftirfarandi:

„**MET.OR.120 Tilkynning um misræmi til hnattrænna spámiðstöðva (WAFC)**

Veitandi veðurþjónustu skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi hnattrænni spámiðstöð, með notkun hnattræns spákerfis fyrir markvert veður (WAFS SIGWX), ef verulegt misræmi greinist eða tilkynnt er um það í tengslum við WAFS-spár um markvert veður (SIGWX), að því er varðar:

a) ísingu, ókyrrð í lofti, skúraský sem eru óljós, tíð, hulin eða koma fyrir í skúragarði, og sandbyl eða moldrok,

b) eldgos eða losun geislavirkra efna út í andrúmsloftið sem skiptir máli fyrir starfrækslu loftfarsins.“

3) Í stað MET.OR.200 kemur eftirfarandi:

„**MET.OR.200 Veðurskeyti og aðrar upplýsingar**

a) Flugveðurstöð skal gefa út:

1) staðbundin reglubundin skeyti með jöfnu millibili, eingöngu ætluð til miðlunar á upprunaflugvellinum,

2) staðbundin sérstök skeyti, eingöngu ætluð til miðlunar á upprunaflugvellinum,

3) METAR-skeyti á 30 mínútna fresti fyrir þá flugvelli sem sjá um reglubundið áætlunarflug milli landa, til miðlunar út fyrir upprunaflugvöllinn.

b) Þrátt fyrir 3. lið a-liðar er flugveðurstöð heimilt að gefa út METAR- og SPECI-skeyti á klukkustundar fresti til miðlunar út fyrir upprunaflugvöllinn, fyrir flugvelli sem sjá ekki um reglubundið áætlunarflug milli landa, eins og lögbært yfirvald ákvarðað.

c) Flugveðurstöð skal upplýsa flugumferðarþjónustudeildir og upplýsingaþjónustu flugmála á flugvelli um breytingar á starfhæfiástandi sjálfvirka búnaðarins sem notaður er til að meta flugbrautarskyggni.

d) Flugveðurstöð skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild, veitendum upplýsingaþjónustu flugmála og aðalveðurstofu um eldvirkni, sem er fyrirboði eldgoss, eldgos og gosöskuský.

e) Flugveðurstöð skal taka saman skrá yfir viðmiðanir sem nota á fyrir staðbundin sérstök skeyti í samráði við viðeigandi flugumferðarþjónustudeildir, flugrekendur og aðra hlutaðeigandi aðila.“

4) Í stað MET.OR.240 kemur eftirfarandi:

„**MET.OR.240 Upplýsingar fyrir flugrekanda eða flugliða**

Veðurstofa á flugvelli skal láta flugrekendum og flugliðum í té nýjustu fyrirliggjandi:

a) spár, sem koma frá hnattræna spákerfinu (WAFS), um þá þætti sem tilgreindir eru í 1. og 2. lið a-liðar MET.OR.275,

b) METAR- eða SPECI-skeyti, þ.m.t. leitnispá (TREND), TAF-spá eða breytt TAF-spá fyrir brottfararflugvelli og flugvelli þar sem áætlað er að lenda sem og fyrir varaflugvelli við flugtak, varaflugvelli á flugleið og varaflugvelli ákvörðunarstaðar,

c) flugvallarspár fyrir flugtak,

d) SIGMET-skeyti og sérstakar tilkynningar frá loftfari sem skipta máli fyrir alla flugleiðina,

e) ráðgefandi upplýsingar um gosösku, hitabeltislægðir og geimveður sem skipta máli fyrir flugleiðina,

f) svæðisspár fyrir flug í lægri flughæðum, sem eru útbúnar í tengslum við útgáfu AIRMET-skeytis, og AIRMET-skeyti sem skipta máli fyrir alla flugleiðina,

g) veðurviðvaranir fyrir svæðisflugvöllinn,

h) myndir frá veðurtunglum,

i. upplýsingar frá veðursjá á jörðu.“

5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.OR.242:

a) Í stað 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„1) staðbundið reglubundið skeyti, staðbundið sérstakt skeyti, METAR-skeyti, SPECI-skeyti, TAF-spár og leitnispár sem og breytingar þar á,“.

b) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) staðbundið reglubundið skeyti, staðbundið sérstakt skeyti, METAR-skeyti, SPECI-skeyti, TAF-spár og leitnispár sem og breytingar þar á,“.

6) Í stað 1. liðar f-liðar MET.OR.245 kemur eftirfarandi:

„1) METAR- og SPECI-skeyti, þ.m.t. nýjustu gögnin um loftþrýsting fyrir flugvelli og aðrar staðsetningar, TAF-spár og leitnispár, sem og breytingar þar á,“.

7) Í stað a-liðar í MET.OR.250 kemur eftirfarandi:

„a) gefa út SIGMET-skeyti,“.

8) Í stað a-liðar MET.OR.255 kemur eftirfarandi:

„a) gefa út AIRMET-skeyti þegar lögbæra yfirvaldið hefur ákvarðað að þéttleiki flugumferðar, sem starfrækt er undir fluglagi 100 eða upp að fluglagi 150 á fjallasvæðum eða hærra, ef þörf er á, gefur tilefni til að gefa út AIRMET-skeyti í bland við svæðisspár fyrir flug í lægri flughæðum,“.

9) Í stað MET.OR.260 kemur eftirfarandi:

„**MET.OR.260 Svæðisspár fyrir flug í lægri flughæðum**

Aðalveðurstofa skal sjá til þess:

a) þegar AIRMET-skeyti eru gefin út í bland við svæðisspár fyrir flug í lægri flughæðum í samræmi við a-lið MET.OR.255, að svæðisspár fyrir flug í lægri flughæðum séu gefnar út á sex klukkustunda fresti með sex klukkustunda gildistíma og sendar áfram til viðeigandi aðalveðurstofu eigi síðar en einni klukkustund áður en gildistímabil þeirra hefst,

b) þegar lögbært yfirvald hefur ákvarðað að þéttleiki flugumferðar, sem starfrækt er undir fluglagi 100 eða upp að fluglagi 150 á fjallasvæðum eða hærra, ef nauðsyn krefur, gefi tilefni til að gefa reglubundið út svæðisspár fyrir flug í lægri hæðum, sem eru ekki gefnar út í bland við AIRMET-skeyti, að tíðni útgáfa, snið og ákvörðuð tímasetning eða gildistími þeirra, sem og viðmiðanir fyrir breytingar þar á, sé í samræmi við það sem lögbæra yfirvaldið ákveður.“

10) Í stað fyrirsagnar 4. kafla kemur eftirfarandi:

„***4. kafli — Kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um gjóskudreifingu (VAAC)***“.

11) Í stað a-liðar MET.OR.265 kemur eftirfarandi:

„a) þegar eldgos er hafið eða eldgos er yfirvofandi eða þegar tilkynnt er um gosösku, gefa út ráðgefandi upplýsingar um umfang og líklega hreyfingu gosöskuskýs.“

12) Í stað fyrirsagnar 5. kafla kemur eftirfarandi:

„***5. kafli — Kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um hitabeltislægðir (TCAC)***“.

13) Í stað inngangssetningar og a-liðar MET.OR.270 kemur eftirfarandi:

„Innan ábyrgðarsvæðis síns skal ráðgjafarmiðstöð um hitabeltislægðir gefa út:

a) ráðleggjandi upplýsingar um staðsetningu lægðarmiðju, breytingar á styrkleika á athugunartíma, hreyfingarátt og -hraða lægðarinnar, miðjuþrýsting og hámarksvindhraða við yfirborð nálægt miðjunni,“.

14) Í stað fyrirsagnar 6. kafla kemur eftirfarandi:

„6. kafli — Kröfur sem eiga við um hnattrænar spámiðstöðvar (WAFC)“.

15) Í stað a-liðar MET.OR.275 kemur eftirfarandi:

„a) Hnattræn spámiðstöð skal gefa út:

1) hnattrænar spár í neti yfir:

i. háloftavinda,

ii. háloftahita og -raka,

iii. þyngdarmættishæð fyrir fluglag,

iv. fluglag og hitastig veðrahvarfa,

v. stefnu, hraða og fluglag hámarksvinds,

vi. skúraský,

vii. ísingu,

viii. ókyrrð í lofti,

2) hnattrænar spár um markverð veðurfyrirbæri (SIGWX), þ.m.t. eldvirkni og losun geislavirkra efna.“

16) Í stað MET.TR.115 kemur eftirfarandi:

„**MET.TR.115 Veðurtilkynningar**

a) Veðurtilkynningum skal miðlað með því að nota tilteknar gagnategundir og í formi kóða sem henta þeim upplýsingum sem veittar eru.

b) Veðurtilkynningum, sem innihalda OPMET-upplýsingar (e. *operational meteorological information*), skal miðlað gegnum fjarskiptakerfi sem hentar þeim upplýsingum sem veittar eru og þeim notendum sem þær eru ætlaðar fyrir.

17) Í stað MET.TR.200 kemur eftirfarandi:

„**MET.TR.200 Veðurskeyti og aðrar upplýsingar**

a) „Staðbundin reglubundin skeyti, staðbundin sérstök skeyti sem og METAR- og SPECI-skeyti skulu innihalda eftirfarandi atriði í þeirri röð sem hér segir:

1) auðkenni fyrir tegund skeytis,

2) staðarauðkenni,

3) athugunartíma,

4) auðkenni fyrir sjálfvirkt skeyti eða skeyti sem vantar, eftir því sem við á,

5) stefnu og hraða yfirborðsvinds,

6) skyggni,

7) flugbrautarskyggni, þegar skýrslugjafarviðmiðin eru uppfyllt,

8) veður á athugunartíma,

9) skýjamagn, skýjategund (aðeins fyrir skúraský og háreist bólstraský) og hæð neðra borðs skýja eða, ef slíkt er mælt, lóðrétt skyggni,

10) lofthita og daggarmark,

11) QNH-gildi og, þegar við á, QFE-gildi í staðbundnum reglubundnum skeytum og staðbundnum sérstökum skeytum,

12) viðbótarupplýsingar, þegar við á.

b) Í staðbundnum reglubundnum skeytum og staðbundnum sérstökum skeytum:

1) ef yfirborðsvindur er athugaður frá fleiri en einni staðsetningu meðfram flugbrautinni skal gefa upp þær staðsetningar þar sem þessi gildi eru dæmigerð,

2) þegar fleiri en ein flugbraut er í notkun, og yfirborðsvindur er athugaður við þessar flugbrautir, skal gefa upp tiltæk vindgildi fyrir hverja flugbraut og tilkynna hvaða flugbrautir gildin eiga við um,

3) þegar tilkynnt er um breytingar á meðalvindátt, í samræmi við B-lið ii. liðar 3. liðar a-liðar MET.TR.205, skal tilkynna bæði ystu mörk vindáttarbreytinganna sem vindátt hefur sveiflast á milli,

4) þegar tilkynnt er um breytingar á meðalvindhraða (hviðum), í samræmi við iii. lið 3. liðar a-liðar MET.TR.205 skal tilkynna þær sem hámarks- og lágmarksgildi fyrir vindhraða.

c) METAR- og SPECI-skeyti

1) METAR- og SPECI-skeyti skulu gefin út í samræmi við sniðmátið sem sýnt er í 1. viðbæti.

2) METAR-skeyti skulu lögð fram til sendingar eigi síðar en fimm mínútum eftir raunverulegan athugunartíma.

d) Í öllum veðurskeytum skal skammstöfunin „CAVOK“ koma í stað upplýsinga um skyggni, flugbrautarskyggni, veður á athugunartíma og skýjamagn, skýjategund og hæð neðra borðs skýja þegar eftirfarandi aðstæður eru til staðar samtímis á athugunartíma:

1) skyggni, 10 km eða meira, og minnsta skyggni sem ekki er tilkynnt um,

2) ekkert markvert ský,

3) ekkert markvert veður fyrir flug.

e) Skráin yfir viðmiðanir til að veita staðbundin sérstök skeyti skal fela í sér eftirfarandi:

1) þau gildi sem svara best til starfrækslulágmarka þeirra flugrekenda sem nota flugvöllinn,

2) þau gildi sem uppfylla aðrar staðbundnar kröfur flugumferðarþjónustudeilda og flugrekenda,

3) hækkun lofthita sem nemur 2 °C eða meira umfram það sem gefið var upp í síðasta staðbundna skeytinu, eða annað viðmiðunargildi samkvæmt samkomulagi milli veitenda veðurþjónustu, viðeigandi flugumferðar-þjónustudeilda og hlutaðeigandi flugrekenda,

4) tiltækar viðbótarupplýsingar um markverð veðurskilyrði á aðflugs- og fráklifurssvæðum,

5) meðalhraðann fyrir og/eða eftir breytingu sem er 15 hnútar eða meira, þegar verklagsreglum um hávaðamildun er beitt og frávik frá meðalhraða yfirborðsvinds hefur breyst um 5 hnúta eða meira frá þeim tíma sem síðasta staðbundna skeytið var sent,

6) meðalhraðann fyrir og/eða eftir breytingu sem er 10 hnútar eða meira, þegar meðalátt yfirborðsvinds hefur breyst um 60° eða meira frá þeim tíma sem síðasta skeytið var sent,

7) breytingu á meðalhraða yfirborðsvinds sem er 10 hnútar eða meira frá þeim tíma sem síðasta staðbundna skeytið var sent,

8) meðalhraðann fyrir og/eða eftir breytingu sem er 15 hnútar eða meira, þegar frávik frá meðalhraða yfirborðsvinds (hviður) hefur breyst um 10 hnúta eða meira frá þeim tíma sem síðasta staðbundna skeytið var sent,

9) þegar eitthvert eftirtalinna veðurfyrirbæra hefst, því lýkur eða það breytist í styrkleika:

i. frostköld úrkoma,

ii. miðlungs úrkoma eða mikil úrkoma, þ.m.t. skúrir og

iii. þrumuveður, með úrkomu,

10) þegar eitthvert eftirtalinna veðurfyrirbæra hefst eða því lýkur:

i. frostþoka,

ii. þrumuveður, án úrkomu,

11) þegar magn skýjalags, fyrir neðan 1500 fet (450 m), breytist:

i. frá því að vera að mestu léttskýjað (SCT) í að vera skýjað (BKN) eða alskýjað (OVC) eða

ii. frá því að vera skýjað (BKN) eða alskýjað (OVC) í að vera léttskýjað (SCT) að mestu.

f) Þegar veitandi veðurþjónustu og lögbæra yfirvaldið hafa samið um það sín á milli skal ávallt gefa út staðbundin sérstök skeyti og SPECI-skeyti, þegar það á við, þegar eftirfarandi breytingar eiga sér stað:

1) þegar vindur breytist í gildi sem skipta máli fyrir starfræksluna; í samráði við viðeigandi flugumferðarþjónustudeild og hlutaðeigandi flugrekendur skal veitandi veðurþjónustu ákvarða viðmiðunargildin, að teknu tilliti til vindbreytinga sem myndu:

i. krefjast breytingar á einni eða fleiri flugbrautum sem eru í notkun,

ii. sýna að meðvinds- og hliðarvindsstuðlar hafi breyst í gildi sem standa fyrir þýðingarmestu starfrækslumörk dæmigerðra loftfara sem eru starfrækt á flugvellinum,

2) þegar skyggni fer batnandi og breytist í eða fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi eða þegar skyggni fer versnandi og fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi:

i. 800, 1500 eða 3000 m,

ii. 5000 m, í tilvikum þar sem um er að ræða verulegan fjölda flugferða samkvæmt sjónflugsreglum,

3) þegar flugbrautarskyggni fer batnandi og breytist í eða fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi, eða þegar flugbrautarskyggni fer versnandi og fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi: 50, 175, 300, 550 eða 800 m,

4) þegar eitthvert eftirtalinna veðurfyrirbæra hefst, því lýkur eða það breytist í styrkleika:

i. moldrok,

ii. sandbylur,

iii. strokkský (skýstrokkur eða vatnsstrókur),

5) þegar eitthvert eftirtalinna veðurfyrirbæra hefst eða því lýkur:

i. lágur ryksveimur, lágur sandrenningur eða lágarenningur,

ii. hár ryksveimur, hátt sandfok eða háarenningur,

iii. roka,

6) þegar hæð lægsta skýjalags fyrir BKN- eða OVC-ský er að hækka og breytist í eða fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi, eða þegar hæð lægsta skýjalags fyrir BKN- eða OVC-ský er að lækka og fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi:

i. 100, 200, 500 eða 1000 fet

ii. 1500 fet, í tilvikum þar sem um er að ræða verulegan fjölda flugferða samkvæmt sjónflugsreglum,

7) þegar ekki sést til himins og lóðrétt skyggni fer batnandi og breytist í eða fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi, eða þegar lóðrétt skyggni fer versnandi og fer yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi: 100, 200, 500 eða 1000 fet

8) sérhver önnur viðmið sem byggjast á staðbundnum flugvallarlágmörkum, samkvæmt samkomulagi milli veitenda veðurþjónustu og flugrekenda.“

18) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.205:

a) Í stað 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal birta stefnu og hraða yfirborðsvinds með annars vegar 10 gráðu bili (réttvísandi) og hins vegar með 1 hnúta bili.“

b) Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum:

i. skal tilgreina mælieiningarnar sem notaðar eru fyrir vindhraða,

ii. skulu frávik frá meðalvindátt á næstliðnum 10 mínútum tilkynnt með eftirfarandi hætti, ef heildarfrávikið er 60° eða meira:

A) ef heildarfrávik er 60° eða meira og minna en 180° og vindhraðinn er 3 hnútar eða meiri, skal tilkynna um slík stefnufrávik með því að tilgreina bæði ystu mörk vindáttarbreytinganna sem vindátt hefur sveiflast á milli,

B) ef heildarfrávik er 60° eða meira og minna en 180° og vindhraðinn er minni en 3 hnútar, skal tilkynna vindáttina sem breytilega, án þess að gefa upp meðalvindátt,

C) ef heildarfrávik er 180° eða meira skal tilkynna vindáttina sem breytilega, án þess að gefa upp meðalvindátt,

iii. skulu frávik frá meðalvindhraða (hviðum) á næstliðnum 10 mínútum tilkynnt þegar hámarksvindhraði fer yfir meðalvindhraðann sem nemur:

A) 5 hnútum eða meira, í staðbundnum reglubundnum skeytum og staðbundnum sérstökum skeytum, þegar verklagsreglum um hávaðamildun er beitt,

B) 10 hnútum eða meira í öðrum tilvikum,

iv. þegar tilkynnt er um vindhraða undir 1 hnút, skal það tilgreint sem logn,

v. þegar tilkynnt er um vindhraða sem er 100 hnútar eða meira, skal hann tilgreindur yfir 99 hnútum,

vi. þegar tilkynnt er um breytingar á meðalvindhraða (hviðum), í samræmi við a-lið MET.TR.205, skal tilgreina hæsta vindhraðagildið,

vii. ef vart verður við greinilega ósamfellu í vindátt og/eða -hraða á 10 mínútna tímabilinu skal aðeins greina frá þeim frávikum frá meðalvindátt og meðalvindhraða sem vart verður við eftir þessa ósamfellu.“

c) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal skyggni gefið upp í 50 metra þrepum þegar skyggni er minna en 800 metrar; í 100 metra þrepum þegar skyggni er 800 metrar eða meira en þó minna en 5 km; í kílómetra þrepum þegar skyggni er 5 km eða meira en þó minna en 10 km; og það skal gefið upp sem 10 km þegar skyggni er 10 km eða meira nema skilyrðum fyrir notkun skeytaorðsins CAVOK sé fullnægt.“

d) Í stað 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal flugbrautarskyggni:

i. gefið upp í tímabilum, annaðhvort þegar skyggni eða flugbrautarskyggni er minna en 1500 m,

ii. gefið upp í 25 metra þrepum þegar skyggni er minna en 400 metrar, í 50 metra þrepum þegar skyggni er á bilinu 400–800 metrar og í 100 metra þrepum þegar skyggni er meira en 800 metrar.“

e) Í stað 3. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„3) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum:

i. þegar flugbrautarskyggni er meira en hæsta gildið, sem hægt er að mæla með kerfinu sem er notað, skal greina frá því með skammstöfuninni „ABV“ í staðbundnum reglubundnum skeytum og staðbundnum sérstökum skeytum og skammstöfuninni „P“ í METAR- og SPECI-skeytum, og gefa þar á eftir upp hæsta gildið sem kerfið getur mælt,

ii. þegar flugbrautarskyggni er minna en lægsta gildið, sem hægt er að mæla með kerfinu sem er í notkun, skal greina frá því með skammstöfuninni „BLW“ í staðbundnum reglubundnum skeytum og staðbundnum sérstökum skeytum og skammstöfuninni „M“ í METAR- og SPECI-skeytum, og gefa þar á eftir upp lægsta gildið sem kerfið getur mælt.“

f) Í stað 2., 3. og 4. liðar í d-lið kemur eftirfarandi:

„2) Í METAR- og SPCEI-skeytum skal greina frá veðurfyrirbærum, sem greind eru á athugunartíma, með tilliti til tegundar og einkenna, og ákvarða styrkleika þeirra eða nálægð við flugvöll, eins og við á.

3) „Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal greina frá eftirfarandi einkennum veðurfyrirbæra á athugunartíma, eftir þörfum, með því að nota tilheyrandi skammstafanir og viðeigandi viðmiðanir, eins og við á:

i. þrumuveður (TS)

Notað til að tilkynna þrumuveður með úrkomu; þegar vart verður við þrumur eða eldingar við flugvöllinn á 10 mínútna tímabilinu fyrir athugunartímann en engin úrkoma hefur greinst við flugvöllinn, skal nota skammstöfunina „TS“ án nánari útlistunar,

ii. frysting (FZ)

Undirkældir vatnsdropar eða undirkæld úrkoma, sem er notuð í tengslum við tegundir veðurfyrirbæra á athugunartíma í samræmi við 1. viðbæti.

4) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum:

i. skal nota eina skammstöfun eða fleiri, en þó að hámarki þrjár, fyrir veður á athugunartíma, eftir því sem þörf krefur, ásamt upplýsingum um eiginleika og styrkleika eða nálægð við flugvöllinn, eftir því sem við á, til að miðla heildstæðri lýsingu á veðri á athugunartíma sem skiptir máli fyrir flugreksturinn,

ii. skal greina fyrst frá styrkleika eða nálægð, eins og við á, síðan frá einkennum veðurfyrirbæris og tegund þess,

iii. ef vart verður við tvær mismunandi veðurtegundir skal tilkynna um þær í tveimur aðskildum skeytaorðum þar sem táknið fyrir styrkleika eða nálægð vísar til þess veðurfyrirbæris sem kemur í kjölfar táknsins. Hins vegar skal greina frá því í sama skeytaorðinu ef um er að ræða fleiri en eina tegund úrkomu á athugunartíma þar sem ríkjandi úrkomutegund er tilgreind fyrst og á eftir kemur aðeins eitt styrkleikastig sem vísar til styrkleika úrkomunnar í heild.“

g) Í stað 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal hæð neðra borðs skýja gefin upp í 100 feta þrepum upp í 10 000 fet og í 1000 feta þrepum fyrir ofan 10 000 fet.“

h) Í stað 1. liðar f-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal lofthiti og daggarmark gefin upp í þrepum heilla gráða á selsíus.“

i. Í stað 3. liðar f-liðar kemur eftirfarandi:

„3) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal greina frá því ef hitastigið er undir 0 °C.“

j) Í stað 1. liðar g-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Í staðbundnum reglubundnum skeytum, staðbundnum sérstökum skeytum sem og í METAR- og SPECI-skeytum skal QNH- og QFE-gildið reiknað í tíundarhlutum hektópaskala (hPa) og gefið upp í þrepum heilla hPa með því að nota fjóra tölustafi.“

k) Í stað 4. liðar g-liðar kemur eftirfarandi:

„4) Í METAR- og SPECI-skeytum skal aðeins tilgreina QNH-gildin.“

19) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.210:

a) Í stað 2. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„2) Skjár

Í flugveðurstöðinni skulu vera skjáir þar sem hver nemi sýnir mælingar á yfirborðsvindi. Skjáirnir í flugveðurstöðinni og í flugumferðarþjónustudeildunum skulu sýna mælingar frá sömu nemum og ef þörf er á aðskildum nemum skulu skjáirnir skilmerkilega merktir til að auðkenna flugbrautina og þann hluta flugbrautarinnar sem hver nemi vaktar.“

b) Í stað ii. liðar a-liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. tíu mínútur fyrir METAR- og SPECI-skeyti, nema þegar fram kemur greinileg ósamfella í stefnu og/eða átt yfirborðsvinds á 10 mínútna tímabilinu en þá skal við útreikning á meðalgildum aðeins nota gögn sem fást eftir ósamfelluna og þar af leiðandi skal stytta tímabilið við þessar aðstæður í samræmi við það.“

c) Í stað 3. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„3) Skjáir

Þegar mælakerfi eru notuð við mælingar á skyggni skulu vera skjáir í flugveðurstöðinni sem sýna skyggnismælingar frá hverjum nema. Skjáirnir í flugveðurstöðinni og í flugumferðarþjónustudeildunum skulu sýna mælingar frá sömu nemum og ef þörf er á aðskildum nemum skulu skjáirnir skilmerkilega merktir til að auðkenna svæðið sem hver nemi vaktar.“

d) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Flugbrautarskyggni (RVR)

1) Flugbrautarskyggni skal gefið upp í metrum.

2) Staðsetning mælistöðva

Tæki til veðurathugana, sem notað er til að meta flugbrautarskyggni, skal staðsett þannig að það sýni gögn sem eru dæmigerð fyrir svæðið þar sem mælinga er þörf.

3) Mælakerfi

Mælakerfi, sem byggjast á dofnunar-skyggnismælum (e. *transmissometers*) eða framdreifingarmælum (e. *forward-scatter meters*), skulu notuð til að meta flugbrautarskyggni á flugbrautum, sem ætlaðar eru fyrir blindaðflug og -lendingar skv. II. og III. flokki og fyrir blindaðflug og -lendingar skv. I. flokki, ef lögbært yfirvald ákveður svo.

4) Skjár

Þegar flugbrautarskyggni er ákvarðað með mælakerfum skal vera einn skjár eða fleiri, ef þörf er á, í flugveðurstöðinni. Skjáirnir í flugveðurstöðinni og í flugumferðarþjónustudeildunum skulu sýna mælingar frá sömu nemum og ef þörf er á aðskildum nemum skulu skjáirnir skilmerkilega merktir til að auðkenna flugbrautina og þann hluta flugbrautarinnar sem hver nemi vaktar.

5) Meðaltími mælinga

i. Ef mælakerfi eru notuð við mat á flugbrautarskyggni skulu niðurstöður þeirra uppfærðar á a.m.k. 60 sekúndna fresti til að fá ný, dæmigerð gildi.

ii. Meðaltíminn til að reikna út gildi fyrir flugbrautarskyggni skal vera:

A) ein mínúta fyrir staðbundin reglubundin skeyti og staðbundin sérstök skeyti og fyrir skjái í flugumferðarþjónustudeildum sem sýna flugbrautarskyggni,

B) tíu mínútur fyrir METAR- og SPECI-skeyti, nema þegar vart verður við greinilega ósamfellu í gildum fyrir flugbrautarskyggni á 10 mínútna tímabilinu rétt fyrir mælingu, en þá skal nota þau gildi sem mælast eftir ósamfelluna við útreikning á meðalgildunum.“

e) Í stað 3. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„3) Skjár

Ef sjálfvirkur búnaður er notaður til að mæla hæð neðra borðs skýja skal a.m.k. einn skjár staðsettur í flugveðurstöðinni. Skjáirnir í flugveðurstöðinni og í flugumferðarþjónustudeildunum skulu sýna mælingar frá sömu nemum og ef þörf er á aðskildum nemum skulu skjáirnir skilmerkilega merktir til að auðkenna svæðið sem hver nemi vaktar.“

f) Í stað 2. liðar f-liðar kemur eftirfarandi:

„2) Ef sjálfvirkur búnaður er notaður til að mæla lofthita og daggarmark skulu skjáirnir staðsettir í flugveðurstöðinni. Þeir skjáir sem eru í flugveðurstöðinni og þeir sem eru í flugumferðarþjónustudeildunum skulu tengdir við sömu nemana.“

g) Í stað i. liðar 2. liðar g-liðar kemur eftirfarandi:

„i. Þegar notaður er sjálfvirkur búnaður við mælingar á loftþrýstingi, QNH-gildum og, ef þess er krafist í samræmi við ii. lið 3. liðar g-liðar MET.TR.205, QFE-gildum skulu skjáir, sem sýna mælingar frá loftvog, staðsettir í flugveðurstöðinni og samsvarandi skjáir skulu staðsettir í viðeigandi flugumferðarþjónustudeildum.“

20) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.215:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„**Spár og aðrar upplýsingar**“.

b) Í stað 6. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„6) ráðgefandi upplýsingar um gosösku, hitabeltislægðir og geimveður sem skipta máli fyrir flugleiðina.“

21) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.220:

a) Í stað b-, c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„b) TAF-spár skulu gefnar út í samræmi við sniðmátið sem sýnt er í 3. viðbæti.

c) Gildistími reglubundinna TAF-spáa skal vera 9, 24 eða 30 klukkustundir, nema lögbært yfirvald mæli fyrir um annað, að teknu tilliti til umferðarkrafna fyrir flugvelli sem eru starfræktir innan við níu klukkustundir.

d) TAF-spár skulu lagðar fram til sendingar í fyrsta lagi einni klukkustund áður en gildistími þeirra hefst.“

b) í stað iii., iv. og v. liðar 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. Þegar því er spáð að vindhraði verði undir 1 hnút skal gefa upp vindáttina, sem spáð er, sem logn.

iv. Þegar hámarkshraðinn, sem spáð er, fer 10 hnúta eða meira yfir meðalvindhraðann sem spáð er skal gefa upp hámarksvindhraðann sem spáð er.

v. Þegar spáð er vindhraða sem er 100 hnútar eða meira skal hann tilgreindur yfir 99 hnútum.“

22) Ákvæðum c-liðar MET.TR.225 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað i. og ii. liðar 1. liðar:

„i. breytingu á meðalvindátt sem nemur 60° eða meira, að því gefnu að meðalhraði fyrir og/eða eftir breytingu sé 10 hnútar eða meira,

ii. breytingu á meðalvindhraða sem nemur 10 hnútum eða meira.“

b) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað i. liðar kemur eftirfarandi:

„i. Þegar gert er ráð fyrir batnandi skyggni og breytingu á skyggni að eða upp fyrir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi eða þegar gert er ráð fyrir versnandi skyggni og að það fari yfir eitt eða fleiri eftirfarandi gildi: 150, 350, 600, 800, 1500 eða 3000 metra skal breytingin koma fram í leitnispánni.“

ii. Í stað iii. liðar kemur eftirfarandi:

„iii. Í leitnispám, sem eru viðhengi við METAR- og SPECI-skeyti, skal skyggni vísa til ríkjandi skyggnis sem spáð er.“

23) Í stað c-liðar MET.TR.235 kemur eftirfarandi:

„c) Vindhvarfaváköll skulu veita hnitmiðaðar, uppfærðar upplýsingar varðandi auðkennd vindhvörf sem valda breytingu á með-/mótvindi upp á 15 hnúta eða meira sem gæti haft slæm áhrif á loftför í lokaaðflugsstefnu eða í upphafi flugtaksstefnu og loftför á flugbraut í lendingar- eða flugtaksbruni.“

24) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.250:

a) í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) SIGMET-skeyti skulu gefin út í samræmi við sniðmátið sem sýnt er í 5. viðbæti.“

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) SIGMET-skeyti skulu aðeins innihalda eitt af þeim fyrirbærum sem tilgreind eru í 5. viðbæti og nota skal viðeigandi skammstafanir og eftirfarandi viðmiðunargildi fyrir yfirborðsvindhraða sem nemur 34 hnútum eða meira fyrir hitabeltislægðir.“

c) Ákvæði f-liðar falla brott.

25) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.255:

a) í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) AIRMET-skeyti skulu gefin út í samræmi við sniðmátið sem sýnt er í 5. viðbæti.“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) AIRMET-skeyti skulu aðeins innihalda eitt af þeim fyrirbærum sem tilgreind eru í 5. viðbæti og nota skal viðeigandi skammstafanir og eftirfarandi viðmiðunargildi þegar fyrirbærið er undir fluglagi 100, eða undir fluglagi 150 á fjallasvæðum, eða hærra, ef nauðsyn krefur:

1) víðfeðm svæði þar sem yfirborðsvindhraði er yfir 30 hnútum með viðeigandi stefnu og einingum,

2) víðfeðm svæði þar sem skyggni er skert eða undir 5000 metrum, þ.m.t. það veðurfyrirbæri sem veldur skertu skyggni,

3) víðfeðm svæði með BKN- eða OVC-ský þar sem hæð neðra borðs skýs er undir 1000 fetum frá yfirborði jarðar.“

c) Ákvæði e-liðar falla brott.

26) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.260:

a) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) eftirfarandi fyrirbæri sem gefa tilefni til útgáfu SIGMET-skeytis: mikil ísing, mikil ókyrrð í lofti, skúraský og þrumuveður sem eru óljós, tíð, hulin eða koma fyrir í skúragarði, sandbylur/moldrok og eldgos eða losun geislavirkra efni í andrúmsloftið og sem búist er við að hafi áhrif á flug í lægri flughæð,“.

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þegar lögbært yfirvald hefur ákveðið að þéttleiki flugumferðar, sem starfrækt er undir fluglagi 100 eða upp að fluglagi 150 á fjallasvæðum eða hærra, ef nauðsyn krefur, gefi tilefni til útgáfu AIRMET-skeytis í sambland við svæðisspár fyrir flug í lægri flughæðum skal gefa út svæðisspár þannig að þær nái yfir skyggnið milli jarðar og fluglags 100, eða upp að fluglagi 150 á fjallasvæðum, eða hærra, ef nauðsyn krefur, og skulu þær innihalda upplýsingar um veðurfyrirbæri á flugleið sem eru hættuleg flugi í lægri flughæðum.“

27) Í stað fyrirsagnar 4. kafla kemur eftirfarandi:

„**4. kafli — Tæknilegar kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um gjóskudreifingu (VAAC)**“

28) Í stað MET.TR.265 kemur eftirfarandi:

„**MET.TR.265 Ábyrgðarsvæði ráðgjafarmiðstöðvar um gjóskudreifingu**

Ráðgefandi upplýsingar um gosösku skulu gefnar út í samræmi við sniðmátið sem sýnt er í 6. viðbæti. Ef skammstafanir eru ekki fyrir hendi skal textinn vera á skýrri ensku og eins knappur og unnt er.“

29) Í stað MET.TR.270 kemur eftirfarandi:

„**MET.TR.270 Ábyrgðarsvæði ráðgjafarmiðstöðvar um hitabeltislægðir**

Ráðgefandi upplýsingar um hitabeltislægðir skulu gefnar út í samræmi við sniðmátið í 7. viðbæti fyrir hitabeltislægðir þegar þess er vænst að hæsti meðalhraði yfirborðsvinds, mældur á 10 mínútna tímabili, nái eða fari yfir 34 hnúta á því tímabili sem ráðgjöfin á við um.“

30) Í stað fyrirsagnar 5. kafla kemur eftirfarandi:

„***5. kafli — Tæknilegar kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um hitabeltislægðir (TCAC)***“.

31) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á MET.TR.275:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Hnattrænar spámiðstöðvar skulu nota unnin veðurgögn í formi punktgagna til að veita hnattrænar spár í neti og spár um markverð veðurfyrirbæri.“

b) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað viii. liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„viii. ókyrrð í lofti,“.

ii. Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) gefa út spár, sem um getur í 1. lið, og ganga frá dreifingu þeirra, eins fljótt og er tæknilega mögulegt, en þó eigi síðar en fimm klukkustundum eftir staðlaðan athugunartíma,“.

iii. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) veita hnitpunktspár í reglulegu hnitakerfi sem samanstendur af:

i. vindgögnum fyrir fluglög 50 (850 hPa), 80 (750 hPa), 100 (700 hPa), 140 (600 hPa), 180 (500 hPa), 210 (450 hPa), 240 (400 hPa), 270 (350 hPa), 300 (300 hPa), 320 (275 hPa), 340 (250 hPa), 360 (225 hPa), 390 (200 hPa), 410 (175 hPa), 450 (150 hPa), 480 (125 hPa) og 530 (100 hPa) með lárétta upplausn sem er 1,25° að breidd og lengd,

ii. hitastigsgögnum fyrir fluglög 50 (850 hPa), 80 (750 hPa), 100 (700 hPa), 140 (600 hPa), 180 (500 hPa), 210 (450 hPa), 240 (400 hPa), 270 (350 hPa), 300 (300 hPa), 320 (275 hPa), 340 (250 hPa), 360 (225 hPa), 390 (200 hPa), 410 (175 hPa), 450 (150 hPa), 480 (125 hPa) og 530 (100 hPa) með lárétta upplausn sem er 1,25° að breidd og lengd,

iii. rakagögnum fyrir fluglög 50 (850 hPa), 80 (750 hPa), 100 (700 hPa), 140 (600 hPa) og 180 (500 hPa) með lárétta upplausn sem er 1,25° að breidd og lengd,

iv. þyngdarmættishæðargögnum fyrir fluglög 50 (850 hPa), 80 (750 hPa), 100 (700 hPa), 140 (600 hPa), 180 (500 hPa), 210 (450 hPa), 240 (400 hPa), 270 (350 hPa), 300 (300 hPa), 320 (275 hPa), 340 (250 hPa), 360 (225 hPa), 390 (200 hPa), 410 (175 hPa), 450 (150 hPa), 480 (125 hPa) og 530 (100 hPa) með lárétta upplausn sem er 1,25° að breidd og lengd,

v. stefnu, hraða og fluglagi hámarksvinds með lárétta upplausn sem er 1,25° að breidd og lengd,

vi. fluglagi og hitastigi veðrahvarfa með lárétta upplausn sem er 1,25° að breidd og lengd,

vii. ísingu í lögum með miðju í fluglagi 60 (800 hPa), 100 (700 hPa), 140 (600 hPa), 180 (500 hPa), 240 (400 hPa) og 300 (300 hPa) með lárétta upplausn sem er 0,25° að breidd og lengd,

viii. loftsveipum í lögum með miðju í fluglagi 100 (700 hPa), 140 (600 hPa), 180 (500 hPa), 240 (400 hPa), 270 (350 hPa), 300 (300 hPa), 340 (250 hPa), 390 (200 hPa) og 450 (150 hPa) með lárétta upplausn sem er 0,25° að breidd og lengd,

ix. láréttu umfangi og fluglögum neðra og efra borðs skúraskýja með lárétta upplausn sem er 0,25° að breidd og lengd.“

c) Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1) taka saman SIGWX-spá fjórum sinnum á dag sem hafa tiltekinn gildistíma, þ.e. 24 klukkustundir eftir tímasetningu (00.00, 06.00, 12.00 og 18.00 á alheimstíma) yfirlitsveðurgagnanna sem spárnar eru byggðar á; hverri spá skal miðla, eins fljótt og tæknilega er mögulegt, en eigi síðar en sjö klukkustundum eftir staðlaðan athugunartíma við venjulega starfrækslu og eigi síðar níu klukkustundum eftir staðlaðan athugunartíma meðan á varaaðgerðum stendur,“.

ii. Í stað i. liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„i. hitabeltislægð, að því tilskildu að þess sé vænst að hæsti meðalhraði yfirborðsvinds, mældur á 10 mínútna tímabili, nái eða fari yfir 34 hnúta,“.

d) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Gefa skal út SIGWX-spár fyrir flug í miðlungshæð fyrir fluglög á bilinu 100–450 fyrir takmörkuð landsvæði.“

32) Í stað 1. viðbætis kemur eftirfarandi:

„1. viðbætir

Sniðmát fyrir METAR og SPECI

Skýringar:

M = skyldubundið

C = skilyrt, háð veðurskilyrðum eða athugunaraðferð

O = valkvætt.

Athugasemd 1: Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti, sem fram koma í METAR- og SPECI-skeytum, eru gefin upp í aðskilinni töflu á eftir þessu sniðmáti.

Athugasemd 2: Skammstafanirnar eru útskýrðar nánar í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400 „*Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Skammstafanir og kóðar (PANS-ABC)*“.

Athugasemd 3: Línunúmer í dálkinum „Tilvísunarnúmer“ eru einungis til glöggvunar og til að auðvelda tilvísanir, og eru ekki hluti af METAR- og SPECI-skeytum.

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	
1	Auðkenni fyrir tegund skeytis (M)	Tegund skeytis (M)	METAR, METAR COR, SPECI eða SPECI COR	
2	Staðarauðkenni (M)	Staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (M)	nnnn	
3	Athugunartími (M)	Dagur og raunverulegur athugunartími á alheimstíma (UTC) (M)	nnnnnnZ	
4	Auðkenni fyrir sjálfvirkt skeyti eða skeyti sem vantar (C)	Kennimerki fyrir sjálfvirkt skeyti eða skeyti sem vantar (C)	AUTO *eða* NIL	
5	METAR LOKIÐ EF SKEYTI VANTAR.			
6	Yfirborðsvindur (M)	Vindátt (M)	nnn *eða*/// (1)	VRB
		Vindhraði (M)	[P]nn[n] *eða*// (1)	
		Markverðar breytingar á hraða (C)	G[P]nn[n]	

		Mælieiningar (M)	KT			
		Markverðar breytingar á vindátt (C)	nnnVnnn	—		
7	Skyggni (M)	Ríkjandi skyggni eða lágmarksskyggni (M)	nnnn *eða*//// (1)			C A V O K
		Lágmarksskyggni og átt lágmarksskyggnis (C)	nnnn[N] *eða* nnnn[NE] *eða* nnnn[E] *eða* nnnn[SE] *eða* nnnn[S] *eða* nnnn[SW] *eða* nnnn[W] *eða* nnnn[NW]			
8	Flugbrautarskyggni (C) (2)	Heiti þáttar (M)	R			
		Flugbraut (M)	nn[L]/*eða* nn[C]/*eða* nn[R]/			
		Flugbrautarskyggni (M)	[P *eða* M]nnnn *eða*//// (1)			
		Þróun flugbrautarskyggnis (C)	U, D *eða* N			
9	Veður á athugunartíma (C)	Styrkleiki eða nálægð veðurs á athugunartíma (C)	– *eða* +	—	VC	
		Einkenni og tegund veðurs á athugunartíma (M)	DZ *eða* RA *eða* SN *eða* SG *eða* PL *eða* DS *eða* SS *eða* FZDZ *eða* FZRA *eða* FZUP (4) *eða* FC (3) *eða* SHGR *eða* SHGS *eða* SHRA *eða* SHSN *eða* SHUP (4) *eða* TSGR *eða* TSGS *eða* TSRA *eða* TSSN *eða* TSUP (4) *eða* UP (4)	FG *eða* BR *eða* SA *eða* DU *eða* HZ *eða* FU *eða* VA *eða* SQ *eða* PO *eða* TS *eða* BCFG *eða* BLDU *eða* BLSA *eða* BLSN *eða* DRDU *eða* DRSA *eða* DRSN *eða* FZFG *eða* MIFG *eða* PRFG *eða* // (1)	FG *eða* PO *eða* FC eða DS *eða* SS *eða* TS *eða* SH eða BLSN *eða* BLSA *eða* BLDU *eða* VA	
10	Ský (M)	Skýjamagn og hæð neðra borðs skýja eða lóðrétt skyggni (M)	FEWnnn *eða* SCTnnn *eða* BKNnnn *eða* OVCnnn *eða* FEW/// (1) *eða* SCT/// (1) *eða* BKN/// (1) *eða* OVC/// (1) *eða* ///nnn (1) *eða* ////// (1)	VVnnn *eða* VV/// (1)	NSC *eða* NCD (4)	
		Tegund skýja (C)	CB *eða* TCU *eða*/// (1), (5)	—		

11	Lofthiti og daggarmark (M)	Lofthiti og daggarmark (M)	[M]nn/[M]nn *eða*///[M]nn (1) *eða* [M]nn/// (1) *eða*///// (1)				
12	Þrýstingsgildi (M)	Heiti þáttar (M)	Q				
		QNH (M)	nnnn *eða*//// (1)				
13	Viðbótarupplýsingar (C)	Veður á síðustu klukkustund (C)	RERASN *eða* REFZDZ *eða* REFZRA *eða* REDZ *eða* RE[SH]RA *eða* RE[SH]SN *eða* RESG *eða* RESHGR *eða* RESHGS *eða* REBLSN *eða* RESS *eða* REDS *eða* RETSRA *eða* RETSSN *eða* RETSGR *eða* RETSGS *eða* RETS *eða* REFC *eða* REVA *eða* REPL *eða* REUP (4) *eða* REFZUP (4) *eða* RETSUP (4) *eða* RESHUP (4) *eða* RE// (1)				
		Vindhvörf (C)	WS Rnn[L] *eða* WS Rnn[C] *eða* WS Rnn[R] *eða* WS ALL RWY				
		Hitastig við yfirborð sjávar og sjólag eða hæð kenniöldu (C)	W[M]nn/Sn *eða* W///Sn (1) *eða* W[M]nn/S/ (1) *eða* W[M]nn/Hn[n][n] *eða* W///Hn[n][n] (1) *eða* W[M]nn/H/// (1)				
14	Leitnispá (O)	Auðkenni fyrir breytingar (M)	NOSIG	BECMG eða TEMPO			
		Tímabil breytingar (C)		FMnnnn og/*eða* TLnnnn *eða* ATnnnn			
		Vindur (C)		nnn[P]nn[G[P]nn]KT			
		Ríkjandi skyggni (C)		nnnn			CAVOK
		Veðurfyrirbæri: styrkleiki (C)		– eða +	—	NSW	
		Veðurfyrirbæri: einkenni og tegund (C)		DZ *eða* RA *eða* SN *eða* SG *eða* PL *eða* DS *eða* SS *eða* FZDZ *eða* FZRA *eða* SHGR *eða* SHGS *eða* SHRA *eða* SHSN *eða* TSGR *eða* TSGS *eða* TSRA *eða* TSSN	FG *eða* BR *eða* SA *eða* DU *eða* HZ *eða* FU *eða* VA *eða* SQ *eða* PO *eða* FC *eða* TS *eða* BCFG *eða* BLDU *eða* BLSA *eða* BLSN *eða* DRDU *eða* DRSA *eða* DRSN *eða* FZFG *eða* MIFG *eða* PRFG		
		Skýjamagn og hæð neðra borðs skýja eða lóðrétt skyggni (C)		FEWnnn *eða* SCTnnn *eða* BKNnnn *eða* OVCnnn	VVnnn *eða* VV///	NSC	
		Tegund skýja (C)		CB *eða* TCU	—		

(1) Ef veðurþátt vantar tímabundið, eða ef gildi hans telst tímabundið vera rangt, er í hans stað sett skástrik („/“) fyrir hvern tölustaf í skammstöfun textaskilaboðanna og tekið fram að hann vanti til að tryggja áreiðanlega yfirfærslu í önnur form kóða.
(2) Á að tilgreina ef skyggni eða flugbrautarskyggni < 1500 m; fyrir að hámarki fjórar flugbrautir.
(3) „Öflugur“, er notað til að tilgreina „skýstrokk“ eða „vatnsstrók“; „miðlungs“ (ekkert tákn) er notað til að tilgreina „strokkský sem nær ekki niður að jörðu“.
(4) Eingöngu fyrir sjálfvirkar tilkynningar.
(5) Í tilviki sjálfvirkra tilkynninga geta skástrik („*III*“) komið í stað viðeigandi tegund skýja, eins og við á, miðað við getu sjálfvirka athugunarkerfisins. Enn fremur geta skástrik komið í stað skýjamagns og/eða -hæðar í tilkynningu um CB- eða TCU-skýjalag.

Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti sem fram koma í METAR- og SPECI-skeytum

Tilvísunarnúmer	Þættir		Svið	Nákvæmni
1	Flugbraut:	(engar einingar)	01-36	1
2	Vindátt:	°réttvísandi	000-360	10
3	Vindhraði:	KT	00-99 P99	1 Á ekki við (100 eða meiri)
4	Skyggni:	M	0000-0750	50
		M	0800-4 900	100
		M	5 000-9 000	1 000
		M	10 000 eða meira	0 (fast gildi: 9 999)
5	Flugbrautarskyggni:	M	0000-0375	25
		M	0400-0750	50
		M	0800-2 000	100
6	Lóðrétt skyggni:	100 FT	000-020	1
7	Ský: hæð neðra borðs skýja:	100 FT	000-099 100-200	1 10
8	Lofthitastig: Daggarmark:	°C	–80 – +60	1
9	QNH:	hPa	0850–1 100	1
10	Hitastig við yfirborð sjávar:	°C	–10 – +40	1
11	Sjólag:	(engar einingar)	0-9	1
12	Hæð kenniöldu:	M	0–999	0,1“.

33) Í stað 3. viðbætis kemur eftirfarandi:

„3. viðbætir

Sniðmát fyrir TAF

Skýringar:

M = skyldubundið

C = skilyrt, háð veðurskilyrðum eða athugunaraðferð

O = valkvætt.

Athugasemd 1: Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti, sem fram koma í TAF-skeytum, eru gefin upp í aðskilinni töflu á eftir þessu sniðmáti.

Athugasemd 2: Skammstafanirnar eru útskýrðar nánar í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400, „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Skammstafanir og kóðar (PANS-ABC)“.

Athugasemd 3: Línunúmer í dálkinum „Tilvísunarnúmer“ eru einungis til glöggvunar og til að auðvelda tilvísanir, og eru ekki hluti af TAF-skeytunum.

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát		
1	Auðkenni fyrir spátegund (M)	Spátegund (M)	TAF eða TAF AMD eða TAF COR		
2	Staðarauðkenni (M)	Staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (M)	nnnn		
3	Útgáfutími spár (M)	Útgáfudagur og -tími spár á alheimstíma (UTC) (M)	nnnnnnZ		
4	Auðkenni fyrir spá sem vantar (C)	Kennimerki fyrir spá sem vantar (C)	NIL		
5	TAF LOKIÐ EF SPÁ VANTAR.				
6	Dagsetning og gildistími spár (M)	Dagsetning og gildistími spár á alheimstíma (UTC) (M)	nnnn/nnnn		
7	Auðkenni fyrir spá sem er afturkölluð (C)	Kennimerki fyrir spá sem er afturkölluð (C)	CNL		
8	TAF LOKIÐ EF SPÁ ER AFTURKÖLLUÐ.				
9	Yfirborðsvindur (M)	Vindátt (M)	nnn eða VRB		
		Vindhraði (M)	[P]nn[n]		
		Markverðar breytingar á hraða (C)	G[P]nn[n]		
		Mælieiningar (M)	KT		
10	Skyggni (M)	Ríkjandi skyggni (M)	nnnn		CAVOK
11	Veður (C)	Styrkleiki veðurfyrirbæris (C) ([1])	*– eða +*	—	

		Einkenni og tegund veður-fyrirbæris (C)	DZ *eða* RA *eða* SN *eða* SG *eða* PL *eða* DS *eða* SS *eða* FZDZ *eða* FZRA *eða* SHGR *eða* SHGS *eða* SHRA *eða* SHSN *eða* TSGR *eða* TSGS *eða* TSRA *eða* TSSN		FG *eða* BR *eða* SA *eða* DU *eða* HZ *eða* FU *eða* VA *eða* SQ *eða* PO *eða* FC eða TS *eða* BCFG *eða* BLDU *eða* BLSA *eða* BLSN *eða* DRDU *eða* DRSA *eða* DRSN *eða* FZFG *eða* MIFG *eða* PRFG	
12	Ský (M) ([2])	Skýjamagn og hæð neðra borðs skýja eða lóðrétt skyggni (M)	FEWnnn *eða* SCTnnn *eða* BKNnnn *eða* OVCnnn	VVnnn *eða* VV///	N S C	
		Tegund skýja (C)	CB *eða* TCU	—		
13	Hitastig (O) ([3])	Heiti þáttar (M)	TX			
		Hámarkshiti (M)	[M]nn/			
		Dagur og tími þegar hámarkshiti er fyrir hendi (M)	nnnnZ			
		Heiti þáttar (M)	TN			
		Lágmarkshiti (M)	[M]nn/			
		Dagur og tími þegar lágmarkshiti er fyrir hendi (M)	nnnnZ			
14	Væntanlegar þýðingarmiklar breytingar á einum eða fleiri framangreindum þáttum á gildistímanum (C)	Auðkenni fyrir breytingu eða líkur (M)	PROB30 [TEMPO] *eða* PROB40 [TEMPO] *eða* BECMG *eða* TEMPO *eða* FM			
		Tími atvika eða breytinga (M)	nnnn/nnnn eða nnnnnn			
		Vindur (C)	nnn[P]nn[G[P]nn]KT eða VRBnnKT			

		Ríkjandi skyggni (C)	nnnn			C A V O K
		Veðurfyrirbæri: styrkleiki (C)	– *eða* +	—	N S W	
		Veðurfyrirbæri: einkenni og tegund (C)	DZ *eða* RA *eða* SN *eða* SG *eða* PL *eða* DS *eða* SS *eða* FZDZ *eða* FZRA *eða* SHGR *eða* SHGS *eða* SHRA *eða* SHSN *eða* TSGR *eða* TSGS *eða* TSRA *eða* TSSN	FG *eða* BR *eða* SA *eða* DU *eða* HZ *eða* FU *eða* VA *eða* SQ *eða* PO *eða* FC eða TS *eða* BCFG *eða* BLDU *eða* BLSA *eða* BLSN *eða* DRDU *eða* DRSA *eða* DRSN *eða* FZFG *eða* MIFG *eða* PRFG		
15		Skýjamagn og hæð neðra borðs skýja eða lóðrétt skyggni (C)	FEWnnn *eða* SCTnnn *eða* BKNnnn *eða* OVCnnn	VVnnn *eða* VV///	N S C	
		Tegund skýja (C)	CB *eða* TCU	—		

([1]) Á að tilgreina þegar þörf er á. Ekkert tákn þegar um miðlungsstyrkleika er að ræða.
([2]) Allt að fjögur skýjalög.
([3]) Samanstendur af allt að fjórum hitastigum (tveimur hámarkshitastigum og tveimur lágmarkshitastigum).

Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti sem fram koma í TAF-skeytum

Tilvísunarnúmer	Þættir		Svið	Nákvæmni
1	Vindátt:	°réttvísandi	000-360	10
2	Vindhraði:	KT	00-99	1
3	Skyggni:	M	0000-0750	50
		M	0800-4 900	100
		M	5 000-9 000	1 000
		M	10 000 eða meira	0 (fast gildi: 9 999)
4	Lóðrétt skyggni:	100 FT	000-020	1

5	Ský: hæð neðra borðs skýja:	100 FT	000-099 100-200	1 10
6	Lofthiti (hámarks- og lágmarkshiti):	°C	-80 – +60	1“.

34) Í stað 4. viðbætis kemur eftirfarandi:

„4. viðbætir

Sniðmát fyrir vindhvarfaviðvaranir

Skýringar:

M = skyldubundið

C = skilyrt, þegar það á við.

Athugasemd 1: Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti, sem fram koma í vindhvarfaviðvörunum, eru sýnd í 8. viðbæti.

Athugasemd 2: Skammstafanirnar eru útskýrðar nánar í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400, „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Skammstafanir og kóðar (PANS-ABC).

Athugasemd 3: Línunúmer í dálkinum „Tilvísunarnúmer“ eru einungis til glöggvunar og til að auðvelda tilvísanir, og eru ekki hluti af vindhvarfaviðvörunum.

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát
1	Staðarauðkenni flugvallarins (M)	Staðarauðkenni flugvallarins	nnnn
2	Auðkenni fyrir tegund skeytis (M)	Tegund skeytis og raðnúmer	WS WRNG [n]n
3	Tími sendingar og gildistími (M)	Dagsetning og tími útgáfu og, eftir atvikum, gildistími á alheimstíma	nnnnnn [VALID TL nnnnnn] *eða* [VALID nnnnnn/nnnnnn]
4	EF AFTURKALLA Á VINDHVARFAVIÐVÖRUN, SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR NEÐST Í ÞESSU SNIÐMÁTI.		
5	Fyrirbæri (M)	Auðkenni fyrir fyrirbærið og staðsetningu þess	[MOD] *eða* [SEV] WS IN APCH *eða* [MOD] *eða* [SEV] WS [APCH] RWYnnn *eða* [MOD] *eða* [SEV] WS IN CLIMB-OUT *eða* [MOD] *eða* [SEV] WS CLIMB-OUT RWYnnn *eða* MBST IN APCH *eða* MBST [APCH] RWYnnn *eða* MBST IN CLIMB-OUT *eða* MBST CLIMB-OUT RWYnnn
6	Fyrirbæri kemur fyrir, er tilkynnt eða því spáð (M)	Upplýsingar um hvort fyrirbærið hefur komið fyrir eða verið tilkynnt og þess er vænst að það haldi áfram, eða því hefur verið spáð	REP AT nnnn nnnnnnnn *eða* OBS [AT nnnn] *eða* FCST
7	Nánari upplýsingar um fyrirbærið (C)	Lýsing á fyrirbærinu sem gefur tilefni til útgáfu vindhvarfaviðvörunar	SFC WIND: nnn/nnKT nnnFT – WIND: nnn/nnKT *eða* nnKT LOSS nnNM (*eða* nnKM) FNA RWYnn *eða* nnKT GAIN nnNM (*eða* nnKM) FNA RWYnn

	EÐA		
8	Afturköllun vindhvarfa-viðvörunar	Afturköllun vindhvarfaviðvörunar með tilvísun í auðkenni hennar	CNL WS WRNG [n]n nnnnnn/nnnnnn“.

35) Í stað 5. viðbætis A kemur eftirfarandi:

„5. viðbætir

Sniðmát fyrir SIGMET- og AIRMET-skeyti

Skýringar:

M = skyldubundið

C = skilyrt, þegar það á við, og

Athugasemd 1: Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti, sem fram koma í SIGMET- eða AIRMET-skeytum, eru sýnd í 8. viðbæti.

Athugasemd 2: Ekki ætti að tilgreina mikla eða miðlungs ísingu (SEV ICE, MOD ICE) og mikla eða miðlungs ókyrrð í lofti (SEV TURB, MOD TURB) í tengslum við þrumuveður, skúraský eða hitabeltislægðir.

Athugasemd 3: Línunúmer í dálkinum „Tilvísunarnúmer“ eru einungis til glöggvunar og til að auðvelda tilvísanir og eru ekki hluti af SIGMET- eða AIRMET-skeytunum.

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	SIGMET-sniðmát	AIRMET-sniðmát
1	Staðarauðkenni fyrir FIR/CTA (M)	Staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunar innar fyrir flugumferðarþjónustudeildina sem sinnir því flugupplýsingasvæði (FIR) eða flugstjórnarsvæði (CTA) sem SIGMET-/AIRMET-skeytið vísar til	nnnn	
2	Auðkenni (M)	Auðkenni SIGMET- eða AIRMET-skeytis og raðnúmer	SIGMET nnn	AIRMET [n][n]n
3	Gildistími (M)	Upplýsingar um dag- og tímasetningu og þar með gildistímann á alheimstíma	VALID nnnnnn/nnnnnn	
4	Staðarauðkenni fyrir MWO (M)	Staðarauðkenni fyrir þá aðalveðurstofu (MWO) sem sendi SIGMET- eða AIRMET-skeytið, aðskilin með bandstriki	nnnn–	
5	Ný lína			
6	Heiti FIR/CTA (M)	Staðarauðkenni og heiti FIR/CTA, sem SIGMET-/AIRMET-skeytið er gefið út fyrir	nnnn nnnnnnnnnn FIR eða UIR eða FIR/UIR eða nnnn nnnnnnnnnn CTA	nnnn nnnnnnnnnn FIR[/n]

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	SIGMET-sniðmát	AIRMET-sniðmát
7	EF AFTURKALLA Á SIGMET- eða AIRMET-SKEYTIÐ, SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR NEÐST Í ÞESSU SNIÐMÁTI.			
8	Stöðuvísir (C) (1)	Vísir fyrir prófun eða æfingu	TEST eða EXER	TEST eða EXER
9	Ný lína			
10	Fyrirbæri (M)	Lýsing á fyrirbærinu sem gefur tilefni til útgáfu SIGMET-/AIRMET-SKEYTIS	OBSC TS[GR] EMBD TS[GR] FRQ TS[GR] SQL TS[GR] TC nnnnnnnnnn PSN Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] CB *eða* TC NN (2) PSN Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] CB SEV TURB SEV ICE SEV ICE (FZRA) SEV MTW HVY DS HVY SS [VA ERUPTION] [MT nnnnnnnnnn] [PSN Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Ennn[nn] *eða* Wnnn[nn]] VA CLD RDOACT CLD	SFC WIND nnn/nn[n]KT SFC VIS [n][n]nnM (nn) ISOL TS[GR] OCNL TS[GR] MT OBSC BKN CLD BKN CLD [n]nnn/[ABV][n]nnnnFT *eða* BKN CLD SFC/[ABV][n]nnnnFT *eða* OVC CLD [n]nnn/[ABV][n]nnnnFT *eða* OVC CLD SFC/[ABV][n]nnnnFT ISOL CB OCNL CB FRQ CB ISOL TCU OCNL TCU FRQ TCU MOD TURB MOD ICE MOD MTW
11	Fyrirbæri kemur fyrir eða því spáð (M) (3), (4)	Upplýsingar um hvort fyrirbærið hefur komið fyrir og þess er vænst að það haldi áfram eða því hefur verið spáð	OBS [AT nnnnZ] *eða* FCST [AT nnnnZ]	
12	Staðsetning (C) (3), (4), (5)	Staðsetning (vísar til breiddargráðu og lengdargráðu (í gráðum og mínútum))	Nnn[nn] Wnnn[nn] *eða* Nnn[nn] Ennn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Snn[nn] Ennn[nn] *eða* N OF Nnn[nn] *eða* S OF Nnn[nn] *eða* N OF Snn[nn] *eða* S OF Snn[nn] *eða* [OG] W OF Wnnn[nn] *eða* E OF Wnnn[nn] *eða* W OF Ennn[nn] *eða* E OF Ennn[nn] *eða* N OF Nnn[nn] *eða* N OF Snn[nn] OG S OF Nnn[nn] *eða* S OF Snn[nn] *eða* W OF Wnnn[nn] *eða* OF Ennn[nn] OG E OF Wnnn[nn] *eða* E OF Ennn[nn]	

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	SIGMET-sniðmát	AIRMET-sniðmát
			eða N OF LINE *eða* NE OF LINE *eða* E OF LINE *eða* SE OF LINE *eða* S OF LINE *eða* SW OF LINE *eða* W OF LINE *eða* NW OF LINE Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] [– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] [– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] [OG N OF LINE *eða* NE OF LINE *eða* E OF LINE *eða* SE OF LINE *eða* S OF LINE *eða* SW OF LINE *eða* W OF LINE *eða* NW OF LINE Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] [– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] [– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]]] *eða* WI Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – [Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] ([6]) *eða* ENTIRE UIR *eða* ENTIRE FIR *eða* ENTIRE FIR/UIR *eða* ENTIRE CTA *eða* WI nnnKM (*eða* nnnNM) OF TC CENTRE ([7]) *eða* WI nnKM (*eða* nnNM) OF Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] ([8])	
13	Fluglag (C)	Fluglag eða flughæð	[SFC/]FLnnn *eða* [SFC/][n]nnnnFT (*eða* [SFC/]nnnnM) FLnnn/nnn *eða* TOP FLnnn *eða* [TOP] ABV FLnnn *eða* (*eða* [TOP] ABV [n]nnnnFT) [[n]nnnn/][n]nnnnFT) *eða* [n]nnnnFT/]FLnnn *eða* TOP [ABV *eða* BLW] FLnnn ([7])	
14	Hreyfing eða vænt hreyfing (C) ([3]), ([9]), ([10])	Hreyfing eða vænt hreyfing (átt og hraði) með vísun í eitt af sextán kompásstrikum eða upplýsingar um að fyrirbærið sé kyrrstætt	MOV N [nnKMH] *eða* MOV NNE [nnKMH] *eða* MOV NE [nnKMH] *eða* MOV ENE [nnKMH] *eða* MOV E [nnKMH] *eða* MOV ESE [nnKMH] *eða* MOV SE [nnKMH] *eða* MOV SSE [nnKMH] *eða* MOV S [nnKMH] *eða* MOV SSW [nnKMH] *eða* MOV SW [nnKMH] *eða* MOV WSW [nnKMH] *eða* MOV W [nnKMH] *eða* MOV WNW [nnKMH] *eða* MOV NW [nnKMH] *eða* MOV NNW [nnKMH] (*eða* MOV N [nnKT] *eða* MOV NNE [nnKT] *eða* MOV NE [nnKT] *eða* MOV ENE [nnKT] *eða* MOV E [nnKT] *eða* MOV ESE [nnKT] *eða* MOV SE [nnKT] *eða* MOV SSE [nnKT] *eða* MOV S [nnKT] *eða* MOV SSW [nnKT] *eða* MOV SW [nnKT] *eða* MOV WSW [nnKT] *eða* MOV W [nnKT] *eða* MOV WNW [nnKT] *eða* MOV NW [nnKT] *eða* MOV NNW [nnKT]) *eða* STNR	

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	SIGMET-sniðmát	AIRMET-sniðmát
15	Breytingar á styrkleika (C) (3)	Væntar breytingar á styrkleika	INTSF *eða* WKN *eða* NC	
16	Spá um tíma (C) (3), (4), (9)	Upplýsingar um spá um tíma fyrirbærisins	FCST AT nnnnZ	—
17	Spá um staðsetningu miðju hitabeltislægðar (TC) (C) (7)	Spá um staðsetning miðju TC	TC CENTRE PSN Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] *eða* TC CENTRE PSN Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] CB (11)	—
18	Spá um staðsetningu (C) (3), (4), (5), (9)	Spá um staðsetningu veðurfyrirbæris við lok gildistíma SIGMET-skeytis (12)	Nnn[nn] Wnnn[nn] *eða* Nnn[nn] Ennn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Snn[nn] Ennn[nn] *eða* N OF Nnn[nn] *eða* S OF Nnn[nn] *eða* N OF Snn[nn] *eða* S OF Snn[nn] [OG] W OF Wnnn[nn] *eða* E OF Wnnn[nn] *eða* W OF Ennn[nn] *eða* E OF Ennn[nn] *eða* N OF Nnn[nn] *eða* N OF Snn[nn] OG S OF Nnn[nn] *eða* S OF Snn[nn] eða W OF Wnnn[nn] *eða* W OF Ennn[nn] OG E OF Wnnn[nn] *eða* E OF Ennn[nn] *eða* N OF LINE *eða* NE OF LINE *eða* E OF LINE *eða* SE OF LINE *eða* S OF LINE *eða* SW OF LINE *eða* W OF LINE *eða* NW OF LINE Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] [– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] [OG N OF LINE *eða* NE OF LINE *eða* E OF LINE *eða* SE OF LINE *eða* S OF LINE *eða* SW OF LINE *eða* W OF LINE *eða* NW OF LINE Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] [– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]]] *eða*	—

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	SIGMET-sniðmát	AIRMET-sniðmát
			WI Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] (6) *eða* ENTIRE FIR *eða* ENTIRE UIR *eða* ENTIRE FIR/UIR *eða* ENTIRE CTA *eða* NO VA EXP (13) *eða* WI nnKM (*eða* nnNM) OF Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] (8) *eða* WI nnnKM (nnnNM) OF TC CENTRE (7)	
19	Endurtekning þátta (C) (14)	Endurtekning þáttar sem fram koma í SIGMET-skeyti fyrir gosöskuský eða hitabeltislægð	[OG] (14)	—
20	Ný lína ef þættir eru endurteknir			
	EÐA			
21	Afturköllun SIGMET-/AIRMET-skeytis (C)	Afturköllun SIGMET-/AIRMET-skeytis með tilvísun í auðkenni þess	CNL SIGMET nnn nnnnnn/nnnnnn eða CNL SIGMET nnn nnnnnn/nnnnnn [VA MOV TO nnnn FIR] (13)	CNL AIRMET [n][n]n nnnnnn/nnnnnn

(1) Eingöngu notað þegar SIGMET-/AIRMET-skeyti er gefið út til að gefa til kynna að prófun eða æfing fari fram. Ef orðið „TEST“ eða skammstöfunin „EXER“ kemur fyrir getur skeytið innihaldið upplýsingar sem ekki ætti að nota við starfrækslu því annars lýkur skeytinu strax á eftir orðinu „TEST“.
(2) Notað fyrir ónefndar hitabeltislægðir.
(3) Þessa þætti má endurtaka, ef nauðsyn krefur, ef gosöskuský nær yfir fleiri en eitt svæði innan flugupplýsingasvæðis. Á undan sérhverri staðsetningu og spá um staðsetningu á að koma athugunartími eða spá um tíma.
(4) Þá þætti má endurtaka, eftir þörfum, ef skúraský í tengslum við hitabeltislægð ná yfir fleiri en eitt svæði innan flugupplýsingasvæðisins. Á undan sérhverri staðsetningu og spá um staðsetningu verður að koma athugunartími eða spá um tíma.
(5) Að því er varðar SIGMET-skeyti fyrir geislavirk ský á eingöngu að nota WITHIN (WI) fyrir þættina „staðsetning“ og „spá um staðsetningu“.
(6) Takmarka á fjölda hnita og ættu þau að jafnaði ekki að vera fleiri en sjö.
(7) Aðeins fyrir SIGMET-skeyti í tengslum við hitabeltislægðir.

(8) Aðeins fyrir SIGMET-skeyti í tengslum við geislavirk ský. Nota á allt að 30 kílómetra radíus (eða 16 sjómílur) frá upptökum og lóðrétt umfang frá yfirborði (SFC) að efri mörkum flugupplýsingasvæðis/efra flugupplýsingasvæðis (FIR/UIR) eða flugstjórnarsvæðis (CTA).
(9) Ekki á að nota þættina „spá um tíma“ og „spá um staðsetningu“ í tengslum við þáttinn „hreyfing eða vænt hreyfing“.
(10) Fyrir SIGMET-skeyti í tengslum við geislavirk ský á eingöngu að nota STATIONARY (STNR) fyrir þættina „hreyfing eða vænt hreyfing“.
(11) Nota á skammstöfunina „CB“ ef spá um staðsetningu skúraskýs er tilgreind.
(12) Spá um staðsetningu skúraskýs, sem á sér stað í tengslum við hitabeltislægðir, tengist spá um tíma á staðsetningu miðju hitabeltislægðar, ekki um lok á gildistíma SIGMET-skeytis.
(13) Aðeins fyrir SIGMET-skeyti í tengslum við gosösku.
(14) Notað fyrir fleiri en eitt gosöskuský eða skúraský í tengslum við hitabeltislægð sem hafa samtímis áhrif á viðkomandi flugupplýsingasvæði.“

36) Ákvæði 5. viðbætis B falla brott.

37) Í stað 6. viðbætis kemur eftirfarandi:

„6. viðbætir

Sniðmát fyrir upplýsingaskeyti í tengslum við gosösku

Skýringar:

M = skyldubundið

O = valkvætt

C = skilyrt, tilgreint þegar það á við.

Athugasemd 1: Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti, sem fram koma í upplýsingaskeytum fyrir gosösku, eru sýnd í 8. viðbæti.

Athugasemd 2: Skammstafanirnar eru útskýrðar nánar í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400, „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Skammstafanir og kóðar (PANS-ABC).

Athugasemd 3: Setja skal tvípunkt („:“) eftir hverja yfirskrift þáttar.

Athugasemd 4: Línunúmer í dálkinum „Tilvísunarnúmer“ eru einungis til glöggvunar og til að auðvelda tilvísanir og eru ekki hluti af upplýsingaskeytum fyrir gosösku.

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát
1	Auðkenni fyrir tegund skeytis (M)	Tegund skeytis	VA ADVISORY
2	Ný lína		
3	Stöðuvísir (C) (1)	Vísir fyrir prófun eða æfingu	STATUS: TEST eða EXER
4	Ný lína		
5	Sendingartími (M)	Ár, mánuður, dagur, tími á alheimstíma	DTG: nnnnnnnn/nnnnZ
6	Ný lína		
7	Heiti VAAC (M)	Heiti VAAC	VAAC: nnnnnnnnnnn

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	
8	Ný lína			
9	Nafn eldstöðvar (M)	Nafn og númer eldstöðvar samkvæmt skrá Alþjóðasamtaka um eldfjallafræði og efnafræði innri hluta jarðar	VOLCANO:	nnnnnnnnnnnnnnnnnnnnn [nnnnnn] *eða* UNKNOWN *eða* UNNAMED
10	Ný lína			
11	Staðsetning eldstöðvar (M)	Staðsetning eldstöðvar í gráðum og mínútum	PSN:	Nnnnn *eða* Snnnn Wnnnnn eða Ennnnn *eða* UNKNOWN
12	Ný lína			
13	Ríki *eða* svæði (M)	Ríki, eða svæði, ef ekki hefur verið tilkynnt um ösku yfir ríki	AREA:	nnnnnnnnnnnnnnn *eða* UNKNOWN
14	Ný lína			
15	Hæsti punktur tinds yfir sjávarmáli (M)	Hæsti punktur tinds yfir sjávarmáli í metrum (eða fetum)	SUMMIT ELEV:	nnnnM (*eða* nnnnnFT) *eða* SFC *eða* UNKNOWN
16	Ný lína			
17	Númer upplýsingaskeytis (M)	Númer upplýsingaskeytis: ár (fjórir tölustafir) og númer skeytis (aðskilin röð fyrir hverja eldstöð)	ADVISORY NR:	nnnn/nnnn
18	Ný lína			
19	Upplýsingaveita (M)	Upplýsingaveita (frjáls texti)	INFO SOURCE:	Frjáls texti (allt að 32 rittákn)
20	Ný lína			
21	Litakóði (O)	Litakóði fyrir flug	AVIATION COLOUR CODE:	RED *eða* ORANGE *eða* YELLOW *eða* GREEN *eða* UNKNOWN *eða* NOT GIVEN *eða* NIL
22	Ný lína			
23	Nánari upplýsingar um eldgosið (M) (2)	Nánari upplýsingar um eldgosið (þ.m.t. dag-/tímasetningu eldgoss eða eldgosa)	ERUPTION DETAILS:	Frjáls texti (allt að 64 rittákn) *eða* UNKNOWN
24	Ný lína			
25	Tímasetning athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum	OBS (*eða* EST) VA DTG:	nn/nnnnZ
26	Ný lína			

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	
27	Athugun eða mat á gosöskuskýjum (M)	Lárétt (í gráðum og mínútum) og lóðrétt umfang á athugunartíma tilgreindra eða metinna gosöskuskýja eða, ef skýjahæð er óþekkt, efsta lag tilgreindra eða metinna gosöskuskýja. Hreyfing tilgreindra eða metinna gosöskuskýja	OBS VA CLD *eða* EST VA CLD:	TOP FLnnn *eða* SFC/FLnnn *eða* FLnnn/nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)] Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn][– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] MOV N nnKMH (*eða* KT) *eða* MOV NE nnKMH (*eða* KT) *eða* MOV E nnKMH (*eða* KT) *eða* MOV SE nnKMH (*eða* KT) *eða* MOV S nnKMH (*eða* KT) *eða* MOV SW nnKMH (*eða* KT) *eða* MOV W nnKMH (*eða* KT) *eða* MOV NW nnKMH (*eða* KT) *eða* VA NOT IDENTIFIABLE FM SATELLITE DATA WIND FLnnn/nnn nnn/nn[n]KT ([3]) *eða* WIND FLnnn/nnn VRBnnKT *eða* WIND SFC/FLnnn nnn/nn[n]KT *eða* WIND SFC/FLnnn VRBnnKT
28	Ný lína			
29	Spá um hæð og staðsetningu gosöskuskýja (+ 6 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (6 klukkustundir frá „tímasetningu athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum“ sem tilgreind eru í tilvísun 12) Spá um hæð og staðsetningu (í gráðum og mínútum) fyrir hvern skýjamassa af gosösku á þessum tiltekna gildistíma	FCST VA CLD +6 HR:	nn/nnnnZ SFC *eða* FLnnn/[FL]nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)]Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn][– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] ([4]), ([5]) *eða* NO VA EXP *eða* NOT AVBL *eða* NOT PROVIDED
30	Ný lína			
31	Spá um hæð og staðsetningu gosöskuskýja (+ 12 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (12 klukkustundir frá „tímasetningu athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum“ sem tilgreind eru í tilvísun 12) Spá um hæð og staðsetningu (í gráðum og mínútum) fyrir hvern skýjamassa af gosösku á þessum tiltekna gildistíma	FCST VA CLD +12 HR:	nn/nnnnZ SFC *eða* FLnnn/[FL]nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)] Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn][– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] ([4]), ([5]) *eða* NO VA EXP *eða* NOT AVBL *eða* NOT PROVIDED
32	Ný lína			

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	
33	Spá um hæð og staðsetningu gosöskuskýja (+ 18 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (18 klukkustundir frá „tímasetningu athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum“ sem tilgreind eru í tilvísun 12) Spá um hæð og staðsetningu (í gráðum og mínútum) fyrir hvern skýjamassa af gosösku á þessum tiltekna gildistíma	FCST VA CLD +18 HR:	nn/nnnnZ SFC *eða* FLnnn/[FL]nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)] Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn][– Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] ([4]), ([5]) *eða* NO VA EXP *eða* NOT AVBL *eða* NOT PROVIDED
34	Ný lína			
35	Athugasemdir (M) ([2])	Athugasemdir, eftir þörfum	RMK:	Frjáls texti (allt að 256 rittákn) eða NIL
36	Ný lína			
37	Næsta upplýsingaskeyti (M)	Ár, mánuður, dagur og tími á alheimstíma	NXT ADVISORY:	nnnnnnnn/nnnnZ *eða* NO LATER THAN nnnnnnnn/nnnnZ *eða* NO FURTHER ADVISORIES *eða* WILL BE ISSUED BY nnnnnnnn/nnnnZ

([1]) Eingöngu notað þegar skeyti er gefið út til að gefa til kynna að prófun eða æfing fari fram. Ef orðið „TEST“ eða skammstöfunin „EXER“ kemur fyrir getur skeytið innihaldið upplýsingar sem ekki ætti að nota við starfrækslu því annars lýkur skeytinu strax á eftir orðinu „TEST“.
([2]) Nota á hugtakið „uppþyrlun“ þegar gosaska þyrlast upp af völdum vinds.
([3]) Ef tilkynnt er um gosöskuský (t.d. AIREP) en það er ekki sjáanlegt í gögnum frá gervihnöttum.
([4]) Bein lína milli tveggja punkta sem er teiknuð á kort í Mercator-vörpun eða bein lína milli tveggja punkta sem sker lengdarlínur undir sama horni.
([5]) Allt að fjögur valin lög.“

38) Í stað 7. viðbætis kemur eftirfarandi:

„7. viðbætir

Sniðmát fyrir upplýsingaskeyti fyrir hitabeltislægðir

Skýringar:

M = skyldubundið

C = skilyrt, tilgreint þegar það á við

O = valkvætt

= = tvöföld lína gefur til kynna að setja ætti textann, sem kemur þar á eftir, í næstu línu.

Athugasemd 1: Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti, sem fram koma í upplýsingaskeytum fyrir hitabeltislægðir, eru sýnd í 8. viðbæti.

Athugasemd 2: Skammstafanirnar eru útskýrðar nánar í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400, „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Skammstafanir og kóðar (PANS-ABC)“.

Athugasemd 3: Setja skal tvípunkt („:“) eftir hverja yfirskrift þáttar.

Athugasemd 4: Línunúmer í dálkinum „Tilvísunarnúmer“ eru einungis til glöggvunar og til að auðvelda tilvísanir og eru ekki hluti af upplýsingaskeytum fyrir hitabeltislægðir.

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	
1	Auðkenni fyrir tegund skeytis (M)	Tegund skeytis	TC ADVISORY	
2	Ný lína			
3	Stöðuvísir (C) (1)	Vísir fyrir prófun *eða* æfingu	STATUS:	TEST *eða* EXER
4	Ný lína			
5	Sendingartími (M)	Ár, mánuður, dagur og tími sendingar á alheimstíma	DTG:	nnnnnnnn/nnnnZ
6	Ný lína			
7	Heiti TCAC (M)	Heiti TCAC (staðarauðkenni eða fullt heiti)	TCAC:	nnnn *eða* nnnnnnnnnn
8	Ný lína			
9	Heiti hitabeltislægðar (M)	Heiti hitabeltislægðar eða „NN“ fyrir ónefnda hitabeltislægð	TC:	nnnnnnnnnnnn *eða* NN
10	Ný lína			
11	Númer upplýsingaskeytis (M)	Upplýsingaskeyti: Ár (fjórir tölustafir) og númer skeytis (aðskilin röð fyrir hverja hitabeltislægð)	ADVISORY NR:	nnnn/[n][n][n]n
12	Ný lína			
13	Tilgreind staðsetning miðju (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) og staðsetning miðju hitabeltislægðar (í gráðum og mínútum)	OBS PSN:	nn/nnnnZ Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]
14	Ný lína			
15	Tilgreind skúraský (O) (2)	Staðsetning skúraskýs (vísar til breiddargráðu og lengdargráðu (í gráðum og mínútum)) og lóðrétt umfang (fluglag)	CB:	WI nnnKM (*eða* nnnNM) OF TC CENTRE *eða* WI (3) Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – [Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn] – Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]] TOP [ABV eða BLW] FLnnn NIL

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	
16	Ný lína			
17	Hreyfingarstefna og -hraði (M)	Hreyfingarstefna og -hraði, gefin upp í sextán kompásstrikum og km/klst. (eða hnútum) eða „kyrrstæð“ (< 2 km/klst. (1 hnútur))	MOV:	N nnKMH (*eða* KT) *eða* NNE nnKMH (*eða* KT) *eða* NE nnKMH (*eða* KT) *eða* ENE nnKMH (*eða* KT) *eða* E nnKMH (*eða* KT) *eða* ESE nnKMH (*eða* KT) *eða* SE nnKMH (*eða* KT) *eða* SSE nnKMH (*eða* KT) *eða* S nnKMH (*eða* KT) *eða* SSW nnKMH (*eða* KT) *eða* SW nnKMH (*eða* KT) *eða* WSW nnKMH (*eða* KT) *eða* W nnKMH (*eða* KT) *eða* WNW nnKMH (*eða* KT) *eða* NW nnKMH (*eða* KT) *eða* NNW nnKMH (*eða* KT) *eða* STNR
18	Ný lína			
19	Breytingar á styrkleika (M)	Breytingar á hámarksvindhraða við yfirborð á athugunartíma	INTST CHANGE:	INTSF *eða* WKN eða NC
20	Ný lína			
21	Miðjuþrýstingur (M)	Miðjuþrýstingur (í hPa)	C:	nnnHPA
22	Ný lína			
23	Hámarksvindur við yfirborð (M)	Hámarksvindur við yfirborð nálægt lægðarmiðjunni (mælt meðaltal yfirborðsvinds á 10 mínútna tímabili, í hnútum)	MAX WIND:	nn[n]KT
24	Ný lína			
25	Spá um staðsetningu lægðarmiðju (+ 6 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (6 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5) Spá um staðsetningu (í gráðum og mínútum) miðju hitabeltislægðar	FCST PSN +6 HR:	nn/nnnnZ Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]
26	Ný lína			
27	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 6 HR) (M)	Spá um hámarksvind við yfirborð (6 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5)	FCST MAX WIND +6 HR:	nn[n]KT
28	Ný lína			
29	Spá um staðsetningu lægðarmiðju	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (12 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5)	FCST PSN +12 HR:	nn/nnnnZ Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]

Tilvísunarnúmer	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	
	(+ 12 HR) (M)	Spá um staðsetningu (í gráðum og mínútum) miðju hitabeltislægðar		
30	Ný lína			
31	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 12 HR) (M)	Spá um hámarksvind við yfirborð (12 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5)	FCST MAX WIND +12 HR:	nn[n]KT
32	Ný lína			
33	Spá um staðsetningu lægðarmiðju (+ 18 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (18 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5) Spá um staðsetningu (í gráðum og mínútum) miðju hitabeltislægðar	FCST PSN +18 HR:	nn/nnnnZ Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]
34	Ný lína			
35	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 18 HR) (M)	Spá um hámarksvind við yfirborð (18 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5)	FCST MAX WIND +18 HR:	nn[n]KT
36	Ný lína			
37	Spá um staðsetningu lægðarmiðju (+ 24 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (24 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5) Spá um staðsetningu (í gráðum og mínútum) miðju hitabeltislægðar	FCST PSN +24 HR:	nn/nnnnZ Nnn[nn] *eða* Snn[nn] Wnnn[nn] *eða* Ennn[nn]
38	Ný lína			
39	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 24 HR) (M)	Spá um hámarksvind við yfirborð (24 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í tilvísun 5)	FCST MAX WIND +24 HR:	nn[n]KT
40	Ný lína			
41	Athugasemdir (M)	Athugasemdir eftir þörfum	RMK:	Frjáls texti, allt að 256 rittákn *eða* NIL
42	Ný lína			
43	Áætlaður útgáfutími næsta upplýsingaskeytis (M)	Áætluð útgáfa (ár, mánuður, dagur og tími (á alheimstíma)) næsta upplýsingaskeytis	NXT MSG:	[BFR] nnnnnnnn/nnnnZ *eða* NO MSG EXP

(1) Eingöngu notað þegar skeyti er gefið út til að gefa til kynna að prófun eða æfing fari fram. Ef orðið „TEST“ eða skammstöfunin „EXER“ kemur fyrir getur skeytið innihaldið upplýsingar sem ekki ætti að nota við starfrækslu því annars lýkur skeytinu strax á eftir orðinu „TEST“.
(2) Þennan þátt má endurtaka, eftir þörfum, ef skúraský í tengslum við hitabeltislægðir ná yfir meira en eitt svæði innan ábyrgðarsvæðisins.
(3) Takmarka ætti fjölda hnita og ættu þau að jafnaði ekki að vera fleiri en sjö.

39) Í stað 8. viðbætis kemur eftirfarandi:

„8. viðbætir

Svið og nákvæmni fyrir tölulega þætti, sem fram koma í upplýsingaskeytum fyrir gosösku og hitabeltislægðir, í SIGMET-skeytum, AIRMET-skeytum, veðurviðvörunum fyrir flugvöll og vindhvarfaviðvörunum

Athugasemd: Línunúmer í dálkinum „Tilvísunarnúmer“ eru einungis til glöggvunar og til að auðvelda tilvísanir og eru ekki hluti af sniðmátinu.

Tilvísunarnúmer	Þættir		Svið	Nákvæmni
1	Hæð tinds yfir sjávarmáli	FT	000-27 000	1
		M	000-8 100	1
2	Númer upplýsingaskeytis:	fyrir gosösku (VA) (stuðull) (1)	000-2 000	1
		fyrir hitabeltislægðir (TC) (stuðull) (1)	00-99	1
3	Hámarksvindur við yfirborð:	KT	00-99	1
4	Miðjuþrýstingur:	hPa	850–1 050	1
5	Yfirborðsvindhraði:	KT	30-99	1
6	Skyggni við yfirborð:	M	0000-0750	50
		M	0800-5 000	100
7	Ský: hæð neðra borðs skýja:	FT	000–1 000	100
8	Ský: hæð efra borðs skýja:	FT	000-9 900	100
		FT	10 000-60 000	1 000
9	Breiddargráður:	° (gráður)	00-90	1
		(mínútur)	00-60	1
10	Lengdargráður:	° (gráður)	000-180	1
		(mínútur)	00-60	1
11	Fluglög:		000-650	10
12	Hreyfing:	KMH	0-300	10
		KT	0-150	5

(1) Víddarlaus.“

V. VIÐAUKI

Í stað 3. viðbætis VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 kemur eftirfarandi:

„3. viðbætir

SNOWTAM-SNIÐMÁT

(COM-yfirskrift))	(FORGANGSAUÐKENNI (e. *priority indicator*)	(FASTSTÖÐVAKÓÐAR)			<=
	(DAGSETNING OG TÍMI SKRÁSETNINGAR)	(AUÐKENNI UPPHAFSAÐILA)			<=
(Skammstöfun yfirskrift)	(SWAA* RAÐNÚMER) S W * *	(STAÐARAUÐKENNI)	DAGSETNING OG TÍMI MATS	(VALFRJÁLS REITUR)	<=(
SNOWTAM →	(Raðnúmer) <=				

Útreikningur á afkastagetu flugvélar (e. *aeroplane performance calculation*)			
(STAÐARAUÐKENNI FLUGVALLAR)	M	A)	<=
(DAGSETNING OG TÍMI MATS (tími þegar mati var lokið á alheimstíma (UTC))	M	B)	→
(LÆGRA FLUGBRAUTARNÚMER)	M	C)	→
(ÁSTANDSKÓÐI FLUGBRAUTAR (RWYCC) FYRIR HVERN BRAUTARÞRIÐJUNG) (Úr kóðunartöflu fyrir ástandsmat flugbrauta (RCAM) 0, 1, 2, 3, 4, 5 eða 6)	M	D)	// →
(HULA Á HVERJUM BRAUTARÞRIÐJUNGI Í PRÓSENTUM)	C	E)	// →
(DÝPT (mm) LAUSRAR ÞEKJU Á HVERJUM BRAUTARÞRIÐJUNGI)	C	F)	// →
(LÝSING Á ÁSTANDI FLUGBRAUTARINNAR Í HEILD) (athugað á hverjum brautarþriðjungi, frá þeim þröskuldi sem er með lægra flugbrautarnúmer) ÞJAPPAÐUR SNJÓR (e. *compacted snow*) ÞURR (e. *dry*) ÞURR SNJÓR (e. *dry snow*) ÞURR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *dry snow on top of compacted snow*) ÞURR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. *dry snow on top of ice*) HRÍM (e. *frost*) ÍS (e. *ice*) HÁL VEGNA BLEYTU (e. *slippery wet*) KRAP (e. *slush*) SÉRSTAKLEGA UNDIRBÚIN VETRARFLUGBRAUT (e. *specially prepared winter runway*) VATNSSÖFNUN (e. *standing water*) VATN OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *water on top of compacted snow*) BLAUT (e. *wet*) BLAUTUR ÍS (e. *wet ice*) BLAUTUR SNJÓR (e. *wet snow*) BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *wet snow on top of compacted snow*) BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. *wet snow on top of ice*)	M	G)	// →
(BREIDD ÞEIRRAR FLUGBRAUTAR SEM ÁSTANDSKÓÐAR FLUGBRAUTAR GILDA UM, EF HÚN ER MINNI EN ÚTGEFIN BREIDD)	O	H)	<=
Næmi á aðstæður (e. *situational awareness*)			
(STYTT LENGD FLUGBRAUTAR, EF HÚN ER MINNI EN ÚTGEFIN LENGD (m))	O	I)	→
(SKAFRENNINGUR Á FLUGBRAUT (e. *drifting snow on the runway*))	O	J)	→
(LAUS SANDUR Á FLUGBRAUT (e. *loose sand on the runway*))	O	K)	→
(EFNAFRÆÐILEG MEÐHÖNDLUN Á FLUGBRAUT (e. *chemical treatment on runway*))	O	L)	→
(SNJÓSKAFLAR Á FLUGBRAUT (e. snowbanks on the runway)) (ef þeir eru til staðar, einnig fjarlægðina frá miðlínu flugbrautar (m) ásamt „L“, „R“ eða „LR“, eftir því sem við á))	O	M)	→
(SNJÓSKAFLAR Á AKBRAUT (e. *snowbanks on a taxiway*))	O	N)	→
(SNJÓSKAFLAR NÁLÆGT FLUGBRAUTINNI (e. *snowbanks adjacent to the runway*))	O	O)	→
(ÁSTAND AKBRAUTA (e. *taxiway conditions*))	O	P)	→
(ÁSTAND HLAÐA (e. *apron conditions*))	O	R)	→
(MÆLDUR NÚNINGSSTUÐULL (e. *measured friction coefficient*))	O	S)	→
(ATHUGASEMDIR Á SKÝRU MÁLI)	O	T)	) <<=

ATHUGASEMDIR:
1. *Færa skal inn ICAO-einkennisstafi ríkis, eins og gefið er upp í 2. hluta í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910, eða viðeigandi auðkenni flugvallar (e. *aerodrome identifier*).
2. Endurtaka skal liði B til H til að veita upplýsingar um aðrar flugbrautir.
3. Upplýsingar í liðnum um næmi á aðstæður eru endurteknar fyrir hverja flugbraut, akbraut og hlað. Endurtaka skal, eftir því sem við á, þegar upplýsingar eru tilkynntar.
4. Orð innan sviga () skulu ekki send.
5. Að því er varðar liði A til T er vísað í b-lið 1. liðar í leiðbeiningum um útfyllingu á SNOWTAM-sniðmátinu (e. *Instructions for the completion of the SNOWTAM format*).

UNDIRSKRIFT UPPHAFSAÐILA (á ekki að senda)

LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU Á SNOWTAM-SNIÐMÁTINU

1. **Almennt**

a) Endurtaka skal liði B til H við tilkynningu um fleiri en eina flugbraut (útreikningur á afkastagetu flugvélar).

b) Bókstafirnir, sem notaðir eru við að tilgreina liði, eru aðeins notaðar til tilvísunar og skulu ekki koma fram í skeytunum. Bókstafirnir M (skyldubundinn), C (skilyrðisbundinn) og O (valfrjáls) standa fyrir notkun og upplýsingar og skulu koma fram eins og útskýrt er hér á eftir.

c) Nota skal einingar metrakerfisins og ekki skal tilgreina mælieininguna.

d) Hámarksgildistími SNOWTAM-tilkynningar er átta klukkustundir. Gefa skal út nýja SNOWTAM-tilkynningu í hvert skipti sem ný skýrsla um ástand flugbrautar berst.

e) SNOWTAM-tilkynning ógildir fyrri SNOWTAM-tilkynningu.

f) Skammstafaða yfirskriftin „TTAAiiii CCCC MMYYGGgg (BBB)“ er höfð með til að greiða fyrir sjálfvirkri gagnavinnslu SNOWTAM-skeyta í tölvugagnagrunnum. Útskýringin á þessum táknum er eftirfarandi:

TT	=	kennimerki gagna fyrir SNOWTAM = SW
AA	=	landfræðilegt kennimerki fyrir aðildarríki, t.d. LF = FRAKKLAND
iiii	=	raðnúmer SNOWTAM-tilkynningar sem samanstendur af fjórum tölustöfum
CCCC	=	staðarauðkenni flugvallar með fjórum bókstöfum sem SNOWTAM-tilkynning vísar til
MMYYGGgg	=	dagsetning/athugunartími/mæling, þar sem:
MM	=	mánuður, t.d. janúar = 01, desember = 12
YY	=	mánaðardagur
GGgg =	=	tími í klukkustundum (GG) og mínútum (gg) á alheimstíma
(BBB)	=	valfrjáls reitur fyrir:

leiðréttingu, ef um er að ræða villu í SNOWTAM-skeyti sem áður hefur verið dreift með sama raðnúmeri = COR.

Nota skal svigana í (BBB) til að gefa til kynna að þessi reitur sé valfrjáls.

Ef um er að ræða tilkynningar fyrir fleiri en eina flugbraut og mismunandi dagsetningar/athugunartímar/mat er gefið til kynna með endurtekningu á lið B skal setja nýjustu dagsetninguna/athugunartímann/matið í skammstöfuðu yfirskriftina (MMYYGGgg).

g) Aðskilja skal textann „SNOWTAM“ í SNOWTAM-sniðmátinu og fjögurra tölustafa SNOWTAM-raðnúmerinu með stafbili, t.d. SNOWTAM 0124.

h) Til að gera SNOWTAM-skeytið læsilegra skal hafa línuskipti á eftir SNOWTAM-raðnúmerinu, á eftir lið A og á eftir liðnum fyrir útreikning á afkastagetu flugvélar.

i) Ef um er að ræða tilkynningar fyrir fleiri en eina flugbraut skal endurtaka upplýsingarnar í liðnum fyrir útreikning á afkastagetu flugvélar varðandi dagsetningu og tíma mats á hverri flugbraut á undan upplýsingunum í liðnum um næmi á aðstæður.

j) Eftirfarandi upplýsingar eru skyldubundnar:

1) STAÐARAUÐKENNI FLUGVALLAR

2) DAGSETNING OG TÍMI MATS

3) LÆGRA FLUGBRAUTARNÚMER

4) ÁSTANDSKÓÐI FLUGBRAUTAR FYRIR HVERN BRAUTARÞRIÐJUNG og

5) LÝSING Á ÁSTANDI HVERS BRAUTARÞRIÐJUNGS (þegar greint er frá ástandskóða flugbrautar (RWYCC) 1–5).

2. **Útreikningur á afkastagetu flugvélar**

Liður A – Staðarauðkenni flugvallar (fjögurra bókstafa staðarauðkenni).

Liður B – Dagsetning og tími mats (kóði sem samanstendur af átta tölustöfum þar sem athugunartíminn er gefinn upp sem mánuður, dagur, klukkustund og mínúta á alheimstíma).

Liður C – Lægra flugbrautarnúmer (nn[L] eða nn[C] eða nn[R]).

Aðeins skal setja inn eitt flugbrautarnúmer fyrir hverja flugbraut og alltaf lægra númerið.

Liður D – Ástandskóði flugbrautar fyrir hvern brautarþriðjung. Aðeins er settur inn einn tölustafur (0, 1, 2, 3, 4, 5 eða 6) fyrir hvern brautarþriðjung sem er aðskilinn með skástriki (n/n/n).

Liður E – Hula á hverjum brautarþriðjungi í prósentum. Ef þessar upplýsingar eru fyrir hendi skal setja inn 25, 50, 75 eða 100 fyrir hvern brautarþriðjung og aðskilja með skástriki ([n]nn/[n]nn/[n]nn).

Aðeins skal leggja fram þessar upplýsingar þegar ástand flugbrautar fyrir hvern brautarþriðjung (liður D) hefur verið tilkynnt sem annað en 6 og til staðar er lýsing á ástandi hvers brautarþriðjungs (liður G) sem er önnur en „DRY“.

Þegar skilyrðin eru ekki tilkynnt skal setja inn „NR“ fyrir viðkomandi brautarþriðjung eða brautarþriðjunga.

Liður F – Dýpt lausrar þekju á hverjum brautarþriðjungi. Ef þessar upplýsingar eru fyrir hendi skal setja þær inn í millimetrum fyrir hvern brautarþriðjung og aðskilja með skástriki (nn/nn/nn eða nnn/nnn/nnn).

Aðeins skal veita þessar upplýsingar fyrir eftirfarandi tegundir af þekju:

— *Vatnssöfnun, gildið 04 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar 3 mm.*

— *Krap, gildið 03 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar 3 mm.*

— *Blautur snjór, gildið 03 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar 5 mm og*

— *Þurr snjór, gildið 03 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar 20 mm.*

Þegar skilyrðin eru ekki tilkynnt skal setja inn „NR“ fyrir viðkomandi brautarþriðjung eða brautarþriðjunga.

Liður G – Lýsing á ástandi hvers brautarþriðjungs. Setja skal inn eftirfarandi lýsingar á ástandi hvers brautarþriðjungs og aðskilja með skástriki.

ÞJAPPAÐUR SNJÓR (e. *compacted snow*)

ÞURR SNJÓR (e. *dry snow*)

ÞURR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *dry snow on top of compacted snow*)

ÞURR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. *dry snow on top of ice*)

HRÍM (e. *frost*)

ÍS (e. *ice*)

HÁL VEGNA BLEYTU (e. *slippery wet*)

SLUSH (KRAP)

SÉRSTAKLEGA UNDIRBÚIN VETRARFLUGBRAUT (e. *specially prepared winter runway*)

VATNSSÖFNUN (e. *standing water)*

VATN OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *water on top of compacted snow*)

BLAUT (e. wet)

BLAUTUR ÍS (e. *wet ice*)

BLAUTUR SNJÓR (e. wet snow)

BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *wet snow on top of compacted snow*)

BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. *dry snow on top of ice*)

ÞURR (e. *dry*) (tilkynnist aðeins ef það er engin þekja).

Þegar skilyrðin eru ekki tilkynnt skal setja inn „NR“ fyrir viðkomandi brautarþriðjung eða brautarþriðjunga.

Liður H – Breidd þeirrar flugbrautar sem ástandskóðar flugbrautar gilda um. Setja skal inn breidd í metrum ef hún er minni en birt breidd flugbrautarinnar.

3. **Næmi á aðstæður**

Þættir í liðnum um næmi á aðstæður skulu enda á punkti.

Sleppa skal alveg þáttunum í liðnum um næmi á aðstæður þar sem engar upplýsingar liggja fyrir eða ef aðstæðurnar, sem skapa skilyrði fyrir útgáfu, eru ekki uppfylltar.

Liður I – Stytt lengd flugbrautar. Setja skal inn viðeigandi kenninúmer flugbrautar og tiltæka lengd í metrum (t.d. RWY nn [L] *eða* nn [C] eða nn [R] REDUCED TO [n]nnn).

Þessar upplýsingar eru háðar því að NOTAM-tilkynning hafi verið birt með nýjum tilgreindum vegalengdum.

Liður J – Skafrenningur á flugbraut. Ef tilkynnt er um skafrenning (e. *drifting snow*) á flugbrautinni skal færa inn stafbil og „DRIFTING SNOW“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] DRIFTING SNOW).

Liður K – Laus sandur á flugbrautinni. Ef tilkynnt er um lausan sand (e. *loose sand*) á flugbrautinni skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið ásamt stafbili og „LOOSE SAND“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] LOOSE SAND).

Liður L – Efnafræðileg meðhöndlun á flugbraut. Ef tilkynnt hefur verið um efnafræðilega meðhöndlun (e. *chemical treatment)* á flugbraut skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið ásamt stafbili og „CHEMICALLY TREATED“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] CHEMICALLY TREATED).

Liður M– Snjóskaflar á flugbrautinni. Ef tilkynnt er um að snjóskaflar (e. *snow banks*) séu á flugbrautinni skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið ásamt stafbili og „SNOWBANK“, því næst stafbil og „L“ fyrir vinstri eða „R“ fyrir hægri eða „LR“ fyrir báðar hliðar ásamt vegalengd í metrum frá miðlínu og þar á eftir stafbil og „FM CL“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] SNOWBANK Lnn eða Rnn eða LRnn FM CL).

Liður N – Snjóskaflar á akbraut. Ef snjóskaflar eru á akbraut eða akbrautum skal færa inn kennimerki akbrautar eða akbrauta ásamt stafbili og „SNOWBANKS“ (TWY [nn]n eða TWYS [nn]n/[nn]n/[nn]n… eða ALL TWYS SNOWBANKS).

Liður O – Snjóskaflar nálægt flugbrautinni. Ef tilkynnt er um að snjóskaflar séu til staðar, sem fara yfir hæðarsniðið í áætlununni um vetrarviðhald flugbrautar, skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið og „ADJ SNOWBANKS“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] ADJ SNOWBANKS).

Liður P – Ástand akbrauta. Ef tilkynnt er um hálku á akbraut eða að skilyrðin þar séu slæm (e. *poor*) skal færa inn kennimerki akbrautar ásamt stafbili og „POOR“ (TWY [n eða nn] POOR eða TWYS [n eða nn]/[n eða nn]/[n eða nn] POOR… eða ALL TWYS POOR).

Liður R – Ástand hlaða. Ef tilkynnt er um hálku á hlaði eða að skilyrðin þar séu slæm skal færa inn kennimerki hlaðs ásamt stafbili og „POOR“ (APRON [nnnn] POOR eða APRONS [nnnn]/[nnnn]/[nnnn] POOR eða ALL APRONS POOR).

Liður S – (NR) ekki tilkynnt.

Liður T – Athugasemdir á skýru máli.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1087 **2023/EES/62/51**

frá 7. apríl 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar uppfærslu tilvísana í ákvæði Chicago-samningsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 3. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Loftför, að undanskildum ómönnuðum loftförum, og hreyflar þeirra, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður ættu að uppfylla kröfurnar um umhverfisvernd. Í reglugerð (ESB) 2018/1139 er vísað í sértæk ákvæði Chicago-samningsins sem innihalda þessar kröfur.

2) Hinn 11. mars 2020 samþykkti ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, á fimmtu setu 219. fundar síns, 13. breytingu á I. bindi, „Hávaði frá loftförum“, 10. breytingu á II. bindi, „Losun frá hreyflum loftfara“, og 1. breytingu á III. bindi, „Koltvísýringslosun flugvéla“, í 16. viðauka við Chicago-samninginn. Þessar breytingar öðluðust gildi og komu til framkvæmda í öllum aðildarríkjunum 1. janúar 2021.

3) Því ætti að uppfæra tilvísanir í ákvæði Chicago-samningsins og breyta reglugerð (ESB) 2018/1139 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 03/2020 í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 236, 5.7.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar hávaða og losun skulu þau loftför og hreyflar þeirra, loftskrúfur, hlutar og óuppsettur búnaður uppfylla kröfurnar um umhverfisvernd, sem settar eru fram í 13. breytingu á I. bindi, í 10. breytingu á II. bindi og í 1. breytingu á III. bindi, sem gilda allar frá og með 1. janúar 2021, í 16. viðauka við Chicago-samninginn.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1166 **2023/EES/62/52**

frá 15. júlí 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun á þeirri dagsetningu sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsýn fjarflugmanns koma til framkvæmda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 4. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ([2]) er aðildarríkjunum einungis heimilt að samþykkja, frá og með 2. desember 2021, yfirlýsingar umráðenda ómannaðra loftfarskerfa (UA-kerfa), í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, að því er varðar starfrækslu sem uppfyllir eina af tveimur stöðluðu sviðsmyndunum sem settar eru fram í 1. viðbæti við viðaukann við þá framkvæmdarreglugerð.

2) Framleiðendur UA-kerfa telja samhæfða staðla vera mikilvægt tæki til að gera þeim kleift að setja á markað UA-kerfi sem uppfylla gildandi kröfur.

3) Hins vegar munu nokkrir samhæfðu staðlanna, sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkunum C5 og C6, ekki verða tiltækir fyrir 2. desember 2021.

4) Því er nauðsynlegt að fresta deginum sem þessi gerð kemur til framkvæmda til að tryggja að samhæfðu staðlarnir, sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkunum C5 og C6, séu tiltækir áður en aðildarríkjunum er einungis heimilt að samþykkja yfirlýsingar, að því er varðar starfrækslu, sem eru í samræmi við stöðluðu sviðsmyndirnar sem ákvarðaðar eru í 1. viðbæti við viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947. Þangað til ættu aðildarríki að geta samþykkt yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, sem byggðar eru á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2., 3. og 4. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 3. desember 2023.

3. Ákvæði g-liðar 2. liðar í UAS.OPEN.060 í viðaukanum og l-liðar 1. liðar í UAS.SPEC.050 í viðaukanum skulu koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

4. Með fyrirvara um 1. mgr. 21. gr. er aðildarríkjunum heimilt að samþykkja, fram til 2. desember 2023, yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr., sem byggðar eru á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum, ef þær uppfylla kröfurnar í UAS.SPEC.020 í viðaukanum.

Slíkar yfirlýsingar skulu falla úr gildi frá og með 2. desember 2025.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/425 **2023/EES/62/53**

frá 14. mars 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun umbreytingardagsetninga vegna notkunar tiltekinna ómannaðra loftfarskerfa í „opna“ flokknum og frestun þeirrar dagsetningar sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsýn fjarflugmanns koma til framkvæmda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 20. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ([2]) er heimilt að nota ómönnuð loftfarskerfi (UA-kerfi), sem uppfylla ekki kröfur framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ([3]) og sem einkaaðilar hafa ekki smíðað, í „opna“ flokknum við tiltekin takmörkuð starfræksluskilyrði, þegar þau hafa verið sett á markað fyrir 1. janúar 2023. Samkvæmt 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 er einungis heimilt að nota UA-kerfi sem uppfylla ekki kröfurnar í 1.–5. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945 í „opna“ flokknum“ við tiltekin takmörkuð starfræksluskilyrði á umbreytingartímabili sem lýkur 1. janúar 2023.

2) Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 er aðildarríkjunum einungis heimilt að samþykkja, frá og með 3. desember 2023, yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdar-reglugerðar, að því er varðar starfrækslu, sem uppfyllir eina af tveimur stöðluðu sviðsmyndunum sem settar eru fram í 1. viðbæti við viðaukann við þá framkvæmdarreglugerð, annaðhvort flug í augsýn fjarflugmanns yfir aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri í þéttbýli eða flug úr augsýn fjarflugmanns þar sem vaktmaður loftrýmis hefur eftirlit með aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri í strjálbýli.

3) Sumir samhæfðu staðlanna, sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkum C0 til C6, sem eru nauðsynlegir til starfrækslu í „opna“ flokknum eða samkvæmt stöðluðum sviðsmyndum, sem og bein fjarauðkenning, munu ekki verða tiltækir fyrr en um mitt ár 2023. Án þessara samhæfðu staðla gætu framleiðendur UA-kerfa í raun ekki sett UA-kerfi, sem uppfylla tilskilin ákvæði, á markað fyrir lok umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 22. gr. framkvæmdar-reglugerðar (ESB) 2019/947.

4) Því er nauðsynlegt að framlengja frestina, sem kveðið er á um í 20. og 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, til að tryggja að framleiðendur og umráðendur UA-kerfa hafi aðgang að samhæfðu stöðlunum sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkum C0 til C6 áður en þau tímabil renna út. Einnig er nauðsynlegt að fresta þeim degi sem stöðluðu sviðsmyndirnar tvær, sem settar eru fram í 1. viðbæti við viðaukann við þá framkvæmdarreglugerð, koma til framkvæmda til að tryggja að þeir samhæfðu staðlar séu aðgengilegir áður en aðildarríkjum er heimilt að samþykkja yfirlýsingar um starfrækslu sem uppfylla kröfur þeirra stöðluðu sviðsmynda. Þangað til ættu aðildarríki að geta samþykkt yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, sem byggjast á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 15.3.2022, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „1. janúar 2023“ í 20. gr. kemur „1. janúar 2024“.

2) Í stað inngangsorða 22. gr. kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um ákvæði 20. gr. skal notkun UA-kerfa í „opna“ flokknum, sem uppfylla ekki kröfurnar í 1.–5. hluta viðaukans við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 (*), heimiluð á umbreytingartímabili sem lýkur 31. desember 2023, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).“

3) Í stað 2., 3., og 4. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

3. Ákvæði g-liðar 2. liðar í UAS.OPEN.060 og i. liðar l-liðar 1. liðar í UAS.SPEC.050 í viðaukanum koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022 og ákvæði ii. liðar l-liðar 1. liðar í UAS.SPEC.050 í viðaukanum koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

4. Með fyrirvara um 1. mgr. 21. gr. er aðildarríkjum heimilt að samþykkja, fram til 31. desember 2023, yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr., sem byggðar eru á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum, ef þær uppfylla kröfurnar í UAS.SPEC.020 í viðaukanum.

Slíkar yfirlýsingar falla úr gildi frá og með 1. janúar 2026.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/525 **2023/EES/62/54**

frá 1. apríl 2022

um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í portúgölsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ([2]) eru villur í a-lið 5. mgr. 11. gr. sem og í viii. lið a-liðar 1. liðar í fylgiskjali A í I. kafla 1. viðbætis í viðaukanum og í b-lið 4. liðar 3. viðbætis í þeim viðauka, sem breyta merkingu textans.

2) Í þýsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 er villa í i. lið a-liðar 5. mgr. 14. gr. sem breytir merkingu textans.

3) Því ætti að leiðrétta þýsku og portúgölsku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

4) Í ljósi þess hve brýnt er að allir flugrekendur njóti jafnra samkeppnisskilyrða með hagsmuni heilleika innri markaðarins að forgangsmarkmiði sem og til að tryggja réttarvissu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 31. desember 2020.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. desember 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/851 2023/EES/62/55

frá 22. mars 2022

um leiðréttingu á portúgölsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 58. og 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í portúgölsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ([2]) eru villur í 4. mgr. 17. gr., í d-lið 1. mgr. 40. gr., í 2. og 5. lið 3. liðar í aðferðareiningu B í 8. hluta viðaukans sem breyta merkingu textans.

2) Því ætti að leiðrétta portúgölsku útgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Í ljósi þess hve brýnt er að allir flugrekendur njóti jafnra samkeppnisskilyrða með hagsmuni heilleika innri markaðarins að forgangsmarkmiði sem og til að tryggja réttarvissu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 9. ágúst 2020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. ágúst 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 1.6.2022, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/844 **2023/EES/62/56**

frá 30. maí 2022

um leiðréttingu á sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er villa í FCL.010 í A-kafla I. viðauka (FCL-hluta) þar sem notað er rangt heiti fyrir eitt af hugtökunum sem er skilgreint í þeim lið. Sú villa hefur áhrif á efni ákvæðanna þar sem viðeigandi heiti er notað.

2) Í sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er þar að auki að finna minni háttar villu í fyrsta undirlið, „3. áfangi — Milliáfangi“, c-liðar 14. liðar í 5. viðbæti við I. viðauka, að því er varðar ranga heitið sem er notað í skilgreiningunni.

3) Því ætti að leiðrétta sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 31.5.2022, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.